# Alþingi 1933.

## Þingsetning.

### A.

### Í sameinuðu þingi.

Árið 1933, miðvikudaginn 15. febrúar, var fertugasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þrítugasta og sjötta aðalþing í röðinni, en sextugasta og fyrsta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Prófessor theol. Magnús Jónsson alþm. steig í stólinn og lagði út af Matt. 6. 31.—33.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þingmenn voru allir til þings komnir, sem sé:

**A. Landskjörnir þingmenn:**

1. Jón Þorláksson, 1. landsk. þm.
2. Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm.
3. Jón Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Guðrún Lárusdóttir, 6. landsk. þm.

**B. Kjördæmakjörnir þingmenn:**

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
6. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.
7. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
8. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
9. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
10. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
11. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
12. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
13. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
14. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
15. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
16. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
17. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
18. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
19. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
20. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
21. Jónas Þorbergsson, þm. Dal.
22. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
23. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
24. Magnús Guðmundsson, 2. þm. Skagf.
25. Magnús Jónsson, 3. þm. Reykv.
26. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
27. Ólafur Thors, þm. G.-K.
28. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
29. Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.
30. Pétur Ottesen, þm. Borgf.

31. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
32. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.
33. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
34. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
35. Vilmundur Jónsson, þm. Ísaf.
36. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Voru þingmenn allir á fundi, nema Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., og Ólafur Thors, þm. G.-K.

**Konungsboðskapur.**

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Ásgeir Ásgeirsson**, og las upp bréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar miðvikudaginn 15. febrúar 1933, dags. 21. janúar. (Sjá Stjtíð 1933, A. bls. 1).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d. (Sjá Stjtíð. 1933, A. bls. 2). Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því, að Alþingi væri sett.

Síðan mælti forsætisráðherra:

**„Minnumst ættjarðarinnar og konungsins!“**

og tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmanninn, Svein Ólafsson, 1. þm. S.-M., til að stýra fundi, þar til kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pétur Ottesen, þm. Borgf., og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

**Minning látinna þingmanna.**

**Aldursforseti (SvÓ):** Áður þingstörf hefjast verður svo sem venja er til, minnzt þeirra fyrrverandi þingmanna, er látizt hafa frá því síðasta þingi lauk. Þeir hafa að þessu sinni fallið í valinn fjórir, og vil ég stuttlega geta hvers þeirra, en tek nöfnin eftir stafrófsröð.

Fyrstan nefni ég þá Ágúst Theódor Þórðarson Flygenring, kaupmann í Hafnarfirði, sem lézt í Kaupmannahöfn 13. sept næstl. Ágúst var af borgfirzkum ættum kominn, fæddur á Fiskilæk í Borgarfirði 17. apríl 1865, og ól þar æskuárin.

Hugur hans hneigðist snemma að sjóferðum og siglingum, enda laut starf hans alla æfi öðrum þræði að eflingu sjávarútvegar og siglinga. Hann var sjómaður á fiskiskútum framan af, en síðar skipstjóri. Siglingafræði nam hann í Noregi og tók þar stýrimannapróf 1891. Árin 1896—98 var hann skipstjóri, en gerðist kaupmaður í Hafnarfirði 1899 og lagði jafnhliða það af stund á útgerð og verzlun.

Ýmsum trúnaðarstörfum gegndi Ágúst um æfina og reyndist jafnan liðgengur vel og ábyggilegur. Hann varð einn af forstjórum landsverzlunar 1917, er hún var stofnuð, og hafði það starf á hendi meðan 3 voru forstjórar. 1907 sat hann í milliþinganefnd um fjármál landsins. 1905—12 var Ágúst Flygenring konungkjörinn þingmaður, en 1924—25 var hann 1. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Alla æfi var Ágúst Flygenring hinn mesti athafnamaður, og átti hann frumkvæði að fjölmörgum atvinnufyrirtækjum, einkum þeim, er að útvegi lutu. Á Alþingi naut hann trausts og hylli samverkamanna, þótti jafnan tillögugóður, djarfur og drenglundaður.

Hann fluttist til Kaupmannahafnar 1931 og dvaldi þar með vandamönnum sínum til dauðadags.

Næstan tel ég Björn Sigfússon, fyrrum bónda á Kornsá í Vatnsdal. Hann var fæddur 22. júní 1849, en lézt 11. okt. 1932, og varð því fullra 83 ára.

Björn var snemma bráðger og námfús, naut líka snemma staðgóðrar heimafræðslu hjá foreldrum sínum, Sigfúsi presti Jónssyni á Tjörn og Sigríði Bjarnardóttur, sýslumanns í Húnaþingi.

Björn fór utan 24 ára og dvaldi við smíðanám í Kaupmannahöfn 1873—74, en vann eftir heimkomu ýmist að smíðum eða við kaupsýslu. Hann reisti bú á Hofi í Vatnsdal 1882 og bjó þar til 1886. Árin 1886—1899 bjó hann í Grímstungu, en þaðan af á Kornsá til 1925, er hann fékk bú í hendur syni sínum.

Hann var þingmaður Húnvetninga 1893—99, og öðru sinni 1909—1911. Auk þess var hann hreppstjóri sveitar sinnar og gegndi mörgum öðrum trúnaðarstörfum í þarfir sveitar og sýslu; var amtsráðsmaður um sinn og einbeittur

frömuður samvinnufélagsskapar í héraði sínu.

Björn var til æfiloka mjög áhugasamur um þjóðmál og ötull forgöngumaður kvenréttinda, samgöngubóta og alþýðumenntunar. Mun nafns hans eftirleiðis ekki sízt verða getið í sambandi við jafnréttismál karla og kvenna, sem hann studdi mjög einlæglega. En í öllu hans margháttaða æfistarfi gætti jafnt framsýni, áhuga og þrautseigju.

Þá vil ég minnast Einars Jónssonar, bónda á Geldingalæk á Rangárvöllum. Hann var fæddur sama staðar 18. nóv. 1868, og dvaldi þar alla æfi. Við búi tók hann af föður sínum 1897 og bjó þar jafnan síðan. Hann var þingmaður Rangæinga 1909—1919 og aftur 1927—1931. Einar naut mikils trausts og vinsælda með héraðsbúum, enda var honum um margt vel farið, og lét hann sér jafnan annt um menningar- og framfaramál héraðsins. Hann þótti og tillögugóður og fylginn sér um hin stærri mál, þótt miður væri nafn hans við meðferð þeirra bundið.

Æfilok Einars urðu með voveiflegum hætti þau, að hann drukknaði í Ytri-Rangá 22. okt. næstl.

Loks vil ég nefna Ólaf Friðrik Davíðsson. Hann var fæddur 25. marz 1858 á Akureyri. Gerðist hann ungur verzlunarmaður og stundaði þau störf nær alla æfi, fyrst á Akureyri, en síðan á Húsavík, Djúpavogi, Vopnafirði, Ísafirði og víðar.

Frá 1893—1904 var Ólafur verzlunarstjóri á Vopnafirði, en þá um 4 ár, eða til 1908, bókari við Landsbankann í Reykjavík. Sagði hann því starfi lausu og tók við verzlunarstjórastörfum á Ísafirði, sem hann gegndi til 1924, er hann fluttist til Vestmannaeyja, þar sem hann andaðist 15. ágúst næstl.

Ólafur Davíðsson var kosinn á þing í Norður-Múlasýslu1902 og sat á aukaþingi því, er það sumar var háð, en síðar leitaði hann ekki kosningar.

Ólafur var maður vel gefinn og vann hvert starf með elju og áhuga. Var hann og víða til trúnaðarstarfa kvaddur, þar sem hann dvaldist.

Ég vænti þess, að háttv. þingmenn votti minningu þessara látnu bræðra vorra virðingu með því að rísa úr sætum.

[Allir þingmenn stóðu upp úr sætum sínum].

**Rannsókn kjörbréfa.**

Þingmenn skiptust nú í kjördeildir, og urðu í

**1. kjördeild:**

ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÓ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JónÞ, LH, PO, SvÓ.

**2. kjördeild:**

BSn, EÁrna, GL, HSteins, HV, JakM, JónJ, MJ, MT, PM, SvbH, VJ, ÞorlJ.

**3. kjördeild:**

GÍ, HG, JJós, JBald, JÓl, JónasJ, Jónas Þ, JörB, MG, PHerm, PHalld, StgrS, TrÞ.

Fyrir lá að rannsaka kjörvottorð eins þm., 4. þm. Reykv., Péturs Halldórssonar. Féll það í hlut 1. kjördeildar.

Aldursforseti ákvað fundarhlé meðan kjördeildin lyki störfum, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

**Frsm. 1. kjördeildar (Halldór Stefánsson):** Fyrsta kjördeild hefir fengið í hendur útskrift úr gerðabók yfirkjörstjórnarinnar í Reykjavík frá 14. sept. síðastl. um kosningu Péturs Halldórssonar, þar sem lýst er yfir, að hann sé rétt kjörinn þingmaður við kosninguna. Engar kærur hafa komið fram yfir kosningunni. Leggur kjördeildin einróma til, að kosningin verði tekin gild.

ATKVGR.

Kosningin samþ. í e. hlj.

**Drengskaparheit unnið.**

**Aldursforseti (SvÓ):** Næst liggur fyrir skv. þingsköpum að vinna venjul. þingmannseið að stjórnarskránni, og liggur þegar fyrir eiðspjallið, undirritað af þeim eina nýkjörna þingmanni, sem sæti á hér.

Að þessu loknu var fundi frestað til kl. 5 síðdegis.

Kl. 5 síðd. var fundinum fram haldið. Allir á fundi nema þm. Barð. (BJ), er kom skömmu eftir fundarsetningu, og þm. G.-K. (ÓTh), er var fjarstaddur vegna lasleika.

**Kosning forseta.**

Gekkst aldursforseti nú fyrir kosningu forseta sameinaðs þings. Kosningin var

tvítekin. Hið fyrra sinn lýsti aldursforseti úrslitunum svo, að Tryggvi Þórhallsson hefði fengið 20 atkv., Jón Þorláksson 16 atkv., og Jón Baldvinsson 4 atkv. Í síðara skiptið hlaut kosningu

**Tryggvi Þórhallsson,** þm. Str.,

með 23 atkv. — Jón Þorláksson fékk 14 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Aldursforseti vék þá úr forsetastóli, en hinn nýkjörni forseti tók við fundarstjórninni. Lét hann fyrst fram fara kosningu varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

**Þorleifur Jónsson,** þm. A.-Sk.,

með 23 atkv. — Pétur Ottesen fékk 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

### Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Bárust forseta tveir listar, A og B. Á A-lista var IngB, en á B-lista JAJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar sameinaðs þings án atkvgr.:

**Ingólfur Bjarnarson,** þm. S.-Þ., og
**Jón Auðunn Jónsson,** þm. N.-Ísf.

### Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Á A-lista voru SvÓ, GÓ, BJ, en á B-lista PM, MJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sveinn Ólafsson,
Pétur Magnússon,
Guðmundur Ólafsson,
Bergur Jónsson,
Magnús Jónsson.

### Utanríkismálanefnd.

Á 2. fundi í Sþ., 21. febr., var tekin til meðferðar

**kosning utanríkismálanefndar.**

**Jón Baldvinsson:** Við Alþýðuflokksmenn höfum ekki atkvæðamagn til að koma manni í utanríkismálanefnd, en eigi að síður viljum við leggja fram lista við þessa kosningu, svo sem við höfum áður gert, þá er utanríkismálanefnd hefir verið kosin.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta þrír listar, A, B og C. Á A-lista voru MT, JónasJ, TrÞ, á B-lista JónÞ, ÓTh, MJ, og á C-lista HV. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr. alþingismennirnir

Magnús Torfason,
Jón Þorláksson,
Jónas Jónsson,
Tryggvi Þórhallsson,
Ólafur Thors,
Magnús Jónsson,
Héðinn Valdimarsson.

# B.
# Í efri deild.

Að loknum 1. fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

**A. Landskjörnir:**

1. Jón Þorláksson, 1. landsk. þm.
2. Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm.
3. Jón Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Guðrún Lárusdóttir, 6. landsk. þm.

**B. Kjördæmakjörnir:**

1. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
4. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
5. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
6. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
7. Magnús Torfason, 2. þm. Árn.
8. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.

Elzti þingmaður deildarinnar, Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem skrifara þá Jón Jónsson, 3. landsk. þm., og Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.

**Kosning forseta og skrifara.**

Var síðan gengið til forsetakosningar. *Kosningu hlaut*

**Guðmundur Ólafsson,** þm. A.-Húnv., með 7 atkv. — Halldór Steinsson fékk 6 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn nýkjörni forseti þakkaði kosninguna og lét því næst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

**Ingvar Pálmason,** 2. þm. S.-M., með 7 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Þá var kosinn 2. varaforseti

**Páll Hermannsson,** 2. þm. N.-M., með 7 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var JónJ, en á B-lista PM. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

**Jón Jónsson,** 3. landsk. þm., og
**Pétur Magnússon,** 4. landsk. þm.

**Sætaskipun.**

Fram kom tillaga um að láta haldast sætaskipun þá, er verið hafði á síðasta þingi. Afbrigði um þá till. felld með 6:6 atkv., og var síðan hlutað um sætin. Varð sætaskipun samkv. hlutkestinu eins og hér greinir:

4. sæti hlaut Jakob Möller,
5. — — Jón Baldvinsson,
6. — — Ingvar Pálmason,
7. — — Bjarni Snæbjörnsson,
8. — — Halldór Steinsson,
9. — — Einar Árnason,
10. — — Jónas Jónsson,
11. — — Magnús Torfason,
12. — — Jón Þorláksson,
13. — — Páll Hermannsson,
14. — — Guðrún Lárusdóttir.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi deildarinnar, 16. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

**1. Fjárhagsnefnd.**

Ingvar Pálmason, } Af A-lista.
Jónas Jónsson, }
Jón Þorláksson. Af B-lista.

Kosning fastanefnda.

**2. Fjárveitinganefnd.**

Jón Jónsson,
Einar Árnason,
Páll Hermannsson — Af A-lista.

Halldór Steinsson,
Bjarni Snæbjörnsson. — Af B-lista.

**3. Samgöngumálanefnd.**

Páll Hermannsson,
Einar Árnason, — Af A-lista.

Halldór Steinsson. — Af B-lista.

**4. Landbúnaðarnefnd.**

Páll Hermannsson,
Jón Jónsson, — Af A-lista.

Pétur Magnússon. — Af B-lista.

**5. Sjávarútvegsnefnd.**

Ingvar Pálmason,
Magnús Torfason, — Af A-lista.

Jakob Möller. — Af B-lista.

**6. Iðnaðarnefnd.**

Jónas Jónsson,
Ingvar Pálmason, — Af A-lista.

Jakob Möller. — Af B-lista.

**7. Menntamálanefnd.**

Jón Jónsson,
Einar Árnason, — Af A-lista.

Guðrún Lárusdóttir. — Af B-lista.

**8. Allsherjarnefnd.**

Magnús Torfason,
Jónas Jónsson, — Af A-lista.

Pétur Magnússon. — Af B-lista.

# C.
# Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.
6. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.
7. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
8. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.
9. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
10. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.
11. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
12. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
13. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
14. Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.
15. Jónas Þorbergsson, þm. Dal.
16. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
17. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
18. Magnús Guðmundsson, 2. þm. Skagf.
19. Magnús Jónsson, 3. þm. Reykv.
20. Ólafur Thors, þm. G.-K.
21. Þétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.
22. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
23. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
24. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.
25. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
26. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
27. Vilmundur Jónsson, þm. Ísaf.
28. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema Ólafur Thors, þm. G.-K., er var fjarverandi sökum lasleika.

Elzti maður deildarinnar, Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sér til aðstoðar sem skrifara þá Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk., og Pétur Ottesen þm. Borgf.

**Kosning forseta og skrifara.**

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

**Jörundur Brynjólfsson,** 1. þm. Árn., með 15 atkv. — Pétur Ottesen fékk 8 atkv., Bernharð Stefánsson 1 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

**Ingólfur Bjarnarson,** þm. S.-Þ., með 16 atkv. — 11 seðlar voru auðir.

Þessu næst var gengið til kosningar um annan varaforseta, og hlaut kosningu

**Halldór Stefánsson,** 1. þm. N.-M., með 15 atkv. — 12 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var BSt, en á B-lista MJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

**Bernharð Stefánsson,** 1. þm. Eyf., og **Magnús Jónsson,** 3. þm. Reykv.

**Sætaskipun.**

Þessu næst skyldi hluta um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum. Fram kom tillaga um að láta sætaskipun haldast eins og hún var á síðasta þingi. Afbrigði um þá tillögu voru felld með 15:6 atkv., og var síðan hlutað um sætin. Varð sætaskipun samkv. hlutkestinu sem hér segir:

5. sæti hlaut Ólafur Thors,
6. — — Bergur Jónsson,
7. — — Sveinn Ólafsson,

8. sæti hlaut Björn Kristjánsson,
9. — — Héðinn Valdimarsson,
10. — — Hannes Jónsson,
11. — — Jón Ólafsson,
12. — — Halldór Stefánsson,
13. — — Jónas Þorbergsson,
14. — — Þorleifur Jónsson,
15. — — Vilmundur Jónsson,
16. — — Bjarni Ásgeirsson,
17. — — Lárus Helgason,
18. — — Jóhann Jósefsson,
19. — — Haraldur Guðmundsson,
20. — — Pétur Ottesen,
21. — — Steingrímur Steinþórsson,
22. — — Guðbrandur Ísberg,
23. — — Ingólfur Bjarnarson,
24. — — Jón Auðunn Jónsson,
26. — — Sveinbjörn Högnason,
27. — — Pétur Halldórsson,
28. — — Tryggvi Þórhallsson.

**Kosning fastanefnda.**

Á 2. fundi deildarinnar, 16. febr., fór fram kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapa, að viðhafðri hlutfallskosningu. Við kosningu hverrar nefndar komu fram tveir listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

**1. Fjárhagsnefnd.**

Halldór Stefánsson, Bernharð Stefánsson, Hannes Jónsson, — Af A-lista.
Ólafur Thors, Jón Auðunn Jónsson, — Af B-lista.

**2. Fjárveitinganefnd.**

Ingólfur Bjarnarson, Tryggvi Þórhallsson, Þorleifur Jónsson, Björn Kristjánsson, Jónas Þorbergsson, — Af A-lista.
Pétur Ottesen, Pétur Halldórsson. — Af B-lista.

**3. Samgöngumálanefnd.**

Sveinn Ólafsson, Sveinbjörn Högnason, Hannes Jónsson, — Af A-lista.
Jón Auðunn Jónsson, Jón Ólafsson. — Af B-lista.

**4. Landbúnaðarnefnd.**

Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson, Lárus Helgason, — Af A-lista.
Pétur Ottesen, Guðbrandur Ísberg. — Af B-lista.

**5. Sjávarútvegsnefnd.**

Sveinn Ólafsson, Bjarni Ásgeirsson, Bergur Jónsson, — Af A-lista.
Jóhann Jósefsson, Ólafur Thors. — Af B-lista.

**6. Iðnaðarnefnd.**

Bergur Jónsson, Lárus Helgason, Steingrímur Steinþórsson, — Af A-lista.
Magnús Jónsson, Jón Ólafsson. — Af B-lista.

**7. Menntamálanefnd.**

Bernharð Stefánsson, Halldór Stefánsson Sveinbjörn Högnason, — Af A-lista.
Magnús Jónsson, Pétur Halldórsson. — Af B-lista.

**8. Allsherjarnefnd.**

Bergur Jónsson, Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason, — Af A-lista.
Guðbrandur Ísberg, Jóhann Jósefsson. — Af B-lista.

# Lagafrumvörp samþykkt.

## 1. Fjárlög 1934.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til fjárlaga fyrir árið 1934** (stjfrv., A. 1).

Á 5. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hæstv. forseti! Ég legg hér með fyrir hv. þingdeild frv. til fjárlaga fyrir árið 1934. Frv. er, eins og venja er til, samið eftir fjárlögum yfirstandandi árs um gjöldin, og tekjur áætlaðar með tilliti til undanfarandi ára og gildandi tolla- og skattalöggjafar. Tekjumegin er að venju gert ráð fyrir framlengingu þeirra laga um tekjuöflun, sem falla úr gildi um næstu áramót, enda hefir stjórnin lagt fyrir þingið framlengingarfrumvörp. Það er fyrirsjáanlegt, að ríkisbúskapurinn getur ekki án þeirra verið, enda eðlilegt nú, þegar ýmsir eldri tekjustofnar bregðast stórlega.

Í frv. til fjárlaga, sem ég lagði fyrir síðasta þing, var mjög dregið úr ólögbundnum útgjöldum, og enn frekari lækkun og lagabreytingar samþ. á Alþingi samkv. tillögum fjárveitinganefnda. Þá var skorið nærri kviku að því er fjárlagaundirbúning snertir, og hefir stjórnin ekki treyst sér til að fara lengra í niðurskurði að því er fjárlagaundirbúning snertir. Þó hafa ýmsar fjárveitingar verið lækkaðar og sumar niður felldar. En þar með er ekki sagt, að ekki geti orðið um aukinn sparnað að ræða í framkvæmdinni. Um margar áætlunarfjárhæðir er svo lágt áætlað sem frekast er unnt, og er mest undir því komið — eins og nú er komið um sparnað í undirbúningi fjárlaganna —, að í framkvæmd þeirra sé beitt allri þeirri sparnaðarviðleitni, sem er án vansæmdar. Umframgreiðslur hafa allt frá því á ófriðarárunum verið miklar, og sum árin gífurlegar, og þarf enn að færa niður fjölmarga útgjaldaliði svo að nái áætlunum fjárlaganna. Stjórnin hefir í því efni sýnt öfluga viðleitni á síðasta ári, og mun halda áfram á sömu braut. Á rekstraryfirliti fjárl.frv. fyrir 1934 er tekjuafgangur rúml. 900 þús. kr. og á sjóðsyfirliti innborganir rúmum 350 þús. kr. hærri en útborganir. Má vel við una, ef sú verður raunin á. Tekjurnar eru varlega áætlaðar, og þó gert ráð fyrir, að tímarnir fari batnandi. Í sumum greinum hefði tekjuáætlunin verið höfð hærri, ef vitað hefði verið um útkomu síðastl. árs, þegar frv. var samið.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað til hv. fjvn., þegar þessari umr. verður frestað.

Jafnframt því, að ég legg fjárlagafrv. fyrir hv. deild, er mér skylt að gefa skýrslu um hag ríkisins á síðastl. ári. Það er alþjóð kunnugt, að síðastl. ár var hið mesta kreppuár, verðhrun á landbúnaðarafurðum og atvinnuskortur í kaupstöðum og við sjóinn. Kaupgeta landsmanna var með allra knappasta móti og ríkissjóðstekjur því fallandi af sjálfu sér, en gjöldin fara ekki niður fyrirhafnarlaust, og vona ég, að hv. þingheimi finnist, af því sem á eftir fer, ekki verr hafa rætzt úr en við mátti búast. Tálvonir um afkomu ríkisins hefir sannarlega ekki verið ástæða til að gera sér í slíku árferði. Ég vænti og, þegar fullgerður verður landsreikningurinn fyrir

1932, að litlu skeiki frá því bráðabirgðayfirliti, er ég gef nú og svo hljóðar:

Tekjur (í þús. króna).

2. gr. Skattar og tollar.

| | Áætlun: | Tekjur: |
|---|---|---|
| 1. Fasteignaskattur ..... | 330 | 371 |
| 2. Tekju- og eignarskattur | 950 | 1.350 |
| 3. Lestagjald ..... | 40 | 52 |
| 4. Aukatekjur ..... | 570 | 572 |
| 5. Erfðafjárskattur ..... | 35 | 76 |
| 6. Vitagjald ..... | 425 | 483 |
| 7. Leyfisbréfagjöld ..... | 10 | 16 |
| 8. Stimpilgjald ..... | 360 | 411 |
| 9. Skólagjöld ..... | 15 | 15 |
| 10. Bifreiðaskattur ..... | 100 | 232 |
| 11. Útflutningsgjald ..... | 950 | 911 |
| 12. Áfengistollur ..... | 500 | 457 |
| 13. Tóbakstollur ..... | 1.050 | 1.046 |
| 14. Kaffi- og sykurtollur .. | 950 | 951 |
| 15. Annað aðflutningsgjald | 200 | 91 |
| 16. Vörutollur ..... | 1.550 | 1.216 |
| 17. Verðtollur ..... | 1.650 | 758 |
| 18. Gjald af innlendum tollvörum ..... | 100 | 128 |
| Samtals | | 9.136 |

Skattar og tolltekjur námu 1931 samtals 10738 þús. kr., og eru því 1602 þús. kr. lægri á síðasta ári. Er lækkunin aðallega fólgin í fjórum liðum:

1. Tóbakstollurinn hefir lækkað úr rúml. 1500 þús. kr. í rúml. 1 millj. kr. Stafar það mest af því, að lögin um tóbakseinkasölu gengu í gildi um áramótin 1931—32, og mun þá hafa átt sér stað allmikill óeðlilegur innflutningur á tóbaki fyrir áramótin. Það má gera ráð fyrir, að sá innflutningur hafi hækkað tóbakstollinn á árinu 1931 um 200 þús. kr., og hefir því tóbakstollur síðasta árs lækkað að sama skapi.

2. Annað aðflutningsgjald, er svo nefnist og er aðallega tollar af súkkulaði, kakaó, konfekti, brjóstsykri og tei, hefir lækkað úr kr. 223 þús. árið 1931 í kr. 91 þús. árið 1932. Sú lækkun er auðskilin og stafar mest frá ströngum innflutningshöftum, sem beitt hefir verið á síðasta ári.

3. Vörutollurinn hefir lækkað um rúmar 200 þús. kr. á síðasta ári, enda hefir miklum mun minna flutzt inn af byggingarvörum og annari þungavöru en áður.

4. Stórfelldust er lækkunin á verðtollinum. Hann var árið 1930 um 2300 þús. kr., 1931 lækkaði hann ofan í 1400 þús. kr., en er nú kominn niður í rúm 750 þús. kr. Ástæðurnar eru minnkandi kaupgeta almennings vegna kreppunnar og þau gjaldeyris- og innflutningshöft, sem ekki varð hjá komizt að beita á síðasta ári, til þess að komast hjá skuldasöfnun erlendis. Það eru þungar búsifjar fyrir ríkið, þegar tollar lækka svo ár frá ári, en hitt verður vitanlega að ganga fyrir, að koma á greiðslujöfnuði við útlönd í slíku árferði, sem nú er, þegar hvorki er æskilegt né mögulegt, að skuldir haldi áfram að hlaðast upp erlendis.

Tveir skattar hafa gefið hærri tekjur nú en árið áður, fasteignaskatturinn, sem var innheimtur eftir nýja matinu, hann hækkaði sem sé um 80 þús. krónur, og bifreiðaskatturinn, sem hækkaði um tæplega 100 þúsund krónur vegna hinna nýju laga um bifreiða- og benzínskatt, sem gengu í gildi um mitt síðastliðið ár.

Ég vil loks nefna tekju- og eignarskattinn, sem hefir farið fram úr áætlun, mest vegna þess, að beitt var heimild síðasta þings um 25% hækkun á honum, og varð hann þó einum 60 þús. kr. lægri en árið áður. Og útflutningsgjaldið, sem að vísu náði ekki áætlun, en reyndist þó einum 230 þús. kr. hærra en árið áður, og nemur það hér um bil þeim síldartolli, sem ekki innheimtist hjá Síldareinkasölunni 1931.

Þá tel ég næst 3. gr. A., tekjur af rekstri ríkisstofnana:

| | í þús. kr. Áætlun: | Tekjur: |
|---|---|---|
| 1. Póstsjóður ..... | 59 | 000 |
| 2. Landssíminn ..... | 358 | 190 |
| 3. Víneinkasala ..... | 700 | 700 |
| 4. Ríkisprentsmiðja ..... | 40 | 55 |
| 5. Ríkisvélsmiðja ..... | 30 | 25 |
| 6. Tóbakseinkasala ..... | | 300 |
| 7. Viðtækjaverzlun ..... | | 50 |
| | | 1320 |
| 8. ÷ rekstrarhalli útvarpsins ..... | | 150 |
| | | 1170 |

| | Í þús. kr. Áætlun: | Tekjur: |
|---|---|---|
| 3. gr. B. Tekjur af fasteignum | 36 | 30 |
| 4. gr. Vaxtatekjur | 268 | 400 |
| 5. gr. Óvissar tekjur | 50 | 25 |
| Skemmtanaskattur og skiptimynt | | 39 |
| + skattar og tolltekjur (áður talið) | | 9136 |
| Tekjurnar eru þá alls | | 10800 |

Þess skal getið, að póstsjóður gaf 1931 80 þús. kr. í tekjuafgang og landssíminn 100 þús. kr. og víneinkasalan 150 þús. kr. meira í tekjuafgang en 1932.

Einnig ber að athuga, að 50 þús. kr. rekstrarhagnað viðtækjaverzlunarinnar ber að draga frá rekstrarhalla útvarpsins.

Ég vík að gjöldunum, en þau eru þessi:

| | Í þús. kr. Áætlun: | Greitt: |
|---|---|---|
| 7. gr. Vextir | 1118 | 1436 |
| 8. — Konungsmata | 73 | 72 |
| 9. — Alþingi | 233 | 244 |
| 10. — Ráðuneytið | 242 | 290 |
| — — Hagstofan | 58 | 57 |
| — — Utanríkismál | 95 | 96 |
| 11. — Dómgæzla og lögreglustjórn | 955 | 1056 |
| — — Embættisrekstur | 194 | 280 |
| 12. — Læknaskipun | 700 | 674 |
| 13. — Vegamál | 994 | 742 |
| — — Samgöngur á sjó | 451 | 557 |
| — — Vitamál | 467 | 416 |
| 14. — Kirkjumál | 280 | 340 |
| — — Kennslumál | 1339 | 1460 |
| 15. — Vísindi, bókm., listir | 207 | 200 |
| 16. — Verkl. fyrirtæki | 1811 | 1781 |
| 17. — Styrktarstarfsemi | 843 | 1000 |
| 18. — Eftirlaun | 252 | 237 |
| 19. — Óviss gjöld | 150 | 213 |
| 22. — Heimildir | | 505 |
| 24. — Lög og fjáraukalög | | 400 |
| Gjöldin alls | | 12056 |

Tekjuhalli ársins er því kr. 12056 þús. (gjöld) ÷ 10800 þús. kr. (tekjur) = **kr. 1256 þús.**

Skylt er þó að taka fram, að í gjöldum eru hér taldar fyrningar. Nema þær samtals 383 þús. kr. Þar er ekki um að ræða raunveruleg útgjöld á árinu, heldur lækkun á bókfærðum eignum. Um það hefir verið nokkur ágreiningur, hvort fyrningar skyldu taldar til gjalda, eða hvaða eignir skyldu fyrndar, og er tekjuhallinn því að áliti þeirra, sem sleppa vilja fyrningunum, undir 1 millj. króna.

En til að fá greiðsluhallann, verður að taka með eignahreyfingarnar, en þær eru gjaldamegin:

| | Í þús. kr. |
|---|---|
| 20. gr. Afborgun lána | 890 |
| Eignaaukning (ríkisstofnana) | 585 |
| Fyrirframgreiðslur | 13 |
| Afborganir lausaskulda | 188 |
| | 1676 |

og tekjumegin:

| | |
|---|---|
| 20. gr. Fyrningar | 383 |
| Útdregin bankavaxtabréf | 34 |
| Endurgr. lán og fyrirframgreiðslur | 266 |
| | 683 |

Munurinn á gjöldum og tekjum á eignahreyfingum er því 994 þús. kr., sem verða að leggjast við tekjuhallann til að fá greiðsluhalla ársins, en hann verður þá:

| | Í þús. kr. |
|---|---|
| Tekjuhallinn | 1256 |
| + | 993 |
| Samtals | 2249 |

Munurinn á innborgunum og útborgunum ársins er því kr. 2249000 — eða 2¼ milljón, sem er um 750 þús. kr. minna en á síðasta ári.

Þessi er þá útkoma ársins eftir hinu nýja reikningslagi, en til að fá samanburð milli ára hefi ég látið gera tekjur og gjöld ársins 1932 upp eftir hinu gamla reikningslagi. Samkvæmt því voru:

| | Í þús. kr. |
|---|---|
| gjöld ársins 1931 | kr. 17877000 |
| en ársins 1932 | — 15716000 |
| Útgjöld ríkisins hafa því lækkað á árinu 1932 um | kr. 2161000 |
| Tekjur voru 1931 | — 15067000 |
| en 1932 | — 13466000 |
| Tekjurnar hafa því verið | kr. 1601000 |

lægri á síðasta ári en þær voru árið áður.

Umframgreiðslur námu 1931 um 5 millj. króna, en 1932 2200 þús. kr., en af því er tæp 1 millj. kr. greidd samkv. heimildargrein fjárlaganna og sérstökum lögum. Skal ég þar nefna rúml. 300 þús. kr. til atvinnubóta, kr. 150 þús. til Eimskipafélags Íslands og kr. 110 þús. til brúargerðar á Þverá. Það er því líklegt, að fjáraukalög fyrir 1932 verði fyrir innan 1 millj. kr., og er það óvenjulega lágt, miðað við það, sem oft hefir verið, einkum á krepputímum.

Það verður ekki sagt, að niðurstaða fjárhagsársins 1932 sé neitt fagnaðarefni. Það eru ekki mörg fagnaðarefni nú á tímum. En þó örðugir tímar séu, þá hefir þó miðað í áttina til jafnvægis milli tekna og gjalda, þrátt fyrir mikla tekjurýrnun. 2 millj. kr. niðurfærsla á gjöldum á einu ári er sízt minni sparnaður en við mátti búast, og má halda lengra í sparnaðaráttina með stjórnarráðstöfunum. Það verður ekki allt gert í einu.

Útlitið fyrir yfirstandandi ár er ekki sem verst. Fjárlög þessa árs eru meir en 1 millj. kr. hagstæðari að því er útgjöld snertir en fjárlög síðasta árs, og hrekkur það væntanlega til að jafna tekjuhallann. En greiðsluhallann allan þarf að jafna, ef vel á að vera, og vænti ég, að sumir tekjustofnar, svo sem tóbakstollur og verðtollur, muni rétta sig nokkuð á árinu. Með auknum sparnaði og nokkrum nýjum álögum ætti að mega komast langt í að rétta við greiðsluhalla fjárlaganna þegar á þessu ári. Er það sízt lakara útlit en við mátti búast. Það miðar greinilega í áttina og nálgast aftur jafnvægi í ríkisbúskapnum, ef frekar fer batnandi í ári, sem ég geri ráð fyrir, þó hægt muni batinn koma.

Breytingar á skuldum ríkissjóðs á árinu 1932 hafa verið þessar:

| | Í þús. kr |
|---|---|
| Tekin ný bráðabirgðalán innanlands | 1600 |
| Lán til Þverárbrúar og Affalla | 110 |
| Skuld á hlaupareikningi í Landsbankanum | 830 |
| Skuld við Handelsbankann | 60 |
| | 2600 |

| | Í þús. kr. |
|---|---|
| Þar frá má draga: | |
| Afborganir af föstum lánum | 890 |
| og afborganir á lausaskuldum | 188 |
| | 1078 |
| og eru þá eftir | 1522 |
| en við bætast | 217 |
| vegna lóða- og húsakaupa í Reykjavík, en þar kemur eignaaukning á móti. | |
| Aukning á hinum eiginlegu ríkisskuldum er því samtals | 1739 |
| Afborganir á skuldum, sem stofnanir annast sjálfar afborgun af, hafa á árinu numið | 205 |
| og mega þær dragast frá | |
| | 1534 |
| Aukning á öllum skuldum ríkisins, en þær námu 31. des 1931 | 39393 |
| er því | 1534 |
| og nema þá allar ríkisskuldir í árslok 1932 | 40927 |

Hér er þó ekki tekið tillit til gengislækkunar á dönskum lánum á árinu, — og ég hirði ekki að breyta þessari heildarskuld í gullkrónur til samanburðar við fyrri ár, því sá samanburður hefir litla þýðingu, þar sem gullverð alls varnings, sem undir skuldabyrðinni stendur, hefir fallið stórlega, og þá gert skuldabyrðina miklum mun þyngri en hún áður var. Er það eitt mesta áhyggjuefnið í sambandi við afkomu ríkisins og efnahag — en öllum innlendum mönnum ósjálfrátt, og verður ekki um sakazt.

Gagnvart útlöndum hefir hagur þjóðarinnar að öðru leyti batnað að mun á árinu. Í árslok 1931 voru lausaskuldir bankanna gagnvart útlöndum £ 398 þús., en í árslok 1932 £ 345 þús. Lausaskuldir bankanna hafa því samtals minnkað um tæpar 1200 þús. kr. á árinu, og er það vitanlega að þakka gjaldeyrisskömmtun og innflutningshöftum.

Verzlunarjöfnuðurinn hefir farið stórum batnandi. Árið 1930 nam innflutningur um 12 millj. kr. meiru en útflutningur. 1931 var verzlunarhallinn um 3,5 millj., en 1932 hefir innflutningur, skv. bráðabirgðauppgerð, numið 34 millj. og

útflutningur 44 millj. Verzlunarjöfnuður við útlönd er því nú orðinn hagstæður, og nemur afgangurinn af útflutningi um 10 millj. kr. En þess er að gæta, að ósýnilegar greiðslur eru mestallar til útlanda og hverfandi litlar hingað til lands. En þó má öruggt fullyrða, að greiðslujöfnuðurinn við útlönd hefir verið hagstæður á árinu og nokkuð afborgazt af almennum verzlunarskuldum erlendis. Er því sama að segja um þjóðarbúskapinn gagnvart öðrum löndum og um ríkisbúskapinn, að allt stefnir í rétta átt. En eftirtektarvert er það, að því erfiðari sem hagur manna hefir orðið innanlands, því betri hefir greiðslujöfnuðurinn við útlönd orðið. Er það sannarlega til athugunar, að láta ekki góðærin bera sig oflangt, svo eftirköstin verði minni. Eftirköstin hafa nú orðið þungbær, því það er minnkandi kaupgeta almennings, og harðhent, en óhjákvæmileg gjaldeyris- og innflutningshöft, sem hafa kippt greiðslujöfnuðinum við útlönd í lag. Það er ekki fyrirsjáanlegt, að hægt sé að lina á tökunum á þessu ári. Erlendum gjaldeyri er þegar ráðstafað að miklu leyti fram á mitt ár. En því verður gjaldeyrisverzlunin sjálf að ráða, hvaða stefnu er fylgt í þessum efnum. Það hefnir sín grimmilega, ef ekki er tekið fullt tillit til gjaldeyrisskortsins.

Það sést því á þessu yfirliti, að síðasta ár hefir verið bæði gott og illt. Illt um það, að atvinnuleysi og verðfall á landbúnaðarafurðum hefir veitt almenningi þungar búsifjar, en gott um það, að verðfesting og jafnvel nokkur verðhækkun hefir orðið á sjávarafurðum vegna aukinna sölusamtaka, útgjöld ríkisins eru minnkandi og stórum batnandi verzlunarjöfnuður er allgóður undirbúningur undir yfirstandandi ár og gefur vonir um batnandi hag og nálægt jafnvægi í þjóðar- og ríkisbúskap.

Það eru að vísu mörg verkefni og stór framundan og tvísýnt um úrslit sumra stærstu málanna. Það hefir orðið mikil breyting á viðskiptum þjóðanna, sem heimta nýjar aðferðir og nýja samninga við viðskiptaþjóðir sínar. Um það efni skal ekki rætt til neinnar hlítar að þessu sinni. Það verða höfuðviðfangsefni þingsins að gera ráðstafanir um verzlunina út á við, aukna notkun innanlands á afurðum landsins og milda áhrif kreppunnar á skuldabyrði og atvinnuskorti hinna vinnandi stétta í landinu.

Fyrir þingið verður síðar lagður samningur um verzlunarskipti milli Íslands og Noregs. Og samningar hafa staðið við Englendinga, en vafasamt, hvort þeim verður lokið, eða hvort vér sjáum til fulls, hverju vér munum eiga að mæta um útflutning á landbúnaðarafurðum til Englands áður en þingi lýkur. Það er ekki ósennilegt, að vænlegra verði að þessu sinni að fresta þingi til haustsins fremur en slíta því með vorinu, vegna þess hve örlagaríkt það er fyrir landbúnaðinn, hvaða kjörum hann á að sæta á brezkum markaði. Skuldamál landbúnaðarins má nú taka föstum tökum, en afkoma þessa árs er ekki fyrirsjáanleg fyrr en e. t. v. með haustinu. — Í Þýzkalandi hafa þegar verið hækkaðir tollar á síld, og útlit fyrir, að bráðlega verði hækkaðir stórlega tollar á innfluttum fiski og síldarafurðum. Er það eitt af því, sem gerir útlitið iskyggilegt, því hinn þýzki markaður hefir verið til mikillar hjálpar á síðasta ári. Á Norðurlöndum höfum við aftur á móti væntanlega ekkert að óttast á þessu ári, — og Suðurlandamarkaðurinn er með líkum hætti og undanfarið og ekki stórar blikur á lofti.

Það bendir allt til, að viðskiptalíf ársins og nokkuð fram í tímann verði með þeim hætti, að knýjandi nauðsyn verði til að búa meir að sínu en áður og hafa sterkari tök á að stjórna innflutningnum, einkum um það, hvaðan að er keypt, en þekkzt hefir um langt skeið.

Allflestar ráðstafanir til að bæta kjör bænda og verkamanna kosta aukin útgjöld, og verður Alþingi að sjálfsögðu að sjá fyrir auknum tekjum til að standa undir auknum byrðum. Um það verða átök í þinginu. En ég hygg, að öllum muni svo ljós vandræðin, að menn sætti sig nú betur en áður við að grípa til óvenjulegra ráðstafana.

Í stjórnmálaviðureigninni eru tveir þættir, sem mest gætir. Annar er viðfangsefnin sjálf og lausn þeirra, en hinn er bardagatilhneiging mannanna sjálfra. Það ástand, sem nú ríkir, verður til að

styrkja annanhvorn þáttinn, en aldrei hefir nauðsynin verið meiri en nú á því, að sá þátturinn styrkist, sem spunninn er úr viðfangsefnunum sjálfum og viðleitninni á að leysa þau með heill alþjóðar fyrir augum. Mín ósk er sú, að það verði hinn vígði þáttur í störfum þessa nýbyrjaða þings.

**Héðinn Valdimarsson:** Við stj.andstæðingar, Alþýðuflokksmenn á þingi, munum ekki hefja eldhúsumræður okkar nú, frekar en venja er til, heldur fresta þeim til frh. 1. umr. Þó vil ég þegar gera örfáar aths. út af ræðu hæstv. forsrh. og upplestri talna, sem hér hefir farið fram. Það lítur út fyrir, að hæstv. forsrh. sé ekki sem verst ánægður með afkomu ríkissjóðs, en ég hygg, að við stjórnarandstæðingar munum ekki vera það. Hann talaði talsvert um sparnaðarvilja sinn og stj. En af tölum þeim, sem hann las upp, sé ég ekki, að reynt hafi verið að spara annarsstaðar en á þessum 4 atriðum: Verklegum fyrirtækjum 30 þús. kr., vegum 222 þús., vitum 50 þús., vísindum og listum 7 þús.

Eftir þeim tölum, sem hæstv. forsrh. las upp, hefir á öðrum sviðum allt farið fram úr áætlun.

Mér finnst satt að segja, að á þeim erfiðu tímum, sem nú eru sökum atvinnuleysis til sjávar og kreppuvandræða til sveita, þá eigi frekar að spara á öðrum liðum en þessum. Þá má einnig geta þess, að tekjur hafa farið fram úr áætlun um 1600 þús. kr., svo að tekjuhalli er í raun og veru töluvert mikill, ef maður tekur þetta með. Tekjuhalli var ekki áætlaður nema 200 þús., en hann varð 1¼ millj., og greiðsluhallinn 2¼. Ef tekjurnar hefðu ekki vaxið á þann hátt, sem hæstv. forsrh. lýsti, þá hefði tekjuhallinn því orðið miklu meiri, eða kringum 3 millj. og greiðsluhallinn 4 millj. Ég veit ekki, hvort hægt er af þessu að sjá sérstakan vilja hæstv. stj. til að færa í betra lag fjárhag ríkissjóðs.

Þá vil ég að lokum beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvar séu falin útgjöld til ríkislögreglunnar, sem hvergi koma fram, hvort þau eru í dómgæzlunni, eða hvort þau séu í 22. gr., sem felur í sér heimild. Nú er öllum kunnugt, að þessi útgjöld ríkisstj. eru gerð í algerðu heimildarleysi og algerlega að óþörfu. Er óskiljanlegt, hvernig nokkur ríkisstj. hefir farið að eyða peningum á þennan hátt. Væri mjög æskilegt að fá að vita, hvar þessi útgjöld eru falin, hve mikil þau voru til síðustu áramóta og hve mikil nú á hverri viku. Þetta hygg ég, að hæstv. forsrh. viti, en ef ekki, þá veit a. m. k. hæstv. dómsmrh. gerla um þessa hluti.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég er sömu skoðunar og hv. þm., sem síðast talaði, að það beri ekki að færa eldhúsdaginn yfir á þennan framsögudag fjárlaganna, og mun sama og engu svara hans aths. að þessu sinni.

Ég hefi aðallega borið útgjöldin saman við reynslu fyrra árs. Þegar mæla skal sparnaðarviðleitnina, þá dugir ekki það eitt að bera útgjöldin saman við áætlun, heldur verður hitt miklu sannari mælikvarði að bera saman við undanfarandi reynslu. Tekjurnar voru hærri á einstökum liðum en gert var ráð fyrir. Það er sumpart fyrir aðgerðir stj. á síðasta þingi til að fá auknar tekjur. Stj. sá á síðasta þingi, að tekjurnar mundu ekki hrökkva. Og útkoman, sem ég nú hefi gert grein fyrir, fer harla nærri þeim spádómum, sem ég kvað upp þá í þessu efni.

Ég hefi að þessu sinni ekkert að þakka þessum hv. þm. fyrir aðstoð við tekjuöflun, en það lagast kannske á þessu þingi. Fleiru svara ég ekki í þetta sinn, nema því, að kostnaður við varalögregluna er talinn til dómgæzlu og mun hafa verið 52 þús. kr. til áramóta.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég spurði einnig hæstv. forsrh., hvað kostnaður við ríkislögregluna væri mikill nú á hverri viku, en fékk ekkert svar. Ef svo er, að hann viti þetta ekki eða neinn ráðherranna, þá verð ég að óska eftir upplýsingum utan funda.

Þá var annað atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem ég vildi spyrja um. Hann talaði um að fresta þinginu til hausts eftir ákveðinn tíma. Ég vildi fá að vita, hvort það er hans persónulega skoðun eða Framsóknarflokksins, að þetta ætti

að gerast, eða beggja stj.flokkanna. Því að það er gefið, að ef þingi er frestað, þá verður ekkert þingrof og engin stjskr. samþ.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég svara síðari spurningunni fyrst. Það, sem ég sagði um útlit fyrir, að það kynni að verða hentugt að hafa þingfrestun, er frá eigin brjósti, og hefir hvorki verið nefnt í þeim flokki, sem ég tilheyri, né svo að mér hafi verði greint frá í öðrum flokkum.

En viðvíkjandi fyrri spurningunni, um lögregluna, þá svaraði ég aðeins spurningunni að svo miklu leyti sem hún náði til þess, sem hér er til umræðu og ég hef gert grein fyrir. En hv. þm. getur hvenær sem er utan funda — og hefir getað hvenær sem er — fengið upplýsingar um, hve mikill er áfallinn kostnaður á hverjum tíma af löggæzlu í Reykjavík.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 21 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 24. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

**Ingólfur Bjarnarson:** Fyrir hönd nefndarinnar ber ég fram þá ósk, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni.

**Haraldur Guðmundsson:** Um eitt munu allir sammála: að tímar þeir, er við nú lifum á, séu erfiðir fyrir mestan hluta þjóðarinnar. Síðastl. ár voru í kaupstöðum og kauptúnum um 3000 manns atvinnulausir svo mánuðum skipti og margir þeirra mestan hluta árs. Svarar það til þess, að 12 til 15 þús. manns hafi átt og eigi enn við skort og bjargarleysi að búa af völdum atvinnuleysis, og hag flestra smábænda mun nú svo komið, að verði ekki sérstakar ráðstafanir af hálfu hins opinbera gerðar til þess að létta undir með þeim í viðureign þeirra við erfiðleikana, er ekki annað fyrirsjáanlegt en að þeir neyðist til að yfirgefa jarðir sínar og bú, flosni upp og bætist í hinn fjölmenna hóp atvinnuleysingjanna við sjóinn. Og líkt mun vera um hag og horfur margra smáútgerðarmanna og iðnaðarmanna.

Því hefir af ýmsum mjög verið á lofti haldið, að á slíkum erfiðleikatímum sem þessum myndi „þjóðstjórn" vera heillaráð til úrlausnar vandræðunum. Við Íslendingar eigum nú því vafasama láni að fagna að eiga, að sögn stjórnarflokkanna, eina slíka gersemi. Að vísu er stjórnin fjarri því að vera réttnefnd þjóðstjórn. Hún er samsteypustjórn tveggja þingflokka af þremur og er þannig skipuð, að Framsóknarfl. leggur til 2 mennina, báða guðfræðinga, en Íhaldsfl. 1, lögfræðinginn. Ætti því stj. að kunna vel bæði guðs lög og manna.

Álit mitt á samsteypustjórnum eða þjóðstjórnum yfirleitt er það, að því aðeins sé slík stjórnarmyndun eðlileg, að þeir flokkar, sem taka þátt í myndun hennar, séu sammála um þau mál, sem fyrir koma og úrlausnar þurfa. Ella er hún óeðlileg og til ills eins, því þá eru flokkadeilurnar fluttar úr þingi inn í stjórnina, og gerir slíkt hana vitanlega óstarfhæfa með öllu. Þegar þessi samsteypustjórn var mynduð, var Alþýðufl. boðin þátttaka, en við höfnuðum því tilboði, af því að við áttum enga samleið við hina flokkana um úrlausn þeirra mála, sem nú eru efst á baugi. En þau verkefni, sem fyrir stj. lágu til úrlausnar, eru aðallega tvö: 1) að finna og framkvæma bjargráð til varnar gegn kreppunni og afleiðingum hennar, og 2) leiðrétting á hinu herfilega ranglæti kjördæmaskipunar og kosningalaga. Að því er kjördæmamálið snertir get ég sagt það, að engin trygging var fáanleg fyrir því, að hinir flokkarnir, og þó einkum Framsóknarfl., vildu fallast á það, sem við Alþflm. töldum sæmilega lausn á því máli. Þar bar svo mikið á milli, að samvinna virtist útilokuð. Og um lausn kreppunnar eða ráð við henni vorum við Alþýðuflokksmenn svo gersamlega á öndverðum meið við hina flokkana báða, að fyrirsjáanlegt var, að aldrei hefði fengizt samvinna á því sviði. Bjargráð hinna flokkanna við kreppunni voru þannig, að við töldum fyrirsjáanlegt, að þau myndu aðeins gera illt verra, auka á vandræðin í stað þess að draga úr þeim. Bjargráð þeirra voru fólgin í því að skera sem

mest niður verklegar framkvæmdir, þ. e. auka á atvinnuleysið í landinu, en við álítum það höfuðatriðið að halda við og auka atvinnuna eftir fremsta megni. Þeir vilja hækka nauðsynjatolla, við viljum afnema þá eða stórlækka. Samvinna var því einnig óhugsandi á þessu sviði. Við neituðum því alveg að taka þátt í stjórnarmynduninni.

Hinsvegar virðist samvinna og samkomulag allt hafa verið hið ljúfasta með Framsókn og Íhaldi, bæði meðan núv. dómsmrh. (MG) og fyrrv. (ÓTh) áttu sæti í stjórninni. Og sannast því enn, að íhaldið er eitt, þótt flokksnöfnin séu tvö til að villa kjósendum sýn. Ekkert virðist ráðherrunum hafa borið í milli, nema helzt, hver skyldi hafa á hendi stjórnina á Kleppi.

Svo innileg er samvinnan og svo langt teygja flokkarnir sig hvor fyrir annan, að þau tíðindi gerðust fyrir skömmu á fundi í sameinuðu þingi, er vantraust á Magnús Guðmundsson var þar rætt, að Framsókn lét Tryggva Þórhallsson víkja úr forsetastóli til þess að bera skjöld fyrir dómsmálaráðh. Magnús Guðmundsson, er hann var varnarþurfi og óvíst hvort hann héldi embættinu. Er ekki furða, þótt bændur hafi undrazt, þeir sem fest hafa í minni og lagt trúnað á fyrri ummæli TrÞ um MG. En þetta sannar aðeins enn betur það, sem áður er sýnt, að flokkurinn er einn, að enginn ágreiningur er lengur milli Íhalds og Framsóknar, enginn um mál og ekki einu sinni lengur um menn.

En hverjar eru nú efndir stjórnarinnar? Hvort hefir hún leyst af hendi höfuðverkefnin? Hefir hún leitt til lykta kreppuvandræðin? Er fengin leiðrétting á hinni fádæma ranglátu kjördæmaskipun, sem veldur því, að þriðjungur kjósenda í landinu ræður meiri hl. þings, en ⅔ kjósenda hinsvegar eru að baki minni hl. Varla er hægt að hugsa sér verra ástand, lakari skrípamynd af þingræðisfyrirkomulagi. En engin lausn hefir enn fengizt á þessu máli, heldur engin bjargráð við kreppunni. Menn segja nú máske, að ekki sé von, að úrlausnir séu fengnar á báðum þessum vandamálum nú þegar. En er þá ekki stjórnin búin að gera ráðstafanir í þessa átt, hefir hún ekki lagt fyrir þingið frv., sem miða að því að afstýra kreppuvandræðum og koma kjördæmamálinu í sæmilegt horf? Og ætlar hún ekki að fylgja þessum málum skörulega og drengilega og leggja við líf sitt, að þau nái að ganga fram? Nei, það er nú eitthvað annað.

Stjórnin hefir reyndar lagt fram frv. til breytinga á stjskr., sem að vísu er til nokkurra bóta, þótt ýmsu sé þar mjög áfátt, en framsöguræða hæstv. forsrh. var harla vesaldarleg. Svo var helzt á honum að heyra, að hann teldi litlar líkur til þess, að frv. næði fram að ganga. Enda lagði hann sjálfur alls enga áherzlu á það. Er hann var spurður, hvort hann myndi segja af sér, ef frv. næði ekki samþykki, svaraði hann engu, og ekki gaf hann neitt út á það, hvort hann hefði þegar tryggt frv. nægilegt fylgi innan síns flokks, 3—4 atkvæði, til þess að það yrði samþ., ef bæði Alþýðufl. og Íhaldsfl. greiddu því atkv. Dómsmrh. var spurður, hvort íhaldið myndi taka það til bragðs að neita stj. að samþ. fjárl. og tekjuaukafrv., ef stjskrfrv. næði ekki fram að ganga, en hann svaraði heldur engu. Af þessu mun það hverjum manni augljóst, að flutningur frv. er kák eintómt og málamyndahandaþvottur hæstv. stj. Stjórnin leggur enga áherzlu á, að frv. verði samþ., og þegar af þeirri ástæðu eru litlar sem engar líkur til þess, að lausn málsins fáist á þessu þingi, og rætist þar spá okkar Alþýðuflþm. frá í fyrra. Svo ber eru óheilindin orðin, að mikilsráðandi framsóknarmenn, t. d. Jón í Stóradal, lýsa því yfir í opnu þingi, að er stj. var mynduð, hafi aðeins verið samið um að leggja fram frv. um lagfæringu kjördæmaskipunarinnar, en alls eigi um, að frv. næði samþykki, og við þessu þögðu Íhaldsflþm. Svona eru nú efndirnar í kjördæmamálinu.

Ekki verður heldur séð, að stj. hafi haft nokkurn áhuga á því að létta kreppuvandræðin. Reyndar hefir hún skipað mþn., og er henni ætlað að rannsaka hag bænda og gera tillögur um hjálp til þeirra. Nefnd þessi er skipuð mestu sómamönnum, stökum bændavinum!, svo sem Tryggva Þórhallssyni og Pétri Ottesen, sem nú eru samherjar orðnir. Ennþá sést þó enginn árangur af starfi

þessarar nefndar, engar tillögur. Enginn stafur er frá henni kominn, og eru þó liðnar 6 vikur af þingtímanum og fjárlög senn afgr. til 2. umr. Ég lasta ekki þessa nefndarskipun, síður en svo. En hitt verð ég mjög að átelja, að nefndinni skuli eingöngu ætlað að athuga hag bænda og gera tillögur þeim til hjálpar. Því að fleiri eiga um sárt að binda af völdum kreppunnar en bændur einir, eins og ljóslega sést af skýrslunum um hina áðurnefndu 3—4 þús. atvinnuleysingja. Og ekki er hagur smáútgerðarmanna öllu beisnari en bænda. Því miður vofir sama hættan yfir þeim mörgum hverjum: að þeir flosni upp, verði að láta af sínum atvinnurekstri, ef ekki eru gerðar sérstakar, víðtækar ráðstafanir þeim til hjálpar.

Eftir tillögu okkar Alþýðuflþm. var skipuð kreppunefnd innan þings. Sú nefnd hefir til þessa haldið alls einn fund, og það eitt gerðist á þeim fundi, að Tryggvi Þórhallsson var kjörinn form. Annað liggur ekki eftir þá nefnd, og ekki er útlit fyrir, að hún haldi fundi bráðlega. Helzta ráðið, sem stuðningsmenn stj. hafa komið auga á til þess að bjarga þjóðinni úr klóm kreppunnar, virðist vera það, að veita straum af ákavíti, whisky, rommi, brennivíni og kognaki yfir landið, í viðbót við Spánarvín og heimabrugg. Vitað er og, að a. m. k. 2 hæstv. ráðherrar, forsætisráðh. og dómsmála, eru þessu bjargráði fylgjandi.

Því verður að vísu ekki neitað, að af stj. hálfu hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir, utan þings þó og í óheimild þess algerlega, sem ef til vill ber að skoða sem einskonar kreppuráðstafanir af hennar hendi. Þar má til nefna sparnað verklegra framkvæmda. Er forsrh. lagði fram í Nd. frv. til fjárlaga og gaf skýrslur um árið 1932, virtist hann alldrjúgur yfir, hve stj. hafði gengið vel að halda í skildingana. Til dæmis hefðu gjöldin ekki farið nema hálfa aðra millj. fram úr áætlun fjárl., rekstrarhallinn ekki verið nema 1250000 og greiðsluhallinn ekki nema 2 millj. 200 þús. Þessi „góða“ útkoma væri stj. að þakka, að hún hefði farið svona gætilega með féð. Hún hefði sparað stórfé á ýmsu. T. d. á framlagi til vegagerða 250 þús., til vitamála 50 þús. og á öðrum verkl. framkv. 30 þús., og enn eitthvað á framlagi til vísinda, menntamála og heilbrigðismála. Nú felst megnið af þessu í vinnu, og þýðir þetta því ekki annað en aukið atvinnuleysi, aukin vandræði.

Þá er önnur kreppuráðstöfun hæstv. stj.: Ríkislögreglan. Hún gerir talsvert meira en að éta upp allan sparnaðinn, því hæstv. ráðh. hefir upplýst, að kostnaður við hana sé kominn hátt á annað hundrað þús. króna. Það er um 1100 kr. á dag, eða sem svarar til 200 dilka. Þetta svarar til 700 þús. dilkaskrokka á ári, og ef ríkislögreglan æti þetta allt, þá hefðum við ekki þurft að sæta afarkostum af Norðmönnum til að losna við kjötið. En því er ekki að heilsa, herinn vill fleira, heimtar fleira en kjötið.

Hitt er þó enn verra, að fullvitað er, að þessi heimskulegi peningaaustur verður fyrst og fremst til þess að auka á óróa og stuðla að óhappaverkum. Slíkar kreppuráðstafanir sem þessar verða ekki til að draga úr kreppunni, heldur þvert á móti til að auka hana, auka vandræðin og atvinnuleysið. Gerir nú stj. tilraun til þess að bæt ráð sitt með fjárlfrv.? Ekki verður þess neinstaðar vart. Við skulum snúa okkur að því fé, sem verja á til verkl. framkvæmda. Það er til síma rúm 100 þús., til nýrra vega 162 þús., til brúargerða 100 þús., til fjallvega 20 þús., til lendingarbóta og hafnargerða 45 þús. Alls er til verkl. framkv. veitt um 1 millj. kr. Til samanburðar skulum við taka þá fjárhæð, sem undanfarin ár hefir verið varið í sama augnamiði. Hún var nærri 4 millj. á ári, nema síðastl. ár. Þetta er þá kreppuráðstöfunin. Af hverjum 4 mönnum, sem áður var þarna veitt vinna, fær einn að lafa, nema enn frekar verði klipið af. Árið 1929 voru unnin 130 þús. dagsverk og 1930 150 þús. í vegavinnu. Það hefir skapað 1000 manns vinnu í 6 mánuði. Með samþ. fjárlfrv. verður dregið enn úr atvinnu, nýir menn látnir bætast í flokk atvinnuleysingja. Frumvörpin um framlengingu tolla, gengisviðauka og fleiri þvílík bæta heldur ekki úr skák. Þetta verður einungis til þess að skapa dýrtíð enn meiri en við nú lifum við, og klípa þannig af þeim fáu krónum, sem verkalýðurinn vinnur sér inn. Þá er frv.

um ríkislögregluna, ráð það, er stj. tók á síðastl. hausti, sem eins og áður á minnzt hefir nú þegar kostað stórfé og ekkert gagn gert, nema síður sé. Liðið á að vera ótakmarkað að fjölda og engar skorður setja við því, hve mikið fé má nota til þessa nýja hernaðar, né til hvers liðið á að nota. Þá má nefna norsku samningana, sem þegar hafa vakið megnan ugg og ótta og kvíða meðal allra þeirra, er síldveiðar hafa stundað, enda er slíkt ekki furða, því fátt er eins hættulegt og spillir eins mikið möguleikum og von um atvinnu fyrir þessari stétt verkamanna eins og þeir.

Allar þessar svokölluðu „kreppuráðstafanir" hæstv. stj., bæði þær, sem þegar hafa verið framkvæmdar, og hinar, sem enn eru í fæðingunni, teljum við Alþflm. ganga í þveröfuga átt. Að spara verklegar framkvæmdir er að auka atvinnuleysið, auka sjálfa kreppuna, og sama er um það, að leyfa Norðmönnum að landsetja meira af síld en verið hefir. Með þessu tekur stj. beinlínis atvinnuna, brauðið, frá landsins börnum.

Við höldum því fram, að atvinnuna þurfi að auka, svo að hún verði a. m. k. í sama horfi og áður var og helzt aukin á krepputímum. Við teljum, að til þess þurfi að gera ráðstafanir um stofnsetning nýrra atvinnufyrirtækja. Og loks teljum við, að gera þurfi alveg sérstakar ráðstafanir til þess, að smærri atvinnurekendur, bændur, smærri útvegsmenn og iðnrekendur verði ekki sviptir jörðum sínum, húsum, skipum eða öðrum starfstækjum. Það er sýnt, að þessar vinnandi stéttir þjóðfélagsins fá ekki haldið starfstækjum sínum, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. En þær ráðstafanir kosta fé. Og hvar á að taka það fé, mun verða spurt. Því er fljótsvarað. Það er vitanlega ekki í önnur hús að venda en til þeirra, sem betur eru megandi, þeirra manna í þjóðfélaginu, sem kreppan nær ekki til. Það er hægt að hækka tekju- og eignarskattinn. Sá, sem nú hefir t. d. 10 þús. kr. skattskyldar tekjur, greiðir 460 kr. í skatt af þeim. Þennan skatt mætti gjarnan tvöfalda. Á slíkum tímum sem nú eru væri sá maður, sem slíkar tekjur hefir, sannarlega ekki of góður að greiða 920 kr. — Hæstv. forsrh. mun hafa sagt það í nýársboðskap sínum, að á slíkum erfiðleikatímum og þeim, sem nú standa yfir, yrðu allir að leggja hart að sér. Ég get tekið undir það. Og ég álít, að ekki væri sérlega hart að neinum gengið, þótt tekjuskatturinn væri tvöfaldaður og eignarskatturinn þrefaldaður tvö næstu ár. Sú hækkun mundi nema um 2 millj. króna. Mundi sú upphæð, veitt til atvinnubóta ásamt framlögum bæjar- og sveitarfélaga, verða mikil hjálp.

Skýrslur sýna, að innstæðu- og sparisjóðsfé landsmanna muni vera um 60 millj. kr. Ef að láni væri tekið af því 3 millj. kr., eða 5%, og varið til kaupa á atvinnutækjum, sem mundu skila því aftur, gæti það orðið til stórmikillar atvinnuaukningar. Því mætti verja til báta- og skipakaupa, bústofnskaupa og til að koma af stað ýmsum smærri iðnrekstri, svo sem í ullariðnaði o. s. frv. Féð er til, bara ef stjórnin vill fara þessa leið.

Áfengistollurinn nemur nú um ½ millj. kr. Þennan toll mætti hækka. Þeir, sem á annað borð eru svo gerðir, að þeir vilja kaupa „dropann", væru ekki of góðir til að borga 1—2 kr. meira fyrir flöskuna. Ef það væri gert, mundi á þann hátt nást um 1½ millj. kr. Þarna er líka möguleiki til fjáröflunar, og svona mætti lengi telja.

Ég hefi nú sýnt fram á vanefndir stj. í tveimur stærstu málunum, stjórnarskrármálinu og kreppumálunum. Á hvorugu þeirra mála er nein lausn enn sjáanleg. Og ég verð að játa það, að litil von er um, að till. okkar jafnaðarmanna nái fram að ganga, ef dæma skal eftir reynslunni. Ef eitthvað verður gert, má búast við, að það verði eitthvað líkt og gert var á þinginu í fyrra. En þrátt fyrir 4 mánaða setu þess, var hið eina, sem eftir það lá á sviði kreppumálanna, l. um gjaldfrest bænda, sem allir vita og vissu, að eru algerlega þýðingarlaus og koma engum að haldi.

Það hefir verið mjög kvartað yfir því, að virðing fyrir Alþ. færi mjög þverrandi hin síðari ár. Ég held, að talsvert sé hæft í þessu, og mér finnst það að vonum, að svo sé. Og glöggast merki um það, hve ástandið er orðið bágborið í þessu efni, er það, að sjálf ríkisstj. telur ástandið svo ískyggilegt, að hún hefir talið

nauðsynlegt að setja á stofn herlið, ríkislögreglu, til þess, eins og hún orðar það, að halda uppi friði, en þ. e. vernda hana og betri borgara aðra. Svona er ástandið, að hennar dómi, fyrir aðgerðir hennar og aðgerðaleysi. Stj. óttast sjáanlega, að með sömu stefnu, þeirri að auka atvinnuleysið og hækka tolla á neyzluvörum almennings, þá verði ástandið bráðlega svo bágborið, að nauðsynlegt verði að hafa þennan her eða ríkislögreglu til að verja sig og yfirstéttirnar árásum hins hungraða lýðs, — vinnandi stéttanna, sem enga atvinnu fá, en allir vita, að lögregluliði stjórnarinnar er teflt á móti.

Stefna mín og stj. í þessum málum er gerólík. Stj. vill spara fé sem mest til atvinnufyrirtækja og atvinnubóta í landinu. Hún vill hækka tolla á nauðsynjum, og hún vill hafa ríkisher, til að bæla niður brauðkröfur atvinnuleysingjanna. Ég vil auka atvinnu í landinu og gera þar með barefli ríkislögreglunnar óþörf. Ég vil létta tollum á nauðsynjum almennings, en ná þó meiru fé í ríkissjóð með beinum sköttum og tolli á óhófsvörum. Og ég vil gera alla ríkislögreglu óþarfa með aukinni atvinnu og bættum lífskjörum. Stj. vill gefa fólkinu högg af bareflum ríkislögreglu í brauðs stað. Ég og skoðanabræður mínir krefjumst þess, að fólkinu sé gert fært að vinna fyrir sér, afla sér brauðs, svo bareflin verði óþörf.

En það er ekki eingöngu, að virðing þjóðarinnar fyrir Alþ. fari þverrandi. Hið sama á sér einnig stað um tvo aðra þætti þjóðvaldsins, sem er framkvæmdavaldið og dómsvaldið. Og það er heldur ekki hægt að segja, að það sé að ástæðulausu. Skal ég víkja nánar að þessu hvorutveggja, og þá fyrst að framkvæmdavaldinu. Skal ég þá fyrst minnast á landhelgisgæzluna. Allir eru sammála um þá miklu nauðsyn, sem á því er, að hún sé vel og samvizkusamlega af hendi leyst. Það er ekki ofmælt að segja, að smábátaútgerðin eigi afkomu sína að miklu leyti undir því. Það eru til margar sannar sagnir um það, og hafa þær oft heyrzt áður hér á Alþ., hversu togararnir hafa gerspillt veiði og veiðarfærum smáútgerðarinnar með yfirgangi sínum og þjófnaði úr landhelgi. Jafnvel hafa þeir gerspillt og eyðilagt lífsafkomu heilla veiðiplássa. Auk hins mikla tjóns er það og hreinn álitshnekkir fyrir okkur í augum erlendra manna og erlendra þjóða, ef sleifarlag er á landhelgisvörnum vorum. Góð og örugg vörn landhelginnar aflar okkur virðingar annara þjóða. Þetta er bæði viðurkennt og sannað. Alþ. hefir viðurkennt þýðingu landhelgisvarna með því að samþ. að leggja úr ríkissjóði stórfé til þeirra mála. Skipastóll landhelgisgæzlunnar er nú 3 skip, Ægir, sem er metinn 800 þús. kr., Óðinn 400 þús. kr. og Þór 200 þús. kr. Þessi skip kostuðu að vísu miklu meira í upphafi, en hafa verið afskrifuð. Auk þess eru nú bifreiðar og hestar, metið 6000 kr., og útgerðartæki yfir 60 þús., eða alls um 1470 þús. kr. Þetta er stofnfé landhelgisgæzlunnar — þótt sumt af því sýnist nú raunar lítið koma henni við, svo sem bílarnir og hestarnir —, auk þess sem afskrifað hefir verið af verði skipanna. Kostnaður vegna landhelgisgæzlunnar hefir samkvæmt skýrslu frá skipaútgerð ríkisins numið þessu:

1930 ..... 700 þús. kr.,
1931 ..... 830 þús. kr. og
1932 ..... 600 þús. kr.

Hver er svo árangurinn af þessu? Það sést m. a. á því, hve mörg skip varðskipin hafa tekið og fengið sektuð. En þau hafa verið:

1930: Ægir 18, Óðinn 4 = 22 skip.

1931: Ægir 12, Óðinn 2, Þór 2, dönsk varðskip 1 = 17 skip.

1932: Ægir 4, Óðinn 1, dönsk skip 3 = 8 skip.

Sektarfé þessi ár hefir verið:

1930: Ægir 213,5 þús. kr., Óðinn 58 þús. Samtals 273,5 þús. kr.

1931: Ægir 201 þús., Óðinn 38 þús., Þór 20 þús. Samtals 259 þús. kr.

1932: Ægir 86 þús., Óðinn 37 þús. Samtals 123 þús. kr.

Kostnaðurinn við varðskipin er því 100 þús. kr. minni 1932 en hann var 1930. En tekjurnar eru líka um 170 þús. kr. minni. Það stingur mjög í stúf, hve fáir togarar hafa verið teknir síðastl. ár. Er þó vafalaust, að ágengni togaranna hefir ekki verið minni þá en áður. Bendir nokkuð á það, að á síðasta ári taka dönsku varðskipin 3 togara, en Ægir að-

eins 4 og Óðinn 1. Hefir þó reynsla margra ára sýnt, að Danir eru ekki aðfaraharðir við landhelgisgæzluna. Er því sýnilegt, að ekki hefir minna verið um lögbrot á þessu sviði síðastl. ár, nema meira sé. Það má að vísu segja, að minni kostnaður hafi verið við landhelgisgæzluna 1932 en árin á undan. En sektarféð hefir líka orðið miklu minna. Með svipaðri gæzlu 1932 og 1930—1931 hefði án efa sektarféð, þ. e. tekjur af varðskipunum, aukizt sem svaraði til hins aukna kostnaðar. En hæstv. stj. hefir enn viljað spara eyrinn og kasta krónunni.

Um gæzluna eru glöggar skýrslur í tímaritinu Ægi, og vil ég með leyfi hæstv. fors. lesa nokkra kafla upp úr því riti, er lúta að landhelgisgæzlunni þessi ár.

Um landhelgisgæzluna 1930 er sagt: „Hana önnuðust sömu skipin og árið áður. Af ísl. ríkisins hálfu Óðinn og Ægir og auk þess tveir mótorbátar, annar fyrir Vestfjörðum um sumarið og fram á haustið, en hinn í Garðsjónum. Vitaskipið „Hermóður“ hafði á hendi björgunarstarfsemi þá við Vestmannaeyjar, sem Þór hafði áður annazt, sömul. eftirlit með netum og veiðarfærum fyrir yfirgangi togara“.

Um landhelgisgæzluna 1931 segir í Ægi: „Hana önnuðust af Íslendinga hálfu á árinu þrjú skip, varðskipin Óðinn, Ægir og Þór. Að vísu var Þór bundinn við björgunarstarfsemi við Vestmannaeyjar fyrri hluta ársins, og auk þess var hann tímunum saman ýmist við þorsk- eða síldveiðar, svo að það hefir auðvitað tafið hann töluvert frá gæzlustarfinu“. Og enn segir í sama riti um landhelgisgæzluna 1932, eftir að sagt hefir verið frá því, að sömu skip hafi annazt hana og árið áður:

„Síðari hluta ársins voru þó varðskipin Óðinn og Ægir sjaldan samtímis við gæzluna, heldur skiptust þau á við starfann. Það má því segja, að mikinn hluta ársins hafi **landhelgisgæzlu aðeins verið haldið uppi af Íslendinga hálfu með einu skipi“.**

Og um sjálfa gæzluna segir svo í sama hefti:

„Það stingur því mjög í stúf, hve háværar kvartanir hafa komið frá Vesturlandi síðastl. sumar út af yfirgangi togara, einkum þó frá Arnarfirði, enda er sumarveiði stunduð þar mest og eingöngu af smábátum.

Alls hafa 8 togarar verið teknir á árinu fyrir ólöglegar veiðar, og er það rúmlega helmingi lægri tala en árið áður“. Hinn 12. des. 1932 skrifar þriggja manna nefnd á Bíldudal, sem falið hafði verið að leita álits sjómanna og farmanna um framkvæmd strandgæzlunnar fyrir Vestfjörðum það ár. Þar segir svo:

„Það er einróma álit allra þeirra, sem sjó hafa stundað, ekki sízt þeirra, sem búa við utanverðan fjörðinn, að **strandgæzlan hafi verið miklu verri en undanfarin ár, síðan sérstakur vélbátur fór að annast gæzluna — —“.**

Ennfremur segir þar svo: „Á þeim erfiðu tímum, sem víða við koma og ekki sízt hafa þrengt að Arnfirðingum í vor, vegna þess hve afli brást, hefir það orðið **meira áberandi, hversu togararnir hafa leikið lausum hala í landhelginni,** og má fullyrða, að sú ásókn þeirra, sem löngu er orðin landskunn, **hefir með öllu eyðilagt þær fiskigöngur, sem komið hafa síðari hluta sumars og í haust, enda standa líka sjómenn uppi með tvær hendur tómar eftir sumarið og haustið“.**

Þetta eru nú aðeins sýnishorn af þeim mörgu kvörtunum, sem borizt hafa um gæzluna síðastl. ár. Þetta sýnishorn er tekið frá Vestfjörðum. En kvartanir hafa borizt mjög víða annarsstaðar að. Er það og að vonum, þar sem aðeins eitt varðskip hefir annazt gæzluna, að viðbættum Þór, sem bundinn var við björgunar- og eftirlitsstarfsemi við Vestmannaeyjar langan tíma, og einum vélbát fyrir Vesturlandi, sem lítið gat afrekað. Það hafa líka borizt stöðugar kvartanir þaðan. Ein slík kvörtun frá Arnarfirði mun hafa komizt í útvarpið. Samskonar umkvörtun frá Ísafirði var útvarpinu bannað að taka. Um síldveiðitímann var gæzlan afarléleg Norðanlands. Ekki stuggað við einu einasta síldveiðaskipi.Það var ekki einu sinni svo, að stuggað væri við þeim af þeim ástæðum, að þau hefði rekið fyrir straumi og vindi inn í landhelgina. Það er engu líkara en að norski samningurinn hafi verið farinn að verka fyrirfram. Það hefir gengið saga um Austfirði, sem

sýnir það á skemmtilegan hátt, hvernig menn hugsuðu sér, að á því gæti staðið, að gæzlan væri eins léleg og hún er. Fiskibátar voru að veiðum inni á svonefndri Vaðlavík, rétt uppi við land, og togari, með breitt yfir nafn og númer, var þar einnig að veiðum. Íslenzkur maður, sem stóð á brú togarans, átti tal við menn á fiskibátunum. Sagði hann þeim, að þessi togari hefði leyfi ríkisstj. Það er nú sjálfsagt lygi, að stj. hafi veitt þetta leyfi. En þetta sýnir þó, hvert álit menn hafa skapað sér um landhelgisgæzluna, eins og hún var framkvæmd síðastl. ár. Nú á vetrarvertíðinni hafa togararnir sótt geysiafla undir Öndverðanes. Og það er trú kunnugra manna, að talsvert af þeim afla hafi verið tekið á grunnmiðum. Einn togari kom þrisvar sinnum fullur þaðan á 10 dögum, 3., 8., og 13. marz. Ég vil nú spyrja hæstv. stjórn: Hefir varðskipið verið á þessum slóðum til eftirlits? Og hefir nokkuð verið tilkynnt til hæstv. dómsmrh. um það, að varðskipið Ægir hafi hitt einn íslenzka togarann undir grunsamlegum kringumstæðum nálægt Öndverðanesi 2. marz síðastl.? — Kunnugir menn segja, að fiskurinn sé tekinn á grunnmiðum undan Öndverðanesi. En varðskipin hafa engan togara tekið.

Það er von, að virðing manna fyrir þessum þætti framkvæmdavaldsins rýrni og um hann ríki almenn óánægja. Menn spyrja, hvort hér eigi aftur upp að taka þá reglu í strandvarnarmálunum, sem áður gilti, að reka öðruhvoru hina brotlegu togara út úr landhelginni, en láta ógert að kæra þá! — Ég veit, að ríkisstj. svarar því, að hún sé að spara. Í sparnaðarins nafni má auðveldlega halda hlífisskildi yfir öllum lögbrotum, í hans nafni er drýgður fjöldi vamma og skamma. En hér er um mjög vafasaman sparnað að ræða. Þótt kostnaður við landhelgisgæzluna hafi verið nokkru minni síðastl. ár, þá var líka sektarféð fyrir brotlega togara nær því að sama skapi minna. En hvernig er svo þessum sparnaði háttað? Honum er þannig fyrir komið, að Ægir og Óðinn eru látnir ganga sinn mánuðinn hvor og hásetarnir ráðnir til jafnlangs tíma í einu. En allir yfirmenn skipanna sitja á föstum launum þann mánuðinn líka, er skipið liggur kyrrt. Nemur sá kostnaður samkvæmt launaskrá 3200—3300 kr. fyrir hvort skip á mánuði. Auk þess fæðispeningar, sem eru 3 kr. á dag, vátrygging, viðhald o. fl. o. fl. Aðeins laun hásetanna eru spöruð þann mánuðinn á hvoru skipi fyrir sig, sem það er ekki í gangi. Ef verulegur sparnaður ætti að verða að þessu, þá væri nær að leggja alveg öðru skipinu og segja öllum skipverjum upp, yfirmönnunum líka. En á þessa leið til sparnaðar hefir stj. ekki komið auga. Nú mun láta nærri, að ekki sé nema 1 skip í stöðugum gangi. En eigi að síður eru 4 skipstjórar á fullum launum, því skipstjórinn á Ægi, sem settur var í land í ágúst síðastl., mun enn hafa full laun. Er þetta ágætt sýnishorn af sparnaði stj. í þessu efni. Þá er það enn í hinum sama sparnaðaranda, sem hæstv. stjórn er svo mjög haldin af, að Guðmundi Sveinbjörnssyni skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu hafa verið greiddar 8 þús. kr. fyrir umsjón með varðskipunum þau tvö ár, sem hann hafði þá umsjón **ekki** með höndum. Og svo á hann að fá 4 þús. kr. á ári framvegis vegna sömu umsjónar, sem skipaútgerð ríkisins framkvæmdi tvö síðastl. ár fyrir ekki neitt. — Þetta er að vísu nokkuð undarlegur sparnaður, en hann er þó í góðu samræmi við annan sparnað hæstv. stjórnar.

Önnur hlið á starfi varðskipanna er björgunarstarfsemin, bæði á smærri og stærri skipum, einkum þó bátaútgerðinni. Það gefur nú að skilja, að eitt skip er ónógt til þeirrar starfsemi. Tekjur hafa varðskipin nokkrar af björgun erlendra skipa. En þær tekjur minnka vitanlega eftir því sem skipum er fækkað. Á tímabilinu frá 8. ágúst 1930 til 1. febrúar 1932 hafði Ægir bjargað 5 skipum og fengið í björgunarlaun 111219 kr. Og Óðinn einu fyrir 20000 krónur. Um það samdi Guðmundur Sveinbjörnsson fyrir 15,3%. En annars hafði skipaútgerð ríkisins samið um miklu hærri prósentur sem björgunarlaun. — Þarna er nú sparnaðurinn á þessu sviði. Væri annars ekki nær að hætta alveg? Er ekki von, að trúin á gæzluna sé orðin lítil? Réttara er reyndar að segja, að vantrúin á hana sé orðin almenn, og fer það mjög að vonum.

Í þessu sambandi er rétt að minnast á Einar Einarsson skipherra Ægis, sem stj. vék frá starfi og setti undir rannsókn í sumar er leið. Síðan hefir stj. látið hann ganga í landi starfslausan. — Ég skal nú á engan hátt álasa stj., þó hún láti rannsókn fara fram. Ég vil mega vona, að sú rannsókn verði framkvæmd á hlutlausan hátt og leiði það í ljós, að sakarefni eru ekki slík sem á lofti er haldið af óvildarmönnum skipstjóra. Ég harma það, ef Einar Einarsson, sem tvímælalaust hefir sýnt mestan dugnað af varðskipstjórunum, verður að láta af starfi sínu. Ég veit, að veiðiþjófum hefir staðið langmest ógn af honum. En ef svo ólíklega fer, að sakir á hann verði sannaðar, sem gera það að verkum, að hann verði að fara, er vitanlega ekkert hægt við því að segja. Þess má geta, að Einar Einarsson tók og fékk sektuð 34 skip á meðan öll hin varðskipin til samans fengu dæmd aðeins 13 skip.

Rétt þykir mér í þessu sambandi að nefna annað framkvæmdaafrek dómsmrh., en þó ekki þess, er nú situr, heldur hv. þm. G.-K., sem hljóp í skarðið, meðan núverandi dómsmrh. beið hraðsýknunar í hæstarétti. Sá dómsmrh. sat nú að vísu ekki nema knappa hundadagalengd í ráðh.stóli, og hefir hann af sumum fengið nafn eftir því, en réttara mundi þó að kenna hann við þann mánuð, sem hann var ráðh., en það var gormánuður. En þó honum væri jafnað til Jörundar, þá var þó Jörundur athafnamaður meiri. Samt sýndi hv. þm. G.-K. eitt þrekvirki, sem var það að framkvæma stjórnarbyltingu á Kleppi. Lárus Jónsson varð að fara og Helgi Tómasson að koma í hans stað. Skal ég ekki mikið gera úr þessum mannabýttum, né gera samjöfnuð á þessum tveimur heiðurslæknum. — En jafnframt þessu tók þáverandi dómsmrh. þá rögg á sig að fyrirskipa opinbera réttarrannsókn á „drykkjuskap“ Lárusar Jónssonar. Og til að framkvæma þá réttarrannsókn var skipaður harðvítugur lögfræðingur, sem að sögn hefir reynslu í slíkum efnum. Ég hefi nú ekkert út á það að setja, þótt rannsókn sé skipuð á þá lækna, sem drykkfelldir eru. Tel það rétt. En í þessu sambandi er vert að benda á, að víðtækar kvartanir hafa komið úr tveimur héruðum, Siglufirði og Norðfirði, út af drykkjuskap héraðslæknanna þar. En ekki hefir enn heyrzt, að fyrirskipuð hafi verið réttarrannsókn út af því, eða þeir læknar settir af. Virðist þó vera rétt að láta eitt og hið sama ganga yfir alla þá lækna, sem drykkfelldir eru og yfir er kvartað. Fyrst nú að reyndur maður hefir verið settur til þess að rannsaka drykkjuskap lækna, þá er ekki nema réttmætt, að hann fái að starfa eftir því sem drykkjuskapur lækna gefur tilefni til. Annars eru þessi mannaskipti á Kleppi að því leyti merkileg, að það virðist, samkvæmt yfirlýsingu hinna ráðh. í Tímanum, vera eina málið, sem samsteypustjórnin hefir ekki verið sammála um. Báðir ráðh. hinir lýstu því yfir, að þáverandi dómsmrh. hefði gert þetta „á eigin ábyrgð“. Er þetta gott dæmi þess, þó broslegt sé, að hjá þessum tveimur flokkum, sem standa að stj., getur aðeins komið fram ágreiningur um menn, en ekki um málefni. Eina áhugamálið, sem þeir eiga, er það, að stj. fái að hanga við völd.

En nú skal ég til þess að mýkja þetta ofurlítið drepa á mildi og hjartagæzku hæstv. dómsmrh. Það er kafli, sem má ekki sleppa þegar rætt er um gerðir hans sem ráðherra.

Maður er nefndur Þórður Flygenring. Hann var fyrir nokkru kærður fyrir svikið bókhald og sölu á veðsettum fiski o. fl. Fyrir þetta var hann dæmdur í undirrétti í 15 mán. betrunarhúsvinnu og sviptur æfilangt leyfi til að reka verzlun. Þessi maður var síðan í fangelsinu hér í Rvík í 40 daga og á Litla-Hrauni í 115 daga, samtals 155 daga, en dæmdur var hann í 15 mán. fangelsi. Þegar hann nú hafði verið í fangelsinu þessa 155 daga, þá glúpnaði hið góða hjarta dómsmrh. og náðaði hann, og það var ekki aðeins svo, að hann fengi uppgjöf á þeim fangelsisvistartíma, sem eftir var, heldur var honum líka gefið til leyfis að reka verzlun áfram og þar með gefið tækifæri til að taka upp samskonar starfsemi aftur. Geta má þess, að þessi maður hafði skaðað bankana með veðsvikum um 400 þús. kr., og hann var dæmdur fyrir brot á flestum gr. þess kafla hegningarlaganna, sem fjalla um svik, því að þetta er eitthvert

stærsta fjársvikamál hér á landi, og svo er hegningin þessi.

Þá vil ég minnast á annan mann, Ísleif Briem, starfsmann franska konsúlsins. Franski ræðismaðurinn fékk bréf frá útlendum vínkaupmönnum, sem þökkuðu honum fyrir viðskiptin, en hann hafði þá aldrei skipt neitt við þá. Konsúllinn kærði því Ísleif Briem, sem varð þá uppvís að því að hafa misnotað trúnaðarstöðu sína. Var hann í undirrétti dæmdur fyrir nafnafölsun og áfengissmygl. Var honum dæmt 90 daga fangelsi og 6160 kr. sekt. Málinu var ekki áfrýjað, sem er þó ekki algengt um svona mál. Sektina mun hann hafa greitt og setið í fangelsi frá 9. sept. til 8. okt. Þá þoldi dómsmrh. ekki lengur að horfa upp á písl mannsins og útvegaði honum konunglega náðun.

Þriðji maðurinn er Björn Björnsson konunglegur hirðbakari. Hann kom á skrifstofu lögreglustjóra í sambandi við mál Ísleifs Briems og játaði á sig að hafa smyglað fáeinum whiskyflöskum, sem hann hefði nú reyndar ekki notað, heldur kastað í sjóinn. Þá var málið rannsakað, og játaði Björn þá að hafa flutt inn marga kassa af áfengi og verzlað með, en neitaði að segja, hverjum hann hefði selt. Hann var látinn sleppa við það í réttarhaldinu. Það hefir ekki þótt heppilegt, að nöfnin væru gefin upp. Hann var síðan í undirrétti dæmdur í 60 daga fangelsi og 24000 kr. sekt. Dóminum var ekki áfrýjað, sem má heita undarlegt. En svo hefir ekki heyrzt, að dóminum hafi verið fullnægt, heldur hefir heyrzt, að dómsmrh. hafi samið um það við Björn, að hann greiddi sektina og léti að nokkru leyti koma upp í hana útistandandi skuldir og annað þess háttar, en fengi alveg að sleppa við fangelsið. Þessa náðun virðist hæstv. dómsmrh. hafa veitt á eigin ábyrgð, en ekki fengið konung til þess.

Ég hefi enga löngun til að fjölyrða um þessi mál eða ræða mikið um þessa menn, en þetta, sem ég hefi nú sagt, sýnir, að hæstv. ráðh. hefir tekið mjög mjúkum móðurhöndum á þessum mönnum. Hér er um mjög stórvægileg afbrot að ræða, reikningsfölsun, veðsvik, bréfafölsun, misnotun embættis, smygl og sölu áfengis. Þessum mönnum er svo gefin upp fangelsisvistin ýmist að miklu eða öllu leyti. Þetta er mikil mildi, en ég efast um, að hún sé heppileg. Ég efast um, að þetta skapi ótta og aðhald fyrir þá, sem tilhneigingu hafa til að afla sér fjár á ólöglegan hátt eða annara lögbrota, sízt ef þeir eiga jafngóða borgara að og þessir menn. Það er engum vafa bundið, að þessir menn eru sekir, því að það liggur fyrir játning frá þeim öllum, svo að ekki er hægt að bera því við.

Ég hefi í þessu sambandi aðeins nefnt hæstv. dómsmrh. og hefi talað svo sem hann hafi verið þar einn um, en ég get lýst því yfir, að ég álít það næsta ólíklegt, að hann hafi gert þetta upp á sitt eindæmi. Ég tel a. m. k. sennilegt, þar sem um svona mikilsverð mál er að ræða, að hann hafi borið það undir meðráðh. sína, áður en hann ákvað náðunina.

En það eru fleiri en þessir menn, sem dómsmrh. hefir tekið mjúkum höndum á. Sakamálarannsókn, sem fyrrv. stj. fyrirskipaði gegn bankastjórum Íslandsbanka, hefir núv. dómsmrh. látið niður falla. Þetta mál, sem hæstv. dómsmrh. vildi ekki láta rannsaka, er það allra stærsta fjárþrotamál, sem komið hefir fyrir hér á landi. Þetta mál vildi hæstv. dómsmrh. ekki láta rannsaka.

Ég kemst ekki hjá því að rekja sögu þessa máls í stuttum drættum. Eins og menn muna, var Íslandsbanka lokað 2. febr. 1930. Gat bankinn þá ekki haldið störfum áfram, nema ríkisábyrgð fengist á öllum skuldbindingum hans. Þetta var tekið fyrir á næturfundi hér í þinginu og því hafnað. Þá lágu fyrir svokallaðar skýrslur um hag bankans, þar sem látið var í ljós, að hann mundi eiga fyrir skuldum, ef sleppt væri hlutafé. Þegar þingið neitaði bankanum um þessa ábyrgð, varð hann að hætta störfum sínum. Var þá rannsókn látin fara fram í annað sinn, og var Helgi Briem formaður þeirrar nefndar, sem rannsóknina gerði. Rannsóknarnefndin komst að þeirri niðurstöðu, að bankinn ætti 4½ millj. minna en ekki neitt og auk þess væri allt hlutafé og varasjóður tapað. En nú mun það hafa sýnt sig, að tapið er a. m. k. 3 millj. meira. Í þessu sambandi vil ég minna á það, að árið 1922 var sagt í Alþýðublaðinu, að hagur bankans væri annar og verri en reikningar hans sýndu. Fyrir

þetta var ritstjóri blaðsins, Ólafur Friðriksson, dæmdur í sekt, 25000 kr. ef ég man rétt. En svo kom það í ljós svo sem kunnugt er, að þetta var allt saman satt, svo að Ólafur Friðriksson var þarna dæmdur í stórsektir fyrir að segja sannleikann.

Það getur ekki talizt annað en rétt og sjálfsögð krafa, þegar banki kemst í fjárþrot, að rannsakað sé, hvort bankastjórarnir eigi sök á því eða ekki. Þess vegna var það líka, að verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík sendi kæru til lögreglustjóra Reykjavíkur og heimtaði, að málið væri rannsakað. Lögreglustjóri sendi rikisstj. bréfið samdægurs, en hún ákvað að láta fram fara utanréttarrannsókn á orsökum til lokunar bankans, svo að séð yrði, hvort ástæða væri til að láta fara fram opinbera réttarrannsókn. Síðan var skipuð þriggja manna n. í þessu skyni og í hana valdir Einar Arnórsson þáv. þm. og prófessor, en núv. dómari hæstaréttar, Stefán Jóhann Stefánsson hæstaréttarlögmaður og Þórður Eyjólfsson hæstaréttarlögmaður. Þessir menn rannsökuðu síðan málið og afhentu lögreglustjóra skýrslu um það í febrúar 1932. Þessi skýrsla mun svo hafa verið send ráðuneytinu til athugunar, og þar liggur hún þar til í maí 1932. Þá fyrirskipar þáv. dómsmrh., Jónas Jónsson, opinbera réttarrannsókn í málinu og ritar lögreglustjóra bréf um það. En þá um sama leyti stóðu yfir samningar milli Íhalds og Framsóknar um nýja stjórnarmyndun. Þáv. forsrh., Tryggvi Þórhallsson, heimtaði þá skjölin til athugunar áður en rannsóknin væri hafin, og þau lágu hjá honum þegar stjórnarskiptin urðu, en sennilega hefir hann skilað þeim síðar í dómsmálaráðuneytið.

Svo verður Magnús Guðmundsson dómsmálaráðherra um mánaðamótin maí—júní. Hann gerir ekkert í málinu, heldur liggur á skjölunum eins og Fáfnir á gullinu, þar til nú fyrir skömmu, að hann tók rögg á sig og afturkallaði fyrirskipunina um réttarrannsókn á hendur bankastjórunum og bar því þá aðallega við, að málið væri orðið svo gamalt, að þeirra hluta vegna væri ekki ástæða til að taka það upp. En þá hafði hann sjálfur legið á því í 9 mánuði.

Skýrsla þessara þriggja manna er í 10 köflum og mjög ýtarleg. Hún fjallar um almenna starfsemi bankans og viðskipti hans við einstaka viðskiptamenn. Af því að tíminn er svo naumur, verð ég að sleppa því nú að fara út í einstök atriði skýrslunnar, og er þó full ástæða til þess, en niðurstaðan er þessi: Nefndin er sammála um það: 1) að reikningar bankans hafi verið rangir [falsaðir] og fjarri því að gefa rétta hugmynd um hag bankans, 2) að ónýtar týndar skuldir hafi verið taldar sem eign, skuldir, sem skiptu mörgum milljónum króna, 3) að bankanum hafi verið taldir til tekna vextir af skuldum, sem vitað var, að voru tapaðar. 4) Skuldir bankans í erlendum gjaldeyri voru of lágt bókfærðar í ísl. krónum. 5) Einstökum mönnum og félögum höfðu verið veitt lán svo hundruðum þúsunda skipti, samtals fleiri millj., mönnum, sem bankastjórarnir hlutu að vita, að ekki gátu staðið í skilum. 6) Um viðskipti bankans við Landsbankann og Privatbankann, sem voru aðallánardrottnar hans, er farið hörðum orðum í skýrslunni. 7) Óforsvaranlegt eftirlitsleysi með skuldunautum bankans er einnig fært bankastjórunum til áfellis í skýrslunni.

Þetta er í stuttu máli sú niðurstaða, sem n. komst að, og um þetta er enginn ágreiningur meðal nefndarmanna. Allir eru þeir sammála um, að hér sé um stórvægileg atriði að ræða. Enn má geta þess, að einn bankastjóranna, Kristján Karlsson, höfðaði mál gegn Útvegsbankanum og krafðist sér tildæmdra launa í eitt ár eftir að bankanum var lokað og Útvegsbankinn tók við fjárreiðum hans. Máli þessu lauk svo í hæstarétti, að Kristján Karlsson tapaði því. Var hann dæmdur frá öllum rétti til launa vegna misfellna á reikningum og stj. bankans, og þó er hann sá bankastjórinn, sem síðastur kom í bankann og minnsta ábyrgð ber á því, hvernig hagur bankans varð að lokum.

En þrátt fyrir þessa ýtarlegu skýrslu og þær niðurstöður, sem hún sýnir, og þrátt fyrir dóm hæstaréttar í máli Kr. Karlssonar álítur hæstv. núv. dómsmrh. ekki ástæðu til að láta fram fara opinbera réttarrannsókn í málinu. Til samanburðar má minna á, hvernig tekið hefir verið á svona málum í Danmörku. Þar

kom nýlega upp mál, þar sem sannaðist, að reikningar banka höfðu verið vísvitandi rangir og slælegt eftirlit verið haft með meðferð lántakenda á lánsfé. Stjórn bankans var þar dæmd til refsingar og skaðabóta. Landmandsbankamálið muna allir hv. þm.

Ég hefi nú dvalið nokkuð við mildi og mýkt hæstv. stj., sýnt fram á, hversu hæstv. stj. getur verið mjúkhent á gæðingum sínum, því að ég tel áreiðanlegt, að hæstv. dómsmrh. hefði skort kjark til að gera þetta einn, og að öll stj. hafi verið sammála honum í þessum málum. Það er líka talið, að hæstv. forsrh. hafi látið þau orð falla í sambandi við Íslandsbankamálið, að okkar litla þjóðfélag þoli ekki, að slíkt mál sé upp tekið, en það þýðir: að svo háttsettir menn og pólitiskir mattadorar séu látnir sæta sakamálsrannsókn. En þó að þessum hæstv. ráðh. ef til vill standi nokkur ótti af afleiðingum slíkrar málshöfðunar, þá má hann vita það, að þjóðin óttast meir afleiðingar þess, ef slík mál eru þögguð niður og lögin ekki látin ná til manna, sem þykjast eiga mikið undir sér. Hæstv. dómsmrh. hefir verið mjúkhentur á þessum mönnum, sem ég hefi nú drepið á, en hann hefir líka sýnt á sér aðra hlið. Hann hefir sýnt, að það er talsverð harka til í honum þegar við aðra er að eiga. Út af þeim atburðum, sem gerðust á bæjarstjórnarfundunum 7. júlí og 9. nóv. hefir hæstv. dómsmrh. fyrirskipað sakamálsrannsókn og sakamálshöfðun gegn h. u. b. 30 mönnum. En það eru menn af allt öðru sauðahúsi en þeir, sem ég hefi til þessa verið að tala um. Meðal þessara manna eru formenn 2 stærstu verkamannafélaganna hér í bænum, þeir Sigurjón Ólafsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, og Héðinn Valdimarsson, formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Gegn þessum mönnum er umsvifalaust hafin sakamálsrannsókn og fyrirskipuð sakamálshöfðun, jafnvel áður en niðurstaða rannsóknanna er orðin kunn.

Til þess nú að sýna fram á, hver sakarefnin eru, sem borin eru á þessa menn, vil ég minnast lítið eitt á mál eins þeirra, sem er kærður fyrir aðgerðir sínar 7. júlí, Sigurjóns Á. Ólafssonar, og annars, sem kærður er fyrir framferði sitt 9. nóv., Sigurðar Ólafssonar. Framburður ýmissa vitna hefir sýnt það, sem nú skal greina:

Matthías Sveinbjörnsson lögregluþjónn segir, að hann hafi 9. nóv. séð Sigurð Ólafsson með spýtu í hendinni. Ekki sá hann þó Sigurð berja neinn, en heyrði hann hrópa: „Hættið að berja“, og hafi þá orðið hlé á barsmíðunum. Þetta er nú allt og sumt, sem þessi lögregluþjónn segir: að Sigurður hafi verið með spýtu, en sagt mönnum að hætta að berjast.

Annar lögregluþjónn, Sveinn Sæmundsson, segir, að Sig. Ól. hafi látið það í ljós, að ef þeir, sem úti væru, fengju ekki að fara inn í húsið, væru þeir nógu fjölmennir til að taka þann rétt sjálfir, en þó hafi hann ekkert gert til þess.

Þá segir Sigurður Albertsson, að Sig. Ól. hafi tekið í fingur á einhverjum lögregluþjóni og hótað að snúa hann af, ef lögregluþjónninn sleppti ekki manni, sem hann var að reyna að koma út. En enginn lögregluþjónn hefir borið sig upp undan því eða kannast við, að Sig. Ól. hafi tekið í fingur á honum.

Þá er að athuga, hvað Sigurður Ólafsson segir sjálfur, því að auðvitað var hann kallaður fyrir rétt. Hann segist hafa staðið við dyrnar í þrengslunum og ekkert gert af sér, en þá hafi verið ýtt á sig utan frá og hann borizt inn í dyrnar og í fangið á lögreglunni, og þá hafi einn lögregluþjónninn tekið í hárið á sér og í því hafi hann fengið 3 kylfuhögg í höfuðið, sem lögregluþjónarnir við dyrnar hafi veitt sér, en hann hafi ekki snert við neinum lögregluþjónanna nema þeim, sem tók í hárið á honum, en utan um hann hafi hann tekið. Sjálfur kvaðst hann ekki hafa tekið neinn þátt í ryskingunum, en aftur á móti hjálpaði hann lögregluþjóni, sem barinn var í götuna. Þá segist hann hafa tekið upp spýtu, er hann var barinn með, og hafi hann haft þessa spýtu í hendinni, er einn lögregluþjónninn hafði ráðizt að honum, en þá hafi hann kallað: „Hættið að berja“, og við það hafi barsmíðunum hætt.

Það virðist vera vandlifað í þessu landi, ef ekki má taka upp og halda á spýtu, sem menn hafa verið barðir með, og ef fyrirskipuð er sakamálsrannsókn og sakamálshöfðun gegn mönnum fyrir slíkt.

Og ef einhver finnur upp á því að segja, að einhver hefi tekið í fingur á lögregluþjóni, sem þó enginn lögregluþjónn kannast við, þá er það tilefni til sakamálshöfðunar. Athæfi dómsmrh., að fyrirskipa sakamálsrannsókn og málshöfðun fyrir slíkt, er fyrir neðan allar hellur. Það er bæði heimskulegt og ósæmilegt.

Þá vil ég minnast á afbrot Sigurjóns Ólafssonar, sem er ákærður fyrir ólöglegt athæfi 7. júlí í sumar. Honum er fundið það eitt til saka, að hann hafi átt að segja í ræðu af tröppum Þórshamars: „Þarna kemur Jakob Möller. Látið hann nú standa fyrir máli sínu".

Lögregluþjónarnir segja, að Sigurjón hafi verið að halda ræðu af tröppum Þórshamars, en ekkert hafi verið athugavert við ræðu hans og hún hafi ekki valdið neinum æsingum. Þegar bæjarfulltrúarnir komu út af fundinum, hafi athyglin snúizt að þeim, svo að Sigurjón hafi orðið að hætta að halda ræðuna. En það, sem mestu ætti að skipta í þessu máli, mun þó vera vitnisburður Jakobs Möllers sjálfs. Hann segir það eitt, að Sigurjón hafi sagt: „Þarna kemur Jakob Möller" —, og hafi þá athyglin snúizt að sér, en þó hafi hann ekki orðið fyrir neinum beinum árásum. Þetta er framburður Jakobs Möllers, og alveg samhljóða þessu er framburður Knúts Zimsens borgarstjóra. Hvorugur segir, að Sigurjón hafi hvatt menn til að gera aðsúg að Möller, enda varð hann ekki fyrir neinu hnjaski.

Ég hefi þá tekið 2 af þessum 30 sakamálum, sem stj. hefir ákveðið að láta höfða út af þessum atburðum. Annað dæmið er tekið frá 7. júlí, en hitt frá 9. nóv. Geta menn nú athugað og borið saman meðferð hæstv. stj. á þessum málum og málunum út af gjaldþroti Íslandsbanka. Í Íslandsbankamálinu, sem ég drap áðan lítillega á, fyrirskipar stj. ekki einu sinni réttarrannsókn, sennilega af ótta við, að það mundi leiða til málshöfðunar og dóms, en í þessum smávægilegu málum tekur hún rögg á sig og fyrirskipar sakamálsrannsókn og sakamálshöfðun á þessa 2 menn og 28 aðra, sem svipað virðist ástatt um suma hverja. Ég efast um, að þetta háttalag hæstv. dómsmrh. verði til að auka virðingu manna fyrir yfirvöldum landsins, réttarfari og lögum. Ég hygg þvert á móti, að ef hann með þessu hefir ætlað sér að brjóta niður trú fólksins á löggæzlu og réttarfari, þá hafi hann með aðgerðum sínum í þessum málum náð þeim tilgangi prýðilega. Réttarfarinu í landinu er misþyrmt með slíkri misbeitingu á valdi dómsmrh., annarsvegar með óafsakanlegum sakaeftirgjöfum gæðinga og hinsvegar með tilefnislausum sakamálshöfðunum á andstæðinga. Mun ég víkja að þessu í næstu ræðu minni.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég mun ekki tala eins langt mál og hv. síðasti ræðumaður. Það er að vísu eldhúsdagur í dag, en það er útlit fyrir, að meira sé til að brenna en bíta, og svo mun yfirleitt vera í okkar landi, að ekki sé margt að bíta, en hægt að brenna upp eitthverjum af þeim möguleikum, sem við höfum á þessum vandræðatímum. Hitt er ekki síður nauðsynlegt, að þingflokkar starfi á slíkum tímum fremur en ella með tilliti til allra stétta og hagsmuna þeirra. Og ég vil óska, að þessi stjórn mætti fá það eftirmæli, að hún hafi eftir mætti reynt að sinna allra þörfum án tillits til stuðnings eða andstöðu. Ef svo verður, hefir hún reynzt þjóðstjórn í þeirri merkingu, sem ég vil leggja í það orð.

Það hefir verið sagt, að stjórnin hafi verið mynduð á síðasta þingi í því skyni, að hún leysti úr tveim vandamálum, kreppumálunum og stjskrmálinu. Jafnaðarmenn segjast ekki hafa viljað eiga sæti í stjórninni, vegna þess að þeir hafi enga tryggingu fengið fyrir því, að lausn fengist á stjskrmálinu. Þetta er rétt, því að slíka tryggingu er ekki hægt að gefa, en hana fengu jafnaðarmenn ekki fremur, þótt þeir stæðu utan við stjórnina. En óhætt er að fullyrða það, að stjskrmálið stendur nú nær lausn sinni en nokkurn tíma áður. Og eins og öllu er háttað, hlýtur það mál að fá sína lausn innan skamms tíma. Loftið hreinsast ekki og önnur þjóðmál fá ekki notið sín fyrr en þetta mál hefir hlotið viðunanlega afgreiðslu.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að samvinnan innan stj. hefði verið góð, nema um eitt mál, sem opinber sundurþykkja væri um. Já, samvinnan hefir verið góð, og jafnvel

við andstæðingana hefir hún verið svo góð, að ég ætla, að nú hafi ekki meira eldsneyti verið saman dregið heldur en oft og tíðum í betra árferði.

Eins og ég hefi þegar sagt, hefir stj. reynt að fullnægja óskum og þörfum manna án þess að fara í pólitiskt manngreinarálit. Hún hefir reynt í senn að framfylgja heimildum þingsins og framkvæma sparnað á ríkisbúskapnum. Kröfurnar til stj. hafa gengið í mjög gagnstæðar áttir, framkvæmda og sparnaðar hefir verið krafizt í senn. Ég hygg, að stj. hafi tekizt að samríma þetta hvorttveggja svo vel sem unnt var á síðastl. ári.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að ekkert stjfrv. hefði enn komið fyrir þingið um kreppumálin. Viðurkenndi hann þó, að stj. hefði skipað n. til að athuga kreppumál bænda. Þessi n. hefir starfað af kappi og hefir nú skilað till. sínum í 5 frv., og mun þó von á fleirum. Er það ósk nefndarinnar og stj., að þau verði lögð fyrir öll í einu lagi og verði rædd óslitið þegar 2. umr. fjárl. í Nd. er lokið.

Þessar till. verða eitt af höfuðviðfangsefnum þingsins. Áður hefir nokkuð verið reynt að sinna málum annara og draga úr mesta atvinnnuleysinu, eftir því sem heimild hefir verið til. Þetta hefir tekizt svo viðunanlegt má teljast í slíku árferði án þess að fara nokkuð að ráði fram úr heimildum. Stj. hefir veitt 316 þús. til atvinnubóta, í stað 300 þús., sem heimilaðar voru. Nú virðist heldur vera að lifna til við sjóinn. Tvö undanfarin ár hafa verið mikil tapsár. En nú hefir smáútvegurinn rétt sig og betri horfur um stórútgerð en áður. Nú í ársbyrjun 1933 er meira um atvinnu við sjóinn en undanfarin tvö ár, og síðasta hálfan annan mánuð hefir verið meiri eftirspurn eftir vinnu en um langan tíma áður. Kaupgeta hefir vaxið. Tekjur ríkisins hafa orðið meiri en á sama tíma í fyrra. Vegna batnandi verðlags og vaxandi framkvæmdavilja er því nú betur statt við sjóinn en áður, þótt ekki sé um að hælast. En um landbúnaðinn er öðru máli að gegna. Landbúnaðarkreppan þjakar enn öllum heimi. Lægra verðlag og þrengri markaður fylgist að. Landbúnaðurinn getur ekki svarað kreppunni á sama hátt og iðnaður og sjávarútvegur. Þessar atvinnugreinar draga saman seglin í kreppunni, en bóndinn neyðist til að auka sína framleiðslu. Svo er þetta í öllum löndum, og því verður kreppan erfiðari viðfangs í landbúnaðinum en í öðrum atvinnugreinum.

Nú er kaup bænda ekki sambærilegt við nokkurt annað kaupgjald. Bændur eru erfiðismenn, sem leggja hart að sér, en nú er kaup þeirra 60% lægra en það var fyrir 3 árum. Þessir menn reka margir búskap með fjármagni, sem þeir skulda að talsverðu leyti. Þessar skuldir eru jafnháar og fyrir 3 árum, en eru orðnar meira en helmingi þungbærari en þá. Því er engin von til þess, að þessi atvinnuvegur fái staðizt án aðstoðar ríkisvaldsins, þetta verður að gera með því að lækka vexti og öðrum ráðstöfunum til að kjörin geti orðið skaplegri. Tillögur um þessi efni munu bráðlega koma fyrir þingið.

Þegar svona er ástatt, er þess ekki að vænta, að ríkið hafi peninga til allra hluta. Hv. þm. Seyðf. sagði, að ég væri rogginn yfir 1,25 millj. kr. tekjuhalla ársins. Ég taldi útkomuna ekki verri en við mátti búast, en svona góða útkomu er auðvitað ekki hægt að fá nema draga nokkuð úr framkvæmdum. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Ég minntist þess í fjárlagaræðu minni, að ýmsir útgjaldaliðir hefðu lækkað stórum. Þannig hefir kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn lækkað um 200 þús. kr. Hefir sá sparnaður einkum orðið á minnkuðu úthaldi varðskipanna. Meðan síðasta stj. sat við völd var farið að tala um að halda ekki úti nema einu varðskipi á sumrin. Hv. þm. Seyðf. talaði um óánægju út af minnkaðri landhelgisgæzlu og talaði um, að slíkar raddir hefðu borizt vestan af fjörðum. Ég býst að vísu við, að landhelgisgæzlan sé varla eins góð og áður, en minnkað sektarfé út af fyrir sig þarf ekki að þýða annað en að hún sé „effektiv". Út af þessum óánægjuröddum, sem hv. þm. Seyðf. sagði, að hefðu komið fram, get ég sagt það, að í mínu kjördæmi var á fjölmennum fundi lýst ánægju yfir landhelgisgæzlunni og samþ. sú ósk, að hún yrði með sama fyrirkomulagi framvegis. Að vísu hafði varðbáturinn tvisvar orðið var við togara, sem ekki varð náð, en grunur leikur á, að það hafi verið sami togarinn í bæði skiptin.

Annars mun ég láta hæstv. dómsmrh. um það að ræða landhelgismálin.

Það má vitanlega segja, að sparnaður ríkisins auki jafnan vandræði fólksins, en þegar heimildir um framlög til atvinnubótavinnu eru notaðar til hins ýtrasta verður ekki annað sagt en að ríkisvaldið reyni að milda kreppuna og draga úr afleiðingum, svo að það vegi töluvert á móti þeim framkvæmdum, sem felldar hafa verið niður. 316 þús. til atvinnubóta þýðir sama sem 1 millj., því að bæjar- og sveitarfélög eiga að leggja fram ⅔ á móti.

Ég minntist á sparnaðinn á dómgæzlunni, en þess má geta, að á vegamálum hafa verið sparaðar 750 þús. kr. Þetta þýðir að vísu minni vinnu, en jafnframt að tekið er tillit til ríkissjóðs. Á strandferðum hafa verið sparaðar 100 þús. kr. og á kennslumálum 150 þús. kr. og á sérstökum lögum og fjáraukalögum 400 þús. krónur.

Þessi dæmi ættu að sanna, að stj. hefir haft auga á sparnaðarþörf ríkissjóðs. Þetta veldur auðvitað því, að vinna minnkar, en á móti kemur 1 millj. til atvinnubóta.

Nú er þess ekki að vænta, að stj. geti lagt fyrir þingið fjárlfrv., sem gerir ráð fyrir svipuðum framkvæmdum og 1929 og 1930. Nú hafa bætzt við sérstakar kröfur um lausn á kreppumálunum, og þá einkum bændakreppunni. Allt, sem kynni að verða umfram það að halda uppi svipuðum framkvæmdum og í fyrra, verður að ganga til þessa.

Hv. þm. Seyðf. fann að því, að stj. flytti öll hin sömu tekjufrv. og í fyrra. Þetta er alveg rétt. Þau önnur tekjufrv., er flutt kunna að verða, verða í sambandi við hin sérstöku kreppumál. Ætti engan að furða á því, þótt stj. hafi ekki fellt niður gamla tekjustofna, þegar þess er gætt, hve mjög þeir hafa fallið. Tóbakstollurinn hefir lækkað um 470 þús., vörutollur um 200 þús., verðtollur um 775 þús. síðan 1931 og 1½ millj. síðan 1930. Ágóðinn af áfengisverzluninni er 150 þús. kr. minni og af viðtækjaverzluninni 135 þús. minni. Er því meiri ástæða til að bæta við nýjum tekjustofnum en fella þá gömlu niður.

Ég vil lítið eitt minnast á ríkislögreglu-

una, sem stofnuð var á síðasta ári og kostað hefir nokkurt fé. Það er sorglegt til þess að vita, að þörf skuli hafa orðið á stofnun hennar, en þeir, sem valdið hafa óróanum, eiga sökina á þeim kostnaði. Auk þess myndi kostnaðurinn hafa orðið stórum minni, ef ekki hefði verið lagt verkbann á þessa menn, og mega því þeir, sem verkbanninu ráða, kenna sjálfum sér um allmikinn hluta kostnaðarins.

Ég vil segja, að þetta þing eigi ekki skilið vanvirðu, ef það styður að því að koma atvinnuvegunum í betra horf en ella, og það getur þingið með því að taka myndarlega á samningunum við Norðmenn og Englendinga, sem nú standa yfir og þarf að taka á, ekki þannig eins og við eigum allskostar við alla, heldur eigum við að hugsa um okkur, okkar þjóðarheild og hennar mesta gagn. Við eigum að hugsa um, að viðskiptin geti haldið áfram, en ekki að mikla þann möguleika, að ekkert geri til, þótt allt stöðvist, atvinnulíf okkar og nágrannaþjóðanna. Það er þetta, sem nú þarf helzt að sinna, það er fjárhagur ríkisins og möguleikar atvinnuveganna og hin miklu skuldamál bændastéttarinnar íslenzku. Það er erfitt fyrir þá stétt að starfa, sem hefir hálfu lægra kaup en áður og hálfu þyngri skuldabyrði en hún hafði fyrir þrem árum. Ef þessi mál verða leyst, þá á þetta þing og þessi stj. enga vanvirðu skilið, heldur þvert á móti heiður. En til þess að slíkt geti orðið, þá nægir enginn eldhúsdagur. Fyrsta skilyrðið er, að menn vilji fá beztu úrlausn sem kostur er á, því að úrslitin koma ekki án þess að einstakir þm. vilji fá þau. Ég óska, að þingið beri gæfu til, að sá vilji sé fyrir hendi.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Hv. þm. Seyðf. talaði hér langt mál, og af því mælti hann talsvert til mín. Verð ég því að svara honum nokkrum orðum, en mun þó reyna að vera ekki eins langorður og hann. Ætla ég þá að byrja þar, sem hann endaði — á Íslandsbankamálinu. Um mánaðamótin jan. og febr. 1930 lokaði bankinn. Þá þegar var látin fara fram bráðabirgðarannsókn á hag hans. Á þinginu 1930 var málið mikið rætt og lauk þannig, að bankinn var endurreistur und-

ir nafninu Útvegsbanki Íslands. Þetta mál var eitthvert mesta hitamálið á þinginu 1930, og nokkrir menn börðust frá byrjun hatramlega á móti bankanum. En þrátt fyrir hóflausar árásir jafnaðarmanna, sá þáv. stjórn ekki ástæðu til að skipa rannsókn á bankastj., heldur var Eggert Claessen sýnt það traust, er bankinn var endurreistur, að vera kosinn í bankaráðið, og margir vildu fá hann sem bankastjóra. Þetta sýnir, að þeir menn, sem mest áttu undir um stjórn bankans, hafa vissulega ekki álitið hann vera sakamann, sem ætti að sækja með sakamálsrannsókn og dómi. Þegar þinginu 1930 lauk, datt engum í hug nokkur sakamálsrannsókn út af lokun bankans, og svo líður allt árið 1930 og nokkur hl. þings 1931, að allt er kyrrt. Samvizkan og réttlætið, sem nú gala sig hás eins og hrafn, sofa ennþá værum svefni. En 21. marz 1931 vaknar nýr aðili, pólitískt félag hér í bænum — „Dagsbrún" — og er hv. 2. þm. Reykv. formaður þess. Þarf ekki að draga í efa, að kæra þess hafi verið pólitísk. En daginn, sem þetta félag vaknar og krefst þess af lögreglustjóranum í Reykjavík, að hann hefji réttarrannsókn út af stjórn bankans, sendir lögreglustjóri þáv. ráðh. kæruna, og svarar hann lögreglustjóra, að fara skuli fram utanréttarrannsókn út af málinu og heimilar fé til þess. 20. apríl 1931 er lögreglustjóra skrifað að láta fara fram sakamálsrannsókn, ef utanréttarrannsóknin gefi tilefni til þess. Svo líður allt árið 1931, og fram í maí 1932, að ekki verður séð af skjölum Stj.ráðsins, að nokkuð hafi gerzt í málinu. En í maí 1932 kemur bréf frá lögreglustjóra, sem er dags. 20. maí, þar sem hann sendir skýrslu Stefáns Jóh. Stefánssonar, Einars Arnórssonar og Þórðar Eyjólfssonar um utanréttarrannsóknina. Í þessu bréfi óskar lögreglustjóri, að sér verði greiddar 7750 kr. fyrir rannsóknina, og var það gert nokkrum dögum seinna. Ennfremur óskar hann þess í bréfinu að fá frekari fyrirskipun um, hvað gera skuli í málinu. M. ö. o. lítur út fyrir, að ekkert það hafi komið fram við rannsóknina, sem gefi honum ákveðna vísbendingu um, hvað hann eigi að gera, því að fyrirskipun var hann búinn að fá um það, að hann ætti að láta fara fram réttarrannsókn, ef utanréttarrannsóknin gæfi tilefni til þess. Og það stóð ekki lengi á þessari frekari fyrirskipun, því að strax eftir að fyrrv. dómsmrh. hafði fengið þetta bréf lögreglustjórans er honum skrifað svo hljóðandi bréf:

„Eftir móttöku bréfs yðar, herra lögreglustjóri, dags. 20. þ. m., viðvíkjandi tildrögum að lokun Íslandsbanka, hefir ráðuneytið athugað skýrslu þá, er fylgdi bréfi yðar.

Svo sem skýrslan ber með sér, verður ekki hjá því komizt að hefja þegar sakamálsrannsókn gegn fyrrverandi bankastjórum Íslandsbanka og höfða síðan, að þeirri rannsókn lokinni, sakamál gegn þeim.

Jónas Jónsson.

Til lögreglustjórans í Reykjavík".

Hér er sagt í þessu bréfi, að eftir að ráðuneytið hafi „athugað þessa skýrslu..." Þessi skýrsla kemur 23. maí, en fyrirskipunin um sakamálsrannsóknina er gefin út 24. maí. „Rannsókn" málsins hefir því staðið yfir einn dag. Það stendur, að ráðuneytið hafi athugað þessa skýrslu, en það sést ekki, að það hafi aðrir gert en ráðh. sjálfur, því að enginn embættismaður í dómsmálaráðuneytinu hefir komið þar nærri, og það, sem líka er athugavert í þessu efni, er það, sem hv. þm. Seyðf. vildi annars áfella fyrir, að skipa sakamálsrannsókn án þess að nokkuð sé áður komið fram við rannsókn, sem gefi tilefni til sakamáls, svo að hefði ég átt þarna í hlut, mundi hv. þm. Seyðf. hafa verið allillorður, en af því að honum er betur við fyrirrennara minn en mig, þá lætur hann hann vera í friði fyrir yfirsjónir þessar. Og þessi fyrirskipun er gerð án þess að leitað hafi verið með einu orði til bankastj. um málið. Sakamálshöfðun er fyrirskipuð án þess að þeir hafi verið spurðir um eitt einasta atriði, sem við kemur málinu, og er það hreint og beint brot á grundvallarreglum allra refsilaga og alls refsiréttar, því að þar er fyrsta boðorðið, að hlustað skuli á hinn sakborna. Þannig stóð málið, þegar ég tók við dómsmálaráðh.stöðunni í byrjun júní í fyrra. Þá voru liðin 2 ár og 4 mánuðir frá lokun bankans. Og þegar ég spurðist fyrir í ráðuneytinu um gang málsins, fékk ég að vita, að enginn embættis-

maður þar hafði farið yfir þessi skjöl, nema dómsmrh. sjálfur. Þess vegna lagði ég fyrir lögreglustjórann að endursenda mér þessi plögg, og var það gert með bréfi 13. júní í fyrra. Síðan hafa bankastjórarnir haft tækifæri til að kynna sér skjöl málsins og kæruna, og að fenginni umsögn þeirra ákvað ég, eftir að hafa kynnt mér málið, 18. f. m. að láta málið falla niður. Það var ekki rétt, sem hv. þm. Seyðf. sagði, að afturköllunin hafi ekki verið gerð fyrr en vantrauststill á mig var komin fram. Ég held, að það hafi verið nokkrum dögum áður, svo að það stendur ekki í sambandi við það. Þetta er saga málsins. En nú ætla ég að skýra frá því, hvers vegna ég lét málið falla niður. Ég verð fyrst að benda á, að málið var frá öndverðu pólitískt. Kærandinn er félag, sem rammur hatursmaður bankans er formaður fyrir. Ég vil ennfremur benda á, að þessi sakamálshöfðun er fyrirskipuð á þeim tíma, sem fyrirrennari minn veit, að hann er að fara úr embættinu. Og þetta er ekki eina málshöfðunin, heldur fyrirskipar hann sakamál á eitthvað 10 eða 12 menn þessa dagana. Ég þykist vita, að hann hafi þekkt talsvert áður til þessa máls — og hefði hann haft nægan tíma til að fyrirskipa rannsókn og þá síðan sakamál, ef hann hefði haft fulla sannfæringu fyrir því, að það væri rétt. Ég byggi þetta álit mitt á því, að á eldhúsdegi í fyrra, 4. apríl, nefndi hann hvað eftir annað og las upp ýmislegt úr þessum skýrslum, sem hinir skipuðu menn höfðu gefið um rannsóknina. Ég býst því við, að það séu þær skýrslur, sem hv. þm. Seyðf. var að kvarta um að sér ynnist ekki tími til að lesa nægilega mikið upp úr, og vona ég, að honum vinnist tími til þess síðar við umr. En allt þetta væri e. t. v. aukaatriði, ef eitthvað lægi fyrir, sem sýndi, að bankastjórnin væri í verulegri sök. En þessi tildrög málsins sýna þó a. m. k., hvernig málið er til komið. Til þess að mynda sér skoðun um það, um hve mikla sök sé að ræða hjá þessum bankastjórum, verða menn að gera sér grein fyrir, hvað þeim er borið á brýn. Ég hefi farið mjög vandlega í gegnum þessi skjöl, og ég finn ekki, að þeim hafi verið borið annað á brýn en að bankinn hafi tapað. Og það er satt — hann hefir tapað miklu. En það er ekki þessi eini banki, sem hefir tapað. Allir bankar í heimi hafa tapað og fjöldi lokað af þeim ástæðum. Og það er einnig svo um okkar banka, að þeir hafa tapað. Það lægi nærri fyrir hv. þm. Seyðf. að bera saman tapið á útibúi Íslandsb. á Seyðisfirði og útibúi Landsbankans á Eskifirði. Ef hann vildi gera þar óhlutdrægan samanburð, mundi hann komast að raun um, að tap Landsbankaútibúsins á Eskifirði er mörgum sinnum meira en tap útibús Íslandsbanka á Seyðisfirði. Það út af fyrir sig, að tap hefir orðið á bankarekstrinum, getur að sjálfsögðu ekki varðað refsingu fyrir nokkurn bankastjóra. Ef svo væri, þá myndu allir bankastjórar vera sakamenn nú á dögum, eða a. m. k. svo að segja allir. Ástæðan til taps banka yfirleitt í heiminum er sú truflun, sem varð eftir heimsstyrjöldina. Ég hefi sagt það oft áður og segi það enn, að ekki er undarlegt, þótt það komi niður á peningamálum heimsins, þegar tugir milljóna manna gera ekkert annað en drepa og myrða og framleiða vopn í stað verðmæta. Mér dettur ekki í hug að bera það af bankastjórunum, að þeir hafi lánað ógætilega. Það held ég oft hafi verið gert, og vil ég ekki draga þá undan þeirri sök, en þeir eru í því efni samsekir við alla aðra bankastjóra, því að það var nú svo á stríðstímunum og næstu árin á eftir, að flestir virtust hafa misst taum á peningamálunum. Ég tók eftir því, að hv. þm. Seyðf. talaði um, að reikningar bankans mundu vera „falsaðir“, eins og hann orðaði það, og ekkert eftirlit haft með skuldunautum. Hvað seinna atriðið snertir, þá held ég, að erfitt reynist að dæma bankastjóra til refsingar fyrir að hafa ekki eftirlit með öllum viðskiptamönnum bankans. Mér er sem ég sjái hv. þm. Seyðf. hafa eftirlit með öllum viðskiptamönnum bankans á Seyðisfirði og geta ábyrgzt, að ekki fari þar eitthvað aflaga. Slíkt er fjarstæða. Hann, sem sjálfur er bankastjóri, ætti ekki að koma með slíkar fjarstæður. En um fölsun reikninganna er alls ekki að ræða. Þvert á móti er það tekið fram, að því er ég bezt man, í öllum þrem rannsóknarskýrslunum, að bókfærsla bankans hafi verið mjög góð. En það, sem hv. þm. kallar fölsun, er að mér

skilst tvennt. Annað er það, að reiknað hefir verið með öðru gengi lán eitt en hann vill vera láta. En ég þekki vel sögu þessa láns frá upphafi, og þó að ég hafi ekki tíma til þess að fara út í það hér, þá get ég ábyrgzt, að því máli er þannig farið, að ekki er hægt að telja að bankastjórnin hafi aðhafzt þar neitt saknæmt.

Þá nefndi hann það sem aðra sönnun fyrir reikningsfölsun, að bankinn hefir talið meðal eigna ýmsar skuldir, sem í raun og veru hafi verið tapaðar. Ég býst við, að hv. þm. þætti það nokkuð nærgöngult, ef farið væri að höfða gegn honum sakamál vegna þess að hann gæti ekki vitað með vissu, hvaða skuldir mundu koma inn í hans banka og hverjar þeirra honum væri óhætt að telja í sínum reikningum. Ég held, að hv. þm. ætti að stinga hendinni í eiginn barm og gera ekki meiri kröfur en hægt er að uppfylla. Hluturinn er, að af þessum skjölum kemur ekkert það fram, sem sýni, að bankastj. hafi farið óheiðarlega að. Það hefir engum dottið í hug að álíta, að þeir hafi gert þar nokkuð í eigin hagsmunaskyni. Það er aðeins rétt um þessar lánveitingar, sem hafa gefið tap. Annars má nefna það, að mikið af þessu tapi eru vextir, sem hafa hlaðizt á skuldir, sem hafa staðið frá ári til árs. Ég slæ því þess vegna föstu, að ekkert í skjölunum bendi til þess, að bankastj. hafi dregið sér fé eða gert rangt vísvitandi, og held ég, að ekkert bendi til þess, að hægt sér að upplýsa slíkt. Og þegar hv. þm. Seyðf. nefndi, að launakrafa eins bankastjórans hefði ekki verið tekin til greina fyrir dómstólunum, þá er það engin sönnun fyrir því, að hann hafi aðhafzt nokkuð „kriminelt". Og þegar hv. þm. nefndi dóminn yfir bankastjórum Landmandsbankans danska (Glückstadt o. fl.), þá er þar ósvipuðu saman að jafna. Það er kunnugt um danska bankastjórann, að í hans banka var hin mesta óreiða og þar voru bein fjársvik, og þó er hann ekki dæmdur nema í tiltölulega væga fangelsisrefsingu. En þegar tekið er tillit til þess, að ekkert bendir til, að hér hafi verið viljandi rangindi höfð í frammi, og lokið lofsorði á bókfærslu bankans, þá er hér einungis um eftirlitsleysi að ræða; eða að bankinn hefði átt að sjá, að sumar lánveitingar, sem hann framkvæmdi, voru óforsvaranlegar. Ef ég væri spurður um mína meiningu um það, hvað ég héldi, hvort þeir yrðu dæmdir fyrir þetta, þá verð ég að segja, að það væri ólíklegt. En ég skal viðurkenna, að mín meining í þessu efni er ekki beinlínis afgerandi, þótt ég álíti hana meira virði en hv. þm. Seyðf., sem mér þó fannst á þann veg, að hann áliti litlar líkur til, að bankastjórarnir yrðu dæmdir. En nú vil ég spyrja hv. þm. Seyðf., hvort hann hafi athugað vel þá löggjöf, sem gildir um þetta, því að það er betra að athuga dálítið löggjöfina, sem um sakamál gildir, því að þau eru enginn leikur. Í stjórnmálunum er það svívirðilegasta vopnið, sem til er, og hv. þm. Seyðf. vex ekki af því, ef hann vill reyna að nota þetta vopn, sem lítið hefir verið haft um hönd í þeim tilgangi hér á landi af öðrum en fyrirrennara mínum. Ég endurtek, að ekkert bendir til, að hér sé um annað að ræða en í hæsta lagi gáleysi eða eftirlitsleysi, og er ekki hægt að álíta, að bankastj. mundi hafa verið dæmd fyrir það. En hvað segir löggjöfin um þetta? Ég ætla að athuga það lítilsháttar. Það er nú svo um þessa bankastjóra, að e. t. v. er álitamál, hvort þeir voru embættis- eða sýslunarmenn ríkisins eða ekki. Þeir voru stjórnendur banka, sem var hlutafélag einstakra manna, en 2 af þeim skipaðir af stj. Nú skal ég ekki leggja neinn dóm á það, hvort þeir voru embættismenn, en ég ætla að ganga út frá því, að þeir hafi verið það, og ætla því að athuga, hvaða refsiákvæði það eru, sem eiga við opinbera sýslunarmenn, sem hafa gert sig seka í gáleysi eða embættisvanrækslu. Ákvæði um þetta eru í 144. gr. hinna alm. hegningarlaga. Þar segir, að „fyrir vanrækslu og hirðuleysi í embættisrekstri, sem ekki er lögð nein sérstök hegning við í lögum, skal sömuleiðis refsað, ef nokkrum verður það oft á eða ef hann sýnir af sér stórkostlega vanrækslu eða hirðuleysi, með sektum eða einföldu fangelsi, eða embættismissi, ef miklar sakir eru". Ég þarf ekki að lesa 145. gr. Hún er um svipaða refsingu fyrir sýslunarmenn, en ég geng út frá því, að þessir bankastjórar hafi verið annaðhvort embættis- eða sýslunarmenn. Hér er refsingin sektir, einfalt fangelsi eða embættismissir. En ef þeir

nú eru sýslunarmenn, þá er búið að framkvæma á þeim, án dóms og laga, þá refsinguna, sem hörðust er eftir þessum ákvæðum hegningarlaganna, sem er embættis- eða starfsmissir.

Nú er það regla í okkar refsilöggjöf eftir hegningarlögunum frá 25. júní 1869, að engan megi dæma í tvennskonar refsingu samtímis. Setjum svo, að það bæri að telja bankastjórana embættis- og sýslunarmenn. Þau refsiákvæði, sem hér ættu þá við samkv. 144. og 145. gr. hegningarl., eru sektir, einfalt fangelsi eða embættismissir, ef miklar eru sakir. Nú voru bankastjórarnir sviptir embætti án dóms og laga. Og er það sú fyllsta refsing, sem hægt er að beita við embættis- og sýslunarmenn, eftir því sem málavextir voru í þessu tilfelli. Svo að um frekari refsingu gat ekki verið að ræða, þó að dómur hefði verið látinn ganga yfir bankastjórana í þessu máli.

En nú skulum við segja, að bankastjórarnir hafi ekki verið embættis- eða sýslunarmenn. Hvað kemur þá upp á teningnum? Þá kemur það upp úr kafinu, að drátturinn á þessu máli var orðinn óhæfilega mikill. Bankanum var lokað 2. febr. 1930, og þegar ég tók við þessu embætti í júní 1932, þá var málið ekki komið lengra en það, að búið var að fyrirskipa rannsókn og sakamálshöfðun. En ef athuguð eru fyrningarákvæði hegningarlaganna, samkvæmt 67. gr. l., þá stendur þar, að ef sakamál er höfðað og það sannast, að liðin eru 2 ár frá því að afbrotið var framið og þangað til mál var höfðað út af því við dómstólana, — skal falla niður refsing sú, sem til er unnið, ef hún ekki hefði orðið þyngri en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi, sem vitanlega á aðeins við um unglinga. — Sökin var því fyrnd, hvernig sem á málið er litið að öðru leyti, eins og allir geta sannfærzt um, því að það voru liðin meira en tvö ár frá því brotin voru framin og bankastjórunum var vikið frá og þangað til ég tók við dómsmrh.embættinu. Nú er það gefinn hlutur, að ef bankastjórarnir eru ekki taldir embættis- og sýslunarmenn, þá getur refsingin alls ekki verið hærri fyrir það, nema síður sé, samkv. því, er ég tilgreindi úr 67. gr. hegningarl. Eins og ég þegar hefi tekið fram, þá voru liðin meira en 2 ár frá því að brotin gátu verið framin og þangað til ég tók við ráðh.-embættinu, og þar af leiðir, að ég gat ekki höfðað mál á hendur bankastjórunum, svo framarlega sem þeir væru ekki taldir embættis- eða sýslunarmenn. En svo ég víki að því aftur, þá hefi ég ekki slegið neinu föstu um það, hvort tveir af bankastjórunum yrðu taldir embættismenn. Hitt er aftur á móti vitað, að ákvæði 67. gr. gilda efalaust um einn bankastj., Eggert Claessen. Hann gat ekki orðið talinn embættis- eða sýslunarmaður, og hlaut því undir öllum kringumstæðum að sleppa við málshöfðun. Hluthafar bankans völdu hann í þessa stöðu, en hið opinbera hafði engin afskipti af þeirri skipun. Og laun sín tók hann í bankanum eins og hinir bankastjórarnir.

Ef hv. þm. Seyðf. vill bera fram ásakanir fyrir, að þessi mál voru eigi höfðuð gegn bankastjórunum í tæka tíð, þá verður hann að athuga það, að hann á að snúa geiri sínum í aðra átt. Það þýðir ekkert að úthúða mér. Hann á að snúa sér að vini sínum og flokksbróður, hv. 2. þm. Reykv., fyrir að hraða ekki ákærunni á hendur bankastj. meira en gert var, og öðrum vini sínum og samherja, hv. 5. landsk., fyrrv. dómsmrh., sem lá svo lengi á málinu. Ég get hugsað, að hv. þm. hefði farið hægra, ef hann hefði vitað þetta. En hann verður að snúa sér til réttra aðilja.

Hv. þm. Seyðf. þykir það náttúrlega allt of lítið, að einni bankarannsóknarn. voru greiddar 7750 kr. og 2 öðrum nefndum, sem skipaðar voru til rannsóknar á bankanum, talsvert fé, og hefir það sjálfsagt numið samtals allt að 15 þús. kr. Þessu fé var fleygt út fyrir ekki neitt, eins og tíðkaðist á fleiri sviðum hjá fyrrv. stjórn. Þennan kostnað vildi hann náttúrlega margfalda, með meiningarlausum málaferlum á hendur bankastjórunum. — Ég get svo látið útrætt um Íslandsbankamálið, en ég hefi orðið svo langorður um það af því að hv. þm. Seyðf. sagði mér í dag, að það yrði aðalatriðið í ræðu hans. Auðvitað geri ég ráð fyrir, að hann eigi eftir að koma með ýmislegt fleira í þessu máli, þegar hann tekur næst til máls, en ég fæ þá líka tækifæri til að svara því aftur.

Hv. þm. Seyðf. beindi ýmsum öðrum ásökunarefnum til stj. Mörgu af því hefir hæstv. forsrh. svarað. Ég sleppi því að minnast á varalögregluna, en læt það nægja, sem hæstv. forsrh. sagði um það mál.

En ég vil vekja athygli á því, að þrátt fyrir þá geysilegu kreppu, sem nú er hér á landi, þá heldur hv. þm. Seyðf. því fram, að stj. geti fengið nóga peninga í ríkissjóð, ef hún vilji snúa sér að því að innheimta þá hjá þeim skattborgurum, sem hafa ráð á þeim. Ég held, að þetta sé ekki eins einfalt mál og hv. þm. gerir ráð fyrir. Sú aðferð, að afla ríkissjóði tekna að mestu leyti með tekju- og eignarskatti, er ekki sérstaklega glæsileg í því árferði, sem nú er. Ég býst við, að það muni reynast létt á metunum fyrir ríkissjóð, þó að tekjuskatturinn yrði hækkaður, þegar útkoman er eins og síðastl. ár, að enginn atvinnurekstur í landinu gefur snefil af tekjum umfram tilkostnað.

Þá verð ég að fara nokkrum orðum um landhelgisgæzluna, af því að hv. þm. Seyðf. var svo langorður um hana. Ég skal fúslega viðurkenna, að það er mjög mikilsvert að verja landhelgina svo sem kostur er á. En ég vil aðeins benda á eitt í því sambandi og undirstrika það, að nú í kreppunni er alveg óhjákvæmilegt að draga úr nauðsynlegustu útgjöldum ríkissjóðs. Mér skildist, að hv. þm. teldi það illa farið, að dregið hefir verið úr landhelgiskostnaðinum á árinu 1932 sem svarar hér um bil ¼ millj. kr., í samanburði við það, sem eytt var 1931. Ég skal að vísu viðurkenna, að það hefði verið skemmtilegra að hafa nóg fé til þess að halda uppi landhelgisgæzlu á sama hátt og 1931. En ríkissjóður hefir ekki það fé. Og það hljóta allir að sjá, að í hinni mögnuðu kreppu, sem komið hefir yfir landið, þá er ekki hægt að haga sér eins og þegar engin kreppa er. En svo er líka hægt að gæta sparnaðar í rekstri varðskipanna á annan hátt en þann, að halda þeim ekki úti við gæzlu. Það er alveg hægt að komast hjá því að láta þau gegna ýmiskonar snatti, sem er óviðkomandi landhelgisgæzlu. En fyrrv. stj. var, eins og kunnugt er, ákaflega bruðlunarsöm í því efni. Og nægir því til sönnunar að minna á einn mánaðartúr, sem eitt varðskipið var látið fara umhverfis landið vorið 1930 í kosningaleiðangur með hv. þm. Seyðf. og hv. 5. landsk., þáv. dómsmrh. Það ár var rekstrarkostnaður varðskipanna um 700 þús. kr. Hv. þm. hefir því, í þessu mánaðarorlofi á varðskipinu, átt sinn þátt í því að éta út þessa upphæð. — Það hefir greinilega komið í ljós, að eftir því sem varðskipunum fjölgar, þá fækkar þeim togurum, sem teknir eru í landhelgi, og þetta er ákaflega eðlilegur hlutur. Því fleiri sem varðskipin eru, því hræddari verða togararnir og varari um sig. Þetta viðurkenna allir. — Það er svo langt frá því, að ég vilji halda því fram, að það eigi að draga úr landhelgisgæzlunni, en það verður ekki hjá því komizt um stundarsakir, af því að ríkissjóður hefir ekki efni á því að halda öllum varðskipunum úti með fullum krafti.

Hv. þm. Seyðf. talaði um, að það hefðu komið fram kvartanir úr ýmsum landshlutum um lélega landhelgisgæzlu síðastl. ár, og í því sambandi gat hann um eina sögu frá Austfjörðum, um að togari hefði sézt að veiðum í landhelgi. En um leið lét hann þess getið, að þetta væri lygasaga! Ég veit ekki, hvers vegna hann er þá að koma með hana hér. Þá gat hann einnig um aðra sögu frá Vestfjörðum, er átti að sanna hinar almennu umkvartanir um slælega landhelgisgæzlu. En þá sögu hefir hæstv. forsrh. algerlega hrakið í ræðu sinni. Það vill þá svo vel til um báðar þessar sögur hv. þm., að um aðra þeirra fullyrðir hann sjálfur, að hún sé lygasaga, en hina hefir hæstv. forsrh. hrakið samkv. upplýsingum úr sínu eigin kjördæmi.

Þó að öll varðskipin séu látin vera úti, þá geta samt komið fram kvartanir um slælegt eftirlit varðskipanna og ágengni togara. En ég fullyrði, að ráðuneytið hefir gert allt, sem unnt hefir verið, til þess að halda uppi fullkominni landhelgisgæzlu, með þeim skipum, sem stjórnin taldi sig hafa ráð á að halda úti á hverjum tíma.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að nú væri mokfiskafli við Öndverðanes. Ég segi: hamingjunni sé lof fyrir það! En mér finnst hv. þm. ekki ánægður þrátt fyrir þetta; það var enga gleði á honum að finna. Hv. þm. spurði um það, hvort ekki hefði

komið fram kæra til stj. út af því, að Ægir hefði orðið var við togara með ólöglegum veiðarfæraumbúnaði við Öndverðanes 2. marz síðastl. Ég get svarað því, að stj. hefir enga kæru fengið frá þeim tíma. Hér við Faxaflóa mun vera mest þörf á stöðugri gæzlu um vetrarvertíðina. Og það er álit þeirra, sem hafa gæzluna á hendi, að talsverð hætta sé á landhelgisbrotum hér í flóanum um vertíðina, þess vegna hefir alltaf verið haft þar eitt gæzluskip í vetur og stundum tvö.

Hv. þm. taldi það hið mesta óráð að láta Ægi og Óðin skiptast á um gæzlu landhelginnar, af því að þá væru miklu fleiri menn á föstum launum, og mun hann þar hafa átt við yfirmenn skipanna. En þetta er að sumu leyti misskilningur. Með því að láta varðskipin skiptast á um gæzluna, þá er a. m. k. eitt skip stöðugt úti. En ef aðeins væri eitt skip í gangi, þá mundu verða hlé á gæzlunni, meðan skipið lægi í höfn við hreinsun á kötlum o. fl. Skipin þurfa því að vera tvö til þess að aldrei verði hvíldir á eftirlitinu.

Að því er snertir greiðslu á launum til yfirmanna skipanna, þá er því til að svara, að þeir hafa alltaf nægilegt að gera við skipin. Það þarf að gæta þeirra, halda þeim við og hreinsa þau, og að öðrum kosti yrði að ráða aðra menn til þess. Annars ætti hv. þm. að vera það kunnugt, að yfirmennirnir á varðskipunum eru flestir fastir embættismenn, er hafa laun samkv. lögum, þannig að ekki er hægt að segja þeim upp eða losast við þá fyrirvaralaust.

Þá sagði hv. þm., að nú væru 4 skipherrar á föstum launum, og var helzt á honum að heyra, að ég hefði ráðið þá alla. En ég held, að hann ætti að snúa sér að fyrirrennara mínum með aðfinnslur sínar út af því; það er hann, sem á að svara til þess, en ekki ég. Ég hefi ekki skipað neinn af þessum skipherrum. Ennfremur má geta þess, að einn af þessum skipherrum var ráðinn af öðrum en mér, til þess að gegna sérstökum störfum fyrir full laun. Þetta var gert áður en ég kom í stjórnina, og ég tek ekki þá synd á mitt bak. En nú hefi ég látið hann taka við skipstjórn á Ægi, í stað Einars Einarssonar, á meðan rannsókn fer fram í máli hans. Fyrir það þarf ríkissjóður ekkert að borga, vegna þess að núv. skipherra var á launum hvort sem var. En úr því að hv. þm. Seyðf. fann ekkert að þeirri stjórnarráðstöfun, að sú rannsókn var fyrirskipuð, þá fer ég ekkert út í það mál hér, en tek aðeins undir þá ósk hv. þm., að E. E. fari eins vel og unnt er út úr þeirri rannsókn. Það er langt frá því, að ég vænti slæmrar niðurstöðu í því máli fyrir hann; þvert á móti, ég vona, að niðurstaðan verði góð.

Hv. þm. minntist eitthvað á drykkjuskaparóreglu héraðslæknanna á Siglufirði og Norðfirði og taldi, að umkvartanir út af framferði þeirra hefðu ekki verið teknar til greina. Ég vil benda hv. þm. á, að skjöl þessara mála eru nú hjá landlækni til álits og umsagnar, og skora ég á hv. þm. að leita frétta um þau hjá honum. Vænti ég, að hann fái þar glöggar upplýsingar.

Þá talaði hv. þm. í háði um góðsemi mína og mannúð og reiknaði mér til syndar ýmsar náðanir gagnvart sakfelldum mönnum, enda fór þá að slá út í fyrir honum öðru hverju. Hv. þm. sagði, að þessi mannúð mín kæmi misjafnlega fram; ég hefði höfðað sakamál fyrir óspektir hér í bænum 7. júlí og 9. nóv. síðastl. gegn ýmsum borgurum, sem ekkert hefðu til saka unnið. Þetta segir hv. þm. alveg út í veður og vind. Ég skal geta þess, að ég hefi ekki höfðað sakamál á hendur neinum manni út af óeirðunum 9. nóv. síðastl. hér í bænum. Og allt það, sem hv. þm. las upp úr prófskjölum og yfirheyrslum í þessum óspektamálum hér í bænum, var úr lagi fært og slitið úr samböndum; enda kemur það mér ekkert við.

Þá skal ég fara fáeinum orðum um mannúðarmálin, sem hv. þm. Seyðf. nefndi svo. Því miður á ég ekki allan heiðurinn af því að hafa náðað Þórð Flygenring. Það lágu fyrir mér boð í stjórnarráðinu, þegar ég kom í stjórnina, um að fyrrv. stj. hefði verið búin að lofa Þ. Fl. náðun eftir ákveðinn tíma. Og ef hv. þm. Seyðf. vill rengja þetta eða véfengja, þá má hann gjarnan spyrja hv. 2. þm. Rang. eftir því. Sá hv. þm. hefir sagt mér, að hann væri reiðubúinn til að staðfesta það, að þessi umsögn mín væri rétt.

Út af náðun Ísleifs Briems skal ég aðeins láta þess getið, að ég tel, að hann hafi fengið nægilega hegningu fyrir sitt brot. Hann greiddi sektina að fullu. En um fangelsisvist hans getur verið, að hv. þm. Seyðf. hafi aðra meiningu en ég. Það var ég, en ekki hv. þm., sem átti að ráða þessu, og við það verður að sitja. Hv. þm. sagði, að Í. Br. hefði verið dæmdur fyrir skjalafölsun, en eiginleg eða regluleg skjalafölsun var það ekki.

Um mál Björns Björnssonar bakara hirði ég ekki að ræða mikið. Hv. þm. sagði, að hann hefði fengið að greiða sekt sína með ávísun á útistandandi skuldir. En það er tilhæfulaust. Hann var dæmdur í 24 þús. kr. sekt og tveggja mánaða fangelsisvist. Hann mun verða náðaður að því er fangavistina snertir, gegn því að hann greiði sektina að fullu, ekki með útistandandi skuldum, heldur í peningum.

Ég held að ég þurfi svo ekki að fara fleiri orðum um það, sem hv. þm. Seyðf. beindi til mín í ræðu sinni, enda býst ég við, að þetta verði síðasta ræðan í kvöld, því að klukkan er að verða 12.

En einu atriði hefi ég gleymt. Hv. þm. var eitthvað að tala um 8000 kr. upphæð, sem ég hefði greitt til Guðm. Sveinbjörnssonar skrifstofustjóra fyrir eftirlit með varðskipunum. Þetta hefir áður komið fram í blaði hér í bænum, og virðist hv. þm. hafa gripið það á lofti. En þetta eru ósannindi, og vildi ég óska, að hv. þm. kynnti sér málið betur. Ég greiddi G. Sv. 4000 kr. fyrir árið 1932, og annað ekki. En þá upphæð hefir hann fengið undanfarið árlega, og munu fyrirrennarar mínir í stj. hafa ávísað honum þeim greiðslum árlega. Annars geri ég ráð fyrir, að ég fái tækifæri til að upplýsa þetta nánar í sambandi við annað mál síðar á þinginu. En mér þykir vænt um að fá tilefni til að lýsa þessu yfir í útvarpinu, svo að það heyrist um allt land, að það, sem blaðið Tíminn hefir sagt um þetta, eru rakalaus ósannindi. Ég hefi engar 8000 kr. greitt G. Sv. fyrir eftirlit með varðskipunum, heldur aðeins 4000 kr. fyrir árið 1932. Og fyrrv. stj. hefir greitt honum 4000 kr. árl. 1928, 1929, 1930 og 1931 í sama skyni. Ég er hv. þm. þakklátur fyrir, að hann minntist á þetta atriði, og mér þykir vænt um, að þessi leiðrétting berst nú út um allt land í útvarpinu. Læt ég svo staðar numið. Þakka þeim, sem á hafa hlýtt, og býð góða nótt.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., 27. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Haraldur Guðmundsson:** Í ræðu minni á föstudagskvöldið gerði ég grein fyrir myndun samsteypustj. og sýndi fram á, að sannast hefir algerlega fyrirsögn okkar Alþ.flokksmanna, **að** Íhalds- og Framsóknarflokkurinn eru nú runnir saman í einn flokk, þótt nöfnin enn séu tvö til að blekkja kjósendur, **að** enginn ágreiningur er milli þeirra um mál og nær enginn lengur um menn. Þá sannaði ég, **að** stj. hefir enn nær ekkert gert til þess að leysa þau tvö mál, sem vera skyldu höfuðverkefni hennar — kjördæmamálið og kreppuvandræðin —, og **að** enn hefir ekki bólað á viðleitni líklegri til árangurs í þessum efnum. Ég benti ennfremur á, **að** óánægjan fer að maklegleikum vaxandi hjá þorra þjóðarinnar yfir úrræðaleysi og aðgerðarleysi þings og stj., og **að** vantraust á löggjafarvaldið fer hraðvaxandi vegna sífelldra vanefnda á gefnum loforðum, **að** fyrir aðgerðaleysi í kreppumálunum, stórminnkaða atvinnu við opinberar framkvæmdir, framlengda og aukna nauðsynjatolla og stórlega viðleitni til þess að lækka kaup láglaunafólksins hefir skapazt ástand eða horfur í landinu, sem sjálf stj. telur svo ískyggilegar, að hún krefst þess að fá ótakmarkað fé og liðsafla til ríkislögreglu, til þess að geta haldið uppi „friði“ og haldið hinum óánægðu í skefjum. Ég hefi sýnt fram á, að vegna frámunalega slælegrar landhelgisgæzlu, sem þó kostar stórfé, hefir þorri bátafiskimanna misst trú á framkvæmdavaldið og erlendir og innlendir veiðiþjófar nauðsynlegan ótta; **að** vegna óskaplegrar misbeitingar, misþyrmingar réttarfarsins, svo sem algerlega tilefnislausar náðanir stórafbrotamanna og niðurfelling rannsóknar á stærsta fjárþrotamáli hérlendis, Íslandsbanka, samtímis því, sem tilefnislitlar og tilefnislausar sakamálshöfðanir eru settar á tugi manna, er að gereyðileggjast allt traust

á dómsvaldið í landinu, en stráksskapur misendismanna að stælast og allur uggur og ótti slíkra manna, sem eitthvað eiga undir sér eða áhrifamenn að, með öllu að hverfa.

Engu þessara meginatriða ræðu minnar reyndu hæstv. ráðh. að hnekkja, enda er hér um staðreyndir að ræða, eins og hver maður veit, sem fylgzt hefir með í verkum og verkleysu hæstv. stj. og kynnt sér ástandið. Hinsvegar gerðu hæstv. ráðh. nokkrar aths. við ýms einstök atriði ræðu minnar, og skal ég nú víkja að þeim.

Þá er það fyrst hæstv. forsrh. Ræðu hans þarf ég fáu að svara. Hún var mestmegnis almennar hugleiðingar um lífið og tilveruna, sem hann flytur flesta daga hér í deild í meira og minna prestlegum tón. Ég verð að slá honum gullhamra. Orðheppinn maður sagði fyrir nokkru um íbúa eins héraðs, hverra menningu var mjög á lofti haldið: „Þeir vita bezt það sem allir vita". Eins er það um ráðherrann. Hann virðist vita bezt það, sem allir vita, og sjálfur vil ég bæta við, að hann miðlar öðrum af þessum vísdómi mjög örlátlega. Ég þekki engan mann, sem oftar eða betur kann að segja það, sem Danir kalla Selvfölgeligheder, önnur eins spakmæli eins og þetta: „ríkissjóður þarf að fá tekjur", „það er ekki hægt í einu að spara mikið og eyða miklu", „beztu úrslit fást ekki, nema með góðum vilja og samvinnu", „ríkissjóður er samnefnari hags allra landsmanna". Þetta eru örfá af gullkornum þeim, sem hæstv. ráðh. miðlaði svo örlátlega. Vísdómur þessi er hvorki nýr né frumlegur, og ekkert af þessum spakmælum hnekkir neinu af því, sem ég hélt fram í minni ræðu, eða kom henni neitt við.

Hæstv. ráðh. kvað það rétt, sem ég sagði um myndun samsteypustj. og kjördæmamálið, að ekki sé útlit fyrir lausn þess á þessu þingi. En hann taldi hinsvegar, að lausnin færðist nær með hverjum degi, sem líður, eins og hver dagur, sem líður, styttir það, sem ólifað er. Heldur er það huggun fyrir þessar þúsundir, sem í raun réttri eru sviptir atkvæðisrétti með kjördæmaskipuninni, að einhverntíma kunni að koma að lausnarstundinni. Um kreppuna talaði hæstv. ráðh. nokkuð, mótmælti þó engu af því, sem ég hafði sagt, en lék þá list, sem ég áðan dáðist að. Hann hafði ekki á móti því, að hann hefði verið dálítið drjúgur yfir, hversu vel hann hefði gætt fjárhagsins 1932. Hann hefði sparað mikið og bjargað þannig fjárhagnum, gert mikið og afstýrt atvinnuleysi. Fjárhagnum hefði hann bjargað með því m. a. að draga svo úr fé til verklegra framkvæmda, að svaraði til að þrjú hundruð menn a. m. k. væru sviptir 6 mánaða vinnu. „Það eru óþægindi að atvinnuleysinu", sagði ráðh., en í það ber ekki að horfa. (**HStef:** Við erum búnir að lesa þetta í Alþýðublaðinu). Hv. þm. hefir gott af að heyra það aftur. Svo bjargar hæstv. ráðh. atvinnuleysinu með því að taka örlítið brot af þessum þrjú hundruð þús. krónum og leggja til atvinnubóta. Af þeim 300—400 mönnum, sem voru gerðir atvinnulausir til að bjarga fjárhagnum, var 30—40 veitt atvinnubótavinna til að aflétta atvinnuleysinu. Svona listir leika ekki nema slyngir menn. Það er smáræði að metta 5000 manns með nokkrum brauðum og fiskum samanborið við þetta. Þó verð ég að draga úr fullyrðingu hæstv. ráðh. um það, hve mikið hann hefði „sparað" 1932. Hæstv. ráðh. forðaðist eins og kölski grallarann að nefna fjárlögin fyrir 1932 við samanburð sinn. Hann sagði alltaf, að þetta og þetta hefði verið svona miklu lægra en 1931. Heldur hæstv. ráðh., að LR. 1931 segi til um það, hve miklu eigi að eyða 1932. Ég veit ekki betur en að fjárlög hafi verið samin fyrir það ár eins og önnur. Hann kvartaði ekki undan því, þegar þessi fjárlög voru afgr., að ekki væri hægt að framfylgja þeim. — Einn liðurinn, sem „sparað" hefir verið á, að því er ráðh. sagði, er dómgæzla og lögreglustjórn. Það er rétt, að ef borið er saman við árið 1931, hafa gjöldin lækkað, en ef borið er saman við það, sem Alþ. ætlaðist til að eytt væri, þ. e. fjárlögin fyrir 1932, þá er sparnaðurinn enginn, minni en enginn. Alþ. heimilaði 955 þús. kr., en ráðh. eyddi 1056 þús. kr., 101 þús. kr. fram yfir heimild. Þetta er þá sparnaðurinn. Umframeyðsla yfir 100 þús. Í hvað hefir þetta farið? Í ríkislögregluna. Frá því snemma í nóv. hefir verið eytt í hana 1100 kr. á dag. Nei, sparnaður er ekki á þessum lið, heldur um-

frameyðsla, óþörf, óheimiluð og háskaleg. Ég nefni þennan lið einan; svo er þó um fleiri, sem hann taldi, að þeir hafa farið fram úr áætlun fjárlaga.

Þá minntist ráðh. á landhelgisgæzluna og flutti þá kenningu, að litið sektarfé gæti vel verið sönnun þess, að gæzlan væri „effektiv". Þetta er fjarstæða, sem ekki er svaraverð, að gæzlan sé meira „effektiv" þegar eitt skip annast hana en þrjú. Danska varðskipið tók 1932 þrjú skip, eða þrefalt fleiri en 1931, svo að ekki hefir þar verið minna um lögbrjótana. En íslenzku skipin tóku ekki nema fjögur skip 1932, en 12 árið 1931, það er að segja þrem sinnum færri. Um þetta þarf ekki að orðlengja. Hver maður skilur, að gæzlan er ekki jafngóð með einu skipi og mörgum. Um ánægju V.-Ísfirðinga með landhelgisgæzluna skal ég ekki deila. Ég veit, að þeir eru menn hæverskir og vilja ekki hrella forsrh. og þm. sinn mikið, þegar hann er gestur þeirra. En ekki gátu þeir nú setið á sér að skjóta að honum smápillum, að því er hæstv. ráðh. sjálfur upplýsir. Því aftan í „ánægjuna" skjóta þeir aths. um það, að varðbáturinn hafi tvisvar sinnum orðið var við togara í landhelgi, sem hann ekki náði númeri af, og sterkur grunur leiki á, að það hafi verið sami togarinn í bæði skiptin. Þetta finnst mér nú draga dálítið úr traustinu, þegar tillit er tekið til hæversku V.-Ísfirðinga. Ég hefi í dag fengið skeyti frá Arnarfirði, þar sem hermt er, að sízt sé ofmælt í ræðu minni á föstudaginn um óánægjuna með landhelgisgæzluna. Vil ég leyfa mér að lesa hér upp skeyti frá stjórn fiskideildarinnar „Framtíðarinnar", og hljóðar það svo:

„Að gefnu tilefni vottast, að það, sem sagt hefir verið um strandvarnir í Arnarfirði og birt er í Ægi, 12. tbl. 1932, er rétt hermt. Ummæli gegn því hafa við lítil rök að styðjast.

Stjórn fiskideildarinnar Framtíðin
Bíldudal".

Eitt af spakmælum hæstv. ráðh. var: „Ríkissjóður þarf að fá tekjur". Ég veit ekki til, að nokkur maður hafi andmælt þessu. Aldrei hefi ég gert það. En milli mín og hæstv. ráðh. er djúpsettur ágreiningur um það, hvernig eigi að afla teknanna. Hann vill afla þeirra með tollum á tolla ofan á nauðsynjar fólksins, taka af þeim, sem ekkert eiga, eins og biblían kemst að orði, en ég vil taka af þeim, sem eitthvað eiga, með því að leggja toll á hreinar óhófsvörur og með einkasölum og með sköttum á arð, aðrar hátekjur og eignir. Þetta er eitur í beinum hæstv. ráðh. Hans leið er nauðsynjatollarnir. Hæstv. ráðh. segir, að atvinnubótavinnan sé engin framtíðarúrlausn. Ég er honum alveg sammála um þetta. En hún getur verið alveg stórkostleg og nauðsynleg hjálp í bili, og frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það tvímælalaust mikill gróði að sjá mönnum fyrir vinnu við gagnleg störf, í stað þess að úthluta fátækrastyrk fyrir að gera ekkert. Auk þess má einmitt í atvinnubótavinnu vinna ýms þau verk, sem geta stutt að varanlegri atvinnu í framtíðinni og bætt afkomuskilyrði staðanna. En úr því að hæstv. ráðh. er eins annt um atvinnubótavinnuna og hann lét, þá vil ég leyfa mér að beina til hans einni fyrirspurn: Hvernig stendur á því, að í fjárlfrv. 1934, sem hæstv. ráðh. hefir lagt fyrir þingið, er ekki einn einasti eyrir ætlaður til atvinnubóta? Úr því að hann hefir séð þýðingu atvinnubótanna og telur þær nauðsynlegar, hví tekur hann þá ekki einn einasta eyri í þessu skyni? Hann þótti þó hafa nægilegt að gera með þær þrjú hundruð þúsund krónur, sem voru í seinustu fjárl. í þessu skyni. Heldur ráðh., sem stundum talar skáldlega og segir, að kreppan sé eins og vindurinn, sem enginn viti hvaðan kemur eða hvert fer, að hún sé að blása burt með vindgolunni og að alls engin kreppa verði 1934. Ég held, að það sé of mikil bjrtsýni.

Þá vil ég víkja mér að hæstv. dómsmrh. Hann hélt sig að efninu í ræðu minni, en þótt sorglegt sé að segja frá því um mann, sem er dómsmrh. Íslands, þá verð ég að segja, að hann fór mjög á snið við sannleikann, sagði beinlínis ósatt þéttingsoft í ræðu sinni, og a. m. k. nokkrum sinnum vitandi vits. Það ber ekki vott um sterkar varnir að verða að grípa til slíks.

Ég ætla að víkja fyrst að því smæsta og drepa á, að hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði sjálfur sagt, að sagan um togarann, sem var að veiðum inni á Vaðlavík, væri lygi, svo að henni þyrfti ekki að svara. Ég vil vona, að hæstv. ráðh. hafi heyrt þetta

rangt, en ekki sagt hér vísvitandi ósatt. Mér þykir mjög sennilegt, að sagan sé rétt að því leyti, að togari hafi verið að veiðum uppi undir landsteinum innan um fiskibátana, því slíkir atburðir gerast nú ærið tíðir, svo slæleg sem gæzlan er. Hitt tel ég aftur á móti ólíklegt, að það hafi verið rétt, sem togaraskipverjinn kallaði til bátamannanna: að ráðh. hefði leyft þessum togara að veiða í landhelgi. Ég vil ekki trúa því, að þetta sé satt um hæstv. ráðh. En sagan sýnir vel álit Austfirðinga á röggsemi hans við landhelgisgæzluna.

Þá er það sparnaðurinn við landhelgisgæzluna, sem ég þarf að víkja að. Ég vék að því í fyrri ræðunni, að það væri undarlegur sparnaður hjá ráðh. að hafa eitt skip í gangi, en hafa á föstum launum 4 skipherra og yfirmenn tveggja skipa. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta liti nú e. t. v. ekki sem bezt út, en þetta mundi borga sig vegna ketilhreinsunar, því að það væri einkar hentugt að geta hreinsað ketilinn þann mánuðinn, sem skipin lægju inni. (**Dómsmrh.**: Þetta er víst ekki útúrsnúningur.) Nei! Mér er sem ég sjái þá yfirmennina hreinsa ketilinn! En svo er nú það skrítna við þessa miklu ketilhreinsun, að ef Óðinn hefði verið látinn liggja, þá hefði enga ketilhreinsun þurft, því að það er mótor í Ægi og þar þarf enga ketilhreinsun. Annars er það nú miklu meira en ég skil, að það þurfi tvo skipstjóra til að hreinsa ketilinn auk annara yfirmanna, einkum þegar vitað er, að til þess eru aðrir menn fengnir. Þá sagði hæstv. ráðh., að kostnaðurinn við landhelgisgæzluna 1930 hefði orðið 700 þús. kr., sem er rétt, en svo bætti hann því við, sem er rangt, að ég hefði étið eitthvað af þessu fé, þegar ég var í ferðalögum með skipunum þetta sama ár. Ég segi ekki, að þetta séu vísvitandi ósannindi, en ég vil upplýsa ráðh. um, að það er alveg rangt. Ég greiddi að fullu fyrir mitt fæði um borð í skipunum, og er mér ljúft að votta, að Pétur Magnússon, samflokksmaður hæstv. ráðh., sem fylgdist með mér, greiddi einnig fyrir sig. Ég hefi því ekki étið neitt af þessu fé.

Þá er það þakkarávarpið, sem hæstv. ráðh. flutti mér fyrir að ég hefði drepið á 8000 kr. greiðslu til Guðm. Sveinbjörnssonar fyrir tveggja ára yfirumsjón, sem hann ekki hafði á hendi með varðskipunum. Það er rétt, að ég sagði, að hæstv. stj. hefði greitt Guðm. Sveinbjörnssyni þessar 8000 kr. Hvort ástæða er nú til að flytja mér þakkarávarp fyrir þetta, er ég ekki alveg viss um. Saga þessa máls gæti verið fróðleg fyrir flokksmenn ráðh., og ekki síður fyrir ýmsa framsóknarmenn úti um hinar „dreifðu byggðir" landsins. Sú er saga málsins, að Guðm. Sveinbjörnsson hafði að nafninu til á hendi yfirstjórn varðskipanna og fékk greitt fyrir það 4000 kr. árlega fram á árið 1930. Í júlí 1930 var Ríkisskip látið taka við þessum störfum og hafði þau til jafnlengdar 1932, eða um tveggja ára bil. En nú hafði Guðm. Sveinbjörnsson verið greiddar 4000 kr. fyrir 1930, þótt umsjónin væri flutt til Ríkisskip á miðju því ári og hann hefði ekki neitt séð um varðskipin fyrri hluta þess árs heldur. Vil ég leyfa mér að lesa hér upp bréf, sem mér hefir borizt viðvíkjandi þessu frá Jónasi Jónssyni fyrrv. dómsmrh. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv forseta:

„Rvík, 25. marz 1933.

Hr. alþm. Haraldur Guðmundsson.

Út af villandi ummælum Magnúsar Guðm. dómsmrh. í útvarpsræðu á laugardaginn var um afstöðu fyrrv. stjórnar um tvö mál, vil ég gefa nokkrar skýringar, sem þér megið lesa í svarræðu yðar, ef þér teljið ástæðu til að skýra þau atriði nánar.

1. Út af því, að Guðm. Sveinbjörnsson skrifstofustjóri hefir nú í vetur fengið útborgaðar 8000 kr. fyrir svokallað eftirlit með landhelgisgæzlunni, auk fullra embættislauna, vil ég taka þetta fram: Ég hafði oft tjáð Guðm. Sveinbjörnssyni, að ég áliti, að hann ætti enga aukaborgun að fá vegna varðskipanna. En um það bil sem fullráðið var að taka af honum þessi laun, lagðist hann hættulega veikur og varð að kosta sig og konu sína á spítala erlendis um langa stund. Til að gera honum kleift að standast þennan kostnað fékk hann að halda launum sínum og aukaborgun fyrir varðskipin **sem sjúkrastyrk**, meðan á þessu stæði, en starfsfólkið í dómsmálaskrifstofunni bætti á sig allri vinnu hans þar án endurgjalds, en Pálmi Loftsson o. fl. umsjón

varðskipanna, líka fyrir ekki neitt. En er Guðm. Sveinbjörnsson tók aftur við starfi sínu var það skýrt tekið fram af mér við hann, að þá fengi hann ekki lengur neina borgun fyrir varðskipin, enda var þá öll vinna við þau hjá skrifstofu ríkisskipanna. Ég hefi þess vegna ekkert tilefni gefið til þess, að Guðm. Sveinbjörnssyni yrði borgað fyrir varðskipin árin 1931 og 1932.

2. Sömuleiðis er það alrangt, að ég hafi gefið ástæðu til að fella niður fangelsisvist Þórðar Flygenrings í vor sem leið. Ég hafði þverneitað honum og vinum hans um náðun frá byrjun, en sagt honum og þeim, að þegar færi að líða að hausti, gæti orðið forsvaranlegt að fara að athuga, hvort mæla mætti með náðun, í samræmi við almennar venjur um umkomulausa menn.

Jónas Jónsson".

Mér þótti rétt að lesa bréfið í heild, þó að ég víki að öðru atriðinu síðar.

Hæstv. dómsmrh. sagði í ræðu sinni á föstudaginn, að fyrrv. dómsmrh. hefði greitt Guðm. Sveinbjörnssyni þessi 4000 kr. laun fyrir 1931. En þetta er alveg rangt, eins og bréf J. J. sýnir. Upphæðin öll, kr. 8000, var greidd í ráðherratíð hæstv. núv. dómsmrh., þrátt fyrir neitanir hans nú, og skal ég leggja fram óyggjandi sönnunargögn fyrir þessu.

Ég hefi í höndum eftirrit af greiðslufyrirskipunum þessum, sem ég hefi fengið hjá ríkisféhirði, og skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa þau hér fyrir hæstv. ráðh. og hv. þm. og aðra áheyrendur. Þau hljóða svo:

„Sem útgjöld úr Landhelgissjóði við varðskipin ber að greiða skrifstofustjóra G. Sveinbjörnsson, þá er hann óskar þess, venjulega þóknun hans fyrir umsjón með landhelgisgæzlunni o. fl. snertandi hana, fyrir árið 1932, með 4000 — fjögur þúsund krónum.

Í dómsmálaráðuneytinu, 1. sept. 1932.

M. Guðmundsson.

Meðtekið 10. des. 1932.

G. Sveinbjörnsson".

Alveg samhljóða ávísun þessari var gefin út af dómsmrh. 19. ágúst 1931 og undirrituð af Tryggva Þórhallssyni, svo hlj. samkv. eftirriti frá ríkisféhirði:

„Sem útgjöld við varðskipin ber að greiða skrifstofustjóra G. Sveinbjörnsson, þegar hann óskar þess, venjulega þóknun hans fyrir umsjón með landhelgisgæzlunni o. fl. snertandi hana, fyrir árið 1931, með 4000 — fjögur þúsund krónum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. ágúst 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Meðtekið 10. des. 1932.

G. Sveinbjörnsson".

Saga þessa máls er fróðleg, einkum fyrir sanntrúaða framsóknarmenn. Eins og hv. þdm. muna, þá urðu ráðherraskipti á stjórnarskútunni seint í aprílm. 1931. Jónas Jónsson vék þá úr stjórninni, en Tryggvi Þórhallsson tók við dóms- og kirkjumrh.embættinu ásamt fjmrh.embættinu, og hélt hann þeim störfum þangað til seint á sumarþinginu 1931. Það virðist nú vera býsna undarleg tilviljun, að 2 dögum áður en nýja stjórnin sezt á laggirnar, 21. ágúst 1931, og J. J. tók aftur við dómsmrh.embættinu fær G. Sv. þessa 4000 kr. ávísun hjá Tr. Þ. sem þóknun fyrir árið 1931, þegar hann skipti sér ekkert af varðskipunum, eins og öllum er kunnugt. En hitt er ekki síður eftirtektarvert, að einhverra hluta vegna, ef til vill af ótta við rekistefnu í málinu, þá framvísar G. Sv. ekki þessari ávísun allan þann tíma, sem Jónas Jónsson situr í stjórninni. Það er ekki fyrr en seint á árinu 1932, þegar M. G. er tekinn við dómsmrh.emb., þá kemur þessi gamla ávísun frá Tr. Þ. í leitirnar. Núv. dómsmrh., M. G., hafði þá 1. sept. 1932 gefið G. Sv. ávísun upp á 1 árs laun fyrir þetta starf, sem G. Sv. gegndi aðeins síðari helming ársins 1932. Að því búnu framvísar G. Sv. báðum ávísunum samtímis og fær þær greiddar með 8000 kr. 10. des. síðastl. fyrir að gera ekki neitt árið 1931 og fyrri hl. ársins 1932. Þetta eru laun fyrir röskl. 5 mánaða aukastarf 1932, aukastarf, sem Ríkisskip annaðist þessi 2 ár fyrir ekkert.

Þeir eru svo innilega sammála um þetta fóstbræðurnir nýju, hæstv. dómsmrh. (MG) og form. Frsfl. (TrÞ), sem nú er orðinn helzti skjaldsveinn dómsmrh. og varði hann dyggilegast, þegar vantraustsyfirlýsingin var hér síðast til umr. í Sþ. Ég býst við þakklæti frá hv. þm. Str.

fyrir þessar upplýsingar í málinu, eigi síður en frá hæstv. dómsmrh.

Um bréf Jónasar Jónssonar skal ég ekki fjölyrða að öðru leyti. Hann talar þar um sjúkrastyrk til G. Sv. Ég álít, að það sé ekki á valdi stj. að úthluta embættismönnum sjúkrastyrk, og tilgangur landhelgissjóðs er vitaskuld alls eigi að veita vinum hv. stj. sjúkrastyrk.

Þá minntist hæstv. dómsmrh. á rannsóknina í máli Lárusar læknis á Kleppi. Þar felur hann sig á bak við hv. þm. G.-K. (ÓTh), en ekki Jónas, eins og í hinum málunum. Ég hefi ekkert að athuga við það, að sú rannsókn fór fram. En þar sem hæstv. ráðh. þótti ástæða til að benda á, að rannsóknin á Íslandsbanka hefði kostað 7000 kr., þá má einnig geta þess, að rannsóknin á þessu litla Kleppsmáli kostaði nú ekki minna en 2000 kr.

En það spaugilega við þetta mál er það, að fyrst er Lárusi lækni vikið frá embætti, og síðan er fyrirskipuð rannsókn til þess að athuga, hvort nokkrar ástæður hafi verið fyrir hendi til frávikningarinnar. En jafnframt var ekkert tillit tekið til þess, þó að kvartanir kæmu fram opinberlega um drykkjuskaparóreglu annara lækna og ekki talin ástæða til að rannsaka það, enda þeir sjálfsagt betur séðir af hæstv. ráðh. en L. J. Þetta skýrir sig sjálft.

Áður en ég vík að náðunarafrekum hæstv. dómsmrh. vil ég beina til hans fyrirspurn um það, hvort hann ætli ekki að áfrýja til hæstaréttar dómi undirréttarins í Hesteyrarmálinu. Eins og kunnugt er, þá dæmdi undirréttur tvo af framkvæmdastjórum Kveldúlfsfél. í 130 kr. sekt hvorn þeirra. En það undarlegasta við þennan fágæta dóm er það, að þrátt fyrir að hinir ákærðu eru sekir fundnir og dæmdir til að greiða sekt, þá á hið opinbera að greiða málskostnaðinn. Þetta er mjög óvenjulegt, og ef til vill einsdæmi. Þá er þess getið í dómnum, að síldarmálin á Hesteyri hafi verið 6% stærri en þau mega vera mest að meðtalinni skekkju, sem ekki telst refsiverð, en engin viðleitni er sýnd í dómnum eða forsendum til þess að reikna út, hvað verksmiðjan hafi haft upp úr því að nota þessi óleyfilega stóru síldarmál. En síðan hefir það verið reiknað út í blaði hér í bænum, að verksmiðjan hafi á þennan hátt haft af viðskiptamönnum og sjómönnum um 60 þús. kr. virði af síld, og er sennilegt, að þar sé fremur vantalið en hitt. Ég vænti, að hæstv. dómsmrh. svari því afdráttarlaust, hvað hann ætlar að gera í þessu máli, og hvort því verður ekki áfrýjað til hæstaréttar.

Þá eru það náðanirnar, hin pólitísku mannúðarverk hæstv. dómsmrh., og virtist mér það ömurlegasti kaflinn í síðustu ræðu hans, er hann var að leitast við að afsaka þessar óafsakanlegu gerðir sínar. Hæstv. ráðh. tvítók það, að ég hefði sagt ósatt, þegar ég fullyrti, að Ísleifur Briem hefði verið dæmdur fyrir fals. Það er hæstv. ráðh., sem fer með ósannindi um þetta, en ekki ég. Og ég verð að segja, að mér þykir það býsna bíræfið af manni, sem hlýtur að vera þaulkunnugur dómnum í þessu máli, því væntanlega hefir ráðh. lesið hann, að hann skuli leyfa sér að bera hér blákalt fram þessi ósannindi, þvert ofan í dóminn. Skal ég svo, með leyfi hæstv. fors., lesa hér upp nokkur orð úr forsendum dómsins: „Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ísleifi Briem, fyrrv. starfsmanni hjá frakkneska konsúlatinu hér í bænum, til heimilis í Tjarnargötu 20, fyrir brot gegn ákvæðum 26. og 27. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot gegn ákvæðum áfengislaga, nr. 64 1928 og áfengislaga nr. 64 1930". Og í dómnum: „Afbrot ákærða ber að heimfæra undir 1. gr. áfengislaga, nr. 64 1928, sbr. 27. gr. 1. tölulið sömu laga. (Fyrsta áfengissendingin, 54 lítrar), sbr. 27. gr. 1. tölulið áfengislaga, nr. 64 1930 (það, sem flutt var inn á árinu 1931, 72 lítrar) og 11. gr. sbr. 32. gr. sömu laga (veitingar vinanna)". Og nú bið ég hæstv. dómsmrh. að taka eftir: „270 gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 (fölsun pantana)" og ennfremur: „272. gr. sömu laga (fölsun bréfsins til forsætisráðherra)".

Ég skil ekki í því, að hæstv. dómsmrh. þurfi að fá þetta skýrara. Það er beinlínis tekið fram í dómnum, að maðurinn sé dæmdur eftir 270. og 272. gr. hegningar-

laganna, og ennfremur er það tekið fram, fyrir hverskonar fölsun hann er dæmdur, þar á meðal falsað bréf til forsrh. Og svo stendur hæstv. dómsmrh. hér upp og segir, að það sé lygi, að maðurinn hafi verið dæmdur fyrir fölsun. Ég vil óska, að slíkt hendi hæstv. ráðh. ekki aftur. Og til þess enn frekar að taka af öll tvímæli um þetta, skal ég lesa upphaf 270. gr. hegningarl., um víti við því að skrifa ranglega annars manns nafn undir skjöl:

„Hver, sem skrifar ranglega annars manns nafn undir erfðaskrá, samning, skuldabréf, framsal, ávísun, ábyrgð, umboðsbréf, kvittun eða annað þesskonar skjal, sem miðar til að veita einstökum mönnum réttindi, eða til að losa þá undan skuldbindingum, skal sæta 1 til 8 ára hegningarvinnu“ ... Og í byrjun 272. gr. sömu laga segir svo: „Skrifi nokkur annars manns nafn ranglega undir bænaskrá, vottorð, vegabréf eða önnur skjöl“, þá varðar það fangelsi eða hegningarvinnu, eftir því sem nánar er tiltekið. Ég læt svo úttalað um þetta mál.

Þá vík ég að náðun Þórðar Flygenrings. Hæstv. dómsmrh. bar það fram sér til varnar, að fyrrv. dómsmrh. hefði verið búinn að lofa honum náðun. Ég hefi nú lesið hér upp bréf frá fyrrv. ráðh. um þetta og lofa þeim að kljást um það. En ég verð að segja það, að mér þykir nú bregða undarlega við, ef þessi hæstv. dómsmrh. er nú allt í einu orðinn svo hrifinn af verkum fyrirrennara síns í embættinu, að hann þykist endilega þurfa að taka þau sér til fyrirmyndar. En hæstv. ráðh. hefir ekki einungis náðað þennan mann frá réttmætri refsingu og sleppt honum við fangelsisvist. Hann hefir gert meira. Hann hefir einnig létt af Þórði Fl. því ákvæði dómsins, þar sem honum var algerlega bannað að fást aftur við verzlunaratvinnu. Nú er þessum manni leyfilegt að byrja á ný atvinnurekstur eins og ekkert hefði í skorizt og hefja aftur samskonar starfsemi. Og það tekur út yfir allt.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að Björn Björnsson bakari hefði verið náðaður við fangelsisvist, með því skilyrði, að hann greiddi sektina í peningum! Og hann bætti við: „Ég ræð þessu, hvað sem hv. þm. Seyðf. segir um það, þá þýðir það ekkert fyrir hann“!! Þetta er með öllu ósæmilegt svar hjá hæstv. ráðh. Skylda hans er að rökstyðja gerðir sínar, greina ástæður til svo óvenjulegra stjórnarathafna. Eða ætlar hæstv. ráðh. að gerast nokkurskonar Hitler eða Mussolini hér á landi? Ég hélt, að hann væri orðinn of gamall til þess, og hefi enga trú á, að honum tækist vel að leika slíkt hlutverk hér. Það kann að vera, að hæstv. ráðh. þykist hafa gert með þessu góða „forretningu“ fyrir ríkissjóð. En ég tel, að hér sé um alveg ósæmilega kaupmennsku að ræða hjá hæstv. dómsmrh.

Ég skal taka það fram, að ég ræði ekki þessi mál hér til þess að rifja upp raunir þeirra manna, sem ég hefi nefnt hér; ég er ekki að ræða um gerðir þeirra í þeim tilgangi, heldur til að sýna fram á misgerðir hæstv. dómsmrh. í sambandi við mál þeirra. Það má náttúrlega segja, að það skipti ekki ýkjamiklu máli fyrir þjóðfélagið, hvort þessir menn sitja nokkrum mánuðum lengur eða skemur í fangelsi. Hitt skiptir aftur á móti geysimiklu máli, hvort hæstv. dómsmrh. ætlar að svipta dómstóla landsins því valdi, sem þeim er ætlað að hafa, með því að misbeita náðunarvaldinu. Yfirleitt er alls ekki til þess ætlazt, að náðunarvaldinu sé beitt nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi, t. d. málsbætur, sem vegna strangleika laganna hefir ekki verið hægt að taka tillit til í dómi, heilsuleysi fangans, eða alveg sérstakar heimilisástæður. Engu slíku er til að dreifa í þessum tilfellum. Ef hæstv. dómsmrh. taldi dóm undirréttarins í málum Ísleifs Briems og Björns Björnssonar of strangan — og reyndar hvort sem var —, þá bar honum að sjálfsögðu að áfrýja honum til hæstaréttar. Hæstv. dómsmrh. má ekki gleyma því, að hann er ráðh., en ekki dómari, þó hann ef til vill langi til þess að fá dómsvaldið í sínar hendur og ætli sér máske sæti í hæstarétti síðar. Og þó tekur hitt út yfir, ef sá siður á upp að takast, að afbrotamönnum sé leyft að kaupa sig frá refsingum með fégjöldum — eins og hæstv. dómsmrh. segist hafa samið um við Björn Björnsson. — Það hlýtur að verða til þess, að hver fépúki, sem nóg hefir í buddunni, þykist geta mútað dómsvaldinu og keypt sig undan réttmætum refsingum, með því að bera fémútur á réttvísina. Allir hljóta

að sjá, hvert slíkt stefnir. Og er ömurlegt til þess að vita, að við Íslendingar skulum eiga þann mann í dómsmálaráðherrasæti, sem gerist málsvari sliks réttarfars.

Fjöldi manna leiðist til afbrota hér sem annarsstaðar út úr vandræðum og af bjargarskorti; ófá dæmi eru til þess, að gripdeildir, hnupl og fleiri afbrot eru framin eingöngu vegna þess, að sulturinn sverfur að. En slíkir menn eiga enga háttsetta pólitíska mattadora að, og þeir hafa heldur ekkert fé að bjóða. Náðarsól dómsmrh., mildi og meðaumkvun hans nær ekki til þeirra. Þeir verða að afplána þyngstu refsingu eins og lög standa til.

Þá skal ég víkja að því málinu, sem hæstv. dómsmrh. hafði flest orð um — Íslandsbankamálinu. Ég átaldi það í fyrri ræðu minni, að hann hefði afturkallað fyrirskipun, sem gefin var í maí 1932, um að hefja opinbera réttarrannsókn í máli þessu, eftir að hann hafði legið á skjölum málsins í 9 mánuði, og þá fært það til, að málið væri orðið svo gamalt og þess vegna fyrnt. Ýmsu í ræðu hæstv. ráðh. þarf ég ekki að svara, eins og t. d. því, að jafnaðarmenn hafi stöðugt verið hatursmenn Íslandsbanka og E. Claessens og elt bankann og hann með óréttmætum ofsóknum. Reynslan hefir nú svo ótvírætt sannað, að ekkert af því, sem Alþýðuflokksmenn eða blöð þeirra haft sagt um hag bankans, var ofmælt. Þvert á móti. Ástandið var enn verra. Óstjórnin á bankanum enn meiri. Alþfl.menn höfðu fremur vanmælt en ofmælt. Þá sagði hæstv. ráðh.: „að samvizka þeirra, sem nú göluðu sig hása, hefði sofið þangað til 1931, frá því að bankanum var lokað". Hér á hann sennilega við okkur Alþfl.menn. En annaðhvort hefir hæstv. ráðh. heyrt illa, eða hann er minnislítill. Þessi fullyrðing hans er alveg röng. Árið 1930 komu sífelldar kröfur frá okkur Alþfl.mönnum til þings og stjórnar um að rannsaka málið. Loks þegar sýnt var, að þáv. stj. daufheyrðist við þessum kröfum, og vetrarþingið 1931 daufheyrðist líka við þeim, þá var gripið til þess ráðs að kæra til lögreglustjórans í Reykjavík, með þeim árangri, sem kunnugt er, að hann skipaði 3 menn, þar á meðal Einar Arnórsson núv. hæstaréttardómara, til að rannsaka málið utan réttar. Þessi rannsókn var geysimikið verk, þar sem fara þurfti gegnum 10 ára reikninga bankans, og ársveltan skipti mörgum tugum millj. kr. Rannsókn þessi átti að leiða það í ljós, hvort þörf væri opinberrar réttarrannsóknar út af starfsemi og stj. bankans. Eftir 11 mánaða starf skiluðu þessir þrímenningar ýtarlegri skýrslu til stj. í marz 1932, og í maímán. síðastl. ár fyrirskipar svo fyrrv. dómsmrh. (Jónas J) opinbera réttarrannsókn í málinu. Fyrrv. forsrh. (TrÞ) óskaði svo eftir að fá málsskjölin frá lögreglustjóra til athugunar. Og núv. dómsmrh., sem tók við því embætti nokkrum dögum síðar, afturkallaði rannsóknina, eftir að hann var búinn að liggja á skjölunum í 9 mánuði.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að vantraustsyfirlýsingin hefði ekki verið komin fram í þinginu, þegar hann afturkallaði þessa rannsóknarfyrirskipun, og má það vel vera, en Hlaðgerðarkotsmálið hafði þá þegar vakið svo mikla og almenna óánægju, að hæstv. ráðh. óttaðist, að það mundi leiða til þess, að hann yrði að víkja úr sæti sínu í Stjórnarráðinu. En núv. forseti Sþ., þm. Str., forðaði honum frá því svo eftirminnilega eins og kunnugt er. Svona er samvinnan orðin náin á milli þessara fornandstæðinga, hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Str. Það er því bert, að hæstv. ráðh. afturkallar rannsóknarfyrirskipunina til þess að girða fyrir aðgerðir í málinu af hendi eftirmanns síns. Hæstv. dómsmrh. sagði, að þriggja manna rannsóknarn. hefði ekki leitað upplýsinga hjá fyrrv. bankastj. Íslandsbanka. Það kann vel að vera; mér er ekki kunnugt um það. Bankastjórarnir áttu vitanlega að leggja fram sínar skýrslur og varnir við hina opinberu réttarrannsókn. En hæstv. dómsmrh. sagðist nú hafa sýnt bankastjórunum skýrsluna og leitað umsagnar þeirra, og hafi þeir, að mér skildist, sagt, að ekkert hefði verið við stjórn bankans að athuga! Þetta mun nú vera alveg nýr siður, að senda sakborning plögg málsins til athugunar áður en honum er stefnt eða málið tekið til opinberrar rannsóknar. Óneitanlega er það dálítið kynleg aðferð, en það kann nú að vera praksis hjá þessum hæstv. ráðh. En hitt er þó einkennilegri aðferð, að taka umsögn sakborninga um, að allt hafi verið í bezta lagi hjá sjálfum þeim, sem fullnaðarúr-

skurð í málinu. Ég hefi haldið, að sakborningar væru sjaldnast látnir gera út um slíkt sjálfir! Og undarlegt yrði réttarfarið þá, ef slík regla yrði upp tekin, að láta sakborninga sjálfa úrskurða, hvort sakarrannsókn skyldi hafin gegn þeim.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að bókfærslan í Íslandsbanka hefði verið í góðu lagi og að rétt hefði verið fært á milli bóka. Það kemur málinu ekki við og afsannar ekki, að reikningar bankans hafi verið falskir. Það getur verið samræmi í bókfærslunni þó að skuldir bankans séu taldar 1½ millj. kr. lægri í efnahagsreikningum bankans en þær voru í raun og veru, eins og átti sér stað um skuld bankans við ríkissjóð Dana og enska lánið. Bókfærslan getur verið í lagi, þótt verðlausir víxlar svo milljónum skiptir séu taldir góð og gild eign og ófallnir, en ógreiddir vextir af þeim sem tekjur. Hæstv. ráðh. sagði, að bankastjórunum væri ekki borið annað á brýn en að bankinn hefði tapað fé undir þeirri stjórn, en allir bankar hefðu tapað. En þarna segir hæstv. ráðh. vísvitandi ósatt. Bankastjórarnir voru sakaðir um ranga reikningsfærslu, óforsvaranlegar lánveitingar, stórkostlegt eftirlitsleysi o. fl. Þetta veit hæstv. ráðh. fullvel. Þó segir hann, að hæstiréttur hefði ekki getað sakfellt bankastjórana, af því að þeir voru saklausir. En úr því að hann er svo viss, því þá ekki að láta rannsókn og dóm ganga í málinu? Bankastjórarnir máttu verða því fegnir að vera hreinsaðir af grunsemdum og orðróm almennings. Og var þá ekki bezt fyrir þá að fá sýknudóm? Flestir munu líta svo á, að ástæðan til þess, að rannsókn var þögguð niður og málið ekki látið ganga til dóms, hafi verið sú, að málsaðilum hafi þótt betra að láta það falla niður, og ráðh. af pólitískum ástæðum verið sömu skoðunar.

Hæstv. dómsmrh. byrsti sig mjög og sagði, að það væri enginn leikur að höfða sakamálsrannsókn. Það er alveg rétt. En hitt er vissulega enginn leikur heldur, að liggja saklaus undir jafnþungri ákæru og hér um ræðir og fá ekki að hreinsa sig af henni. Það er heldur enginn leikur fyrir þjóðfélagið, ef um sekt er að ræða, að láta þá seku alveg sleppa við rannsókn og dóm. Slíkt er of alvarlegt mál. Það er enginn leikur fyrir hæstv. dómsmrh. að taka á sig ábyrgðina af því að láta þessa málsókn falla niður, og koma í veg fyrir, að réttur dómur gangi fram í málinu.

Hæstv. dómsmrh. sagði ennfremur, að sakamálsrannsókn væri svívirðilegt vopn. En ef svo er, hvers vegna beitir hann því þá sjálfur, eins og hann hefir gert í einstökum tilfellum? Hvaða vit er í því t. d. að höfða sakamál á hendur Sigurjóni Ólafssyni fyrir það, sem hann sagði 7. júní síðastl.? (**Dómsmrh.:** Og 9. nóv. síðastl.). Sigurjón var ekkert riðinn við það, sem gerðist 9. nóv. Ég tók þetta sakarefni upp úr prófskjölum í málinu; Sigurj. Ólafss. sagði: „Þarna kemur Jakob Möller". Einhver vitni bera, að hann hafi ennfremur sagt: „látið hann standa fyrir máli sínu". Þetta er allt sakarefnið. Enginn gerði J. Möller minnsta miska. Þessu svívirðilega vopni, sem hæstv. dómsmrh. kallar, hefir hann sjálfur beitt gegn Sigurjóni Ólafssyni, þó hann þrætti fyrir það og teldi sig hvorki hafa höfðað mál út af óeirðunum 7. júlí né 9. nóv. síðastl. Ég verð að telja það stórvítavert að beita þessu „svívirðilega vopni", sem hæstv. ráðh. talaði um, í jafnhégómlegu og lítilfjörlegu máli og þessu. — Annars virtist mér þegar leið á ræðu hæstv. ráðh., að hann vilja hverfa frá þeirri fullyrðingu sinni, að bankastjórarnir væru alveg sýknir saka. Þá fór hann að tala um, að ef til vill mætti álíta, að þeir hefðu gert sig seka um hirðuleysi eða vanrækslu í starfi sínu. Og út af því fór hæstv. ráðh. að kenna mér lögspeki. Það var nú út af fyrir sig gott, ég er ekki svo vel að mér í þeim efnum. En gallinn er sá, að þessar lögskýringar hans áttu alls ekki við þær sakir, sem hér var um að ræða. Hæstv. ráðh. sagði, að þyngsta refsing embættismanna fyrir hirðuleysi og vanrækslu í embættisrekstri væri embættismissir, og þessa refsingu hefðu 2 bankastjóranna þegar orðið að þola: Sigurður Eggerz og Kristján Karlsson, og væru búnir að taka hana út, ef þeir hefðu átt að teljast embættismenn. En af því að Eggert Claessen hefði ekki verið embættismaður, þá væri hans sök nú fyrnd eftir 2 ár. En allir væru bankastjórarnir eldri en svo, að refsiákvæði laganna um „hýðingu með vendi", gæti náð til þeirra. Niðurstaða hæstv. ráðh. var því á þessa leið:

Í fyrsta lagi eru bankastjórarnir saklausir.

Í öðru lagi eru þeir búnir að taka út refsingu sína, og í þriðja lagi er sökin fyrnd. Þetta minnir á sögu af öðrum lögspekingi, Nasreddin, í máli, sem reis út af pottbroti: Hann sagði: Í fyrsta lagi fékk ég engan pott lánaðan. Í öðru lagi skilaði ég heilum potti, og í þriðja lagi var potturinn brotinn þegar ég fékk hann. Þetta er alls ekki ósvipuð rökfræði og hjá kollega hans hér, hæstv. dómsmálaráðherra.

En sleppum öllu gamni. Eins og ég hefi áður tekið fram, þá er ekki hægt að mótmæla því, að bankastjórarnir eru bornir miklu alvarlegri sökum en hæstv. dómsmrh. vill vera láta, sem aðeins hefir talað um hirðuleysi þeirra og vanrækslu í embættisrekstri. Skal ég þessu til sönnunar benda á nokkur atriði úr dómi hæstaréttar í máli Kristjáns Karlssonar fyrrv. bankastjóra, sem hann höfðaði gegn Útvegsbanka Íslands út af því, að hann vildi fá sér greidd bankastjóralaun. Hæstiréttur dæmdi hann frá launanum.

Í forsendum dómsins eru bankastjórar Íslandsbanka sakaðir um ranga reikningsfærslu í mjög verulegum atriðum í efnahagsreikningum bankans, og að gerðar hafi verið ýmsar óhæfilegar ráðstafanir á fé bankans, einkum með alveg óforsvaranlegum lánveitingum. Og svo leyfir hæstv. dómsmrh. sér að fullyrða, að ég segi ósatt, þegar ég held því fram, að bankastjórarnir hafi verið sakaðir um ranga reikningsfærslu og fölsun á efnahagsreikningum bankans. (**Dómsmrh.**: Hv. þm. verður að fara rétt með). Ég geri það. (**Dómsmrh.**: Nei, það er ósatt). Ég kann þó að lesa prentað mál. Um þetta segir hæstiréttur, og þar með einmitt Einar Arnórsson, sem nú er orðinn fastur dómari í réttinum fyrir náð þessa hæstv. ráðh., og sennilega hefir lagt til uppistöðuna í forsendur dómsins, þar sem honum var kunnugast um stjórn bankans, vegna starfsemi sinnar við rannsóknina: „Það er óvéfengt í málinu, að í efnahagsreikningi Íslb. pr. 31. des. 1928 og í efnahagsyfirlitum hans árið 1929 sé skuld ein, þá að upphæð d. kr. 3900000,00, tilfærð með sömu upphæð í íslenzkum krónum, enda þótt þá væri lægra gengi á íslenzkri kr. en danskri, svo að á þessari upphæð munaði um 856000 krónum".

Sama segir hæstiréttur að sé um færslu enska lánsins alræmda á efnahagsreikningi. Líka fært með of lágu gengi. Niðurstaðan af þessu er sú, segir í dómnum, að „með þessum hætti urðu skuldir bankans kr. 1045507,74 lægri í áðurnefndum efnahagsreikningum en þær voru í raun og veru". M. ö. o. reikningarnir eru rangir. Síðan kemur kafli þar sem segir, að þó að þessi reikningsfærsla hafi að vísu tíðkazt áður í bankanum, þá sé sá bankastjóri, sem þar um ræðir, meðsekur, hinir, sem lengur höfðu verið, líka sekir, og meira fyrir það, að þeir voru eldri í embættinu.

Þá segir í dómnum, að efnahagsreikningar Íslandsbanka hafi einnig verið rangir að því leyti, að taldar hafi verið meðal eigna bankans mjög háar kröfur á nokkra skuldunauta hans, sem hættir hafi verið vegna getuleysis að standa í skilum. Nú er upplýst, að þessar töpuðu kröfur, sem taldar voru sem eignir, námu mörgum milljónum. Síðan kemur niðurstaðan: „Misfellur þær, sem að framan er lýst og telja verður áfrýjanda meðsekan um, verður að telja svo verulegar, að fjármálaráðherra hefði verið rétt að segja honum upp bankastjórastöðu hans fyrirvaralaust og bótalaust".

M. ö. o., því er slegið föstu í þessum dómi, að reikningar bankans hafi verið rangir að því leyti, að skuldir hafi verið vantaldar og eignir oftaldar, og að óforsvaranlegum lánveitingum hafi verið haldið áfram til manna, sem fyrirsjáanlega gátu ekki greitt skuldir sínar, en hæstv. ráðh. segir, að hér geti í hæsta lagi verið um að ræða lítilfjörlega vanrækslu eða hirðuleysi. Til þess að færa fram enn frekari sannanir fyrir því, að það er síður en svo, að það hafi verið ofmælt, að reikningarnir hafi verið rangir, væri fróðlegt að lesa upp kafla úr skýrslu þeirra manna, sem rannsökuðu hag Íslandsbanka. Í niðurlagi skýrslunnar segir: Alls hafði verið afskrifað af skuldum bankans til ársloka 1930 kr. 18588693,86. Síðan hefir eitthvað verið afskrifað, svo að afskrifuð töp bankans nema sennilega yfir 20 millj. króna alls. — Af þessu eru a. m. k. 10—11 millj. kr. taldar sem góð

og gild eign í síðasta efnahagsyfirliti bankans 1. okt. 1929. — Er ofmælt að nefna þetta ranga reikninga? Af þessum töpum koma á eina 5 menn hvorki meira né minna en 8—9 millj. kr. miðað við árslok 1930, en síðan reyndust töpin á þessum mönnum eitthvað meiri, líklega yfir 9 millj. kr. Ýmsum þeirra hafði verið gefið eftir þrásinnis, t. d. Copland árið 1922 ca. 1930 þús. kr. Svo er farið að lána honum að nýju og 1926 er honum gefið eftir 620 þús. kr. og gerður við hann sá kostulegi samningur, að hann þyrfti ekki að borga skuldir sínar, nema félagið, sem hann stofnaði, græddi svo mikið, að það gæti greitt honum 35 þús. kr. laun. Niðurstaðan verður sú, að árið 1930 eru honum gefnar eftir 730 þús. kr. **Töpin á einum manni nema 3270000 kr.**

Ég verð tímans vegna að sleppa að lesa upp úr þessari skýrslu, en það gerir ekki svo mikið til, því að það mundi að miklu leyti verða endurtekning á því, sem sagt var í dómi hæstaréttar, sem ég las upp úr áðan. Ég vil enn minna á, að einn af dómurunum í hæstarétti, þegar hann kvað upp dóm í máli Kristjáns Karlssonar, var einmitt Einar Arnórsson, einn af þeim mönnum, sem skipaðir voru til að rannsaka hag Íslandsbanka, og tel ég víst, að hann hefir lagt mikið til í forsendurnar. Þetta er sá maður, sem hæstv. dómsmrh. hefir gert að hæstaréttardómara, og veit ég ekki til, að hann hafi ástæðu til að óttast ranga dóma af honum vegna óvináttu eða pólitískrar andstöðu. A. m. k. veit ég eigi til, að hann hafi kvartað yfir, að dómur hæstaréttar í hans máli og máli Behrens hafi verið rangur. Hversu viðfelldið það er að skipa sjálfur mann til þess að dæma í sínu eigin máli, það gæti nú verið eitt eldhúsdagsumræðuefnið, en ég hefi aðeins haldið því stærsta til haga, en látið sprökin liggja. Ég hefi sýnt fram á, að bæði samkv. skýrslunni og hæstaréttardómnum er sýnt og sannað, að hér er um miklu stórvægilegri misfellur á stj. og rekstri bankans að ræða en hæstv. dómsmrh. heldur fram. Reikningar rangir, algerlega óverjandi lánveitingar, auk afskaplegs eftirlitsleysis, en ekki aðeins lítilfjörleg vanræksla, og að bankinn hefir af þessum sökum tapað stórfé, svo millj. skiptir. Hæstv. dómsmrh. segir rangt frá og reynir að segja landsfólkinu ósatt, þegar hann heldur slíkri fjarstæðu fram. — Ég skal ekki gera mig svo lögspakan, að ég ætli að kveða upp dóm í máli bankastjóranna, né segja fyrir, hver hefði orðið dómur hæstaréttar. Engar skýrslur hafa opinberlega komið fram af hálfu bankastjóranna, varnir né aths., og það er vitaskuld fjarri sanni að kveða upp dóm áður en slíkt er fengið. En einmitt við réttarrannsóknina hefðu bankastj. fengið kost á því að bera fram skýrslu sína og varnir. Þar var sá rétti vettvangur. Hitt vil ég fullyrða, að það er ósæmandi af hæstv. dómsmrh. í svo stórkostlegu máli sem hér um ræðir, þar sem svo alvarlegar misfellur eru bornar á menn, að láta ekki fara fram opinbera réttarrannsókn og dóm ganga í málinu til sektar eða sýknu, hvort sem litið er til mannanna, sem undir þessum sakaráburði liggja, eða til hins opinbera, sem á að gæta þess, að lög gangi jafnt yfir alla. Það er skylda hans sem dómsmrh. að sjá um það, að réttvísinni sé fullnægt, ef um sekt er að ræða, og eins um hitt, að sýkna komi fram, ef hún er fyrir hendi.

Ég hefi sýnt fram á, að hæstv. ráðh. hefir býsna oft hent það ólán að fara rangt með í ræðu sinni á föstudaginn. Þá er eitt eftir enn, sem ég vil benda á. Þegar ég ásakaði hæstv. dómsmrh. fyrir málshöfðanirnar út af viðburðunum frá 7. júlí og 9. nóv. og sýndi fram á, hve smávægilegar og hlægilegar sakir væru bornar á suma þá menn, samanborið við náðarnjótendur hæstv. dómsmrh., þá svaraði hann því hvatvíslega, að þar væri ekki við sig að eiga, en vildi skjóta sér á bak við hv. þm. G.-K., sem ekki var viðstaddur hér í d. Þetta er nú ekki nema hálfur sannleikur og upp undir það full ósannindi. Hæstv. dómsmrh. fyrirskipaði málshöfðun á alla þá, sem um ræðir í sambandi við 7. júlí, 31. des. síðastl., en ég ætla, að hv. þm. G.-K. hafi losnað úr sínum ráðherradómi 20. des., eða rétt fyrir jólin, svo að honum er ekki til að dreifa í þessu tilfelli. Hæstv. ráðh. hefir því einnig í þessu valið það ráðið að reyna að verja sig með skýlausum ósannindum.

Ég vil að lokum rétt minna á, hve geysilega smávægilegar þær sakir eru, sem

bornar eru á þessa tvo menn, Sigurjón Á. Ólafsson og Sigurð Ólafsson, annan í sambandi við 7. júlí, en hinn 9. nóv., samanborið við þá menn, sem náðaðir hafa verið, og Íslandsbankastj. Annar þessara manna er sakaður um að hafa sagt: „Þarna kemur Jakob Möller, látið hann standa fyrir máli sínu". Það er ekki nema eitt vitni, sem segir, að þessi maður hafi sagt: Látið hann standa fyrir máli sínu! Annað hefir ekki sannazt á Sigurjón, en að hann hafi sagt: þarna kemur Jakob Möller. En þá fer að verða vandlifað á landi hér, ef það kostar sakamálsrannsókn og sakamálshöfðun að segja slíkt. Hinn maðurinn er sakaður um að hafa tekið í fingur á lögregluþjóni, sem þó hvergi finnst. Engum gerði hann miska, en stillti þvert á móti til friðar. Fyrir þetta er miskunnarlaust sett á hann hið „svívirðilega vopn", svo ég noti orð hæstv. ráðh., sakamálshöfðun. Ég vildi biðja hv. þdm. og aðra áheyrendur að gera með mér dálitinn samanburð, samanburð á aðgerðum réttvísinnar í þessum málum, sem ég hefi nú drepið á. Annarsvegar tilefnislausar náðanir hæstv. dómsmrh. á 3 afbrotamönnum, sem ég hefi nefnt og dæmdir hafa verið fyrir stórfelldar sakir, og afturköllun sjálfsagðrar rannsóknar í Íslandsbankamálinu, stærsta fjárþrotamáli hér á landi, sem lagt hefir ríkissjóði og landsmönnum milljónaskuldabyrðar á bak, — og hinsvegar sakamálsrannsókn og málshöfðun á upp undir 30 manns, þar á meðal þá tvo, er ég áðan nefndi, fyrir jafnléttvægar og hégómlegar sakir eins og ég sýndi fram á í ræðu minni.

Gerum samanburð á þessum athöfnum dómsmrh. — Mig minnir, að það standi einhversstaðar, jafnvel víðar en á einum stað, að allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum. Það getur verið, að það eigi allir að vera jafnir fyrir lögunum, en það er víst, að eftir áliti og breytni hæstv. dómsmrh. Íslands eiga ekki allir að vera jafnir fyrir lögunum. — Það er eldhúsdagur í dag. Ég hafði ekki hugsað mér að kynda bál að hæstv. stj. Þess ætti ekki að þurfa. Mér virðist hún hafa kynt og kynda sjálf að sér það eldhúsbál, sem verður henni að aldurtila. Það gerir hún með sínum verkum og verkleysum.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Herra forseti! Ég mun ekki tala langt mál að þessu sinni og svara því einu, sem að mér hefir verið vikið. Hv. síðasti ræðumaður taldi, að ég hefði verið alldrjúgur yfir skýrslu, sem ég gaf um fjárhag ríkisins í þingbyrjun. Ég held, að það verði ekki annað sagt en að hann hafi verið alldrjúgur yfir þeirri ræðu, sem hann hélt, þegar þessar umr. fóru síðast fram. Nú byrjaði hann á því að flytja eintómar fyrirsagnir, sem hljómuðu að vísu betur út af fyrir sig, þegar rökstuðninginn vantaði, heldur en síðar í ræðunni, þegar rökstuðningurinn átti að fylgja með; en þegar búið er að kippa fótunum undan röksemdunum, verður ekki annað eftir en fyrirsagnirnar.

Hv. þm. kvartaði yfir því, að ég hefði farið með spakmæli og sjálfsagða hluti. Það verður stundum að rifja upp almennar reglur, minna á, hvað heilbrigð skynsemi segir, þegar búið er að gera jafnsundurleitar kröfur eins og gerðar hafa verið til stj. við síðasta eldhúsútvarp, þegar stj. er fyrst ávítuð fyrir það, að það hafi orðið tekjuhalli, og svo er verið að ávíta hana fyrir það, að hún hafi ekki eytt meiru. Það er ekki gott að gera þetta tvennt í einu, að spara og að eyða. Þegar búið er að ávíta fyrir það, að starfað sé með mönnum, sem vilja einhverja lausn málanna, þá verður að minna á það, að viljinn til samstarfs og viljinn til þess að fá einhvern árangur er skilyrði fyrir því, að þingið geti nokkru afkastað. Þetta er að vísu sjálfsagt, en það verður að minna á það að gefnu tilefni. Hv. þm. mun sennilega kannast við þetta og veit, að hann og hans flokksmenn hafa stundum áður haft aðrar reglur en hann hefir nú. Nú óska þeir ekki að ná árangri, heldur þess eins að ná sér niðri á stj. Nú er ávítað fyrir það, að stj. verður að framlengja tolla, en áður hefir það komið fyrir, að hans flokksmenn hafi hjálpað til að framlengja hina sömu tolla, sem nú verður að sjálfsögðu að framlengja. — Hv. þm. minntist á kreppumálin. Ég mun ekki fara út í þá hluti að þessu sinni, því ég ræddi ýtarlega um það við síðustu útvarpsumr., og ég vænti þess, að þegar kreppufrv. verða lögð fyrir þingið verði aðalumr. útvarpað.

Hv. þm. áfelldi stj. fyrir að hafa sparað framkvæmdir og þurft svo að grípa til þess að veita atvinnubótastyrki í staðinn fyrir þær framkvæmdir, sem sparaðar höfðu verið. Það er eins sjálfsagt, að ríkið eins og einstaklingarnir verði á þessum tímum að rifa seglin. Að sumrinu til, þegar atvinna er með mesta móti koma atvinnubætur ekki að sama gagni eins og að vetrinum til. Atvinnubætur eru ekki í sjálfu sér það, að reyna að halda við allri sumarvinnu eins og áður, heldur hitt að reyna til að draga úr neyðinni á versta tíma ársins, þegar atvinnurekstur liggur niðri. Þess vegna er það, að hinar 316 þús. kr., sem komið hafa frá ríkinu á móti 632 þús. kr. frá sveitar- og bæjarfélögum, hafa komið á annan og betri hátt niður en þó að reynt hefði verið að auka sumaratvinnuna, enda hefði atvinnubóta jafnt verið þörf fyrir því. Þetta fé hefir dregið úr neyð þeirra, sem bágast áttu. Þessir peningar hafa verið notaðir vegna atvinnukreppunnar, ekki vegna kreppu, sem ríkisstj. hafði skapað, heldur vegna kreppu, sem yfir okkur alla gengur og á rætur sínar í heimsviðskiptunum. Það væri engin kreppa, ef ríkið þyrfti ekki að draga úr venjulegum framkvæmdum.

Hv. þm. bar á móti því, að rétt væri af mér að bera saman árin 1931 og 1932, hin raunverulegu útgjöld þessara ára. Það er réttur samanburður að bera eitt ár saman við annað, vegna þess að fjárl. eru nokkuð samin með tilliti til útkomu undanfarins árs. Þessi samanburður á árunum 1931 og 1932 er því fyllilega réttmætur.

Hv. þm. áfelldi stj. fyrir það, að dómgæzlan hefði farið fram úr áætlun í fjárl., og hann ávítaði stj. fyrir að hafa ekki látið öll strandgæzluskipin ganga allt árið. Hvaða samræmi er í þessu, þegar hann lætur þess ekki getið, að í fjárl. var ekki séð fyrir því, að strandvarnarskipin gætu öll gengið allt árið. Með því að draga úr ferðum þeirra mátti komast nær því, sem veitt var í fjárl. Hv. þm. segir, að þarna hafi ekki verið farið eftir því, sem þingið ætlaðist til, en af fjárveitingunni sést, að þingið hefir ekki ætlazt til, að strandvarnarskipin gengju allt árið, en nú gerir hv. þm. þá kröfu þvert ofan í þingviljann. Það er ómótmælanlegt, að lítið sektarfé getur verið vottur um, að landhelginnar sé sæmilega gætt, en það sannar ekkert út af fyrir sig. Reynsla sýnir, að sektarfé hefir farið minnkandi og mun fara minnkandi. Með fullri landhelgisgæzlu er ekki von til þess, að inn náist sama sektarfé og á þeim árum, sem hv. þm. vitnaði til.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa séð sér leik á borði með því að vekja óánægju út af landhelgisgæzlunni á síðasta ári, vegna þess að þar þurfti að spara meira en áður var. Það vill nú svo til, að mér er nokkuð kunnugt um, hve miklar ástæður eru til þeirrar óánægju, sem komið hefir fram viðvíkjandi varðbátnum á Vestfjörðum. Ég var á fundi, sem haldinn var um þetta og önnur mál í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Á fundinum voru mætti þrír fulltrúar úr hverjum hreppi. Um landhelgisgæzluna var í e. hlj. samþ. svohljóðandi till.: Þing- og héraðsmálafundur V.-Ísafjarðarsýslu vill víta árásir þær, er komið hafa fram í blöðum á starfsemi varðbátsins hér í sumar, og telur þær byggðar á kviksögum einum. Telur fundurinn starfsemi bátsins á undanförnum árum hafa haft góðan árangur, með því að bægja togurum frá landhelginni, og leyfir fundurinn sér að skora á þing og stjórn að láta góðan vélbát gæta landhelginnar hér í sumar frá byrjun júní til septemberloka. Ennfremur óskar fundurinn, að eitt varðskipið verði látið vera fyrir Vestfjörðum frá byrjun október til janúarloka til landhelgisgæzlu og aðstoða bátinn á því svæði".

Þessi samþykkt kunnugra manna segir meira en allar kviksögur hv. þm. Vitanlega dettur mér ekki í hug að neita því, að landhelgisgæzlunni kunni að hafa verið ábótavant á einstaka stað á einhverjum tíma, en það hefir verið reynt að hlaupa í skörðin, þegar kvartanir hafa komið fram.

Hv. þm. segir, að það sé nokkurnveginn sjálfsagt, að ríkið þurfi tekjur. Ég þakka honum ekki, þó að hann játi slíkt, en þegar greidd eru atkv. á hverju þinginu eftir annað á móti þeim tekjum, sem ríkið verður að hafa, þá er manni vorkunn að taka það fram, að ríkið þurfi tekjur. Ég tala nú ekki um þær tekjur,

sem ríkið þyrfti að hafa, ef það ætti að geta sinnt öllum þeim kröfum, sem hv. þm. og hans flokksbræður gera um fjárútlát úr ríkissjóði. — Hv. þm. segir, að ég vilji tolla á tolla ofan, en að það sé eins og eitur í mínum beinum að nefna beinu skattana, sem komi niður á þeim, sem mest hafa burðarmagnið.

Tvennir eru beinu skattarnir í okkar landi: Ríkisskattar og útsvörin. Ég hefi átt tal við flokksbræður hv. þm. úr kaupstöðum utan Rvíkur, sem hafa komið bónarveg til stj. og hafa þurft að fá aðstoð, sem ég þarf ekki að nefna hér. Ég hefi beint því til flokksbræðra hans að leggja hærri beina skatta á héraðsbúa sína. Svörin hafa verið: það er ómögulegt að ná meirum útsvörum inn hjá okkur. Ætli það verði mikið afgangs handa ríkinu, þegar hv. flokksbræður þessa þm. treysta sér ekki til þess að kría inn nokkrar þús. kr. heima í sínu héraði? Ég hygg, að allir geti verið sammála um, að þeir skattar, sem nú eru í gildi, verði að haldast, og þeir beinu skattar, sem leggja verður á, verði að koma til viðbótar, og að sízt verði hægt að lækka þá tolla, sem nú eru í gildi, í þessu árferði. Í sambandi við beinu skattana er ástæða til að minna á það, að eftir till. núv. stj. var tekju- og eignarskatturinn hækkaður um 25% á síðasta ári. Beinu skattarnir hafa því aukizt síðan hún tók við völdum, og það er hennar ósk, að beinu skattarnir verði hækkaðir enn meir á þessu ári. — Ég tel ekki ástæðu til að svara fleiru af því, sem hv. þm. beindi til mín. Hann beindi því til allrar stj., að hún ætti ekki eftir að lifa fleiri eldhúsdaga, en stj. þarf ekki að kvarta undan hitanum, sem lagt hefir af þeim glóðum, sem hann hefir kynt.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það var auðfundið á ræðu hv. þm. Seyðf., að hann hefir fundið til þess, hve halloka hann fór í umr. hér á föstudaginn var. Nú hefir hann ætlað að bæta það upp með því að ybba sig og gerast stórorður. Ég ætla hér aðeins að láta rökin tala, en ekki skeyta um köpuryrði hans.

Hv. þm. talaði m. a. um brottfall sakamálsákærunnar á hendur bankastjórum Íslandsbanka, og er mér ánægja að því að svara því allrækilega, sem hann hefir sagt í hinni seinni ræðu sinni. Fyrri ræðunni hefi ég þegar svarað, svo að þar stóð ekki steinn yfir steini.

Í fyrri ræðu sinni gaf hv. þm. mér ekki tilefni til að gera annað en að sýna fram á, hvers vegna ég hefði látið þetta sakamál falla niður. Ég benti þá á og sannaði með tilvitnunum til ótvíræðra lagaákvæða, að bankastjórarnir hafa án dóms og laga verið látnir sæta þeirri refsingu, sem hörðust er lögð við hirðuleysi og trassaskap í embættisfærslu. Þetta hefir verið gert, eins og ég tók fram, án dóms og laga, og læt ég liggja milli hluta, hvort það hefir verið gert með réttu eða ekki, því að það skiptir mig engu í þessu sambandi. En af þessu leiðir, að **ef** skoða ber bankastjórana embættismenn eða sýslunarmenn ríkisins og **ef** þeir hafa ekki gert sig seka um vísvitandi glæpi, þá getur ekki verið um frekari viðurlög að ræða en þeir hafa þegar sætt. Gangi maður aftur á móti út frá því, að þeir hafi ekki verið sýslunarmenn ríkisins, og það er ótvírætt um einn þeirra, Eggert Claessen, því að hann var valinn af hluthöfum bankans, þá er refsingin fyrnd, því að vitaskuld getur refsing þeirra ekki verið hærri, þótt þeir séu ekki opinberir starfsmenn ríkisins.

Þetta er allt ómótmælanlegt, því að það styðst við skýr og ótvíræð fyrirmæli laga. Þetta hefir og hv. þm. Seyðf. fundið, því að nú gerði hann það, sem hann gerði ekki í fyrri ræðu sinni, en það var að reyna að sýna fram á, að bankastjórarnir væru kannske hreinir og beinir glæpamenn, sem myndi eiga að refsa sem fyrir vísvitandi afbrot. Þetta gefur mér tilefni til að ræða nokkuð um þá hlið málsins, og er mér kært að fá tilefni til þess, því að ég er því á engan hátt vanbúinn.

Ein sakargiftin er sú, að reikningar bankans hafi verið vísvitandi rangir eða falsaðir.

Þetta er byggt á því, að:

1) Lán danska ríkissjóðsins hafi verið tilfært í ísl. krónum, í stað danskra króna.

2) Bankavaxtabréf bankans hafi verið tilfærð í ísl. krónum, í stað danskra króna.

3) Að í brezka láninu frá 1921 hafi gengi hvers sterlingspunds verið talið 15 aur. of lágt.

Ekkert af þessu er á rökum byggt, eins og ég nú mun sýna fram á:

Um 1. atriðið er það að segja, að skuldin við ríkissjóðinn danska er þannig til komin, að bankinn tók á móti póstávísanafé í ísl. krónum, sumpart áður en nokkur gengismunur kom á danskri og ísl. krónu,sumpart eftir að sá gengismunur kom. Mér er þetta mál ákaflega kunnugt, því að þegar ég var fjármálaráðh. 1920, hafði ég áhyggjur yfir því, að þetta póstávísanafé hrúgaðist upp í bankanum, því að þá voru komnir miklir yfirfærsluörðugleikar, og ég leit svo á, að féð væri þarna á ábyrgð hins íslenzka ríkissjóðs. Fyrir því samdi ég svo um í ferð minni til Danmerkur 1920, að fé þetta væri úr ábyrgð hins íslenzka ríkissjóðs, þegar það væri innborgað í Íslandsbanka. Um þetta samdi ég við þáverandi Statsgældsdirektör Andersen, sem jafnframt var deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu danska og bankaráðsmaður Íslandsbanka. Síðan varð ágreiningur milli bankans og danska ríkissjóðsins út af því, hvort hér væri um danskar eða ísl. kr. að ræða. Enginn efi gat verið á því, að það væru ísl. krónur, sem innborgaðar hefðu verið. Þessum ágreiningi lauk svo, að 1925 gerðu aðilar, bankinn og ríkissjóður Dana, samning um þetta fé, og skyldi það endurgreiðast á 18 árum. Í þessum samningi er það ákveðið, að skuld þessi skuli teljast danskar krónur, en til að vega upp á móti voru vextir af skuldinni ákveðnir 3%, ef ísl. kr. væri milli 75 og 85 danskir aurar, eins og þá var, en vextirnir áttu að hækka eftir ákveðnum reglum, ef munurinn á danskri og ísl. krónu yrði minni, þó þannig, að þeir áttu jafnan að vera ½% undir vöxtum þjóðbankans danska. Það, sem hér var gert, er því það, að viðurkennt var, að skuldin skyldi teljast í dönskum krónum, en vextirnir settir eins og um ísl. krónur væri að ræða. Það hefir verið reiknað út af fagmanni, Brynjólfi Stefánssyni í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, að þetta svari til þess, að bankinn hefði átt að greiða 6½% vöxtu, ef skuldin hefði verið talin í ísl. krónum.

Til þess að ekkert fari hér á milli mála, ætla ég að lesa hér upp vottorð Brynjólfs Stefánssonar um þetta. Það er svo hljóðandi:

„Ég undirritaður, Brynjólfur Stefánsson skrifstofustjóri, hefi samkvæmt beiðni Íslandsbanka athugað samning bankans við ríkissjóð Dana, dags. 13. og 14. júlí 1925, um greiðslu skuldar bankans við hann, sem þá var að upphæð 5 millj. danskar krónur. Athugunar þessarar hefir bankastjórnin beiðzt til upplýsingar um það, hvort ástæða sé til að meta bankanum gengistap á skuld þessari, vegna þess að hún er í dönskum krónum, en bankastjórnin lítur svo á, sem ákvæði téðs samnings um vaxtagreiðslu af skuldinni séu með því innihaldi, að eigi sé rétt að telja neitt gengistap á láni þessu, þó það sé bókfært hjá bankanum í ísl. krónum. Ákvæði téðs samnings um vexti af skuldinni er þau, sem hér greinir:

Vextirnir skulu vera ½% fyrir neðan vexti þjóðbankans danska, eins og þeir eru á hverjum tíma, þó eigi hærri en 6%. En á þeim tíma, sem ísl. krónan er undir gullgildi (pari) skal þó lækka ofangreinda vexti af skuldinni svo sem hér segir:

Ef ísl. krónan er undir 98%, en ekki undir 90%, lækki vextirnir um ½%.
— — — — — 90%, — — — 85%, — — 1%
— — — — — 85%, — — — 75%, — — 1½%,

og sé gengi ísl. kr. undir 75%, lækki vextirnir um 2%.

Skuldin átti að afborgast á 18 árum frá 1. apríl 1925 að telja.

Samkvæmt framanrituðum ákvæðum verða vextirnir á skuldinni ákveðnir svo sem hér segir:

Vextir þjóðbankans danska eru nú 5%. Þar frá dregst fyrst ½% = eftir 4½%.

Vegna þess, að gengi ísl. kr. er nú ca. 82% (undir 85%, en ekki undir 75%), á ennfremur að draga frá 1½%, svo að vextir af láninu eru 3%“.

En svo kemur það, sem er aðalatriðið:

„Sé nú gengismun þeim, sem nú er milli dönsku og ísl. kr., breytt í hækkaða vexti, upp úr téðum 3%, meðan verið er að afborga skuldina, þá verður

niðurstaðan þessi: Eftirstöðvar lánsins eru nú 3900000 danskar kr., og til þess að jafnast á við gengismuninn, verða vextir af láninu framvegis að teljast 6½% á ári, og er þá gengið út frá óbreyttu gengi á ísl. kr. og óbreyttum vöxtum þjóðbankans danska. Á þessum grundvelli má því telja lánið í ísl. kr. með 6½% ársvöxtum.

Reykjavík, 18. febr. 1930.

Brynjólfur Stefánsson".

Þetta sýnir alveg ljóst, að vextirnir eru miðaðir við ísl. kr. og hreint ekki mjög háir. 3% vextir eru aftur á móti svo lágir, að engum getur dottið í hug, að miðað sé við danskar kr.

Að þessu athuguðu er það að mínu viti gersamlega útilokað, að nokkur dómstóll telji það fölsun á reikningum, þótt þessi skuld sé talin í ísl. kr. Þetta höfuðvígi er þá hrunið í rústir.

Þá er 2. atriðið, um bankavaxtabréfin, þ. e. ákæran um, að þau hafi átt að teljast í dönskum en ekki ísl. kr. Þau voru gefin út á Íslandi og í ísl. kr., og bankinn sá sér ekki annað fært en að telja þau í ísl. kr., enda má í þessu sambandi vitna í aðferð Landsbankans. Svipað hefir og komið fyrir víðar. Svíar heimtuðu t. d. í svipuðu tilfelli af Dönum, að þeim yrði borgað í sænskum kr. Féll dómur í málinu í hæstarétti Dana á þá leið, að Danir hefðu ekki þurft að borga í öðru en dönskum kr., en það þýðir, að hér hefði ekki þurft að borga í öðru en ísl. kr., því að það, sem einum telst leyfilegt, getur ekki verið saknæmt hjá öðrum.

Loks er 3. atriðið, enska lánið. Ef það er fölsun að telja sterlingspundið 15 au. of lágt, þá hefir Alþingi og stj. líka falsað LR. 1928, því að þar var ákveðið að telja sterlingspundið milli 21 og 22 kr. Er þetta nóg til þess, að ekki er hægt að dæma bankastjórana fyrir slíkt.

Ég kem þá að þeirri sakargiftinni á hendur bankastjórunum, að efnahagsreikningur bankans hafi sýnt betri afkomu en raunverulegt var, sökum þess, að ýmsar skuldir, sem taldar voru til eigna, hafi í rauninni verið tapaðar. Þetta er án efa rétt. Reynslan hefir eflaust sýnt, að miklu meira var tapað en reikningar hinna ýmsu tíma sýna. En var þetta vitanlegt bankastjórunum á þann hátt, að það sé kriminelt? Ég tel alveg útilokað, að hægt sé að sanna slíkt.

Ég veit það vel, að enginn bankastjóri í heiminum getur ábyrgzt, að ekki sé eitthvað tapað af því, sem talið er meðal eigna í bankareikningi. Holubankastjóri, eins og hv. þm. Seyðf., getur það ekki einu sinni, auk heldur bankastjórar allstórra banka. Hjá bankastjórum Íslandsbanka gat þetta ekki verið í sviksamlegum tilgangi gert. Það getur vel verið, að bankastjórarnir hafi tilhneigingu til að láta hag bankans líta sem bezt út, en cui bono, hverjum til góðs? Ekki sjálfum sér, heldur þá bankanum, sem átti að starfa áfram.

Þetta minnir mig á það, að reikningar Landsbankans hafa aldrei sýnt, að hann ætti minna en ekki neitt. En fyrir nokkrum árum var skipuð nefnd til að rannsaka hag hans. Hún komst að þeirri niðurstöðu, að bankinn skuldaði 6 millj. kr. umfram eignir, en engum hefir samt dottið í hug að saka bankastjóra þessa banka um fölsun reikninga. Þetta eitt ætti að vera nægilegt til að sýna, að hér væri um hið hróplegasta ranglæti að ræða, ef sakamál ætti að höfða gegn einum, en sleppa öðrum fyrir sömu sakir. En aðalatriðið er, að hér er ekki um saknæmt atriði að ræða.

En svo er annað atriði í þessu máli, og það er, að ef bankastjórarnir væru sekir í þessu og öðru, sem ég hefi talið, þá hljóta líka endurskoðunarmenn bankans að vera það og sjálfsagt einnig bankaráðsmennirnir, sem hafa undirskrifað reikningana.

Ég sá í einhverju blaði, að ég hefði í fyrri ræðu minni kennt starfsmönnum Íslandsbanka um misfellur, sem kynnu að hafa verið á reikningum bankans, en ég er mér þess ekki meðvitandi, að ég hafi í þeirri ræðu nefnt starfsmenn bankans, og er þetta því ekki annað en rakalaus tilbúningur, enda hefði mér ekki getað dottið slík endileysa í hug.

Ég hefi þá svarað óbeinlínis flestu því, sem hv. þm. Seyðf. sagði viðvíkjandi Íslandsbanka.

Hann sagði, að strax hefði verið krafizt sakamálsrannsóknar eftir að bankanum var lokað. Ég man ekki eftir neinni

slíkri kröfu fyrr en ári seinna, er hún kom frá verkamannafélaginu Dagsbrún.

Hv. þm. sagði, að ég hefði legið á skjölum málsins í 9 mánuði, fullan meðgöngutíma, eins og hann orðaði það. En honum finnst víst ekki nema eðlilegt, að það tæki meira en 2 ár fyrir fyrirrennara minn að fá menn til að rannsaka hag bankans. Finnst honum þá ekki bankastjórarnir hafa þurft tíma til að ganga í gegnum öll plögg, er fram komu við rannsóknina? Mér finnst ekki nema eðlilegt, að þeir væru lengi að þessu, enda gerðu þeir það vandlega.

Hv. þm. fann ekkert við það að athuga, þó að bankastjórarnir væru ekki spurðir, hvort þeir fyndu sig seka. Hann sagði, að ekki væri vani að spyrja sakborninga slíks. Ég get þá sagt honum, að það er grundvallarregla alls réttlætis að spyrja þann, sem fyrir sök er hafður, hvort hann viðurkenni sig sekan. Refsiréttur Rómverja byrjar á þessum orðum: audiatur et altera pars. (Það ber að yfirheyra báða aðila). En 1933 kemur svo fram þingmaður hér úti á Íslandi, sem er svo fáfróður eða svo illviljaður, að hann vill ekki láta spyrja sakborninga.

Hv. þm. sagði, að ég hefði í öllu farið eftir því, sem bankastjórarnir hefðu sagt. Hvaðan hefir hann það? Hér fer hann með rangt mál, líklega vísvitandi. Hann viðurkennir, að hann hafi ekki vit á þessum málum, en vill þó gera sig að dómara í þeim. Mun leitun á slíku ábyrgðarleysi. Svo bætir hann við: „Það var bezt að láta dóm ganga um þessa bankastjóra, til þess að þeir yrðu þá sýknaðir". Ég vil spyrja hann: Vill hann láta ákæra sig fyrir manndráp, þótt hann væri saklaus og yrði sýknaður?

Hv. þm. sagði, að það væri ekki leikur að liggja undir grun. En það er hann, sem hér er að reyna að læða inn grun um það, að þessir bankastjórar séu glæpamenn, þó að hann í öðru orðinu viðurkenni, að hann hafi ekki vit á þessum málum.

Þá talaði hann um dóm Kristjáns Karlssonar. Ég hélt, að hann bæri svo mikið skyn á þessi mál, að hann vissi það, sem allir aðrir vita. Hér var um laun að ræða, sem Kristján Karlsson krafðist, eftir að hann var farinn frá starfi sínu við bankann. Voru honum ekki tildæmd launin. En ég hélt, að hv. þm. Seyðf. sæi, að það er sitt hvað, að maður á ekki laun skilið fyrir starf, sem hann hefir ekki unnið, og hitt, að hann eigi refsingu skilið fyrir verk, sem hann hefir leyst af hendi.

Það hefir oft verið talað um töp Íslandsbanka. Það er rétt, að þau voru sorglega mikil. En langmestan hluta þessara tapa hefir bankinn borgað með varasjóði sínum og uppspöruðu fé og hlutafé. Þegar bankanum var lokað, var gert ráð fyrir því, að af þessum 20 millj., sem hann skuldaði, væri skuld umfram eignir 3 millj. Það er alveg rétt, að þessi töp eru stór, en það hafa fleiri tapað en Íslandsbanki. Ég hefi dálítið kynnt mér meðferðina á útibúi Íslandsbanka á Ísafirði, meðan hv. þm. Seyðf. var þar starfsmaður. Getur verið, að ég lesi seinna upp dóm, er kveðinn var upp 1926 og bregður ljósi yfir þetta. Hv. þm. þarf ekki að stökkva hátt yfir töpum Íslandsb., því hann hafði skamman tíma verið við stj. útibúsins, þegar mikil töp komu í ljós.

Hv. þm. sagði, að ég myndi treysta því, sem Einar Arnórsson segði. Já, en Einar Arnórsson hefir aldrei sagt það, sem hann vill vera láta. Hv. þm. er bara að reyna að gefa í skyn, að bankastjórarnir séu sekir, en þorir ekki að segja það umbúðalaust. En ég skal segja honum það hreinskilnislega, að ég mun aldrei nota mitt vald til þess að setja þá undir sakamálsákæru, svo að þeir fái sýknunardóm. Það væri herfileg misbeiting réttvísinnar. Ef ég er sannfærður um, að maður sé saklaus, þá væri það glæpur af mér að höfða gegn honum sakamál.

Þá talaði hv. þm. um mig í sambandi við 7. júlí og 9. nóv. og málshöfðanir út af þeim atburðum, er þá gerðust. Ég hélt, að hann meinti aðeins 9. nóv. Ég vísa því heim til föðurhúsanna, að ég hafi farið með rangt mál í þessu sambandi. En úr því hann þykist svona heilagur og er að tala um það, hve litlar sakir séu fyrir málshöfðuninni út af 9. nóv. í haust, þá skal ég lofa honum að heyra fáein læknisvottorð, sem sýna, hvað gerðist. Reyndar segir hann, að ekki hafi annað gerzt en að maður hafi ætlað að ná í fingur á einum lögregluþjóninum, sem þó hefði ekki tekizt.

Hér eru tvö af þessum vottorðum.

„Jakob Björnsson lögregluþjónn handleggsbrotnaði á vinstra framhandlegg þann 9. þ. m. (fractora ulnæ). Verður hann sennilega ófær til vinnu 6 vikna tíma í allt.

Reykjavík, $^{30}/_{11}$ '32.

B. Gunnlaugsson læknir".

„Meiðsli þau, sem Sigtryggur Eiríksson lögregluþj. varð fyrir 9. nóv., voru: Háls- og bakvöðvar voru mjög mikið marðir og bólgnir, svo að hreyfing á þessum vöðvum var nærri ómöguleg vegna sársauka. Á höfði var hann auk þess töluvert marinn. Af þeim áverka, sem hann hafði fengið, var hann mjög máttfarinn í öllum útlimum, og er það enn, má búast við, að hann verði ekki vinnufær fyrr en eftir 1—1½ mán. hér frá.

Rvík, $^{7}/_{12}$ '32.

Ó. Þórðarson".

Svona gæti ég lengi haldið áfram. Ég get nefnt meiðsli Matthíasar Sveinbjarnarsonar, Magnús Hjaltesteðs, Þórðar Ingimundarsonar, Guðbjörns Hanssonar, Pálma Jónssonar, Margríms Gíslasonar, Ágústs Jónssonar, Erlings Pálssonar o. fl. Voru flestir þeirra óvígir eftir.

Og svo kemur hv. þm., þykist vera einhver sannleikspostuli og segir, að ekki hafi annað gerzt en það, að einhver hafi ætlað að taka í einhvern fingur á einhverjum lögregluþjóni, sem ekki hafi verið til.

Þá fór hann nokkrum orðum um það, sem hann kallaði mannúðarmál mín, sem hann talaði svo mikið um á föstudaginn var. En hann gleymdi dæmum úr þessum mannúðarmálum, sem hann kallar. Af hverju nefndi hv. þm. ekki, að það hafa komið 5 kærur á hendur formanni Alþýðuflokksins, Jóni Baldvinssyni? Af hverju nefnir hann ekki, að Jón Baldvinsson hafi orðið fyrir ákæru? Og af hverju álasar hv. þm. mér ekki fyrir, að ég skuli ekki hafa sett hans kæra flokksbróður undir sakamálsrannsókn? Ekki getur þar verið um hlutdrægni að ræða frá minni hendi. Ég gæti trúað, að einhverjum fyndist, að hann hefði ekki hvað sízt átt að skýra frá a. m. k. einni af þessum kærum. Nei, þetta, að ég hefi ekki látið fara fram rannsókn út af kærum á formann Alþýðusambandsins, ætti að sýna hv. þm., að það er ekki farið eftir því nú, hvort það er pólitískur andstæðingur, sem á í hlut. Ég skal svo, eftir því sem ég get, fylgja ræðu hv. þm. og svara með fáum orðum þeim atriðum öðrum, sem hann vék að mér.

Ég get þá fyrst nefnt það, þó því væri ekki sérstaklega beint til mín, að hv. þm. ávítaði stj. fyrir að vera ekki búin að leysa stjórnarskrármálið. Það má nú segja, að hann sé bráðlátur, þingið er nú ekki meira en hálfnað, og hvernig getur hv. þm. búizt við, að búið sé að leysa málið? Það hefir komið fram frv., sem ýmsum hefir líkað allvel og tjáð sig fylgjandi, en það er ekki hægt að sjá fyrr en í þinglok, hvað úr því verður. Hv. þm. getur ekki ennþá álasað stjórninni fyrir þetta mál. Því það hefir heyrzt, að hann væri ánægður með þetta frv. og mundi sjálfur ætla að fylgja því. Ég held, að hæstv. forsrh. hafi svarað öllu viðvíkjandi landhelgisgæzlunni, og get ég þess vegna hlaupið yfir þann lið.

Hv. þm. breiddi sig mjög yfir það, að ég hefði sagt, að hann hafi farið með ósanna sögu austan úr Vaðlavík. Hann sagði, þegar hann var búinn með söguna, að hann tryði því ekki, að hún væri sönn, en ég vissi það ekki fyrr en nú, að hann átti bara við enda sögunnar. En ég get fullvissað hann um, að hún er algerður tilbúningur, eins og hann sjálfur gat til.

Þá eru það þessir 4 skipstjórar á launum. Ég vil spyrja hv. þm., hvaða skipstjóra á varðskipunum ég hefi bætt við. Ef hann getur ekki bent á, hvaða skipstjóra ég hafi bætt við, þá er hann að fara með vísvitandi blekkingar, og hann ætti ekki að leyfa sér að bera öðrum það á brýn, sem hann hefir gert sig sekan um sjálfur. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að ég hefi engum bætt við, því að þessir menn voru allir á launum, þegar ég tók við.

Þá var hv. þm. mjög hreykinn yfir því, að hann hefði borgað kost á varðskipunum 1931. Já, er það ekki von, að hann sé montinn af því! Heldur hann virkilega, að það sé aðalkostnaðurinn við varðskipin, sem hann étur, þegar hann

ferðast með þeim? Ég hélt, að hann mundi vita, að aðalkostnaðurinn liggur ekki í því. Hann var, ef ég man rétt, mánaðartíma á ferðalagi á einhverju af varðskipunum. Og varðskipin urðu alltaf að vera til taks fyrir hann og hv. 5. landsk., hvenær sem var. Svo kemur hann og ætlar að telja mönnum trú um, að ríkið hafi ekki skaðazt á þessu, af því að hann hefði borgað það, sem hann át á skipinu! Þetta álítur hann ekki blekkingar. Þessi maður getur gert sig að dómara yfir öðrum. Nei, það var ekki það, sem hann át um borð í skipinu, sem var aðalkostnaðurinn, heldur það, sem eyddist í rekstur skipsins og að það var tekið frá landhelgisgæzlunni. Það var aðalatriðið, og það mun skipta þúsundum og sennilega tugum þúsunda. Hv. þingmaður varð að éta allt aftur í sig, sem hann sagði um greiðsluna til Guðmundar Sveinbjörnssonar. En það var ekki fyrr en hann fékk afrit af ávísuninni til Guðmundar Sveinbjörnssonar, sem hann trúði því, að honum hefði ekki verið borgað meira en 4 þús. kr. En það sanna í þessu máli er það, að Jónas Jónsson, sem hv. þm. er nú að verja eins og hann getur, borgaði þessi 4 þús. árið 1928, og hann borgaði sömu upphæð 1929 og 1930, en 1931 er það Tryggvi Þórhallsson, sem borgar það, og 1932 er það ég. En hv. þm. Seyðf. hélt sér saman um það, sem var borgað á árunum 1928, '29 og '30, af því að Jónas borgaði það, en hann reyndi að ráðast á mig, af því að hann hélt, að ég hefði borgað fyrir árin 1931 og 32. Það sést þess vegna af þessu, að það er fullkomlega ósatt, sem hann sagði, að ég hefði borgað Guðmundi Sveinbjörnssyni 8 þús. kr. fyrir eftirlit með landhelgisgæzlunni 1931 og 1932.

Ég verð að segja hv. þm. það, að hann var heppinn að geta notað vottorðið frá Jónasi Jónssyni áður en hann afturkallaði það eins og hann gerði um vottorðið til Vigfúsar Einarssonar. En viðvíkjandi því starfsfólki, sem getur um í vottorðinu, að engin aukaborgun hafi verið greidd fyrir að leysa af hendi störf skrifstofustjórans, þá held ég, að við það sé hægt að gera athugasemd. Það er óhætt að athuga laun Gissurar Bergsteinssonar meðan hann var skrifstofustjóri, hvort þá hafi ekki verið borguð hærri laun. Þegar hv. þm. Seyðf. er að tala um 5. landsk., álítur hann það enga sök, þó hann hafi borgað 4 þús. kr. fyrir starf, sem alls ekki var unnið. En ef það er ég eða Tryggvi Þórhallsson, þá er það saknæmt. Auðvitað skiptir það engu máli, þó þessari ávísun hafi ekki verið framvísað fyrr en 1932, a. m. k. getur maður búizt við, að réttlætistilfinning hv. þm. Seyðf. sé svo mikil, að hann saki mig ekki um það, hvað ávísuninni var seint framvísað, heldur er það skrifstofustjórans sök að framvísa henni ekki fyrr.

Þá nefndi hv. þm. rannsóknina gagnvart Lárusi á Kleppi. Get ég upplýst nokkuð um það, þó að ég hafi ekki fyrirskipað hana. Eftir að búið var að setja Lárus af fór hann í mál við ríkissjóð og krafðist skaðabótagreiðslu, en til þess að vera viðbúinn í þessu máli var rannsókn sett af stað. Þá spurði hv. þm., hvort Hesteyrarmálinu yrði ekki áfrýjað. Ég get sagt honum það, að ég er ekki búinn að lesa það mál, og get þess vegna ekki sagt honum, hvort því verður áfrýjað eða ekki. En það var auðfundið á hv. þm. Seyðf., að honum var annt um það mál. Skyldi það ekki vera af því, að það var verkamannafél. Dagsbrún, sem hafði kært, sem honum er svo annt um þetta? Það er ekki ákveðið ennþá, hvort því verður áfrýjað eða ekki. En í þessu sambandi get ég upplýst það, að ég býst við, að málskostnaður verði ekki undir 20 þús. kr. Því að þegar fyrirrennari minn, Jónas Jónsson, fékk þessa kæru í hendur, var strax sent af stað varðskip og látið liggja lengi fyrir vestan með ærnum kostnaði. En hvernig sem á þetta mál er litið, þá er það ekki annað en lítið lögreglumál. Það sýnir bezt sambandið milli hv. þm. Seyðf. og fyrrv. dómsmrh., að það er sent af stað herskip með ærnum kostnaði, og svo fæðist þessi litla mús, 100 eða 200 kr. sekt út af öllu saman.

Þá vék hv. þm. að öðru, sem hann var ákaflega sár yfir. Það var viðvíkjandi Ísleifi Briem. Hann sagði, að ég hefði skýrt rangt frá, þegar ég sagði, að hann hefði ekki verið dæmdur fyrir fals. Ég sagði bara, að hann hefði ekki verið dæmdur fyrir eiginlegt fals. Refsing fyrir eiginlegt fals er svo ákveðin í lögum,

að það sé 1 til 8 ár. Svo getur hann borið það saman við þá refsingu, sem ákveðin er í dómnum.

Svo minntist hv. þm. á náðun Þórðar Flygenrings. Ég sagði á föstudaginn var, að ég hefði aðeins tekið tillit til þess, sem fyrrirennari minn var búinn að ákveða, að Þórður Flygenring skyldi verða náðaður.

Því til sönnunar skal ég lesa upp vottorð frá hv. 2. þm. Rang., sem hann hefir gefið mér nú alveg samstundis. Það er svona:

„Áður en stjórnarskiptin urðu síðastl. ár, hafði ég minnzt á það við þáv. dómsmrh., Jónas Jónsson, að hann leitaði náðunar fyrir Þórð Flygenring, þar sem mér var persónulega kunnugt um, að hann var veill að heilsu og að hann auk þess hafði mjög góðan vitnisburð forstjóra vinnuhælisins og meðmæli hans til þessa. Neitaði þáverandi dómsmrh. að gera þetta þá, en gaf mér í skyn, að hann mundi gera það, er refsitíminn yrði hálfnaður eða svo. Þessa gat ég við núv. dómsmrh., er ég minntist á þetta sama efni við hann, skömmu eftir stjórnarskiptin.

Virðingarfyllst.
Alþingi, 27. marz 1933.
Sveinbjörn Högnason.
Til dómsmrh. Magnúsar Guðmundssonar".

Nú getur hv. þm. borið þetta saman við vottorðið, sem hann er með, frá fyrrv. dómsmrh., sem ég man ekki betur (ég ætla nú að vera varkár, svo hv. þm. geti ekki talað um óvarkárni) en algerlega neitaði að eiga nokkurn þátt í þessari náðun.

Ennfremur sagði hv. þm., að ég hefði ekki náðað þá fátæku, heldur aðeins þá ríku og stóru. Ég get sagt hv. þm. það, að ég hefi náðað marga fátæka menn, en hv. þm. hefir ekkert kært sig um að fá að vita um það. Hann fer hér aðeins með fullyrðingar, sem hann getur ekkert um vitað, hvort eru sannar eða ósannar.

Þarf ég svo ekki að eyða meiri tíma að svo búnu í hv. þm. Seyðf., en mun fá orðið seinna, ef ég finn, að ég hefi gleymt einhverju.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Það var ekki margt í ræðu hv. þm. Seyðf., sem tók til mín, og mun ég þess vegna ekki vera langorður. En þó eru nokkur atriði, sem ég get ekki látið hjá líða að gera nokkrar athugasemdir við.

Í ræðu sinni á föstudaginn átaldi hann stjórnina fyrir það, að hún hefði hvergi sparað fé, nema til vegagerða, símalagninga og annara verklegra framkvæmda. Telur Alþýðublaðið í dag, að sá sparnaður hafi numið um 330 þúsundum króna. Ég skal koma að þessu atriði síðar; ég vil aðeins minna hv. þm. á það, að honum hefir láðst að geta um ýmsan annan sparnað, sem stjórnin hefir lagt meiri áherzlu á.

Ef hver einstakur liður í landsreikningnum fyrir árið 1931 er borinn saman við tilsvarandi útgjaldaliði á árinu 1932, samkv. yfirliti því, sem hæstv. fjmrh. gaf er hann lagði fjárl.frv. fyrir þetta þing, þá telst mér svo til, að á liðunum um dómgæzlu, samgöngur á sjó, kennslumál og á vísinda- og bókmenntastyrkjum og ýmsum styrkjum í 16. gr. og útgjöldum samkv. lögum og fjáraukalögum, sé sparnaðurinn á þessum liðum eingöngu mikið á 3. millj. meiri á árinu 1932 en árið áður.

Í framsöguræðu sinni mun hæstv. fjmrh. hafa gert ráð fyrir, að greiðsla samkv. heimild laga og fjáraukalaga gæti orðið um 400 þús. kr. En á árinu 1931 var sá liður 1846 þús. kr. Hér er því um sparnað að ræða, sem nemur hér um bil 1½ millj. kr. Ég er ekki að segja, að það sé af neinni dyggð, að núverandi stj. hafi sýnt þennan sparnað. Ég er aðeins að benda á, að þessi upphæð er allmiklu hærri en þessi 330 þús., sem mér skildist að hv. þm. Seyðf. vildi telja hinar einu sparnaðartilraunir núverandi stjórnar. Svo skal ég koma aftur að vegamálunum.

Núverandi ríkisstj. settist að völdum í öndverðum júnímánuði síðastl. Þarf ekki að taka fram, að ríkissjóður var ekki barmafullur þá, og það leit ekki heldur svo út, að hann mundi verða það á næstunni.

Ég get minnzt á það, að í stað þess að tollstjórinn var vanur að koma með í ríkissjóð um 150 þús. kr. á hverri viku, kom um það leyti ekki nema 20 og upp í 46 þús. á viku, og þá um næstu mán-

aðamót átti að fara fram greiðsla til útlanda vegna afborgana af skuldum, sem nam á 2. millj. kr.

Ég held, að flestum verði það allljóst, að ríkisstj. þóttist verða að gæta allmikillar varfærni um útgjöld, sem mögulega varð hjá komizt, eins og þá stóð á.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að varið hefði verið til vega s.l. ár um 600 þús. kr. Hæstv. fjmrh. mun í fjármálaræðu sinni hafa talið þessa upphæð nær 700 þús. kr. En við þá upphæð má bæta láni, sem tekið var til brúargerða og var um 155 þús. kr. Við það hækkar upphæðin allmikið.

Við þá upphæð, sem þá munu hafa verið glöggir reikningar til um, má svo bæta allmikilli upphæð, sem varið var til vegagerða síðastl. haust, einmitt til þess meðfram að bæta úr atvinnuleysinu. Þá haustvinnu má því skoða sem atvinnubótavinnu, þó hún færi fram á vegum úti um land. Það, sem hefir verið varið til vega og brúargerða, hefir því numið, að láninu meðtöldu, um 930 þús. kr. skv. lokareikningsyfirliti vegamálastjóra. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. hafi vitað þetta. En ég skal upplýsa það, svo að hann komist að raun um, að sparnaður stj. hefir ekki fyrst og fremst eða aðallega komið fram á þeim liðum, sem lúta að því að veita alþýðumönnum atvinnu.

Hv. þm. talaði líka um að stj. hefði aðallega sparað fé til símans. Ég hefi nú hér fyrir framan mig yfirlit frá landssímastjóra, og skv. því hefir verið varið til síma um 578 þús. kr. samtals. Af þessari upphæð fór mestur hlutinn til þess að fullgera sjálfvirku símstöðina hér í R-vík og símakerfið hér í bænum. Ég hygg, að viðvíkjandi símakostnaði hér innan bæjar megi treysta orðum landssímastjórans sjálfs, að ⅔ af þeirri upphæð, eða 265 þús., hafi farið í beina vinnu til almennings, og megi þess vegna skoða þetta sem atvinnubótavinnu. Minnstur hluti þessa fjár var skv. fjárveitingu, heldur var verk þetta unnið sumpart fyrir símans eigið fé og sumpart notað til þess lán, sem áður var búið að taka til þessa fyrirtækis.

Ég held því, að hv. þm. hefði átt að kynna sér þetta mál lítið eitt nánar áður en hann hreyfði þessum harðyrðum í ræðu sinni. Hann komst svo að orði, að stjórnin hefði gert sitt til að auka kreppuna, með því að taka atvinnuna af fólkinu. Ég hygg, að þegar þessir 2 liðir eru lagðir saman, þá sjái hv. þm. sjálfur, að hann hefir nokkuð ofmælt. Jafnframt verð ég að benda á það, að stjórnin hefir veitt dálítið fram yfir þá fjárveitingu, sem hún hafði til atvinnubóta, og hefir auk þess greitt fyrir allmörgum sveitar- og bæjarfélögum um lántökur til framlags að þeirra hluta til atvinnubótanna, þó að stjórninni bæri eigi skylda til.

Til atvinnubóta hefir, að meðtöldu framlagi bæja og kaupstaða, verið varið um 948 þús. kr., og þótt ég sjái ekki eftir þessu fé og viti að þess hafi víðast verið full þörf til styrktar atvinnulitlum mönnum í landinu, mun svo vera háttað fjárhagnum eins og þingið bjó hann í hendur ríkisstjórn, að þó hv. þm. telji þennan styrk ekki skörulega í té látinn, þá má stj. þykja þetta allhá upphæð, borið saman við fé það, er stj. hefir umráð yfir.

Þá má og í þessu sambandi minna á, að á síðastl. vori leit ekki glæsilega út um horfur og hag af rekstri síldarverksmiðjunnar á Siglufirði. Voru þá líkur til, að ríkissjóður neyddist til að hlaupa verulega undir bagga með verksmiðjunni, til þess að hægt yrði að láta verksmiðjuna vinna. Leitaði stjórnin því samþykkis aðalflokkanna til þess að verksmiðjan yrði starfrækt, þótt horfur væru allt annað en góðar. Slíkt mátti skoða sem atvinnubætur, og ekki sem lítilfjörlegastar, því að með því var tryggð atvinna a. m. k. 1000 manns. Að svo vel tókst til með verksmiðjuna og rekstur hennar og hag, má kalla happ eitt, ef athugaðar eru horfur þær, er þar voru fyrir hendi.

Hv. þm. ávítar það harðlega, að í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir næsta ár skuli ekki veitt nema 1 millj. kr. til verkl. framkvæmda, og þykir honum stj. skera það framlag hneykslanlega við neglur sér. Ég skal fúslega játa, að meira fé hefði þurft, en hinsvegar megum við gæta þess, að fáir eru þeir liðir fjárlagafrv., sem ekki eru skornir við neglur eða jafnvel kviku.

Hv. þm. er eflaust kunnugt um, að stj. mun síðar leggja fram frv. til tekjuauka-

laga. Samkvæmt þeim mun teknanna ekki aflað með þeim hætti að taka tolla af hverjum brauðbita eða brýnustu nauðsynjum, sem landslýður þarf að hafa sér til lífsviðurværis, heldur með því að leggja toll á óþarfa allan og ónauðsynlegar vörur, og ennfremur með auknum tekju- og eignarskatti. Það, að stj. hefir ekki enn komið fram með þær tillögur, stafar af því, að þeim er ætlað að bíða þess, að unnt verði að afgreiða þær í sambandi við önnur mál, er miða að þessu sama marki: Ráðstafanir vegna kreppunnar.

Þá má benda á, að stj. hefir í hyggju að taka lán til brúargerða, þar sem héruðin bjóða fram slík lán, eins og t. d. Rangvellingar gerðu sl. ár. Þetta gerir stj. ekki af því, að hana langi til þess að hlaða láni á lán ofan, heldur er þessi ráðstöfun gerð til samgöngubóta og til eflingar atvinnunnar í landinu og miðar til þess, sem á að vera sameiginlegt markmið allra stjórnmálafl.: að vinna bug á atvinnuleysinu.

Jafnframt er stj. að athuga möguleikana fyrir lántöku til nýrra vega, ef heimild fæst til slíks. Vænti ég einmitt, að hv. þm. Seyðf. ljái þessari hugmynd óskipt lið sitt, því ekki myndu verkamenn í þeim landsfjórðungi, sem hans kjördæmi er í, fara varhluta af hlunnindum þeim, er þessi ráðagerð veitti landslýð, ef hún kæmist í framkvæmd, að því er snertir samgöngu- og atvinnubætur. Áherzlan er einmitt lögð á að greiða sem mest úr atvinnuþörf manna um land allt, a. m. k. svo, að allir fái nokkra bót, þótt ekki verði hægt að gera svo öllum líki.

Þá minntist hv. þm. á, að sér þætti stj. lítið sem ekkert hafa gert til úrlausnar kreppumálanna. Hann nefndi það, að skipuð hafi verið sérstök nefnd til þess að athuga hag og horfur landbúnaðarins, og mér skildist hann telja það mjög óviðeigandi að byrja á því starfi á undan öllu öðru. Ég mun síðar koma að því, hve „óviðeigandi“ það er. Hann sagði, að nefnd þessi hefði verið sein í verkum og ekkert lægi enn eftir hana. Nú verða menn að gera sér grein fyrir því, hve umfangsmikið og erfitt starf það er, sem nefnd þessi hefir með höndum. Safna þarf skýrslum um alla bændur á landinu og hag þeirra, og er það eigi alllítið starf, og að því loknu þarf að vinna úr skýrslum þessum, og tekur það eigi minni vinnu né tíma. Þetta starf er auðvitað bráðnauðsynlegt, til þess að fá fulla vitneskju um hag bændastéttarinnar í heild og fá þar með grundvöll til að byggja á. Bændanefndin er nú langt komin með starf sitt og hefir þegar ýms smærri frv. tilbúin, og eitt aðalfrumvarpið er nú svo langt komið, að búast má við því þegar í þessari viku, og verða þá hin tekin fyrir um leið. Auðvitað má um það deila eins og öll önnur mannanna verk, hversu vel hér hafi til tekizt, en að því hefir verið unnið af alúð að fá sem bezta úrlausn vandamálanna. Og einmitt vegna þessa hefir fjvn. flýtt afgreiðslu fjárlfrv. sem mest hún mátti, til þess að því betri tími ynnist fyrir þingið til þess að sinna kreppumálunum.

Hv. þm. taldi það óviðeigandi, að skipuð skyldi nefnd til þess að athuga eingöngu vandræði þau, sem þjaka landbúnaðinum, og að hún léti ekki annara hagi til sín taka. Því er þar til að svara, að ef þingið vildi láta skipa kreppunefnd, er vinna skyldi á víðari grundvelli, myndi stj. ekki á nokkurn hátt leggja stein í götu hennar. En ástæðan til þess, að stj. hefir skipað þessa sérstöku bændanefnd fyrst, á rót sína að rekja til þess, að á undanförnum þingum hafa mjög verið rædd vandamál verkamanna í bæjum og kaupstöðum, og hefir talsvert fé verið lagt fram til þess að létta undir með þeim. Það er auðvitað mjög lofsvert, að svo mikill áhugi skuli hafa sýndur verið til aðstoðar mönnum þeim, sem erfiðasta eiga aðstöðu í kaupstöðunum. En bar þá ekki að hugsa neitt um bændurna, þótt vitað sé, að kaup bænda hefir lækkað a. m. k. um 60%? Í blöðum jafnaðarmanna hefir heyrzt, að vörur bænda væru ósæmilega dýrar, m. ö. o. að kaup þeirra væri alltof hátt. Mér finnst sízt eðlilegt eða viðeigandi, að þm. þess flokks, sem mest ber hag verkamanna fyrir brjósti, skuli beita sér svo mjög á móti hagsmunum bænda, verkamannanna í sveitunum, sem hann gerir í afstöðu sinni til norsku samninganna. Ég ætla ekki að fjölyrða um það efni nú, en afstaða þessa hv. þm. var svo gerólík afstöðu hv. þm. Vestm.,

sem líka er fulltrúi sjávarmanna eins og hv. þm. Seyðf., að ég get ekki algerlega leitt það hjá mér. Hv. þm. Vestm. leit að vísu ekki svo á, að samningarnir væru hagfelldir fyrir menn við sjávarsíðuna, en hinsvegar áleit hann, að hér væri svo mikið í húfi fyrir bændastétt landsins, að hann vildi hennar vegna leggja nokkuð í sölur. Betur kynni ég við, að hv. þm. Seyðf. hefðu farizt orð um þetta mál á svipaða lund.

Vart verður um það deilt, að af alþýðumönnum á landinu hafi bændur einna versta aðstöðu. Hvert er kaup bænda fyrir þrotlausa vinnu allan ársins hring?

Enginn meðalbóndi, hvað þá einyrki, mun vinna færri stundir yfir árið en 3000— 3300. Það þykir góður árangur, ef skepnuhöld blessast svo, að á árinu fái þeir í afurðir af eigin erfiði um 2000 pund af kjöti. Öðru er varla til að dreifa, því að ull er vitaverðlaus, hrekkur rétt til fyrir smölun og rúningu og öðrum kostnaði. Með því kjötverði, sem nú er í afskekktari sveitum landsins, er ekki hægt að reikna árskaup bónda, sem verður að strita hvíldarlaust allt árið, meira en 500 kr. En tímakaupið verður þá 16—17 aurar um klukkustundina.

Nú vil ég gjarnan trúa því, að þessi hv. þm. hafi af einlægni barizt fyrir kauphækkun verkamanna í bæjum. En þá kemur það undarlega fyrir sjónir, að hann skuli af alefli beita sér gegn því, að bændum opnist leið til þess, að þetta lága kaup þeirra væri tryggt, þótt ekki væri farið fram á meira. Og því vænti ég þess, að hv. þm. ljái lið þeim ráðstöfunum, sem síðar koma fram á þessu þingi til þess að rétta hag bænda.

Til hjálpar atvinnulitlum og atvinnulausum verkamönnum í kaupstöðum mun á þessu ári varið á 2. millj. króna. En fyrir bændur er enn engin sérstök kreppuráðstöfun gerð. Nú treysti ég því fastlega, að er frv. þessa efnis koma fyrir þingið, væntanl. í þessari viku, þá skerist þessi hv. þm. ekki úr leik um að létta undir með þeim, sem þyngstan bera baggann.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég mun fara fljótt yfir sögu, vegna þess hve tíminn er naumur. Ég verð að segja, að ekki hafði hæstv atvmrh. miklu að svara. Niðurstaða sú, er hann komst að um bág kjör bænda, er sjálfsagt rétt. En svo segir hann, að köldu hafi andað í garð bænda af hálfu mín og Alþýðufl. og við spillt mjög fyrir með andstöðu við norsku samningana. Þetta er alveg rangt og órökfast, og vil ég hnekkja þeim ummælum hans. Ráðh. verður að hafa hugfast orðtækið: „Svo skal böl bæta, að bíði ei annað meira".

Hvernig var nú kaupið í tíð bændastj., þegar innflutningur var án takmarka? Hin glæsilega útkoma var hið áðurnefnda 500 kr. nettókaup. Hverju breytir að norsku samn. verði felldir? Því er borið við, að sölufregða verði á lágtollakjöti. En þessi lágtollur nemur 25 kr. á tunnu! Að sala á kjötinu fari hækkandi? Mér finnst hún fara lækkandi. Þó að á næsta ári verði fluttar út 11000 tn., verður útflutningur brátt hverfandi og smáminnkandi. En bændur selja víðar kjöt en til Noregs. Beztu markaðir þeirra eru einmitt kaupstaðirnir íslenzku. Og beztu viðskiptavinirnir eru einmitt íslenzkir verkamenn og sjómenn. Og ef svo illa skyldi til takast, að stórkostl. verði spillt kaupgetu þeirra, en það uggir mig að verði, ef samþ. verða norsku samn., þá býst ég við, að dýrkeypt yrði reynslan.

Þetta, sem ráðh. sagði um að blöð og þm. Alþýðufl. hefðu minnzt á, að bændur hefðu of hátt kaup, eru staðlausir stafir. Hinsvegar hefir verið bent á gífurlegan verðmun á afurðum þeirra, er erl. eru seldar og hér. En bændur skilja það vel, að því dýrara sem kjöt þeirra og smjör er, því minna geta verkamenn hér heima keypt af þeim, og þeir hafa vit á að skemma ekki sinn bezta markað með alltof háu verðlagi á vörum sínum.

Ekkert er eins hættulegt og að ala á andstæðum hagsmunum verkamanna og bænda. Þar er svo ástatt, að eins líf er annars víf, frekar en nokkursstaðar.

En að ég hafi farið rangt með tölur, þ. e. a. s. fjárhæðir þær, sem í fjárlfrv. eru, er eingöngu hæstv. fjmrh. að kenna, því að ég hafði vizku mína úr bráðabirgðayfirliti því, er hann lagði fram hér í deildinni.

Ég hefi ekki verið mótfallinn tillög-

um til úrlausnar kreppuvandræðunum, síður en svo, en hitt átel ég harðlega, að stj. skuli loka augunum fyrir vandræðum verkamanna- og sjómannastéttarinnar, því að þær stéttir eiga um sárt að binda af völdum kreppunnar ekki síður en sú stétt, sem stj. virðist hér aðallega bera fyrir brjósti, líklega vegna þess, að þar hefir hún sitt kjörfylgi. Og hneykslanlegt finnst mér slíkt athæfi sem það, að ætla ekki nokkurn eyri til atvinnubóta í fjárl.frv. þessu, og fella niður 300000 kr., er til þessara þarfa voru hugsaðar. Um fylgi við kreppubollaleggingar hæstv. ráðh. vil ég engu lofa, fyrr en till. um það koma fram og ég sé, hvernig þær líta út.

Ég man eftir því, að á þingi 1931 klofnaði fjvn. Nd. um kreppumálin. Ég átti þá sæti í þeirri n. Og ég man eftir því, að íhöldin bæði, sjálfstæðið og framsókn, sem þá voru að hneigjast saman, voru sammála um það að kalla allt mitt tal og tillögur til að mæta kreppunni karlanöldur og kreppumas. En allir sjá þó nú, að hægra hefði verið þá í byrjun kreppunnar og betra árferði að draga úr áhrifum hennar, hefði röggsamlega verið á móti henni tekið. En þá brostu þeir bara að vitleysunni úr mér og samherjum mínum. —

Mér þótti hæstv. dómsmrh. vera undarlega byrstur í ræðu sinni. Það var þó sannarlega ekki ástæða fyrir hann að vera það, því eftir því sem honum sjálfum sagðist frá, þá hafði hann hrakið alla ræðu mína, þá er ég hélt á föstudaginn, svo „þar stóð ekki steinn yfir steini", að því er honum sjálfum sagðist frá. — En þrátt fyrir þessa herfilegu útreið, sem ég fekk þá, að dómi hæstv. dómsmrh. sjálfs, að því er hann sagði, þá er ég þó ekki frá því, að einhver efi hafi falizt hið innra hjá hæstv. ráðh. sjálfum um „að ekki stæði steinn yfir steini", því langur kafli af þeirri ræðu, er hann hélt nú, var einmitt svar við þeirri ræðu, er ég hélt á föstudaginn. Ég skal nú, eftir því sem tími minn endist, víkja nokkru nánar að þessum „sterku rökum" hæstv. dómsmrh.

Hann sagðist hafa náðað marga fátæka menn. Ég skal nú ekki segja um það. Ég hefi ekki orðið var við, að svo hafi verið, og engar skýrslur hefir hæstv. ráðh. gefið um það. Það mun að vísu oft vera gert, að gefa þeim föngum, er hegða sér vel, eftir nokkuð af ídæmdri hegningu, og þó aldrei nema minnihlutann. En í þeim dæmum, er ég nefndi, var ýmist um uppgjöf saka að ræða að mestu eða öllu. Um síðferðisvottorð hv. 2. þm. Rang. í máli Þórðar Flygenrings hefi ég ekkert að segja. Það kemur þessu máli ekkert við. Þótt hann hafi fengið eitthvert vilyrði hjá fyrrv. dómsmrh. um náðun fyrir Þórð Flygenring, sem sá dómsmrh. reyndar neitar, þá var núv. dómsmrh. vitanlega ekkert bundinn af því. — Það væri líka laglegt, ef ráðh. væri jafnan bundinn af orðum og gerðum fyrirrennara síns og skyldur til að halda öllu svínarí áfram, sem hann hefði byrjað á. Ef reglulegur skúrkur kæmist í ráðherrastól, þá ættu eftirmenn hans að vera bundnir við það að halda áfram sömu stefnu. En sé nú litið nánar á þetta, þá sést á þessu vottorði, að fyrrv. dómsmrh. hefir ekki gert annað en gefið það í skyn, að tala mætti um náðun, þegar Þ. Flygenring hefði hálfnað refsinguna. En mannkærleiki hæstv. núv. dómsmrh. er það meiri, að hann náðar löngu áður en Þ. Flygenring er búinn með helming fangavistar sinnar. Og hann gerir meira. Hann veitir honum fullt atvinnufrelsi og hefir dóm hæstaréttar um það atriði að engu. Mun það vera eins dæmi, að dómsmrh. leyfi sér að ónýta svo gersamlega dóm hæstaréttar.

Í máli Ísleifs Briems vildi hæstv. dómsmrh. nú bjarga sér með því að segja, að hann hefði ekki verið dæmdur fyrir eiginlegt fals. Ég hefi nú ekki fyrr heyrt talað um „óeiginlegt fals" og er satt að segja ekki svo fróður að vita, hvað það er. — En ef það er ekki nema óeiginlegt fals að setja falsað nafn undir bréf, þá veit ég ekki, hvað eiginlegt fals er.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að ekki væri neitt um það ákveðið enn, hvort Hesteyrarmálinu yrði áfrýjað. Í sambandi við það fór hann að tala um, að rannsókn þess hefði orðið dýr. Ég hélt nú satt að segja, að það ætti ekki að vera mælikvarði á framgang mála, hvort mikið eða lítið kostar að rannsaka þau. Ef svo væri,

þá væri um að gera að hafa málin svo stór og umfangsmikil, að ekki þætti fært að rannsaka þau kostnaðarins vegna. Annars vildi nú hæstv. ráðh. telja þetta smámál — „músarmál“ nefndi hann það. Ég get nú ekki tekið undir það. Ég tel það ekkert smámál, að stór „forretning“ notar eingöngu svikin mælitæki.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að ég hefði þó sýnt þá sanngirni að segja frá því, hvernig greiðslunni til Guðm. Sveinbjörnssonar var varið. Mér datt nú satt að segja ekki í hug, að skrifstofustjórinn lægi með 16 mánaða gamla ávísun, undirskrifaða af núv. flokksbróður hæstv. dómsmrh., hv. þm. Str. En manni verður á að spyrja: Var ávísunin þá ekki orðin fyrnd eftir 16 mánuði? Var rétt að borga hana út?

Þá var það átið á varðskipunum. Hæstv. dómsmrh. viðhafði þau orð á föstudagskvöldið, að landhelgisgæzlan hefði nú kostað 700 þús. kr. árið 1930, og af því hefði ég etið talsvert mikið. Þetta tók ég eins og það var talað og skýrði frá því, að ég hefði borgað fæði mitt þar. Það gerði ég, og meira þó. Annars er ekki við mig að tala um stjórn varðskipanna. Um það ber honum að tala við fyrirrennara sinn. Annars hygg ég nú, að hæstv. dómsmrh. hafi sjálfur ferðazt með varðskipum, og líklega ekki einu sinni borgað fæði. Víst er um það, að hv. 4. landsk. ferðaðist með varðskipunum samtímis mér. Ekki hefir hæstv. dómsmrh. átalið það. En máske er það svo fyrir hans sjónum, að það sé óhæft, að varðskipin flytji jafnaðarmenn hafna á milli, en íhaldsmenn mega þau óátalið flytja, bæði lifandi og dauða. — Annars hafa varðskipin enga ferð farið mín vegna. Ég hefi aldrei pantað það. Ég hefi aðeins verið með þegar mér hefir verið boðið það og skipin átt að fara hvort sem var.

Um stjórnarskrármálið sagði hæstv. dómsmrh., að þar sem þing væri enn ekki hálfnað, væri of snemmt að spá nokkru um framgang þess. Ég hefi nú í því, sem ég hefi sagt um það mál, stuðzt við ummæli hæstv. forsrh. En af hans orðum hefir mátt draga það, að engar líkur væru fyrir framgangi þess á þessu þingi. En gott er að taka því, ef það kemst fram.

Þá taldi hæstv. dómsmrh. sig hafa unnið mikið miskunnarverk á hv. 2. landsk., Jóni Baldvinssyni. Ja, það er nú ljóti karlinn, þessi Jón Baldvinsson! Og hann er svei mér heppinn að eiga að jafnmiskunnsaman mann og hæstv. dómsmrh.! Dómsmrh. sagði, að á 2. landsk. hefðu komið hvorki meira né minna en 5 kærur. Þetta er líklega rétt. Ég fékk upplýsingar um þetta nú samstundis. Og ég held, að rétt sé að segja frá hverjum þessar 5 kærur eru. Sú 1. er frá Einari M. Jónassyni fyrrv. yfirvaldi Barðstrendinga, 2. er frá sama Einari M. Jónassyni, 3. er frá sama Einari M. Jónassyni, 4. er frá Þórði Flygenring og 5. er frá Pétri Magnússyni fyrrv. starfsmanni í Útvegsbankanum, sem var látinn fara þaðan nýlega af einhverjum ástæðum.

Það vantar svo sem ekki, að sumir af kærendunum séu landskunnir menn. En um kærurnar er mér eigi að öðru leyti kunnugt né efni þeirra. En ekki dettur mér í hug að biðja kærðan undan rannsókn, ef kærurnar eru réttmætar. Ég hygg þó reyndar, að þetta sé lítt sambærilegt við mál Ísleifs Briems.

Þá gat hæstv. dómsmrh. engu svarað því, sem ég sagði um sakarefnin á Sigurjón Á. Ólafsson og Sigurð Ólafsson, sem ég hafði áður lýst, hversu lítil væru. Hann þvertók nú fyrst fyrir, að ég hafi skýrt rétt frá þessu. Annaðhvort hefir hann gert það vísvitandi, eða þá að minnið hefir bilað. Ég tel þó víst, að hæstv. dómsmrh. hafi athugað sakarefnin, áður en hann fyrirskipaði sakamálsákæru gegn þessum mönnum. Ég vil ekki gera ráð fyrir, að hann fyrirskipi svona kærur „bara í slump“ án þess að hafa kynnt sér kæruatriðin á hvern og einn. En í stað þess að svara þessum atriðum las hann upp læknisvottorð um meiðsli, er lögregluþjónar höfðu fengið í bardaganum. Þær sakir eru bæði stórar og ljótar. Og ég hefi ekki með einu orði mælt bót þeirri stórorustu, er varð orsök til þeirra meiðsla. En þau meiðsli koma ekkert þeim tveim mönnum við, er ég nefndi. Hvorugur þeirra er sakaður um neitt slíkt. Sá, sem á að hafa tekið „aktivari“ þátt í orustunni, er sakaður um að hafa tekið í fingur á lögregluþjóni. En enginn lögregluþjónn kannast þó við það. En annars má nú um þennan atburð segja

það, að sá veldur miklu, er upphafinu veldur. Og upphafið að þessum atburðum er vitanlega sá þröngi kostur, sem örsnauðum verkamönnum var settur, með því að bæjarstjórnarmeirihlutinn ákveður að setja atvinnubótakaupið niður um þriðjung. Þetta er það, sem olli almennri gremju og síðan slysum. Boginn var spenntur of hátt í þetta sinn, og afleiðingin varð sú, að enginn réð við neitt.

Þá lét hæstv. dómsmrh. sér sæma að ráðast persónulega á mig. Það hafði ég þó ekki gert við hann. Aðeins talað um starfsemi hans sem ráðh. — Hann sagði, að á þeim skamma tíma, sem ég hefði stjórnað bankaútibúi á Ísafirði, hefði bankinn tapað stórfé, og talaði um hæstaréttardóm í sambandi við það. Það er nú fyrst og fremst svo, að ég hefi aldrei verið útibússtjóri á Ísafirði, svo eitthvað hlýtur hér að vera málum blandað. Ég vil mælast til þess, að ráðh. tilgreini nánari heimildir. Og hann má mín vegna lesa upp alla þá hæstaréttardóma, er honum þóknast, og einkum þann kafla úr þeim hæstaréttardómi, sem ég býst við, að hann eigi við og mér kemur við. Um annað úr þeim dómi varðar mig ekki.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri grundvallaratriði réttvísinnar að yfirheyra báða málsaðilja. Og til frekari áherzlu hafði hann yfir latneska setningu um þetta. Það þarf nú ekkert að pexa um þetta, því ég er sammála honum, að það sé sjálfsagt, að sakborningar séu yfirheyrðir og þeim gefinn fullur kostur á að verja mál sitt. En hér var ekki um neitt slíkt að ræða í máli bankastjóra Íslandsbanka. Þeir áttu að fá þess kost að bera varnir sínar fram fyrir dómara og afsanna þar, ef þeir gætu, þær sakir, sem á þá hafa verið bornar og skýrsla er að nokkru leyti til um. En ekkert þvílíkt átti sér stað. Þeir voru aldrei yfirheyrðir. Það var engin yfirheyrsla, þótt hæstv. dómsmrh., sem vitanlega er enginn dómari, spyrði þá um álit þeirra á skýrslunni. Það er engu líkara en að ráðh. og hæstiréttur ruglist saman í heila hæstv. ráðh. En þó hann sjálfsagt langi til að verða dómari í hæstarétti, þá er hann samt ekki orðinn það enn. Það eru dómstólarnir, sem eiga að annast próf í málunum, en ekki ráðh. Það, sem dómsmrh. hefir gert í þessu máli, er ekkert annað en skrípaleikur. Það sannar ekkert um sekt eða sýknu bankastjóranna. Það er einmitt hæstv. dómsmrh. sjálfur, sem kemur í veg fyrir, að þessari gullvægu latnesku reglu, er hann hafði yfir, væri fylgt í þessu máli. — Hæstv. ráðh. spurði mig að því, hvort ég vildi, að mál væri höfðað gegn mér fyrir manndráp. — Ja, spurningin er nú ekki gáfuleg, en ég hefi skrifað þetta svona eftir honum. Ég get svarað þessu með því, að ég vil helzt vera laus við öll manndráp, og þá vitanlega líka slíkar kærur. En félli grunur á mig um slíkt og ég væri kærður fyrir, þá vildi ég hiklaust, að fram færi réttarrannsókn, svo mér gæfist kostur á að hreinsa mig af slíkri kæru, ef ég væri saklaus.

Þá vék hann að því, sem ég sagði um Nasreddin þarna í Tyrkíá, og í því sambandi fór hann að endurtaka það, að reikningarnir hefðu ekki verið rangir. En í dómsforsendum hæstaréttar í launagreiðslumáli Kristjáns Karlssonar er beinlínis sagt, að reikningar Íslandsbanka hafi verið rangir. Þar er tilfært tvennt: Að skuldir séu vantaldar um upphæð, er nemur á aðra millj. kr., og að eignir séu oftaldar um stórar upphæðir vegna tapaðra skulda, sem taldar eru í fullri upphæð á reikningum bankans. — Ráðh. segir, að Brynjólfur Stefánsson hafi reiknað það út, að reikningar bankans hafi verið réttir. Ég sé nú ekki að það raski neitt dómi hæstaréttar, þó einhver maður setjist niður og reikni út einhverja prósentu. Ég skil ekki þessa fullyrðingu hæstv. ráðh. Vill hann þá halda því fram, að dómur hæstaréttar um þetta hafi verið rangur? — Það þýðir ekkert að koma með ákúrur á mig út af þessu, því ég gerði ekki annað en að vitna til þessa hæstaréttardóms. Ég hefði gjarnan viljað lesa upp nokkra kafla, er sanna mál mitt, en tímans vegna verð ég að sleppa því. Hæstv. ráðh. sagðist ekki vera viss um, að bankastjórarnir hefðu talið útistandandi skuldir hærri en forsvaranlegt var. Ég fullyrði, að þetta er ekki rétt. Bankastjórarnir vissu beinlínis um, að sumar skuldirnar voru lítils virði. Skýrslan tekur af öll tvímæli um það. Ég skal taka sem dæmi, að útibússtjóri bankans í Vestmannaeyjum skrifar bankastjórunum bréf 1927 og

kvartar þá undan viðskiptunum við Gísla Johnsen. Afleiðing þess er sú ein, að skuldin er færð til aðalbankans. Síðan er Gísla Johnsen lánað áfram, eins og ekkert hefði í skorizt, um milljón krónur. Og endirinn verður sá, að bankinn tapar á honum 1100 þús. kr. — Þetta bréf sýnir skýrt, að bankastjórarnir vissu, hvað var að gerast. Sama má segja um Sæmund Halldórsson í Stykkishólmi og Stefán Th. Jónsson á Seyðisfirði o. fl.

Læt ég svo útrætt við hæstv. dómsmrh.

Við hæstv. forsrh. hefði ég gjarnan viljað tala nokkuð. En þar sem tími minn mun nú brátt á enda, verð ég að spara mér að mestu þá ánægju.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri unnt að leggja á meiri beina skatta. Nefndi hann í því sambandi útsvörin. Ég skal ekki fara mikið út í það, en ég fullyrði þó, að með beinum sköttum er hægt að fá nægilegt fjármagn til ríkisins þarfa. Hann sagði með nokkurri dryldni, að stj. hefði hækkað tekjuskattinn um 25%. Það var nú reyndar þingið, sem gerði það, eða gaf stj. a. m. k. heimild til þess. Það er nú gott til skýringar á þessu máli að setja upp dæmi í tölum. Tölur skýra marga hluti vel, þótt hæstv. ráðh. forðist slíkt. Sá heimilisfaðir, sem hefir 12000 kr. tekjur og fimm manns í heimili, borgar nú í tekjuskatt 462 kr. og í viðbót 25% af því nú, eða 116 kr. Hann greiðir því alls kr. 578. — Nú eru það margir menn hér á landi, einkum í Reykjavík, þar sem mestur auður er saman kominn, sem hafa svona háar tekjur og hærri. Hvar á nú að taka fé til landsins þarfa, ef ekki einmitt hjá svona tekjuháum mönnum? Þó þessi tekjuskattur væri tvöfaldaður og maður eins og sá, sem ég tók dæmi af, yrði að greiða 930 kr. í tekjuskatt, þá vil ég fullyrða, að 90—95% af þjóðinni yrði samt verr sett um efnalega afkomu. Þetta skýrist bezt með raunverulegum tölum. Almennt gaspur um, að ekki sé hægt að hækka beinu skattana, skýrir ekki neitt.

Hæstv. forseti tilkynnir mér það með sinni venjulegu blíðu, að tími minn sé nú búinn. Ég skal þá líka vera auðsveipur og hætta. En þar sem ég fæ ekki oftar tekið til máls, þá vil ég biðja háttv. áheyrendur að rifja upp fyrir sér orð mín, þegar hæstv. ráðh. fara að rífa þau niður, „svo ekki standi steinn yfir steini".

Hæstv. forsrh. viðurkennir, að ketilhreinsun mín á stj. sé ófullkomin. Þetta er rétt. Ég veit það bezt sjálfur, að þar er um svo miklu, miklu meiri sora og sóðaskap að ræða, sem mér vinnst enginn tími til að taka til aðgerðar nú. Jafnvel sjálfur Herkúles mundi ekki hafa orkað því, nema þá að grafa stóran skurð og veita heilli Þjórsá inn í ketil stjórnarinnar. En þá uggir mig, að stj. mundi fljóta með líka.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég heyrði á orðum hv. þm. Seyðf., að hann var svona óbeint að mælast til þess, að ekki yrði um hann farið mjög ómjúkum höndum. Ég skal þá heldur ekki gera það, enda var hv. þm. miklu blíðari og bljúgari nú en fyrr í kvöld. Hann hefir sennilega fundið, að hann hafði gengið fulllangt áður. Ég get þó ekki sleppt honum alveg og vil því segja fáein orð út af því, sem hann sagði í síðustu ræðu sinni. Það hefir nú komið í ljós, að hv. þm., sem hefir ávítað mig fyrir að fara ekki rétt með, hefir nú orðið að renna því niður, sem hann fullyrti fyrr. Þannig hefir hann orðið að viðurkenna þá fullyrðingu sína ranga, að ég hafi borgað skrifstofustjóranum 8 þús. kr. Sama er með landhelgissöguna að austan; hann játaði, að hún væri lygi. Og viðvíkjandi náðun Þórðar Flygenrings get ég vísað til vottorðsins frá hv. 2. þm. Rang. og skal svo ekki fjölyrða meira um það.

Þá var hv. þm. mjög gleiður, er hann spurði um það, hver mismunur væri á eiginlegri og óeiginlegri fölsun. En munurinn er sá, að hér var ekki um fölsun á nafni að ræða, heldur var það stimpill, sem hafði verið notaður. Þess vegna var líka refsingin svona lítil. Annars hefði hún verið miklu meiri. Það var þetta, sem ég átti við. Ég hefi kannske gleymt að taka það fram fyrr. En ég vona nú, að hv. þm. Seyðf. skilji þennan mun.

Þá var hv. þm. montinn af því að hafa borgað mat sinn, er hann ferðaðist með varðskipunum 1930. Það var nú vitanlega ekki maturinn, sem ég átti við. Ég var að átelja það, að varðskipin væru tekin til

slíkra pólitiskra snattferða með hann og fleiri. Og það skiptir engu máli, þótt Pétur Magnússon væri með. Það er ekkert betra fyrir það. Hann réð heldur engu um þessar ferðir. Hann tók bara boði hv. þm. Seyðf. og hv. 5. landsk., þáv. dómsmrh., sem þá voru og eru enn óaðskiljanlegir vinir. Ég hefi farið norður í land í pólitískum leiðangri um sama leyti og fyrrv. dómsmrh., hv. 5. landsk., og hv. þm. Seyðf. Þeir ferðuðust þá í stjórnarbíl, en ég ekki. Ég vil nú spyrja hv. þm. Seyðf.: Hefir hann borgað fyrir þá bílferð? Ég held ekki. Ég hefi a. m. k. ekki séð það í landsreikningnum. Hann hefir líklega gleymt að borga þá bílferð, þótt hann sé montinn af því að hafa borgað fyrir matinn 1930.

Þá var hv. þm. að tala um, að ég hefði sagt það, að ég hefði hlíft Jóni Baldvinssyni, en það hefi ég aldrei sagt. Það, sem ég sagði, var, að 5 kærur hefðu komið á hendur Jóni Baldvinssyni. Ég talaði ekki um neina hlífð í sambandi við það, að þessi kæruefni voru ekki tekin fyrir sem mál. Hv. þm. Seyðf. getur ekki sagt, að ég hafi beitt hlutdrægni í þessu efni. Hefði ég gert það, þá hefði ég haft það eins og fyrirrennari minn, ég hefði látið fara fram rannsókn. Viðvíkjandi einni af þessum kærum finnst mér það reyndar vera álitamál, hvort ekki hefði verið rétt að gera það, en ég álít, að fyrrv. dómsmrh. hafi skorið úr því, og því sé búið að afgreiða það mál. Það er því ekki til neins fyrir hv. þm. Seyðf. að vera að skora á mig að fyrirskipa rannsókn út af þessum kærum á hendur Jóni Baldvinssyni. Ég fer ekkert eftir því, sem sá maður segir, heldur hinu, hvað ég álít rétt, og læt hann vita það, að ég fyrirskipa ekki sakamálsrannsókn, nema ég telji nokkrar líkur fyrir því, að hinn ákærði maður sé sekur og skiptir þar engu máli, hvaða pólitískum flokki sá maður tilheyrir.

Hv. þm. hneykslaðist mjög á því, að ég skyldi ekki muna nöfn á þeim mönnum, sem höfðuð voru mál gegn vegna þess, sem bar við 7. júlí síðastl. sumar. Ég hafði ekkert með það að gera; það var skrifstofustjóri, sem þessu réð.

Þá sagði hv. þm., að það hefði ekki verið furða, þótt upphlaupið yrði 9. nóv. í vetur, því að það hefði átt að lækka tímakaup verkamanna niður í eina krónu. Ég býst við því, að ýmsum af áheyrendum okkar úti um land þyki það ekki neitt gífurlegt, þó að það hefði verið lækkað niður í eina krónu. Setjum svo, að það hefði nú ekki verið rétt að lækka kaupið. En vill þá hv. þm. Seyðf. halda fram, að ákvörðun um kauplækkunina hafi verið rétt svarað með bardaganum 9. nóv.?

Þá minntist hv. þm. á bankastjórana við Íslandsbanka, og er hann mér alveg sammála um það, að það eigi að heyra báðar hliðar málanna. En hann vill, að það gerist endilega fyrir rétti. Ég álít, að ef maður sannar það utan réttar, að hann sé saklaus, þá eigi ekki að fara að kalla hann fyrir rétt.

Hv. þm. sagði, að ég tæki dómsvaldið í mínar hendur. En það er einmitt það, sem allir menn um allan heim, sem ákæruvald hafa, verða að gera, og þýðir ekkert móti því að mæla.

Hv. þm. segir, að það sé viðurkennt, að reikningar bankans hafi verið rangir, og það get ég vel gengið inn á, að þeir hafi verið „objektivt" rangir, en þó ekki falsaðir fyrir því. Vegna þess, sem ekki var kunnugt þegar reikningarnir voru skrifaðir, en síðar var vitað, urðu reikningarnir rangir. Ég álít, að ég hafi tekið skýrt fram dæmið um reikninga Landsbankans, hvernig fór um mat á honum, og að þar þurfi ekki frekari vitna við.

Hv. þm. Seyðf. reyndi ekki með einu orði að hrekja það, sem ég sagði, sem þó var rothögg á það, sem hann sagði.

Þá þótti hv. þm. ég leggja nokkuð mikið upp úr skýrslu Brynjólfs Stefánssonar. Já, það er vissulega leggjandi mikið upp úr skýrslum, sem eru ekkert annað en útreikningur á staðreyndum. Þar er reiknað út og sýnt fram á, að skuldin er, eftir íslenzkum krónum talið, með 6½% vöxtum. En sé miðað við danskar krónur, verða vextir um 3%. Heldur hv. þm. Seyðf., að hann geti talið nokkrum manni trú um, að ríkissjóðurinn danski láti nokkra peninga út gegn 3% vöxtum. Nei, það, sem gert var hér, var, að það var látið eftir, að þetta væri talið að nafninu til danskar krónur, en átti raunverulega að borgast í íslenzkum krónum.

Svo minntist hann að síðustu á Gísla

Johnsen. Sagði hann, að bankinn hefði tapað miklu á honum og bankastjórarnir hefðu átt að sjá það löngu fyrr, að sá maður mundi aldrei geta greitt allar sínar skuldir. Já, það er nú hægt að segja þetta. En hvernig fór svo? Hvað gerðu svo nýju bankastjórarnir? (HG: Það er ekki til neins að spyrja mig að því). Nei, en ég skal þá skýra frá því. Þeir lánuðu honum bara hálfa milljón kr. í viðbót, svo að ekki hafa þeir séð þetta. En svo álítur hv. þm. Seyðf., að það geti komið til mála að taka þessa menn, sem voru áður í bankastjórninni, og refsa þeim fyrir það, að þeir sáu ekki það, sem hinir sáu ekki heldur. En hann orðar ekki, að það eigi að taka hina seinni og refsa þeim.

Ég skal svo hlífa hv. þm. Seyðf. við frekari hrellingum, og verð að lýsa því yfir, að ég er hæstánægður með þessa tilraun hans til hreingerninga, og ég gef honum þann vitnisburð, að hann var allt of bljúgur, er hann sagði, að hann hefði ekki tekið fram nema fátt af því, sem hefði mátt færa fram í sömu átt. Því ég veit, að hann hefir setið með sveittan skalla til að tína það allt til og skrifa upp, sem hann hefir þótzt geta deilt á stjórnina með. Og hann hefir tekið allan tíma síns flokks við þessar umræður, 3 klst. Þrátt fyrir þetta hefir hann ekki getað fundið fleira, en sem betur fer er það nú allt hrakið.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það eru aðeins nokkur orð, því að nú er liðið á nóttu.

Ég svaraði ekki fyrirspurn hv. þm. Seyðf. um atvinnubótastyrkinn í stjfrv., og var það aðeins af gleymsku. Það hefir jafnan verið svo, að atvinnubótastyrkurinn hefir verið settur inn á þingi, enda er það nokkuð snemmt að fara að ákveða um hann fyrir nýár árið áður en fjárlög eiga að ganga í gildi.

Nú hefi ég jafnan sagt það, að árið 1932 verði sennilega versta árið fyrir atvinnuna í landinu og tekjur ríkissjóðs. Árið 1931 var mikið tapár fyrir atvinnuvegina, en ekkert sérlega slæmt fyrir atvinnu verkamanna eða tekjur ríkissjóðs. En afleiðingin af þessu mikla tapi atvinnuveganna var sú, að árið 1932 varð stöðvun á margskonar atvinnu, sem áður var rekin, sem svo skapaði atvinnuleysi hjá almenningi og kaupgetuleysi. Allt þetta leiddi svo af sér minnkun á ríkistekjunum. Ég hefi ætlað, að árið 1933 yrði betra en þessi ár bæði. Atvinna er heldur að aukast og kaupgeta fólks, sem sést á því, að tekjur ríkissjóðs eru nokkru meiri en á sama tíma síðastl. ár. Ef dæma má af eldri kreppum, má vænta þess, að árið 1934 verði skaplegt ár. Verði það ekki, þá lagast þessi kreppa ekki á sama hátt og aðrar kreppur, heldur þarf þá að grípa til alveg sérstakra ráðstafana, sem ekki er gott að gera fyrirfram. Nú eru í fjárl. allrífleg atvinnubótafjárhæð, sem á að nota fram til næstu ársloka, og um árslok er ekki nema einn og hálfur mánuður til þingsetningar, þegar mætti gera nauðsynlegar ráðstafanir.

Hv. þm. kvað mig hafa sagt, að ógerningur væri að bæta á beinum sköttum. Ég hafði það aðeins eftir sumum flokksbræðrum hans, að þeir töldu, að ógerningur væri að bæta við útsvarsálagningu, og ég sagði, að beinir skattar ríkisins hefðu hækkað á síðasta ári, og verða vitanlega að hækka á þessu ári.

Um kjöttollssamningana skal ég ekki ræða náið. Hv. þm. virðist ekki gera mikið úr þeim erfiðleikum, sem bændur eiga við að stríða um sölu á sínum afurðum, og eru þeir þó mjög miklir. Þó að innanlandsmarkaður sé beztur fyrir þá, þá er norski markaðurinn næstbeztur, og honum má ekki sleppa. Það eru engir tímar til þess að kasta honum frá sér nú, enda ætlaðist síðasta þing til þess, að kjötsölumöguleikar þessir yrðu verndaðir, og þessir samningar við Noreg verða líka væntanlega samþ. af þessu hæstv. Alþ.

Þá kvað hv. þm. það hneyksli, hve mikill verðmunur væri á útfluttu kjöti og því, sem selt er innanlands, og taldi þennan mun ósæmilegan. En ef tala á um ósæmilegan verðmun á ísl. vörum, þá er bezt að ganga hér niður að höfninni, þegar bátarnir koma að. Þá sjáum við skipað upp ágætum fiski, sem seldur er á 3 aura pd. á bryggju, að vissu leyti í heildsölu. En gangi maður svo nokkur skref upp frá bryggjunni, að vagni einhvers fisksalans, kemst maður að raun um, að fiskurinn er þar seldur á 10—15 aura pd. Hvaða verðmunur er nú hneykslanlegur, ef ekki þessi? Það er því ekki á kjötverðinu,

heldur á fiskverðinu, sem er ósæmilegur munur, ef um slíkt á að tala.

Ég held, að það sé bezt að minnast ekki frekar á þessa heiðursmenn, sem hann taldi upp, þá Einar Jónasson, Gísla Johnsen og Herkúles. Það er ekki úr vegi að minnast þess, að Herkúles hafði allt annað athæfi með höndum en hv. þm. Seyðf. hefir nú haft, og sá mikli munur er á störfum þeirra, að Herkúles mokaði út úr fjósinu, en hv. þm. hefir hér mokað að stj. og sínum samþingismönnum. En því, sem hann sjálfur hefir verið að moka til okkar, hefir jafnóðum verið skvett í hann aftur, og er því von, að hann kvarti um sóðaskap.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Nd., 28. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, 199, n. 213, 296, 306).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 296 og 306. — Afbrigði leyfð og samþ. um hið fyrra með 18 shlj. atkv. og um hið síðara með 17 shlj. atkv.

**Forseti (JörB):** Svo er til ætlazt, að umr. þessi um fjárlagafrv. fari fram í tveim köflum. Verði fyrst rædd 1.—13. gr. og síðan 14. gr. og út. Atkvgr. fer svo fram í einu lagi um frv. og brtt., þegar umr. um báða kaflana er lokið.

**Frsm. fyrri kafla (Ingólfur Bjarnarson):** Það mun þegar vera liðinn réttur hálfur mánuður síðan fjvn. skilaði brtt. sínum við fjárlagafrv. Má því segja, að það sé ekki vonum fyrr, að þessi 2. umr. byrjar. Ég skal fyrir mitt leyti ekki tefja það með löngum málflutningi fyrir hönd fjvn., að henni megi ljúka sem fyrst.

Frá starfi n. hefir verið skýrt í nál. og mun ég endurtaka fátt, sem þar er sagt, læt nægja að vísa til þess. Niðurstaðan af starfi n. er sú, ef brtt. hennar verða samþ., að tekjuhalli á sjóðsyfirliti frv. verður fullar 16 þús., í stað þess að samkv. frv. eins og það kom frá hæstv. stj. er áætlaður tekjuafgangur rúmar 350 þús. Þegar á þetta er litið, virðist árangurinn af starfi n. ekki hafa orðið sem beztur, enda skal ég fúslega játa, að n. hefði kosið hann betri. Hinsvegar vil ég benda á, að skakkaföll þau, sem frv. virðist hafa orðið fyrir í meðferð n., eiga aðallega rót sína að rekja til þess, að n. sá sig nauðbeygða til þess að gera till. um lækkun teknanna, er nema 475 þús. kr., sem er um 125 þús. kr. hærri upphæð en tekjuafgangurinn var í frv. Þrátt fyrir þessa tekjulækkun lítur n. svo á, að teflt sé á fremsta hlunn með tekjuáætlunina og hún sé ekki eins varleg og oftast áður, miðað við þær horfur, sem blasa við framundan. Ef það er athugað, hvernig ríkistekjurnar hafa reynzt undanfarinn tíma, kemur það í ljós, að á árunum 1926—1931 hafa þær orðið að meðaltali 14,6 millj. á ári. Þrjú síðustu árin nema þær 16 millj. að meðaltali, en síðasta árið, 1931, eru þær komnar ofan í 15,2 millj. Tölur þessar hefi ég tekið eftir endurskoðanda ríkisins og vænti því, að þær séu fullkomlega ábyggilegar. Samkv. skýrslu fjmrh. í byrjun þingsins um afkomu síðastl. árs er svo að sjá, að tekjurnar hafi reynzt 1932 11,1 millj. En sú upphæð er þó ekki sambærileg við þær upphæðir, sem ég nefndi fyrr, vegna breyttrar reikningsfærslu nú síðasta ár. Það ár eru tekjur af ríkisstofnunum, t. d. pósti og síma, aðeins taldar nettó, í stað þess, sem þær voru áður taldar brúttó, og nemur sú skekkja, að mér skilst, um 2,1 millj. Hefðu þá tekjurnar, reiknaðar á sama hátt og áður, numið 1932 um 13,2 millj., sem er um 2 millj. lægra en næsta ár á undan, og er það stórfelld lækkun teknanna, sem kemur þar fram á einu ári.

Í fjárl. þeim, sem nú gilda, eru tekjurnar áætlaðar 10,6 millj., en í fjárlagafrv. fyrir 1934 eru þær áætlaðar 11,5 millj. Þetta þykir n. allt of hátt áætlað, og leggur því til, að tekjuáætlunin verði færð niður um 475 þús. Mun þrátt fyrir það vera í hæsta lagi. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefir allmikill tekjuhalli orðið síðastl. ár, meðfram vegna lækkandi tekna, því það hefir reynzt erfitt að þrýsta niður útgjöldunum til jafnvægis á móti tekjurýrnuninni. Þannig varð tekjuhallinn t. d. síðastl. ár um 2¼ millj. kr., þegar teknar eru inn- og útborganir árs-

ins í heild. Nú má að vísu vænta þess, að útkoma þessa árs verði betri en síðastl. árs, m. a. sökum þess, að fjárl. þ. á. munu vera meira en 1 millj. kr. hagstæðari hvað útgjöldin snertir en næsta ár á undan. Þó er þess varla að vænta, að fullt jafnvægi náist, nema þá með auknum ríkistekjum, eins og talað hefir verið um raunar, en lítið bólar á ennþá.

Þá sýnist mér ekki betur horfa með jöfnuð á fjárlfrv. fyrir 1934. Að sjálfsögðu má þó komast lengra um sparnað útgjaldanna en þar er gert, ef samhugur hv. þm. væri fyrir hendi í því efni. En hvort svo er, sker reynslan brátt úr við atkvgr. þá, sem fyrir liggur. Reynist svo, að áhugi sé hjá hv. þm. um lækkun útgjaldanna, mun fjvn. hafa hug á að bera fram við 3. umr. frekari sparnaðartill. Eins og nú horfir um fjárhag ríkisins, þá hefir fjvn. talið það skyldu sína og óhjákvæmilega nauðsyn að sporna á móti nýjum útgjöldum, jafnvel þó að til nytsemda horfi, og fella niður af frv. ýmsa liði, er hún telur ekki hafa rétt á sér eins og ástandið er nú. Það er því undantekning, að n. hefir lagt til að hækka framlög til vegagerða lítið eitt, og er það gert sérstaklega með það fyrir augum, að sú ráðstöfun yrði einskonar atvinnuleysishjálp. Og ég býst við, að óhjákvæmilegt verði að ganga lengra inn á þá braut, áður en til fulls er gengið frá frv.

Horfurnar eru þá þessar, að verði till. n. samþ., þá er tekjuhallinn á frv. 16 þús. króna. Tekjurnar eru þó að dómi n. áætlaðar í fyllsta lagi, ótaldar allar útgjaldaheimildir, er felast í frv., og ekkert til að mæta þeim útgjöldum, sem bætast kunna í frv. í meðferð þingsins, né heldur til að mæta þeim ófyrirséðu útgjöldum utan fjárlaga, sem alltaf hljóta að koma fram, meiri eða minni, eftir sérstökum lögum og þar fyrir utan, sem fjáraukalög hvers árs bera ljósast vitni um og sízt verða venju minni á krepputímum. Nú er það svo, að fram eru komnar hér í hv. d. brtt. til útgjalda frá ýmsum þdm., er nema samtals 1 millj. 352 þús. En einnig till. til sparnaðar, er nema 26-500,00. Útgjaldaaukningin yrði því, ef till. þessar yrðu samþ., 1⅓ millj. kr. Auk þessa eru till. um ábyrgðarheimildir, er nema 1½ millj. Ég hefi viljað gera tilraun til að skýra, hvernig málið lægi fyrir, svo hv. þdm. gætu haft það til hliðsjónar, þegar að því kemur að taka ákvörðun um, hvort fært sé að bæta miklu af fyrirliggjandi útgjaldabeiðnum í frv., sem nema, eins og ég tók fram, samtals um 1⅓ millj.

Skal ég svo víkja nokkrum orðum að brtt. þeim, sem n. flytur við þennan kafla frv., er ég á að mæla fyrir, og er þá fyrst að snúa sér að tekjubálknum.

Fyrsta brtt. lýtur að því að lækka stimpilgjaldið um 25 þús. kr., úr 425 þús. niður í 400 þús. Ef litið er á reynslu undanfarinna ára þá hefir gjald þetta reynzt nokkuð jafnt. Meðaltal 6 síðustu áranna er 415 þús. kr., en síðastliðið ár nam það ekki nema 411 þús., og með hliðsjón af því sýndist n. sjálfsagt að lækka áætlun þá, sem fyrir liggur.

Næsta brtt. er um, að áfengistollurinn verði lækkaður um 50 þús., úr 500 þús. niður í 450 þús. Um þennan tekjulið er það að segja, að hann hefir reynzt mjög breytilegur eftir árferði. Að meðaltali hefir hann numið 6 síðastl. ár, að undanteknu árinu sem leið, 608 þús. En 1932 er hann aðeins 457 þús. Að sjálfsögðu hefir kreppuástandið afarmikið að segja gagnvart þessum tekjustofni. Þorði n. því ekki, eftir að hafa borið sig saman við forstjóra áfengisverzlunarinnar, að gera ráð fyrir, að hann myndi reynast næsta ár meiri en 1932, og leggur því til, að hann verði lækkaður um áðurgreindar 50 þús.

Þá er 3. brtt. n. um að lækka tóbakstollinn um 50 þús. kr. Meðaltal þessa tolls er síðustu 7 árin tæp 1180 þús., og hefir hann heldur farið hækkandi þetta árabil fram að síðastl. ári, en þá reynist hann ekki nema 1046 þús. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að sýnilegt er, að vegna tóbakseinkasölunnar, sem kom til framkvæmda í ársbyrjun 1932, hefir innfl. 1931 orðið óeðlilega hár, en að því skapi minni 1932. Þykir því ekki rétt að miða tollinn 1934 við þá útkomu, en hinsvegar óvarlegt að áætla hann hærri en meðaltal hins umgetna árabils, þegar líka ennfremur þess er gætt, sem forstjóri einkasölunnar fullyrti, að kreppan hafi þó nokkur áhrif á kaup tóbaksvaranna. Leggur n. því til, að tollur þessi verði

færður úr 1200 þús. niður í 1150 þús. Býst hún þó við, að áætlunin muni verða í hæsta lagi, ef kreppan heldur áfram.

Fjórða brtt. er um, að annað aðflutningsgjald lækki úr 150 þús. niður í 100 þús. Þetta hefir verið traustur tekjustofn fram að síðastl. ári. Meðaltal hans hefir verið um 220 þús., þar til árið sem leið, að hann nær ekki nema 91 þús. Að hann hefir farið svona mjög niður, er að mestu vegna innflutningshaftanna. Fjvn. byggir því till. sína um að lækka þennan lið á því ástandi, sem nú er. Með því að áætla hann 100 þús. er hann þó hærri en hann hefir reynzt síðastl. ár.

Þá er 5. brtt. fjvn. um að vörutollurinn sé færður niður um 100 þús., úr 1,3 millj. niður í 1,2 millj. Tollur þessi er mjög breytilegur, sem fer eðlilega eftir árferði. Þannig nam hann t. d. árin 1929 og 1930 um 2 millj. kr., en síðastl. ár ekki nema 1,2 millj. N. telur ekki varlegt að áætla meiri tekjur af honum 1934 en hann reyndist síðastl. ár, eða 1,2 millj.

Sjötta brtt. er um að færa verðtollinn niður úr 1,1 millj. niður í 1 millj. Það er töluvert erfitt að gera sér ljósa hugmynd um, hvað þessi tekjuliður muni reynast. Rakni eitthvað fram úr því ástandi, sem nú er, má telja víst, að tekjur af honum aukist frá því, sem þær eru nú. En síðastl. ár hafa þær reynzt mjög mismunandi, enda hefir tekjuákvæðum hans verið breytt dálítið. Síðastl. 7 ár hefir meðaltal hans reynzt um 1550 þús. kr. Hæst komst hann 1930; þá nam hann 2 millj. 337 þús., 1931 var hann 1540 þús., en síðastl. ár reyndist hann ekki nema 760 þús., eða tæplega ½ af því, sem hann var fyrir 2 árum. Lækkun þessi stafar að mestu af innflutningstakmörkununum, sem koma mjög hart niður á þær vörur, sem tollur þessi hvílir á. Þá hefir almenningur líka sparað mjög kaup á verðtolluðum varningi, t. d. álnavöru. En það getur naumast orðið nema um tiltölulega takmarkaðan tíma, sem hægt er að spara kaup á þeirri vöru jafnmikið. Þá hafa verzlanir líka gengið mjög á birgðir sínar hvað vörur þessar snertir síðastl. ár. Það er því sýnilegt, að tollur þessi muni heldur hækka frá því, sem hann var síðastl. ár, að óbreyttu því ástandi, sem nú er. Leggur n. því til, að hann verði áætlaður 1 millj. árið 1934, og er það þó hærra en hann reyndist síðastl. ár.

Eftir að hafa athugað allnákvæmlega reikninga póstmálanna fyrir síðastl. ár og átt samtal við póstmálastjóra um horfurnar fyrir árið 1934, sýndist n., að tekjurnar séu of hátt áætlaðar sem svarar a. m. k. 100 þús. kr. Í fjárlagafrv. er ekki áætlaður neinn rekstrarhalli á póstsjóði, en árið sem leið hefir þessi halli orðið fullar 100 þús. kr., og er ekkert sem bendir til þess, að sá halli verði minni á næsta ári. Ef sömu ákvæði um innflutningshöft gilda, sem nú eru, eins og við er búizt, þótti n. sýnt, að rétt væri að lækka áætlun 3. gr. A. I. um 100 þús. kr. Þar af leiðir, að breyta þarf nokkrum liðum 3. gr. til samræmingar við það. Þá eru laun samkv. 3. gr. A. II. 1. a. vantalin í frv. um 10 þús. kr., sem n. gerir till. um að leiðrétta.

Fleiri till. hefir n. svo ekki gert við tekjubálkinn, en ég vil þó geta þess, að eftir að hún skilaði sínum brtt. hafa henni borizt upplýsingar um það, að tekjur af vélsmiðju ríkisins mundu vera áætlaðar allt of háar, en þær eru í frv. áætlaðar 25 þús. kr. Síðastl. ár hefir hún sama sem engar tekjur gefið, og nú eru þær horfur, að verksmiðjan fái mjög lítið til að vinna, svo það eru ekki líkur til, að hún gefi teljandi tekjur árið 1934. Hinsvegar skal ég geta þess, að n. hafa einnig borizt upplýsingar um aðrar ríkisstofnanir, sem líkur eru til, að gefi af sér meiri tekjur en áætlað er, t. d. tóbakseinkasalan, svo ætla má, að þar vinnist upp fyllilega það, sem á kann að vanta frá vélsmiðjunni.

Þá eru 11., 12. og 13. brtt. n., sem fela í sér lækkun á nokkrum gjaldaliðum, sem eiga að greiðast í dönskum kr., en umreikn. í frv. í ísl. kr. með gengi 115. Leggur n. til að lækka þessa liði, vegna gengislækkunar dönsku krónunnar, sem varð eftir að frv. var samið. Þessir liðir eru: 1) Vextir af dönskum lánum, sem lækka um rúmlega 17 þús. kr. 2) Borðfé konungs, sem lækkar um 9 þús. kr., og 3) meðferð utanríkismála, sem er lækkað um 1800 kr., samtals um 28 þús. kr. N. er að sjálfsögðu ljóst, að gengið getur breytzt, en hinsvegar þótti henni sjálf-

sagt að miða við það gengi, sem nú er á dönsku krónunni.

Þá er 14. brtt. aðeins afleiðing af þeirri breyt., sem gerð var í fyrra á læknishéraði Reykjavíkur, en raskar á engan hátt þeirri skipan, sem nú er um þessa hluti.

N. hefir lagt til með 15. brtt., að styrkur til Lúðvíks Nordals, kr. 1000, falli niður. Þessi styrkur mun hafa verið veittur sem uppbót fyrir læknisstörf hans í Árnessýslu, en nú er þessi læknir ráðinn við spítalann á Reykjahæli og hefir þar sæmileg laun. Þótti því n. sjálfsagt, að styrkur þessi félli niður, enda mun læknirinn sjálfur líta svo á, að það sé réttmætt.

16. brtt. er um það, að burt verði felldur utanfararstyrkur til héraðslækna. Fjvn. sá sér ekki fært að mæla með þessari fjárveitingu, þótt hún hinsvegar játi, að utanfararstyrkir til lækna eigi mestan rétt á sér af utanfararstyrkjum. En n. tók þá stefnu að skera niður alla utanfararstyrki að þessu sinni. Varð hún því að láta styrki til læknanna fylgjast með, enda þótt hún teldi þá einna þarfasta.

Þá er 17. brtt. aðeins töluleiðrétting.

Þá kemur nú að nokkrum till. n. um ný framlög til vega. Það kann nú að þykja nokkur mótsögn í því að bæta við útgjöldum þessum jafnframt því, sem lagt er til að fella niður ýmsa útgjaldaliði, og það þótt um þarfa hluti sé að ræða. En þessar brtt. byggjast fyrst og fremst á því, að ýms héruð hafa orðið allmikið útundan um opinberar framkvæmdir, en almenningi hinsvegar mikil nauðsyn að geta fengið vinnu við þær sem atvinnubótahjálp. Fyrir þessu er gerð nokkur grein í nál., og ætla ég, að hv. þdm. hafi kynnt sér það, sem þar er sagt, og leyfi mér að vísa til þess. Þessi framlög til vega ganga vitanlega mjög skammt í því að bæta úr atvinnuleysinu, en miða þó sem sagt í þá átt, og má geta þess, að í sumum sýslum eru þetta einu framlögin til þjóðvega á þessu ári. Ég vil geta þess, að vegamálastjóri hefir upplýst n. um, að ef vegalagafrv. það, sem nú er fyrir þinginu, nær fram að ganga, þá mundu við það allmikið aukast útgjöld til þjóðvega árið 1934. Um þessa vegakafla, sem n. ber fram till. um, að smáupphæðir verði veittar til, ætla ég ekki að fjölyrða. Vil aðeins geta þess, að vegamálastjóri mælir með þeim öllum, endar teknar upp úr till. hans. Er fyrst að nefna Saurbæjarveginn, sem er framhald af Vesturlandsveginum, og er ætlazt til, að fyrir þessa upphæð, 4 þús. kr., verði hægt að gera bílfært lengra norður í Dalina. Er það skoðun vegamálastjóra, að þessi upphæð geri mikið gagn. Þá er Kollafjarðarvegur, sem er framhald af Steinadalsvegi, áleiðis til Hólmavíkur. Upphæð þessi er ætluð til að gera vegarkafla bílfæran út með firðinum, með því að leggja hann eftir hlíðinni, nokkru ofar en hann liggur nú. Telur vegamálastj. þessa fjárveitingu nauðsynlega.

Þá er 20. brtt., um 8 þús. kr. framlag til Fjarðarheiðarvegar. Þessi vegur hefir oft verið til umr. hér á þinginu undanfarið, en framlög til hans aldrei náð samþykki þingsins, enda í fyrstu gert ráð fyrir, að til hans þyrfti mjög háa upphæð, eða um 360 þús. kr. Þetta þótti allt of mikill kostnaður miðað við þau litlu not, sem ýmsir töldu, að verða mundi af þessum vegi, sem m. a. mundi liggja undir snjó mikinn hluta ársins. Seinna kom fram áætlun um að lækka þessa upphæð mikið, eða í 100 þús. kr. Nú er enn komið álit frá vegamálastjóra, þar sem gert er ráð fyrir, að vegasamband megi fá þarna yfir fyrir 25 þús. kr., svo að bílfært verði yfir heiðina um hásumartímann, þó þar verði vitanlega ekki góður vegur, því allbratt er á köflum. Þegar nú svona er komið, að ekki er hér orðið nema um tiltölulega litla fjárupphæð að ræða, en hinsvegar töluverða hjálp fyrir þá, sem þarna búa, og ennfremur atvinnubótavinna fyrir Seyðfirðinga, vildi n. leggja hugmyndinni lið og leggur til, að þriðjungur þessarar áætluðu upphæðar verði veittur á árinu 1934, og hefir vegamálastjóri stutt þá till. — Þá er hér í sömu brtt. lítil upphæð til Breiðdalsvegar, 3 þús. kr., sem n. hefir tekið upp eftir till. vegamálastjóra.

Þá leggur n. til að veita sín 3 þús. til tveggja vega í Skaftafellssýslu. Annar vegurinn er Suðursveitarvegur, sem nokkuð hefir verið unnið að undanfarið. Telur vegamálastjóri sérstaklega áríðandi að leggja þennan veg í sambandi við fyrirhugaða brúargerð á Kolgrímu. Hinn er

Síðuvegur, sem liggur frá Breiðabólsstað austur Síðuna, og er ætlazt til, að fyrir þessa upphæð greiðist bifreiðum leiðin á mjög löngu svæði.

Þá er síðasta till. n., sem snertir vegina um hækkun á fjárveitingu til fjallvega úr 20 þús. í 25 þús. kr. Vegamálastjóri hafði lagt til, að þessi upphæð yrði 30 þús. kr., en stj. hafði fært hana niður í 20 þús. kr. Um framlög til fjallvega má yfirleitt segja, að það fé notast vel til atvinnubóta, því lítil upphæð fer á hvern stað, enda hefir hæstv. atvmrh. mælzt til þess, að n. hækkaði þennan lið á þeim grundvelli. Með þetta fyrir augum samhliða því, að hin mesta þörf er á að hraða ýmsum þeim fjallvegagerðum, sem nú er verið að vinna að, leyfir n. sér að mæla með 5 þús. kr. hækkun á liðnum. En vill þó sumpart binda þá hækkun við framlag til Svalbarðseyrarvegar, svo hann verði akfær. Er nánari grein gerð fyrir því í nál.

23. brtt. er um það, að hækka laun aðstoðarverkfræðings vitamálastjóra úr 5200 kr. í 6160 kr. Þessa till. flytur n. samkv. beiðni dómsmrh., og er það gert til þess að færa laun þessa starfsmanns til samræmis við laun aðstoðarverkfræðings vegamálastjóra, því þessir tveir menn eiga að hafa jafnt eftir launalögunum. Þessi liður hafði fyrir vangá misfærzt, svo að hér er í raun og veru ekki um annað en leiðréttingu að ræða.

N. hefir engar brtt. gert við hinar upphaflegu till. stj. um framkvæmdir í síma-, hafnar- eða vitabyggingum, en í nál. hefir hún gert grein fyrir afstöðu sinni til símamálanna, þannig, að hún vill fylgja till. landssímastjóra að öðru leyti en því, að hún vill alls ekki samþ., að línuþráðafjölgun eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir þeim nýjum línum, sem hann hefir þó lagt til, að lagðar verði. Vil ég f. h. n. leggja áherzlu á þetta atriði.

Þá er í nál. gerð grein fyrir því, hvernig n. leggur til, að varið verði framlagi til bryggjugerða og lendingarbóta fyrir árin 1933 og 1934, 20 þús. kr. hvort árið, eða 40 þús. kr. alls, sem veitt er gegn ⅔ annarsstaðar frá. Ég skal geta þess, að n. hefir kynnt sér það, að ekki var búið að ráðstafa fénu fyrir yfirstandandi ár. Eru till. n. á þessa leið:

Til bryggjugerðar á Arnarstapa á Snæfellsnesi, ⅓ kostnaðar, allt að 3500 kr. Til bryggjugerðar í Grindavík, ⅓ kostnaðar, allt að 8500 kr. Til bryggjugerðar á Kópaskeri, ⅓ kostnaðar, allt að 3000 kr. Til bryggjugerðar á Djúpavogi, ⅓ kostnaðar, allt að 1500 kr. Til bryggjugerðar á Húsavík, ⅓ kostnaðar, allt að 20000 kr. Til dýpkunar hafnarinnar á Stokkseyri, ½ kostnaðar, allt að 4000. Samtals 40500 krónur.

Að öðru leyti vil ég vísa til skýrslu n. í nál. um afstöðu hennar til þessara mannvirkja og skilyrði þau, er hún taldi sjálfsagt að setja í sambandi við framlög ríkissjóðs til þeirra. En ég skal bæta því við, að fyrir n. lágu upplýsingar um þessi mannvirki og meðmæli vitamálastjóra.

Fleiri brtt. ber n. ekki fram við þennan kafla fjárl., sem ég hefi framsögu á, og læt ég því máli mínu lokið í þetta sinn. Læt að sjálfsögðu bíða að lýsa afstöðu n. til þeirra brtt., sem komið hafa við frv. frá einstökum þm., þangað til þeir hafa talað fyrir þeim.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég á þrjár brtt. við þennan kafla fjárl. á þskj. 296. Er það fyrst við 13. gr. A. II., um 4 þús. kr. nýja fjárveitingu til Laugadalsvegar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þessi vegarkafli í Laugadalnum er sá eini vegur í Norður-Ísafjarðarsýslu, annar en Breiðadalsheiðarvegar, sem er í tölu þjóðvega. Þó hefir ekkert verið til hans lagt frá ríkissjóði ennþá. Aftur á móti hefir verið lagt til vegarins hinumegin við Steingrímsfjarðarheiði, í Strandasýslunni, fullar 87 þús. krónur.

En Djúpmegin hefir enn ekkert verið lagt til vegagerða, þó þörfin sé þar engu síður mikil, því í Laugadalnum er talsvert þéttbýlt og nauðsynlegt að fá þarna akfæran veg. Vegalengdin frá sjó fram í dal, þ. e. a. s. fram að Steingrímsfjarðarheiði, er 14 km. Vegamálastjóri hefir áætlað, að til þess að gera þennan vegarkafla í Laugadalnum akfæran þyrfti 8 þús. kr., en ég hefi ekki hugsað mér, að þetta yrði unnið í einu, heldur yrði því skipt á tvö ár eða fleiri. Á þessum stöðvum var atvinnuleysi mikið síðastl. sumar, og útlitið hið sama fyrir næsta sumar; þess vegna er hér um tvöfalda nauðsyn að ræða fyrir þá, sem þarna búa, og vænti

ég, að hv. fjvn. taki sæmilega þessari málaleitan.

Þá á ég aðra brtt. við 13. gr., um aukið tillag til lendingarbóta úr 20 þús. í 25 þús. kr. Ég sé það á nál. fjvn., að hún hefir ráðstafað til ákveðinna framkvæmda bæði því tillagi til hafnarbóta og lendingarbóta, sem óráðstafað er af tillagi yfirstandandi árs, og sömuleiðis öllu tillagi næsta árs. Við þetta vil ég leyfa mér að gera þá aths., að á þinginu 1930 var lagður grundvöllur undir þær bryggjubyggingar, sem framkvæma átti þá á næstu þremur árum. Í ályktun n. það ár er ákveðið að veita fyrstu greiðslu af þrem til nokkurra bryggjugerða. Ein þeirra er bryggjugerð í Hnífsdal. Nú hefir verið unnið að þessari bryggjugerð í Hnífsdal bæði árin 1931 og 1932, og til þess notað það fé, sem veitt hefir verið í fjárl. þessara ára. Þegar í upphafi var það vitað, að leggja þyrfti fram úr ríkissjóði um 27 þús. kr. til þessa fyrirtækis, og er það tekið fram í nál. 1930. Af þessu fé hefir nú þegar verið notað 18382,65 kr. En bryggjan kemur ekki að neinum notum ennþá, og verður það ekki, nema þriðja greiðslan fáist eins og upphaflega var til ætlazt. Allur kostnaður við þetta mannvirki verður rúmlega 80 þús. kr., og hefir kostnaðaráætlunin algerlega staðizt hingað til, svo að engin ástæða er til að ætla, að verulegu muni hér eftir. Ég vænti, að hv. n. sjái, að það er ekki rétt að veita fé til nýrra framkvæmda meðan ekki er búið að uppfylla eldri loforð, sem fjárveitingarvaldið hefir gefið. Slík mannvirki og þau, er hér um ræðir, koma oft ekki að notum fyrr en þau eru fullgerð. Ég hefi ekki fengið fulla vissu um það, hvort Eyrhreppingar geta lagt fé fram á þessu ári á móti þeim 9 þús. kr., sem ríkissjóður hefir skuldbundið sig til að leggja fram á yfirstandandi ári. Þá getur farið svo, að verði að skipta þessum framkvæmdum á 2 ár. En ég hefi vissu fyrir því nú þegar, að á þessu ári getur hreppurinn lagt fram nokkurt fé, og ætti þar á móti að koma ⅓ úr ríkissjóði, ef staðið er við eldri loforð. Fari nú svo, að ekki verði hægt að útvega nægilegt fé, svo verkinu verði lokið á yfirstandandi ári, vænti ég þess fastlega, að í fjárl. fyrir næsta ár verði settar þær 5 þús. kr., sem þyrfti úr ríkissjóði til þess að fullvíst yrði, að hægt væri að fullgera þetta mannvirki 1934. Ég hefi áður lýst erfiðleikunum, sem stafa af hafnleysinu í Hnífsdal, og skal ekki fara mikið út í það nú. Upp- og útskipun er þar ótrúlega erfið, og veit ég til, að orðið hefir að verja 8—12 klst. í það að flytja eins dags afla af hverjum einstökum bát í land. Þetta hefir líka þær afleiðingar, að nú á síðari árum hefir verið mjög erfitt að fá menn til sjóróðra frá Hnífsdal. Það er ekki smávegis tap, sem sjómenn þar verða fyrir, að geta ekki farið á sjó dag eftir dag, þó að veður leyfi og afli sé góður, af því að löndunin tekur þennan óratíma. Ég hygg, að þörfin á hafnargerð muni hvergi vera eins brýn og þarna. Ég vona, að hv. n. og eins hv. d. fallist á brtt. mína á þskj. 296, XVII, þar sem farið er fram á að hækka framlagið til bryggjugerða og lendingarbóta um 5000 kr., með það fyrir augum, að í fjárl. fyrir 1934 verði 5000 kr. í fjárframlag til bryggjugerðar í Hnífsdal, gegn því, að hreppsbúar útvegi upphæð, er sé ⅔ hlutar á móti, svo að hægt verði að ljúka þessu mannvirki. Og ég er sannfærður um það, að sæju hv. þdm., hvað erfiðlega gengur stundum að lenda þarna, þá mundu þeir gera það sem í þeirra valdi stæði til þess að bæta úr því. Vænti ég því, að þeir samþ. þessa till. mína.

Þá á ég brtt. XIX. á sama þskj. Hún fer fram á það, að veittar verði 20000 kr. til viðgerðar á öldubrjótnum í Bolungavík. Þetta hefir verið kallað eitt af eilífðarmálunum hér á þingi. Ég veit, að svo muni þó ekki verða, því þó að margt sé óunnið til öryggis þessu mannvirki, sem hefir lyft plássinu ekki alllítið upp einkum á árunum 1912—24, þá vona ég, að bráðum verði gengið svo örugglega frá þessu nauðsynlega mannvirki, að ekki þurfti aftur að leita til ríkissjóðs. Því miður hefi ég ekki enn fengið till. hreppsnefndar um það, hvernig haga á viðgerðinni. En ég býst við þeim með næstu skipsferð, og verður það sennilega áður en þessari umr. lýkur. Vitamálaskrifstofan hefir því ekki getað gert till. til fjvn. um þessar framkvæmdir, en ég vona fastlega, að það geti orðið áður en lokið er 3. umr. um fjárlagafrv. hér í deildinni.

**Halldór Stefánsson:** Ég ætla mér ekki að fara út í neinar almennar umr. um fjárl. að þessu sinni, enda er nú mjög fámennt í d. En ég ætla að snúa máli mínu til hv. frsm. n., og vildi óska eftir því, að hann hlýddi á mál mitt. Auðséð er, að stj. hefir miðað mjög við það erfiða ástand, sem nú ríkir, er hún samdi fjárlagafrv. sitt, og hv. fjvn. hefir fylgt sömu aðferð. Ég hlýt að fallast á, að ekki er hægt að miða við annað en núv. ástand, og því verði till. um umbætur á landshögum færri og smærri en venja er til.

Till. þær, sem ég nú ber fram, eru allar brtt. við 13. gr. fjárl., um styrk til nýbygginga þjóðvega. Í frv. stj. eru ætlaðar 162000 kr. til þessa starfa, og er það miklu minna en þyrfti að vera. Af þessu fé er svo ¼ hluti veittur til eins fjallvegar á Norðurlandi, og má þá verða auðskilið, að ekki er mikið til skipta fyrir alla hina staðina, þar sem þörfin er brýn. N. fer nokkru lengra, og nema viðbætur hennar 25000 kr. Ef till. n. yrðu allar samþ., væri veitt alls á þessum lið 187000 kr. N. gerir þannig grein fyrir þessum hækkunartill., að þær séu auðvitað fyrst og fremst ætlaðar til umbóta á vegum, en svo líka sem atvinnubótavinna fyrir þau sveitarfélög, sem þessir vegir eru í. Á þessa síðari ástæðu fellst ég algerlega, það er sannarlega ekki vanþörf á því að reyna að örva svolítið atvinnulífið í landinu.

Á þskj. 296 eru ýmsar hækkunartill. frá einstökum þm. við þennan lið, nýbyggingar þjóðvega. Þær nema alls 37—39 þús. kr. Ef þær ná allar samþykki, yrði framlagið til nýbygginga þjóðvega alls um 244000 kr. og þessi upphæð getur hreint ekki talizt of mikil til þessara framkvæmda, því að hún er mun minni en oft hefir verið ákveðið áður, sérstaklega ef litið er á þá ástæðu hv. n., að þetta fé beri að skoða sem nokkurskonar útgjöld til atvinnubóta.

Till. mínar snerta allar þjóðvegi á Austurlandi. Ef athugaðar eru till. frv., sem byggðar munu vera á till. vegamálastjóra, þá sést, að vegum á Austurlandi hefir mjög lítill sómi verið sýndur, og kemur það ef til vill af ókunnugleik viðkomandi yfirvalda á staðháttum þar. Hv. n. hefir bætt nokkuð úr þessu, en þó ekki svo, að við megi una. Ég ber því fram till. um þjóðvegi á tveimur stöðum á Austurlandi, þar sem áður hefir verið unnið talsvert, en það eru Vopnafjarðarvegur og Úthéraðsvegur. Að báðum þessum vegum hefir verið unnið árlega nú um alllangt skeið, í þeirri föstu von, að frekar væri von á opinberum styrk til veganna, ef sýndur væri einlægur vilji til þess að hrinda verkinu í framkvæmd. Og ég fer ekki fram á neinar stórupphæðir til þessara vega, 6000 kr. til hvors. Þessir vegir eru báðir í byggðum, og þegar þeir eru fullgerðir, tengja þeir mikinn hluta sveitanna við sinn eðlilega hafnarstað.

Þá ber ég fram till. um að hækka framlag til tveggja vega úr 4000 kr. upp í 6000 kr. Annað er Bakkafjarðarvegur, sem áður hefir verið unnið að, og hitt Jökulsárhlíðarvegur, sem lengi hefir verið unnið að. Ég vil vonast til þess, af því að þessar till. mínar eru svo litlar og sanngjarnar, að hv. n. og eins hv. d. sjái ekki ástæðu til þess að bregða fyrir þær fæti.

**Magnús Jónsson:** Við þennan kafla fjárl. á ég aðeins eina brtt., það er 7. brtt. á þskj. 296. Hún er um það að veita verkamanninum Magnúsi Magnússyni dálítinn styrk til lækninga, vegna áverka, sem hann fekk við vegavinnu ríkisins. Það var árið 1906, að þessi maður var í vegavinnu á Mosfellsheiði. Hrökk þá stálflis úr hamri upp í auga hans, og átti maðurinn mjög lengi í þessu og missti síðast augað. Hann hafði aldrei haft sterka sjón, og læknar töldu hættu á því, að hann gæti einnig misst sjónina á hinu auganu, og er nú svo komið, að á því er mikil hætta. Hann hefir víst áreiðanlega ekki verið nefndur hér á Alþ. fyrr, en fer nú fram á dálítinn styrk til þess að geta leitað sér góðra lækninga. Ég trúi ekki öðru en að þingið verði við þessari litlu beiðni, þegar það er líka athugað, að maðurinn varð fyrir þessu slysi í ríkissjóðsvinnu. Ég orðlengi þetta ekki frekar, enda eru nú svo fáir þm. í d., að þó að ég sannfærði þá alla, nægði það ekki til þess að koma till. minni fram.

**Sveinn Ólafsson:** Umr. hafa að þessu sinni farið hóflega fram og ólíkt spaklegar en oft hefir áður verið við 2. umr. fjárl., þegar kalla má, að stundum hafi verið

fullkominn eldhúsdagur haldinn yfir hv. fjvn. Ég ætla ekki að fara að deila á hv. fjvn. fyrir það, sem mér kann að þykja ábótavant í starfi hennar, ég viðurkenni fúslega, að starf hennar er vandasamt, og ætlast ekki til þess af henni, frekar en öðrum, að hún geri svo öllum líki. Ég viðurkenni einnig, að n. hefir sýnt virðingarverða tilraun til að draga úr lítt þörfum gjöldum, þar sem þess var kostur, og fara sparlega með fé; en nú mun meiri þörf á ráðdeild í þjóðarbúskapnum en nokkru sinni fyrr. Við þennan kafla fjárl. á ég hvorki margar né stórar brtt., og vænti ég þess, að n. og hv. d. sjái sér fært að styðja þær. Annars skal ég ekki fjölyrða um vegatill. mínar, því að ég get að nokkru leyti notað síðustu ræðu hv. 1. þm. N.-M. sem formála fyrir þeim. Athugasemdir hans um þjóðvegagerðina voru fyllilega réttmætar og get ég í því efni undir hvert hans orð skrifað. Ég vil ekki endurtaka þær ástæður, sem hann bar fram fyrir því, að nánar þyrfti að líta á skiptingu þeirrar atvinnuhjálpar til einstakra sveitarfélaga, sem felast á í dreifingu vegafjárins. Hv. fjvn. hefir í nál. sínu berlega lýst því yfir, að hún vilji hluta þessa hjálp svo að hún komi að almennum notum. Til þess að þetta megi frekara verða í framkvæmdinni þannig, hefi ég borið fram brtt. á þskj. 296, VIII., þar sem ég legg til, að fjárframlagið til vegarins á Holtavörðuheiði, sem í frv. er tiltekið 40000 kr., verði fært niður í 20000 kr. Með þeim hætti er hægara um vik að dreifa fénu meira en gert er í fjárlfrv. og till. n. Ég þarf ekki að fara um þetta mörgum orðum; ég hefi áður tekið það fram, einnig á síðasta þingi, að ég áliti veginn yfir Holtavörðuheiði ekki líkt því eins aðkallandi og ýmsa vegi í byggðum. Yfir Holtavörðuheiði eru varla aðrir flutningar en mannflutningar milli landsfjórðunga að sumri, og þeir eru ekkert líkt því eins aðkallandi og vegir um sveitir, þar sem mikið af flutningi verður enn að fara fram á klökkum, af því að vegi vantar. Ég hefi orðið þess var, að þessi till. mín hefir verið tekin illa upp af sumum hv. þm. Ég skil það vel, að þeir, sem leggja mikla áherzlu á að greiða götu farfuglanna að sumarlagi, vilji halda í þessa fjárveitingu, en þeir menn hugsa þá að sama skapi lítið um þarfir bænda í afskekktum sveitum. Ég verð þó að álíta, að frekar beri að greiða götu þeirra en farfuglanna, sem sumrinu eyða í ferðalög.

Ég kem þá að þeirri einu till., sem ég á um framlag til vega í mínu kjördæmi. Hún er á þskj. 296,XIV., og fer ég þar fram á, að 3000 kr. verði veittar til Skriðdalsvegar. Þessi vegur er orðinn akfær fram í miðjan dalinn frá Egilsstöðum, en gæti orðið akfær á sveitarenda, ef þessi upphæð, þótt lítil sé, yrði veitt.

Ég hefi skorið till. þær, sem ég flyt, mjög við neglur. Vil ég með því fylgja því ráði, sem hv. fjvn. hefir bent á, að dreifa fjárveitingunum sem mest, en veita ekki stórar upphæðir á einstökum liðum. Með þeim hætti geta flest héruð fengið einhverja úrlausn. Sjálfur hefi ég gert lægri kröfur en allir aðrir, sem brtt. eiga hér um skiptingu vegafjárins.

Ég get verið stuttorður um brtt. mína við 13. gr. A. II. a. 4., þar sem ég legg til, að framlagið til Holtavörðuheiðarvegarins verði 20 þús. í stað 40 þús. Mér sýnist engin nauðsyn á því að flýta svo mjög þessari vegargerð, enda vita allir, að hér er aðeins um „sport"veg að ræða, sem ófyrirsynju hefir þó gleypt hundruð þúsunda og er að hverfandi litlu liði.

Ég kem þá að brtt. við 13. gr. B. 1. b., sem merkt er XVI., flutt af hv. 1. þm. N.-M. og mér, þar sem styrkveiting til Eimskipafélags Íslands, 200 þús. kr., er gerð að nokkru leyti skilorðsbundin, þannig að félagið hagi strandsiglingum sínum svo, að þær taki til allra landshluta sem jafnast. En þetta hefir ekki verið svo undanfarið. Næstliðið ár varð Austurland mjög útundan um strandferðir þessar, enda þótt styrkur til félagsins væri hækkaður í fjárlögum síðustu úr 60 upp í 250 þús. kr. Þetta má ekki svo til ganga, að helmingur landsins, Suður- og Austurland, verði nær sviptur strandferðum, samtímis því, að félagið er rösklegar stutt en nokkru sinni áður. Má ekki minna vera en að félagið hafi eitthvert aðhald um að láta strandsiglingar koma öllum landshlutum til góða, þar sem ekki eru hafnleysur, og vænti ég þess, að hv. þd. geti fallizt á að samþ. þessa sjálfsögðu aths. um styrkveitinguna.

Þá kem ég að brtt. minni við 13. gr. C. VIII., merkt XVIII. á þskj. 296. Fer ég þar fram á, að veitt verði af þeim 20 þús. kr., sem ætlaðar eru til bryggjugerða og lendingarbóta, 3 þús. kr. til bátabryggju á Vattarnesi. Þau skilyrði, að lagðir verði ⅔ hlutar á móti annarsstaðar, munu þó vart fást hér uppfyllt. Ég veit að vísu, að hv. þdm. eru flestir, ef ekki allir, staðnum ókunnugir, og þykir mér rétt að minna á, að þetta er forn og orðlögð verstöð, einskonar birgðastöð margra héraða á liðnum öldum. Þarna úti við hafsauga er höfn svo góð, að fágætt er að hitta þær á andnesjum jafngóðar. Fiskimiðin eru skammt frá lendingu og þar mjög fiskisælt. Þangað hefir verið mikið sótt til útróðra, en þó hefir þess minna gætt síðan þiljaðir vélbátar komu, sem gátu sótt lengra á miðin. Nú allra síðustu árin hefir þó aukizt talsvert sókn þaðan með litlum vélbátum, sem stunda á grunnmiðum. En þó að höfn sé þarna góð og varin að mestu fyrir hafróti af löngum tanga, þá er lending skæm. Þarna er engin bryggja, svo að jafnvel þó ekki sé nema lítil vindkvika á firðinum, þá verður stundum að seila fiskinn í land. Um þessa lendingu er því líkt ástatt og um lendingar þær á Vestfjörðum, sem hv. þm. N.-Ísf. minntist á. Vitamálastjóri hefir gert uppdrátt að bryggjubyggingu á Vattarnesi og áætlun um kostnað af verkinu. Honum telst svo til, að bryggjan kosti 13 þús. kr. En mér þótti ekki tiltækilegt að bera fram hærri till. en áður er sagt, þar sem svo margt er nú skorið niður af fjárveitingum. En ef gert er ráð fyrir, að ⅔ hl. komi annarsstaðar frá, þá verður þetta mannvirki 9000 kr. virði. Gæti slík bryggja, þótt ekki hefði fulla lengd, veitt hlé 3—4 bátum í senn, en útreikningar vitamálastjóra eru miðaðir við stóran bátaflota. Tel ég samt mikils virði að koma upp þessu mannvirki, þó ekki nægði nema fyrir 4 báta, og mætti þá auðveldlega bæta við síðar.

Ég á ekki fleiri brtt. við þennan kafla fjárl., og þar sem hér er nú fámennt og fjárl. lítill gaumur gefinn, þá sé ég ekki ástæðu til að orðlengja þetta að sinni. Frsm. fjvn. er hér staddur, og vil ég skjóta því til hans, að ef eitthvað er vansagt í þessu máli mínu, þá er ég reiðubúinn að gefa fyllri upplýsingar utan þessarar umræðu.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég á eina brtt. á þskj. 296, við 12. gr. fjárl., þess efnis, að hækkuð verði styrkveiting til Rauðakrossdeildarinnar á Akureyri úr 500 upp í 1500 kr. Deildin hefir starfað nokkur ár á Akureyri, leigt húsnæði til sjúkraranns-ókna og haft lærða hjúkrunarkonu til þess að annast hjúkrunarstörf í bænum, einkum hjá þeim, sem ekki hafa getað eða átt erfitt með að veita sér hjúkrun á annan hátt.

Útgjöld deildarinnar eru: Laun hjúkrunarkonu 3600 kr., húsaleiga 600 kr. á ári. Tekjur deildarinnar eru lítilsháttar tekjur af hjúkrunarstarfseminni, lítilsháttar af því, eins og ég tók fram áðan, að hjúkrunarkonan vinnur að mjög miklu leyti hjá þeim, sem lítt eða ekki eru færir um að greiða hjúkrunarkostnað. Auk þess hefir deildin notið 1000 króna styrks frá Akureyrarbæ. Styrkur frá ríkissjóði var til að byrja með 1000 kr., en síðar færður niður í 500 krónur. Hrökkva tekjur deildarinnar ekki svipað því fyrir útgjöldum og hefir reynzt afarerfitt fyrir stuðningsmenn og velunnara deildarinnar að fá þann halla jafnaðan. Reynt hefir verið að afla þess fjár, sem á hefir vantað, bæði með samskotum, samkomum, fyrirlestrum og hlutaveltu. En nú hafa hlutaveltur verið bannaðar á Akureyri á síðasta ári. Er nú svo komið, að viðbúið er, að deildin verði að leggjast niður og hætta störfum. Kæmi það sérstaklega hart niður á fátækari hluta bæjarbúa, sem notið hafa læknishjálpar og hjúkrunar frá deildinni.

Þó að svo líti út, sem hér sé farið fram á hækkun styrksins upp í 1500 krónur, þá er því í raun og veru ekki þannig varið. Fyrir mistök var styrkurinn fyrir árið 1931, 500 kr., aldrei greiddur til deildarinnar. Sá maður, sem veita átti styrknum móttöku f. h. deildarinnar, krafðist hans of seint, og fékkst hann því eigi greiddur. Hækkunin að því er þessar 500 kr. snertir er því aðeins það, sem þegar var búið að veita í fjárlögum. Raunveruleg hækkun frá því áður hefir verið veitt nemur því aðeins 500 kr.

Með tilliti til þess mikla starfs, sem

Rauðakrossdeildin hefir unnið í þágu fátækra sjúklinga, og með tilliti til þess, hversu fjárhagur deildarinnar er erfiður, vil ég mælast til þess, að hv. dm. taki þessari málaleitun vinsamlega með því að samþ. till. Fjárhæðin er svo lítil, að litlu skiptir fyrir ríkissjóð, en hinsvegar mikið nauðsynjamál, sem hér er um að ræða.

**Haraldur Guðmundsson:** Við 1. umr. þessa máls hefi ég drepið á heildaryfirlit fjárl., svo að ég þarf ekki að fjölyrða um þau við þessa umr.

En rétt þykir mér að benda á, hvernig nefndin lítur á horfurnar á þessu ári. Hún segir í nál.:

„Horfurnar framundan um viðskiptaástandið virðast ekki enn benda á breytingu til batnaðar. Telur nefndin því enga ástæðu fyrir hendi að gera ráð fyrir, að ríkistekjurnar reynist yfirleitt meiri árið 1934 en síðastl. ár, að óbreyttri tekjulöggjöf".

Þegar ég ræddi um þetta við forsrh. og spurði hann, hvers vegna ekki væri gert ráð fyrir neinum atvinnubótum í fjárl., þá svaraði hann því til, að hann gerði sér vonir um, að nú færi kreppunni að létta af. En nefndin hefir ekki litið svo á, og tel ég, að n. hafi í þessu rétt fyrir sér.

Hinsvegar hefir n. gert till. um lækkun á tekjum, sem ástæðulaust virðist með öllu að lækka. T. d. gerir hún að ástæðulausu till. um að lækka áfengistollinn, tóbakstollinn, verðtoll og vörutoll, og sama er að segja um stimpilgjald. Þessa liði hefði alls ekki verið ástæða til að lækka. Hinsvegar hefði mátt hækka t. d. fasteignaskattinn, sem áætlaður er í fjárl. 330 þús., en varð síðastl. ár 370 þús. Hér eru því vantaldar 40 þús. kr. Sömuleiðis má hækka tekjuskattinn. Er enginn vafi á því, að ef tekjuliðurinn verður samþ. eins og hann liggur fyrir, þá skakkar um 550 þús., ef ekki fer allt í kalda kol.

Aðalsvipur á till. n. er sá, að fella niður smástyrki til menningarmála. Þessar upphæðir eru litlar, lítið sparað á því að fella þær niður, en hinsvegar veldur þetta miklum óþægindum fyrir þá, sem verða fyrir þessu, þegar menn verða fyrir þær sakir að hætta við nám erlendis o. s. frv.

Um verklegar framkvæmdir farast n. svo orð í nál.:

„En um framlög til verklegra framkvæmda, sem að vísu má segja um, að eigi séu bundin með lögum og því hreyfanleg, var það einhuga álit nefndarinnar, að með engu móti væri gerlegt að draga úr þeim. Fyrir það fyrsta væru framkvæmdir þessar mjög aðkallandi til hjálpar og hagsbóta héruðum þeim, sem hlut eiga að máli og lengi hafa eftir þeim beðið. Og í annan stað kæmu fjárveitingar til þessara framkvæmda héruðunum til hjálpar sem atvinnubætur, er gera mörgum frekar kleift að inna af höndum ýms opinber gjöld, sem annars yrði engin leið að greiða".

Svo virðist á þessu, sem n. hafi skilið þörfina á verklegum framkvæmdum, þörfina á því að bæta úr atvinnuleysinu. En eftir þennan formála er skammt stigið. Þessi litla hækkun á fjárveitingu til vegagerða, 29 þús. kr., er miklu fremur sem afsökun, því að lítið bætir úr samgöngum og engin bót á atvinnuleysinu.

Ég vil í þessu sambandi þakka n. fyrir það að hafa tekið upp styrk til Fjarðarheiðarvegarins. Alloft hefir verið rætt hér í d. um þörfina á því að leggja þennan veg, en ekkert hefir fengizt að þessu. Brtt. mín á þskj. 296, nr. XIII, fer fram á, að í stað 8000 kr. komi 13000 krónur. Skal ég víkja strax að þessari till. Eftir áætlun, sem gerð er af Hannesi Arnórssyni, má gera sæmilegan bílveg yfir heiðina fyrir 25 þús. kr. Fyrir minni upphæð telur verkfræðingurinn að megi gera sæmilegan sumarveg. Hefir þetta verið hið mesta áhugamál og margsinnis komið áskoranir frá þingmálafundum víðsvegar að um að hrinda þessu verki í framkvæmd hið allra fyrsta. Ef ríkissjóðsframlagið verður hækkað um 5000 kr., úr 8000 upp í 13000, eins og ég fer fram á með þessari till. minni, má telja víst, að þessi vegargerð geti farið fram í sumar, svo að sambandið milli Seyðisfjarðar og héraðsins ætti að geta verið komið á í haust. Þetta er vegargerð, sem hefir dregizt lengi, enda hafa Seyðfirðingar jafnan orðið útundan við skiptingu vegafjárins, og vænti ég því, að hv. d. taki tillit til þessa og fallist á að samþ. þessa lítilsháttar hækkun. Í sambandi við þetta vil ég

víkja að því, að ríkisstj. hefir aðeins ætlað 895 þús. kr. til vegamála í stjfrv., ef stjórn vegamálanna er skilin undan, og sé því bætt við, sem n. gerir till. um til hækkunar, nemur fjárveitingin til vegamálanna þó ekki nema 924 þús. kr. alls, sem er helmingi lægri upphæð en lagt hefir verið til vegamálanna undanfarin ár samkv. LR. Er þetta mjög slæmt vegna atvinnuleysisins, sem er í landinu, og hefði þvert á móti þurft að verja meiru til vegagerða en áður hefir verið gert, í stað þess að draga svo stórlega úr því. Vegagerðir eru einmitt einhverjar heppilegustu atvinnubæturnar, sem ráðizt verður í, því að fé það, sem varið er til þeirra, gengur allt að kalla í vinnulaun, eins og n. bendir réttilega á í nál. á þskj. 213.

Hin till. við þennan kafla fjárl., brtt. 296, IV, við 12. gr. 17. b., fer fram á 12000 kr. styrk til viðbyggingar við sjúkrahúsið á Seyðisfirði. Þetta sjúkrahús er orðið allgamalt, en þarna er ungur og góður læknir, svo að húsið er notað mjög mikið af héraðsbúum, og auk þess dálítið af mönnum ofan heiðar og allmikið af útlendum sjómönnum, sem skipað er í land þarna til að fá læknishjálp. Hefir oft orðið að koma sjúklingum fyrir úti í bæ vegna þrengsla í sjúkrahúsinu, og hefir gamalmennahælið þarna á staðnum helzt orðið til hjálpar í þeim efnum, en eins og sjálfsagt er, er ekki hægt að reikna með þeirri hjálp til frambúðar. Með viðbótarbyggingunni, sem meiningin er að byggja við spítalann, hefir verið reiknað út, að spítalinn mundi geta fullnægt þörfum héraðsbúa um sjúkravist og eins þeirra útlendra manna, sem leituðu til spítalans og eru allmargir, vegna siglinganna, sem til Seyðisfjarðar eru á erlendum skipum. — Verði hinsvegar dregið að koma þessari viðbyggingu upp, má búast við því, að húsið verði svo úr sér gengið, að byrja verði af nýju, þegar ráðizt verður í þessar framkvæmdir. Ég hefi ekki séð teikningu af þessari viðbyggingu, en ég þarf ekki að taka það fram, að ég tel sjálfsagt, að þetta fé verði ekki greitt út nema heilbrigðisstj. hafi áður lagt samþykki sitt á teikninguna og gengið úr skugga um það, að kostnaðurinn sé við hæfi.

Þá á ég ekki fleiri brtt. við þennan kafla fjárl., en áður en ég sezt niður, vil ég benda á það, að enn hefir svo farið eins og svo oft áður, að tekjuáætlun fjárl. er samin með svo mikilli varúð, að það er fyrirfram vitað, að tekjurnar fara hundruðum þúsunda fram úr áætlun, og er stj. þannig fengið fé í hendur, sem er óbundið af fjárl. og hún getur ráðstafað eftir geðþótta sínum. Þetta er vitað og viðurkennt af öllum. Ég hefi alltaf haldið því fram, að Alþingi beri skylda til þess, svo framarlega sem Alþingi vill ekki afsala sér fjárveitingavaldinu í hendur stj., að áætla ekki aðeins gjöldin, heldur engu síður tekjurnar líka eins nærri sanni og unnt er á hverjum tíma. Eins og ég hefi bent á, eru tekjurnar að þessu sinni svo varlega áætlaðar, að þær eru a. m. k. taldar ½ millj. kr. lægri en ástæða er til að ætla, að þær verði, og eftir venjunni mun stj. telja sér heimilt að ráðstafa þessum umframtekjum eftir eigin geðþótta. Er sannarlega kominn tími til að snúa aftur á þessari braut.

**Lárus Helgason:** Ég á eina brtt. við þennan kafla fjárl., þskj. 296, I, þess efnis, að læknisvitjanastyrkurinn verði hækkaður um 250 kr., sem renni til Álftveringa. Þennan styrk hefðu búendur þessarar sveitar átt að hafa fengið miklu fyrr, samanborið við aðrar sveitir. Það er áreiðanlegt, að margir hreppar hafa um mörg ár haft læknisvitjanastyrk, sem hægari aðstöðu hafa haft en þessi hreppur. Álftveringar geta og mega sækja lækni í tvær áttir, til Víkur eða austur á Síðu, eftir því sem þeir heldur kjósa, og er hvortveggja leiðin mjög erfið yfirferðar, einkum á vetrin. Til Víkur er styttra að fara, og þó er það um 50 km. eyðisandur með vondum vatnsföllum, eins og allir vita, sem þarna hafa farið um. Hin leiðin, til Síðuhéraðs, er allmiklu lengri, og enn verri yfirferðar vegna vatnsfalla og snjóþyngsla á vetrum; verður þarna að fara yfir 20 km. eldhraun eftir tröðum, sem grafnar eru gegnum hraunið og fyllast í snjóalögum á veturna. Verður þá að kræka niður á Meðalland, til þess að komast þessa leið, og lengir það leiðina um meira en helmingi. Ég tel því sjálfsagt, að þessi styrkur verði veittur. Eru

fáir hreppar á landinu, sem meir eru styrksþurfar í þessum efnum, ef nokkrir eru, og eina eðlilega afleiðingin af því, ef þessi till. verður felld, er, að strikaður verði út allur meiri hl. af þeim styrkjum, sem veittir eru til læknisvitjana.

**Björn Kristjánsson:** Ég á aðeins eina brtt. við þennan kafla fjárl., á þskj. 296,XI, þess efnis, að framlagið til Þistilfjarðarvegar verði hækkað um 5000 kr., úr 5000 upp í 10000, eða til vara 8000. — Það eru nú eitthvað um 3 ár síðan byrjað var á að leggja veg frá Þórshöfn inn í sveitirnar í kring, sem sækja þangað verzlun. Meginkaflinn af þessum veg liggur um Þistilfjörðinn, og er þar yfir á að fara, Hafralónsá, sem hefir verið hinn mesti farartálmi, þar til nú fyrir 3 árum, að hún var brúuð, en brúin kemur þó ekki að fullum notum, af því að veg vantar báðum megin brúarinnar, að henni og frá. Vegarkaflinn frá Þórshöfn var mjög erfiður lagningar, en sú er með réttu venjan að leggja vegina fyrst út frá kaupstöðunum, til þess að þeir geti sem fyrst komið að fullum notum fyrir þá, sem til þeirra ná. Vegarlagningin er ekki enn komin að brúnni, en með þeirri fjárveitingu, sem ætluð er til þessa vegar á yfirstandandi ári, má gera ráð fyrir, að hann komist þangað í ár. Þegar komið er vestur yfir brúna, taka við miklu betri vegarstæði. Næst brúnni eru nokkuð ósléttir móar, sem gera mætti akfæra með því einu að slétta úr, en eftir það liggur vegurinn vestur allan Þistilfjörð á löngum köflum eftir sléttum melum, sem ekkert þarf að gera við. Er mjög nauðsynlegt, að þeir kaflarnir, sem þurfa mestrar aðgerðar við á þessari leið, komist af fljótt, til þess að vegurinn geti komið þeim að fullum notum, sem þarna búa.

Eins og kemur fram í nál., og líka í ræðu hv. frsm., hefir fjvn. að þessu sinni tekið meira tillit en áður til þarfa landshlutanna vegna atvinnuleysisins, sem nú ríkir alstaðar á landinu, og hefir n. af þeim ástæðum meir en áður miðað till. sínar við að dreifa vegafénu sem víðast. Frá þessu sjónarmiði er einmitt hin brýnasta nauðsyn að hjálpa þessu héraði. Fólkið þar hefir ekki um aðra atvinnu að velja en þessa vegargerð, og eru því einu vonirnar um það, að hægt verði að innheimta opinber gjöld, bundnar við það, að þarna verði haldið uppi einhverjum opinberum framkvæmdum. Auk þess má segja um þennan veg eins og alla vegavinnu nú, að hún verður ódýrari en verið hefir um fjölda ára undanfarið, vegna þess hve kaupgjaldið er lágt, en hinsvegar má búast við því, að kaupið hækki aftur strax þegar eitthvað léttir á kreppunni, og við það mundi vegagerðarkostnaðurinn hækka. Það er því hreinn hagnaður fyrir ríkissjóðinn að láta vinna að þessari vegargerð nú.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till., en vona, að hún finni náð fyrir augum hv. d. og verði samþ., ekki sízt þar sem þetta er eina fjárveitingin, sem ég fer fram á til míns héraðs að þessu sinni. Ég vil og benda hv. þdm. á það, að þegar litið er á þær upphæðir, sem veittar hafa verið til vegaviðhalds í landinu hin síðustu ár, eru Norður-Þingeyingar þar með þeim allra lægstu, svo að þeim verða ekki atvinnubætur að því fé, sem veitt er í því skyni í fjárl. Ég þykist því enn af þeirri ástæðu mega vænta þess, að hv. d. taki vel í þessa sanngjörnu till. mína.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég á tvær brtt. við þennan kafla fjárl., sem ég vildi mæla fyrir með nokkrum orðum. Önnur till. er á þskj. 296, XV, þess efnis, að veittar verði 3000 kr. til Hvolsvallarvegar í Rangárvallasýslu. Flyt ég þessa till. ásamt hv. 1. þm. Rang., sem er fyrri flm. að henni en þar sem hann er ekki viðstaddur, skal ég leyfa mér að gera það með nokkrum orðum. — Fyrir nokkrum árum var lagður upphleyptur vegur yfir Hvolsvöll, en þar voru áður moldargötur, niðurgrafnar, sem voru ófærar á veturna. 1930 var þessi vegur yfir Hvolsvöll, sem ég nefndi, lagður, en þó ekki lokið með öllu, því að eftir stendur ólagður ofurlítill kafli, 1 km., heim undir Stórólfshvol, þar sem verður að fara niðurgrafnar moldargötur, sem verða ófærar og teppa þannig alla umferð þarna um, þegar klaki fer úr jörðu. Er þetta mjög bagalegt fyrir þá, sem þarna búa og þurfa að koma mjólk sinni á markað, því að þeir flutningar stöðvast alveg, eins og önnur umferð, og er þó hér

um of lítilfjörlega upphæð að ræða til þess að áfram sé trassað að gera við þetta. Vegafé er að vísu af skornum skammti nú, eins og annað, og er sjálfsagt að taka tillit til þess, enda höfum við þm. Rang. stillt kröfum okkar í þessu efni mjög í hóf. Þótt rétt sé og sjálfsagt að jafna vegafénu sem jafnast milli héraðanna, sem verður nokkur styrkur í þessum framkvæmdum nú í atvinnuleysinu, verður þó jafnframt að líta á það, hvar smáupphæðirnar koma að beztum og almennustum notum. Þegar svo er ástatt, að einn lítill vegarkafli getur teppt samgöngur í heilu héraði tímunum saman og spillt þannig fyrir afurðaflutningum, svo að miklu nemur fyrir bændur, virðist sjálfsagt, að fjárframlögum til vegagerða sé fyrst og fremst beint þangað, þar sem þörfin er svo aðkallandi, ef á annað borð er lagt fram nokkurt fé til opinberra framkvæmda í landinu. Vænti ég og þess, að hv. fjvn. geti fallizt á að láta einmitt slíkar fjárveitingar sitja í fyrirrúmi, enda kemur þessi skoðun óbeint fram hjá n. í því, að hún gerir till. um að dreifa vegafénu út á meðal héraðanna, en gerir hinsvegar niðurskurðartill. viðvíkjandi öllum öðrum gr. fjárl. að kalla. Ég þykist því mega vænta þess, að hv. d. taki þessari hóflegu till. okkar vel og líti á þá brýnu þörf, sem fyrir hendi er til að fá þessa litlu upphæð til að bæta úr samgönguerfiðleikunum þar eystra.

Þá flytjum við þm. Rang. aðra brtt. við þennan kafla fjárl., þskj. 296, III, þess efnis, að Kristjáni Grímssyni lækni verði veittur 1000 kr. styrkur til framhaldsnáms í handlækningum erlendis. — Fjárhagsörðugleikarnir, sem nú standa yfir, hafa aðallega komið niður á menntamönnum og andlegu starfi í niðurskurði á fjárveitingum í þessu skyni, en þótt verklegar framkvæmdir verði að sitja í fyrirrúmi fyrir öðru á þessum erfiðu tímum, er þó varhugavert að skera við neglur sér litlar upphæðir til námsmanna, sem slíks þurfa með til að geta lokið námi, sem ella getur orðið þeim ónýtt að meira eða minna leyti. Þetta er að vísu ekki eina till. um námsstyrk, sem ég flyt að þessu sinni, því að ég er við riðinn fleiri slíkar till. við síðari kaflann, enda lít ég svo á, að ef nokkur persónustyrkur á rétt á sér, þá sé það einmitt styrkur handa námsmönnum, til þess að hjálpa þeim yfir erfiðasta hjallann á langri og erfiðri námsbraut. Eru og fáar styrkveitingar, sem borga sig eins vel fyrir þjóðfélagið eins og þessar. Þessi ungi læknir, sem hér á í hlut, er bæði reglusamur og áhugasamur í sínu starfi, og líklegur til að ávaxta vel þá hjálp, sem honum yrði veitt við nám sitt. Í fjárl. í fyrra var öðrum ungum lækni veittur styrkur til sama framhaldsnáms erlendis, enda hygg ég, að þetta framhaldsnám verði ekki numið hér á landi og að nauðsynlegt sé fyrir þá menn, sem það vilja stunda, að sigla í þeim tilgangi. Framfarirnar á þessu sviði læknisfræðinnar, eins og reyndar öðrum sviðum þeirrar fræðigreinar, vaxa óðfluga með hverju ári, sem líður, og samhliða því aukast þær kröfur, sem gerðar eru til manna þessarar menntunar. Þar sem hér er jafnframt ekki um hærri upphæð að ræða, vænti ég þess fastlega, að hv. d. líti á þessa till. með víðsýni og velvilja.

**Steingrímur Steinþórsson:** Ég á hér tvær brtt. við fyrri kaflann og skal aðeins segja nokkur orð um þær. Þær eru báðar á þskj. 296. Sú fyrri er undir VI. lið, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Eyf., um að veita Gísla Kristjánssyni frá Brautarhóli í Svarfaðardal 1500 kr. styrk vegna dvalar á sjúkrahúsi í Danmörku.

Svo er ástatt um mann þennan, að hann fór utan vorið 1931 til náms, en veiktist þá um haustið og varð að leggjast á sjúkrahús. Hefir hann legið þar síðan, og eru það orðnir 17 mánuðir. Nokkur von er um bata. Hann hefir engan styrk hlotið vegna þessara veikinda, og vitanlega eru þær litlu eignir, sem hann ætlaði að nota til námsins, algerlega þrotnar. Er því ekki um annað að ræða, þótt mjög fjarri sé það hans skaplyndi, en að leita á náðir hins opinbera um að hlaupa undir bagga. Ég þekki þennan mann persónulega og veit, að hann er sérstakur dugnaðar- og áhugamaður, sem mikils mátti vænta af, ef hann hefði haft heilsu til að ljúka því námi, sem hugur hans stóð til. Og ég vil vænta þess, að hv. deild líti á þessar erfiðu ástæður og sjái sér fært að samþ., að hann fái þennan umbeðna styrk. Þetta er lítið og í raun og veru

miklu minna en þyrfti að vera. En þó er það nokkur hjálp.

Það er nú að vísu svo, að erfitt er að skera úr um það, og þá einkum fyrir hið pólitíska vald, hvort eigi að veita sjúkrastyrki í fjárl., og þá sérstaklega, hverjir einstaklingar eigi að njóta þeirra. En þar sem eins stendur á og hér, að Íslendingur verður fyrir öðru eins áfalli í framandi landi, þar sem hann hefir ekki við neitt að styðjast, þá skoða ég það sem skyldu þingsins að rétta hjálparhönd. Enda mun þetta viðurkennt að nokkru, því að það er lítilsháttar styrkur í fjárl. til þess að hjálpa Íslendingum erlendis, sem í vanda eru staddir að einhverju leyti.

Það er nokkur von um, að þessi maður fái heilsu aftur, og efast ég ekki um, að hann þá eigi eftir að inna af höndum þjóðnýtt starf og þar með margendurgreiða þennan litla styrk, sem hér er farið fram á. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um till., treysti hv. deild að líta á þau rök, sem ég hefi fært fram henni til styrktar, og vænti ég þess fastlega, að hún nái samþykki hv. deildar.

Þá á ég undir X. lið á sama þskj. till. um framlag til Hofsósvegar, hækkun úr 3 þús. kr., sem er í fjárlagafrv. stj., og upp í 6 þús. kr. Þessi vegur er nýtekinn í tölu þjóðvega, og voru fyrst á síðasta þingi veittar 5000 kr. til hans í fjárl. yfirstandandi árs. En nú er svo ástatt, að nauðsynlegt er að endurbyggja nokkurn kafla, helzt að gera nýjan veg annarsstaðar, því að það mun alls ekki borga sig að gera við þennan kafla, sem er ófær með öllu eins og nú er, því að hann er allmikið lengri en hinn fyrirhugaði vegur og verður úr hófi dýrt að gera við hann til bráðabirgða þar sem hann nú liggur. Til þess að geta fullgert þennan hluta, sem hér um ræðir, mun þurfa 10—11 þús. kr. fjárhæð í minnsta lagi. Nú er svo mikill hugur í mönnum norður frá um framkvæmdir á þessu, að þeir vildu lána fé upp á þetta framlag ríkissjóðs á næsta ári, svo að hægt verði að fullgera þennan hluta vegarins strax nú í sumar. Og ég veit, að 6 þús. kr. verða lagðar fram í bili af þeim hreppum, sem eiga hlut að máli, enda er beinlínis hafinn undirbúningur um þetta, og hefir vegamálastjóri tjáð sig þessu samþykkan. Ef víst væri, að þessar 6 þús. fengjust í fjárl. 1934, mundi verða hægt að koma þessu í framkvæmd á þessu ári.

Ég get náttúrlega haft sömu forsendur og aðrir hv. þm., sem mælt hafa með till. sínum um aukin framlög til vega í ýmsum héruðum, að hér sé um nokkurskonar atvinnubótastyrk að ræða. Víða hafa menn t. d. enga peninga til að greiða sín opinberu gjöld, ef þeir geta ekki unnið í vegavinnu eða að öðrum slíkum opinberum störfum.

Þó að þessi vegur sé nú kallaður Hofsósvegur, þá ætti hann heldur að heita Siglufjarðarvegur. Hann er frá Kolkubrú við Sleitustaði og norður Skagafjörð að austan til Hofsóss, og er því hluti af þeim vegi, sem tengir Siglufjörð við þjóðvegakerfi landsins. Það liggja fyrir brtt. um, að allur vegurinn frá Sauðárkróki til Siglufjarðar, sem enn er ekki tekinn í þjóðvegatölu, verði nú gerður að þjóðvegi, og vænti ég þess fastlega, að þær till. í vegalagafrv. nái samþykki þessa þings. Það er svo mikið nauðsynjamál að koma einum af stærstu kaupstöðum landsins í samband við þjóðvegakerfið, að ég skil ekki, að móti því verði staðið. Enda verður fátt til meiri nytsemdar Siglufirði og Skagafirði en að komið sé á vegarsambandi til Siglufjarðar, til þess að opna möguleika fyrir vöruflutningi á hinn siglfirzka sumarmarkað. Siglufjörður fengi ódýrari vörur en nú er, en innlendi markaðurinn er héruðunum margfaldur hagur, þar sem margfalt meira mundi þá seljast á Siglufirði af landbúnaðarafurðum; þetta framlag til Hofsósvegar er einn liður í slíku kerfi, þótt smátt sé. Ég vil því vænta þess, að eftir þessar upplýsingar, sem ég hefi gefið, sjái deildin sér fært að samþ. þessa hækkun á vegafénu til Hofsósvegar. Annars mun ég ekki að svo stöddu koma frekar inn á sambandið við Siglufjörð, því að væntanlega gefst kostur á því í öðru sambandi, þegar vegalögin koma til umr.

Það eru ekki fleiri till. í þessum kafla, sem nafn mitt er tengt við. En ég vil aðeins leyfa mér að segja örfá orð um till. undir II. lið á þessu sama þskj., frá hv. þm. Ísaf., um að veita Jónasi Kristjánssyni héraðslækni á Sauðárkróki ferða-

styrk til að sækja læknafund í Stokkhólmi, þar sem rætt verður um hollustu og óhollustu mataræðis. Ég vil aðeins mæla eindregið með þessari brtt., af því að ég veit, að Jónas Kristjánsson hefir sérstakan áhuga fyrir þessu máli og hefir starfað mjög að því að hvetja menn til hollra lifnaðarhátta á allan hátt. Er því líklegt, að af för hans á þennan fund megi margt gott leiða. Og því fremur er óhætt að mæla með þessari till., að till.-maðurinn er manna færastur að dæma um þetta, þar sem hann er yfirmaður heilbrigðismála okkar.

**Bernharð Stefánsson:** Ég flyt tvær brtt. við þennan fyrri hluta fjárl. Get ég búizt við, að önnur þeirra þyki nokkuð stór, eins og nú er ástatt; býst ég sérstaklega við, að hv. fjvn. muni þykja vera farið fram á nokkuð mikið. Þetta er 20. brtt. á þskj. 296, og er um 200 þús. kr. fjárveiting til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu framlagi frá hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar.

Ég skal geta þess, að ég bjóst við því að geta fyrir þessa umr. látið fjvn. og e. t. v. deildinni í té nægileg gögn og skilríki viðvíkjandi þessu máli. En það hefir nú dregizt lengur en ég bjóst við í fyrstu, að ég fengi þessi gögn í hendur. Ég mun því ekki sjá mér fært annað við þessa umr. en að taka þessa till. aftur til 3. umr. Ég vona, að ég geti gefið hæði n. og d. upplýsingar þær, sem ég nefndi nú, milli umr. En þó að ég muni að umr. lokinni taka till. aftur, vil ég geta þess nú þegar, að þessi fjárbeiðni er miðuð við áætlanir verkfræðinga, og meira að segja við tilboð frá útlendu verkfræðifirma um að byggja þetta mannvirki. Um nauðsyn og þýðingu þessa máls þykir mér rétt að drepa á nokkur atriði.

Eins og menn vita, þá eru margar bryggjur fram af Siglufjarðareyri. Og þessar bryggjur eru stöðugt í hættu vegna brima og stundum líka vegna ísreks. Hefir hvað eftir annað orðið stórtjón af þeim orsökum. Þarna eru sem sagt ákaflega miklir fjármunir í hættu. Það, sem ég tel a. m. k. fyrir Alþingi aðalatriðið í þessu máli, er það, að síldarbræðslustöð ríkisins á þarna þrjár bryggjur. Þær eru einna nyrzt af bryggjum við Siglufjarðareyri og því í mestri hættu af öllum bryggjunum. Þessi fjárveiting, sem ég vona að verði samþ. á sínum tíma, er því veitt e. t. v. að mestu leyti til þess að tryggja eignir ríkissjóðs. Verð ég því að líta svo á, að jafnvel þótt nú sé kreppuástand og illt um fjárveitingar, þá sé þessi till. engin fjarstæða. Það gæti orðið tilfinnanlegt fyrir ríkissjóð, ef bryggjur síldarverksmiðjunnar færu af brimi eða ísreki. Auk hins beina tjóns fylgdu ekki lítil óþægindi, ef slíkt bæri að höndum að vori til og ekki yrði búið að bæta úr þegar verksmiðjan þyrfti sem mest á bryggjum að halda.

Á þessum tímum er vert að líta sérstaklega á það atriði í þessu máli, að ef ráðizt væri í þetta mannvirki, mundi það vitanlega auka mjög atvinnu verkamanna á Siglufirði, sem nú eru atvinnulitlir. Mér hefir skilizt eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi aflað mér um þetta efni, að af kostnaðinum muni langmestur hluti vera verkalaun. Og í þessu sambandi langar mig til þess að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvers vegna atvinnubótastyrkur hafi ekki verið veittur til Siglufjarðarkaupstaðar árin 1931 og 1932, eins og til annara kaupstaða. Ég hygg, að þetta sé rétt, að atvinnubótafé hafi ekki verið látið ganga til Siglufjarðar, þrátt fyrir ítrekaða beiðni. Mér þykir líklegt, að stj. hafi byggt þessa afstöðu sína á því, að síldarverksmiðja ríkisins veiti Siglfirðingum atvinnu. En ef Siglfirðingar eiga þennan rétt, fá þeir hann uppfylltan nú, ef brtt. mín verður samþ. Og hér er um fyrirtæki að ræða, sem hefir meiri rétt á sér en margt annað, sem verið er að fást við í kaupstöðum og kallað er atvinnubótavinna. En vegna þess að ég hefi ekki haft tíma til að afla mér fullnægjandi gagna í þessu máli, vil ég ekki leggja till. undir hnífinn að sinni, en vænti þess, er ég hefi lagt plöggin fyrir fjvn., að það verði frsm. hennar, sem mælir fyrir þessari till. við næstu umr. fjárl. í minn stað.

Þá á ég brtt. á þskj. 306 um að hækka framlag til Öxnadalsvegar úr 7 þús. kr. í 10 þús. kr. Á síðari árum hefir verið lögð áherzla á það að halda veginum frá Rvík til Akureyrar vel bílfærum, eins og sést á fjárveitingum, sem fjvn. leggur til, að veitt sé til Holtavörðuheiðarvegar. Hv. 1.

þm. S.-M. var að vísu að tala um, að þessar langleiðir hefðu ekki mikla hagnýta þýðingu, heldur væru þær mest til skemmtiferða, fyrir „farfugla“ á sumrum. Þessir „farfuglar“ eru þá nokkuð margir, því að umferðin er orðin geysimikil, eins og allir vita. Nokkur hluti þessara ferðalaga er án efa skemmtiferðir, en í fyrsta lagi getur orkað tvímælis, hvort slík ferðalög hafi ekki rétt á sér, og í öðru lagi er víst, að miklu fleiri fara þessar ferðir í brýnum erindagerðum. Flestir, sem hafa farið þessa leið, munu hafa tekið eftir því, að á henni eru tveir kaflar langverstir, annar vestan til á Holtavörðuheiði og hinn í Öxnadal. Nú liggur akbrautin frá Akureyri út á Þelamörk og að Öxnadal. Innar í dalnum er og akvegarkafli, en bilið á milli akveganna er talið af öllum vera versti eða næstversti kaflinn á allri leiðinni frá Rvík til Akureyrar. Mig furðar, hve þessi fjárveiting er lágt áætluð í brtt. fjvn., og þar sem ég fer svo hóglega í sakirnar, vona ég, að brtt. mín verði samþ. Verði það gert, má gera ráð fyrir, að hægt verði að tengja vegina í dalnum saman á árinu 1934.

Þessi vegabót hefir alþjóðlega þýðingu og er sveitarnauðsyn um leið. Hún er skilyrði fyrir því, að sveitin geti tekið þátt í starfsemi mjólkursamlags á Akureyri. Ég myndi þó ekki hafa borið þessa brtt. fram, ef ýmsir aðrir þdm. hefðu ekki borið fram brtt. um vegi í sínum héruðum.

Ég mun láta þetta nægja og ekki blanda mér í brtt. einstakra þdm. né greinar frv.

**Vilmundur Jónsson:** Ég á tvær brtt. á þskj. 296. Þær eru báðar svo sjálfsagðar, að eiginlega ætti að vera óþarft að mæla með þeim.

Sú hin fyrri fer fram á 5000 kr. til fjörefnarannsókna á þjóðlegum íslenzkum matvælum. Ég ætla, að engum hv. þm. dyljist, að ýmiskonar rannsóknir á þessum matvælum hefði átt að vera búið að framkvæma miklu fyrr. Við getum hæglega stuðzt við rannsóknir annara þjóða á þeim matvælum, sem eru oss og þeim sameiginleg. En við eigum okkar eigin þjóðlegu matvæli, sem vart þekkjast annarsstaðar, svo sem súrt slátur og skyr, harðfisk, hákarl, söl og fjallagrös. Menn hafa haft mikla trú á þessum matvælum og góða reynslu af þeim, en hinsvegar hefir ekkert verið gert til að rannsaka, í hverju hollusta þeirra væri fólgin, né heldur á hvern hátt væri heppilegt að matreiða þau. Hér er ætlazt til, að sérstaklega verði rannsökuð fjörefni þessara matvæla. Ég hefi snúið mér viðvíkjandi þessu með aðstoð Níelsar próf. Dungals til ágætrar rannsóknastofu í Englandi og fengið loforð um fjörefnarannsóknir þar með sömu kjörum og Englendingar njóta sjálfir. Nú stendur auk þess til, að rannsóknastofa háskólans verði endurbætt mjög á næsta ári, og er í ráði að búa hana svo út, að þessar rannsóknir geti þá farið fram hér á landi, enda virðist það sjálfsagt, ef unnt er. Ég þykist vita, að fjvn. og aðrir hv. þdm. taki eins vel í þessa brtt. og hún á skilið.

Önnur brtt. mín fer fram á, að Jónasi Kristjánssyni verði veittur 1000 kr. ferðastyrkur til að sækja læknafund í Stokkhólmi, þar sem rætt verður um hollustu og óhollustu mataræðis. Nauðsynlegt er fyrir lækna að fylgjast sem bezt með í þessum efnum. Er Jónas Kristjánsson manna tilvaldastur í slíka för og maklegur þeirrar viðurkenningar að fá lítilsháttar styrk til hennar, þar sem hann hefir einna mest íslenzkra lækna aflað sér þekkingar á þessum efnum, breitt út frá sér fróðleik um þau og ekki sízt með því að iðka hina sjaldgæfu dyggð að lifa sjálfur eftir kenningum sínum. Hann hefir ekki beðið mig um að leita styrks fyrir sig, og efast ég um, að hann kunni mér nokkrar þakkir fyrir það, en ég veit, að hann langar til Stokkhólms í þessum erindum, og að málefnið er þess virði, að það sé styrkt.

Ég vil um leið víkja lítið eitt að þeirri brtt. n. að fella niður utanfararstyrk héraðslækna. Styrkur þessi var lækkaður í fyrra niður í 1500 kr., sem má teljast hæfilegt handa einum lækni. Umsóknir um styrk þennan eru jafnan margar. Nú sækja 3—4 læknar, og eru einkum tveir þeirra mjög verðugir fyrir hann, en annar þeirra dró sig í hlé í trausti þess að hann fengi styrkinn á næsta ári. Það kæmi því hart og ómaklega niður, ef styrkur þessi yrði nú felldur niður, og vænti ég,

að hv. deild greiði atkv. gegn þessari brtt. nefndarinnar.

**Frsm. fyrri kafla (Ingólfur Bjarnarson):** Flm. hafa nú allir mælt fyrir till. sínum, og kemur þá röðin að mér að lýsa afstöðu fjvn. Það er þó ekki að öllu þægilegt, þar sem margar brtt. hafa fyrst komið fram á fundinum og n. því enga aðstöðu haft til að athuga þær, né leita til þeirra, er hefðu getað gefið nauðsynlegustu upplýsingar, svo sem t. d. vegamálastjóra o. fl.

Vil ég þá í stuttu máli lýsa afstöðu n. til brtt. og fyrst minnast á þær brtt. í heild, sem miða að hækkun framlaga til þjóðvega, eða taka upp ný framlög til þeirra. Þessar brtt. eru í raun og veru í samræmi við stefnu n. og bornar fram af þeirri nauðsyn, að greiða fyrir atvinnuhjálp úti um land. N. telur því, að ef til vill geti verið rétt að ganga inn á till. þessar að meira eða minna leyti. En þar sem hún hefir ekki haft tíma til að bera sig saman um brtt. né við vegamálastjóra, vill hún beina því til flm., hvort þeir sjái sér ekki fært að taka brtt. aftur til 3. umr. — án þess þó að ég geti fullyrt, að hún vilji ganga inn á þær allar. Mun ég því ekki gera brtt. þessar að nánara umtalsefni fyrr en ég hefi heyrt, hvort flm. vilja taka brtt. sínar aftur eða ekki.

Vík ég þá að brtt. í þeirri röð, sem fyrir þeim var talað. Verða þá fyrst fyrir mér brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. um að hækka framlag til hafnarbóta um 5000 kr., er gangi til bryggju í Hnífsdal. Þetta mál lá alls ekki fyrir n. að þessu sinni. 1930 lagði fjvn. til að veita styrk til þessarar bryggju, og skyldi honum skipt niður á þrjú ár. Sama var um Keflavíkur- og Húsavíkurbryggjuna. Svo breyttust tímarnir, sem kunnugt er, og lítið varð úr framkvæmdum. Hlutaðeigendur treystu sér ekki til að leggja fram fé á móti ríkisstyrknum og framkvæmdirnar féllu niður. Það má og ef til vill segja, að n. hafi ekki kynnt sér mál þetta nægilega eða fylgzt með framkvæmdum þess, en henni var ekki kunnugt um, að þessi bryggja væri komin neitt verulega á rekspöl. Og þegar trúnaðarmaður landsstj. í þessum efnum var spurður að því í fjvn., hvort þeim 20 þús., sem standa í þ. á. fjárl., væri þegar ráðstafað til bryggjugerða, kvað hann nei við. Af því væri aðeins 3500 kr. ráðstafað til bryggju á Arnarstapa. Annað væri óbundið. Því var Hnífsdalsbryggja ekki tekin með. N. hefði talið rétt, ef hv. flm. vildi taka brtt. sína aftur til 3. umr., svo n. fengi tíma til að athuga málið nánar.

Þá er önnur brtt. frá sama þm., um styrk til viðgerðar brimbrjótnum í Bolungavík. Hv. flm. sagði, að brimbrjóturinn væri nú orðinn eitt af eilífðarmálunum, og er sú fyndni ekki fjarri sanni. Fyrir n. hefir ekkert erindi né umsókn legið um þetta, enda virðist þetta allt vera nokkuð í lausu lofti, eftir skýrslu hv. flm. Hann sagði, að vantaði umsögn hreppsnefndarinnar um það, hvað gera ætti við brimbrjótinn. Virðist því sem hreppsnefndin eigi að segja þarna fyrir verkum. Oft hafa nú mistök verið á ferðinni í sambandi við þetta mál, en þá teldi ég nú skörina fara fyrst upp í bekkinn, ef hreppsnefndin á að taka málið að sér að öllu leyti. N. leggur því eindregið á móti þessari brtt.

Þá flytur hv. 1. þm. N.-M. till. um fjárframlög til vega í sínu kjördæmi, og hefi ég ekkert við því að segja frekar en ég er búinn almennt að skjóta til þm., hvort þeir treysti sér ekki til að taka slíkar till. aftur til 3. umr.

Þá er næst hv. 3. þm. Reykv. Hann mælti hér fyrir einskonar sjúkrastyrk til manns, er orðið hefði fyrir slysi fyrir alllöngu síðan, þannig að stálflís hafði lent í augað á honum og blindað hann, er hann var við vegagerð á Mosfellsheiði, og óttast maðurinn nú að missa sjónina á hinu auganu líka. Eins og hv. þm. eflaust muna, þá hafa oft legið fyrir Alþ. beiðnir um ýmiskonar sjúkrastyrki. Hefir fjvn. aldrei treyst sér til að mæla með þeim. Hún hefir fyrst og fremst litið svo á, að það væri afaróheppilegt, að þingið ætti að skera úr um þau mál og þingmenn ekki vel til þess kjörnir, og ef þessi leið yrði farin, myndi koma fram mjög mikið misrétti gagnvart fjölda manna, sem ekki fengju þessa styrki, en ættu e. t. v. meiri kröfur til hjálpar en þeir, sem kæmu fram beiðnum sínum. N. er á sömu skoðun enn, og treystir sér alls ekki að mæla

með nokkrum styrkbeiðnum af þessu tægi. N. verður því að leggja á móti þessari till., sem þarna liggur fyrir, og hefi ég ekki meira um hana að segja.

Þá er hér 8. brtt. á þskj. 296, frá hv. 1. þm. S.-M., um að lækka um helming — úr 40 þús. niður í 20 þús. kr. — fjárveitingu til Holtavörðuheiðarvegar. Hv. 1. þm. Eyf. hefir skýrt þetta mál og bent á, að ekki væri heppilegt, að draga úr þessari fjárveitingu, svo að ég þarf litlu við að bæta, en get lýst yfir því, að vegamálastjóri leggur mjög mikið kapp á, að ekki sé minnkað framlag til þessa vegar. Þarna er um mjög langan veg að ræða, sem kostar geysifé og langan tíma. En hvað það snertir, að þetta sé sumarskemmtivegur einungis, þá nær það engum svörum, og má benda á, að það væri þá sennilega þarflítið að láta ríkið kosta þarna snjóbíl á veturna. Það sýnir þá þörf, sem er á því, að ekki teppist leiðin yfir heiðina. Ég vil líka benda á, að eftir því, sem kunnugir menn telja og vegamálastjóri sérstaklega heldur fram, eru miklar líkur til þess, að þegar búið er að leggja veg yfir alla heiðina muni hann oftast fær bifreiðum allan veturinn. Leiðin, sem fyrirhuguð er, er talin það snjólétt, að hún muni í flestum tilfellum fær; hitt þarf ég ekki heldur að benda á, að þarna liggja ákaflega þéttbýlar og stórar sýslur að, og skiptir miklu máli fyrir þær, að þetta vegasamband sé sem greiðast. N. leggur því eindregið á móti þessari brtt. hv. 1. þm. S.-M. — Um till. þessa sama hv. þm. um fjárframlög til vegar í Skriðdal hefi ég ekki annað að segja en að ég óska, að hún eins og aðrar slíkar till. verði tekin aftur til 3. umr.

Þá flytja þeir hv. 1. þm. S.-M. og hv. 1. þm. N.-M. brtt. XVI. á þskj. 296, um að bæta aths. við framlagið til Eimskipafélags Íslands, að félagið hagi áætlun sinni þannig, að strandferðirnar taki til allra landshluta. N. hefir lítilsháttar athugað þessa till. og telur, að þessi aths. muni ekki hafa mikla þýðingu, enda skildist mér á flm. sjálfum, að hann teldi, að þetta kynni að verða eitthvert aðhald, en bindi fél. ekki í neinu og væri nánast bending. N. fannst þetta ekki það mikils virði, að ástæða væri til að samþ. þannig lagaða aths., og leggur því frekar á móti till., enda telur n. sjálfsagt, að hægt væri að komast að sanngjörnum samningum við Eimskip um þessi mál, en þessi aths. mundi litlu koma til vegar í þessu efni. N. er kunnugt um, að framkvæmdarstjóri félagsins hefir sýnt vilja á að bæta úr brýnni þörf Austfirðinga, með því að ákveða þar viðkomur á hausti komanda samkv. þeirra óskum og þörfum. — Þá ber hv. 1. þm. S.-M. fram till. um bátabryggju á Vattarnesi. N. hefir það að athuga við þessa till. í fyrsta lagi, að fyrir n. hefir ekki legið neinn uppdráttur um þessa fyrirhuguðu bryggju eða áætlun um, hvað hún ætti að kosta. Það liggur erindi fyrir n. frá ábúandanum á Vattarnesi um, að æskilegt væri að fá þessa bátabryggju, en engin ákveðin upphæð tiltekin eða skýrsla um það, hvernig eigi að byggja. Nú finnst n. sjálfsagt, að umsjónarmaður ríkisins við þessar framkvæmdir fengi tækifæri til að athuga þetta og gera sínar tillögur, enda býst ég e. t. v. við, að það hafi verið gert. Þó hefir n. spurzt fyrir um það og þá hefir ekki verið fyrir hendi nein áætlun, en mér hefir skilizt á hv. 1. þm. S.-M., að áætlunin hafi verið gerð og hljóði upp á 13 þús. kr.; hér sé því um að ræða byrjun á þessari bryggjugerð. Í öðru lagi er það við till. að athuga, að ekki er nefnt, í hvaða hlutfalli styrkurinn eigi að greiðast, þótt mér skildist á hv. flm., að það ætti að vera að ⅓ eins og venjulega, en slíkt ætti vitanlega að standa í till. Sem sagt hefir n. þegar fyrir sitt leyti ráðstafað þeim styrk, sem samkv. frv. á að verja í þessu skyni, og þess vegna telur hún þurfa, ef þessi till. á að ganga fram, að fjárframlagið í heild verði hækkað. Þess vegna er það, að n. vill skjóta því til hv. flm., að hann taki till. aftur til 3. umr. og n. gefist þá kostur á að athuga málið nánar og fá betri upplýsingar um þetta og taka þá afstöðu til þess eftir því sem fram kæmi.

Þá talaði hv. þm. Ak. fyrir V. brtt. á þskj. 296, um að hækka tillagið til Rauðakrossdeildarinnar á Akureyri um 1000 kr. N. viðurkennir, að deildin vinnur þarft og gott starf, og hefir legið fyrir n. skýrsla um, að mjög mikið hafi verið unnið og að sumu leyti í svipuðum stíl og félagið Líkn gerir hér í Reykjavík. En

þrátt fyrir það hefir n. ekki séð sér fært að ganga inn á að styðja þessa till. En þar sem helmingur upphæðarinnar, 500 kr., er þannig til kominn, að tillagið, sem ríkissjóður veitti 1931, var aldrei greitt út vegna handvamma þeirra, sem við áttu að taka, þá finnst n. vera dálítið harðleikið, að félagið verði af þessum styrk vegna þess, að beiðni um að fá hann útborgaðan kom of seint fram. Vill því n. mæla með því við hæstv. ríkisstj., að þessi ógreiddi styrkur verði nú greiddur félaginu. Ég vildi gjarnan óska eftir svari frá hæstv. dómsmrh., hvort hann mundi sjá sér fært, eftir þessum tilmælum n., að greiða styrkinn. En að öðru leyti treystir n. sér ekki að ganga lengra og verður á móti till. eins og hún liggur fyrir.

Mér finnst ekki vera mikil nauðsyn að tala langt mál um þessar till. Það eru fáir þm. hér viðstaddir og ekki þeir flm., sem ég vildi tala til, þar á meðal hv. þm. Seyðf., sem talaði fyrst og fremst um frv. almennt og afstöðu n. til tekjulækkunarinnar sérstaklega, og ætla ég því að sleppa að ganga nokkuð inn á það að öðru leyti en því, að ég tel það óhrakið, sem fram kom í áliti n., að tekjuáætlunin í frv. hafi verið fremur óvarleg, en hitt algerlega órökstutt, sem hv. þm. sagði, að hún væri mjög varleg og að mikill tekjuafgangur mundi verða. Sérstaklega var hann hræddur um, að tekju- og eignarskatturinn færi upp úr öllu valdi fram yfir áætlun n. Mér finnst ekki vera svo bjart yfir atvinnuvegunum þetta ár, sem nú er byrjað, að hægt sé að gera sér mjög glæsilegar vonir um mikinn tekjuskatt af þeim, og einnig vil ég benda á þá lækkun á dýrtíðaruppbót embættismanna, er orðið hefir og töluverð áhrif mun hafa til lækkunar tekjuskattinum. Hvað því viðvíkur, að hv. þm. taldi svo hættulegt að hafa tekjuáætlunina varlega, þá verð ég að halda hinu fram, að það sé ekki síður hættulegt að hafa áætlunina svo óvarlega, að h. u. b. sé víst, að meiri eða minni tekjuhalli verði á árinu. Ég ætla svo ekki að tala um þetta frekar, en víkja aftur að till., sem hv. þm. ber fram um fjárveitingu til viðbótarbyggingar sjúkrahúss á Seyðisfirði. Þar er gamalt sjúkrahús, sem líklega er hugsað að byggja við, en hinsvegar liggur ekkert fyrir um, hvernig þetta er hugsað, og skildist mér, að enginn vissi eiginlega hvernig ætti að byggja, og því síður hvað það ætti að kosta. Og ekki liggur yfir höfuð fyrir, að málið hafi verið athugað af þekkingarmönnum á því sviði, sem vitanlega yrði að krefjast. Eins og málið því liggur fyrir, verður n. að leggja eindregið á móti till. Hinsvegar er um till. hv. þm. um hækkun á tillagi til Fjarðarheiðarvegarins hið sama að segja og aðrar till. þess efnis, að n. vill gjarnan, að hv. flm. taki hana aftur til 3. umr.

Þá er hér lítil till. frá hv. þm. V.-Sk. um læknisstyrk til Álftveringa. N. er ekki svo kunnugt um, hvort þarna er þörf á styrk í samræmi við aðra, sem slíkan styrk hafa fengið, og hafa nm. um það óbundin atkv. En almennt vildi ég segja það í þessu sambandi, að þar sem samgöngur hafa mjög batnað á seinni tímum, og fara batnandi ár frá ári, þá sýnist álitamál, hvort þörfin fyrir þessa læknisvitjanastyrki hefir ekki minnkað á ýmsum stöðum við bættar samgöngur, og vill skjóta því til heilbrigðisstj., hvort ekki væri vert, að það væri athugað.

Um till. um framlög til vega, bæði frá hv. þm. N.-Þ. og hv. 2. þm. Rang., hefi ég ekkert að segja frekar en það, sem ég hefi áður um vegatill. mælt. En viðvíkjandi styrkbeiðni, sem fyrir liggur og flutt er af hv. þm. Rang., um 1000 kr. styrk til Kristjáns Grímssonar læknis, til framhaldsnáms í handlækningum erlendis, þá verður afstaða n. að vera hin sama og til annara námsstyrkja, að hún sér sér engan veginn fært að gera þar upp á milli og leggur til, að þetta verði fellt. Það er eins og við vitum mjög mikill fjöldi manna, sem á í miklum vandræðum með að ljúka sínu námi erlendis, og telur n. rétt, að láta eitt yfir alla ganga.

Um þá beiðni, sem flutt er af hv. þm. Skagf. um sjúkrastyrk til Gísla Kristjánssonar, 1500 kr., er hið sama að segja og ég fyrr tók fram, að n. treystir sér ekki að mæla með nokkrum sjúkrastyrkjum.

Þá var það hv. 1. þm. Eyf., sem mælti hér fyrir styrk til öldubrjóts á Siglufirði, og er í sambandi við það farið fram á ábyrgð ríkisins í stórum stíl. En þar sem hv. þm. hefir lýst yfir, að hann taki þessa

till. aftur að þessu sinni, sé ég ekki ástæðu til að fara um hana fleiri orðum.

Þá á ég eftir að minnast á till. hv. þm. Ísaf. um styrk til fjörefnarannsókna á þjóðlegum íslenzkum matvælum. Því fer fjarri, að n. detti í hug að ætla sér þá dul að neita, að hér geti verið um mjög þarfan hlut að ræða. En hinsvegar er það svo margt, sem n. hefir orðið að mæla á móti, þótt hún kannist við einhverja nytsemi þess, að hún treystir sér ekki heldur til að mæla með þessu og mun greiða atkv. á móti till. Sama er í raun og veru um afstöðu n. að segja til ferðastyrksins, sem hv. þm. vill láta greiða Jónasi Kristjánssyni héraðslækni til að sækja læknafund í Stokkhólmi. N. getur ekki mælt með þessu, enda heyrðist mér á hv. flm., að hann væri mjög hræddur um, að viðkomandi læknir myndi ekki kunna honum neina þökk fyrir að hafa borið beiðnina fram, og n. sér ekki ástæðu til e. t. v. að móðga hann með því að mæla með þessum styrk til hans. Ekki er það af því, að n. hafi nokkra ástæðu til þess að telja annað en að sú för, sem hann myndi fara, gæti orðið að einhverju liði. Það er einungis hin almenna afstaða, sem n. hefir séð sig nauðbeygða til að taka gegn fjárbeiðnum til einstakra manna yfirleitt, sem ræður í þessu sem svo mörgu öðru.

Finn ég þá ekki ástæðu til að segja meira um þær brtt., sem hér liggja fyrir.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég á enga brtt. við fyrri hluta fjárl., sem ég þarf að mæla fyrir, og get því orðið fáorður. Ég vil taka undir það, sem hv. frsm. sagði, að það er sérstaklega nauðsynlegt að áætla tekjurnar varlega, því að það er augljóst, að oft og tíðum hefir fjárhagur þjóðarinnar beinlínis flotið á því. Að vísu get ég líka tekið undir það með hv. þm. Seyðf., að það eigi að áætla tekjurnar sem nákvæmast og næst hinu rétta og gjöldin líka. En það er eins og það vilji stundum gleymast að taka með í áætlunina 24. gr. fjárl. Það er þá ekkert áætlað fyrir gjöldum, sem heimiluð eru samkv. þeirri gr., þó að þau séu hér um bil alltaf um 1 millj. kr. og stundum á 4. millj. kr. Ef fjárl.áætlunin hefir staðizt þrátt fyrir þetta, þá er það af því, að tekjurnar hafa verið áætlaðar varlegar, en þær reyndust. En réttara væri að áætla fyrir þessari grein, t. d. um 1 millj. krónur.

Ég sé, að hv. 1. þm. S.-M. flytur till. um að af fé því, sem ætlað er til bryggjugerða og lendingarbóta, verði varið 3000 kr. til bátabryggju á Vattarnesi. En ég vil benda hv. þm. á það, að hv. fjvn. hefir ráðstafað öllu því fé, sem ætlað er í þessu skyni í fjárl. fyrir 1933 og 1934, og þess vegna er ekki hægt að taka þessa till. hans til greina án þess að það komi í bága við þessar ráðstafanir. (SvÓ: Það er ekki búið að samþ. þessar till. fjvn.). Nei, að vísu ekki. En hvernig á stj. að fara að, ef hvortveggja till. verða samþ. og heildarfjárveitingin til bryggjugerða verður ekki hækkuð? Þá vantar stj. fjárl.heimild fyrir 3000 kr. Þess vegna verður að hækka um leið útgjaldaheimildina samkv. aðaluppháðinni, eins og ég sé, að hv. þm. N.-Ísf. hefir gert í sambandi við brtt., sem hann flytur um styrk til bryggjugerðar í sínu kjördæmi.

Þá vildi ég athuga ummæli hv. 1. þm. S.-M. um Holtavörðuheiðarveginn, af því að ég hygg, að þau séu byggð á misskilningi, meira að segja frá hans sjónarmiði. Ég geri því ekki ráð fyrir, að þessi brtt. hans fái mörg atkv. Hann talaði um, að þessi vegur væri aðallega byggður fyrir farfugla, sem þeyttust um landið meira og minna að nauðsynjalausu. En þessu er ekki svo varið. Þetta er eina akvegasambandið milli stærstu landsfjórðunganna — Suðurlands og Norðurlands —, og ég þekki hvergi til þess, að eins brýn nauðsyn sé á vegarsambandi og yfir Holtavörðuheiði. Hv. 1. þm. S.-M., sem hefir svo mikinn áhuga fyrir bættum strandferðum, og þá sérstaklega auknum skipagöngum til Austfjarða, hann ætti einmitt að athuga það, að því fyrr sem vegarsambandið er fullkomnað milli Norður- og Suðurlands, þannig að hægt sé að draga úr skipaferðum milli þeirra landshluta, því fremur er hægt að miðla meira fé til samgangna við Austfirði, sunnan um land.

Þá var hv. 1. þm. Eyf. að spyrjast fyrir um úthlutun á atvinnubótastyrk til Siglufjarðarkaupstaðar. Ég get upplýst það, að á síðastl. ári mun þessi styrkur ekki hafa verið greiddur, vegna þess að fyrrv. stj.

hafði litið svo á, að ríkisvaldið hefði þegar gert svo mikið fyrir Siglufjarðarkaupstað, með stofnun síldarverksmiðju ríkisins þar á staðnum, sem sérstaklega hlýtur að auka atvinnu fyrir Siglfirðinga. Um úthlutun atvinnubótastyrks á yfirstandandi ári, hefir enn enginn ákvörðun verið tekin.

Hv. þm. Ak. spurði eftir því, hvort stj. mundi ekki sjá sér fært að greiða 500 kr. styrk til deildar Rauðakrossfél. á Akureyri, sem niður hafði fallið að greiða fyrir árið 1931, af því að ekki var gengið eftir því fyrir fél. hönd. Get ég svarað honum því, að stj. hefir ekkert á móti því, ef hv. fjvn. mælir með því, þar eð um svo lága upphæð er að ræða. Og þó er það naumast hægt nema samkv. aukafjárveitingu á árinu 1933. En þar sem svo langt er um liðið, þá verður stj. að fá meðmæli hv. fjvn., og verði því ekki andmælt hér í umr. af hálfu hv. fjvn., þá mun stj. taka það svo, sem vilji n. sé fyrir þessari greiðslu, og taka það til greina.

**Frsm. fyrri kafla (Ingólfur Bjarnarson):** Annaðhvort hefi ég ekki tekið það nógu skýrt fram í ræðu minni, er ég gat um afstöðu fjvn. gagnvart þessum styrk til deildar Rauðakrossfél. á Akureyri, eða hæstv. dómsmrh. hefir ekki heyrt það, og líklega ekki verið við látinn. En ég tók það skýrt fram, að fjvn. hefði einhuga mælt með því, að þessi styrkupphæð til Rauðakrossfél. Akureyrar, sem niður hafði fallið, yrði greidd, ef hæstv. stj. sæi það fært. Og nú hefir hæstv. dómsmrh. lýst því yfir, að stj. mundi gera þetta, að fengnum meðmælum fjvn., og þess vegna vildi ég aðeins endurtaka þau.

**Bernharð Stefánsson:** Þar sem ég er einn á meðal þeirra þm., sem flutt hafa brtt. um hækkun á fjárframlögum til þjóðvega, þá skal ég eftir ósk hv. frsm. lýsa yfir því, að ég mun taka till. mína aftur til 3. umr.

Hæstv. dómsmrh. játaði, að stjórnin hefði ekki úthlutað Siglfirðingum atvinnubótastyrk árið sem leið og sagði, að fyrrv. stj. hefði litið svo á, að ríkið væri búið að gera svo mikið fyrir Siglufjörð til atvinnuauka þar á staðnum, með stofnun síldarverksmiðjunnar þar, að Siglfirðingar þyrftu ekki sérstakan atvinnubótastyrk. Það er rétt, að mér er kunnugt um, að fyrrv. stj. leit svo á þetta, en ég get upplýst það, að Siglfirðingar líta allt öðruvísi á það mál. Þeir líta svo á, að þær framkvæmdir, sem ríkið hefir látið gera á Siglufirði, sérstaklega bygging síldarverksmiðjunnar, hafi verið gerð fyrir síldarútveginn í heild, en ekki til atvinnubóta fyrir Siglfirðinga. Og í öðru lagi telja þeir, að hún hafi ekki fært Siglufirði sérstakar atvinnubætur af því að samhliða hafi verið dregið svo mikið úr rekstri annara síldarverksmiðja þar á staðnum.

Ég vona, að hæstv. stj. sjái sér fært að láta Siglfirðinga njóta jafnréttis í þessu efni, og ég geri beinlínis þá kröfu, að á þessu ári verði Siglufjörður látinn njóta fullkomins jafnréttis við aðra kaupstaði á landinu um úthlutun á atvinnubótastyrk. Og mér fannst ekkert koma fram í ræðu hæstv. dómsmrh., sem gæfi annað til kynna, og þess vegna vænti ég hins bezta.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það er satt, að síldarverksmiðjan var ekki reist vegna Siglfirðinga einna, en ég geng ekki inn á, að hún hafi dregið úr atvinnu fyrir þeim. Ég er ekki tilbúinn að gefa nú upplýsingar um, hversu háa upphæð verksmiðjan greiðir í verkalaun þar á staðnum, en ég hygg, að hún sé allhá. Ég skal lofa hv. 1. þm. Eyf. því, að athuga það, hvort Siglufjarðarkaupstaður geti ekki komið til álita, áður en búið verður að úthluta öllu atvinnubótafénu fyrir árið 1933. En hver niðurstaðan verður, get ég að sjálfsögðu engu lofað um fyrirfram.

Út af yfirlýsingu hv. frsm. fyrir hönd fjvn. vil ég aðeins taka það fram, að mín meining var sú, að stj. tæki gilda bréflega yfirlýsingu frá fjvn., er samþ. þessa 500 kr. greiðslu til Rauðakrossdeildar Akureyrar. En ef hv. frsm. sér um, að þessi yfirlýsing hans verði skjalfest í umr. þingtíð., þá mun ég telja það fullnægjandi.

**Halldór Stefánsson:** Hv. frsm. fjvn. beindi þeirri ósk sinni til allra þeirra þdm., sem flytja brtt. við fjárlfrv. um aukin fjárframlög til þjóðvega, að þeir tækju

þessar till. sínar aftur nú við þessa umr., til þess að fjvn. gæti tekið þær til nýrrar athugunar á fundi sínum fyrir 3. umr. og ákveðið, hverjar af þessum till. hún vill taka upp eða mæla með. Ég óska þess, að hv. frsm. hlýði á mál mitt. Ég get þá lýst því yfir fyrir mína hönd og einnig fyrir hönd hv. 1. þm. Skagf., þm. N.-Þ., þm. Seyðf. og þm. Rang., að við höfum allir fallizt á að taka þessar brtt. okkar aftur til 3. umr., svo að hv. n. geti tekið þær til nýrrar athugunar. Hv. 1. þm. Eyf. hefir gefið yfirlýsingu um sína brtt. samhlj. þessu, og hv. 1. þm. S.-M. hefir nú kvatt sér hljóðs og mun þá svara fyrir sitt leyti. Að lokum skal ég geta þess, að einungis einn þeirra þm., sem hér eiga hlut að máli, þm. N.-Ísf., er ekki viðstaddur hér í þd. Ég hefi ekki borið mig saman við hann um þetta og get því ekkert sagt um hans brtt.

**Sveinn Ólafsson:** Ég vildi aðeins veita andsvör ósk hv. frsm. fjvn. um að frestað yrði til 3. umr. atkvgr. um brtt. hv. þdm. viðvíkjandi fjárframlögum til þjóðvega.

Ég get fellt mig við að fresta til 3. umr. XIV. brtt. á þskj. 296, um framlag til Skriðdalsvegar, einnig get ég fellt mig við að fresta XVIII. brtt. á sama þskj., um styrk til bátabryggju á Vattarnesi, af því að ég veit, að það kemur sér betur að geta þá tekið upp annaðhvort aðra skiptingu á allri fjárupphæðinni, sem ætluð er til bryggju- og lendingarbóta, en fjvn. hefir hugsað sér, eða að bætt verði við fjárveitinguna sem svarar þessum styrk, er ég fer fram á.

Nú eru aðrar brtt., sem ég er við riðinn, þar á meðal VIII. brtt. á þskj. 296, um lækkun á framlagi til Holtavörðuheiðarvegar úr 40 þús. kr. niður í 20 þús. kr. Ég álít rétt, að þessi till. komi nú undir atkv. Ef hún verður samþ., þá veit hv. fjvn. betur, hverju úr verður að spila til hinna ýmsu þjóðvega, og hefir þá rýmra svið til skipta á þessu. Verði till. felld, þá liggur ástandið einnig ljóst fyrir. (**IngB:** Ég hefi ekki óskað eftir, að þessi brtt. yrði tekin aftur). Hæstv. dómsmrh. taldi ólíklegt, að þessi brtt. mín fengi fylgi þd. Það má vel vera, en ég tel nauðsynlegt, að úr þessu verði skorið nú þegar. Mér er ekki skiljanleg sú nauðsyn, sem hæstv. dómsmrh. taldi vera á því, að þessi fjárveiting til Holtavörðuheiðarvegar stæði óhögguð. Þar er víst ekki um neina þungavöruflutninga að ræða, svo að ekki er þörfin brýn þeirra vegna, í öðru lagi er það einnig víst, að margir ferðamenn, sem fara um þennan veg, eru, eins og ég áður benti á, „farfuglar", sem ferðast sér til skemmtunar fremur en af nauðsyn. Þessi vegur tengir að vísu saman tvo landsfjórðunga, Sunnlendinga- og Norðlendingafjórðung, en á engan meiri rétt á sér þess vegna. Það stendur víðar svo á um vegi, sem lítt hefir verið hirt um að bæta. En þess ber líka að gæta, að vegurinn yfir Holtavörðuheiði er allvel fær fyrir bíla að sumrinu, og mikið notaður, þó að hann sé dálítið slitróttur á köflum. Þess vegna er vegabótanauðsynin ekki eins brýn þar og víða annarsstaðar, þar sem lítið eða ekkert hefir verið unnið að vegabótum.

Að því er snertir XVI. brtt. á þskj. 296, sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. S.-M., þess efnis, að við liðinn um styrk til Eimskipafél. Ísl. bætist aths. um, að fél. hagi áætlun skipa sinna svo, að strandsiglingar taki sem jafnast til allra landshluta, þá verð ég að segja, að mér kom það mjög á óvart, er hv. frsm. mælti á móti því. Mér finnst þetta svo hóflegt skilyrði, að hver sanngjarn maður ætti að geta mælt með því. Þetta er ekkert annað en ósk, sem er eðlilega fram komin af því, að Eimskipafél. hefir sett heilan landsfjórðung hjá um strandferðirnar næstl. ár, og í þessa ársáætlun fél. eru ákveðnar 8—10 ferðir frá Rvík vestur og norður um land og til baka aftur. Þetta eru þær strandferðir, sem félagið heldur uppi. Þær taka alls ekki til Austurlands, en aðeins til Vestur- og Norðurlands, allt til Húsavíkur. Þessar ferðir eru fyrst og fremst fyrir „farfuglana". (**Dómsmrh.:** Koma engir farfuglar af Austfjörðum?) Þar eru að kalla engir bílfærir vegir á landi og engar skipaferðir með ströndum fram; þess vegna hafa þeir engin tök á að ferðast þaðan eða þangað. —

Ég ætla svo ekki að karpa meira um þetta að sinni, en læt þessa till. okkar koma undir atkv. hv. þdm., og met sanngirni þeirra eftir því, sem atkv. þeirra falla um hana. Þetta er þá önnur brtt. af

fjórum, sem ég er flm. að og ætlast til, að komi nú undir atkv. En hinum tveimur fresta ég til 3. umr., eftir ósk hv. frsm.

**Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson):** Ég tel alveg ástæðulaust að fara nokkrum almennum orðum um fjárlagafrv. í sambandi við þann kafla, sem ég á að flytja ræðu um. Get ég skírskotað til þess, sem fram kom hjá frsm. fyrri kaflans; í annan stað eru ekki svo margir áheyrendurnir, að það sé ástæða til að gera slíkt, og í þriðja lagi lít ég svo á, að það komi svo glöggt fram, hvað fyrir fjvn. hefir vakað, að hún vill til fulls taka afleiðingunum af því ástandi, sem nú er, og vill skera niður eftir því, sem hún telur sér fært. Með þeim till., sem hér eru komnar fram, hefir verið tekið harðari höndum á málum en tíðkazt hefir, þannig að mörgum mun þykja nóg um; en með tilliti til ástandsins eins og það er og þar sem munu vera komnar og koma kröfur til þingsins, sem alls ekki verður vísað á bug um að styðja atvinnuvegina, teljum við sjálfsagt að halda þessari stefnu, og halda fast við hana.

Um hinar einstöku till. skal ég fara fáum orðum. Það er vikið að hverri einstakri í nál., um flestar till. er það að segja, að þær liggja svo ljóst fyrir, að ástæðulaust er að fjölyrða um þær.

Það er þá fyrst brtt. við 14. gr. viðvíkjandi húsabótum á prestssetrum. Sá liður er settur í fjárl. vegna þeirrar löggjafar, sem sett var á þinginu 1931, og var þetta eitt af frv. frá kirkjumálanefnd. Nú voru uppi raddir um það í fjvn., að þetta ætti algerlega að stöðva, eins og ýmislegt hliðstætt verður að stöðva. Hinsvegar lagði kirkjumálaráðherrann áherzlu á, að þetta yrði ekki stöðvað, og gat þess í n., að hann væri búinn að gera ráðstafanir til næsta árs, sem væri torvelt að kalla aftur. Það yrði að sjá fyrir einhverri leið til þess að fullnægja þörfinni á þessu sviði. Þess vegna hefir n. lagt til, að þessi liður verði felldur niður og ríkissjóði verði spöruð þau útgjöld, en ber hinsvegar fram brtt. við 22. gr., að stj. skuli heimilt að taka lán úr Byggingar- og landnámssjóði í þessu skyni, og býst ég ekki við, að neitt verði því til fyrirstöðu, að hægt verði að veita lán úr þeim sjóði til þess að halda þessum húsabótum áfram. Hinsvegar verður að gera ráð fyrir afborgunum og vöxtum, en það er ekki nema hverfandi lítið, í staðinn fyrir 24 þús. kr., sem frv. gerði ráð fyrir.

Þá kem ég næst að tveimur veitingum til háskólans, námsstyrk til háskólanema og húsaleigustyrk til háskólanema. Í stjfrv. hafa þessir liðir verið hækkaðir. Dettur engum í hug að neita því, að mikil sé þörf fyrir þetta. Stúdentar eiga nú erfiðara en á venjulegum tímum, en fjvn. verður að líta svo á, að eins og allt er í pottinn búið verði að láta sér nægja þá fjárveitingu, sem er í yfirstandandi fjárl., og þar sem þingið í fyrra ákvað, að við það mætti una, telur n., að eins megi við það una áfram.

Þá er næst 27. brtt., viðvíkjandi rannsóknastofu háskólans. Menn munu reka augun í það, að þessi liður er í stjfrv. mjög miklu hærri en áður. Meiningin er að sameina rannsóknastofu háskólans og rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna, sem sett voru l. um á þinginu 1929. Má það heita skynsamleg ráðstöfun; forstöðumaðurinn verður hinn sami við báðar þessar stofnanir og verkefnin ýms hin sömu. Mælir því margt með því, að þetta verði gert, og vill fjvn. fallast á það. Hinsvegar er þarna gert ráð fyrir nokkrum styrk til jarðvegsrannsókna. Viðurkennir n., að þetta muni vera mjög þarft verk og mundi vera hægt að fá mann til þessa starfs, sem nú er við nám erlendis, Hákon Bjarnason skógfræðing. N. getur þó ekki fallizt á, að byrjað sé á slíkri starfsemi í slíku árferði og nú er. N. er kunnugt, að Búnaðarfélag Íslands mun láta byrja á sinn kostnað starfsemi á þessu sviði, þó að í smærri stíl sé, og telur, að við það verði að una í þetta skiptið.

Þá kemur 28. og 29. brtt. Þær eru báðar um utanfararstyrki. Önnur er um það, að taka upp námsstyrk til nemanda, sem ætlar að verða kennari og heitir Matthías Jónasson; það er rangt, sem stendur í fjárlfrv., að hann sé Lárusson.

Hitt er styrkur til verklegs náms. N. hefir fundið sig knúða til að fella niður alla slíka utanfararstyrki og verður að láta eitt yfir alla ganga og getur ekki fallizt á, að þessir liðir verði teknir upp. Annar liðurinn er nýtekinn upp, en hinn

hefir staðið lengi, en við teljum, að á þessum krepputímum verði menn að neita sér um utanfarir.

30. brtt. er viðvíkjandi eftirlitskennurum. Eins og menn muna, var sett um það löggjöf á sínum tíma, fyrir eitthvað 2—3 árum. Á síðasta þingi var ákveðið að leggja niður þessa starfsemi. Síðan hefir þetta verið tekið upp í frv. eftir ákveðinni ósk fræðslumálastjóra, og dettur engum annað í hug en að þarft og æskilegt væri að geta gert þetta. N. verður samt að líta svo á, að ekkert nýtt hafi komið fram, sem geri það að verkum, að þingið hverfi frá þeirri stefnu, sem það tók í fyrra, og leggur til, að þessi liður verði felldur niður. Þarna er um talsverða upphæð að ræða, 10 þús. kr.

Um utanfararstyrk barnakennara þarf ég ekki annað en að vísa til þess, sem ég hefi sagt um utanfararstyrki almennt.

Þá kemur húsmæðrafræðslan á Hallormsstað. Menn reka augun í það ósamræmi, hvaða styrkur er veittur til húsmæðraskólans á Hallormsstað og húsmæðraskólans að Laugum. Fjvn. hefir lagt til, að styrkurinn til Hallormsstaðarskólans verði lækkaður. Hinsvegar er okkur kunnugt um, að þessi skóli á við mikla erfiðleika að stríða og má vera vafasamt, hvort þetta verði fært, ef skólinn á að starfa áfram, en samræmisins vegna hefir fjvn. flutt þessa brtt.

Í núgildandi fjárl. er fjárveiting til leiðbeiningar í næringarefnafræði. N. lítur svo á, að þessi styrkur hafi verið veittur í eitt skipti fyrir öll og að ástæðulaust sé að festa hann í fjárl. og leggur til, að þessi liður falli niður.

Þá er lokið brtt. við 14. gr. og kemur þá að brtt. við 15. gr. Er þá fyrst brtt. viðvíkjandi launum við Landsbókasafnið. Um þessa brtt. þarf ég ekkert að segja, því að þetta er aðeins leiðrétting samkv. upplýsingum frá ríkisbókhaldinu.

Þá er næsti liður viðvíkjandi bókakaupum til Landsbókasafnsins. Um hann er ekki annað að segja en það, að veittar eru til þessa í núgildandi fjárl. 12 þús. kr., og n. telur ekki þörf á að hækka það frá því, sem nú er. N. vill hafa þessa upphæð hina sömu og í yfirstandandi fjárl. Sú ástæða hefir verið borin fram fyrir þessari hækkun af landsbókaverði, að gengishækkun hefði orðið á þýzkum peningum í hlutfalli við okkar peninga, sem hefði aukin útgjöld í för með sér. Má benda á það, að ekki hefir eingöngu orðið gengishækkun, heldur líka gagnvart myntum Norðurlanda hefir orðið lækkun, svo að það ætti að vinnast nokkuð upp.

Næsta till. er um styrk til Bókmenntafélagsins. Þessi styrkur hefir verið 2800 kr., en í fjárlagafrv. hefir hann verið hækkaður upp í 3800 kr. Hækkunin á að ganga til þess að stofna til nýrrar bókaútgáfu, til að gefa út æfisagnasafn, sem félagið hefir hafið undirbúning að gefa út. Dettur engum í hug að segja annað en að vel færi á að gefa út þetta myndarlega æfisagnasafn. Hinsvegar verður n. að segja, að hún telur ekki fært að stofna til slíkrar útgáfu nú. Má geta þess, að ríkið hefir styrkt útgáfu tveggja merkra rita úr sögu okkar, ferðabók Árna Magnússonar og manntalið 1703, en þar sem hætt er útgáfu þessara nytjarita, telur n. ekki fært að byrja á útgáfu sem þessari. N. getur því ekki fallizt á þessa hækkun.

Þá er nýr liður, til Norræna félagsins, sem ekki hefir staðið í fjárl. Þetta félag hefir ekki fengið styrk áður. Markmiðið, sem þetta félag starfar að, er ánægjulegt, en þó getur n. ekki mælt með því, að þessi styrkur verði tekinn upp í fjárl. nú, heldur verði menn af sjálfsdáðum að halda uppi slíkri starfsemi, ef þeir vilja það á annað borð.

Um útgáfu á þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar vil ég eingöngu segja það, að ég get skírskotað til hinna sömu ástæðna og viðvíkjandi æfisagnaútgáfu Bókmenntafélagsins, sem ég gat um áðan, þar sem svo mikil og merk bókaútgáfa önnur verður að bíða, telur fjvn., að einnig verði að fresta nokkuð þessari bókaútgáfu.

N. leggur til, að felldur verði niður liðurinn til Björns K. Þórólfssonar magisters í Kaupmannahöfn. Hlýtur að vera nokkur vangá í sambandi við orðun þessa liðs í fjárl. eins og verið hefir undanfarið, því að það er vitað, að skráin um þessi rit og handrit, sem Birni K. Þórólfssyni er ætlað að skrifa, var samin af Jóni Sigurðssyni sjálfum fyrir 1870, og er þarflaust af Alþ. að kosta til að skrifa

upp aftur það, sem Jón Sigurðsson skrifaði á sínum tíma, því að það gera ekki aðrir betur. Þessi liður hefir staðið það lengi, að n. álítur, að hann megi falla niður.

N. leggur til, að liðurinn til skálda og listamanna falli burt. Það er vitanlegt, að þegar þessi liður var settur í fjárl., var það ætlun þingsins að safna fjárveitingum til þessara manna undir þennan eina lið og láta svo þetta vera á valdi þess, sem réði úthlutuninni, fyrst ríkisstj. og síðan menntamálaráðs. Nú vita menn, að þetta er hætt að vera svo. Auk þessa liðar eru margir liðir í 15. og 18. gr. Alþ. hefir á-litið rétt að taka fjárveitingarvaldið í sínar hendur, og ég get sagt, að fjvn. fékk að sjá skýrslu um þessa úthlutun og sumpart fannst n. ekki hafa tekizt eins vel og skyldi og sumpart var framkvæmd þannig sú úthlutun, að veitt hefir verið ofan á þá styrki, sem Alþ. hafði úthlutað, og þess vegna finnst n. rétt, að þessi fjárveiting falli niður.

Um 2 næstu brtt. er ég ekki að fjölyrða. Það er í samræmi við aðra stefnu n. að leggja til, að þessir liðir falli niður. Sama er að segja um 38. lið 15. gr., styrk til Þórðar Flóventssonar, enda er hann ekki í núgildandi fjárl.

Þá eru enn 2 brtt. við 15. gr. Er annað styrkur til fréttastofu blaðamannafélagsins. Leggur n. til, að hann falli niður. Blöð eiga nú auðvelt um að ná í fréttir, sérstaklega í sambandi við útvarpið, og standa sig yfirleitt vel. Síðari brtt. er um niðurfellingu ferðastyrks til útlanda. Er það bein afleiðing af stefnu n.

Þá er 16. gr. 1. brtt. n. er sú, að styrkur til Veiði- og loðdýrafél. Íslands falli niður. Ekki af því, að við teljum óþarft, að fólk sé upplýst um þessa hluti, en ég vil geta þess, að ég teldi betur farið, að leiðbeiningar um þetta væru hjá Búnaðarfélagi Íslands, og verða núna á búnaðarþinginu teknar ákvarðanir um þetta.

Þá er 47. liður, till. um að niður falli styrkur til tveggja manna, til dýralækninga. Voru þeir báðir teknir upp í síðustu fjárl. N. viðurkennir, að starf þeirra sé gagnsamlegt, en ef þeir eiga að fá styrkinn áfram, þá geta líka fleiri slíkir menn komið til greina. Búnaðarfélagið hefir haldið námsskeið í dýralækningum, sem margir hafa gengið á, og ættu sumir þeirra eins að geta fengið styrk og þessir tveir. N. vill því ekki fara inn á þessa braut.

Þá kem ég að 48. brtt., þar sem n. leggur til, að framlag til eftirlits með verksmiðjum og vélum verði lækkað úr 1600 niður í 600 kr. Þessar 1000 kr. mega falla niður, því að þær má borga beint af tekjum af eftirlitinu.

Í 49. brtt. fer n. fram á að hækka styrk til Fiskifél. Íslands úr 70 upp í 80 þús. kr. Fiskifél. Íslands hefir tjáð n., að það geti ekki framkvæmt áætlun sína með núv. fjárveitingu. Auðvitað verða stofnanir eins og Fiskifél. og Búnaðarfél. að sníða sínar áætlanir eftir minnkandi framlagsmöguleikum ríkissjóðs. N. gat ekki hækkað styrkinn eins mjög og farið var fram á, en samt gat hún ekki annað en hækkað hann um 10 þús. kr. Fiskifél. er nú í þann veginn að fá í sína þjónustu nokkra unga og efnilega menn, og telur n. ekki annað hægt en að styrkja fél. í þessari starfsemi sinni.

Næsta brtt. er aðeins leiðrétting, til samræmis við l. frá síðasta þingi.

51. brtt.: N. getur ekki fallizt á svona mikla aukningu á kostnaði við þessa skrifstofu.

Með 52. brtt. leggur n. til, að Kvenfélagasamband Íslands fái sama styrk og áður.

53. brtt.: N. leggur til, að hinn nýi liður, 1000 kr. styrkur til vinnumiðstöðvar kvenna, falli niður, ekki af því að hún á-líti, að stofa þessi vinni ekki gagn. En þessi ráðningarstofa á að geta kostað sig sjálf. Þeir, sem gagn hafa af henni, sérstaklega vinnuveitendur, sem njóta aðstoðar hennar, ættu að borga til hennar það, sem hún þarf til að standa straum af kostnaði.

Þá er 17. gr. Við hana gerir n. aðeins 2. brtt. Önnur er sú, að aths. við 1. lið um styrk til tveggja kvenna, 1200 kr. til hvorrar, falli niður. Konur þessar dvelja utan sjúkrahúss, og álítur n. það slæmt fordæmi, ef þessi styrkur yrði veittur. Geta þá fleiri siglt í það kjölfar. Íslenzka ríkið leggur á sig meiri kostnað til berklavarna en nokkurt annað ríki, en svo langt er þó ekki hægt að ganga, að láta fólk, sem ekki dvelur á spítala, njóta styrks.

Þess má líka geta, að önnur konan þarfnast ekki styrks, því að hún dvelur nú á hressingarhælinu í Kópavogi.

Þá leggur n. til, að 11. liður 17. gr., styrkur til Rauðakrossfélags Íslands, falli burt. Eru ekki ástæður fyrir hendi til þess, að ríkið styrki það félag, enda mun það standa sig sæmilega.

Við 18. gr. I. a. gerir n. litla brtt., að fengnum upplýsingum. Við 18. gr. II. d. er gerð sú brtt., að orðið sé við styrkbeiðni Bergljótar Blöndal prestsekkju og henni veittar 200 kr.

N. leggur til að fella niður styrkinn til Guðmundar Kambans í 18. gr. Hefir hann nú góð laun, og telur n. ástæðulaust, að hann njóti styrks.

Um 60. brtt. er ástæðulaust að tala, því að það hefir hv. frsm. fyrri kaflans gert.

Um 61. brtt. mun ég heldur ekki fjölyrða, en get gefið nánari upplýsingar, ef óskað verður.

Um þá síðustu hinna brtt. við 22. gr. þarf ekki margt að segja. Þá eru þær tvær, sem eftir eru. Önnur fer fram á það, að Fiskifél. Íslands sé látin í té ókeypis lóð á Arnarhólstúni, á horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu. Er algengt, að slíkar stofnanir fái ókeypis lóðir undir hús (eins og t. d. Kvenfélag Íslands). Hin till. er um að endurgreiða Jóni Halldórssyni fyrrv. ríkisféhirði úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Þetta kemur til af því, að hann gengur nú í þjónustu annarar stofnunar og missir þar með réttinn til lífeyris úr sjóðnum. Er ekki nema sjálfsagt, að hann hljóti þessa réttarbót.

Mun ég svo ekki hafa þessi orð fleiri fyrr en hv. þm. gefa ástæðu til.

**Jónas Þorbergsson:** Ég á eina litla brtt. á þskj. 296, þar sem farið er fram á það, að ekkju Stefáns skálds frá Hvítadal séu í 18. gr. veittar 500 kr. Eru fyrir slík fordæmi um ekkjur skálda og listamanna. Vænti ég, að hv. dm. fallist á þessa brtt. Er sanngjarnt að láta þessa ekkju njóta sömu hlunninda og þær ekkjur aðrar, sem á þessum lið eru. Fer það ekki milli mála, að Stefán heitinn var góðskáld, að vísu ekki svo ýkja mikilvirkur, en allt, sem hann orti, var vel ort. Um ástæður þessarar ekkju er það að segja, að maður hennar er látinn frá 8 börnum í ómegð, og á hún nú við mikla örbirgð að stríða. Ég þykist ekki geta komið auga á neinar ástæður til þess fyrir hv. dm. að leggjast á móti þessari litlu till., þar sem hún hefir svo ákveðin fordæmi og svo ríkar ástæður, sem fyrir hendi eru. Mun ég því ekki fjölyrða um þetta frekar.

Ég mun ekki við þessa umr. tala langt mál. Ég geri ráð fyrir, að ég neyðist til að bera fram eitthvað af brtt. við 3. umr. Ég vil þó nota tækifærið til þess að segja nokkur orð um afstöðu mína til þeirra brtt., er fyrir liggja frá hv. fjvn., sem ég á að vísu sjálfur sæti í. Má ef til vill þykja kynlega við bregða, er ég, sem hefi ekki skrifað undir nál. með fyrirvara, fer nú að tala á móti gerðum n. En ég verð þó að lýsa yfir því, að þótt ég væri n. sammála í höfuðdráttunum og samvinnan væri hin ákjósanlegasta, þá var ég allmjög ósammála miklum meiri hl. n. um afgreiðslu á nokkrum liðum. Er þetta að vísu ekki svo að skilja, að ég sjái ekki nauðsyn þá, sem knúð hefir n. og þingið til sparnaðar, og er það ekki þess vegna, að ég er ekki að öllu leyti óánægður með afgreiðsluna í einstökum atriðum. Mér er það mótstæðilegt í viðhorfi þingsins, að mér virðist það horfa um of eftir bjargráðum á þeim vegum, að fella niður sem flestar smáfjárveitingar til manna, sem af eigin rammleik og hvöt eru að halda uppi andlegri viðleitni með þjóðinni. Ég lít svo á, að sá mikli kostnaður, sem þjóðin leggur í það að ala upp æskulýðinn og veita honum þá menntun, sem hægt er, verði að endurgreiðast þjóðinni í þeim andlegu verðmætum og sjálfstæðu verkum, er skáld, listamenn og vísindamenn orka. Ég lít á sjálfstæða viðleitni slíkra manna sem einskonar ávöxt af þeim gróðri, sem vaxinn er upp í menntastofnunum landsins. Þykir mér því undarlega við bregða um starf Alþingis, þegar búið er að veita svo mikið fé, til þess að ala upp æskulýðinn í skólum landsins, að það telur rétt að bregða fæti fyrir þessa sjálfstæðu andlegu viðleitni. Virðist mér slíkt vera svipuð búhyggindi eins og það, að stýfa blómið af nytjaplöntunni áður en hún nái að bera ávöxt. Ég hefi enga trú á því sem bjargráði til þess að losa þjóðina úr klóm kreppunnar, þótt sparaðar væru 25—30

þús. kr. með því að kæfa niður andlega viðleitni á þennan hátt. Þegar við hættum að skilja, hvers virði slík viðleitni er fyrir þjóðina, þá erum við áreiðanlega komnir út á glapstigu. Ég hefi í hv. n. reynt að hamla upp á móti þessari stefnu eftir mætti. Auk þess sem þessi stefna er runnin mér í merg og bein, tel ég, að mér beri nokkur aukaskylda til þess að verja málstað andlegrar viðleitni, með því að atvikin hafa hagað því svo til, að ég hefi tekið hér á þingi sæti þess manns, sem allan sinn þingaldur hélt uppi þessari stefnu. Þessi fáu orð vildi ég segja til skýringar á því, sem ég vildi láta koma fram hér í hv. d., eins og ég hefi látið það koma fram í n.

Ég mun ekki fara hér út í einstök atriði eða liði. Verð ég e. t. v. knúður til að vera á móti nokkrum till. frá hv. fjvn. Um aðrar þær till., er hér liggja fyrir, þarf ég ekki að fjölyrða. Gefst e. t. v. tækifæri til þess síðar fyrir mig að lýsa afstöðu minni til þeirra, þegar hv. flm. eru búnir að gera grein fyrir þeim.

**Guðbrandur Ísberg:** Við þennan seinni kafla fjárl. á ég nokkrar brtt. á þskj. 296. Ein þeirra er á þessu þskj. merkt XXV, við 14. gr. B. X. b. Brtt. þessi fer fram á það, að í staðinn fyrir 1500 kr., sem áætlað er, að Iðnfélagi Akureyrar verði veittar til þess að halda uppi iðnskóla, komi 2500 kr. Iðnfélag Akureyrar er fámennt, og stafar það af því, að Akureyri hefir fram að þessu verið fremur lítill bær, en er nú í hröðum vexti. Hafa þar verið heldur fáir iðnaðarmenn. Þó hefir félagið getað haldið uppi skóla undanfarin nokkur ár. Hefir hann orðið dýr í rekstri og það eitt gert skólahaldið mögulegt, að félagið á hús á Akureyri, sem það hefir haft tekjur af. Hefir Iðnfélagið verið svo heppið að geta leigt gagnfræðaskóla Akureyrar húsrúm, en það fé, sem inn kom í leigu, hefir hjálpað mjög til að halda uppi kvöldskólanum. En nú er svo komið, að þessir tveir skólar, sem starfað hafa í sama húsi og undir stjórn sama skólastjóra, geta ekki lengur starfað saman. Hefir komið upp óánægja, sem orðið hefir til þess, að skilja varð þá að. Þetta leiðir af sér, að iðnskólinn verður miklu dýrari í rekstri en áður. Skólinn hefir fengið nokkurn styrk frá Akureyrarbæ undanfarið og Akureyrarbær mun hafa lofað því að hækka nokkuð styrkinn til félagsins vegna skólans, miðað við það, að aukinn styrkur fengist úr ríkissjóði. Hér er því aðeins farið fram á aukinn styrk um 1 þús. kr. Ef þessi styrkur fengist og álíka frá Akureyrarbæ, þá mundi þetta litla og fátæka iðnfélag reyna að halda skólanum áfram. Nú á þessum atvinnuleysistímum er það brýnileg nauðsyn, að leitað verði sem víðast á um atvinnumöguleika, og að sem flest og fjölbreyttust störf geti orðið unnin hér innanlands. Að því stefnir m. a. iðnfræðslan. Ég efast ekki um, að hv. þdm. er ljós þessi nauðsyn — hún er jafnt fyrir hendi á Akureyri sem í Reykjavík — og þess vegna séu þeir fúsir til að leggja þessari litlu styrkbeiðni lið.

Þá á ég aðra brtt. rómv. 31, við 15. gr. 25. lið. Þar er farið fram á, að styrkur til Halldórs Kiljans Laxness falli niður úr fjárl. Þessi styrkur er áætlaður 2500 kr. Næsti liður í fjárl. á eftir styrknum til Laxness er styrkur til Jóns Leifs tónskálds, 1500 kr. Það er líkt á komið með þessum 2 ungu mönnum. Þó er miklu líklegra, að Laxness eigi hægra með að sjá sér farborða en Jón Leifs. En hv. fjvn. hefir nú borið fram till. um að strika út með öllu styrkinn til Jóns Leifs, en látið styrkinn til H. K. L. halda sér, sem þó hefir verið hækkaður um 900 kr. Mér er óskiljanlegt, hvernig á þessari hækkun stendur. Maður gæti vænzt þess, að maður, sem hefir skrifað svo margar bækur, sem Laxness hefir gert, og eftir þeim ritdómum, sem þær hafa fengið hjá sumum mönnum, ætti að geta unnið fyrir sér með ritstörfum sínum. Ég vil ekki að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gefist til, fara nánar út í ritstörf þessa unga manns, þótt ýmislegt sé við þau að athuga. Ég vil aðeins benda á það, að svo framarlega, sem það er réttmætt, eins og hv. fjvn. hefir lagt til, að fella með öllu niður styrk til Jóns Leifs, þá sé jafnréttmætt og ekki síður að fella niður með öllu styrkinn til Halldórs Kiljans Laxness.

Ég hefi svo ekki fleiri orð um þetta að sinni, en sný mér að 3. till. minni á þskj. 296. Það er 36. liður, við 16. gr. 24. Þar

er farið fram á, að veittur sé styrkur til Geirs Þormars, tréskurðarmeistara á Akureyri, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði. Er sú upphæð 650 kr. Ég vil til samanburðar geta þess, að í sömu fjárlagagr. er Guðmundi frá Mosdal, ungum manni, sem svipað stendur á um, áætluð sama upphæð í sama skyni. Það er ekki nema gott eitt að segja um þennan unga hagleiksmann, Guðmund frá Mosdal. En það verð ég að álíta, að hans möguleikar séu meiri að sjá sér farborða en hjá Geir Þormar. Geir Þormar hefir sama hlutverk á Akureyri sem Guðm. frá Mosdal hefir á Vesturlandi. Og þó mætti segja, að Geir Þormar hefði víðtækara verksvið, þar sem hann hefir nú um mörg undanfarin ár haft teiknináмskeið, ekki aðeins á Akureyri og þar í nærsveitunum, heldur jafnvel í öðrum sýslum á Norðurlandi. Hefir hann að staðaldri fjölda ungra manna, er hann veitir tilsögn, og mér er kunnugt um, að hann hefir gert og látið af hendi hundruð teikninga til ýmissa manna, mest þó til sinna námsmanna, án nokkurs endurgjalds. Sem sagt, hann hefir stöðugt leiðbeint mönnum, sem leitað hafa til hans. Mér finnst það hart að svipta þennan mann þeim litla styrk, sem hann hefir haft. Hann hefir áður haft 800 kr., en ég fer ekki fram á meiri styrk en Guðm. frá Mosdal er ætlaður, eða 650 kr. Ég fer aðeins fram á það, að þeir séu gerðir jafnir, og er það sú minnsta krafa, sem hægt er að gera. Ég vænti því þess, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. þennan litla styrk, sem þó er nú lækkaður, til þessa manns, sem er eini maðurinn á Norðurlandi, sem hefir fullkomna kunnáttu til að veita tilsögn í tréskurði.

**Lárus Helgason:** Við 14. gr. fjárl. er ég, ásamt hv. þm. Rang. flm. að brtt., sem fer fram á dálitinn styrk til Gústafs Pálssonar til þess að ljúka námi í Þýzkalandi. Er þessi styrkbeiðni að upphæð 1200 kr. Þessi maður er prýðilega efnilegur maður, og er hann kominn það langt, að hann býst við að ljúka námi ekki síðar en á miðju ári 1934. Hann hefir barizt þetta áfram með sérstökum dugnaði og notið nokkurs styrks frá foreldrum sínum, sem þó eru fátæk. En nú virðist hann vera svo illa staddur, að geti hann ekki fengið hjálp að heiman, þá er hann neyddur til þess að hverfa heim og reyna að vinna sér inn enn á ný einhverja upphæð, til þess svo að geta haldið áfram námi. Og þar sem eiginlega er ekki um neitt annað að ræða en það eitt, að ná markinu, þá er það illt, ef hann þyrfti að hverfa að því ráði að koma heim frá Þýzkalandi og eiga svona lítið eftir ógert þar úti.

Ég er persónulega kunnugur þessum manni. Hann hefir verið í vega- og brúargerð hjá okkur fyrir nokkrum árum. Ég leit svo á, að hér væri um verulega kröftugan og efnilegan mann að ræða. Og ég var að segja það við menn, að ég hlakkaði til, þegar þessi maður væri búinn að læra verkfræði, því ég sá, hvað prýðilega hann fylgdist með verkunum og hafði mikinn áhuga fyrir þeim, enda á hann ekki langt að sækja það. Ég er persónulega kunnugur foreldrum hans og get þess vegna vel um það borið. Ég held því, að þessu litla fé verði ekki á glæ kastað, ef þessi maður hefir líf og heilsu. Heilsan er góð, en um lífið getur maður náttúrlega ekkert sagt.

Ég hefi hér í höndunum bréf frá vegamálastjóra, sem ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp. Það hljóðar svo:

„Gústaf Pálsson frá Skógum undir Eyjafjöllum hefir nokkur sumur unnið að brúasmíði í frii sínu og síðasta árið sem verkstjóri. Hann reyndist mér vel í því starfi, var bæði áhugasamur og ábyggilegur. Hann stundaði 3 vetur nám við Fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn, en hvarf þar frá án þess að hafa tekið próf, til framhaldsnáms í byggingaverkfræði við háskólann í Dresden. Býst hann við að ljúka þar fullnaðarprófi á miðju ári 1934. Hann er að því er mér er kunnugt efnilegur og reglusamur námsmaður, sem hefir barizt fram til mennta með aðstoð efnalítilla foreldra, því sumarkaupið hefir hrokkið skammt, a. m. k. hin síðari árin, og nú síðast með lánum á ábyrgð þeirra og annara vandamanna. Lætur að líkum, að mjög er nú orðið þröngt um fjárhaginn, því að námskostnaður er mikill, líklega allt að 300 ríkismörk á mánuði að meðtöldu háu skólagjaldi, en námið leyfir ekki, að hann hverfi hingað heim í vinnuleit að sumrinu, hvorki í

fyrra eða í ár. Er hann því að mínu áliti mjög þess verðugur að njóta nokkurs styrks úr ríkissjóði til þess að geta lokið námi sínu, svo sem fengið hafa ýmsir efnilegir, en fátækir námsmenn, er stundað hafa langt og kostnaðarsamt nám við erlenda háskóla.

Geir G. Zoëga".

Ég held, að það sé ekki til neins fyrir mig að fara fleiri orðum um þetta litla erindi, en vænti þess, að hv. d. geti fallizt á, að hér er um nauðsynlegan styrk að ræða. Ég veit, að það má segja um ýmsa aðra styrki, að þeir séu jafnnauðsynlegir, en ég álít það neyðarúrræði að segja þvert nei þegar um svona lítið er að ræða til manna, sem hafa brotið sig svona áfram. Við þurfum að líta í kringum okkur áður en við gerum það. Það er harðýðgislegt að líta ekkert á þegar um svona myndarskap er að ræða, því það er myndarskapur, þegar maður berst svona áfram eins og þessi maður hefir gert án þess að fá nokkurn styrk. Vænti ég því, að hv. d. geti fallizt á að veita þennan litla styrk.

Þá á ég næst brtt. á þskj. 296, á rómv. tölul. 39, við 16. gr., til þess að lúka við fyrirhleðslu Skálmar í Álftaveri, 2000 kr.

Svo er mál með vexti, að þessi á hefir verið vágestur í þessari sveit. Áður hefir verið gert nokkuð að því að verjast eyðileggingu á engjum í sveitinni, og var í 2 ár veittur dálítill styrkur úr ríkissjóði til hjálpar. Síðara skiptið 1929, en þá var verkinu ekki lokið fyrir það, að fjárveitingin nægði ekki, en verkið komst þó það langt, að hægt var að hlaða fyrir þann hlutann, sem gerði mestan óskundann. Enn er eftir nokkur partur af þeim kafla, sem hlaða þarf fyrir ána, til þess að þetta komi að fullum notum. Það er búizt við, eftir áætlun frá Pálma Einarssyni ráðunaut, að hægt verði að lúka verkinu, sem eftir er, með 3 þús. kr. framlagi. Ég geri ráð fyrir, að 1 þús. kr. leggi sveitarmenn til sjálfir, en hér er farið fram á 2 þús. Það var svo síðast þegar veitt var til þessa, að hreppsbúar lögðu fram ⅓ á móti ⅔ úr ríkissjóði. Hér er um að ræða nauðsyn að koma þessu verki í framkvæmd, og því fremur virðist ástæða til þess að verða við þessu erindi, sem þarna er ekki um neina vegagerð frá ríkisins hálfu að ræða. Að þessum hrepp liggur enginn þjóðvegur, og hefir ríkið því engann kostnað haft af vegagerðum þar í sveit. Nú hefir verið talað um það hér í þessari hv. d. og á þessu þingi, að dreifa vegafénu sem víðast um landið, til þess að skapa ofurlitla atvinnu sem víðast. Hér er um samskonar að ræða. Með þessu er verið að hjálpa mönnum til þess að engjarnar eyðileggist ekki, með þessari litlu upphæð, sem gæti orðið þeim að nokkru liði, þó aldrei nema þeir eigi að leggja fram nokkuð á móti. Ég vil geta þess, að þessi sveit hefir um langt skeið átt við mjög mikla erfiðleika að stríða, meiri en flestar ef ekki allar sveitir þessa lands. Árið 1918 gaus Katla og flóði yfir mestan hluta af landi sveitarinnar og eyðilagði um leið mikinn hluta af skepnum bænda þar í sveit. Urðu þeir svo að eyða sér í mikinn skaða af því, sem eftir var af fénaðinum, því að hagarnir eyðilögðust með öllu vetrarlangt og heyskapur minni en nokkru sinni áður. Næsta ár varð svo mjög hátt verð á öllu fé, en þá urðu þeir að reyna að auka við þennan litla stofn, sem þeir höfðu eftir gosið.

Ég held, að það sé því sanngjarnt, að þessi litli styrkur sé veittur til að fullgera þetta verk, og vænti þess vegna, að hv. d. fallist á það.

Þá á ég smábrtt. á þskj. 306, viðvíkjandi styrk til Brands Einarssonar á Suður-Götum. Hann er sérstaklega gefinn fyrir að hjálpa skepnum, þegar eitthvað er að þeim. Hann er svo að segja skapaður dýralæknir. Hann hefir verið hér til náms hjá dýralækninum um nokkurn tíma. Hefi ég í höndum bréf frá dýralækninum, sem ég leyfi mér að lesa upp, til þess að sýna, að ég hefi ekki farið með staðlausa stafi. Þessi maður hefir alltaf verið fátækur einyrki í þéttbyggðri og fjölmennri sveit og hefir orðið fyrir mjög miklum töfum fyrir þessar sakir. En eins og gengur, þá er það venjulega með þessa menn, að þeir hafa býsna lítið í aðra hönd, þó að þeir eyði í þetta heilum og hálfum dögum, því það er nú ekki vani í sveit að borga þeim mönnum, sem gera eitthvað í þessa átt. Hér er ekki farið fram á stóra upphæð, en bláfátæka menn munar um allt. Hér er aðeins farið fram á 300 kr. Það er ekki nema ofurlítil þókn-

un fyrir þau störf, sem þessi maður vinnur. Slíkir menn sem þessir þurfa að vera í hverri sveit. Þó dýralæknir sé í Reykjavík, þá hefir V.-Skaftafellssýsla ekki mikil not af honum, þó að eitthvað verði að búfénaði bændanna þar. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta að lesa hér upp nokkrar línur frá dýralækninum þessu viðvíkjandi. Þær hljóða svo:

„Að gefnu tilefni skal ég geta þess, að Brandur Einarsson, Suðurgötum, Mýrdal, tók þátt í námskeiði, sem haldið var fyrir nokkra menn, sem vildu kynna sér almennustu sjúkdóma í búfé okkar, og er mér það ljúft að geta þess, að hann var alveg sérstaklega áhugasamur í þessum efnum og virtist hafa mjög mikil not af þeim leiðbeiningum, sem gefnar voru, enda hafði hann um nokkur undanfarin ár verið sá maður, sem leitað var til í sveitinni, ef hjálpa þurfti sjúkum dýrum. Verð ég því að telja, bæði þegar litið er til mannsins sjálfs og einnig þess, hvað sveitin er afskekkt, að full þörf væri á því, að einhver styrkur væri veittur í þessu skyni.

Reykjavík, 26. marz 1933.

Hannes Jónsson".

Þessar línur sanna þau fáu orð, sem ég hefi sagt þessu viðvíkjandi. Hér er um litla upphæð að ræða, og vænti ég þess, að hv. d. sjái sér fært að ljá þessu lið sitt. Það er allt annað en þegar um stóra upphæð er að ræða. Ég verð að segja um þetta líkt og um suma unga námsmenn; það er ekki mikið um menn, sem svona er hægt að segja um. Það er þess vert, að litið sé til þeirra og þeim sýndur einhver þakkarvottur. Ég held jafnvel, þótt þröngt sé í búi, að sanngjarnt sé að líta til þessara manna.

Að síðustu á ég brtt. á þskj. 306 undir tölulið VIII. Það er um að ríkið taki ábyrgð á 60 þús. kr. til rafvirkjunar fyrir Hvolhrepp í Mýrdal. Hér er um endurveitingu að ræða, því að árið 1929 var þessi ábyrgð fyrir hendi, en af einhverjum orsökum varð ekkert úr framkvæmd hjá þeim í það skiptið. En þetta hefir verið nokkuð nánar athugað síðan, bæði af mönnum þar í sýslu, sem hafa fengizt við svona lagað, og auk þess hefir verið fenginn rafmagnsfræðingur héðan úr Reykjavík. Þessum mönnum virtist aðstaðan vera góð, og rafmagnið mundi verða ódýrt, einkum þegar litið er til þess, hvað mjög er erfitt með alla aðdrætti. Sérstaklega er það tilfinnanlegt með kolin — og aðra ódýra þungavöru —, hvað þau eru miklu dýrari þar en í Reykjavík. En ef stöðin kemst upp, þá eiga þeir kost á ódýru rafmagni og þurfa þar af leiðandi minni kol að kaupa en áður, og vænti ég þess, að hv. þdm. sjái, hve mikil nauðsyn er á þessu fyrir þessa afskekktu sveit. Það verð ég að segja, að þá fer illa, ef þetta verður nema formsatriði fyrir ríkið. Hér er um fjölmennt byggðarlag að ræða, eftir því sem gerist hjá okkur. Í kauptúninu eru um 300 manns og víst fullkomlega eins margt í sveitinni sjálfri þar í grennd. Ég held því, að þó þessi ábyrgð verði endurnýjuð frá 1929, þá verði tæplega hægt að núa þinginu því um nasir, að það hafi farið þar ógætilega. Ég held miklu fremur, að hér sé um að ræða, að þingið megi helzt ekki neita um svona ábyrgð, því að með því að ríkisábyrgð fáist fyrir þessu fé, þá er búizt við, að stöðin kosti ekki nema 70—80 þús. kr., en þeir fá ekki lán nema með ríkisábyrgð. Vænti ég því, að hv. d. fallist á að endurnýja þessa ábyrgð. Hún stendur í fjárlögum 1929, en var þá ekki notuð, eins og að framan er greint. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að svo búnu og vænti, að hv. d. fallist á þetta.

Hefi ég svo ekki fleiri till. að tala fyrir að þessu sinni.

**Björn Kristjánsson:** Við þennan kafla frv. hefi ég eina örlitla brtt. að flytja, á þskj. 296 undir XLV. tölulið, um að hækkaður verði styrkur sá, er þar um ræðir, til frú Guðrúnar Björnsdóttur, úr 300 kr. upp í 500 kr. Ástæður þessarar háöldruðu konu, sem nú er komin yfir áttrætt, eru mjög fjarri því að geta kallazt góðar. Hún missti mann sinn árið 1888 og stóð þá uppi félaus, með 3 börn kornung, og aðstæður þá ekki góðar. Maður hennar, Lárus Jóhannesson, bróðir Jóhannesar Jóhannessonar fyrrv. bæjarfógeta, hafði verið aðstoðarprestur um nokkurn tíma á Sauðanesi, og gegndi síðar um nokkurra mánaða skeið sjálfstæðu em-

bætti að Svalbarði. Eftir lát hans brauzt þessi ekkja með frábærum dugnaði og elju til þess að ala upp dætur sínar, sem eins og ég hefi þegar tekið fram voru þrjár. Eins og nærri má geta, hafa þær mæðgur ekki átt við glæsileg kjör að búa. Síðustu árin hefir frú Guðrún haldið til hjá dóttur sinni, Láru, er gift var Ólafi Jónssyni lækni hér í Reykjavík. En nú er fokið í það skjól, því Ólafur lézt í vetur og mun ekki hafa látið eftir sig neinar eignir. Og er þá auðsætt, að dóttir hennar muni ekki lengur geta styrkt hana. Ég vil geta þess, að í 24 ár, frá 1888 til 1912, fékk hún ekki venjuleg prestsekknaeftirlaun, vegna þess að talið var, að hún hefði ekki rétt á því, þar eð manni hennar hafði ekki verið veitt sjálfstætt prestsembætti. En í tíð Þórhalls biskups Bjarnarsonar var að nokkru leyti úr þessu bætt, og fékk hún eftir það styrk, er nam 300 kr. á ári. En eins og nú er komið högum hennar, er óhugsandi, að hún geti lifað af svo lítilli upphæð, og þótt margar séu ekkjurnar illa staddar, munu fáar eiga við jafnerfið kjör að búa. Auk þess ættu það að vera sterk meðmæli með hækkunartill. minni, að frú Guðrún hefir — eins og áður er sagt, farið á mis við réttmætan styrk í 24 ár. Legg ég því til, að þingið bæti henni þetta misrétti með viðbótarstyrk þau fáu ár, sem hún á eftir ólifað, en hún er nú, eins og áður var sagt, komin yfir áttrætt. Ég held, að ekki sé þörf að fara fleiri orðum um þetta. Vona ég, að hv. þm. skilji hina knýjandi þörf og sjái sér fært að greiða úr þessum vandræðum ekkjunnar.

**Steingrímur Steinþórsson:** Sjálfur á ég enga brtt. við frv. og mun ekki þreyta hv. d. með því að fara að tala um brtt. einstakra þm., en mun láta nægja að sýna með atkvæði mínu afstöðu mína til þeirra. En ég hefi hér erindi að reka fyrir hv. þm. Barð., sem er veikur og getur því ekki komið hingað sjálfur til þess að mæla fyrir till. sínum. Hann á 4 brtt. við fjárl., en biður mig fyrir þau skilaboð, að hann taki aftur til 3. umr. 3 af þeim. Þær eru á þskj. 296, undir tölul. XXIX, XLVII og XLIX, en þá 4., sem er að finna á sama þskj. undir tölul. L, vill hann ekki taka aftur nú við þessa umr. Hún felur í sér heimild, 22. gr. II. Nýr liður: „Heimild fyrir ríkisstj. til að kaupa læknisbústað Reykhólalæknishéraðs á Reykhólum ásamt lóð og öllu tilheyrandi, við því verði, er skuldir þær nema, er á eigninni hvíla, þegar kaup fara fram". Grg. fyrir þessari till. hefir hv. þm. beðið mig með leyfi hæstv. forseta að lesa upp hér í deildinni. Grg. er hér í bréfsformi, stíluðu til fjvn.:

„Alþingi, 14. marz 1933.

Með skírskotum til samtals við hina heiðruðu fjárveitinganefnd leyfi ég mér hér með að senda henni bréf frá hreppsnefnd Reykhólahrepps til mín., dags. 17. f. m., með tilmælum um, að nefndin taki til greina þær óskir, sem fram koma í bréfinu, sem sé:

Leggi til, að ríkissjóður yfirtaki læknisbústaðinn á Reykhólum með áhvílandi veðskuldum, sem um síðustu áramót námu kr. 20548,27, og öðlist jafnframt öll réttindi með bústaðnum. Bústaðurinn kostaði um kr. 40000,00, og lagði ríkissjóður fram kr. 11700,00. Í héraðinu eru aðeins ca. 500 íbúar, og má því nærri geta, að slíkur fjárhagsbaggi sem þessi er héraðinu algerlega ofviða. Einn hreppurinn af þremur hreppum héraðsins, Geiradalshreppur, hefir lagt fram sinn hluta, en hinir tveir, Reykhólahreppur, ca. 250 íbúar, og Gufudalshreppur, ca. 150 íbúar, standa einir undir þeim veðlánum, sem á hvíla (20548,27). Hinn síðarnefndi er algerlega fjárþrota, fékk 1930 bjargráðasjóðslán, kr. 5000,00, á eingöngu fátæklinga að gjaldendum og getur nú engan þátt tekið í skuldabyrðinni. Stendur Reykhólahreppur því raunverulega einn undir byrðinni. Af þessu er ljóst, að engar líkur eru til, að héraðið geti staðið undir skuldabyrði læknisbústaðarins. Sýslufélagið, sem er sérstaklega lítið (um 900 íbúar) og vanmáttugt, getur ekkert hlaupið undir bagga, og því ekki í annað hús að venda um hjálp en til ríkissjóðs. Hinsvegar ekki um raunverulega þungan bagga að ræða fyrir ríkissjóðinn, þótt hann taki á sig bústaðinn fyrir veðskuldinni, er nemur 20 þús., og eignist 40 þús. kr. eign fyrir.

Þess skal getið, að bæði Gufudalshreppsbúar og Reykhólahreppsbúar hafa á almennum fundi hreppsbúa skorað á

Alþingi að verða við kröfunni um yfirtöku læknisbústaðarins. Tek ég hér með upp fundarsamþykkt Reykhólahreppsbúa í þessu efni:

„Fundurinn skorar á Alþingi og ríkisstjórn að láta ríkið taka að sér læknisbústað Reykhólalæknishéraðs til eignar og rekstrar (sjúkraskýlið), með öllum þeim fjárkröfum, sem á honum hvíla, sem og þeim réttindum, sem honum fylgja".

Bréf frá oddvita Reykhólahrepps til mín fylgir einnig hér með.

Virðingarfyllst

Bergur Jónsson.

Til fjárveitinganefndar neðri deildar Alþingis".

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en vona, að hv. d. láti þm. ekki gjalda þess, að hann var þess ekki megnugur að koma hingað sjálfur til þess að mæla fyrir till. sinni, en líti á nauðsyn þess að létta undir með þessum fátæku hreppum til þess að standa straum af læknisbústað sínum, sem er þeim algert ofurefli eins og nú standa sakir.

**Sveinn Ólafsson:** Mér virðist reyndar sem hér sé tæplega messufært, en hinsvegar býst ég ekki við, að eftir betra sé að bíða með flutning þessara brtt., sem ég þarf að mæla fyrir. Þær eru tvær talsins. Önnur er á þskj. 296, XXXIII, þess efnis, að mag. Árna Friðrikssyni fiskifræðingi, verði veittar vegna ritstarfa og fyrirlestra 1200 kr., til vara 1000 kr. Þessi till. er flutt af sjútvn., og álítur hún, að þessi efnilegi vísindamaður, sem unnið hefir mikið og þarft verk í þágu útvegarins undanfarið, en ekkert að launum þegið, eigi þessa viðurkenningu fyllilega skilið. Ég verð að segja, að ekki þekki ég neinn af yngri menntamönnum vorum, sem látið hefir í té ríflegri skerf til íslenzkra fræðiiðkana á þessu sviði og til eflingar aðalatvinnuvegi landsbúa. Það er líka almennt viðurkennt, að hann hafi unnið mjög mikilsvert starf í þágu þjóðarinnar. Af vísindalegum ritstörfum hans má m. a. nefna stórmerkilegt rit nýútkomið, sem hann nefnir „Aldahvörf í dýraríkinu", en einnig gaf Árni út á næstl. ári aðra bók, sem hefir komið í mjög góðar þarfir sjómönnum og öðrum þeim, er útveg stunda, en það er ritið: „Skarkolaveiðar Íslendinga og dragnótin". Nefna má ennfremur, að 1930 var gefið út af Síldareinkasölu Íslands þriðja rit Árna um skyld efni og hin: „Áta síldarinnar". Þessi bók hefir komið og mun koma veiðimönnum að miklu liði. Þar er því vendilega lýst, hvernig þekkja skuli og flokka síld eftir gæðum. Um þetta hefir ekki áður verið ritað á íslenzku svo ég viti. Að flokka síldina þannig, að full trygging fáist fyrir því, að hún sé fyrsta flokks vara, er gert eftir ákveðnum reglum, með því að athuga, hvaða teg. átu síldin hefir í maganum, en um þá rannsókn gefur ritið ljósar leiðbeiningar og kennir veiðimönnum að varast þær átutegundir, sem skaðlegar eru fyrir geymslu síldarinnar og spilla henni. Með leiðbeiningum rits þessa, ef til er gætt, eiga veiðimenn að geta fengið fyllstu tryggingu fyrir því, að síldin verði boðleg vara á erlendum markaði og skemmist síður. Öll fyrrgreind ritverk mag. Árna eru samin með það fyrir augum að greiða götu fiskimanna og búa betur í hendur þeirri stétt. Er mjög lofs- og launaverður áhugi hans fyrir þessum málum, og væri vissulega maklegt, að hann nyti þess sem unnið hefir, að einhverju leyti. Þá má og geta þess, að mag. Árni hefir flutt 28 útvarpserindi, flest um þetta efni, sem vakið hafa hina mestu athygli um land allt, bæði vegna áhuga hans sjálfs, sem komið hefir þar greinilega í ljós, og ekki síst vegna þess, að erindin hafa yfirleitt verið mjög fræðandi og uppbyggileg. Allmarga fyrirlestra hefir hann líka haldið í Reykjavík og nágrenni hennar, flesta ókeypis, svo fremi mér er kunnugt.

Hið áðurnefnda rit um skarkolaveiðar Íslendinga og dragnótina gaf Árni út næstl. ár af eigin efnum, og hefir mér verið skýrt svo frá, að hann hafi ennþá eigi getað greitt nema helming prentunarkostnaðar, með afborgunum þó. Til þeirrar útgáfu var engu kostað af opinberu fé. En „Aldahvörf í dýraríkinu" voru gefin út af Menningarsjóði.

Ef athuguð er 15. gr. fjárlfrv. og framlög, sem þar eru ætluð einstökum mönnum, þá virðast þar taldir allmargir, sem ekki eiga ríkari rétt en Árni til styrks af

opinberu fé. T. d. má nefna Þórberg Þórðarson. Honum eru ætlaðar 1600 kr. til samtínslu orða úr alþýðumáli, og í 31. lið 15. gr. eru M. Ásgeirssyni ætlaðar 1200 kr. til ljóðaþýðinga. Ekki má skilja orð mín svo, að ég geri lítið úr slíkri starfsemi, en hinsvegar finnst mér hún sízt rétthærri en vinna Árna Friðrikssonar. Mag. art. Ólafi Marteinssyni eru í þessari sömu grein ætlaðar 1000 kr. til vísnasöfnunar. Munu þeir ljóðelskir menn þó margir á landi hér, sem eiga í fórum sínum þúsundir ferskeytlna, og ekki virðast styrkþurfar vegna þess. Oddur Oddsson er einnig talinn í 15. gr. með 400 kr. til ritstarfa, er litlu munu fá áorkað til þjóðþrifa, og ennfremur eru þar ætlaðar 800 kr. til þess að Páll Þorkelsson geti unnið að málsháttasafni sínu, sem telja verður þó fremur ófrjótt starf.

Tilgangur minn er ekki að mæla gegn styrkjum þeim, sem ég hefi hér nefnt. Hitt vildi ég sýna með samanburði, að ekki ættu þeir meiri rétt á sér en till. sjútvn. um styrk til Árna Friðrikssonar, og vil ég f. h. n. mælast til þess, að honum verði sýnd þessi réttmæta viðurkenning fyrir vel unnið og nytsamt starf. Um það ætla ég svo ekki að fjölyrða frekar, enda hefir Árni sjálfur vakið þá eftirtekt með starfi sínu, að einhlítt ætti að vera til framdráttar þessari litlu till. nefndarinnar.

Þá kem ég að till. í tölulið LIV. á þskj. 296. Þá till. flyt ég ásamt hv. þm. Seyðf., og lýtur hún að því að heimila ríkisstj. að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélög á Eskifirði og Seyðisfirði á lánum til fiskiskipakaupa. Til Eskifjarðar 120000 kr., en til Seyðisfj. 100000 kr. Í báðum tilfellum er ráð gert fyrir, að hlutaðeigendur leggi fram sjálfir a. m. k. ⅕ hluta kaupverðsins. Í till. er tekið fram, að þetta sé endurveiting, og svo er það um hvorttveggja. Í fjárlögum 1931 var stj. heimiluð ábyrgð á allt að 90000 kr. láni til handa samvinnufél. á Eskifirði, en heimild þessi var aldrei notuð, með því að stj. taldi tryggingar félagsins ónógar, og fórst þá fyrir áform það, sem tekið hafði verið, um að koma á fót samvinnuútgerð. Í fjárl. 1932 var þessi heimild endurveitt og hafði þá verið færð niður í 50000, en einnig fór þá á sama veg og fekkst ekki ábyrgðin. Að vísu var myndað samvinnufélagið, og hélt það úti 2 bátum, en fyrirtækið var févana og of þröttlítið til þess að geta staðizt kreppuna, sem með ofurþunga lagðist þá yfir öll atvinnufyrirtæki á sjó og landi.

Um Seyðisfjörð er líkt á komið; heimild var fyrir 100000 kr. lánsábyrgð þangað í fjárl. 1931, en var aldrei notuð.

Oft er búið að minnast á það á undanförnum þingum og ráða ráðum um það, hvernig taka eigi svona málum og firrast vandræði. Í þessum sveitum, sem eru tiltölulega fjölmennar, er fyrirsjáanlegt, að alla bjargráðaviðleitni ber upp á sker, ef engar fást atvinnubætur, og ber nevðin þá að dyrum flestra fyrr en varir. Hér var á Alþingi fyrir nokkrum árum ráðizt í sviplíkar framkvæmdir á Ísafirði með lánsábyrgð fyrir útgerðarmenn, eins og nú er óskað eftir fyrir Eskifjörð og Seyðisfjörð, og er engum blöðum um það að fletta, að árangurinn af því hefir orðið mjög góður. Víst er það, að ástæður Ísafjarðarkaupstaðar hafa stórum batnað frá því, er á horfðist 1929, og ég hefi fyllstu ástæður til þess að vona, að eins vel gefist á þeim tveim stöðum, sem ég ber fyrir brjósti. En horfurnar þar eru sem stendur mjög iskyggilegar, svo að verði ekki hægt að gera ráðstafanir til þess að létta þeim útvegun skipanna, má eigi sjá hvar lendir. Þessi leið, með útvegun vandaðra veiðiskipa, finnst mér bæði líklegri til góðs árangurs og hyggilegri í alla staði heldur en að veita bein hallærislán, eins og stundum hefir gert verið til að forða fólki frá hungri. Hv. þm. munu þekkja nokkur dæmi þesshátt ar ráðstafana frá fyrri tíð víðsvegar af landinu.

Eina rétta leiðin í þessum efnum er að hjálpa mönnum til þess að hjálpa sér sjálfir, og mun Ísafjörður, eins og nú horfir, bera þess ljósastan vott.

Um þetta ætla ég ekki að fjölyrða frekar að sinni, en hv. meðflm. minn mun hafa ýmsar fyllri skýringar málsins tiltækar.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég fara fám orðum um eina brtt. hv. fjvn. Hún mun vera við 15. gr. og þess efnis, að niður falli 800 kr. fjárveiting til útgáfu þjóðsagnasafns Sigfúsar Sigfússonar. Ég

get nú vel skilið, er ég lít yfir niðurskurð nefndarinnar, að henni hafi þótt þessi veiting hliðstæð öðrum, sem n. lagðist á móti. En ómaklegt með öllu var olnbogaskot það, er nefndin gaf höfundinum, þegar hún lýsti því yfir í áliti sínu, að styrkveitingin félli niður fyrir það, að safnið væri ómerkilegra en ætlað hefði verið, í stað þess að fella styrkinn niður ádeilulaust, eins og aðrar hliðstæðar fjárveitingar. Ég verð að segja, að mér finnst þetta óþörf og óvarleg yfirlýsing hjá n. Það hæfir ekki að leggja sama mælikvarða á þjóðsagnasafn og vísindarit og enginn dómhæfur mun svo að fara.

Það, sem út hefir verið gefið af safni Sigfúsar undanfarin ár, er spegilmynd af hugsunarhætti og hjátrú fyrri tíma manna. Flest þjóðsagnasöfn hafa þetta mark á sér, ella væru það ekki þjóðsagnir. Hér er ekki um hliðstæðan styrk að tefla við suma þá styrki aðra, sem fjvn. leggur til, að felldir verði niður úr frv., heldur aðeins um ¼ af útgáfukostnaði safnsins að ræða. Hinir ¾ eiga að koma annarsstaðar frá.

Nú er verið að gefa út þann hluta safnsins, sem útgengilegastur mun reynast. En það, sem út hefir verið gefið, hefir að vísu selst treglega, og er það m. a. af því, að í þeim hluta safnsins eru einkum hindurvitna- og hjátrúarsögur, sem almenningur hefir ekki lengur smekk fyrir og kærir sig því ekki um að lesa. En þetta efni allt verður þó að taka fyrir og safna því í heild, ef vel á að vera, svo að það liggi á aðgengilegan hátt fyrir þeim, er síðar leggja stund á þjóðsagnafræði á vísindalegan hátt. Ella myndi safnið að minna liði verða og „mynd" liðins tíma óskýrari. Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta. Mér fannst ég verða að eyða að þessu nokkrum orðum, sérstaklega af því, að ómaklega var beint hnútum að gamla manninum, sem helgað hefir alla æfina óeigingjörnu starfi við söfnun og útgáfu þessara fjölbreyttu rita. Menn, sem kunna að meta starf þessa höfundar, leggja fram ¾ kostnaðar til útgáfunnar. Tel ég víst, að þeir geri það af því að þeim þyki safnið þess vert að vera gefið út, en ekki af tillátssemi við höfundinn. Ég vil því mælast til þess — enda þótt ég leggi ekki kapp á það —, að þeir hv. þdm., sem eins og ég telja þetta verk ekki þýðingarlaust, greiði atkv. gegn till. n. Ég greiði hiklaust atkv. gegn till. um að fella þennan lið niður.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég á nokkrar brtt. á þskj. 296 og skal fara um þær nokkrum orðum.

Hin fyrsta er sú, að hækkað verði tillag til byggingar barnaskólahúsa utan kaupstaða um 2000 kr. Í fjárl. þessa árs er enginn styrkur til slíkra skóla. En vitanlegt er, að mikil þörf er fyrir þann styrk. Það er þegar búið að byggja nokkuð af skólahúsum án styrks, og önnur eru í undirbúningi og fleiri bíða eftir því, að eitthvað rætist úr með lögmæltan styrk. Einn af þeim stöðum, sem þannig er ástatt um, er Vestur-Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þetta er mjög afskekkt hérað. Að sækja skóla til A.-Aðalvíkur er afskorið. Það er 1 klst. sjóferð frá Sæbóli að Látrum og skólahúsið á Látrum rúmar ekki fleiri nemendur en þar eru nú, og því ekki hægt húsnæðis vegna að bæta við nemendum þar, þó börnum væri komið fyrir í Látraþorpi. Þorpsbúar í Vestur-Aðalvík hafa safnað 2000 kr. til skólabyggingar og hreppurinn tryggt það, sem á vantar. Strandar því aðeins á því að fá lögmælt tillag, ⅓ kostnaðar, úr ríkissjóði. Fyrir því er þessi till. flutt. Það, sem fram á er farið í henni, er, að tillag ríkissjóðs til barnaskólahúsa sé í fjárl. hækkað úr 15000 kr. í 17000 kr.

Næsta brtt. mín við fjárl.frv. er um það, að Sigurði Kristjánssyni, fyrrum barnakennara, verði endurgreitt úr lífeyrissjóði barnakennara það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn, þó án vaxta. Maður sá, sem hér um ræðir, hefir nú látið af barnakennslu og hyggst ekki munu taka þann starfa upp aftur. Hann var barnakennari frá 1911 til 1929, að tveimur árum undanskildum, sem hann var veikur. Greiddi hann lögboðið iðgjald í sjóðinn öll þau ár, samkv. l. frá 1911. Till. fer fram á, að hann fái þetta fé endurgreitt án vaxta. Slíku hefir aldrei verið neitað. Ein slík till. hefir nú komið fram frá fjvn. Vona ég því, að hv. dm. setji ekki þennan mann hjá, en samþ., að hann fái endurgreidda þá upphæð, er hann hefir greitt í sjóðinn, en sjóðurinn njóti vaxt-

anna af henni. Sleppur viðkomandi maður, sem engan styrk hefir hlotið úr sjóðnum, því ekki skaðlaus. En hann situr þó við sömu kjör og aðrir, ef hann fær þessa endurgreiðslu.

Þriðja brtt. mín er sú, að ríkissjóður ábyrgist 60 þús. kr. lán fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa. Hér er um endurveitingu að ræða, því heimild til þessa hefir staðið í fjárl. síðustu þriggja ára. En vegna þess að félagið hefir ekki talið sér fært að kaupa nýjan bát, hefir ábyrgðarheimildin ekki verið notuð til þessa. Ég fer fram á, að hún verði endurnýjuð, því vera má, að félagið sjái sér fært að kaupa nýjan bát á næsta ári. Þörfin fyrir það er brýn, því bátur sá, sem nú er notaður, fullnægir á engan hátt þörfum þessa héraðs, þar sem staðhættir eru svo, að allir flutningar, bæði fólks- og vöruflutningar, fara fram sjóleiðina.

Þá er loks LVII. brtt. á sama þskj. Er þar einnig um ábyrgðarheimild að ræða fyrir 200 þús. kr. láni til Hólshrepps til byggingar raforkustöðvar. Hér er á svipaðan hátt um endurveitingu að ræða. Þessi ábyrgðarheimild stóð í fjárl. 1931 og 1932, en féll niður úr fjárl. yfirstandandi árs, vegna þess að engar líkur voru fyrir hendi um, að ábyrgðin yrði notuð nú í ár. Nú mætti svo fara, að ábyrgðarheimildin yrði notuð á næsta ári, og fyrir því er farið fram á, að hún verði sett í fjárl. Þarna hagar sérstaklega vel til um byggingu rafstöðvar. Eftir skýrslu, sem Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri hefir látið Alþingi í té, er aðstaða til rafstöðvarbyggingar þarna hin ákjósanlegasta. Ekki er fullvíst, að þessi heimild verði notuð, þótt hv. þd., sem ég vona að hún geri, samþ. hana. Hv. d. er óhætt að samþ. þetta, því hún má treysta því, að ekki verði í þetta fyrirtæki ráðizt, nema sjáanlegt sé, að það verði til stórra hagsbóta.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Mér gerir það ekkert til, þótt fáir hv. þdm. hlusti á mál mitt, því ég ætla ekki annað að gera en að biðja hv. þm. Str., frsm. síðari kafla fjárlfrv., um að taka aftur 61. brtt. á þskj. 199, sem er um það að kaupa fyrir fasteignamatsverð íbúðarhús sýslumannsins í Borgarnesi. Það er auðskilið mál, að ekki er til neins að gefa stj. heimild til að kaupa þetta hús, ef kaupverðið má ekki fara yfir fasteignamatsverð. Þótt að þessum sýslumanni þrýsti nú fjárhagsörðugleikar, þá er samt eigi örvænt, að hann geti selt hús sitt hærra verði á annan hátt. Og þótt svo væri ekki, þá gagnar honum ekki neitt slík sala, sem heimiluð er með brtt. fjvn. Vona ég því, að hv. frsm. hafi ekki á móti því að taka till. aftur. — Hefi ég svo ekki fleira að segja að sinni.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég á hér nokkrar brtt. og vildi sem aðrir hv. þm. fylgja þeim úr hlaði með nokkrum orðum. Er að vísu ekki árennilegt að tala, þar sem sæti hv. þm. þessarar d. eru nú svo mjög fáskipuð. Þætti mér elskulegt, ef „litla þingið", sem er að halda fund í ráðherraherberginu, fengist til að hlusta á mál mitt, því till. mínar eru svo sjálfsagðar, að ég er viss um, að allir þeir, sem mál mitt heyra, munu greiða atkv. með þeim. (**TrÞ:** Er það nú víst?). Já, það er alveg áreiðanlegt!

Að hinni fyrstu er ég aðalflm., en auk mín flytja þeir hv. þm. G.-K. og hv. þm. Seyðf. þá brtt. Hún er um það, að greiða til glímufélagsins Ármanns, upp í halla af ferð glímuflokks til Stokkhólms í tilefni af íslenzku vikunni þar, 1500 kr. Eins og kunnugt er, var að tilhlutun Norræna félagsins haldin íslenzk vika í Stokkhólmi á síðasta hausti. Slíkar norrænar vikur, fyrir Finna, Dani og Norðmenn, hafa verið haldnar undanfarin ár. Svíar sýndu okkur nú þá vinsemd að halda slíka íslenzka kynnisviku fyrir Ísland, sem í engu stóð hinum að baki. Og ég er viss um, að sú vika hefir ekki gert okkur Íslendingum minna gagn en hinar vikurnar hinum þjóðunum. Og þeim mun meiri þörf höfum við Íslendingar fyrir slíka kynningu, sem við erum minna þekktir en hinar þjóðirnar.

Vanþekking á Íslandi og Íslendingum er alveg ótrúlega mikil í Svíþjóð, sem vitanlega víða annarsstaðar. Almenningur þar veit ekkert, hvort heldur hér búa Eskimóar eða siðuð menningarþjóð. Er því ekki minnsti vafi, að íslenzka vikan hefir átt stóran þátt í því að kynna okkur þar. Og í því átti glímufélagið Ármann áreiðanlega mestan og beztan þátt. Ég var

staddur á íslenzku vikunni og get því af eigin sjón og áheyrn borið um það ómetanlega gagn og þann mikla sóma, sem þessi djarfi og frækni glímuflokkur gerði íslenzku þjóðinni þar. Kostnaður flokksins af þessari Sviþjóðarför var 5000 kr. Upp í það hafði hann aflað sér 1000 kr. með íþróttasýningu áður en hann lagði á stað. Tekjuhalli af ferðinni var því 4000 kr. Félagið, sem er fátækt, fer nú fram á, að ríkissjóður leggi fram 1500 kr. upp í þennan tekjuhalla. Ef metið er að nokkru það mikla gagn, sem var að ferðinni, má segja, að höglega sé farið í þessari beiðni. Mæli ég því hið bezta með, að þessi upphæð verði veitt.

Næst vil ég minnast á XXXV. brtt. á þskj. 296, sem flutt er af landbn. Frsm., hv. þm. Borgf., er ekki viðstaddur, og vil ég því hlaupa í skarðið og skýra brtt. með nokkrum orðum. Þessi brtt. er flutt eftir ósk frá n., sem starfar í búnaðarþinginu. Er hún gerð til þess, að hægt verði að veita samskonar styrk og áður, vegna framkvæmdar á l. um verzlun tilbúins áburðar.

Eins og allir vita, hefir ræktun verið stórstígari undanfarin ár heldur en hún hefir verið um aldir áður. Og það er líka kunnugt, að einn nauðsynlegasti liðurinn í þessari stórfelldu ræktun er tilbúinn áburður. Það er langt frá því, að hinn innlendi húsdýraáburður sé nægur til að viðhalda hinu ræktaða landi, hvað þá til stórfelldrar nýræktar. Verður því að fullnægja áburðarþörfinni með tilbúnum áburði að meira eða minna leyti. Þegar nú það fer saman, að afurðaverð landbúnaðarins hefir fallið um meira en helming, en áburður frá útlöndum hækkað, sérstaklega frá Þýzkalandi vegna gengisbreytinga, þá stefnir að hreinum voða um, að hægt verði að viðhalda ræktaða landinu. Þar sem því verður að telja ákjósanlegt, að bændur afli sér tilbúins áburðar, er hreinasta neyð að svipta þá þeim styrk, er þeir hafa fengið til áburðarkaupa. Í fjárlfrv. er jarðræktarstyrkurinn áætlaður 400000 kr. En nú liggja fyrir upplýsingar um það, að svo mjög muni draga úr ræktun nú, að litlar líkur séu fyrir hendi um, að þessi upphæð verði öll notuð. Hefir því orðið samkomulag innan landbn. að leggja til, að styrkur þessi verði lækkaður í fjárl. um 45000 kr., en styrkurinn til áburðarkaupa hækkaður um sömu upphæð. Vona ég, að þetta þyki sanngjörn till., þegar sjáanlegt er, að bændur hafa ekki kraft til að leggja í nýrækt, að þá verði þeir frekar styrktir til þess að halda því við, sem ræktað er. Það væri hörmulegt, ef ræktun síðustu ára stæði arðlaus vegna áburðarskorts. Er því nauðsynlegt að styðja að því, að bændur fái vexti af þeim peningum, er lagðir hafa verið í ræktunina. Landbn. leggur að vísu enga áherzlu á, að liðurinn vegna jarðræktar verði lækkaður. En við bárum þó þessa lækkun fram, bæði vegna jafnaðar fjárl. og þó einkum til þess að undirstrika ástandið eins og það er — það, að bændurnir berjast nú í bökkum um að halda ræktaða landinu við.

Þá kem ég að XLIII. brtt. á sama þskj. Er hún um það, að hækka tillagið til slysavarna um 7000 kr., og að þeim 7000 kr. verði varið til símalagningar að Hjörsey og Straumfirði á Mýrum. Þessir tveir staðir eru eyjar, sem eru þó svo stutt frá landi, að hægt er að leggja þangað síma. En framundan þeim báðum er svo hættulegur skerjagarður, að óvíða, að söndunum austurfrá máske undanteknum, hafa orðið fleiri skipströnd undanfarin ár. Skal ég, máli mínu til sönnunar, lesa upp lista yfir þau skip, sem hafa farizt þarna síðan árið 1906, en þau eru þessi:

1. Hinn 7. apríl 1906 fórst íslenzka fiskiskipið „Emelie“ frá Reykjavík í ofsaroki á vestan með óvenjumiklu brimi á skerjunum út af Hjörsey á Mýrum. Skipverjar fórust allir, 24 að tölu.

2. Sama dag fórst einnig íslenzka fiskiskipið „Sophie Withley“ frá Reykjavík þar skammt frá með öllum mönnum, 24 að tölu.

3. Hinn 5. maí 1908 strönduðu 2 franskar fiskiskútur á skerjunum inn af Þormóðsskeri í norðanstormi og kafaldsbyl. Skipshöfninni, 26 mönnum, af annari skútunni bjargaði norskt línuveiðagufuskip, er hélt til í Hafnarfirði.

4. Skipshöfnin af hinni, 19 manns, fór í skipsbátinn og komst eftir 10 klukkutíma hrakninga til Akraness, og voru þá mjög illa til reika.

5. Hinn 1. júlí 1910 fórst mótorbátur úr

Reykjavík við Mýrar og drukknuðu allir, sem á voru, 3 að tölu.

6. Hinn 14. janúar fórst íslenzka seglskipið „Hekla“ frá Reykjavík við Mýrar, og drukknuðu skipverjar allir, 5 að tölu.

7. Hinn 16. ágúst 1913 strandaði enski togarinn „Drax“ á skerjunum skammt utan við Hjörsey. Skipverjar björguðust allir í land á skipsbátnum með aðstoð manna úr landi.

8. Hinn 28. febr. 1918 strandaði íslenzka fiskveiðagufuskipið „Erling“ frá Álftafirði á skeri skammt frá Þormóðsskeri. Skipið komst á flot aftur litlu síðar, lítið skemmt.

9. Hinn 22. október 1919 strandaði norska seglskipið „Activ“ frá Marstal á skeri út af Skáley, í stormi og brimi. Skipverjar fórust allir, 5 að tölu.

10. Hinn 30. nóv. 1923 fórst ísl. vélbáturinn „Baldur“ frá Reykjavík í suðvestanstormi við Mýrar. Skipverjar allir, 5 að tölu, drukknuðu.

11. Hinn 11. des. 1926 fórst norska fiskflutningagufuskipið „Balholm“ frá Bergen á skerjunum út af Hjörsey á Mýrum, í vestanstormi og óvenjumiklu brimi. Skipverjar allir, 19 að tölu, og 5 farþegar, eða alls 24 menn, drukknuðu.

12. Hinn 16. jan. 1928 strandaði enski togarinn „Spider“ frá Grimsby á skerjunum út og vestur af Hjörsey á Mýrum. Skipið losnaði af skerinu aftur, og var því leiðbeint út úr skerjagarðinum af mönnum úr Hjörsey, er fóru með það til Rvíkur, þar sem gert var við skipið.

13. Árið 1928 strandaði þýzki togarinn „Schulmeyer“ við Hjörsey á Mýrum. Skipverjar björguðust allir í land með aðstoð manna úr landi, en skipið eyðilagðist.

14. Hinn 17. febr. 1930 strandaði íslenzki vélbáturinn „Kári“ frá Akranesi við Hjörsey á Mýrum í vestanstormi og brimi. Skipverjar björguðust allir í land, 5 að tölu, með aðstoð manna úr landi, en skipið eyðilagðist.

15. Hinn 21. marz 1930 strandaði enski togarinn „Edwardian“ frá Grimsby í norðanstormi á skeri út af Mýrum, vestan við Þormóðssker. Skipverjar yfirgáfu skipið á skipsbátnum og komust eftir mikla hrakninga til Sandgerðis, og var þá einn skipverja dáinn af vosbúð og kulda og margir hinna meira og minna kaldir. Skipið eyðilagðist.

16. 1933 villtist íslenzki togarinn „Walpole“ frá Hafnarfirði inn í skerjagarðinn út af Mýrum, og var honum leiðbeint út úr skerjagarðinum af manni úr Hjörsey, sem síðan fylgdi honum til Hafnarfjarðar.

Eins og sést af þessum lista, þá er slysahætta geysimikil þarna. Ég fullyrði alls ekki, að öllum þeim mannslífum, sem þarna hafa týnzt, hefði verið bjargað, ef sími hefði verið kominn á þennan stað, en það er þó engum vafa bundið, að eitt allra bezta ráðið til að varna slysum á þessum hættulega stað, er að fá síma út í Hjörsey, því að þaðan sést bezt til skipa, og getur verið ómögulegt að koma við björgun úr landi, en mætti aftur á móti koma boðum símleiðis til Reykjavíkur og fá þar skip til þess að leiðbeina þeim, er hjálpar þurfa, út úr þessum voða. Þetta erindi er flutt eftir beiðni Slysavarnafél. Íslands, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp bréf, sem ég hefi fengið frá stjórn þess út af þessu máli. Bréfið hljóðar þannig:

„Reykjavík, 20. marz 1933.

Þegar stjórn Slysavarnafélags Íslands um vorið 1932 ákvað að koma upp fluglínustöð í Hjörey á Mýrum og fól erindreka sínum framkvæmdir á því, var honum jafnframt falið að athuga — eftir því sem kostur væri —, hvað líklegt mætti teljast, að helzt mundi að notum koma til þess að fyrirbyggja tjón á mönnum og skipum, er hrekja kynnu undan stormi og sjó upp að Mýrum. Á ferð sinni um Mýrar síðastl. sumar athugaði erindrekinn þetta nokkuð, eftir því sem við varð komið, og taldi hann það helzta, sem gera þyrfti og viðráðanlegt væri í þessum efnum, að fá síma í Hjörsey og að Straumi í Straumfirði. Með síma á þessum stöðum má kalla á hjálp frá Reykjavík, sem líklegt er, að komi fyrr að notum en þótt farið væri að safna saman mönnum frá fleiri bæjum á Mýrum til þess að manna út bát þar til hjálpar. Einnig hagar þar svo til, eins og kunnugir vita, að um fjöru eða lágsævi er oft ómögulegt að koma fram bát á Mýrunum, þar sem mest kann að vera þörfin og þá ekki um annað að gera en að bíða

eftir aðfalli, en þá getur verið um seinan að veita hjálpina.

Slysavarnafélag Íslands vill því mæla hið bezta með því, að sími verði lagður hið allra fyrsta til ofangreindra staða, og leyfir sér að fara þess á leit við hæstv. Alþingi að veita fé til framkvæmda á því, að sími komist á annanhvorn staðinn nú á yfirstandandi ári. Virðingarfyllst. — F. h. Slysavarnafélags Íslands. — Þorsteinn Þorsteinsson. — Jón E. Bergsveinsson.".

Það er enginn vafi á því, að slysahætta er þarna mikil og verður áfram. Sérstaklega vil ég benda á það í þessu sambandi, að Akurnesingar, sem hafa áður sótt til Sandgerðis, hafa nú á síðari árum breytt til og sótt mjög á miðin fyrir vestan Akranes og sunnan og vestan Mýrar. Þessir bátar eru því í mikilli hættu þarna og eiga það á hættu að lenda í skerjagarðinum, ef skyndileg vestanrok skella á, eins og oft vill verða. Ég tel því víst, að allir, sem hafa haft ástæður til að kynna sér þetta mál og þá nauðsyn, sem er til að reyna að fyrirbyggja skipskaða og manntjón á þessum stað, sjái sér fært að greiða þessari till. atkv.

Þá vil ég að síðustu minnast á LIII. brtt. á þskj. 296, þar sem lagt er til að heimila stj. að veita Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara allt að 10 þús. kr. lán til að reisa sér vinnustofu, gegn þeim skilyrðum, er stj. ákveður, og má skipta útborgun lánsins á 3 ár.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um Ásmund Sveinsson; hann er nú orðinn þjóðkunnur maður og alþekktur meðal listamanna erlendis, þar sem hann hefir dvalið, sem er bæði á Norðurlöndum og í Frakklandi. Hann á ekki heldur langt að sækja listgáfu sína, því að allir hans ættmenn eru frábærlega hagir, og leikur allt í höndunum á þeim. Ásmundur hefir nú stundað nám erlendis í 10 ár, 6 ár í Stokkhólmi, 1 ár í Kaupmannahöfn og 3 ár í París. Auk þess hefir hann ferðazt um Þýzkaland og Grikkland til að kynna sér ýmislegt viðvíkjandi listum. Alstaðar, þar sem hann hefir sýnt eitthvað af sínum verkum, hefir hann hlotið mesta lof. Í Svíþjóð fékk hann heiðurspening skólans fyrir frammistöðu sína þar. Í Frakklandi hefir hann hlotið mesta lof listamanna, þegar hann hefir sýnt verk sín þar, en Frakkland er eins og kunnugt er miðstöð heimslistarinnar. Hann sýndi þar eitt sinn á stórri sýningu 4 myndir, en það er hámarkstala þeirra mynda, sem einn maður má sýna þar í einu. Og til dæmis um það, hve mikla eftirtekt myndir hans vöktu, er að stillt var út 5 myndum sem auglýsingu, og ein af þeim myndum var eftir Ásmund.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að lesa upp ofurlítinn kafla úr þeim dómum, sem hann fékk fyrir þessa sýningu sína. Sést á því, hvaða álit helztu listdómarar heimsins hafa á þessum listamanni okkar:

„Á meðal þeirra erlendu listamanna, er lagt hafa sinn skerf til haustsýningarinnar, er Ásmundur Sveinsson manni einna ljósast fyrir hugskotssjónum, því að í list hans haldast í hendur alger vinnuleikni og hágöfugur fegurðarsmekkur. Hann er áreiðanlega álitlegastur norrænu myndhöggvaranna og hinn fremsti íslenzkra listamanna".

„Hann hefir með óþreytandi elju keppt að hámarki tígulegrar fegurðar, og hefir þó einatt átt í vök að verjast og orðið að leggja ærið hart að sér, en köllun hans hefir líka verið sannhelg".

„Á haustsýningunni hefir íslenzka þjóðsagan (Sæmundur á selnum) heillað alla skynbæra listamenn. Ásmundur Sveinsson er máttugur í list sinni, og í verkum hans brýzt það bezt fram, sem fegurst er".

„List Ásmundar Sveinssonar er ósvikin og frumleg og skipar honum á bekk með hinum fremstu myndhöggvurum vorra tíma".

Ég ætla ekki að lesa meira. Þetta nægir til að sýna, hverja dóma Ásmundur Sveinsson hefir fengið og hverja þekkingu og hæfileika hann hefir til að bera.

Nú er það vitanlegt, að kreppan kemur niður víðar en á atvinnuvegunum, og þá ekki sízt á listamönnunum, enda hefir Ásmundur átt við mikla fjárhagsörðugleika að búa. Nú á hann 50—60 myndir alls og hefir orðið að koma þeim til geymslu hér og þar, og eru sumir geymslustaðirnir svo slæmir, að myndirnar stórskemmast, ef ekki verður hægt að sjá þeim fyrir sæmilegri geymslustað.

Kona Ásmundar er einnig listfeng og vinnur því með honum að myndagerðinni. Ef þau nú fá þennan styrk, er það meiningin að byggja vinnustofu, sem um leið gæti orðið listasafn. Þar gæti hann gengið frá myndum sínum, þar til hann selur þær, sem hann kann að selja.

Ég orðaði till. þannig, að hann skyldi fá þetta lán gegn þeim skilyrðum, sem stj. setur. Ég ber fyllilega það traust til stj., að hún geri honum ekki örðugra um að fá þetta lán, ef þingið samþ. till., heldur en nauðsyn krefur.

Myndir Ásmundar eru svo mikil meistaraverk, að Alþingi getur ekki neitað honum um hús yfir þær. Við eigum nú okkur til mikils sóma annað safn, ekki óáþekkt þessu. Það er safn Einars Jónssonar. Það er óhætt að segja, að það safn vekur ekki hvað síst aðdáun og eftirtekt þeirra mörgu gesta, sem koma hingað til að kynna sér land og þjóð. Væri mikilsvert fyrir okkur að búa nú svo í haginn fyrir þennan ágæta listamann, að hann gæti nú safnað saman þessum dýrmætu eignum, sem mölur og ryð fá ekki grandað. Mundi það verða landi og þjóð til mesta gagns og sóma.

Ég veit, að 10 þús. kr. er mikið fé, ekki síst nú á þessum tímum, en sú fjárveiting ætti varla að geta eyðilagt fjárhag þjóðarbúsins, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að skipta má útborgun þessa fjár niður á 3 ár; verður það vonandi ekki til mjög tilfinnanlegs baga fyrir þennan mann, því að líkur eru til, að hann gæti fengið bráðabirgðalán til að koma upp húsinu, ef hann mætti eiga von á fénu úr ríkissjóði næsta ár.

Ég hefi sýnt það með öðrum till. mínum, að ég kann fyllilega að meta það, sem er undirstaða undir velmegun þjóðarinnar. En það er sem betur fer ekki hægt að segja um mennina eins og segir í vísunni um álfana:

Hafa þeir bæði heyrn og mál,
hold og blóð með skinni,
vantar bara sjálfa sál, —
sá er hluturinn minni.

Maðurinn hefir bæði líkama og sál, og þegar allt kemur til alls, þá er sálin þó aðalatriðið. Þess vegna megum við ekki gleyma þörfum sálarinnar fremur en líkamans. Við verðum því að hlúa að listinni og megum ekki láta okkar fremstu snillinga, eins og Ásmund Sveinsson, verða úti andlega. Ég treysti því fastlega, að Alþingi bregðist ekki þessari skyldu sinni, en samþ. að styrkja þennan ágæta landa okkar.

Þá hefi ég minnzt á þær till., sem ég er aðalflm. að, en ég er meðflm., ásamt hv. þm. G.-K. að XXIV. till. á þskj. 296. Þar er lagt til, að Jóni Blöndal verði veittur 1200 kr. styrkur til lokanáms í hagfræði. Alþingi hefir áður veitt þessum manni styrk, og er það aðallega fyrir þá hjálp, sem hann hefir komizt áfram, því að hann er bláfátækur og hefir misst foreldra sína, sem annars hefðu hjálpað honum eftir mætti. Síðasta ár hefir hann átt við veikindi að stríða, en er nú að líkindum kominn til heilsu aftur. Vona ég, að hv. d. geti fallizt á að veita þessum efnilega manni þennan styrk, sem hér er farið fram á, því að sorglegt væri, ef hann yrði nú að hætta námi, þar sem hann vantar nú ekki nema herzlumuninn til að ljúka því.

Þá er ég sem sjútvnm. meðflm. að till., sem hv. 1. þm. S.-M. mælti fyrir, að veita Árna Friðrikssyni 1200 kr. vegna ritstarfa og fyrirlestra um fiskilíf og fiskiveiðar. Ég fer ekki að endurtaka orð hv. þm., en aðeins óska þess, að þingið líti með sanngirni á styrkbeiðni til þessa efnilega vísindamanns.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þessar till., en ég vona, þegar til atkvgr. kemur, að þeir, sem nú hafa heyrt mál mitt, hnippi í sessunauta sína og láti þá vita, hve góð mál það eru og nauðsynleg, sem ég hefi borið hér fram.

**Sveinbjörn Högnason:** Það sýnist gagnslítið að standa hér upp og halda ræðu yfir tómum stólunum. En þar sem ég á hér nokkrar brtt., þá verð ég víst að tala fyrir þeim yfir auðum stólum hv. þm. í þeirri von, að þeir geti flutt einhver skilaboð, þegar hinum hv. þm. þóknast að setjast í þá.

Ég hygg, að öllum hv. þm. sé ljóst, að öllum kröfum um aukin útgjöld fyrir ríkissjóð verður að stilla í hóf svo sem unnt er. Ég viðurkenni fyllilega þá viðleitni, sem fram hefir komið hjá hv. fjvn., að draga úr útgjöldum öllum eftir því sem frekast er fært. Hinsvegar get ég ekki

farið af því, að mér finnst, að n. hafi þar gengið inn á villigötur, og þá fyrst og fremst að því er snertir styrk til listamanna og andlegrar starfsemi. Mér virðist, að eftir till. n. eigi mjög að skera við neglur sér styrk til þeirra manna, sem ekki hafa við neitt að styðjast nema styrk úr ríkissjóði, og þurfa hvað mest einhverrar hjálpar frá því opinbera. En svo vill hv. n. láta vera kyrra í fjárl. nokkra menn, sem eru svo vel launaðir, að engin ástæða virðist til að veita þeim ár eftir ár styrk til að inna af hendi störf, sem eru samfara embættum þeirra. Þar á ég fyrst og fremst við þá liði, sem ég flyt brtt. við ásamt hv. 1. þm. Skagf. Það er XXX. og XXXII. brtt. á þskj. 296. Í fyrri till. er lagt til að fella niður styrkinn til Guðmundar Finnbogasonar. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé mætur maður, og er ekki nema gott, að unnið sé að slíkri bók, sem hann er styrktur til, en ég verð samt að álíta, að eins og nú standa sakir sé ekki brýn nauðsyn til að veita honum þennan styrk. Þessi maður hefir við sæmileg laun að búa, eftir því sem gerist hjá okkur, og því álít ég ekkert sjálfsagt að borga sérstaklega fyrir það, þótt hann vinni aukalega að útgáfu einhverrar bókar.

Sama er að segja um 32. brtt. Ég skal fúslega viðurkenna, að þessi maður, Hannes Þorsteinsson, er mætasti maður. En það stendur alveg eins á um hann eins og Guðmund Finnbogason. Í fjárl. er ætlazt til, að honum sé veittur 1600 kr. styrkur, og alltaf með sömu „clausulu“ og nú. En ég hygg, að á þessum tímum sé engin sérstök ástæða til að veita þessum tiltölulega vel launaða embættismanni svona aukastyrk, þó að hann vinni að einhverjum ritstörfum.

Það er alkunnugt, að nú eru uppi mjög háværar kröfur um það, að minnka útgjöld ríkissjóðs og lækka laun embættismanna ríkisins svo sem fært er. Það hafa einnig verið borin fram skattafrv. um að taka ofan af hæstu launum og verja því fé til að styrkja þá, sem mest mæðir á. Ég er fyllilega sammála öllum slíkum till. og hugmyndum. Og það er einmitt í samræmi við það, sem ég ásamt hv. 1. þm. Skagf. flyt till. um, að þessir persónulegu styrkir verði látnir niður falla að þessu sinni.

En þótt ég beri þessar till. fram, þá álít ég sjálfsagt að styrkja menntamenn, og þá fyrst og fremst þá, sem sízt mega vera án styrks hins opinbera. Á ég þar fyrst og fremst við efnilega námsmenn við erlenda skóla, sem eru langt komnir með nám sitt. Ég hefi því ásamt hv. samþm. mínum flutt brtt. á þskj. 296, XXII. um að veita ungum manni slíkan styrk. Alþingi hefir áður kunnað að meta hæfileika þessa manns og veitt honum nokkurn fjárstyrk. Teldi ég illa farið, ef nú ætti að fara að kippa að sér hendinni, þegar honum liggur mest á og komið er að úrslitaþrautinni, því að hann hyggst að ljúka námi á þessum vetri. Þar sem þessi maður hefir tvisvar áður fengið styrk frá Alþingi, þá veit ég, að hann er öllum hv. þm. svo kunnur, að óþarfi er að fara um hann fleiri orðum.

Þá á ég brtt. á þskj. 306, III. Er þar lagt til að veita Sínu Ásbjörnsdóttur leikfimikennara 1500 kr. utanfararstyrk, og til vara 1200 kr. Ég veit, að hv. þm. hafa skilning á því, hve mikill þáttur í uppeldisstarfseminni leikfimi- og íþróttakennslan er, og er því fé vissulega vel varið, sem ríkið leggur fram til þeirra mála. Þessi kona, sem hér sækir um utanfararstyrk, hefir í mörg ár stundað íþrótta- og leikfimikennslu við ágætan orðstír, eftir því sem kunnugir segja. Hún hefir í 7 ár stundað leikfimikennslu við gagnfræðaskólann „Flensborg“ í Hafnarfirði, og ennfremur í Íþróttafél. Reykjavíkur og síðan 1928 hefir hún kennt leikfimi við miðbæjarskólann í Reykjavík.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp ummæli skólastjóra miðbæjarskólans, þar sem þessi kennari hefir starfað, og sömuleiðis ummæli forseta Í. S. Í. Sigurður Jónsson skólastjóri segir á þessa leið:

„Sína Ásbjörnsdóttir hefir kennt stúlkum leikfimi hér í skólanum síðan 1928. Er hún að mínu áliti ágætur leikfimikennari og hefir stundað starf sitt með samvizkusemi, síðan hún tók við því.

Miðbæjarskólanum Rvík, 3. marz 1933.

Sig. Jónsson
skólastjóri“.

Forseta Í. S. Í. farast þannig orð:

„Samkvæmt beiðni er mér ljúft að votta það, að frú Sína Ásbjörnsdóttir fimleika-

kennari hefir í tæp 10 ár haft á hendi fimleikakennslu hér í Reykjavík og einnig í Hafnarfirði við góðan orðstír.

Þar sem hér á landi eru enn fáir fimleikakvenkennarar, er nauðsynlegt málefnisins vegna, að þessum fáu fimleikakennurum kvenna sé hjálpað á allan hátt. Og bezt verður það gert með því að styrkja þá til þess að geta fylgzt sem bezt með öllum nýungum á þessu menningarsviði. En þar sem flestir fimleikakennarar vorir eru fátækir af fé, verða þeir oftast að leita til þess opinbera um fjárstyrk, og skiptir þá miklu máli, að þeir fái umbeðinn styrk.

Frú Sína Ásbjörnsdóttir fimleikakennari hefir aldrei áður leitað styrks hjá hinu opinbera, en nú hefir hún í hyggju að fara til Þýzkalands næsta sumar til framhaldsnáms, og vil ég því hér með leyfa mér að mæla hið bezta með þessari fjárbeiðni hennar til háttv. fjárveitinganefndar.

Með vinsemd og virðingu.

Ben. G. Waage".

Ég hygg, að það orki ekki tvímælis, að hér sé um að ræða einn af þýðingarmeiri þáttum uppeldisstarfseminnar, sem nauðsynlegt sé fyrir þjóðina, að lögð sé rækt við. Þá vænti ég og, að ekki deili brotum um það, að hér sé um verðugan umsækjanda að ræða. Umsækjanda, sem fyllilega sé þess verður að fá þennan litla styrk.

Þá á ég VI. brtt. á þskj. 306, við 17. gr. 10, að við aths. bætist: „og til Péturs Sigurðssonar 3500 kr.". Ég hygg, að flestum hv. þdm. sé maður þessi kunnur fyrir starfsemi sína. Hann hefir ferðazt um landið og haldið fyrirlestra um bindindismál og siðferðismál. Þessu starfi hans mun sennilega bezt lýst í umsókn hans sjálfs til Alþingis, þar sem hann segir: „Ég hefi leitazt við af fremsta megni að beita áhrifum mínum til heilla þeim menningaratriðum, sem ekki verður deilt um, og öll sönn þjóðleg þrif hljóta að grundvallast á, svo sem: heilbrigðum hugsunarhætti, drengskap, sannsögli, bindindi og andlegu heilbrigði". — Þeir, sem hlustað hafa á fyrirlestra þessa manns, eru allir á einu máli um það, að hann hafi mjög holl og siðbætandi áhrif á menn, jafnframt því sem hann starfar mjög ötullega fyrir bindindisstarfsemina. Ég er því ekki í minnsta vafa um, að ef þessum hluta af styrk stórstúkunnar yrði varið á þennan hátt, þá myndi hann sízt koma að minna gagni eða hafa minni áhrif fyrir bindindisstarfsemina í landinu heldur en á þann hátt, sem miklum hluta hans er varið nú. Eins og kunnugt er, lætur stórstúkan allmikinn hluta hans ganga til útgáfu blaðs, sem ég þekki ekki að sé neitt sérstaklega útbreitt og talið er að hafi frekar lítil áhrif. En fái Pétur Sigurðsson tækifæri til þess að halda fyrirlestra um þessi mál, þori ég að fullyrða, að áhrif hans myndu vega upp á móti mörgum blöðum af bindindisblaðinu Sókn, a. m. k. á þeim stöðum, sem ég þekki bezt til. Ég hefði að sjálfsögðu frekar kosið að fá alveg sérstakan styrk til þessa manns, en vegna þess ástands, sem nú ríkir í fjármálunum yfirleitt, sá ég mér ekki fært að fara fram á það, heldur tók þessa leið, til þess að auka ekki á útgjöld ríkisins, að leggja til, að honum yrði veittur styrkur af þessum lið fjárl.

Lýk ég svo máli mínu í trausti þess, að þessar skýringar mínar megi nægja til þess að hv. þdm. sjái sér fært að greiða atkv. með brtt. mínum.

**Jóhann Jósefsson:** Það eru ekki margar till., sem ég þarf að mæla með við þessa umr. fjárl., og er það aðallega sökum þess, að ég hefi von um, að fjvn. sjálf greiði á milli umr. úr aðalmálinu, sem ég þurfti að leita til hennar um.

Á þskj. 296, rómv. 26, hefi ég lagt til, að Iðnaðarmannafélaginu í Vestmannaeyjum verði veittar 1200 kr. til kvöldskólahalds. Í mörgum öðrum kaupstöðum hafa félög iðnaðarmanna fengið slíka styrki, t. d. í Hafnarfirði, Ísafirði, Akureyri og Reykjavík, en í Vestmannaeyjum hefir Iðnaðarmannafélagið ekki fengið neinn styrk ennþá. Þó hefir það um nokkurt skeið haldið uppi góðum kvöldskóla. Ég vænti því, að hv. dm. vilji láta þetta félag njóta jafnréttis við samskonar félög í öðrum kaupstöðum og greiði atkv. með þessum litla styrk.

Þá á ég enn brtt. á sama þskj., við 17. gr., um 1000 kr. styrk til Ekknasjóðs Vestmannaeyja, og til vara 800 kr. Sjóður

þessi er orðinn nokkuð gamall og hefir aldrei fengið nokkurn styrk. En sökum hinna erfiðu tíma þarfnast hann styrks nú. Vænti ég því, að hv. dm. líti á styrkbeiðni þessa með góðgirni og samþ. till. mína.

Þá hefi ég tekið upp erindi, sem sent var fjvn. Er það styrkbeiðni frá Halldóri Brynjólfssyni, blindum manni í Hafnarfirði. Maður þessi er 60 ára að aldri og hefir verið blindur í 40 ár. Hann hefir stundað sjóróðra öll þessi ár og framfleytt sér og sínum með öllu hjálparlaust allan þennan tíma, innt af hendi opinber gjöld, bæði til ríkis og sveitar. Í umsókn sinni til Alþingis segir hann m. a.: „Ég er alblindur og hefi verið það í 40 ár, en er nú fullra 60 ára að aldri. Þrátt fyrir algert sjónleysi um 4 áratugi hefi ég þó reynt af fremsta megni að sjá mér sjálfum og mínum borgið, og hefir tekizt í öll þessi ár að framfleyta mér með sjómennsku, eyrarvinnu og flestri algengri vinnu; hefir það þó verið allmiklum erfiðleikum bundið. Þannig hefir t. d. alltaf orðið að leiða mig að heiman til skips og frá skipi, ennfremur að og frá vinnu. Síðan ég varð blindur hefi ég róið 28 vertíðir í Vestmannaeyjum og átt þar langa sjávargötu, hálfrar kl.st. veg. Í 12 sumur hefi ég sótt atvinnu á Austfjörðum, við sjóróðra á Mjóafirði, Eskifirði og norður á Langanesi".

Af þessu er það ljóst, að þessi blindi maður hefir ekki legið á liði sínu til þess að afla sér og sínum lífsbjargar meðan heilsa hans og þróttur leyfði. En nú er hann ekki aðeins blindur, eins og hann hefir verið í 40 ár, heldur allmjög þrotinn að heilsu og kröftum. Liggur því ekki annað fyrir honum en að þiggja af sveit sinni, sér og sínum til framfærslu, ef Alþingi hleypur ekki undir bagga með honum og hjálpar honum um þennan litla styrk. Einar 350 kr. eru ekki stórir fjármunir fyrir þjóðarheildina, en þær myndu duga til þess að forða þessum þrekmikla og hrausta manni frá því að fara á vonarvöl. Manni, sem sökum harðra örlaga hefir verið meinað það, að geta safnað sér fé til elliáranna. Ég vænti nú, að hv. Alþingi sýni manni þessum þá samúð að veita honum þennan litla lífeyri. Að með því verði skapað fordæmi, þarf ekki að óttast. Slík tilfelli sem þetta eru nær einsdæmi.

Þá vil ég taka undir með hv. form. sjútvn. og mæla með styrk til Árna Friðrikssonar fiskifræðings til þess að halda fyrirlestra og semja alþýðlega ritgerð í fræðigrein sinni. Það er alkunna, að þessi ungi vísindamaður hefir alveg sérstakt lag á að skrifa og tala um vísindaleg efni, svo fólk hefir unun að.

Að síðustu vil ég láta í ljós ánægju mína yfir brtt. hv. þm. Mýr. um viðbótarstyrk til Slysavarnafélagsins til þess að leggja nýja símalínu út í Hjörsey á Mýrum. Hér held ég að um svo mikið nauðsynjamál sé að ræða, að allir hv. þdm. hljóti að geta fylgt því. Það getur nefnil. tæplega nokkrum manni dulizt, hversu mjög það er áríðandi að hafa símasamband við þennan hættulega strandstað. Eins og nú standa sakir er staður þessi mjög einangraður, langt þaðan til næstu símstöðvar. Myndi því miklum mun hægara að fá skip fljótlega til hjálpar, þegar slys bæri að höndum, ef símasamband væri þaðan og til Reykjavíkur.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Jörundur Brynjólfsson:** Ég á nokkrar brtt. við þennan kafla fjárl., sem ég hefi leyft mér að bera fram, enda þótt ég fúslega viðurkenni, að horfur til tekjuöflunar fyrir ríkissjóðinn séu allt annað en álitlegar. En það er nú þannig ástatt með flestar þessar brtt., að bak við þær stendur brýn þörf og mikil nauðsyn þeirra manna, sem hlut eiga að máli. Skal ég stuttlega gera grein fyrir þessum brtt.

Fyrsta brtt. er á þskj. 296, XXIII., um 1000 kr. styrk til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri til að ljúka vélfræðinámi í Þýzkalandi. Þetta er mjög efnilegur maður, sem um nokkurt skeið hefir stundað vélfræðinám í Þýzkalandi og hlotið ágætan vitnisburð. Nú vantar hann aðeins eins árs nám til þess að verða fullnuma í sinni mennt. Hann er mjög myndarlegur maður, verklaginn og atorkusamur í hvívetna, og sá vitnisburður og þau próf, sem hann hefir tekið, bera honum hið

bezta vitni. Hinsvegar er fjárhagur hans svo þröngur, að hann getur ekki annað en horfið frá námi, ef honum kemur enginn styrkur. Venzlamenn hans eru því miður ekki svo efnum búnir, að þeir geti lagt honum lið, og sakir þess leitar hann nú enn á ný til Alþingis um hjálp. Ég hefi þá trú, að landið og atvinnuvegir þess uppskeri ríkulega vexti af þessum styrk, ef Alþingi veitir hann, svo maðurinn þurfi ekki að hætta námi fyrir fjárskort.

Þá er í sömu brtt. lagt til að veita Árna Skúlasyni 1000 kr., eða til vara 800 kr. styrk, til þess að ljúka trésmíðanámi í Kaupmannahöfn. Hann hefir stundað mublusmíði hér heima með ágætum vitnisburði, en hefir verið á skóla í Höfn síðastl. sumar og hlotið ágætis vitnisburð. Hann hefir nú, eða bróðir hans fyrir hans hönd, sent Alþingi umsókn um þennan styrk. Fylgja umsókninni umsagnir frá forstöðumanni skólans á Friðriksbergi og sömuleiðis frá forstöðumanni annars skóla. Ljúka þeir báðir upp einum munni um það, að hann sé prýðilega efnilegur og álitlegur nemandi. Ég hirði ekki að lesa þessi meðmæli, en hv. þm. er velkomið að sjá þau; þau eru hin ýtarlegustu og beztu. Ég álít nú, jafnvel þó þröngt sé í búi, að þá sé sjálfsagt að rétta hjálparhönd slíkum efnismanni, sem er að búa sig undir lífsstarf sitt, sem full ástæða er til að ætla, að geti haft góð áhrif á hagi þjóðarinnar. Það er ekkert eins þýðingarmikið eins og það, að manna þá sem bezt, sem eiga að verða öðrum til fyrirmyndar, og er það ekki hvað þýðingarminnst á verklega sviðinu. Ég teldi því fara mjög vel á því, ef Alþingi sæi sér fært að styrkja þessa tvo menn.

Þá á ég aðra brtt. á sama þskj., rómv. tölul. 37., um að veita 2500 kr. styrk til Sambands sunnlenzkra kvenna, til þess að halda uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni. Eins og kunnugt er, er Sunnlendingafjórðungur sá eini af fjórðungum landsins, sem engan húsmæðraskóla á. Frá hálfu þess opinbera hefir því harla litlu verið varið til húsmæðrafræðslu í þessum landsfjórðungi. Hinsvegar hafa verið í hinum fjórðungunum öllum reistir húsmæðraskólar, og meira að segja tveir í Norðlendingafjórðungi. Ég vík nú ekki að þessu af því, að ég sé að telja þetta eftir, heldur til þess að sýna fram á þörfina fyrir Sunnlendingafjórðung í þessu efni. Nokkrar áhugasamar konur hafa nú bundizt samtökum til þess að vinna fyrir þetta mál, og hafa þær gengizt fyrir námskeiðum allvíða á Suðurlandi hin síðari ár. Takmark þeirra er vitanlega það í framtíðinni að stofna til húsmæðraskóla fyrir Suðurland, en nú hefir kreppan sorfið svo fast að félagsskap kvennanna, að þær skortir fjármuni til þess að geta haldið áfram sinni kennslustarfsemi. Ég vænti því, þegar þörfin er svo brýn sem ég nú hefi lýst, en hinsvegar ekki meira fé um að ræða, þá daufheyrist Alþingi ekki við þessari styrkbeiðni, sem sannarlega er það minnsta, sem Alþingi getur í þessu skyni gert fyrir Sunnlendingafjórðung.

Þá flyt ég ásamt tveimur öðrum hv. þm. brtt. við 16. gr., XL., um að veita úr ríkissjóði 3300 kr. til þess að greiða til Búnaðarbanka Íslands sem vexti og afborganir af viðlagasjóðslánum þeirra málaranna Ásgríms Jónssonar og Jóns Stefánssonar, er þeir fengu til byggingar fyrir nokkrum árum. Þegar þeir tóku þessi lán, bjuggust þeir við að verða svo efnum búnir, að þeir gætu staðið straum af þessu. Síðan hefir kreppan skollið yfir, og það er eðli hennar að koma hvað fyrst og hvað þyngst við þá, sem lifa á þesshátta atvinnu. Menn spara fyrst við sig kaup á listaverkum o. þ. h. Það er því sýnilegt, að þessir menn hafa ekki peninga til að borga þessi lán til viðlagasjóðsins, enda þótt þeir hafi allan vilja á því. Þeir hafa boðizt til að láta listaverk upp í þessar greiðslur, en stofnunin hefir ekkert upp úr slíkum munum. Nú er hér um að ræða stofnfé Búnaðarbankans, sem hann hefir vitanlega gert ráð fyrir að fá. Ég teldi því vel farið, ef Alþ. vildi hlaupa undir bagga með þessum mönnum. Hér á í hlut annarsvegar merk stofnun, en hinsvegar góðir listamenn. Upphæð lánanna beggja er 26 þús. kr., sínar 13 þús. á hvorn. Þetta má skiptast niður á 11 ár, og verður þá um 3300 kr. á ári. Auk þess sem lagt er til með brtt., að málararnir endurgreiði ríkissjóði framlög sín með listaverkum eftir sjálfa sig, þá gæti þetta jafnframt skoðazt sem viðurkenning til þeirra sem listamanna, til þess að greiða

götu þeirra með að standa straum af sínum byggingum, og þyrfti þessi fjárveiting þá síður að snerta tilfinningar þeirra, heldur en ef skuldirnar hefðu ekki verið greiddar lánsstofnuninni. Ég vænti því, að hv. þd. taki þessari brtt. með velvilja.

Þá á ég loks eina brtt. enn á sama þskj., XLI., um að veita úr ríkissjóði 12393 kr. til Búnaðarbankans sem fullnaðargreiðslu á viðlagasjóðsláni læknisbústaðarins í Grímsneshéraði. Þegar ráðizt var í að kaupa jörð og reisa læknisbústað fyrir Grímsneshérað, þá voru þeir tímar, að hvorttveggja, jörðin og byggingin, kostaði mikið fé. Eftir ýtarlegum skýrslum, sem Alþingi voru sendar um þennan kostnað, mun hann hafa verið um 45 þús. kr. samtals. Af þessari upphæð mun ríkissjóður hafa greitt 8 þús. kr. með tveim greiðslum, fyrst 3 þús. og síðar 5 þús. kr. Eins og sjá má á þessum upphæðum, er þetta ekki nærri því sá hluti, sem venjulega hefir verið greiddur úr ríkissjóði til læknisbústaða. Það mun venjulega hafa verið um ⅓ kostnaðar, en hvað sem því líður, þá er nú svo ástatt fyrir þeim fámennu og fátæku hreppum, sem þarna eiga hlut að máli, að þeim er greinilega ofvaxið að greiða þessa skuld. Á læknisbústaðnum hvílir nú liðlega 32 þús. kr. skuld, og auk þess þarf að gera þar óhjákvæmilegar umbætur, sem áætlað er, að muni kosta 10 þús. kr. Það er óhjákvæmilegt að gera slíka viðgerð á læknisbústaðnum. Það er því þannig ástatt um þessa fjármuni, að læknishéraðinu er alveg um megn að greiða þá. Það eitt, sem hægt er að gera, ef þingið vill ekki sinna þessari ósk héraðsins, er, að þessi eign verði tekin af þeirri stofnun, sem hefir tryggingu í henni, og þá er þannig ástatt, að þarna er ekkert læknissetur. Og það held ég að sé, ekki einungis fyrir hlutaðeigendur heldur einnig fyrir það opinbera, einhver lakasta lausnin, sem gæti orðið í þessu máli. Ég ætla líka, að hv. þm. sé það ljóst, að það er þannig ástatt um byggðir landsins, að þó menn til skamms tíma hafi nokkurnveginn getað staðið straum af fjármunalegum skuldbindingum, þá er það orðið þeim ofvaxið nú. Og það er því miður þannig útlitið, að ekki er sjáanlegt, að á næstunni lagist það mikið, að menn geti risið undir þeim byrðum, sem hafa verið að skapast undanfarin ár og hafa fram að þessu vaxið fremur en hitt. Ég hirði ekki að drepa á fleiri atriði úr þessu ýtarlega erindi. Ég ætla, að ég hafi drepið á það helzta, sem máli skiptir, og ég vænti þess af hv. dm., að þeir daufheyrist ekki við slíkri ósk sem þessari, sem vissulega er ekki borin fram af öðrum ástæðum en knýjandi nauðsyn þeirra manna, sem hlut eiga að máli.

Þá á ég loks eina brtt. á þskj. 306,V., um að greiða Búnaðarbanka Íslands eftirstöðvar af viðlagasjóðsláni til áveitunnar á Miklavatnsmýri, 10800 kr. Þetta mál hefir komið nokkrum sinnum fyrir þingið og menn þekkja sögu þess svo, að ég hirði ekki um að rekja hana. En þetta fyrirtæki var frá byrjun mislukkað, og það þýðir ekki nú að fara að rekja það, af hvaða ástæðum það var. Nokkur not höfðu menn af þessu fyrirtæki, en þó komu fyrir mörg ár, sem engin not voru af áveitunni. Þegar Flóaáveitan var lögð, fengu nokkrir bændur á þessu svæði vatn frá Flóaáveitunni og hafa því áveitu á engi sín frá henni og verða að standa straum af þeim skuldbindingum, sem því eru samfara.

Þessi upphæð snertir því eingöngu fáa menn, og það segir sig sjálft, að með aldri fyrirtækisins muni það ekki gefast betur en fyrr, svo ekki er hægt að hafa nein veruleg not af því. Hér er því eins og með fyrra erindið, sem ég var að ljúka við að skýra frá, að menn ráða alls ekki við greiðslu þessarar upphæðar. Hinsvegar er það mjög tilfinnanlegt fyrir Búnaðarbankann, ef það verða mjög mikil vanhöld á fjármununum, sem honum voru áskapaðir, þegar hann byrjaði starfsemi sína. Þingið reyndi fyrir nokkrum árum að gera leiðréttingu í þessu máli. Í fjárlfrv. 1929, í 22. gr., er heimild veitt af þingsins hálfu fyrir stj. að færa niður áveituskuldir, eftir því sem um semdist. En framkvæmd í þessu máli hefir engin orðið. Hér er því um nokkurskonar endurveitingu að ræða. Og þar sem nú svo er ástatt um þessa upphæð, þá vænti ég þess, að þingið muni ekki daufheyrast við því að láta þessa fjármuni í té. Ég ætla, að hv. dm. sé það alveg ljóst, þar sem um svona löguð mál er að ræða og engin von er um greiðslu, hvað nærri

sem gengið er að mönnum, að ekki sé rétt að daufheyrast við slíkum óskum.

Um aðrar brtt. ætla ég ekki að fara að fjölyrða. Ég álít, að það sé ekki ástæða til þess. Hinsvegar get ég sagt það, þó það sé almennt sagt og eigi ekki beinlínis við, þar sem nú á að ræða um einstakar gr., að ég mun aðhyllast flestar till. fjvn., og ég vil sérstaklega láta í ljós þá skoðun mína viðvíkjandi tekjuhliðinni, að þar hafi n. einmitt farið mjög hyggilega að ráði sínu. Við ættum sízt hér á þingi að hafa á móti því, að tekjuhliðin sé varlega áætluð, því það er hvort sem er aldrei hægt að gera ráð fyrir útgjöldum eins nákvæmilega og þau reynast, og þá er tryggasta leiðin til þess að bjargast sæmilega að áætla tekjurnar varlega. Og hver sem tekur sér fyrir hendur að athuga nákvæmlega áætlanir fjárl., tekjur og gjöld og útkomu hvers árs, mun sannfærast um, að það, sem bezt hefir bjargað okkur, er einmitt, að þingið hefir lengstum sýnt mikla varfærni í því að áætla tekjur. Ég álít þess vegna mjög illa farið, ef sá háttur væri tekinn upp að áætla tekjurnar mjög óvarlega, því það er enginn vafi á því, að ef sýndur væri stórkostlegur tekjuafgangur, þá mundi frv. verða til þess að ýta undir menn að samþ. útgjaldatill., og útkoman verða því í rauninni verri hvað fjárhaginn snertir.

Það er aðeins einn liður í till. fjvn., sem ég vildi minnast lítilsháttar á. Það er 38. tölul., við 15. gr. N. leggur til, að þessi liður, til útgáfu þjóðsagna Sigfúsar Sigfússonar, verði felldur niður. Ég skil mjög vel afstöðu fjvn. í þessu efni, að hún hefir lagt til að fella niður það, sem frekast er fært. Og það má máske segja um þennan lið, að það sé ekki mikið tjón í því fólgið, þó hann sé felldur niður, en hinsvegar verð ég að segja það viðvíkjandi slíkri vinnu og elju, sem sýnd er með þessu þjóðsagnasafni, að það er mikils um það vert. Og þó segja megi, að hver þjóðsaga kunni ekki að vera merkileg, þá eru innan um mjög merkilegar sagnir. Ég álít, að einna sízt megum við grípa til þess að skerða andlega starfsemi meðal þjóðarinnar. Íslendingar eiga vissulega það margar og merkilegar minningar, að þeir ættu seinast að grípa til þess að deyfa andlegt líf meðal þjóðarinnar. Okkar sagnir og sögur hafa máske verið einhver sterkasti þátturinn fyrir þjóðina til þess að halda við tungunni og menningunni og að hún ekki missti kjarkinn í lífsbaráttunni.

Þó þessi maður, Sigfús Sigfússon, hafi ekki lagt óskaplega mikið af mörkum í þessu skyni, þá er það mjög merkilegt starf, sem hann hefir gert, og innan um í safni hans eru mjög merkilegar greinar, sem munu á sínum tíma þykja mjög mikils verðar. Og það eitt má þó um starfið segja, að maðurinn hefir sýnt fádæma atorku og þrautseigju með því að leysa það verk af höndum, sem hann hefir gert. Þetta er umkomulaus alþýðumaður, sem hefir orðið að lifa á því, sem hann hefir innunnið sér, og það verk, sem hann hefir leyst af höndum, er stórvirki, þegar litið er á þá aðstöðu, sem hann hefir átt við að búa.

**Hannes Jónsson:** Ég á hérna litla brtt. á þskj. 296. Það er styrkur til prófastsekkjunnar Líneyjar Sigurjónsdóttur. Ég hefi ekki gerzt mikilvirkur um það að flytja brtt. við fjárl., og allra sízt um styrki, sem hér er átt við. Vænti ég þess, að d. muni því álíta, að talsverð ríkar ástæður liggi fyrir því, þegar ég fer að flytja brtt. við fjárl. Þessi kona er ekkja Árna prófasts Björnssonar. Þau hjón áttu mörg börn, sem þau kostuðu í skóla, og fé þeirra hefir alveg eyðzt í það. Það má kannske segja, og því er alltaf haldið fram hér á þingi, að þær ekkjur, sem eiga aðstandendur, séu síður þurfandi fyrir styrk en þær, sem ekki eiga neina aðstandendur. Þetta getur náttúrlega verið rétt, en ekki er mér svo kunnugt um efnahag barna þessarar ekkju, að ég geti um það sagt, hvort framtíð hennar sé að öllu leyti trygg. En hitt ætti eigi að síður að vera fært fyrir þingið, að styrkja þær ekkjur, sem hafa komið upp mörgum og mannvænlegum börnum, ekki síður en hinar. Þessar ekkjur, sem þannig hafa fengið styrk hjá þinginu, hafa nú á seinni árum flestar færzt undir svipað form, þannig að fjárveiting til þeirra hefir verið sniðin eftir því, hverjar aðrar tekjur þeirra eru. Þessi ekkja nýtur einskis styrks úr lífeyrissjóði, sem flestar ekkjur hafa að einhverju leyti. Ástæð-

an til þess mun liggja í því, að ekki muni hafa verið gengið eftir fjárframlagi þessa embættismanns inn í lífeyrissjóð. Það virðist því vera hart að láta ekkjuna gjalda þess og veita henni ekki þennan litla styrk, sem hér er farið fram á og er alveg sambærilegur við styrki, sem ekkjur hafa fengið. Ég skal taka það fram, að mér hefði ekki dottið í hug að gerast flm. þessarar brtt., nema ég hefði talið það sjálfsagt eftir þeirri reglu, sem tekin hefir verið upp um slíkar styrkveitingar. Ég er ekki neitt persónulega kunnugur þessari mætu konu; ég hefi aldrei séð hana. Svo það er ekki af persónulegum ástæðum, að ég flyt þessa brtt. En hitt vissi ég, að það hafði dregizt úr hömlu fyrir henni að senda umsóknir til fjvn., sem ég veit, að hefði tekið styrkveitinguna upp, ef slík umsókn hefði legið fyrir, samkv. venju, sem gilt hefir um afgreiðslu slíkra styrkbeiðna, a. m. k. þann tíma, sem ég átti sæti í n. Mönnum mun kannske þykja það einkennilegt, að ég flyt 2 till. í þessu sambandi, aðra sem varatill. Það mun vera venja, þegar þannig er farið að, að aðaltill. er aðeins sett til að punta upp á, en gengið út frá því, að varatill. verði samþ. En ég vil taka það fram, að það er alls ekki minn tilgangur. Ég álít, að þessi ekkja eigi samkv. undanfarinni venju um styrkveitingar fullkomlega rétt á því að fá 500 kr. upphæðina, en það minnsta, sem hægt er að verja að láta hana fá, eru 300 kr. Og þar sem hér er ekki nema um 200 kr. mismun að ræða, þá vænti ég, að mönnum vaxi það ekki svo mjög í augum og láti hana hafa hærri upphæðina, af því að það eru fullkomlega réttmætar ástæður fyrir því. Annars þýðir ekki að fjölyrða mikið um þetta. Ég ætla ekki að fara að halda hér neina hjartnæma ræðu út af þessu, heldur aðeins segja frá þessu eins og það liggur fyrir, og vona ég, að hv. þm., sem heyra til mín, taki mig trúanlegan, að ég hefði ekki farið að flytja fjárbeiðni fyrir þessa konu, nema ég teldi það sanngjarnt samkv. undanfarinni reglu, sem þingið hefir tekið í þessu efni.

Ég skal bæta því við, að þó börn þessarar ekkju séu öll uppkomin, þá hefir hún þó eina dóttur sína hjá sér, sem er mjög heilsutæp. Og þessari konu mundi áreiðanlega ekki þykja það neitt sérstaklega skemmtilegt að þurfa á sínum efri árum að leita alveg á náðir vandamanna sinna, og væri það því áreiðanlega vel gert af þinginu að veita henni þennan styrk, sem ég vænti fastlega, að verði gert.

Ég skal geta þess, að fjvn. mun hafa afgr. þessa till. á fundi sínum í morgun. Ég gætti þess ekki að láta upplýsingar liggja fyrir hjá henni um þetta, en ég veit það, að hún hefir samþ., að sjálfsagt væri að veita þessari konu nokkurn styrk, en hún hefir óbundin atkv. um hærri upphæðina. En þar sem hér er ekki nema 200 kr. mismunur, þá trúi ég fastlega, að hv. þm. taki gildar þessar upplýsingar mínar og úthluti henni hærri upphæðinni.

**Pétur Halldórsson:** Ég og hv. samþm. minn (MJ) eigum hér 3 till. á þskj. 296, sem eru ákaflega útdráttarlitlar fyrir ríkissjóð. Þær eru allar viðvíkjandi háskólanum. Það er svo ástatt hér á landi, að háskólinn þarf að sækja hvern einasta eyri til sinna þarfa til ríkissjóðs. Víðast hvar annarsstaðar er það svo, að háskólar hafa sjóði, og sumstaðar svo stóra, að þeir eru alveg sjálfstæð stofnun. Hér þarf að sækja hvern eyri til þarfa þessarar stofnunar til ríkissjóðs og undir skilning og velvilja þm. í hvert sinn.

Fyrsta brtt., sem við flytjum, er að veitt verði til viðbótar við það, sem í frv. er, 1000 kr. til þess að halda uppi kennslu í tauga- og geðsjúkdómum, eins og læknadeildin hefir farið fram á. Ég skal ekki neitt fara hér að lýsa því, hver þörf er á því, að læknar og læknanemar hafi kennslu í þessum fræðum, en ég tel það alveg óhjákvæmilegt, að þessi kennsla fari fram í háskólanum.

Matthías Þórðarson fornminjavörður hefir haldið uppi fræðslu í íslenzkum fornfræðum við háskólann, og háskólaráðið hefir mjög beiðzt þess, að þingið vildi veita í þessu skyni 1800 kr. til þess að gjalda honum fyrir. En við flm. höfum ekki farið fram á meira en 1000 kr.

Í þriðja lagi ætlumst við til, að hv. þm. leiðrétti þau rangindi, sem þessari stofnun hefir verið sýnd frá byrjun, þau, að rektor háskólans hefir aldrei verið greiddur nokkur eyrir úr ríkissjóði til þess að standa straum af risnu. Rektor

menntaskólans í Reykjavík fær 1500 kr. og rektor lærða skólans á Akureyri 2000 kr. til þess að halda uppi risnu við skólana. Það er svo við háskólann, að rektor er kosinn á hverju ári. Það er því skylda, sem rektorinn tekur að sér, þegar hann tekur við embætti, að taka á móti erl. gestum af sínu eigin fé. Það eru margir erl. gestir, sem hingað koma, t. d. sendimenn til þess að halda fyrirlestra við háskólann, sem komnir eru fyrir góðvild ríkjanna, sem senda þá. Svo koma árlega margir vísindamenn, sem snúa sér gjarnan til rektors háskólans um upplýsingar um land og þjóð. Það er því nokkurskonar skylda rektors að veita þessum mönnum aðstoð og koma fram fyrir ríkisins hönd. Þetta hefir í för með sér talsverðan kostnað, og af þeim lágu launum, sem rektor hefir, er varla hægt að ætlast til, að hann standi straum af því sjálfur.

Þetta mundi að sjálfsögðu verða fjárveiting, sem yrði að halda áfram ár eftir ár í sama skyni, þangað til eitthvert annað skipulag er komið á við háskólann. Mér finnst það vera skylda þingsins að veita þetta fé, og ég vænti þess fastlega, að hv. þm. greiði því atkv. sitt. Kostnaður af þessum liðum, sem við höfum leyft okkur að fara fram á, að veittir verði til viðbótar við háskólann, er ekki meira en 3500 kr. í mesta lagi, sem sparað hefir verið af fjvn. með því að takmarka fjárveitingar til háskólans um meira en það, sem þessu nemur. — Ég vona því, að hv. þm. geti veitt þessu fylgi sitt og samþ. það.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég flyt aðeins tvær brtt. við þennan kafla fjárl. og get haft stuttan formála fyrir þeim báðum, en vil þó víkja að þeim nokkrum orðum. Fyrri till. er á þskj. 296, XXXIV, og er flutt af okkur þm. Alþýðuflokksins. Hún er við 16. gr. og fer fram á, að 1. liður þeirrar gr. orðist svo:

„Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 1000000 kr., gegn jafnháu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim og gefinn kostur á láni, er nemi helmingi framlags þeirra, eða ríkisábyrgð".

Ég hefi getið þess áður, að mér þykir undarlegt, að þrátt fyrir allt krepputalið, skuli ríkisstj. ekki gera ráð fyrir neinu atvinnuleysi á næsta ári, sem ríkissjóður muni þurfa að leggja fram fé til að bæta úr. Þetta er því undarlegra, sem undanfarin ár hefir verið veitt nokkur upphæð í þessu skyni. Fjvn. er sér þess meðvitandi öll, að kreppunni og vandræðunum muni ekki ljúka árið 1934, og þó leggur hún ekki til, að nein fjárhæð verði veitt til þess að verjast atvinnuleysinu. Eftir því sem næst verður komizt, hafa um 3000 manns verið atvinnulausir í kaupstöðum og kauptúnum mánuðum saman síðastl. ár. Og engar líkur eru til þess, að atvinnuleysið verði minna á næsta ári. Í till. okkar er gert ráð fyrir því, að þessi styrkur verði því skilyrði bundinn, að jafnhátt framlag komi á móti frá bæjar- og sveitarfélögunum. En eins og allir vita, getur orðið mjög örðugt fyrir ýms bæjarfélög að leggja svona upphæð fram í reiðu fé, og því er gert ráð fyrir því, að stj. sjái þeim fyrir lánum, er nemi 25% af öllu atvinnubótaframlaginu eða gangi í ábyrgð fyrir jafnhárri upphæð. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa till., nauðsyn hennar er svo augljós. Það getur verið, að hv. dm. greini á um, hve mikil upphæðin eigi að vera, en ég álít, að með minni upphæð en 1 millj. verði engin veruleg bót ráðin. Frsm. fjvn. fór þess á leit við mig, að ég tæki þessa till. aftur til 3. umr., svo að fjvn. gæti athugað hana. Ég fellst á þetta og tek hana hér með aftur til 3. umr., í þeirri von, að þá verði komið álit fjvn. og kreppun. á henni. En ég tel allsendis ófært að afgreiða fjárl. svo úr þessari d., að engin fjárveiting sé tekin upp í þessu skyni.

Á sama þskj. á ég brtt. ásamt hv. 1. þm. S.-M., og er hún nr. 54. Þessi brtt. fer fram á það, að stj. sé heimilað að ganga í ábyrgð fyrir allt að 120 þús. kr. láni fyrir samvinnufélag á Eskifirði til kaupa á fiskiskipum, og sömuleiðis að ganga í ábyrgð fyrir allt að 100 þús. kr. láni fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði, til kaupa á fiskiskipum. Þessi upphæð fyrir Seyðisfjörð er endurveiting, því að stj. var leyft á þinginu 1931 að ganga í ábyrgð fyrir þessari upphæð, en ekki tókst að fá

ábyrgðina gagnvart útlöndum. Stj. ætlaði að gefa ábyrgðina, ef skipin yrðu keypt innanlands, en ekkert hagkvæmt tilboð fékkst hér á landi. Nú er farið fram á, að þessi heimild sé endurnýjuð, og ég vona, að hv. þm. sjái, hvað brýn nauðsyn er á því að bæta eitthvað úr ástandinu þar eystra. Öllum er kunnugt um hag Eskifjarðar, þar sem ekki lítur út fyrir annað en að hið opinbera verði að grípa til alveg sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir hallæri þar. Líkt má segja um Seyðisfjörð. Þó hafa hjálpað talsvert þær miklu síldargöngur, sem komið hafa í fjörðinn nú síðustu tvo vetur og hafa skapað dálitla vinnu þar um tíma, sem annars ríkir algert atvinnuleysi á. En undirstaða atvinnulífsins á öllum þessum fjörðum þarna eystra er skipastóll til fiskveiða. Og Seyðisfjörður er ekki glæsilega settur hvað það snertir. Þar eru um 1000 manns, en skipastóllinn er einir 7 bátar, og þar af er helmingurinn svo gamall, að hann á betur heima á landi en sjó. Einstakir menn eiga þess engan kost að endurnýja bátana, og eini möguleikinn til að reisa rönd við almennu atvinnuleysi er það, að ríkið hlaupi undir bagga með ábyrgð fyrir lánum. Ýmsir krossa sig á bak og brjóst yfir því, að ríkið fari að ganga í ábyrgð fyrir svona fyrirtæki. En ég held, að áhættan sé ekki mikil. Gengið er í ábyrgð fyrir 80% af kaupverði skipanna, gegn 1. veðrétti í skipunum og ábyrgð viðkomandi bæjarfélags. Ekki er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður taki þátt í áhættunni af rekstri skipanna, svo að rekstrartöp kæmu alls ekki á bak hins opinbera. Ég skal geta þess til að sýna, hvað atvinnulífið er dauft þarna fyrir austan, að síðastl. sumar aflaðist á allan skipaflota Seyðisfjarðar um 3000 skippund. Og þetta á að vera aðalþráðurinn í atvinnulífi 1000 manna. Ef þessi ábyrgðarheimild fæst og verður notuð, og þarna koma 5 bátar, 15—16 tonna, má gera ráð fyrir, að afli þeirra verði jafnmikill og allur sá fiskur, sem nú kemur á land á Seyðisfirði yfir sumarið! Ég sé enga möguleika til að reisa við atvinnulífið þarna, sem hefðu í för með sér minni áhættu fyrir ríkissjóð, og það verður ríkissj. eflaust dýrara, ef eins verður látið fara á Seyðisf. og á Eskif.

Ég hefi aflað mér upplýsinga um verð báta af þessari stærð og hefi komizt að raun um, að íslenzkir bátar eru miklum mun dýrari. Nú er verið að rannsaka, hver kostnaður mundi verða af því að byggja bátana eystra, og vona ég, að ég verði búinn að fá upplýsingar um það áður en þingi lýkur. En eftir þeim útreikningum, sem ég hefi fengið, kosta íslenzkir bátar, 16—17 tonna, úr eik og vandaðir að öllu smíði, um 23000 kr. Þar af er 1000 kr. tollur af efninu, og 10000 kr. vinnulaun. Ef horfið yrði að því ráði að byggja bátana hér á landi, mundi það auka talsvert vinnu þar, sem það yrði gert. Og verði báðar þessar till. samþ. og byggðir 10 bátar, þá mundu koma 100000 kr. í hrein vinnulaun við smíði þeirra, og mundi það vafalaust bæta talsvert úr vandræðunum á þeim stað, sem byggt yrði. Hv. frsm. fjvn. mæltist til, að ég tæki einnig þessa till. aftur til 3. umr., og geri ég það hér með.

**Ólafur Thors:** Ég á hvorki margar né stórar brtt. við þennan kafla fjárl.frv. og þarf því ekki að segja mörg orð um þær. Við hv. þm. Mýr. berum fram till. þess efnis að veita Jóni Blöndal 1200 kr. styrk til lokanáms í hagfræði. Ég vil vísa til þess, sem ég sagði á síðasta þingi um þennan unga mann. Hann er mjög efnilegur, en algerlega efnasnauður, og naut þeirrar velvildar Alþ. í fyrra, að honum var þá veittur 1200 kr. styrkur, og stóð við þá greiðslu, að það ætti að verða lokagreiðsla. Má vera, að hv. þm. þyki undarlegt, að nú skuli aftur vera farið fram á lokagreiðslu til þessa manns. En þessi ungi maður er brjóstveikur og hefir orðið að dvelja á sjúkrahúsi mestallt síðastl. ár, og því ekki getað lokið námi sínu. Ég vona, að hv. þm. líti á þetta með sömu velvild og í fyrra og vilji létta þessum unga manni örlögin og láta hann ekki gjalda þess, að hann hefir legið veikur.

Þá flyt ég till. um það, að Búnaðarbanka Íslands verði veittar 15000 kr., og til vara 12000 kr., til lækkunar á ræktunarsjóðsláni vegna kaupa á þjóðjörðinni Leirvogstungu í Mosfellssveit. Þessi jörð var seld árið 1926 ábúandanum Sveini Gíslasyni, samkv. heimildarl. frá 1905. En svo er ákveðið í þeim l. í 7. gr., að verðið

skuli miða við það, að verðhæðin með 4% í vöxtu á ári veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um 10 síðastl. ár.

Á þessari jörð var jarðabótakvöðin 20 kr. og leiga 450 kr. á ári, og eftir því hefði átt að selja þessa jörð á 11—12 þús. kr. En í stað þess var hún seld á 30 þús. kr. Bóndinn gekk að þessu, af því að þá voru betri horfur, en nú er reynslan búin að kenna þessum manni, að hann hafi gert vond kaup. Og nú verður hann annaðhvort að fara burt af jörðinni, sem ætt hans hefir búið á mann fram af manni, eða að ríkissjóður verður að hlaupa undir bagga og taka á sig hluta af skuldinni við Búnaðarbankann. Þetta er sanngjarnt, ef á það er litið, að ríkið selur þessa jörð miklu hærra verði en ætlazt er til samkv. framangreindum l. frá 1905. Og ég er sannfærður um það, að allir þm. mundu greiða þessu atkv.,ef þeir væru ekki hræddir um að skapa með þessu fordæmi. Ég get ekki dæmt um það, hvað sú hætta er mikil, en mér þykir ótrúlegt, að nokkur bóndi hafi orðið verr úti í viðskiptum við ríkissjóðinn en einmitt þessi. Ég vona því, að hv. d. taki vel í þetta mál.

Svo á ég ekki aðrar brtt. við þessa umrfjárl. og skal ekki gera mikið að því að tala um brtt. annara. Ég get þó ekki stillt mig um að láta vanþóknun mína í ljós yfir því, að felldir eru niður styrkir til einstakra manna, sem eiginlega er búið að gefa loforð fyrir styrk æfilangt, t. d. Guðmundar Kambans. Ég held, að þess séu engin dæmi, að menn séu felldir niður af 18. gr. fjárl., eftir að menn einu sinni eru búnir að komast þar inn. Fjvn. álítur laun Kambans svo mikil, að hann þurfi ekki styrks með. En hv. þdm. munu vita, að oft er það svo með skáld og listamenn, að þeir hafa háar tekjur annað árið en ekkert hitt. En hvað snertir laun Guðm. Kambans, þá mun hann ekki sízt hafa fengið þá stöðu, sem hann er nú í, leiðbeinandi á konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn, vegna þeirrar viðurkenningar, sem honum hefir verið veitt með ríkisstyrk. Og missi hann styrkinn, getur eins farið svo, að hann missi stöðuna líka. En án hliðsjónar til þessa manns er ákaflega óviðfelldið, að fjvn. eða einstakir þm. séu að leggja höfuðin í bleyti um það, hvort ekki sé hægt að skera niður einn eða tvo persónustyrki. Það má vera óskemmtileg æfi fyrir skáldin og listamennina, sem ganga sína þyrnum stráðu braut, að geta átt von á því frá hverju þingi, að það muni nú kasta þeim út á gaddinn. Sama má segja um Halldór Laxness, Guðm. Finnbogason og Jón Leifs og um Kamban. Halldór Laxness hefir sýnt það, að hann er skáld, sem verðugur er styrks. Þó að hann hafi skrifað ýmsan óþverra, þá hefi ég lesið alveg prýðilegar skáldsögur eftir hann, sérstaklega þær tvær síðustu. Þær sýna það bezt, að maðurinn hefir ótvíræða skáldhæfileika, og honum er að fara fram.

Um Guðm. Finnbogason þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Hann hefir ábyggilega verðskuldað annað af hendi alþjóðar en að verða sveltur.

Þeir menn, sem eru með þessar niðurfellingartill., verða að gera sér það ljóst, að þeir eru ekki að berjast gegn kreppunni, — nei, þeir eru að berjast gegn menningunni í landinu.

**Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson):** Ég verð að segja, að ég bjóst við því, að meira yrði hnýtt í fjvn. fyrir till. hennar, en raun er á orðin. Þó hefir fjvn. nú orðið að vera afarharðhent á mörgum liðum. En þetta er merki þess, að hv. þdm. viðurkenni stefnu fjvn., og held ég, að hún hafi haft eftir megni samræmi í till. sínum, og vona ég, að meiri hl. hv. þdm. telji, að n. sé á réttri braut. Vænti ég þess, að till. n. nái allar samþykki.

Hv. 1. þm. S.-M. og aðrir hafa vikið að n. fyrir að fella niður styrkinn til útgáfu þjóðsagna Sigfúsar Sigfússonar. Um orð þau, sem látin eru falla í nál. um þetta safn, er það að segja, að þau eru frá mér, og standa þar eiginlega fyrir minn reikning. En nú er Alþ. búið að fresta útgáfu rita, sem ég tel miklu merkari, svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Manntalið 1703, og ætti þá eins að mega fresta útgáfu þessa þjóðsagnasafns. En ég vil taka það fram, að þessi styrkur fer ekki til Sigfúsar sjálfs, heldur hefir hann sinn sérstaka styrk áfram.

Hæstv. dómsmrh. beindi þeirri ósk til n., að hún tæki aftur 1. brtt. við 22. gr.,

og málið yrði athugað nánar, og fellst n. á það.

Þá talaði hv. þm. G.-K. á móti till. n. um að afnema styrk til Guðmundar Kambans. Hv. þm. gat þess, að það mundi vera einsdæmi að fella niður styrk úr 18. gr. fjárl., en ég held, að það séu líka einsdæmi, að þar séu látnir standa menn, sem hafa hærri laun en íslenzkur ráðh. Því fer nú betur, að hagur Kambans hefir batnað svo, að hann á nú við góð kjör að búa, en sjálfsagt er að taka aftur upp styrk til hans, ef hann missti þessa góðu atvinnu.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að þeim mörgu till., sem fram eru komnar frá einstökum þm. Af till. n. mun flestum verða það ljóst, að ekki er mikil von góðra undirtekta frá n. hálfu við þessar þm.till. Nú er það svo, að flestar þessar till. hafa áður legið fyrir fjvn., og er hún í flestum tilfellum búin að taka sínar ákvarðanir, svo varla er von, að hún geti nú stutt þær til framgangs.

Ég mun þá fyrst snúa máli mínu að till. á þskj. 296, og er þá fyrst XXI. till. Einn af þeim, sem eiga sæti í n., er aðalflm. till., svo að það liggur í augum uppi, að n. er ekki öll á móti þeim. Hinsvegar er það um þetta að segja, að þessir liðir lágu fyrir n., en hún treysti sér ekki til að taka þá upp og mælir því ekki með þeim nú.

Ég vil geta þess viðvíkjandi 3. liðnum í þessari till. hv. 4. þm. Reykv., að þótt n. fallist ekki á það, að tekinn sé upp í fjárlög styrkur, sem veittur sé rektor háskólans sem risnufé, þá viðurkennir hún það, sem hv. flm. sagði, að sá, sem kemur opinberlega fram af skólans hálfu, þarf að hafa yfir nokkru fé að ráða til þeirra hluta. Hinsvegar lágu fyrir n. upplýsingar um það, að rektor háskólans hefði nú þegar nokkurn styrk í þessu skyni, sem hefir verið veittur af fé háskólans, og leggur n. til, að það verði svo framvegis. Annars má geta þess, að á undanförnum árum hefir verið talsverður reipdráttur milli Alþingis og háskólans út af því, hvað ætti að kosta af fé háskólans, þ. e. sáttmálasjóðs og hvað af ríkisfé. T. d. vildi háskólinn ekki kosta rannsóknastofuna af sínu fé, og er nú svo komið, að ríkið hefir tekið þessa rannsóknastofu að sér, svo sem kunnugt er, og veitir til hennar allmyndarlega í fjárlögum.

Um XXII., XXIII. og XXIV. lið er sama að segja. N. telur sér ekki fært að mæla með þessum utanfarar -og námsstyrkjum.

Sama máli gegnir um næstu till. á eftir, sem sé að hækka styrkinn til iðnfræðslu á Akureyri. N. álítur, að í því máli hafi ekki komið fram þau rök, að hún geti mælt með brtt.

Hv. þm. Vestm. ber fram XXVI. till., um að veita styrk til iðnfræðslu í Vestmannaeyjum, og um þá till. álítur n., að sé nokkuð öðru máli að gegna. Hún álítur, að fyrst aðrir kaupstaðir fá styrk til iðnfræðslu, þá sé samræmisins vegna ekki hægt að mæla á móti þessari till. og leggur því til, að hún verði samþ.

N. mælir á móti næstu till., sem er um 2000 kr. hækkun á framlaginu til barnaskólahúsa utan kaupstaða, sem á að ganga til barnaskólans í Aðalvík, því að n. telur ekki fært að veita í því skyni meira en í frv. stendur.

N. getur ekki mælt með styrk til glímufélagsins Ármanns vegna íslenzku vikunnar í Stokkhólmi, þó að kunnugt sé, að þessir menn hafi orðið Íslandi til mikils sóma í þeirri ferð. Þetta íþróttafélag fékk nokkurn styrk til fararinnar, þar sem allir fimleikamennirnir fengu ókeypis fargjald. Ríkið hefir nú orðið fyrir miklum útgjöldum vegna þessarar íslenzku viku, og telur n. ekki fært að auka við þann kostnað með því að samþ. þessa till.

XXIX. till. er tekin aftur.

Um næstu 3 till. get ég verið fáorður. N. hefir ekki getað fallizt á þær. Um XXXII. till., sem er um að niður falli styrkurinn til Hannesar Þorsteinssonar, vil ég taka það fram, að hér er um nokkurskonar samninga að ræða milli ríkisins og þessa manns. Hann hefir unnið að þessu mikla verki sínu, sem ríkið eignast eftir hans dag, en hann hefir aftur á móti fengið þennan árlega styrk.

Hv. sjútvn. hefir borið fram till. um styrk til Árna Friðrikssonar vegna ritstarfa og fyrirlestra um fiskilíf og fiskiveiðar. N. hefir óbundin atkv. um þessa till., en ég vil þó benda á það, að n. hefir lagt til að hækka tillagið til Fiskifélags-

ins um 10 þús. kr., og var það gert meðfram með tilliti til Árna Friðrikssonar, sem nú er í þjónustu Fiskifélagsins.

Þá kem ég að hinni stóru till. jafnaðarmanna, að veita 1 millj. kr. til atvinnubóta. Fjvn. getur ekki mælt með því, að þessi till. verði samþ. Þetta mál er miklu vandasamara en svo, að hægt sé að afgr. það með slíkri till. sem hér er borin fram. Þetta mál á að taka til meðferðar í kreppun. og ekki koma fram með till. fyrr en málið hefir verið athugað alhliða í kreppunefnd.

Þá hefir landbn. borið fram till. um að lækka annarsvegar fjárveitinguna til framkvæmda jarðræktarlaganna úr 400 þús. niður í 355 þús., en hinsvegar að hækka upphæð þá, sem er áætluð vegna ráðstafana um tilbúinn áburð, úr 30 þús. upp í 70 þús. kr. Viðvíkjandi þeim liðum vil ég geta þess, að n. lítur svo á, að það sé ekki verkefni landbúnaðarn. að bera fram till. um slíkar áætlanir. Vil ég beina því til hv. landbn., að hún taki þessar till. aftur, og mun fjvn. taka þær til nýrrar athugunar til 3. umr.

N. getur ekki fallizt á XXXVI. brtt., frá hv. þm. Ak.

N. er lítið kunnugt um það erindi, sem hv. 1. þm. Árn. flytur í XXXVII. till. Ég vil aðeins geta þess, að Búnaðarfélag Íslands hefir á undanförnum árum styrkt þessa fræðslu af ríkisins hálfu. N. getur ekki mælt með þessari till.

Það ræður af líkum, að n. getur ekki mælt með till., sem hv. 3. þm. Reykv. og fleiri bera hér fram, þar sem n. leggur til, að þessi liður verði felldur niður og þessi stofnun, vinnumiðstöð kvenna, eigi að kosta sig sjálf. Sömuleiðis leggur n. á móti síðari liðnum í þessari till.

Þá hefir hv. þm. V.-Sk. borið fram till. um 2 þús. kr. styrk til þess að ljúka við fyrirhleðslu Skálmar í Álftaveri, gegn ⅓ annarsstaðar að. Ég vil geta þess um þá till., að þar stendur svipað á og um till., sem hv. 1. þm. Árn. hefir borið hér fram, að Búnaðarfélag Íslands hefir með höndum eftirlit með slíkum störfum og hefir veitt styrk til þessara framkvæmda. Ég vil beina því til hv. flm., hvort hann vilji ekki taka þessa till. aftur, svo að hægt væri milli umr. að bera þetta mál undir Búnaðarfélagið.

Þá koma 3 till. um endurgreiðslu ríkissjóðs til viðlagasjóðs. Ég fyrir mitt leyti mætti ef til vill telja vel farið, ef ríkið greiddi skuldir til þeirrar stofnunar, sem ég veiti forstöðu. Hinsvegar er n. það kunnugt um þessar till., að hún álítur, að ef þær yrðu samþ., þá gæti orðið nokkuð langur á þeim halinn, og þó sérstaklega að því er snertir brtt. hv. þm. G.-K. Hún gæti orðið til að skapa allhættulegt fordæmi. Það væri vitanlega gott fyrir Búnaðarbankann, ef ríkið tæki að sér að borga slíkar skuldir, en eins og allir skilja, er ómögulegt að ganga inn á þá braut.

Þá er XLIII. till., frá hv. þm. Mýr., þar sem lagt er til að hækka framlagið til slysavarna um 7 þús. kr. og verja þeirri upphæð til símalagningar að Hjörsey og Straumfirði á Mýrum. Ég veit, að þetta orðalag þykir ýmsum broslegt. Sú aðferð, sem venjulega er höfð til að varna slysum á ýmsum stöðum, er að reisa þar vita, og það er það, sem hér ætti að gera, en ekki að leggja síma til að geta farið þá fyrst að gera ráðstafanir til hjálpar, þegar mennirnir eru að farast. Er hætt við, að sú hjálp kæmi oft nokkuð seint. Fjvn. getur ekki fallizt á að veita fé til þessarar símalagningar með þessum hætti. Þessi símalína á vitanlega að koma í sambandi við aðrar símalagningar, en ekki slysavarnir, en ef á að leiðbeina skipum á þessum slóðum, þá á það að koma í sambandi við vitamál.

Fjvn. getur ekki mælt með XLIV. till., og ekki heldur XLV., þó að einn af fjvnm. flytji hana. Fyrir n. lá erindi frá biskupi, þar sem hann gat ekki fallizt á þessa hækkun. Aftur á móti getur n. fallizt á varatill. hv. þm. V.-Húnv. nr. XLVI.

XLVII. till., frá hv. þm. Barð., er tekin aftur. N. getur fallizt á XLVIII. till., frá hv. þm. Dal. XLIX. till. er tekin aftur.

N. fellst ekki á L. till., að kaupa læknisbústað Reykhólalæknishéraðs, og ekki heldur næstu till., að kaupa kvikmynd af Lofti Guðmundssyni. Aftur á móti verður hún samræmisins vegna að fallast á till. frá hv. þm. N.-Ísf., LII. till.

N. getur ekki mælt með að veita Ásmundi Sveinssyni 10 þús. kr. lán til að reisa sér vinnustofu.

Þá eru brtt. við 22. gr. N. hefir athug-

að till. hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Seyðf. og getur ekki fallizt á þær eins og þær liggja fyrir. Hv. flm. segja um Eskifjarðarábyrgðina, að það sé endurveiting, en skilmálarnir í meginmáli till. eru alls ekki þeir sömu og áður. Áður var t. d. gert ráð fyrir sýsluábyrgð, en nú hefir það verið fellt niður. Ef till. væru teknar aftur, mundi n. taka þær til athugunar milli umr.

N. treysti sér ekki til að mæla á móti till. frá hv. þm. N.-Ísf. um að ábyrgjast lán til Djúpbátsins. Hér er um endurveitingu að ræða, sem n. vill ekki mæla á móti.

Sömuleiðis getur n. fallizt á að ábyrgjast lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar, en vill tilskilja, að það sé innanlandslán. N. er kunnugt um, að byrjað er að safna fé í þessu skyni, og fellst því á þessa lánsheimild með þessum skilmálum, og með sömu skilyrðum getur n. mælt með VIII. till. á þskj. 306, frá hv. þm. V.-Sk.

Aftur á móti vill n. ekki mæla með till. um hliðstæða ábyrgð fyrir Hólshrepp.

Mér er sagt, að hv. 1. þm. Eyf. hafi tekið sína till. aftur, og þarf ég því ekki að minnast á hana.

Þá eru till. á þskj. 306. N. getur ekki mælt með till. hv. þm. V.-Sk. og fleiri hv. þm., um náms- og utanfararstyrki. Ég vil geta þess, að það var mjög eftirtektarvert, sem hv. þm. V.-Sk. sagði um þetta nám í Þýzkalandi, þar sem hann upplýsti, að nám þar kostaði um 450 kr. á mánuði. Það er ekkert vit í því fyrir þjóðfélagið að kosta marga menn til náms, sem er svo gífurlega dýrt. (**LH:** Hér er aðeins um eitt ár að ræða). Því miður hefir það oft verið svo, að samþ. hefir verið lokagreiðsla til eins eða annars manns, og næsta ár er aftur samþ. lokagreiðsla honum til handa, og þriðja árið fær hann enn lokagreiðslu. Ég hygg, að þannig sé ástatt um suma af þeim, sem hv. þm. bera nú fram till. um, að þeir hafi áður fengið styrk til að ljúka námi.

Hv. þm. V.-Sk. ber fram till. um að veita einn nýjan styrk til dýralækninga. Slíkar till. koma alls ekki á óvart. Fyrir n. hafa legið margar till. um þetta. Ég hefi upplýst, að líkt stendur á um 5 menn, sem hafa verið á námsskeiði hjá Búnaðarfélaginu. Það má því gera ráð fyrir, að ef farið er að samþ. slíka styrki, þá rigni niður mörgum slíkum styrkbeiðnum, sem geta átt alveg eins mikinn rétt á sér. N. telur því ekki með nokkru móti fært að ganga inn á þessa braut og leggur því á móti till., því að hér er ekki eingöngu um þennan eina mann að ræða, heldur einnig um 10—20 menn aðra, sem áreiðanlega koma á eftir.

Hv. 1. þm. Árn. upplýsti það viðvíkjandi 5. till., sem n. var ekki kunnugt, þegar hún fjallaði um þessa till., að í raun og veru hefði verið gefin heimild til þessa áður, og mun það hafa verið í fjárl. fyrir 1929, en þessu ekki komið í verk vegna einhverrar gleymsku eða framkvæmdaleysis. Eftir þeim gögnum, sem lágu fyrir n., var ekki hægt að sjá þetta, og mætti ath. málið betur milli umr. Skilst mér, að ekki þurfi einu sinni að fá samþ. þingsins, heldur megi koma því í kring með því að fara skrifstofuleiðina. Mér er kunnugt um, að í mörgum slíkum tilfellum hefir þannig verið farið að.

Hv. 2. þm. Rang. ber fram till. um að veita Pétri Sigurðssyni 3500 kr. N. fékk þær upplýsingar, að þessi maður, sem er alls góðs maklegur, er á launum hjá stórstúkunni (**SvbH:** Aðeins smáþóknun.) og telur rétt, að hún ráði sjálf launum starfsmanna sinna. N. getur því ekki mælt með þessari till.

VII. till. er frá hv. þm. Vestm., að veita Halldóri Brynjólfssyni blinda 350 kr. N. álítur, að það standi alveg sérstaklega á um þann mann, eins og hv. þm. upplýsti, þar sem hann hefir verið blindur í 4 áratugi og alltaf séð fyrir sér og sínum, og álítur því, að ekki sé hægt að mæla á móti því, að hann fái þennan styrk.

Um VIII. brtt. hefi ég talað áður.

Þá hefi ég ekki fleira að segja f. h.n., en vil aðeins endurtaka þá ósk, að hv. d. vilji í aðalatriðunum halda sér við það, sem n. hefir lagt til.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég vil aðeins lýsa því yfir, að samkvæmt beiðni hv. frsm. mun landbn. taka aftur till. um lækkun á styrk vegna framkvæmda jarðræktarl. og sömuleiðis áætlunarstyrkinn vegna l. um tilbúinn áburð.

Út af því, sem hv. frsm. talaði um fjárveitinguna til slysavarna, skildist mér, að það væri aðallega formið, sem n. setti sig á móti. Hv. frsm. sagði, að ef ætti að varna sjóslysum, þá ætti að gera það með því að byggja vita, og það heyrði undir vitamálin, en ef ætti að leggja síma, þá heyrði það undir símal. Ég get ekki séð, að þetta sé neitt aðalatriði. Hitt er aðalatriðið, að reyna að koma í veg fyrir slysin, og til þess eru ýmsar leiðir heppilegastar, allt eftir því, hvernig á stendur á hverjum stað. Stundum er það gert með því að kaupa línubyssu, stundum með því að kaupa bát, stundum með því að byggja vita. Það er ekki langt síðan hér á þingi var samþ. fjárveiting til vegalagningar, af því að það þótti heppilegast til slysavarna á þeim stað. Á þessum stað, sem hér um ræðir, stendur aftur á móti þannig á, að það er talið heppilegast til slysavarna að fá þarna síma, eru engar mótsagnir í því, að fá síma til slysavarna, þegar Slysavarnarfélagið álítur það tiltækilegast til að varna slysum. En til að þetta mál verði ekki fellt vegna misskilnings á formi þess, þá lýsi ég því yfir, að ég tek till. aftur til 3. umr.

**Lárus Helgason:** Ég vil leyfa mér að fara örfáum orðum um brtt. hv. fjvn. á þskj. 199, þar sem hv. fjvn. leggur til, að styrkur til verklegs náms erlendis falli niður. Því verður samt ekki móti mælt, að það er afarnauðsynlegt, að Íslendingar kynnist erlendum starfsháttum, sem geta okkur að gagni komið. Við erum svo skammt á veg komnir í iðnaði, að það er nauðsynlegt að veita eitthvert fé til að fræða menn í þeim efnum. Og því verra er að fella þetta niður, sem það hlýtur að liggja í augum uppi, að þeir, sem standa fyrir iðnskólanum hér, hljóta að vita miklu betur en aðrir, hvað má helzt að gagni koma í þessum málum og hverjir eru líklegastir til að verða iðnaðinum til gagns. Það er því eðlilegast, að þessi styrkur sé fenginn iðnráðinu í hendur, sem réði síðan, hverjir hans nytu. Ég vil því mælast til þess, að þessi till. hv. fjvn. verði ekki samþ.

Þá vil ég geta þess, að ég er fús til að taka aftur til 3. umr. XXXIX. brtt. á þskj. 296.

**Sveinn Ólafsson:** Aðeins fáein orð til hv. frsm. út af undirtektum n. undir till. mínar.

Ég hjó eftir því að hv. frsm. sagði, að það væri minni ástæða til að samþ. styrkinn til Árna Friðrikssonar af því, að fjvn. hefði lagt til að hækka styrkinn til Fiskifélagsins. Ég er n. sammála um það, að þennan styrk hafi verið rétt að hækka, en verð jafnframt að benda hv. frsm. á hitt, að sú hækkun styrksins kemur Árna Friðrikssyni að engu liði, enda er styrkurinn ætlaður til annars en að launa hans starf. Mér finnst því þessi ástæða hv. frsm. n. gegn brtt. minni með öllu óréttmæt. Þótt Fiskifélagið hafi fengið hækkaðan styrk sinn, þá snertir það Árna Friðriksson ekki persónulega, enda mun styrkaukinn vera veittur vegna byggingar eða annara slíkra framkvæmda félagsins.

Viðvíkjandi brtt. minni við 22. gr., um að ríkið gengi í ábyrgð fyrir láni til skipakaupa vegna samvinnufélaganna á Eskifirði og Seyðisfirði, er þess að geta, að meðflm. minn hefir lýst því yfir, að hann myndi fresta till. til 3. umr. Er ég líka fús til að hafa þá meðferð á till., þar eð nauðsynlegt er, að málið verði frekar skýrt fyrir hv. n. og borin saman ráð um meðferð þess áður atkvæði skera úr. Annars er hér um aðkallandi nauðsynjamál að ræða, og veit ég ekki, með hverjum hætti ríkissjóður ætti að hjálpa þessum veiðistöðvum, ef ekki einmitt með því að hjálpa sjómönnum þarna til að hjálpa sér sjálfir. — Þeir fá tækifæri til þess, ef fleyturnar fást, og einnig til að efla hag ríkissjóðs, því að hver sá fiskibátur, sem gerður er út og notaður um vertíðina, færir ríkissjóði álitlegar tekjur og möguleika til tekjuöflunar.

Ég læt þessar aths. nægja að þessu sinni og er fús til að geyma brtt. til 3. umr., svo að hægt verði að athuga þær betur, enda er meðflm. minn sammála mér um það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 199,1—6 samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 199,7—10 samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 199,11 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkvgr.
Brtt. 199,12 samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 199,13 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 296,I.a.—b. samþ. með 16 shlj. aktv.
— 199,14 samþ. án atkvgr.
— 199,15 samþ. með 14:4 atkv.
— 296,II.1 felld með 14:9 atkv.
— 199,16 samþ. með 15:9 atkv.
— 296,II.2 samþ. með 18:6 atkv.
— 296,III. felld með 13:12 atkv.
— 199,17 samþ. án atkvgr.
— 296,IV felld með 14: 4 atkv.
— 296,V felld með 13: 7 atkv.
— 296,VI[1]) samþ. með 15: 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, JJós, JónasÞ,[2]) LH, MJ, ÓTh, StgrS, SvbH, VJ, BJ, BSt, BÁ, GÍ, JörB.
nei: HJ, IngB, JAJ, JÓl, MG, PHalld, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BKr, HStef.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 296,VII felld með 15: 8 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 199,18 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 296,VIII felld með 20: 5 atkv.
— 296,IX tekin aftur.
— 199,19 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 296,X tekin aftur.
— 306,I tekin aftur.
— 296,XI, aðaltill. og varatill., teknar aftur.
— 296, XII—XIII teknar aftur.
— 199,20.a.—b. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 296,XIV tekin aftur.
— 199,21.a.—b. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 296,XV tekin aftur.
— 199,22 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 296,XVI felld með 15: 8 atkv.
— 199,23 samþ. án atkvgr.
— 296,XVII—XX teknar aftur.
13. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 199,24 samþ. með 17: 3 atkv.
— 199,25 samþ. með 14: 12 atkv.
— 199,26 samþ. með 14: 12 atkv.
— 199,27.a—b. felld með 14:13 atkv.
— 296,XXI.a felld með 16: 8 atkv.
— 296,XXI.b felld með 16: 5 atkv.
— 296,XXI.c, varatill., felld með 15:9 atkv.
— 296,XXI.c, varatill., felld með 15: 9 atkv.
— 199,28 samþ. með 14: 6 atkv.
— 296,XXII felld með 14: 12 atkv.
— 296,XXIII.a felld með 16: 8 atkv.
— 296,XXIII.b, aðaltill., felld með 15: 9 atkv.
— 296,XXIII.b, varatill., felld með 16: 9 atkv.
— 296,XXIV samþ. með 14: 11 atkv.
— 296,XXV, aðaltill., felld með 16:5 atkv.
— 296,XXV, varatill., felld með 17: 7 atkv.
— 296,XXVI, samþ. með 18 shlj. atkv.
— 199,29 felld með 15: 11 atkv.
— 296,XXVII felld með 17: 8 atkv.
— 199,30 samþ. með 19: 5 atkv.
— 199,31 samþ. með 14: 7 atkv.
— 199,32 samþ. með 16: 6 atkv.
— 199,33 samþ. með 14: 7 atkv.
— 306,II samþ. með 14: 9 atkv.
— 306,III, aðaltill., felld með 14: 6 atkv.
— 306,III, varatill., felld með 14: 12 atkv.
— 296,XXVIII samþ. með 15: 10 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 199,34 samþ. án atkvgr.
— 199,35 samþ. með 17: 6 atkv.
— 199,36 samþ. með 14: 8 atkv.
— 199,37 samþ. með 19: 1 atkv.
— 199,38 felld með 15: 7 atkv.
— 296,XXIX, aðaltill. og varatill., teknar aftur.

1) **IngB:** Ég vil leyfa mér að fara fram á, að forseti láti fara fram nafnakall um þessa till., þar sem hér er um stefnumál að ræða, hvort þingið vill ganga inn á slíka styrki sem þennan.

2) **JónasÞ:** Fyrir mér markar það enga stefnu, hvort ég greiði atkv. með eða móti einum sjúkrastyrk. Getur verið nauðsynlegt að veita slíkan styrk í einu falli, þótt ekki sé í öðru. Ég mun greiða atkv. með þessum styrk og segi því já.

Brtt. 199,39 felld með 18:8 atkv.
— 199,40 felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MG, PHalld, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BKr, HStef, HJ, IngB, JJós.
nei: JónasÞ, LH, MJ, ÓTh, StgrS, SvbH, VJ, BJ, BSt, BÁ, GÍ, HG, HV, JAJ, JÓl, JörB.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 296,XXX felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrS, SvbH, BJ, BKr, HStef, HJ, HV, IngB.
nei: JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SvÓ, VJ, ÞorlJ, BSt, BÁ, GÍ, JJós, JAJ, JörB.
TrÞ, HG greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 296,XXXI felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvÓ, TrÞ, GÍ, HStef, JJós, JAJ, JÓl, PHalld, PO.
nei: StgrS, SvbH, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HJ, HG, HV, IngB, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, JörB.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 199,41 felld með 17:3 atkv.
— 296,XXXII felld með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrS, SvbH, BKr, HStef, HV.
nei: JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, GÍ, HJ, IngB, JörB.
HG greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 199,42 samþ. með 15:6 atkv.
— 296,XXXIII, aðaltill., felld með 14:11 atkv.
— 296, XXXIII, varatill., samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, JJós, JÓl, LH, MJ, ÓTh, PHalld, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, BJ, BÁ, JörB.
nei: BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JónasÞ, MG, PO, TrÞ, ÞorlJ, BSt.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 199,43 felld með 14:11 atkv.
— 199,44 samþ. með 17:5 atkv.
— 199,45 samþ. með 14:8 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 296,XXXIV tekin aftur.
Brtt. 296,XXXV.1—2 teknar aftur.
— 199,46 samþ. með 17:5 atkv.
— 306,IV felld með 16:8 atkv.
— 199,47 samþ. með 17:5 atkv.
— 199,48 samþ. án atkvgr.
— 199,49 samþ. með 20:1 atkv.
— 199,50 samþ. án atkvgr.
— 199,51 samþ. með 17:3 atkv.
— 296,XXXVI felld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍ, HStef, JJós, JónasÞ, MJ, ÓTh, SvÓ, VJ, BJ, BSt.
nei: BKr, HJ, IngB, JAJ, JÓl, LH, MG, PHalld, PO, StgrS, SvbH, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, JörB.
HG, HV greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 199,52 samþ. með 16:5 atkv.
— 296,XXXVII samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JÓl, JónasÞ, LH, MJ, ÓTh, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, BÁ, HStef, HG, HV, JörB.
nei: JAJ, MG, PHalld, PO, SvÓ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, GÍ, HJ, IngB.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 296,XXXVIII.a felld með 15:10 atkv.
— 199,53 felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHalld, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BKr, GÍ, HStef, IngB.
nei: StgrS, SvbH, VJ, BJ, BSt, BÁ, HJ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, JörB.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 296,XXXVIII.b samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JÓl, JónasÞ, LH, MJ, ÓTh, StgrS, SvbH, VJ, BJ, BSt, HG, HV, JörB.
nei: JAJ, MG, PHalld, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB.
Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.
Brtt. 306,V tekin aftur.
— 296,XXXIX tekin aftur.
— 296,XL samþ. með 15:7 atkv.
— 296,XLI felld með 14:9 atkv.
— 296,XLII, aðaltill., felld með 14:5 atkv.
— 296,XLII, varatill., felld með 14:6 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 199,54, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 296,XLIII.a—b teknar aftur.
— 306,VI samþ. með 16:6 atkv.
— 199,55 samþ. með 15:5 atkv.
— 296,XLIV, aðaltill., felld með 14:9 atkv.
— 296,XLIV, varatill., samþ. með 14:8 atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 199,56 samþ. án atkvgr.
— 296,XLV samþ. með 15:4 atkv.
— 296,XLVI, aðaltill., samþ. með 14:10 atkv.
— 296,XLVI, varatill., kom ekki til atkv.
— 199,57 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 296,XLVII, aðaltill. og varatill., teknar aftur.
— 199,58 samþ. án atkvgr.
— 199,59 samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BKr, GÍ, HStef, HV, IngB, JÓl, JónasÞ, LH, PO.

**nei:** VJ, BJ, BSt, BÁ, HJ, JJós, JAJ, MG, MJ, ÓTh, PHalld, JörB.

HG greiddi ekki atkv.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 296,XLVIII samþ. með 20:1 atkv.
— 296,XLIX tekin aftur.
— 306,VII samþ. með 22 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 199,60 samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 199,61 tekin aftur.
— 296,L felld með 14:8 atkv.
— 296,LI felld með 14:11 atkv.
— 199,62.a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 199,62.b samþ. með 21 shlj. atkv
— 296,LII samþ. með 23 shlj. atkv.
— 199,62.c samþ. með 17 shlj. atkv.
— 296,LIII samþ. með 14:6 atkv.
— 296,LIV.a—b. teknar aftur.
— 296,LV samþ. með 21 shlj. atkv.
— 296,LVI samþ. með 14:8 atkv.
— 296,LVII felld með 15:6 atkv.
— 296,LVIII tekin aftur.

Brtt. 306,VIII samþ. með 19 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

23.—24. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 317, n. 348, 366, 376, 386).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 386. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. fyrri kafla (Ingólfur Bjarnarson):** Ég gat þess við 2. umr. málsins, að ef till. n. næðu samþykki, myndi tekjuhallinn verða um 16 þús. kr. En nú fór það svo eftir atkvgr., að tekjuhallinn varð um 52 þús. kr. Það má að vísu segja, að þessi aukning tekjuhallans sé vonum minni, þegar tekið er tillit til þess aragrúa af brtt., sem fyrir lágu til hækkunar. En hinsvegar mátti glöggt sjá af því, sem fram kom við atkvgr., að þdm. sáu ekki brýna nauðsyn bera til að skera svo mjög við neglur ýmsa bitlinga og fjárframlög til einstakra manna. Af þeim ástæðum er það, að n. álítur tilgangslítið að fara nú af nýju að bera fram frekari till. í sömu átt, sem hún þó hefði gert, ef sézt hefði við atkvgr., að d. vildi styðja viðleitni hennar í þá átt. Aftur á móti varð niðurstaðan sú, að n. hneig að því ráði að hækka til nokkurra muna framlög til verklegra framkvæmda og samgöngubóta. Þær hækkunartill., sem að vísu eru ekki margar, nema þó samtals 94 þús. kr. Verður þá tekjuhallinn, ef till. n. verða samþ., um 150 þús. kr. Með því er þó ekki séð fyrir mörgum stórfelldum útgjöldum, sem sjálfsögð eru og óhjákvæmileg, bæði samkv. heimildum ýmsum og l. Þetta minntist ég á við 2. umr. og sé ekki ástæðu til að fara nánar út í það nú. Það er sýnilegt á þessu, sem ég hefi sagt, að afgreiðsla fjárl. er nú fremur óálitleg, eftir því sem nú horfir, nema þá að svo vel vilji til, að batni í ári, sem menn geta að vísu vonað, en sem n. treystist ekki til að byggja á, enda kom í ljós í n., að hún teldi eigi annað fært en að gera heimildarráðstafanir, sem grípa

mætti til, ef á þyrfti að halda, og mun frsm. síðari kafla gera nánari grein fyrir þeim. Hæstv. forsrh. gat þess við 1. umr. fjárl., að hann hefði fyrirskipað að safna ýtarlegum skýrslum um kostnað við ýmsar ríkisstofnanir, til athugunar því, hvort ekki mætti koma þar á sparnaði. Nú fór það svo, að n. bárust ekki þessar skýrslur fyrr en svo seint, að hún gat ekki unnið úr þeim til þess að koma fram með till. því viðvíkjandi, nema að umr. tefðist til mikilla muna. N. tók því það ráð að afgr. frv. eins og það lá fyrir, en býst hinsvegar við að taka þetta mál fyrir síðar og bera þá fram niðurstöðuna hér í d. í þingsályktunarformi.

Það liggja hér fyrir brtt. frá ýmsum hv. þdm., sem samtals eru töluvert háar, og ætla ég vitanlega ekki að taka þær til athugunar hverja fyrir sig, fyrr en flm. hafa mælt fyrir þeim. En eftir lauslegri athugun held ég, að þær nemi samtals 1½ millj. kr., og treystir n. sér ekki til að mæla með þeim yfirleitt, þótt það álit liggi ekki beint fyrir nú. — Þá eru það fáeinar till., sem n. ber fram, sem ég vildi lítillega minnast á. Það eru nokkrar till. um hækkun á framlagi til vega. Fyrsta till. er um, að veittar séu 3000 kr. til Laugadalsvegar á Ísafirði. Það er fyrirhugað að koma á akvegarsambandi, svo fljótt sem unnt er, frá Ísafjarðardjúpi og austur yfir Steingrímsfjarðarheiði áleiðis til Hólmavíkur. Þetta er löng leið, og eftir skýrslu vegamálastj. myndi þetta samband að vísu kosta allmikið fé, en þó er þess að geta, að mikill hluti leiðarinnar yfir Steingrímsfjarðarheiði er mjög auðfarinn og myndi á löngum köflum fær bílum án mikilla viðgerða. Þar sem þarna er verið að byrja á mjög mikilsverðu vegarsambandi fyrir hlutaðeigandi héruð, og hinsvegar ekkert framlag ákveðið til vega í N.-Ísafjarðarsýslu í fjárl.frv., þótti n. rétt að þetta yrði veitt.

Næsta till. er um að hækka framlagið til Þistilfjarðarvegar úr 5000 upp í 7000 kr. Þessi litla hækkun er miðuð við þá miklu nauðsyn, sem er fyrir héraðsbúa, að sem fyrst verði gerður akfær vegarkaflinn vestur frá Hafralónsá, sem nú er óbílfær. Því þegar komið er skammt vestur fyrir ána, tekur við greiðari leið, sem bílar komast um án nokkurra verulegra viðgerða. Þess vegna litum við svo á, að rétt væri að flytja þessa till. og leggjum til, að þessari upphæð verði bætt þarna við. Ég vil geta þess, að eftir þeirri fjárveitingu, sem nú er í fjárl., er gert ráð fyrir, að vegurinn komist að Hafralónsá í sumar.

Þá leggur n. til, að tekinn sé upp nýr liður til Vopnafjarðarvegar, 4000 kr. Þessi liður hafði fallið niður í frv. stj., en hinsvegar hefir vegamálastjóri lagt til, að þarna væri veitt fjárframlag. Það væri nauðsynlegt og n. taldi það sanngjarnt, einnig sem lítilsháttar styrk vegna atvinnuleysis á þessu svæði.

Um till. að hækka um 1000 kr. framlagið til Jökulsárhlíðarvegar, sem er borin fram eftir ósk vegamálastjóra, er það að segja, að hún er miðuð við, að vegurinn komist út að Sleðbrjót. En þetta er svo lítil upphæð, að ekki þýðir að fjölyrða um hana.

Þá kemur till. frá n. um að hækka lítilsháttar framlagið til Fjarðarheiðarvegar. N. hefir til samkomulags fallizt á að hækka þetta tillag dálítið, en treystir sér ekki að ganga lengra að þessu sinni, enda verður eigi annað sagt en að framlagið til þessa vegar þarna sé allsæmilegt og meira en til ýmsra hliðstæðra vega, og byggist það sérstaklega á þeirri þörf, sem þarna er fyrir auknar atvinnubætur, að dómi n.

Þá eru smáhækkanir til tveggja vega: Breiðadalsvegar og Geithellahreppsvegar — 1000 kr. til hvors, og þýðir ekki um það að fjölyrða, en þess má geta, að till. eru fram bornar í samráði við vegamálastjóra.

Þá er hér till. um að hækka styrkinn til Eimskipafél. Ísl. um 50 þús. kr. Styrkurinn er nú ákveðinn 250 þús. Hefir n. kynnt sér horfurnar fyrir félagið og komizt að þeirri niðurstöðu, að það geti eigi komizt af með minni styrk á árinu 1924 en er í núgildandi fjárl. og á því er till. byggð, enda má öllum vera það skiljanlegt, að svona krepputímar koma hart niður á félaginu, vegna eðlilegs samdráttar á öllum flutningum. Einnig vil ég taka það fram, að almenningi er ákaflega mikil nauðsyn á, að félagið geti sem bezt tekið tillit til þarfa hinna ýmsu

staða umhverfis landið, og það er félaginu vitanlega miklu hægara, því ríflegri styrk sem það fær úr ríkissjóði. Og til þess ætlaðist n., að svo verði í framkvæmdinni.

Þá liggur fyrir till. frá n. um að hækka framlag til bryggjugerða og lendingabóta um 11 þús. kr. samtals. Skal ég gera grein fyrir, hvernig n. ætlast til, að þessari hækkun verði ráðstafað. Það er þá fyrst, að hún leggur til, að 5000 kr. verði veittar til bryggjugerðar í Hnífsdal, ⅓ kostnaðar móti ⅔ annarsstaðar að. Til bryggjugerðar á Vattarnesi ⅓ kostnaðar, allt að 3000 kr., og í þriðja lagi til bryggjugerðar í Grafarnesi við Grundarfjörð ⅓ kostnaðar, allt að 3000 kr. — samtals 11 þús. kr. Vil ég minnast lítillega á hvern þessara liða, fyrst Hnífsdalsbryggjuna. Eins og hv. þm. N.-Ísf. upplýsti við 2. umr. fjárl., þá hefir verið unnið að henni tvö undanfarin ár og búið að leggja í þessa framkvæmd alls um 55 þús. kr. Árið 1931 var unnið fyrir 38900 kr. og 1932 fyrir 15800 kr. Upphaflega var ætlað, að bryggjan myndi kosta 81 þús. kr. Nú hefi ég sannfært mig um hjá vitamálastjóra, að kostnaður við bryggjuna fer töluvert fram úr áætlun. En þrátt fyrir það, að búið er að leggja svona mikið fé í bryggjuna, þá er nauðsynlegt að koma henni lengra, því að eftir því sem mér skilst á vitamálastjóra, þá mun hún koma að tiltölulega litlum notum nú, en vitanlega því meiri, sem meiru er hægt að bæta við hana. N. telur því sjálfsagt að veita þarna ákveðinn styrk, til þess að verkinu megi ljúka eftir því sem héraðsbúar geta lagt fé fram. Þá lá fyrir n. uppdráttur af bryggjugerð á Vattarnesi eystra og kostnaðurinn áætlaður 13500 kr., en beiðni lá fyrir frá héraðsbúum, að ríkissjóður legði að þessu sinni fram 3000 kr., og vill n. mæla með því, að því tilskildu, að ⅔ hlutar komi frá héraðinu, svo að alls verði upphæðin 9000 kr. Eftir þeim upplýsingum, sem n. gat fengið, hyggur hún, að með þessu framlagi megi vænta nokkurra nytja af þeirri byrjun, sem fyrir þetta fé yrði gerð. Nú sé ég, að hv. 1. þm. S.-M. hefir borið hér fram aðra till. um þetta sama atriði, og geri ég ráð fyrir, að hann hafi ekki vitað um till. n., og vænti því, að hann geti tekið sína till. aftur. — Frá hreppsnefndinni í Eyrarsveit liggur fyrir beiðni um 3000 kr. styrk til bryggjugerðar við Grafarnes í Grundarfirði. Þangað hefir áður verið veittur styrkur móti ⅔ hlutum frá hreppnum, og vill n. mæla með því, að þessar 3000 kr. verði veittar gegn ⅔ hlutum annarsstaðar að. En þó skal ég geta þess, að með þeirri upphæð, sem hér er til tekin og líklegt er að héraðið geti lagt fram á móti, verður verkið ekki fullgert, enda þótt sýnilegt sé, að þetta framlagt geti orðið að miklum notum.

Ég vil láta þess getið um hina tvo síðasttöldu liði, til bryggjubygginga í Grundarfirði og á Vattarnesi, að vitamálastjóri hefir eindregið lagt það til, að verkinu yrði lokið í einu, en ekki á fleiri árum, og segir hann, að kostnaðurinn verði minni, ef það er gert í einu lagi. En nú hefir það svo berlega komið í ljós, að héruðin treystast ekki til að leggja fram nú þegar alla upphæðina til þess að fullgera mannvirkin. En hinsvegar virtust n. miklar líkur til, að þó verkinu yrði ekki lokið að fullu, þá kæmi það strax að talsverðum notum. Þess vegna treystir hún sér ekki til að taka þessa bendingu vitamálastjóra til greina. N. ákvað að synja ekki um þessa styrki nú, vegna hinna almennu vandræða, sem nú eru ríkjandi um að fá atvinnu, og af því að það er erfiðara fyrir héruðin að fá fé til framlags í einu lagi heldur en að leggja fram vinnu til verksins smámsaman.

Um alla þessa styrki til bryggjubygginga vil ég f. h. n. vísa til þeirra skilyrða, sem hún hefir sett í nál. hvað snertir stjórn og umsjón með þessum framkvæmdum og afnot mannvirkjanna þegar búið er að reisa þau. Og að sjálfsögðu er það vitamálastjóri, sem á að hafa tryggilegt eftirlit með framkvæmdum þessara mannvirkja.

Ég held svo, að það séu ekki fleiri till., sem ég þarf að minnast á fyrir hönd n. við þennan kafla fjárl., og get því látið máli mínu lokið. Um afstöðu n. gagnvart brtt. einstakra þdm. mun ég engu lýsa, fyrr en flm. eru búnir að mæla fyrir þeim sjálfir.

**Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson):** Það er hvorttveggja, að það eru

ekki margar till., sem fjvn. hefir borið fram við síðari kafla fjárl., og í annan stað eru ekki margir áheyrendur hér í deildinni nú, svo að ég sé ekki ástæðu til að vera margorður.

Um fjárframlag ríkissjóðs til Búnfél. Ísl. var því lýst yfir af frsm. við 2. umr. fjárl., að n. vildi ekki fastákveða þetta framlag í 16. gr. fjárl., nema að fengnum tillögum frá Búnaðarþingi, samkvæmt áætlun þess, er fram yrði komin við 3. umr. Fjvn. hefir fengið frá Búnaðarþinginu skýrslur og grg. Búnaðarfél. Ísl. viðvíkjandi þessum lið, og vill n. verða við ósk þess um að láta þetta framlag standa óbreytt í frv., og þess vegna hefir hún ekki borið fram neina brtt. um það.

Þá skal ég fyrst minnast á XXXIV. brtt. á þskj. 366. Hún er í þremur liðum, og er það úthlutun á styrkjum til þess að gera ræktunarvegi. Hv. frsm. fyrri kaflans gat um þá stefnu fjvn. að veita fé til vegagerða sem víðast um landið, til þess að það yrði jafnframt til atvinnubóta á sem flestum stöðum. Þessar till. fara í sömu átt eins og liðirnir benda til. Fjvn. leggur til, að framlagshlutföllin til þessara ræktunarvega verði hin sömu og áður. Í Vestmannaeyjum og í Hornafirði leggur ríkissjóður fram ⅔ til ræktunarvega, gegn ⅓ annarsstaðar að, af því að á þeim stöðum er um ríkiseign að ræða, og því meir sem þær eru bættar og skilyrði veitt til aukinnar ræktunar, því meiri tekjur fær ríkissjóður af þeim í aðra hönd. Ræktunarlöndin eru leigð út og ríkið fær af þeim allríflegar tekjur, sem fara vaxandi. Á Akranesi er allt öðru máli að gegna; landið er þar prívateign og einstakir menn njóta þar arðsins og leigunnar af aukinni ræktun. Þess vegna er framlag ríkissjóðs til ræktunarvega þar ákveðið ¼, gegn ¾ hlutum annarsstaðar að. Um síðasta lið XXXIV brtt. er það að segja, þar sem ætlazt er til, að skrifstofukostnaðurinn við rafmagnseftirlit ríkisins verði lækkaður um 1000 kr., þá er tilgangurinn sá, að þetta eftirlit beri sig sjálft, og ætlast n. til, að því verði hagað þannig.

Þá flytur fjvn. á sama þskj. nokkrar brtt. undir XXXIX. lið, og eru sumar þeirra aðeins orðabreytingar. Fyrsti liður er um styrk til sjúkrasjóðs verkamanna á Akureyri, við 17. gr. 18. Sú kona, sem getið er um samkv. 3. lið, er látin, og þess vegna fellur sá eftirlaunastyrkur burt. En í síðasta liðnum eru ákveðin eftirlaun til handa ekkju prófessors Guðmundar G. Bárðarsonar, Helgu Finnsdóttur, 600 kr. á ári.

Samkv. XLII. brtt. er felldur niður eftirlaunastyrkur Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum, sem nú er látin.

Þá er það loks XLIX. brtt. á sama þskj., þar sem ákveðið er, að ríkissjóður taki ábyrgð á allt að 60 þús. sterlingspunda láni, sem Eimskipafél. Ísl. ætlar að fá í Englandi og greiða með því skuldir félagsins í Danmörku, ásamt afborgunum í Hollandi, gegn fyrsta veðrétti í eftirtöldum skipum félagsins: Gullfossi, Goðafossi, Dettifossi og Lagarfossi. Samkv. því, sem getið er um í erindi Eimskipafél. til Alþingis, þá eru þessi lánskjör í Englandi mjög hagstæð fyrir fél. Jafnframt þessari tilfærslu lánanna frá Danmörku til Englands getur E. Í. flutt vátryggingar sínar frá Danmörku og fengið þær ódýrari í Englandi. En hingað til hafa Danir sett það skilyrði, að félagið vátryggði skip sín í dönskum tryggingarstofnunum á meðan það hefði þar samningsbundin lán. Þetta út af fyrir sig sparar félaginu nokkra tugi þúsunda kr. árlega, og það er beinn hagnaður. Það er ánægjulegt að geta losað Eimskipafél. undan þessari áþján, sem danskir bankar hafa bakað því undanfarið, og bætt þannig kjör þess bæði beint og óbeint. Ég hygg líka, að um það séu ekki deildar skoðanir, að þessu fylgi engin áhætta fyrir ríkissjóð, þar sem um er að ræða fyrsta veðrétt í 4 beztu skipum félagsins til tryggingar gagnvart ábyrgðinni.

Þá kem ég að XXI. brtt. á þskj. 376, 1. lið, frá fjvn., þar sem meiri hl. fjvn. leggur til, að felld verði úr fjárlfrv. heimild til þess fyrir ríkisstj. að kaupa sýslumannshúsið í Borgarnesi. Það er ljóst, að n. stendur ekki öll að þessari till., eins og sjá má á þeirri brtt., sem ég flyt um þetta atriði á þskj. 386. — Hv. frsm. fyrri kaflans getur mælt fyrir þessari brtt. meiri hl. n., ef hann sér ástæðu til þess.

Þá flytur n. undir 2. lið brtt. við sína eigin brtt. frá 2. umr. viðvíkjandi end-

urgreiðslu úr lífeyrissjóði embættismanna, að í stað VI. og VII. tölul. 22. gr. um endurgreiðslu úr lífeyrissjóði til Sig. Kristjánss. fyrrv. kennara og Jóns Halldórssonar fyrrv. ríkisféhirðis komi: „að greiða eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans vegna Jóns Halldórssonar úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn". Upphaflega voru þessar endurgreiðslur úr lífeyrissjóði heimilaðar vegna símameyja, er látið höfðu af störfum sínum, og fleira hefir komið á eftir, þannig að hér virðist vera tekin úr stífla fyrir kröfum um slíkar endurgreiðslur. Má ætla, að úr því kunni að verða óviðráðanleg skriða, ef eigi eru settar skorður við. Hinsvegar álítur n. rétt, að lögin um lífeyrissjóð embættismanna verði endurskoðuð. Lífeyrissjóðurinn vex ört, og virðist svo sem gjöld til hans megi vera hlutfallslega lægri en nú er. Það sýnist vera vafasöm krafa að ætlast til þess, að lagt sé hátt á 2. hundrað þús. kr. í sjóðinn árlega á slíkum tímum. Þess vegna beinir fjvn. þeirri ósk til hæstv. stj., að lögin um lífeyrissjóð embættismanna verði endurskoðuð og breytt ákvörðunum um gjöld embættismanna til sjóðsins og um endurgreiðslur úr honum.

Á þskj. 276 er ennfremur XXV. brtt. frá n., um að ríkissjóður ábyrgist allt að 100 þús. kr. lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað, gegn fullum tryggingum. Fyrir n. lá erindi um þetta, og taldi hún ekki annað fært en að veita kaupstaðnum þessa umbeðnu hjálp. Ástæður bæjarfélagsins eru erfiðar; það hefir orðið að grípa til ýmsra skyndilána til árlegs rekstrar. En hinsvegar er nokkur von um að fá erlent lán með betri kjörum, þannig að bærinn getur converterað skyndilánunum á þann hátt. Það mun mörgum þykja undarlegt, þar sem sagt er í brtt., að ábyrgðin skuli veitt gegn fullum tryggingum. En n. gerir ráð fyrir töluverðum tekjuauka fyrir bæjarfélagið samkv. lögum, sem nú eru um það bil að hljóta afgreiðslu í Ed., og ætlast n. til, að þær tekjur verði notaðar til greiðslu á þessu láni, og verður þá að breyta orðalagi tekjufrv. í þá átt.

Loks kem ég að síðustu brtt. n. á þskj. 386, VI, um að á eftir 24. gr. komi ný gr. (25. gr.): „Ríkisstj. er heimilt, ef hún telur bera til þess brýna nauðsyn, að draga af öllum fjárveitingum fjárlaganna, sem ekki eru lögum bundnar, um allt að 25%, eftir því sem við verður komið, og ennfremur að fresta um ákveðinn tíma rekstri stofnana". — Ég vil geta þess til skýringar þessari till., að fjvn. telur afgreiðslu fjárl. ekki eins varlega og vera ætti. Það liggur ekki ljóst fyrir ennþá, hvað samþ. verður á þessu þingi af tekjuaukalögum, né heldur hvað áætla þarf til þess að draga úr kreppunni vegna bænda, eða hvað gera þarf fyrir verkafólkið í kaupstöðunum til atvinnubóta. — Vitanlega er ekki hægt að láta afgreiðslu fjárl. bíða eftir niðurstöðu þessara mála. N. telur rétt að veita stj. þessa heimild, til þess að hún geti beitt henni, ef ástæður þykja til. Það er og mikilsverð ástæða fyrir þessari till., hversu langur tími líður frá því að gengið er frá fjárl. og þangað til þau koma til framkvæmda. Getur margt breytzt á því tímabili til hins lakara. — Ég mun ekki víkja að brtt. einstakra þdm. fyrr en þeir hafa mælt fyrir þeim sjálfir.

**Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson):** Eins og sjá má á þskj. 348, leggur samgmn. til, að veitt verði sama upphæð til flóabátaferða eins og áætlað er í fjárl.frv. N. leitaði allra ráða til þess að þurfa ekki að hækka þessi útgjöld ríkissjóðs, jafnvel þó sjáanlegt sé, að það muni bregða til beggja vona um rekstur á a. m. k. tveimur flóabátum, sem styrktir hafa verið úr ríkissjóði til þess að halda uppi ferðum. En það verður að teljast óhjákvæmileg nauðsyn að halda þeim ferðum uppi. Þessir bátar eru Djúpbáturinn og Flateyjarbáturinn. Þeir hafa stöðugt verið reknir með tekjuhalla, og síðastl. ár var um 8000 kr. tekjuhalli á rekstri Djúpbátsins, en um 4000 kr. halli á Flateyjarbátnum. Þó að svona stæði á, hefir n. ekki séð sér fært að hækka styrk til þessara flóabáta fremur en annara.

N. hefir gert mjög lítilfjörlegar fráviknings um styrki til bátaferða frá því, sem er í fjárl. þessa árs. Það er aðeins um að ræða lítilsháttar hækkun á tveimur liðum og lækkun á einum, og stendur það á.

Það hefir undanfarið verið megn óá-

nægja yfir því, hvernig styrknum til Hornafjarðarbátsins hefir verið varið. Austfirðingar, sem stunda útgerð frá Hornafirði, hafa þótzt afskiptir um styrk þann, sem greiddur hefir verið til Hornafjarðarbáts. Samgmn. hefir átt tal við hv. þm. A.-Sk. um þetta efni, og eftir áliti hans leggur n. til, að á vetrarvertíðinni verði úthlutað 4000 kr. styrk til Hornafjarðar-bátsins, en til annara ferða 3500 kr., eða samtals 7500 kr. — Þá hefir n., eftir beiðni frá Öræfingum, borið fram till. um aukinn flóabátastyrk til þeirra. Skaftfellingur hefir annazt um flutninga þeirra að undanförnu. Öræfingar eiga afar-erfiða aðstöðu til flutninga á landi vegna vatna, sem sífellt eru ófær, og á sjó, sökum brims við sandana. Við Ingólfshöfða er mjög erfitt að ná vörum í land úr bátum.

Undanfarin ár hefir Skaftfellingur fengið 24 þús. kr. styrk úr ríkissjóði árl., hæst allra flóabáta. Nú leggur n. til, að teknar verði af þessum styrk 600 kr. á næsta ári, og það fé ætlað sem sérstakur flutningastyrkur til Öræfinga. N. leggur til, að Skaftfellingur hafi viðkomur við Rangársand, þegar ástæður leyfa og þörf krefur. Mun það og hafa verið gert að undanförnu. Væntir n. þess, að hv. þm. V.-Sk. geti fallizt á þessa aths. við styrkinn til Skaftfellings. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um till. samgmn. að öðru leyti.

Þá á ég sjálfur nokkrar brtt. við fjárl. að þessu sinni. Fyrst vil ég minnast á brtt. við 3. gr., um hækkun á fjárframlögum til nýrra símalína, er nemi 35 þús. kr., og að fyrir það fé verði lögð ný símalína frá Sandeyri um Stað í Grunnavík til Hesteyrar. Ég hefi áður lýst þeirri miklu þörf, sem á því er, að fá þetta símasamband. Og allir þeir, sem eru kunnugir staðháttum, eru mér sammála í þessu efni. Á Hesteyri er loftskeytastöð, sem kostar í rekstri um 3600 kr. á ári. Hún er nálega eingöngu notuð í þágu veðurathugana. En sem viðskiptastöð gerir hún nálega ekkert gagn, sérstaklega af því að hún hefir ekkert samband við Ísafjörð. — Landssímastjóri hefir upplýst, að með þessari væntanlegu símalínu megi spara um 3000 kr. árl. á rekstri Hesteyrarstöðvarinnar. Ennfremur er það kunnugt, að á þessu svæði, sem símalínan á að koma að notum, eru um 800 manns. Tekjur stöðvarinnar á Hesteyri yrðu talsvert miklar, sérstaklega um síldveiðitímann, þegar síldarbræðslustöðin er þar í gangi. Geri ég ráð fyrir, að símastöð á Hesteyri mundi gefa svipaðar tekjur og stöðin í Bolungavík. En það eru um 3000 kr. árlega, umfram rekstrarkostnað. Fólkið á þessu svæði er um 150 manns færra en í Hólshreppi, en taka má tillit til hinnar miklu starfrækslu í sambandi við síldarverksmiðjuna. Þeir, sem vinna við verksmiðjuna, og hinir, sem selja þangað afla sinn, hafa að sjálfsögðu mikil símaviðskipti. Það er því ekki annað sýnilegt en að það sé fjárhagslegur gróði að því fyrir landssímann, að þessi lína verði lögð, og hygg ég, að landssímastjóri sé líka þeirrar skoðunar.

Til símalagninga í Ísafjarðarsýslu hefir frá byrjun verið varið aðeins um 33800 kr. úr ríkissjóði, fyrir utan aðalsímalínuna til Ísafjarðar. Og nettótekjur landssímans af símakerfinu í sýslunni eru um 6500 kr. á ári. Það er ekki lítill búhnykkur fyrir ríkissjóð, jafnframt hinum miklu og víðtæku þægindum, sem símakerfið hefir fyrir íbúa héraðsins. Annars virðist svo, sem sumstaðar á landinu hafi ekki verið mikil þörf á símalagningu. Samkvæmt reikningum landssímans fyrir árið 1931 eru 22 landssímastöðvar taldar að gefa innan við 50 kr. árstekjur, og 29 stöðvar gefa 50—100 kr. tekjur. Ein loftskeytastöð gefur af sér 4 kr. í tekjur samkvæmt reikningum símans 1931. Til samanburðar má nefna, að tekjur af eftirlitsstöðinni í Æðey í Ísafjarðardjúpi var þetta ár 365 kr. Á þessari eyju eru aðeins tvö heimili.

Það virðist hafa verið nokkuð meiri þörf á því, að leggja línu um þessa eyju, sem var alveg í leiðinni og beint hagræði til að komast yfir Djúpið, heldur en að byggja þessa loftskeytastöð í Papey. Annars er það furðulegt um margar þær línur, sem hafa verið lagðar á síðustu árum og þá oft og tíðum utan fjárl. og utan símalaga. Þannig er það, svo að ég nefni eitt eða tvö dæmi, um eina línu í Vestur-Ísafjarðarsýslu, út á Ingjaldssandi. Ég held, að notendurnir geti ekki

verið yfir 70, enda voru tekjurnar um 74 kr. árið 1931, en kostnaðurinn við byggingu þessarar línu nam 15091 kr. Í Strandasýslu var á sama tíma lögð lína, sem kostaði 15—18000 kr., fyrir eitt einasta heimili. Það mætti telja fjöldamörg dæmi svipuð þessu og sum kannske engu betri. Landssímastjóri sagði mér, að þegar hann hefði lagt sínar till. fyrir n. að þessu sinni, þá hefði hann tekið upp það, sem áður hefði verið búið að leggja til, en hefði ekki athugað, hvar þörfin væri mest, þetta hafi verið ákveðið af fjvn. og landssímastjóra á fyrri árum, en ekki hægt að framkvæma eins og till. þá lágu fyrir. Ég skal benda á mestu fjarstæðurnar, sem mér virðist vera í þessum till., sem hér liggja fyrir. Það er þá fyrst símalína frá Kvígindisdal til Breiðuvíkur í Barðastrandarsýslu. Í Breiðuvík, Látravík og ég man ekki hvað ein víkin heitir, hefir íbúunum farið stórum fækkandi. Árið 1920 bjuggu þar 143, en árið 1930 113 manns, og mér er sagt, að síðan hafi fækkað um 11 manns. Þarna er engin aðstaða til þess að reka smábátaútgerð. Þarna á að byggja símalínu fyrir 18 þús. kr. Það má segja dálitið svipað um símalínuna frá Bíldudal að Selárdal og nú stendur á. Að leggja símalínu alla leið út að Selárdal, þó að á sumar eða vorvertíðinni séu þar kannske 7 bátar, það nær ekki nokkurri átt. Kostnaðurinn er áætl. 16 þús. kr. Hinsvegar að leggja línu út í Bakkaþorp, væri nokkru nær, þar er meiri útgerð og meira fjölmenni, og kostnaðurinn hálfu minni. Þá er ráðgert að leggja línu um Fnjóskadalinn, strjálbyggða sveit. Ég veit líka, að það er minni þörf að leggja stöðvarlínuna Ögur—Arngerðareyri fyrir 16 þús. kr., en þessa línu í norðurhreppana. Sama er að segja um línuna Arngerðareyri—Melgraseyri. Þarna norður frá er æðimikil útgerð. Þaðan ganga um 20 bátar í vetur og í fyrra vor og þaðan flytjast venjulega um 3000 skippund af fiski, jafnvel allt að 5000 skippund, þegar mest hefir verið. Strjálbýli er þar talsvert, en þó eru þar 3 þorp. Í einu þorpinu eru á þriðja hundrað, í öðru um hundrað og í því þriðja á annað hundrað manns. Ég sé ekki, að það sé með nokkru móti forsvaranlegt af ríkissjóði að neita um lagningu á þessum símalínum, sem allmikill hagnaður er fyrir ríkissjóð að leggja og koma auk þess margfalt fleiri landsbúum að notum en þær línur, sem ég hefi nú minnst á.

Aðaltill. mín er á þskj. 376, I., en til vara er till. á þskj. 366, II. Ef hv. d. og hv. n. vill ekki fallast á að leggja þessa línu í einu lagi, þá verði a. m. k. lögð lína frá Sandeyri til Staðar í Grunnavík. Þó að það sé löng leið frá Hesteyri að Stað í Grunnavík, þá er víst, að fjöldi manna úr Sléttuhreppi mundi fara að Stað í Grunnavík, meðan línan væri ekki komin lengra, svo að sú lína mundi gefa fullar tekjur á við tilkostnaðinn. Ósamræmið, misréttið og hlutdrægnin í þessum málum hefir verið óþolandi. Ég vil þakka n. fyrir till. hennar um Laugadalsveginn og framhald bryggjugerðarinnar í Hnífsdal. — Þá á ég till., sem ég tók aftur til 3. umr., um 20 þús. kr. og til vara 10 þús. kr. framlag til brimbrjótsins í Bolungavík; því miður eru tillögur hreppsnefndarinnar í Hólshreppi ennþá ekki komnar til vitamálastjóra um það, hvernig þetta verk skuli unnið og meðan svo er, þá verður að sjálfsögðu ekkert unnið, því að það er sjálfsögð skylda, sem líka hv. frsm. n. tók fram, að slíkt verk sé unnið eftir till. og undir eftirliti vitamálastjóra. Þó að fjárveiting fengist, verður hún ekki notuð nema vitamálastjóri og hreppsnefndin komi sér saman um hvernig verkið verður unnið. Leyfi ég mér að flytja þessa till., þó að hún sé miður undirbúin en vera ætti og nauðsyn væri til.

Þá á ég till. á þskj. 366 undir XLI. til Victoriu Bjarnadóttur kennaraekkju, 200 kr. og til vara 150 kr. Svo stendur á, að maður hennar sálugi, Sigurgarður Sturlaugsson, var lengi kennari á Bíldudal og fleiri stöðum og honum voru ætluð eftirlaun, 300 kr., á fjárl. 1932. Hann hafði lengi verið veikur og lá hér á Landakotsspítala í berklum í baki, en áður en kæmi til útborgunar þessara eftirlauna, lézt þessi maður. Ekkja hans er fátæk og býr með dóttur sinni ungri og föður sínum, sem nú er kominn yfir sjötugt. Hún kvað eiga erfitt og liggja við skorti, vænti ég þess að hv. n. athugi þetta og hv. d. geti fallizt á að veita þessi litlu eftirlaun. — Ennfremur á ég ásamt hv. þm. Seyðf. og hv. þm. Barð. till. um berklastyrk til Guð-

rúnar Böðvarsdóttur, 1200 kr., og til vara 600 kr. Þessi kona mun ekki hafa legið á sjúkrahúsi, en hefir verið í heimahúsum hjá frændfólki sínu og fékk í fjárl. yfirstandandi árs 1200 kr., en hv. n. hefir lagt til, að slíkir persónustyrkir verði felldir niður. Má vera, að það sé rétt í mörgum tilfellum, en ég hygg, að hér standi sérstaklega á og vildi mælast til þess, að a. m. k. lægri upphæðin væri samþ. — Þá er það út af till. hv. n. á þskj. 376 undir XXI., að ég vildi segja nokkur orð. Hv. fjvn. leggur til, að till. um útborgun á lífeyri Sigurðar Kristjánssonar fyrrv. barnakennara verði strikuð út, með þeim forsendum, að það yrði óþægilegt að standa á móti öllum þeim beiðnum, sem síðar kæmu um sama efni. Hv. frsm. n. gat þess, að lífeyrissjóðirnir hefðu vaxið svo mjög, að sum árin hefðu tekjurnar orðið 100 þús. kr. umfram útgjöldin. Mér virðist, þegar svo er, þá sé frekari ástæða til þess að endurgreiða án vaxta þeim, sem hafa lagt í sjóðina, en hverfa síðan frá sínum starfa, án þess að hafa fengið neinn lífeyri eða styrk frá viðkomandi sjóði; einmitt af því að sjóðirnir standa sig vel og virðast hafa tekið óþarflega há gjöld af meðlimum, þá sé meiri sanngirni að endurgreiða þeim þegar þeir hverfa frá starfa, heldur en ef sjóðirnir stæðu sig mjög illa. Hv. frsm. gat þess, að lífeyrissjóðir myndu hafa verið fyrst opnaðir fyrir símameyjarnar. Það er alveg rétt, að símameyjarnar fengu, þegar þær létu af störfum, útborgað það, sem þær höfðu borgað í sjóðinn án vaxta. Hinsvegar hafa ýmsir starfsmenn aðrir fengið endurgreitt án vaxta. Man ég eftir því, að það mun hafa verið í fyrsta skipti, að ekkju Bjarna heitins Jónssonar frá Vogi var greitt, það sem hann hafði borgað í sjóðinn. — Mér þætti undarlegt, ef þessi till. n. yrði samþ. eftir að 23 menn hér í hv. d. höfðu samþ. till. um að endurgreiða Sigurði Kristjánssyni þetta fé við 2. umr. þessa máls og ef úr því verður, sem hv. frsm. drap á, að stj. undirbúi einhverjar nýjar reglur þessu viðvíkjandi, þá væri a. m. k. ekki hætta vegna þess fordæmis, sem hér væri gefið, því að reglurnar mundu koma í veg fyrir, að fleiri kæmu á eftir, sem líkt stæði á með eins og með þennan mann. Ég vil mega vænta þess, að þessi till. n. verði felld. Ég sé ekki, að hv. dm. geti gengið svo á móti yfirlýstum vilja sínum við 2. umr. þessa máls, að þeir felli niður endurgreiðsluna til Sig. Kr., en láti till. um endurgr. til Jóns Halldórss. fyrrv. ríkisféhirðis standa, en sú till. var samþ. með færri atkv. en till. um endurgr. til S. Kr.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég á hér á þskj. 366 3 brtt. við fjárl. Tvær undir XXVI. og eina undir XXXVI. Ég tek þær allar í einu lagi, vegna þess að það er víst samband á milli þeirra. Þær snerta allar þrjá listamenn í tréskurði, nefnilega Ríkarð Jónsson, sem hefir starfað og starfar hér í Rvík, Guðmund Jónsson frá Mosdal, sem starfar á Vesturlandi og Geir Þormar, sem starfar á Akureyri. Þessir þrír listamenn hafa að undanförnu haft lítilsháttar styrk úr ríkissjóði. Þar sem hér er um mjög vinsæla og þjóðlega list að ræða, og þessir menn eru tvímælalaust styrksins verðir með tilliti til kunnáttu og reglusemi, og eru þar á ofan fátækir menn, sem eins og margir aðrir listamenn berjast þannig áfram, að þeir hafa rétt til hnífs og skeiðar eins og kallað er, þó að þeir hafi lítilsháttar styrk frá því opinbera, þá er það ekki réttmætt að mínu áliti að vera að reita af þeim þennan litla styrk, þó að hart sé í ári, því að vitanlega kemur harðærið niður á þeim eins og öðrum. Jafnframt því, að ég hefi borið fram till. undir XXVI. um að tekinn verði upp styrkurinn til Geirs Þormars, 600 kr., og til að undirstrika þessa kröfu, að styrkurinn verði tekinn upp aftur, þá hefi ég neyðst til að taka hina listamennina tvo með, Ríkarð Jónsson og Guðmund Jónsson frá Mosdal og gert að till. minni, að þeirra styrkir verði einnig felldir niður, ef hv. d. getur ekki fallist á að taka upp styrkinn til Geirs Þormars. Ég hefi fært G. Þ. fram fyrir R. J. Sú till. kemur fyrst til atkv. og verði hún samþ., tek ég hinar aftur. Annars vil ég gefa hv. dm. kost á að greiða fyrst atkv. um styrkinn til Geirs Þormars. Felli þeir þann styrk, neyðast þeir til, ef þeir vilja vera sjálfum sér samkvæmir, að greiða einnig hinum tillögum mínum atkvæði, að styrkurinn til hinna tveggja falli niður. Þó að ég hafi neyðzt til að hafa þessa aðferð,

þá er síður en svo, að ég álíti réttmætt að styrkurinn til þessara tveggja manna falli niður. Ég hefi litlu við þetta að bæta. Ég tók það helzta fram viðvíkjandi styrknum til Geirs Þormars við 2. umr. og það er hér ekki öðru við að bæta en að um leið og það er móðgun við hann sjálfan að taka hann einan út, þá verð ég jafnframt að líta á það sem móðgun við kjördæmi mitt og Norðlendingafjórðung í heild. Geir Þormar hefir eins og hinir tveir listamennirnir, haldið fjölda námsskeiða og kennt fjölda manna. Og eins og það er viðurkennd vinsæl og þjóðleg list hér á Suðurlandi og á Vesturlandi að leggja stund á tréskurð, þá gildir það sama á Norðurlandi. Og ef það er réttmætt að fella styrkinn niður til Geirs Þormars, þá verður einnig samræmisins vegna að fella hina styrkina tvo niður. Ég vil svo ekki fjölyrða frekar um þessar till. Þetta kemur undir atkv. hv. dm. og þeim gefst kostur á að skera úr með atkv. sínu, hvort þeir vilja vera sjálfum sér samkvæmir eða ekki.

**Halldór Stefánsson:** Ég leyfi mér að bera fram aðeins eina brtt. við fjárl. við þessa umr., XI. brtt. á þskj. 366, til Úthéraðsvegar 6000 kr. Ég bar fram nokkrar till. við 2. umr., sem allar hnigu eingöngu í þá átt að bæta lítilsháttar tillagið til nýbyggingar þjóðvega. Ég tók þá þessar till. aftur í samráði við fjvn., og hún tók þær til athugunar á milli umr. og hefir nú borið fram till. nokkuð í þá átt, sem mínar till. fóru fram á, en þó ekki að fullu eins og mínar till. voru við 2. umr. Ég er þakklátur n. fyrir það, sem hún tók til greina og hefir borið fram till. um að þessu leyti, en ég þykist ekki geta komizt hjá því að bera fram lítilsháttar viðbót við till. n. og það er þessi viðbót, þessi Úthéraðsvegur, sem n. hefir ekki séð sér fært að leggja með í till. sínum. Ég get getið þess, að það er að vísu meira, sem n. felldi niður af till. mínum við 2. umr., en til miðlunar og samkomulags við n., þá lét ég niður falla að ítreka till. minar, nema aðeins að þessu eina leyti. Ég get vísað til þess að mestu, sem ég sagði um þörfina á þessum vegi við 2. umr. Annarsvegar er það hin brýna þörf til samgöngubóta í héraðinu, hinsvegar er þetta að nokkru leyti hugsað sem lítilsháttar atvinnubótavinna fyrir þá menn, sem þarna gætu komizt að til vinnu, og það er alveg í samræmi við hugsun n. og stefnu í sínum till. í vegamálunum, að dreifa fénu, sem fram er lagt, sem allra mest um landið, þar sem þarfirnar eru, en þær eru svo að kalla alstaðar. Þegar litið er á ýmsar till., sem samþ. voru við 2. umr., og á ýmsar þær till., sem hér liggja fyrir við þessa umr., og á ég þar við flestar hinar smærri till., sem fara fram á að veita lítilsháttar fé til einstakra manna eða persónulegar fjárveitingar, sem á alþýðumáli eru oft kallaðir bitlingar, þá trúi ég því vart, að hv. d. geti fellt svona hóflega, litla till. til samgöngubóta í einu stóru héraði landsins, sem jafnframt gæti orðið til atvinnubóta fyrir héraðið. Það eru að vísu fáir, sem heyra mál manna, sem hér tala, en ég hygg, að tilfinning hv. dm. tali fyrir því, að draga nú sem allra minnst úr því fé, sem veitt er til umbóta á högum almennings, og að það sé ekki þrengt svo að, að menn fari að fella svona litla till., því að ég hygg að segja megi um þessa till., að fjárhagur og afkoma ríkissjóðs veltur ekki á því, hvort hún er spöruð eða ekki, en hag þeirra manna og héraðsins, sem hlut eiga að máli, dregur það miklu meira.

**Magnús Jónsson:** Ég er meðflm. að 2 till. að þessu sinni og skal tala fáeinum orðum fyrir þeim. Önnur till. er á þskj. 366 undir XXXI., um að veita nokkurn styrk til Sambands íslenzkra karlakóra. Það hefir komið fyrir áður, að það hafi verið veittur lítilsháttar styrkur til þess að hjálpa karlakórum til þess að hafa kennara og það er í framhaldi af því, að þessi till. er borin fram af okkur 3 þm. Reynslan er sú, að það sýnist ekki vera nokkur grein hljómlistarinnar, sem liggur betur fyrir Íslendingum en kórsöngur, sem meira hefir verið stundaður en blandaður kór. Það er hvorttveggja, að karlakórsöngur hefir reynzt vinsæll hér á landi, hvort heldur í söngsal eða í útvarpi, og líka þegar þessir karlakórar hafa farið til annara landa, hafa þeir vakið á sér töluvert mikla eftirtekt. Er það meiri vinna en almennt er álitið, sem þessir menn leggja á sig, og auk þess hafa þeir

lagt á sig mikinn kostnað. Þessi félög eiga við tvö vandamál að fást. Fyrst það, að fá samsönginn svo fullkominn sem auðið er, og svo hitt, að gera einstakar raddir svo þjálfaðar sem með þarf, til þess að söngurinn geti orðið sem fullkomnastur. Ef þessi félög eiga að geta aflað sér orðstírs í útlöndum, verður þetta að vera svo fullkomið sem frekast er unnt. Ef þau ættu kost á því að veita meðlimum sínum nokkra kennslu, gætu þau eflaust náð all-miklum hróðri í öðrum löndum, þar sem sönglist stendur annars á háu stigi. Og þó að þessi styrkur fengizt, ætlar Samband ísl. karlakóra ekki þar með að varpa af sér öllum skyldum, því að það ætlar að leggja fram jafnmikið fé sjálft, og eins ætlar það sér að hafa í þjónustu sinni bezta söngkennara, sem völ er á, til þess að fara á milli félaganna og kenna mönnum.

Höfum við í till. farið fram á 3500 kr. eða 3000 kr. til vara. Þetta er ekki nema helmingur af kostnaðinum við það að hafa 1 söngkennara í þjónustu sambandsins.

Hin till. mín o. fl. þm. er á þskj. 376 og er þar 15. till., um vinnumiðstöð kvenna. Við, þessir sömu þm., bárum fram samskonar till. við 2. umr., og var hún felld. Höfum við nú lækkað upphæð þá, sem farið er fram á, úr 2000 kr. niður í 1600 kr., og höfum tekið aftur orðin: „gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að". Hefir undanfarið mikið verið rætt um atvinnuleysið og talsvert fé verið lagt fram, til þess að bæta úr því. En fyrsta og sjálfsagðasta ráðið er þó að reyna að útvega sem flestum þá atvinnu, sem fyrir hendi er. Þessi till. gengur nú einmitt í þá átt. Þetta hefir líka verið viðurkennt með því, að í þessu skyni hefir verið veitt nokkur upphæð af atvinnubótafé. Það sem hér um ræðir er það, að sett hefir verið á stofn nokkurskonar ráðningaskrifstofa fyrir stúlkur, er vilja fara í vist. Hér hafa undanfarið nokkur þúsund stúlkur haft atvinnu af því að vinna í húsum. Það er oft svo, þegar heimili vantar vinnukraft og stúlka þarf að fá vinnu, að vinnusali og vinnukaupandi ná ekki saman. Úr þessu hefir skrifstofan bætt að mjög miklu leyti, og hefir árangurinn af starfi hennar orðið meiri en nokkurn óraði fyrir í upphafi. Hér liggja fyrir skýrslur um þetta. Vinnutilboð hafa verið 1466 allt starfsárið. Ráðningar, sem skrifstofan hefir annazt, voru um 1100. Þegar ekki er um annað að ræða en venjulega vist og hinsvegar venjulegan vinnusala, þá er hægt að ná saman með auglýsingum og öðru. En þegar um sérstök tilfelli er að ræða, vinnu stuttan tíma, íhlaupastörf, ræstingu á herbergi eða aðra þvotta, þá er nauðsynleg einhver miðstöð, þar sem báðir aðiljar geta fundizt. Slík atvinna, svokölluð dagvinna, hefir verið útveguð í 293 tilfellum. Þó er langt frá, að þessar ráðningar hafi eingöngu komið Reykjavík að gagni. Hefir hún orðið mikil hjálp í því að útvega vinnukonur á sveitaheimili. Hafa farið fram 240 slíkar ráðningar á starfsárinu, 189 á sveitaheimili úti um land og 51 á heimili í umhverfi Rvíkur. Það getur líka komið fyrir, að stúlka leiti sér vinnu, en sé svo veikluð, að um sérstök störf sé að ræða, er hún geti afkastað á fullnægjandi hátt. Verður þá slíku bezt til lykta ráðið á ráðningaskrifstofu. Hefir reynslan sýnt, að vinnumiðstöðin gat í mörgum tilfellum leyst úr slíkum þörfum.

Því má auðvitað halda fram, að slík vinnumiðstöð sem þessi ætti að geta borið sig sjálf. En reynslan hefir sýnt, að erfitt er að koma því svo fyrir. Ef leggja á gjöld á þá, sem leita til miðstöðvarinnar, þá verður það ekki til annars en þess, að fólk hættir að leita þangað. Hér hagar líka svo til, að oft er erfitt að vita, hvort það er í raun og veru vinnumiðstöðin, sem ráðninguna framkvæmir eða ekki. Veit ég um mörg dæmi þess, að stúlkur væru ráðnar af því að vinnumiðstöðin var til, án þess þó, að hún stæði beinlínis fyrir ráðningunni.

Er það áreiðanlegt, að sumir myndu vera svo smásmugulegir að skorast undan því að greiða gjaldið. Stúlkurnar myndu verða tregar á að greiða það, því að þær eru vanar því, að þeir, sem þurfa á vinnukraftinum að halda, auglýsi og beri kostnaðinn. Hefir það alstaðar reynzt svo, að ef slíkar ráðningaskrifstofur eiga að geta starfað, þá verða þær að fá fé frá því opinbera. Verður ekki um þetta deilt. Hv. d. hefir nú samþ. að veita nokkurn styrk, en hann er enganveginn fullnægj-

andi. Reikningar skrifstofunnar sýna, að árlegur kostnaður er að minnsta kosti 4000 kr. Hljóta þó hv. þm. að viðurkenna, að ekki er sóað fé í þessari starfsemi, eins og áætlunin sýnir. Eftir frv., eins og það er nú, á stofan ekki að fá nema 1600 kr. og þó með því skilyrði, að bærinn leggi fram tvöfalda þá upphæð.

Mun ég svo ekki fjölyrða um þetta mál, en þá finnst mér hv. d. vilja fátt gera til þess að draga úr atvinnuleysinu, ef hún vill ekki stuðla að því með þessari 600 kr. hækkun, sem hér ræðir um, að nokkrir tugir eða jafnvel hundruð stúlkna geti fengið eitthvað að gera.

**Jóhann Þ. Jósefsson:** Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir það, hve vel hún hefir tekið í málaleitun Vestmannaeyjabæjar um að koma lausaskuldum bæjarfélagsins í betra form framvegis. Sömuleiðis fyrir till. um styrkinn til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum. Ég hefi á þskj. 366 borið fram brtt. um 1000 kr. styrk til þýzks sendikennara hér við háskólann. Er það sök íslenzku stj., að háskólinn verður nú að vera án sendikennara, þar eð hún hefir kippt að sér hendinni um fjárveitingu. Hefir undanfarið verið varið til þess 2000 kr. að hafa sendikennara hér á landi. Komst á samkomulag í þessu máli milli háskólans og stj. þegar Bjarni frá Vogi dó 1926. Var hann dósent í grísku hér við háskólann, og var samkomulagið í því fólgið, að háskólinn fengi að halda nokkru af þeirri fjárhæð (4000 kr.), er verið hafði laun hans, til þess að hafa hér erlenda sendikennara. Síðan hafa ýmsir mætir útlendingar verið hér, svo sem Magnus Olsen frá Noregi, Gústaf Neckel og dr. Keil frá Þýzkalandi, og e. t. v. fleiri, sem ég man ekki nöfn á. Háskólafyrirlestrar á þýzku hafa verið hér mikið sóttir, eins og eðlilegt er, því að viðskipti fara nú vaxandi milli Íslands og Þýzkalands og verða vafalaust meiri, þegar birtir aftur í álfunni. T. d. má búast við, að síldarútflutningur okkar til Þýzkalands muni þá aukast talsvert, þar eð Þjóðverjar nota meiri síld en almennt hefir verið álitið hér heima. En það er líka stórt atriði að viðhalda menningarsambandinu milli þessara tveggja landa. Við megum ekki sleppa þeim þráðum, sem tengja okkur vináttusambandi við aðrar þjóðir. Sendikennarar og slíkir menn eru nú líklegastir til að halda þessu menningarsambandi við. Hið lifandi orð verkar betur en blaðagreinar og bækur. Þeir læra íslenzka tungu, eins og t. d. dr. Keil, og kynnast þjóð og þjóðarhögum betur en aðrir ferðamenn. Þegar þeir svo koma heim, er vísast, að þar eigi Ísland jafnan talsmenn fyrir sínum málstað. Vil ég fastlega mæla með því, að þessar 1000 kr. verði veittar til þess að halda uppi þessu menningarsambandi við Þýzkaland. Meðal Þjóðverja er nú mikil þjóðleg vakning risin, og við þurfum ekki síður nú en áður, frá verzlunarsjónarmiði, að hafa góð og greið sambönd við þá. Ef við leggjum fram 1000 kr., mun sendikennarinn fá sömu upphæð frá þýzku stjórninni. Með því að stunda hér kennslu, getur hann lifað sæmilega af þessu öllu til samans.

Þá er ég einnig, ásamt hv. þm. S.-M., flm. að lítilli brtt. um fjárveitingu henda Þórhalli Þorgilssyni, til þess að koma út kennslubók í ítalskri tungu. Hefir þingið áður styrkt þennan efnilega málfræðing til útgáfu kennslubókar í spönsku, og er þetta sjálfsagt áframhald, þar eð hann hefir þegar tilbúna kennslubók í ítölsku. Verzlunarviðskipti okkar við Spán og Ítalíu eru svo mikilsverð, að skylt er, að við veitum upprennandi verzlunarmönnum kost á að læra þessi mál.

Þá er brtt. mín á þskj. 366 um hækkun á fjárveitingu til sundlauga. Undanfarin ár hefir þingið veitt nokkuð mikið fé til þess að koma upp sundlaugum hér á landi. En nú er þessi fjárveiting svo mjög skorin við neglur (5000 kr.), að þegar hún á að skiptast á margar sundlaugar, verður sama og ekkert handa hverri. Hefi ég því borið fram till. um að hækka tillagið upp í 15000 kr. Er rétt að geta þess, þó að allir viti það raunar, að sundlaugar eru verklegar framkvæmdir, og er mikið af því fé, sem til kostnaðar telst, borgað fyrir vinnu, en á því er sízt vanþörf nú á tímum. Vil ég svo ekki lengja þessar umr. með því að tala um till. annarra manna eða nefnda, að öðru leyti en því, að ég vil taka undir með hv. þm. N.-Ísf., í málinu um eftirlaunasjóði starfsmanna ríkisins og endurgreiðslu úr þeim, og lýsa

yfir því, að ég kann ekki við það, að n. hefir nú breytt afstöðu sinni, þeirri er hún tók við 2. umr., að því er snertir einn mann, Sig. Kristjánsson ritstjóra. Veit ég ekki, hvernig á að réttlæta það, að iðgjaldi sé haldið fyrir manni, sem ekki á kost á að njóta styrks úr sjóðnum. Sá maður, sem hér ræðir um, hefir greitt iðgjald í sjóðinn og er sjálfsagt, að honum sé endurgreitt það, eins og ástatt er, þar sem hann á ekki tilkall til styrks úr sjóðnum síðar meir.

Þá langar mig að minnast á brtt. á þskj. 376,XXIV, þar sem farið er fram á að veita Jóni Leifs allt að 10 þús. kr. lán til þess að koma tónsmíðum sínum á prent. Þykir mér vænt um þessa till. Mér er kunnugt um það mikla álit, sem þessi Íslendingur nýtur meðal Þjóðverja og hans þjóðlagatónsmíði, ekki hvað síst af því, að hann er mjög norrænn í verkum sínum. Myndi það eflaust gleðja alla Íslendinga, ef hægt væri að koma tónsmíðum hans á prent, svo að heimurinn ætti kost á að kynnast þeim. Eftir því, sem upplýsingar herma, ætti að vera óhætt að veita þetta lán, ef allt gengur að óskum um prentun og sölu.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 11. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 317, n. 348, 366, 376, 386, 396).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 396. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég er viðriðinn nokkrar tillögur til breytinga á fjárlögunum. Skal ég þá fyrst geta tillögunnar um einkennisbúning bréfbera í Reykjavík, á þskj. 366, 2. b., þar sem farið er fram á, að til þessa verði varið 1800 kr. Bréfberarnir hafa sent umleitun um þetta til stjórnarráðs, án þess að fá áheyrn. Í byrjun síðastl. árs lækkaði kaup þeirra um 45 kr. á mánuði. En við aðra starfsmenn ríkisins var kaupið ekki lækkað fyrr en 1. júlí, svo að einkennisbúningurinn verður ekki nema sem svarar því kauptapi, sem þessir menn hafa orðið fyrir. Það er mjög þægilegt og alveg sjálfsagt að hafa bréfberana í einkennisbúningi eins og t. d. hafnsögumenn og tollþjóna. Auk þess er þessi stétt mjög lágt launuð og því ekki nema sanngjarnt og réttmætt að létta undir með henni á þennan hátt.

Þá hefi ég, ásamt þm. G.-K. og þm. Dal., gerzt flutningsmaður að till. um að veita Trausta Einarssyni 1200 krónur til lokanáms. Hann hefir sent beiðni um 1500 krónur, en ég ber fram aðeins 1200 kr., sem er í samræmi við það, sem aðrir hafa fengið. Um styrkinn til Trausta er það að segja, að þetta er ekki venjulegur námsstyrkur, heldur styrkur til þess að ljúka námi. Hann er mjög illa efnum búinn, svo að hann kemst alls ekki út, ef honum verður synjað um þessa hjálp. En það væri mjög leiðinlegt að hefta hann nú, þar sem hann er þegar búin að semja prófritgerð sína. Hann hefir stundað, auk stjörnufræði, stærðfræði og eðlisfræði.

Einhver myndi kannske segja, að ekki væri þörf á stjörnufræðing hér á landi, en hann getur stundað þessa fræðigrein að námi loknu sem vísindastarf. Er hér margt órannsakað í þeim efnum, sem vert væri að meiri gaumur væri gefinn. Hann hefir ágæt meðmæli frá kennurum sínum hér við Menntaskólann, Ólafi Dan og Boga Ólafssyni. Auk þess hefir hann beztu vottorð frá Dr. Heckmann, sem er prófessor í stjörnufræði við þann háskóla í Þýzkalandi, sem Trausti hefir stundað nám við.

Vænti ég þess, að hv. þdm. vilji ekki með atkv. sínu bregða fæti fyrir þennan efnilega námsmann og má taka tillit til þess, að ekki verður farið fram á þessa styrkveitingu aftur.

Þá kem ég að till. minni á sama þskj. merkt XXVIII, sem fer fram á nýjan lið, 5000 króna styrk til Alþýðubókasafnsins í Reykjavík. Á fjárlögunum eru styrkir veittir til bókasafna í Hafnarfirði, á Ísafirði og á Akureyri. Alþýðubókasafnið hér er stofnað árið 1923, og er nú kostað til þess af bænum 30 þús. kr. Þá er ekki langt gengið, þó að farið sé fram á, að ríkið greiði til þess 5000 krónur.

Gestir á lesstofu bókasafnsins voru árið 1923 4100, en árið 1932 voru þeir 17300. Þetta sýnir hinn ákaflega mikla vöxt safsins og hve mikil nauðsyn hefir verið fyrir það. Það byrjaði með tæpum 1000

bindum, en á nú um 12 þús. bindi. Fyrst var það á Skólavörðustíg 3, en fékk 1928 betri húsakynni, og þá jukust útlán mjög mikið og notkun safnsins.

Nú er því svo farið, að kostnaður við safnið er tiltölulega meiri en áður, þar sem bækur þess slitna mjög mikið, vegna aukinnar notkunar, og kostnaður vegna bókbands eykst þar af leiðandi. Það mun því verða erfitt að halda safninu við, nema með því að fá meiri styrk til þess en verið hefir. Alþýðubókasafnið í Rvík er nú langmest notað af öllum söfnum á landinu. Og jafnvel miðað við bókasöfn erlendis, er það notað mjög mikið. Það lánar bækur til bæjarmanna og til skólafólks víða að af landinu. Þá hefir það lánað fiskiskipum smábókasöfn, og mun vera fyrsta bókasafnið, sem tekið hefir upp þann sið. Þessi bókasöfn á skipunum hafa verið mikið notuð, og orðið til þess, að sjómannastéttin hefir gefið sig meira að lestri en áður, og hafa að því leyti haft góð áhrif. Auk þess hefir það lánað bækur í fangahúsið, í fyrra 600 bindi, en síðasta ár um 1000 bindi.

Það er mjög mikið gagn að þessu safni. Og ég get ekki séð, hvernig þingið getur gengið fram hjá þessu bæjarbókasafni, þar sem það hefir styrkt önnur bókasöfn. Það vantar að vísu löggjöf um bókasöfn, og nauðsynlegt væri að setja slík lög á þessu þingi, eða næstu þingum. En ég vænti, að hv. þm. sjái nauðsyn þessa máls og samþ. brtt.

Þar sem ég er frsm. brtt. XXXIII. á sama þskj., um framlag til atvinnubóta, vil ég aðeins minnast á hana.

Ég sé ekki hvernig það er hægt, án stórkostlegrar fölsunar á fjárl., að ganga svo frá þeim, að ákveða ekki fé til atvinnubóta. Hæstv. stj. hefir að vísu lýst því yfir, að hún muni veita fé til þessa, ef mikil þörf verði á því, hvort sem hún hafi fjárveitingu til þess eða ekki. Það má gera ráð fyrir því, að ef ástandið útheimtir það, þá sé varla nokkur stjórn svo hörð, að hún neiti um slíkt framlag til atvinnubóta. En þegar útlitið er eins og það nú er, þá sé ég ekki hvernig hægt er að gera ráð fyrir, að hér verði það góðæri, að ekki þurfi að halda uppi atvinnubótavinnu, þegar nú á hávertíðinni ganga fleiri hundruð manna atvinnulausir. Það væri æskilegt, að hv. þm. vildu ganga hérna ofan að höfninni, þegar menn eru ráðnir á togara eða saltskip, til þess að sjá, hvernig menn rífast beinlínis um vinnuna. Þeim mundi þá verða það ljóst, að það er mjög fjarri því, sem hæstv. forsrh. sagði hér nýlega, að atvinnuleysið sé að hverfa í Reykjavík.

Það eru engin líkindi til þess, að á næsta ári verði svo breytt orðið högum manna, að ekki þurfi að halda uppi atvinnubótavinnu. Enda þótt landinu væri sæmilega stjórnað, sem ég vil ekki viðurkenna, að sé nú gert á neinn hátt, þá eru ekki líkindi til þess, eftir þeim fréttum, sem berast utan úr heimi, að nærri sé lausn þeirra vandamála, sem nú steðja að.

Við jafnaðarmenn höfum því lagt til, að ákveðin verði þessi stóra fjárhæð til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum. Og þótt ég viti, að margir hv. þm. muni greiða atkv. á móti till., get ég ekki skilið, hvernig þeir fá varið það, þegar þeir þó vita um þörfina, og vita, að fé verður óhjákvæmilega að greiða til atvinnubóta á sínum tíma. Það skyldi þá ekki vera bara til þess að láta fjárlögin líta betur út.

Þá hefir komið brtt. frá fjvn., sem er svipuð mörgu öðru hér á þessu þingi, um að ríkisstj. sé heimilt að draga úr öllum fjárveitingum fjárlaganna, sem ekki eru lögum bundnar, um allt að 25%, eftir því sem við verður komið, og ennfremur að fresta um ákveðinn tíma rekstri stofnana.

Ég sé ekki annað, en að þessi till. hv. fjvn. sé sú glufa á fjárl., að með henni sé verið að taka mikinn hluta fjárveitingavaldsins frá Alþingi og fá það í hendur stjórninni. Ég er algerlega á móti þessu. Hæstv. Alþ. á að ganga frá fjárl. eins og þau eiga að koma til framkvæmda. En það á ekki að láta hæstv. ríkisstj. hafa vald til þess að lækka eða hækka stórkostlega einstaka liði þeirra.

**Steingrímur Steinþórsson:** Ég á nokkrar brtt. við fjárlagafrv. nú og vil leyfa mér að fara um þær fáeinum orðum.

Við 2. umr. flutti ég brtt. um hækkun á framlagi til Hofsósvegar um 3 þús. kr. frá því, sem ákveðið var í fjárlagafrv.

stj. Ég tók þessa brtt. þá aftur ásamt mörgum fleirum hv. þdm., sem áttu hækkunartillögur til þjóðvega. Þetta gerðum við samkv. ósk frsm. fjvn., í því trausti, að fjvn. mundi leysa úr þessu máli að einhverju leyti fyrir 3. umr. En nú hefir n. ekki þótzt geta tekið tillit til þessarar hækkunartill. minnar um aukið framlag til Hofsósvegar. Verð ég að telja þetta allundarlega aðferð hjá fjvn., að ginna menn til þess að taka brtt. sínar aftur með hálfgerðum loforðum um að veita einhverja úrlausn síðar. en svo kemur algert afsvar. Ég hefi því neyðzt til að bera fram brtt. á þskj. 366, IX. lið, um framlag til Hofsósvegar, en þar fer ég fram á, að framlagið verði aðeins hækkað um 2 þús. kr., og verði þá alls 5 þús. kr. til vegarins, eða 1 þús. kr. lægra en ég bar fram við 2. umr., enda þótt þá væri farið svo vægt í kröfurnar sem frekast var unnt.

Ég lýsti því við 2. umr., hvers vegna ég færi fram á fjárveitingu þessa. Það stendur þannig af sér þarna nyrðra, að ef á að vera hægt að ljúka við vegarkafla þar, sem ófær er nú, þá þarf til þess a. m. k. 10 þús. kr. Nú eru 5 þús. kr. veittar í fjárl. þessa árs, og hreppar þeir, sem þarna eiga hlut að máli, munu leggja fé fram í bili í sumar í samráði við vegamálastjóra, ef þessi fjárveiting fæst. Ég vænti þess því fastlega, að hv. dm. líti á nauðsyn þessa máls og greiði fyrir því, að þessi litla upphæð fáist til vegarins þarna. Veit ég með vissu, að ýmsar þær till., sem hv. fjvn. hefir tekið upp nú við þessa umr. um aukin fjárframlög til vega, eiga sízt meiri rétt á sér en þessi till., sem hér er farið fram á.

Að endingu vil ég taka það fram, að þarna er um veg að ræða, sem á að tengja Siglufjörð við þjóðvegakerfi landsins, þó að það eigi reyndar nokkuð langt í land. Það er því ekki eingöngu með þessum fjárframlögum til Hofsósvegar verið að greiða fyrir samgöngum við Hofsós, heldur er það liður í því mikla en bráðnauðsynlega verki að tengja Siglufjörð við þjóðvegakerfið.

Þá á ég brtt. á þskj. 386, I. lið, um hækkun á framlagi til fjallvega úr 25 þús. kr. og upp í 35 þús. kr., og að þar af verði varið til vegagerða yfir Siglufjarðarskarð 10 þús. kr., gegn a. m. k. jöfnu tillagi annarsstaðar frá. Svo stendur á því, að ég leyfi mér að bera fram till. um fjárveitingu þessa, sem nú skal greina: Á undanförnum árum hafa verið athugaðir möguleikar til þess að leggja veg yfir fjallveg þann, er skilur Siglufjörð frá Fljótum. Fjallvegur þessi er mjög erfiður yfirferðar og vegarstæði illt. Fyrstu athuganir bentu í þá átt, að vegur milli Fljóta og Siglufjarðar yrði óhemjudýr, og mundi því lítt hugsandi til vegagerðar þar í náinni framtíð. En nú hefir að síðustu verið gerð athugun um að gera þarna slarkfæran sumarveg, sem næst því sem vegurinn liggur nú yfir skarðið. Bráðabirgðaáætlun sýnir, að það muni takast með tiltölulega litlum kostnaði að gera bílfæran veg þar. Bendir áætlunin til þess, að sá kostnaður muni ekki þurfa að vera meiri en 35 þús. kr., að gera akfæran veg yfir skarðið að Hraunum. Vegamálastjóri álítur að vísu þessa áætlun of lága. En þó að þessi upphæð tvöfaldaðist, þá er ekki um neitt stórfé að ræða, samanborið við þær áætlanir, sem gerðar hafa verið áður, því að þær hafa gert ráð fyrir, að það mundi kosta mörg hundruð þús. kr. að gera veg milli Siglufjarðar og Fljóta.

Nú leikur það ekki á tveim tungum, hve nauðsynlegt það er, jafnt fyrir Siglufjarðarkaupstað og sveitirnar, sem þarna liggja að, að greiða fyrir samgöngum með þessum vegabótum. Og ef þarna kemst á akfær vegur, verður ekki á móti því staðið, að allur vegurinn frá Sauðárkróki til Siglufjarðar verði tekinn í þjóðvegatölu, þar sem hann mundi liggja til eins af okkar stærstu kaupstöðum. Tilboð hefir nú komið frá Siglufirði um að leggja fé að hálfu á móti, ef tillag fæst frá ríkissjóði. Með tilliti til þess er það, að ég geri till. um, að aukning sú, sem ég hefi farið fram á á fjallvegafénu, verði varið til þessara vegabóta.

Vegamálastjóri hefir látið svo um mælt, að fyllri rannsókn þyrfti fram að fara um veg þennan og aðstöðu alla. Að sjálfsögðu verður látin fara fram nákvæmari rannsókn á vegarstæði þarna áður en verk er hafið. Mun vegamálastjóri ætla að láta framkvæma það nú í sumar.

Fjvn. hefir lagt til, að varið verði

nokkru fé til ræktunarvega í kauptúnum eða kaupstöðum víðar en á einum stað. Ég ætla sízt að mæla á móti því, að svo verði gert, en hitt fæ ég ekki skilið, að hún treysti sér til þess að ganga á móti þeirri fjárveitingu, sem hér er farið fram á, þar sem lofað er helmings framlagi á móti því, sem ríkissjóður veitir, og þörfin er jafnknýjandi og þar um bættar samgöngur.

Vænti ég þess fastlega, að hv. þd. samþ. brtt. mína viðvíkjandi vegabótum yfir Siglufjarðarskarð, þar sem hlutaðeigendur þar nyrðra hafa sýnt þann áhuga fyrir málinu að bjóða framlag að helmingi á móti því, er ríkissjóður leggur til.

Þá berum við þm. Skagf. fram brtt. á þskj. 376, XIV. lið, um styrk til Skógræktarfélags Skagfirðinga, að upphæð 750 kr. Félag þetta var stofnað í vetur og er því að byrja starfa sinn. Hafa margir áhugamestu og mætustu menn Skagafjarðar skipað sér í þetta félag og hafa mikinn áhuga á því að hrinda máli þessu áfram. Auk þess hefir Framfarafélag Skagfirðinga og ýms af búnaðarfélögum sýslunnar heitið hinu nýstofnaða félagi stuðningi sínum um fjárframlög og annað.

Svo er ástatt í Skagafirði, að þar er allur skógargróður nú aleyddur, nema aðeins á einum stað eru eftir minjar þeirra miklu skóga, sem til forna hafa verið í Skagafirði, sem sagan getur um og ýms örnefni sanna, að hafa verið þar. Mun mikill hluti Skagafjarðar hafa verið vaxinn skógi til forna, og er mikill hugur í Skagfirðingum nú um að bæta að einhverju leyti fyrir vanrækslu forfeðra vorra í þessu efni og gróðursetja skóga þar, sem nú er uppblásið land.

Viðvíkjandi skógræktinni hjá okkur er það að segja, að það gengur erfiðlega að koma henni á rekspöl. En ég álít, að bezta aðferðin til þess sé sú, að styrkja það, þegar einstakir menn eða viss héruð hafa svo mikinn áhuga um að hrinda máli þessu áleiðis, að þau hefjast handa af sjálfsdáðum, og hér er einmitt um slíkan áhuga að ræða. Slíka viðleitni á hið opinbera að styðja, til þess að yfirvinna þá örðugleika, sem einkum í byrjun gera vart við sig. Beiðni hefir komið frá Skógræktarfélaginu um þessa styrkveitingu, undirrituð af mörgum hinum helztu mönnum þarna norður frá, sem allir standa einhuga um þetta sameiginlega áhugamál. Álít ég heillavænlegt að styrkja slíkt, og vænti þess, að hv. þm. sjái sér fært að samþykkja, að þessi litli styrkur verði veittur til þessa þarfa fyrirtækis.

Loks á ég svo brtt. á þskj. 366,XLVII, um að greiða Jósef J. Björnssyni, fyrrv. alþm. og kennara á Hólum, full laun, þegar hann lætur af kennslustarfi. Hann er nú orðinn nær hálfáttræður og hefir í full 50 ár starfað við þessa sömu stofnun, allt frá því árið 1882, að bændaskólinn á Hólum var stofnaður og Jósef J. Björnsson hóf starf sitt þar. Laun hans hafa alltaf verið mjög lág, munu nú vera 2600 kr.

Það er ekkert einsdæmi þetta, að veita manni full laun eftir að hann lætur af starfi, þegar sérstaklega stendur á. Og ég álít, að hér sé um einstakt tilfelli að ræða, þar sem maður hefir starfað við sömu stofnun í 50 ár og lagt fram til þess alla starfskrafta sína. En nú eru þeir nokkuð þrotnir, og eru því ekki líkur til þess, að hann geti haldið starfi þessu áfram lengi.

Ég tel það sjálfsagt, að hv. þdm. sjái réttmæti þessarar till. minnar, og sýni þessum mæta manni þá viðurkenningu fyrir vel unnið starf í þágu þjóðfélagsins, að veita honum full laun þau ár, sem hann á eftir ólifuð, og samþ. till. þessa.

Ég skal ekki gera hinar ýmsu brtt. hv. þm. eða hv. fjvn. að umtalsefni, nema þá brtt. hv. fjvn., sem fjallar um endurgreiðslu úr lífeyrissjóði. Mér virðist gæta allmikils ósamræmis í till. hv. fjvn. um það atriði. Hún leggur til, að felld verði niður till., sem samþ. var hér í þessari hv. d. við 2. umr. málsins, um að endurgreiða einum fyrrv. starfsmanni ríkisins það, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð meðan hann var í þjónustu ríkisins. En svo fer hún fram á að greiða eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans vegna Jóns Halldórssonar fyrrv. ríkisféhirðis úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn meðan hann starfaði í þjónustu ríkisins. Annaðhvort eiga báðir þessir menn að fá þessar endurgreiðslur úr lífeyrissjóði eða hvorugur. Ég tel rétt, að þeim sé báðum endurgreitt þetta, enda styðst það við þá reglu, sem tekin hefir verið upp áður af

Alþingi. Ég álít, að hér sé um sanngirniskröfu að ræða, að menn fái endurgreitt vaxtalaust það fé, sem þeir hafa greitt í sjóðinn, því að hér er ekki um annað að ræða en hluta af launum þeirra, sem haldið er eftir sem tillagi í lífeyrissjóð. Auðvitað er öðru máli að gegna, ef menn eru reknir frá starfi vegna einhverrar vanrækslu; þá virðist ekki rétt, að endurgreiðsla eigi sér stað. Hv. frsm. fjvn. sagði, að ástæður lífeyrissjóðs væru góðar, og finnst mér það einnig mæla með því að greiða það, sem hér um ræðir, til baka úr sjóðnum.

Þótt komið geti til mála, að reglugerð sjóðsins verði breytt í einhverju, eins og hv. frsm. talaði um, geta þó ekki þessir menn, sem hér um ræðir, fengið rétt til eftirlauna með þeirri breytingu, fyrir þann tíma, sem þeir hafa lagt fé í sjóðinn.

**Lárus Helgason:** Fyrst vildi ég minnast á brtt. á þskj. 366,XVIII., frá samgmn. N. leggur til, að til Öræfinga gangi 600 kr. af því fé, sem bátnum Skaftfellingi er ætlað í fjárlfrv. Ég vildi nú spyrja hv. frsm. samgmn., hvort það sé meiningin, að Öræfingar eigi ekki að hafa afnot bátsins framvegis, sem sagt hvort alveg eigi að sleppa þeim í því sambandi. Ég get varla skilið, að það sé meiningin. Þó að víða sé erfitt fyrir þann bát að halda uppi samgöngum, þá er það þó hvergi eins erfitt og við Öræfi. Hingað til hefir allt verið gert, sem unnt hefir verið, til þess að hjálpa Öræfingum með bátsferðum þessum, og af því hefir báturinn ekki haft annað en fjárhagslegt tap. Nú eru liðin 4 ár síðan byrjað var að slátra fé í Öræfum til burtflutnings. Í 3 skipti hefir verið reynt að flytja kjötið frá þeim að haustinu. Í tveimur tilfellunum hefir það heppnazt, en í eitt skiptið misheppnaðist það. Og ekki nóg með það. Að vorinu hefir svo verið reynt að ná þessu kjöti frá þeim, þessum 100 tunnum — en báturinn tekur 300—400 tunnur — og orðið hefir að gera margítrekaðar tilraunir til þess, áður en tekizt hefir.

Skal ég hiklaust mæla með því, að Öræfingum verði greitt, ekki aðeins 600 kr., heldur að mun meira. Því að það væri stórhagur fyrir bátinn að þurfa ekki að gera sér neitt ómak vegna þessarar afskekktu sveitar.

Ég legg til, að hv. dm. felli þessa till., því hún er með öllu óréttmæt og þessari sveit til tjóns. Ef losa ætti bátinn við að hjálpa Öræfingum eins og hann hefir gert, nægði ekki minna en fleiri þús. kr. Þess skal getið, að Öræfingum hefir verið ívilnað með fragt á vörunum, t. d. síðastl. vor, með tilliti til hins afarmikla verðtolls, sem orðinn var á afurðunum, sem varð enn tilfinnanlegra fyrir það, að afurðirnar frá haustinu 1931 náðust ekki úr Öræfum fyrr en vorið 1932, og náði Skaftfellingur þeim þá með ærnum kostnaði og þrautseigju skipshafnarinnar. Af framansögðu verð ég að mótmæla þessari aths. hv. samgmn., því að hún er sýnilega byggð á misskilningi og ókunnugleika. Síðari hluti aths. er og með öllu þýðingarlaus, því að Skaftfellingur hefir ávallt komið að Rangársandi, þegar þess hefir verið þörf og ástæður hafa leyft. Ég tel því réttast, að hv. n. tæki þessa aths. sína til baka, eftir að hafa fengið þessar upplýsingar í málinu. Geri n. það ekki, vænti ég, að hv. d. felli aths. þessa nú þegar.

Þá á ég brtt. á þskj. 376, rómv. IX, um að Jóni Gíslasyni verði veittar 1500 kr. til lokanáms í málfræði í Þýzkalandi. Ég skal þegar láta þess getið, að ég hefi aldrei mann þennan séð. En menn, velviljaðir honum, hafa beðið mig um að koma málaleitun þessari á framfæri hér á Alþingi. Ég þekki því ekki af eigin kunnugleik ástæður þessa manns, en þeir, sem þekkja hann, fullyrða, að þær séu mjög erfiðar.

Piltur þessi lauk stúdentsprófi við hinn almenna menntaskóla hér í Reykjavík vorið 1929 með hárri 1. einkunn. Í júlímánuði sama ár veitti menntamálaráðið honum styrk til þess að fara utan til að leggja stund á latínu og grísku sem aðalnámsgreinar, og frönsku sem aukanámsgrein. Hann byrjaði þegar um haustið á námi sínu við háskólann í Berlín, eftir að hafa lokið þeim undirbúningsprófum, sem hann þurfti að leysa af hendi til þess að komast inn í háskólann. Fyrstu árin las hann við háskólann í Berlín, en síðan við háskólann í Münster í Westfalen. Allan þennan tíma mun hann hafa lagt hart að sér við námið og verið

hinn reglusamasti í hvívetna, sem m. a. má marka af því, að menntam.ráðið hefir þegar veitt honum styrk í 4 ár. Að sjálfsögðu hefir þessi styrkur verið honum mikil hjálp, en þar sem hann fæst ekki lengur en í 4 ár, en námið tekur piltinn óumflýjanlega 5 ár, verður hann því í hreinustu vandræðum að komast af þetta síðasta ár, fái hann ekki styrk einhversstaðar frá, og þess vegna hefi ég léð máls á því, að bera pilt þennan fram við þingið. Mér fellur það illa, að það skuli almennt vera kallað bitlingar, þó farið sé fram á, að fátækir og efnilegir námsmenn séu styrktir til náms. Ég tel það enga bitlinga, þó að ríkið hlaupi undir bagga með slíkum mönnum. Þvert á móti tel ég því fé yfirleitt vel varið, sem gengur til þess að styrkja fátæka námsmenn, sem oft eru nær þrotnir að heilsu og kröftum vegna erfiðleikanna við að brjótast áfram í fátækt sinni. Mér finnst líka, að þjóðin megi ekki við því að fara svo með börn sín, að hætta geti verið á, að þau líði skort og um leið hnekki vegna fátæktar.

Ég get nú alls ekki mælt betur með styrkbeiðni þessari en með því að lesa upp meðmæli þau, sem send hafa verið til þingsins frá kennurum þessa manns. Bréf frá Þorleifi H. Bjarnason yfirkennara hljóðar svo: „.... Stud. philol. Jón Gíslason er útskrifaður úr menntaskólanum í Reykjavík 1929 með loflegum vitnisburði. Hann hefir þegar um nokkur ár lagt stund á gömlu málin, latínu og grísku, og auk þeirra frakknesku, fyrst í Berlín, síðan tvo vetur í Münster í Westfalen. Mér er kunnugt um, að hann hefir sótt námið svo fast, að hann hefir tvisvar að læknisráði orðið að taka sér nokkurra vikna hvíld sakir ofþreytu. Þetta er skiljanlegt, er þess er gætt, að hann hefir aðeins numið latínu hér í menntaskólanum í þrjá vetur, en flestir ef ekki allir námsfélagar hans syðra hafa hinsvegar lesið hana í lærðum skólum í Þýzkalandi í 6—8 ár. Þeir hafa lesið grísku í 5—6 ár, en hann mun fyrst hafa lært gríska stafrofið er hann kom þangað suður. Loks munu flestir námsfélagar hans hafa lesið frakknesku í 4 ef ekki 5 ár, en hann hefir aðeins lesið hana hér heima í 2 ár. Þegar þessa er gætt og að hann verður að stunda nám þetta á tungu, sem ekki er móðurmál hans, geta menn farið nærri um, að eftirreiðin er örðug og lítil von um, að hann geti lokið prófi þessu fyrr en 1935.

Jón Gíslason er einkar ástundunarsamur og samvizkusamur ungur maður, gæddur góðum gáfum og reglusamur með afbrigðum. Hann er gott efni í kennara og gat sér gott orð hjá fólki hér í bæ, sem að ráði mínu lét hann veita tilsögn börnum sínum meðan hann var í skóla.

Ég vona, að hið háa Alþingi sjái sér fært að veita honum hinn umbeðna styrk og minnist þess, að í okkar fámenni eru þeir ekki á hverju strái, er geta kennt 4 erlendar tungur. Á hinn bóginn er hætt við, að styrk þeim, er hann hefir notið til þessa, yrði á glæ kastað, ef hann þyrfti nú vegna fjárskorts að hætta námi sínu í miðju kafi".

Tvö bréf frá kennurum hans í Þýzkalandi hafa mér líka borizt. Þau hljóða þannig í íslenzkri þýðingu:

„Münster í Westfalen, 10. jan. 1933.

Ég hefi kynnzt herra stud. phil. Jóni Gíslasyni meðan hann hefir dvalið við háskólann í Münster (veturinn 1931—32), bæði í gegnum kennsluæfingar hans og af persónulegu viðtali og umgengni við hann.

Hingað til hefir herra Jón Gíslason stundað háskólanám sitt með óþreytandi elju og sýnt mikinn vísindalegan áhuga. Honum hefir sýnilega farið mikið fram með ári hverju, og ég efast ekki um, að hann geti lokið námi sínu með góðum árangri og tekið embættispróf.

Líklega nægir ekki fjögurra ára nám til þess. Fjögurra ára nám er lágmarksnámstíminn, sem heimtaður er til embættisprófs, og vel gefnir þýzkir stúdentar hafa oft komizt í gegnum prófið eftir þann námstíma. En fyrir útlendinga — og einnig herra Jón Gíslason — álít ég, að undir venjulegum kringumstæðum sé fimm ára nám nauðsynlegt. Ég vil því mjög ákveðið mæla með því, að Jón Gíslason geti notið námsstyrks síns þangað til um páskaleytið 1935. Það væri mjög æskilegt, bæði vegna hans sjálfs og til þess að nám hans geti komið að fullu gagni.

Beckmann, dr., prófessor".

„Ég vil mjög eindregið mæla með því, að herra Jón Gíslason geti notið náms-

styrks síns áfram. Liggja þær ástæður til þess, að fyrir útlending, sem hefir ekki átt kost á því (á Íslandi) að njóta fullkominnar undirstöðumenntunar undir háskólanám í klassiskum málum, er það óhjákvæmilegt, að námið taki lengri tíma en fyrir þýzka stúdenta.

Ég hefi kynnzt Jóni Gíslasyni sem mjög iðnum og áhugasömum ungum manni, bæði í gegnum nám hans og líka sem gesti á heimili mínu. Hann sýnir í náminu vakandi, vísindalegan áhuga, enda fer honum fram með ári hverju, og það er auðséð, að hann er þegar orðinn mjög vel að sér í aðalfögunum, báðum klassisku málunum, og auk þess frönsku. Ég get sem sagt með góðri samvizku mælt með því, að hann fái að njóta styrksins áfram, bæði vegna þess, hve vel hann er orðinn að sér, og einnig vegna persónulegrar samúðar með honum.

Hermann Schöne, dr. phil., dr. med."

Þessi meðmæli, sem ég nú hefi lesið, virðast benda mjög ótvírætt til þess, að hér sé um mjög efnilegan mann að ræða, mann, sem gæti orðið að miklu gagni fyrir þjóð sína, ef hann fær tækifæri til þess að ljúka þessu erfiða námi sínu. Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá hefi ég ekki séð mann þennan, en flutt till. fyrir kunnuga menn, velviljaða honum. Ég vænti nú, að hv. deild sjái sér fært að verða við þessari beiðni, enda þótt þröngt sé í búi. Það munar ríkissjóð ekki svo miklu.

Þá á ég brtt. á þskj. 366, rómv. 27, um 1500 kr. til þess að ljúka við fyrirhleðslu Skálmar í Álftaveri. Þetta er ekki nýr gestur hér í d., því að ég flutti brtt. þessa við 2. umr. fjárl. um daginn, en tók hana þá aftur fyrir tilmæli hv. þm. Str., sem er forseti Búnaðarfélags Íslands. Hann bjóst nefnilega við því, að Búnaðarfél. gæti jafnvel komið verki þessu í gegn, en nú reynist svo, að það getur það aðeins að litlu leyti, ¼ hluta. Ég hefi því breytt upphæðinni úr 2000 kr. niður í 1500 kr. Er hún þannig 500 kr. lægri en upphæð sú, sem ég fór fram á að fá við 2. umr. Ég skal ekki fara mörgum orðum um till. þessa nú, því að ég mælti með henni við síðustu umr. og dró þá fram þær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir beiðninni. Hér er um það að ræða, að ljúka verki, sem hið opinbera hefir tvisvar sinnum veitt fé til áður. En það er að fullgera varnargarð til þess að varna jökulánni Skálm að fara yfir engjar Álftveringa. Það er þegar búið að vinna töluvert að þessu verki, en ennþá vantar nokkuð á, að það komi að fullu gagni. Þarf því óumflýjanlega að halda því áfram og fullgera það, og hefir sá kostnaður verið áætlaður 3 þús. króna. Þar af leggja héraðsbúar fram ⅓ hluta, eða 1000 kr., Búnaðarfélagið sennilega ⅙ eða 500 kr. Er því farið fram á að fá úr ríkissjóði helming, eða 1500 kr. Hér er um að ræða sveit, sem nær öllum sveitum frekar hefir átt við erfiðleika að stríða, bæði undanfarin ár og endur fyrir löngu. Árið 1918 kom Katla flóandi og fór yfir lönd manna í sveit þessari. Býlin stóðu upp úr flóðinu, eins og „klettur úr hafinu". Fénaður bænda féll þá allmjög, og varð tjónið þeim ennþá tilfinnanlegra sakir þess, að gífurleg verðhækkun varð þá á öllum sauðfjárafurðum rétt á eftir, sem þeir lentu í, er þeir keyptu bústofn sinn aftur.

Þá má og geta þess, að um þetta svæði liggur enginn þjóðvegur, heldur eru allir vegir þar sýsluvegir. Getur því ekki orðið um það að ræða, að þessir menn fái atvinnubótavinnu gegnum fjárveitingar til þjóðvega, eins og til er ætlazt, að ýms héruð fái. Væri því vel til fallið að veita þeim þennan litla styrk. Hann myndi koma að tvöföldu gagni fyrir sveitina, fyrst og fremst með því að gera hana betri og byggilegri, og í öðru lagi fengju hinir fátæku bændur þar tækifæri til þess að vinna sér inn nokkra aura. Ég vænti því, að hv. dm. samþykki fjárveitingu þessa. Þeir þurfa ekki að iðrast þess.

Þá á ég tvær brtt. á þskj. 396. Önnur er við 13. gr. og fer fram á 5000 kr. tillag til Síðuvegar. Hv. fjvn. hefir lagt til, að í fjárl. fyrir árið 1934 verði veittar til þessa vegar 3000 kr., en það er allt of lítið. Það, sem ég fer fram á, er það allra minnsta, sem komið getur til greina, þar sem þarna er um mjög langan veg að ræða, a. m. k. 15 km., og sumstaðar frekar vondan. Ég sé, að hv. fjvn. hefir getað fallizt á að hækka dálítið samskonar upphæðir sem þessa í öðrum héruðum, sem þó á engan hátt hafa meiri rétt á sér til þess að hækka en þessi. Að þessu athuguðu vænti

ég, að hv. n. geti fallizt á till. mína og viðurkennt, að hér sé ekki um miklar kröfur að ræða, þar sem aðeins er farið fram á þessa einu upphæð til þjóðvega í Vestur-Skaftafellssýslu, enda þótt um 130—140 km. vegi sé að ræða. Hér er aðeins verið að hugsa um versta kaflann á þessum langa og torfarna vegi.

Þá á ég aðra brtt. á þskj. 396, ásamt tveimur öðrum hv. þdm. Er hún um það, að auka eftirlaun Helgu Finnsdóttur, ekkju Guðm. sál. Bárðarsonar, úr 600 kr. upp í 1200 kr. Okkur flm. brtt. þessarar hefir verið tjáð það af kunnugum mönnum, að mjög væri illa ástatt fyrir konu þessari hvað fjárhag snertir. Hún er talin kona bláfátæk og heilsulaus, og er því sýnilegt, að enda þótt 600 kr. eftirlaun á ári sé betra en ekki neitt fyrir hana, þá muni þó svo lág upphæð hrökkva skammt til þess að halda uppi heimili. Guðm. heitinn Bárðarson var þjóðkunnur maður, og báru allir, sem kynntust honum, hlýjan hug til hans. Býst ég því við, að þeir verði fáir, sem telja það eftir, þó að konu hans verði veittar 1200 kr. á ári í eftirlaun. Það eru ekki talin mikil laun hér í Reykjavík, þó að menn hafi 4—6 þús. kr. á ári. En hvað er það þá fyrir heimili eins og hér er um að ræða, sem svipt er fyrirvinnunni, að hafa á ári upphæð, sem svarar til aðeins eins mánaðar launa. Þetta vænti ég, að hv. flm. athugi, jafnframt því sem þeir meti starf hins þekkta vísindamanns, og samþykki till. okkar.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar.

**Jónas Þorbergsson:** Ég á við þessa umr. flokk af brtt. á þskj. 366 og 376. Ég vona, að þessum till. verði vel tekið, m. a. vegna þess, að ég við síðustu umr. átti aðeins eina litla till. Skal ég nú víkja að þessum till. nokkrum orðum.

Fyrsta till. er við 12. gr., á þskj. 376, þess efnis að hækka liðinn ýms gjöld til landsspítalans um 3500 kr., með því skilyrði, að jafnhárri upphæð verði varið til þess að setja útvarpsleiðslur um spítalann og heyrnartól við rúm sjúklinganna.

Upphaf þessa máls er það, eins og kunnugt er og rætt hefir verið um hér í hv. d., að strax á árinu 1930 voru gerðar ráðstafanir til þess að leggja leiðslur um heilsuhæli landsins og setja heyrnartól við rúm sjúklinga á hælunum og nokkrum öðrum sjúkrahúsum landsins. Það fer ekki á milli mála, að þetta er stór umbót á sjúkrahúsunum og þakksamleg. Samskonar ráðstafanir voru ekki gerðar um landsspítalann vegna þess að landsspítalinn var þá ekki tekinn til starfa. En nú hefir útvarpinu borizt bænarskrá undirskrifuð af öllum sjúklingum á landsspítalanum þess efnis, að sjúklingarnir mættu njóta í þessu efni sömu hlunninda og sjúklingar heilsuhælanna. Þessa bænarskrá hefir útvarpið sent heilbrigðisráðuneytinu og fengið það munnlega svar, að ráðuneytið treysti sér ekki til að verða við þessari ósk, nema með heimild frá Alþingi og sérstakri fjárveitingu, en þar sem ráðuneytið hefir ekki séð sér fært að taka slíka fjárveitingu upp í fjárlög, þá sá ég mig neyddan til þess að bera fram þessa brtt., og veit ég, að heilbrigðismálaráðh. er henni samþykkur. Ef till. mætir mótspyrnu, geri ég ráð fyrir, að óskað verði nafnakalls um hana, svo það komi í ljós, hverjir treysta sér til þess að ganga á móti þessari sanngjörnu ósk sjúklinganna.

Þá á ég á sama þskj. till. um að hækka um 1000 kr. framlag ríkissjóðs til læknisbústaða og sjúkraskýla, sbr. 12. gr., og komi þessi hækkun til sjúkraskýlisins í Búðardal. Það stendur svo á í Búðardal, að þar eins og víðar hefir verið reist sjúkraskýli nú fyrir skömmu. Á þessum stað var meiri þörf á slíku skýli en víða annarsstaðar, vegna hinna erfiðu samgangna við Breiðafjörðinn, bæði á landi og sjó. Það skal játað að vísu, að nú á síðustu árum hafa samgöngur á landi nokkuð batnað, og hefir Dalasýsla fengið samband við aðalvegi landsins, þó enn skorti allmikið til, að þær samgöngur séu komnar í æskilegt horf. En hvað viðkemur samgöngunum á sjónum, þá munu þær óvíða erfiðari hér við land, nema ef vera kynni sumstaðar á Suðurlandi.

Þegar ákveðið var að byggja þetta sjúkraskýli, þá var þessum málum svo háttað, að ákveðið var af Alþingi að styrkja slíkar byggingar eftir ákveðnum hlutföllum móti framlögum héraðanna, og skal ég geta þess, að fjárveitingarvald-

inu fórst drengilega í þessu tilfelli, þó hér yrði um nokkuð meiri kostnað að ræða heldur en áætlað hafði verið, og nú skortir enn um 3000 kr. styrk frá ríkinu til þess að styrkurinn verði að vöxtum eftir því hlutfalli, sem upphaflega var gert ráð fyrir. Það má nærri geta, að héraðið er í vanda statt í þessu máli. Það hefir lítil peningaráð, eins og héruð yfirleitt, og þegar þessar framkvæmdir eru gerðar í því trausti, að til þeirra fáist ákveðinn styrkur, og þegar svo styrkurinn bregzt að meira eða minna leyti, þá berast héraðsbúum að höndum svo sérstök vandræði, að þeir fá ekki undir þeim risið hjálparlaust. Hefir því verið alvarlega skorað á mig að fá því til vegar komið, að Alþingi tæki þátt í byrði þessari, og því hefi ég leyft mér að flytja till. um 1000 kr. til sjúkraskýlisins í Búðardal, og vil ég vona, að hv. þdm. taki þeirri till. með sanngirni.

Þá á ég brtt. við 14. gr. á þskj. 366, þar sem farið er fram á, að Kvennabrekkusöfnuði í Dalasýslu séu veittar 3000 kr. í eitt skipti fyrir öll vegna sérstakra fjárhagsvandræða, sem söfnuðurinn er í vegna kirkjubyggingar. Till. sama efnis og þessi lá fyrir hv. Alþingi í fyrra og fékk þá að vísu allgóðar undirtektir, þótt hún næði ekki samþykki. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. hafi þá ekki áttað sig á því til fulls, að hér er um að ræða mikla nauðsyn og að þetta mál er alveg sérstaks eðlis. Þess vegna vil ég nú leyfa mér að fara um það nokkrum orðum. Nú liggur fyrir beiðni um þennan styrk frá einum af sóknarnefndarmönnum Kvennabrekkusafnaðar, þar sem nokkuð er skýrt frá því, hvernig háttað er um þetta mál, og sömuleiðis beiðni sú í fyrra, er til þingsins var send, undirskrifuð af flestöllum sóknarbörnum safnaðarins. Málinu er þannig háttað, að á árunum 1925—1927 var byggð ný kirkja og flutt frá Sauðafelli að Kvennabrekku. Um þennan flutning kirkjunnar varð allmikill ágreiningur innan safnaðarins, sem hafði þær afleiðingar, að allmörg af sóknarbörnunum sögðu sig úr þjóðkirkjunni og hættu þar af leiðandi að greiða til hennar lögboðin gjöld. Að vísu hafa allmargir af þeim, sem gengu úr þjóðkirkjunni, horfið til hennar aftur, en með því skilorði, að þeir verði ekki látnir greiða til kirkjunnar hærri gjöld en lögskipað er. Þetta hefir haft þær afleiðingar, að sá fjárhagslegi þungi, sem leiddi af kirkjubyggingunni, hefir lagzt á tiltölulega fáa menn í söfnuðinum og er þeim algerlega ofurefli. Það er svo ráð fyrir gert í lögum landsins, að söfnuðurinn skuli eiga og halda uppi kirkjum sínum. Hinsvegar eru lög um það, að mönnum er frjálst að ganga úr þjóðkirkjunni, ef þeir greiða gjöld til háskólans, tilsvarandi kirkjugjöldunum. Það segir sig sjálft, að með því fyrirkomulagi getur mjög óeðlilegur þungi komið á fáa menn. Að vísu var það fyrir sérstök atvik eða slys, að svo fór í Kvennabrekkusöfnuði, en þegar svo ber að, þá segir það sig sjálft, að hér er um tilfelli að ræða, sem ekki er fullkomlega séð við af löggjafarvaldinu og fjárveitingarvaldinu, og er því algerlega óafsakanlegt af Alþingi að láta það afskiptalaust, að nokkur hluti safnaðar sé látinn bera uppi þann þunga, sem allur söfnuðurinn ætti að bera. Nú er mér tjáð það, að ef styrkur þessi fengist, þá mundi ágreiningurinn leiðréttast og nær allir meðlimir safnaðarins mundu sameinaðir bera þann kostnað, sem þá er eftir. Þess vegna vil ég mjög eindregið mæla með því, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. þessa fjárveitingu.

Þá á ég brtt. á þskj. 366, XXXI, um að veita Sambandi ísl. karlakóra 3500 kr., eða til vara 3000 kr. styrk. Ég er að vísu ekki fyrsti flm. þessarar till., heldur meðflm. þeirra hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf., en mig langar þó til að mæla með þessari till. Ástæðan til þess, að farið er fram á þessa fjárveitingu, er sú, eins og hv. meðflm. mínum er kunnugt, að þessir söngkórar eiga við mikil fjárhagsvandræði að búa og eiga því erfitt að halda uppi starfsemi sinni, sem krefst meiri alúðar og þrautseigju, en margir ætla. Sem dæmi má nefna það, að til þess að halda einn samsöng þarf kórinn að æfa verkefnin hálfan eða heilan vetur áður. Það vill fara svo, að samsöngvar þessara kóra eru ekki eins vel sóttir og skyldi, og stafar það af því, að því er virðist, að tíðarandinn sækist meira eftir danslögum og léttri tónlist heldur en hinni háu list, er söngkórar halda uppi. Fyrir Alþingishá-

tíðina 1930 bjuggu þessir kórar sig undir það að syngja á hátíðinni í þjónustu þess opinbera. Við þann undirbúning höfðu kórarnir Sigurð Birkis, sem talinn er færastur söngkennari hér á landi, sér til aðstoðar, og greiddu þessir kórar honum laun af sinni fátækt, en eftir hátíðina sáu kórarnir sér ekki fært að kosta þennan söngkennara áfram, og varð hann því að leita sér annarar atvinnu. Nú fer Samband ísl. karlakóra fram á það, að geta aftur ráðið þennan eða annan mann í þjónustu sína, til þess að þjálfa raddir manna og leiðbeina í þessari list. Annars skal ég ekki fjölyrða meir um þessa till., þar sem hv. 3. þm. Reykv. hefir þegar talað svo vel fyrir henni, og treysti ég hv. þd. til þess að veita þennan stuðning.

Þá á ég á sama þskj. XXXII. brtt. ásamt hv. þm. S.-Þ., um að veita Baldvin Jónatanssyni alþýðuskáldi 400 kr., eða til vara 300 kr., til ritstarfa. Mér finnst ástæða til að benda á það, að þetta er eina till., sem hv. þm. S.-Þ. gerist flm. að við afgreiðslu fjárl., því hann er, eins og kunnugt er, form. fjvn. og mikill sparnaðarmaður. (TrÞ: Á hann sjálfur að fá styrkinn?). Ég er að segja, að hann sé form. fjvn. og sparnaðarmaður, og megi því álíta, að eina brtt., sem hann flytur, sé ekki tómur hégómi, enda tel ég víst, að hún verði samþ. (ÓTh: Hún verður felld). Ég vil þó fara um hana örfáum orðum, henni til stuðnings. Þessi maður, Baldvin Jónatansson, er alþýðuskáld norður í Þingeyjarsýslu. Það hefir ekki farið hátt um hann fremur en marga aðra hans líka. Hann er þó gæddur merkilegum gáfum. Hann er svo mikill hagyrðingur, að hann mælir stef af munni fram jafnhratt og hann talar. Hann hefir nú um nokkurt skeið safnað þjóðsögnum og sögum og stílfært þær. Hafa þessar sagnir birzt í þjóðsögusafni, sem gefið hefir verið út á Akureyri og heitir Gríma, og ef hv. þm. hafa lesið það, sem þessi maður á í því safni, þá munu þeir hafa tekið eftir því, að það er allt stílfært með sérstökum hætti. Því er svo háttað um íslenzka tungu, að hún fellur oft hreinust og snjöllust af vörum alþýðumanna þeirra, sem ekki hafa í skóla gengið, en hafa numið klið af vörum þjóðarinnar og kynnzt málfari hennar og sögnum í skóla reynslunnar einum saman. En svo er því farið með þennan mann. Hann hefir gert sér mikið far um að grafa upp gamlar sagnir og stílfæra þær og færa í sérstakan búning. Tel ég hann hiklaust einn af þeim beztu í þeirri list. Vona ég því að hv. d. telji ekki eftir að veita þessa litlu upphæð.

Þá á ég á sama þskj. XLIII. till., um að veita Önnu H. Eiríksdóttur ljósmóður 300 kr. eftirlaun. Undir sama tölulið er einnig till. um, að orðið „ljósmóður" komi á eftir orðunum „Sigríðar Narfadóttur" í 18. gr. II. i. 26; en það er aðeins leiðrétting, því að þetta orð virðist hafa fallið í prentun niður úr fjárlagafrv., og þarf ekki um það að deila. Hin till., eftirlaun til Önnu H. Eiríksdóttur, var hér fyrir þinginu í fyrra, en fékk þá ekki samþykki. Ég hefi ekki getað fengið meðnm. mína til þess að taka hana upp í till. n. Að vísu hafa þeir engin rök fært fyrir þeirri skoðun, að þessa till. beri ekki að taka upp í fjárlögin. Eins og kunnugt er, eru smástyrkir, 200—300 kr., teknir inn í 18. gr. til margra ljósmæðra. Þetta hefir orðið venja, og virðast engin rök fyrir því, að þingið geti séð fært að kippa að sér hendinni allt í einu, með því að skera fyrir þennan litla styrk, sem uppgjafaljósmæðrum hefir verið veittur. Og eins og berlega var upplýst í fyrra, hefir þessi ljósmóðir samskonar rétt og aðrar ljósmæður í þessu tilfelli. Þessi kona hefir nú verið ljósmóðir yfir 30 ár, er bláfátæk og hefir unnið merkilegt starf. Og þegar nálega hver einasta prestsekkja á landinu er tekin með styrk inn í 18. gr., virðist einkennilegt að neita aftur á móti uppgjafaljósmæðrum um styrk. Það virðist svo, sem prestsekkjurnar hafi öflugan talsmann, þar sem biskupinn er. Þó hann séu að vísu hófsamur í kröfum sínum, þá eru þó flestar eða allar till. hans teknar til greina. Ljósmæðurnar eiga aftur á móti engan slíkan talsmann. En þar sem nú vill svo vel til, að á Alþ. situr sjálfur landlæknirinn, ætti hann að vera sjálfkjörinn talsmaður ljósmæðranna, eins og biskup prestsekknanna. Ég vænti þess, að hann styðji því þessa till. mína. En ef Alþ. ætlar nú að fara að taka fyrir styrk til ljósmæðra, þá verður að fara einhverjar aðrar leiðir til þess að bæta úr því ranglæti, sem af því myndi leiða.

Þá vil ég ekki láta hjá líða að mæla með brtt., sem 3 hv. þm. flytja á þskj. 396 og fer fram á að hækka styrk til Helgu Finnsdóttur, sem fjvn. leggur til, að verði 600 kr., upp í 1200 kr. Ég vil skora fastlega á hv. dm. að samþ. þessa till. Guðm. heitinn Bárðarson var einn af merkilegustu vísindamönnum okkar, og var hann búinn að fórna miklu fyrir vísindi sín og bjó alltaf við mikla fátækt. Ekkja hans og börn eru því nauðulega stödd nú við fráfall hans. Sonur Guðm. Bárðarsonar er nú við nám í Þýzkalandi og á mjög örðugt fjárhagslega. Guðm. Bárðarson stundaði lengi kennslu ásamt sjálfstæðum vísindastörfum, en öðlaðist þó aldrei rétt til eftirlauna, og stendur ekkja hans því nú uppi fjárþrota. En ég tel starf Guðm. Bárðarsonar svo merkilegt fyrir þjóð okkar, að full ástæða væri til þess, að Alþ. veitti ekkju hans þennan styrk, sem hér er farið fram á.

Þá kem ég að síðustu till., sem ég þarf að mæla fyrir, og er það 48. brtt. á þskj. 366. Þar er farið fram á, að varið skuli allt að 25 þús. kr. af verzlunarágóða Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða fyrir útvarpsnotum þar, sem ekki er raforka fyrir hendi, eftir reglum, settum af atvmrn. Flestir hv. dm. munu vita, að til er tvennskonar viðtækjagerð. Það eru í fyrsta lagi þau tæki, sem nota straum beint frá rafveitu, eins og er í Reykjavík og öðrum þeim bæjum, sem rafveitu hafa. Hin tegundin af viðtækjum tekur rafmagn frá rafgeymum og rafhlöðum. Rekstrarkostnaður þessara tækja er miklu meiri en þeirra fyrrnefndu. Og það er ekki eingöngu kostnaðarhliðin, sem hér kemur til greina, heldur er það alltaf ýmsum örðugleikum bundið að nota rafgeyma og rafhlöður. Þegar rafhlöðurnar tæmast, verður það víðasthvar svo, að talsvert hlé verður á því, að notendur geti tekið á móti útvarpi, meðan verið er að útvega nýja rafhlöðu. Rafgeymana verður stöðugt að hlaða. Um þá tegund rafgeyma, sem algengast mun vera að nota við móttökutæki, er það svo, að þá verður að hlaða einu sinni í mánuði. Þessir rafgeymar eru glerhylki, fyllt af sýru og málmi, og ómeðfærilegir í mesta lagi. Þegar því þarf að flytja þá langan veg, vill oft fara svo, að þeir brotni eða sýran hellist niður. Og víða háttar svo til, að mjög örðugt er að ná til rafstöðvar, þar sem hægt er að fá þá hlaðna. Útvarpinu berst fjöldi umkvartana um þetta og beiðnir um það, að komið sé upp hleðslustöðvum sem víðast. Hér er farið fram á, að ríkisstj. fái heimild til þess að verja nokkru af verzlunarágóða Viðtækjaverzlunarinnar til hjálpar í þessu efni. Viðtækjaverzlunin var upphaflega stofnuð í þeim tilgangi að greiða fyrir útvarpsnotum. Sá tilgangur hefir náðst. Síðustu tvö árin hafa aukizt svo mikið útvarpsnot hér á landi, að við erum að komast í fremstu röð í Evrópu um hlutfallslega tölu útvarpsnotenda. Og það er mín skoðun, að ráðstafanir stj. með Viðtækjaverzlunina hafi átt drjúgan þátt í þessum miklu framförum. Og ég hefi alltaf litið svo á, að það væri óverjandi að láta útvarpsnotendur greiða tvöfaldan skatt til útvarpsins, fyrst verzlunarágóða Viðtækjaverzlunarinnar, og svo almennan skatt. Viðtækjaverzlunina á að reka eingöngu með hagsmuni notenda fyrir augum, og ríkið á að fá allar sínar tekjur af útvarpi með beinum sköttum. Hingað til hefir sú stefna verið höfð, að verja öllum ágóða verzlunarinnar til útvarpsrekstrarins. Ég vildi óska, að breytt yrði um stefnu í þessu máli, og Alþ. vildi ganga inn á að nota hluta af ágóða Viðtækjaverzlunarinnar til þess að hjálpa fólki úti um land til þess að fá sér tæki og hafa þeirra sem fyllst not. Þessi till. mín miðar í þá átt að hjálpa þeim, sem nú eiga erfiðast með að notfæra sér útvarp, og vona ég, að hv. d. samþ. tillöguna.

**Björn Kristjánsson:** Ég á að þessu sinni engar brtt., sem ég þarf að tala um, og ætla mér heldur ekki að fara að tala hér um brtt. annara hv. þm., en ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. samgmn., þm. N.-Ísf., hvort það skilyrði hafi ekki verið sett fyrir styrk til Eyjafjarðarbátsins, að hann færi austur á Skjálfanda, Axarfjörð og Þistilfjörð. Í till. n. er gert ráð fyrir, að Eyjafjarðarbáturinn fái 45 þús. kr. styrk, enda fari hann 5 áætlunarferðir til Grímseyjar á ári hverju. Af því að þetta er tekið fram með Grímseyjarferðirnar, datt mér í hug, að önnur skilyrði hefðu ef til vill verið látin

falla niður. En styrkur til þessa báts hefir alltaf verið bundinn því skilyrði, að hann færi nokkrar ferðir austur eftir og kæmi við á Flatey, Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn. Hafi þetta skilyrði verið látið niður falla, verð ég að lýsa óánægju minni yfir því, en vona, að svo sé ekki og að það verði látið standa hér eftir sem hingað til.

**Sveinn Ólafsson:** Ég á nokkrar brtt. á þskj. 366, og hafa sumar þeirra einnig legið fyrir við 2. umr. En þrjár þeirra voru teknar aftur þá, eftir tilmælum hv. fjvn. Nú koma þær öðru sinni, og að mestu leyti óbreyttar. Ég ætla ekki að fjölyrða um þessar till., af því að þær hafa áður verið ræddar hér í d., enda eru hér svo að segja eingöngu tómir stólar orðnir eftir, og tilheyrendur fáir.

Ég vil þó víkja nokkrum orðum að brtt. minni undir 14. tölulið á þskj. 366. Ég fer þar þess á leit, að af fé því, sem á að skiptast næsta ár til vega um landið, verði 3000 kr. veittar til Skriðdalsvegar. Ég býst ekki við, að hv. þm. séu yfirleitt kunnugir á þessum slóðum, og verð því að lýsa aðstæðunum með fáum orðum. Þessi vegur, er þarna um ræðir, er hluti þess þjóðvegar, sem liggur frá Lagarfljótsbrú suður eftir, áleiðis til Berufjarðar. Hann liggur um Skriðdal, er nú kominn miðja leið inn í dalinn og akfær orðinn frá Egilsstöðum að Arnhólsstöðum í Skriðdal. En þá er eftir innri hluti dalsins, að Breiðdalsheiði.

Með hliðsjón af reglu hv. fjvn. um úthlutun vegafjárins, þeirri, að dreifa fénu sem mest milli landshluta, er þessi till. mín borin fram. Öll sanngirni mælir með samþykkt hennar. Þarna er búið að gera akfært um mikinn hluta vegarins, og vantar aðeins herzlumun til þess að ná heiðinni, má líka fullyrða, að hérað þetta þarf eigi síður á atvinnubótum að halda en mörg önnur.

N. hefir nú gert till. um, að nokkuð yrði færður upp styrkur til Breiðdalsvegar og Geithellnavegar, og því tekið ósk mína að nokkru leyti til greina, með því að hækka framlag til vega þessara um ⅔ þeirrar upphæðar, sem ég fór fram á. Ég er að sjálfsögðu n. þakklátur fyrir þetta, en hefði þó orðið þakklátari fyrir það, að till. mínum um skiptingu fjárins, þótt lítið sé, til sveitanna allra, hefði verið fullkomlega sinnt. Mun hv. n. hafa þótt til of mikils mælzt með 12000 kr. fjárveitingu til vega í mínu kjördæmi. En út af því vil ég segja það, sem ég hefi að vísu áður sagt, að úr opinberum sjóði hefir ekki freklega veitt verið til þessa héraðs, og þótt nú væru veittar 12000 kr. samtals til allra vega í Suður-Múlasýslu, þá væri eigi með því hallað á önnur héruð, og má vel minna á það, að hún hefir oft verið þriðja drýgsta skatthérað landsins og tekjulind ríkissjóðs, var líka um eitt skeið sú frjóasta. Ég ætla ekki að öðru leyti að fara að gera samanburð á fjárframlögum til míns héraðs og annara nú að þessu sinni, þó að sá samanburður gæti verið fróðlegur, en vona að enginn sjái ofsjónum yfir því, þótt Suður-Múlasýsla fengi í þessum fjárl. alls 12000 kr. til allra vegarkaflanna.

Þá kem ég að till. minni undir tölulið 20 á sama þskj. Þar fer ég þess á leit, að af fé því, sem veita á til bryggjugerða og lendingarbóta, verði 3000 kr. veittar til bátabryggju á Vattarnesi, gegn helmings framlagi annarsstaðar frá. Hv. frsm. n. gat þess, að um leið og n. gerði till. um hækkun framlags til þessara mannvirkja, gerði hún ráð fyrir, að 3000 kr. skyldu falla til þessarar bryggju, gegn ⅔ hlutum framlags á móti. Ég hefi kynnt mér þarna allar ástæður, og þykir mér óliklegt, að hægt muni að fá svo mikið framlag á móti. Þar er ekki um annað að ræða en framlag ábúandans á Vattarnesi, og ef til vill eitthvert lítilræði úr sveitarsjóði. En svo stendur á, að Vattarnes er ríkiseign, og með byggingu þessarar bryggju er fyrst og fremst aukið verðmæti eignarinnar, en líka búið í haginn fyrir útvegsmenn og með því auknar tekjuvonir af eigninni. Þarna hefir áður verið mikil útgerð, ekki aðeins innlendra manna, heldur einnig fjölda Færeyinga. Þarna er aðstaða til útróðra í bezta lagi, ef ekki vantaði bryggju. — En ég geri sem sagt ekki ráð fyrir því, að hægt verði að fá svo mikið framlag þarna eins og hv. fjvn. krefst, og er því fyrirheit hennar einskis virði.

Þá kem ég að brtt. minni á sama þskj., undir tölulið 35. Þar fer ég fram á það,

að Eiríki Bjarnasyni á Eskifirði verði veittur 1600 kr. utanfararstyrkur, eða til vara 1200 kr., til að kynna sér meðferð og verkun síldar við Bretlandseyjar fyrir þau ýmsu neyzlulönd, enda leiðbeini hann síldveiðimönnum um verkun síldar við heimkomu. Þessi maður hefir sent erindi til þingsins, þar sem hann fer fram á 3000 kr. styrk. Fjvn. sá sér ekki fært að verða við þessari beiðni Eiríks, og hefi ég því tekið hana upp, mjög lækkaða. Ég veit, að þær upphæðir, sem ég fer fram á, eru ekki líkt því fullnægjandi, og að þessi maður verður að fórna miklu af eigin fé, ef hann á að geta framkvæmt þá áætlun sína að dvelja um nokkurt skeið á Bretlandseyjum og kynna sér allt það, er viðkemur verkun síldar, en ég ætla, að áhugi hans og dugnaður sigri þó fjárskortinn. Síðastl. 2 vetur hefir á Austfjörðum veiðzt mikið af þeirri tegund síldar, sem útgengilegust er í Mið-Evrópulöndunum, og verður óhjákvæmilegt að gera eitthvað til þess, að sá markaðsmöguleiki geti komið að notum. En samgönguleysið er og hefir verið síðustu vetur aðaltálmun þess, að veiðin nýttist. Hefir síldarútvegurinn af því beðið mjög tilfinnanlegan hnekki hin síðustu árin, hve hastarlega hefir verið burt kippt samgöngum við útlönd frá Austurlandi.

En vegna Eiríks Bjarnasonar og utanfarar hans vil ég láta þess getið, að fyrir persónuleg kynni mín af honum verð ég að telja hann mjög vel fallinn til þess að afla sér nothæfrar þekkingar um markaðinn og til að leiðbeina veiðimönnum. Eiríkur er skýrleiksmaður og fullur áhuga fyrir eflingu útvegsins. Hér liggja fyrir yfirlýsingar 12 útgerðarmanna af Austfjörðum, sem mæla með erindi Eiríks og lýsa trausti á honum. Eru meðmæli þessi frá útgerðarmönnum á Fáskrúðsfirði, Eskifirði og Reyðarfirði, en nú samstundis hefir mér verið tilkynnt, að fleiri meðmæli væru væntanleg frá Norðfirði og Seyðisfirði.

Ég vík þá að síðustu till. minni á þessu þskj., um ríkisábyrgð á skipakaupaláni fyrir útgerðarsamvinnufélag á Eskifirði og Seyðisfirði. Hana flyt ég ásamt hv. þm. Seyðf. Ég sé, að fram er komin till. um hliðstæða ríkisábyrgð fyrir 3. verstöðina, og býst helzt við, að þær muni verða fleiri áður lýkur.

Ég hefi talað fyrir þessari till. minni við 2. umr., og vil þó endurtaka það, að útvegun veiðiskipa er eina líklega leiðin til þess að bjarga frá yfirvofandi skorti og vandræðum á veiðistöðvum þessum. Undan verðhruni eigna verður þar ekki stýrt, nema ríkissjóður hlaupi einhvern veg undir bagga og veiti aðstoð, hvort sem hún verður bein eða óbein, eins og hér er farið fram á. En að hjálpa sjómönnum til að hjálpa sér sjálfir er sjálfsögð og heilbrigð aðferð til þess að afstýra frekari vanda. Upplýst er, að á Eskifirði ganga á þessari vertíð atvinnulausir dugandi sjómenn, sem ekki komast í skiprúm, vegna þess að fleytur þær, er þeir áður notuðust við, eru ekki lengur taldar sjófærar. Aðeins 6 sjófærir bátar eru þar til fiskveiða, og flestir þó harla gamlir og lélegir.

Ég get nú horfið frá þessum till. á þskj. 366, því að þær hafa áður verið ræddar, og munu vera fjvn. og hv. þdm. kunnar frá 2. umr., en eftir er till. á þskj. 386, sem ég flyt ásamt hv. þm. Vestm., og er þar farið fram á, að Þórhalli Þorgilssyni verði veittar 2000 kr. til útgáfu handhægrar kennslubókar í ítölsku, en til vara 1500 kr. Hv. meðflm. minn hefir þegar minnzt á þessa till., og sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um hana. Ég vil þó minna á það, að þessi maður, sem er mjög vel fær í Suðurlandamálum, hefir áður fengið dálítinn fjárstyrk hjá Alþingi til útgáfu kennslubókar í spönsku. Vaxandi viðskipti vor við Miðjarðarhafslöndin krefjast þess, að sem flestir Íslendingar kynni sér tungur þeirra þjóða, sem þar búa, því að ógreið verða viðskiptin, ef allt þarf að sækja gegnum milligöngumenn útlenda, eða sjá allt í gegnum gleraugu erlendra, ókunnugra manna. Styrkur þessi er ekki stór, en líklegur þó til þess að verða þeim að liði, er vilja tileinka sér og nema þessi suðrænu mál.

Ég get nú að mestu leyti lokið máli mínu, en verð þó fyrst að minnast á nokkur atriði í sambandi við till. um utanfararstyrk Eiríks Bjarnasonar. Í till., sem hér liggur frammi, er t. d. farið fram á fjárveitingu til Ferðafélags Íslands, og enn annarsstaðar til sama félags í stærri

stíl. Til Skáksambands Íslands og Sambands ísl. karlakóra er einnig lagt til, að veitt verði mikið fé. Ég er ekki beinlínis að mæla á móti þessu, en tel viðeigandi að gera samanburð á nytsemi þessara fyrirtækja og svo hinu, að tryggja hagkvæmustu aðferðir um sölu síldar og síldarverkun. Mér finnst blátt áfram hlægilegt að bjóða fram fé til fyrrnefndra félaga, sem hafa það eitt að markmiði að leika sér, en hafna jafnframt framlögum til þjóðþrifamála.

Ég gæti látið mér þetta nægja, en vil þó bæta við stuttri aths. um till. fjvn. á þskj. 366, 17. tölul. N. fer þar fram á, að tillag til Eimskipafélags Íslands verði fært upp, úr 200 þús. kr. í 250 þús. kr., eða með öðrum orðum: þrefaldað frá því, sem verið hefir, og þessi hækkun er skilorðslaus með öllu. Ég minnist þess nú, að fjvn. og nokkrir hv. þdm. lögðu saman við 2. umr. um að fella hæversklega till. mína og hv. 1. þm. N.-M. um að skilorðsbinda fjárveitingu þessa þann veg, að strandferðir fél. tækju til allra landshluta sem jafnast. Nú liggur næst að líta svo á, þegar fjvn. leggur til, að framlagið skuli enn hækka um 50 þús. kr. án nokkurs skilorðs, að þessi hækkun sé einskonar verðlaun til félagsins fyrir Norðurlandsferðir þess og einangrunina á Austfjörðum, eða upphvatning um að halda uppi enn tíðari ferðum vestur og norður um land, hvað sem hinum líður, sem hastarlegast eru afskiptir strandferðum. Ekki lítur þó út fyrir, að félagið hafi spunnið silki á ferðum þessum til Norðurlands, enda átti þá ekki að vera brýn þörf fyrir þessa styrkhækkun. Mér er að vísu óljúft að minnast Eimskipafélagsins á þennan hátt, en er tilneyddur, vegna vanrækslu þess um samgöngur austanlands nú undanfarið og þess hornrekuháttar, sem fél. hefir beitt Austfirði síðustu árin.

Mér eru ennþá í minni undirtektir fólksins í mínu héraði og nágrenni þess, þegar safnað var fé til stofnunar félagsins. Hygg ég, að hvergi hafi verið almennar og betur undir málið tekið en þar var gert, enda höfðu Austfirðingar þá um langan tíma notið allgóðra samgangna á sjó og kunnu manna bezt að meta þær. En eins og nú er komið má fullyrða, að vonir þess um samgöngubætur frá hendi Eimskipafél. hafi átakanlega brugðizt, jafnvel svo, að almennt er undan því kvartað.

Nú er þessi mikli fjárstyrkur boðinn án allra skilyrða eða skuldbindinga, og verður úr þessu að ráðast sem verkast vill, hversu úr rætist, þar eð ekkert tækifæri fæst héðan af til að skilorðsbinda styrkinn.

Þá er hér enn á sama þskj. till. frá hv. þm. Ak., þess efnis, að styrkur til Ríkarðs Jónssonar falli niður. Þetta tel ég ómaklega lagt til, því að fáir listamanna vorra hafa verðskuldað framar viðurkenningu en hann. Fyrir hans tilstilli og hagleika er nú komin upp ný iðngrein hér í bænum, skinniðnaður ýmiskonar, en sjálfur er Ríkarður þjóðkunnur hagleiksmaður og einna frumlegastur brautryðjandi í list sinni. Álít ég bæði rétt og skylt að láta hann njóta styrksins áfram. Reyndar veit ég, að flm. till. hefir sett hann í samband við till., sem hann flytur um styrkveitingu til annars manns, Geirs Þormars á Akureyri, og enn veit ég, að flm. ætlar, ef þessi till. verður samþ., að hverfa frá till. um það, að Ríkarðs styrkur falli niður. Ég tel rétt að styrkja Þormar, og mun hafa greitt honum atkv. mitt við 2. umr., en það myndi álítast ómaklega hefnt, að láta það bitna á Ríkarði, ef styrkurinn til Þormars yrði ekki samþ., og ég vil fastlega mælast til þess, að ekki verði Ríkarður látinn gjalda þess, þótt svo óheppilega tækist til um Þormar, að till. falli.

**Ólafur Thors:** Mig furðar stórlega á þolinmæði hv. þm. að standa hér yfir tómum bekkjum og flytja langar, skörulegar og vel samdar ræður fyrir till. sínum. Ég vil út af þessu skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki sé rétt að fella niður bæði 2. og 3. umr. um fjárl., en láta í þeirra stað nægja, að tillögunum fylgi stutt og laggóð greinargerð. Þá mundi frekar vissa vera fyrir því, að þm. kynntu sér þau rök, sem styðja till., heldur en nú, þegar svo að segja enginn heyrir ræðurnar nema flm. sjálfir. Ég vil nú sjálfur lifa eftir þessari reglu og flytja stutt erindi hér í dag. Ég á hér eina brtt., sem ég er einn flm. að, að Guðmundur Kamb-

an, sem felldur var við 2. umr., verði nú settur inn aftur, með 1800 kr. í stað 2000. Ég hefði sjálfur æskt þess, að hægt væri að veita honum 2000, en þingsköpin heimila ekki, að það sé tekið upp aftur. Ég vil nú skýra fyrir hv. fjvn., að það var ekki á réttum rökum byggt, er hún lagði til, að þessi styrkur félli niður, eða a. m. k. eru þau nú ekki til lengur, því að hv. n. sagði, að Guðmundur Kamban ætti við svo góð launakjör að búa í stöðu sinni við Konunglega leikhúsið í Khöfn, að hann væri alls ekki styrks þurfi. En nú er sú sæla úti, því að Guðm. Kamban er nú búinn að missa þessa stöðu vegna kreppuráðstafana þeirra, sem leikhúsið hefir þurft að framkvæma. Þetta geta hv. þm. sannprófað sjálfir, með því að afla sér Politiken 31. marz, og lesið um þetta þar. Vona ég svo, að þetta verði tekið til greina og verði nógu þungt á metunum til þess, að styrkurinn til Kambans verði settur inn aftur.

Þá flyt ég ásamt þm. Borgf. eina brtt. þess efnis, að styrkur til flóabátaferða verði færður upp um einar 300 kr. Þessar 300 kr. eru ætlaðar sem framlag til styrktar Hvalfjarðarbátnum. En rökin fyrir þessu eru auðflutt og auðskilin. Bátur þessi hefir síðastl. ár farið 110 eða 120 ferðir, í stað 30 eins og til er ætlazt, og þessa viðbót hefir hann lagt á sig án allrar aukalegrar fjárhagsaðstoðar af ríkissjóðs hálfu. En nú er það bráðnauðsynlegt fyrir bændurna þar um slóðir, að svona tíðum ferðum sé haldið uppi, vegna þess hve mjög þeir þurfa að bæta og halda í mjólkurmarkaðinn. En þeir geta alls ekki öðlazt góða aðstöðu til þessa, nema hækkað sé framlagið úr ríkissjóði, þó ekki sé meiri hækkun um að ræða en þessar 300 kr., sem till. okkar fer fram á. Þessar ástæður vona ég að séu fyllilega verðar þess, að teknar séu til greina.

Ég er reyndar á fleiri till., ásamt ýmsum hv. þm., en mun láta þá um að tala fyrir þeim. En eins vil ég geta enn, og það er, hve mjög mér sárnaði ummæli hv. 1. þm. S.-M. um Eimskipafélag Íslands. Ég býst við, að hv. þm. muni sjálfur sjá, áður langt líður, hversu ósanngjörn orð hans eru, því fremur, sem örðugar fjárhagsástæður félagsins munu að miklu leyti af þeim rótum runnar, að fél. hefir haldið uppi fleiri tapferðum einmitt til Austfjarða en það með góðu móti gat risið undir.

**Jón Ólafsson:** Ég og hv. samþm. minn eigum nokkrar brtt. við þessa umr. fjárl. á þskj. 366 og 376.

Þær till., sem við berum fram, eru þess eðlis, að þær skipta ríkissjóð litlu, en hinsvegar mega þær kallast stórmál fyrir þá menn, sem í hlut eiga. Þar sem svo er ástatt um þessar till. okkar, vænti ég þess, að þdm. meti þetta og samþykki tillögurnar.

Fyrsta till. er á þskj. 366,VII, við 12. gr., þess efnis, að hjónunum Finnboga Sveinssyni og Sæunni Sæmundsdóttur á Velli í Hvolhreppi verði veittur 1000 kr. styrkur til hælisvistar handa fávita syni þeirra. Það er svo ástatt um þessi hjón, að þau hafa nú í 12 ár barizt við að halda sér frá sveitinni. Er hann 65 ára, en efni þeirra að þrotum komin, enda hafa þau haft fyrir mörgum ómögum að sjá, svo að ekki liggur annað fyrir en að þau verði að fara á sveitina, ef þau fá ekki þennan styrk til að koma þessum fávita sínum á hæli. Er gert ráð fyrir, að meðgjöfin með honum á hælinu verði 100 kr. á mánuði, og mundu þau þá verða að leggja 200 kr. frá sjálfum sér, ef till. yrði samþ. — Þessi hjón eru alls góðs makleg af því opinbera og hafa lagt á sig harðræði um mörg ár, til þess að þurfa ekki að verða öðrum til byrði. Pilturinn er kraftamikill, og er því erfiðara að meðhöndla hann, sem lengra líður og hann eldist. Vænti ég, að dm. líti á þetta og láti þessi fátæku hjón njóta þess, að þau hafa lagt svo að sér til þess að komast hjá að fara á sveitina. Slík viðleitni er hin virðingarverðasta, og væri betur, að hún væri víðar og meir uppi í hugum manna slík hugsun á þessum síðustu og verstu tímum. — Ég skal geta þess, að ég hefi hér liggjandi hjá mér vottorð hlutaðeigandi læknis og sýslumanns, sem staðfesta það, sem ég hér hefi sagt um efnahag þessara hjóna og veikindi sonar þeirra.

Næsta brtt. okkar er á sama þskj., XVI, um 3000 kr. fjárveitingu til Hvolsvallarvegar, en eftir að hafa talað við atvmrh. og vegamálastjóra um till., sem hafa lofað styrk til að bæta úr þessum vegleysis-

kafla austur frá, höfum við fallizt á að taka till. aftur.

3. brtt. okkar á þessu sama þskj., XXIV, fer fram á það, að Jóni Gissurarsyni verði veittur 800 kr. styrkur til lokanáms í verzlunarfræði erlendis. Höfðum við borið fram till. um hærri styrk til handa þessum sama pilti við 2. umr., en sú till. okkar var felld. Alþingi hefir styrkt þennan pilt tvívegis áður, sem hefir gert honum kleift að halda áfram námi, því að foreldrar hans eru ekki svo efnum búnir, að þau geti styrkt hann. Hefir hann bjargazt við ríkisstyrkinn og það, sem hann hefir getað fengið að láni, en nú er fokið í flest slík skjól, og er ekki annað sýnna en að hann verði að láta af námi og við að taka próf í grein sinni, svo langt sem hann þó er kominn, ef hann fær ekki þennan styrk, en prófið mundi gefa honum frekar aðstöðu til að vinna fyrir sér og vinna af sér smátt og smátt þær skuldir, sem hann er kominn í vegna náms síns og töluverðar eru. Ég vænti þess því fastlega, að hv. þdm. láti þennan pilt ekki synjandi frá sér fara í þetta sinn frekar en áður, enda er það áreiðanlega í síðasta sinn nú, sem þessi piltur fer fram á slíkan styrk sér til handa.

Þá eigum við eina brtt. á þskj. 376,XVII, við 16. gr., þess efnis, að Búnaðarbankanum verði greiddar 2500 kr. til greiðslu á viðlagasjóðsláni frá 1928 til byggingar gistiskála á Múlakoti í Fljótshlíð. Þegar þetta lán var veitt, 1928, var það töluvert uppi, að gistihús, sem reist voru á sérstökum stöðum, sem nauðsynlegt þótti, að gistihús væru á, vegna útlendra og innlendra gesta, væru styrkt með ríkissjóðsframlögum eða viðlagasjóðslánum. Múlakot í Fljótshlíð þótti hið bezta fallið til að verða gistihús, sérstaklega ef til vill fyrir hinn frábæra dugnað og elju húsmóðurinnar heima á búinu fyrir garðrækt allri, svo að Múlakot bar að þessu leyti af öðrum býlum. Þetta varð til þess, að viðlagasjóðslánið, sem hér er farið fram á að gefa upp, var veitt með fúsu geði. Heimilið þótti sérstaklega verðlaunavert fyrir þessa starfsemi húsmóðurinnar til að fegra og prýða heima á búinu. Nú er svo komið fyrir ágang Þverár, að lítur út fyrir, að ekki þurfi þess lengi að bíða, að áin brjóti niður mikið af landinu upp undir bænum. Tvö síðastl. sumur hefir ekki verið bílfært heim að bænum, af því að áin tekur farveg sinn svo nærri, að hann er of djúpur fyrir bíla, svo að að bænum er ekki fært nema á hestum. Af þessum ástæðum eru menn hættir að sækja gistingu til Múlakots, og eins að hafa þar sumardvalir, svo sem áður tíðkaðist, og er hjónunum þar því horfin sú tekjulind, sem þeim var að þessum ferðum.

Svo hefir verið um þau lán frá þessum tímum, sem ég áður talaði um, að sumpart hefir orðið að gefa þau upp með öllu og sumpart að hjálpa til að greiða þau. Nú nýlega var þannig samþ. hér í þinginu að gefa eftir lán, sem á sínum tíma hafði verið veitt einum af listamönnum okkar, og hefir Alþingi þar með gefið fordæmi um eftirgjöf á lánum frá svipuðum tíma og það lán er, sem hér er farið fram á, að gefið verði eftir. Um svipað leyti og áðurnefnt lán var veitt til gistihúss í Múlakoti var veittur allsæmilegur styrkur af opinberu fé til gistihúss á Ásólfsstöðum, sem var rökstuddur á sama hátt og lánveitingin til Múlakots, enda er ekki vafi á því, að hægt hefði verið að fá þetta sem beinan fjárstyrk þá, ef fram á það hefði verið farið. Þetta var þó ekki gert, og eins og fyrr segir, eru menn hættir að taka gistingar í Múlakoti, svo að endurbæturnar þar koma aðeins að notum til heimilisþarfa. Heimilið í Múlakoti hefir haldið uppi listamönnum um langt skeið, og þótt þeir séu góðir, afla þeir sér ekki þeirra tekna, sem vera skyldi, og má því líta á þessa eftirgjöf í raun og veru sem gerða í þágu listarinnar, eins og hina eftirgjöfina, sem ég nefndi áður. Heimilið í Múlakoti er að góðu kunnugt, og veit ég, að margir bera hlýjan hug heim þangað, og þar sem ástæðurnar þar eru eins og ég hefi lýst, þykist ég mega vænta þess, að hv. þdm. líti á þessa till. með velvild og greiði henni atkv.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um till. okkar samþm. að þessu sinni. Þær till. okkar, sem hv. samþm. minn er fyrri flm. að, mun hann reifa, svo að ég get leitt þær hjá mér. Áður en ég sezt niður vil ég þó gefa áherzlu þeim orðum, sem hv. 1. þm. S.-M. mælti hér áðan út af

þeirri till. hv. þm. Ak. að fella niður styrkinn til Ríkarðs Jónssonar. Styrkurinn, sem Ríkarður Jónsson hefir haft, var honum veittur til þess að halda uppi skóla í teikningu og útskurði í þjóðlegum stíl, enda hefir Ríkarður haldið uppi þessum skóla ávallt meðan hann hefir haft styrkinn, nema eitt ár, sem hann var veikur og varð að sigla sér til heilsubótar. Hefir og Ríkarður og skóli hans látið eftir sig marga minjagripi, sem hafa æ því meira gildi sem lengra líður frá. Er margt merkilegra smíðisgripa eftir Ríkarð til víðsvegar um land, og ég veit um 3 slíka gripi, sem sendir hafa verið útlendum mönnum að heiðursgjöf og eru í mesta uppáhaldi á heimilum þeirra. Er sjálfsagt að styðja á allan hátt, sem unnt er, þennan listamann, sem er svo slyngur í sinni listgrein, að enginn hérlendra manna a. m. k. jafnast á við hann, og svo er alhliða, að hann jafnt teiknar, sker út og hnoðar leir til myndagerðar, og yfirleitt leggur gerva hönd á flestar þær listgreinar, sem beztar eru í landinu. Eins og hv. 1. þm. S.-M. gat um, hefir Ríkarður kennt hér að búa til handtöskur, sem þykja gerðar af slíkri list, að fjöldi fólks sækist eftir bæði að eiga þær og eins að búa þær til, enda eru þær þegar orðnar mjög útbreiddar. Geri ég ráð fyrir, að þessi grein ein muni verða svo mikils virði fyrir þjóðina, að hún eigi eftir að borga þann litla styrk, sem Ríkarður Jónsson hefir notið til skóla síns, margfaldlega, enda vona ég, að hv. þm. Ak. hafi aðallega borið þessa till. sína fram til að sýna, að hann vill, að öllum listamönnum sé gert jafnt undir höfði. Má og vel vera, að sá listamaður, sem hv. þm. Ak. ber fyrir brjósti, sé alls góðs maklegur, þótt ekki þekki ég það. — Í þessu sambandi vil ég drepa á þá till. hv. þm. Ak. að fella niður styrkinn til Guðmundar frá Mosdal. Hefi ég sannar sagnir af því, að þessi listamaður heldur uppi skóla í listgrein sinni á Ísafirði við góðan árangur, og þótt hann sé ef til vill ekki eins mikill listamaður og Ríkarður Jónsson, er hann þó svo mikill listamaður í sinni grein, að það má ekki koma fyrir, að styrkurinn til hans verði felldur út úr fjárl. Vona ég og, að hv. d. líti sömu augum á styrkinn til þessara mætu listamanna og ég og hv. 1. þm. S.-M. og felli þessar niðurskurðartill. hv. þm. Ak.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég á nokkrar brtt. á þskj. 366, sem ég gerði grein fyrir áður, við 2. umr., en tók þá aftur.

Fyrsta till., IV, fer fram á, að veittur verði 6000 kr. styrkur til viðbyggingar við sjúkrahúsið á Seyðisfirði. Við 2. umr. flutti ég till. um sama efni, aðeins var upphæðin þá hærri, eða 12000 kr. Síðan hefi ég fengið teikningu af þessari fyrirhuguðu viðbyggingu, ásamt áætlun um það, hvað hún muni kosta. Skal ég leyfa mér að lesa hér upp dálítinn kafla úr þessari lýsingu:

„Þessi viðbygging, þótt ekki sé stærri, bætir til mikilla muna húsnæðisástandið í sjúkrahúsinu. Í henni fæst dagstofa eða setustofa fyrir sjúklinga, sem nú er engin, skurðstofa sæmilega góð, og rúm fyrir 3 sjúklinga, í tveimur herbergjum, og þar að auki, þegar skurðstofan, sem nú er, losnar, fæst þar rúm fyrir 2 sjúklinga, svo að aðstaða öll myndi verða mun betri en áður, svo sem hin mesta þörf er á, og myndi þá ekki þurfa að jafnaði að neita sjúklingum eins oft um inntöku, eins og þurft hefir undanfarið".

Eins og drepið er á í því, sem ég las upp, er oft svo ástatt, að sjúkrahúsið getur ekki veitt sjúklingum viðtöku, jafnvel eftir að þeir eru komnir á staðinn, ef um utanbæjarmenn er að ræða. Ef þessi styrkur fengist, fengjust 5 rúm í viðbót, auk setustofu fyrir rólfæra sjúklinga. Verður þetta um 1000 kr. kostnaður á rúm, sem telja verður mjög ódýrt. Ég vænti þess, þar sem ég hefi lækkað till. svo mikið, að hv. d. sjái sér fært að samþ. hana. Skal ég aðeins til viðbótar geta þess, að þetta er helmingur þess kostnaðar, sem gert er ráð fyrir, að viðbyggingin kosti, því að samkv. áætluninni á hún að kosta 12000 kr.

Næsta brtt. mín er á sama þskj., XII, þess efnis, að framlagið til Fjarðarheiðarvegar verði hækkað um 5000 kr., úr 8000 upp í 13000. Sé ég, að hv. fjvn. gerir till. um að hækka þennan lið um 2000 kr., úr 8000 upp í 10000 (þskj. 366,XIII), og mundi ég eftir atvikum geta fallizt á að taka þessa till. mína aftur, ef fjvn. gæti fallizt á till. mína á þskj. 386,III, sem fer

fram á 3000 kr. framlag til ræktunarvegar á Seyðisfirði, eða sem svarar þeim mismun, sem er á þessari till. minni og till. n. viðvíkjandi framlaginu til Fjarðarheiðarvegar. Ef sú verzlun gæti tekizt við n., að hún mælti með þessari till. minni um 3000 kr. styrk til ræktunarvegarins, er ég fús á að taka hina till. mína aftur. (TrÞ: Er ekki von á fleiri tilboðum til n. um hrossakaup?). Til væri ég í það, ef eitthvað væri upp úr þeim viðskiptum að hafa. — Í sambandi við þessa till. vil ég geta þess, að ég hefi fengið umsögn Pálma Einarssonar ráðunauts um þennan ræktunarveg. En sá er ljóður á, að á milli er lágur háls, sem ekki er hægt að komast yfir með kerru, og því síður bíl, og verður því að flytja á klökkum, sem er ákaflega dýrt og óhöndulegt.

Ég held, að málið skýrist bezt, ef ég les upp bréf frá Pálma Einarssyni, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt ósk yðar, herra alþingismaður, vil ég hér með staðfesta, að Búnaðarfélag Íslands hefir í tillögum sínum viðvíkjandi ræktunarmálum Seyðisfjarðarkaupstaðar, meðal annars í bréfum sínum til bæjarstj. Seyðisfjarðarkaupstaðar, dags. 15. ág. 1929 og 4. apr. 1930, lagt það til, að bærinn ræktaði upp 50 hektara á Vestdal, með því markmiði, að þar yrði síðan stofnað kúabú af bæjarfélaginu.

Til þess að hægt sé að hefja þessa ræktun og jafnframt strax að hafa hennar not fyrir bæinn, er óumflýjanleg nauðsyn, að vegur sé lagður af brautinni, er liggur út til Vestdalseyrar og upp í Vestdalinn að aðalræktunarlandinu þar. Þessi vegur mundi kosta um kr. 500, og er þar þá ekki reiknað efni til brúar á Vestdalsá. Ég tel alveg óhjákvæmilegt, að bærinn byrji á vegnalagningu þessari til undirbúnings væntanlegum ræktunarframkvæmdum, áður en þær hefjast, svo að allir flutningar að og frá geti orðið framkvæmdir á sem ódýrastan hátt.

Leyfi ég mér að mæla með því, að til þessa verði Seyðisfjarðarkaupstað veittur tilsvarandi fjárhagslegur stuðningur af hálfu hins opinbera sem önnur kauptún, svo sem Vestmannaeyjar hafa notið.

Virðingarfyllst

Pálmi Einarsson“.

Nú hefir hv. frsm. fjvn. í viðtali við mig bent mér á það, að um Vestmannaeyjar gilti nokkuð annað en um Seyðisfjörð, þar sem landið þar er eign ríkissjóðs, og ríkissjóður fái því meiri leigu, ef landið er tekið til ræktunar. En ég sé, að til ræktunarvegar á Akranesi, þar sem svipað stendur á og á Seyðisfirði, er ætlazt til, að þorpið leggi fram ¾, en ríkissjóður ¼. Ég er til með — af því að ég er frekar liðlegur til verzlunar — að leita samkomulags við fjvn., hvort hún gæti ekki fallizt á þessa till. með því að breyta henni þannig, að jafnhátt verði framlag frá bæjarsjóði. Ég held, að ef á annað borð á að styrkja bæjarfélög til þess að hafa betri not af landi til ræktunar, þá sé ekki ástæða til að krefjast meira en helmings kostnaðar; að öðrum kosti kunna framkvæmdir að tefjast, og get ég búizt við, að svo verði þarna. Ég geri ráð fyrir, að ef ríkissjóður legði fram helming, þá sé ekki ástæða til að breyta upphæðinni, vegna þess að brúin, sem er einn liður í vegagerðinni, kostar meira en þessar krónur, sem á milli ber.

Þá á ég á þskj. 366 ásamt samflokksmönnum mínum hér í hv. d. till. nr. XXXIII, um 1 millj. kr. til atvinnubóta í kaupstöðum ok kauptúnum, gegn jafnháu framlagi á móti.

Ég gerði grein fyrir þessu við 2. umr., og hefi engu við að bæta öðru en því, að mér hafa orðið það nokkur vonbrigði, að hvorki kreppunefnd né fjvn. hafa einu orði minnzt á till. eða látið í ljós álit sitt um hana. Þykist ég sjá fram á, að hún verði drepin. En mér finnst það býsna harðleikið, vægast sagt, að gera það áður en nokkuð örlar á till. til að afstýra þeim vandræðum, sem eru alveg fyrirsjáanleg, nema eitthvað verulega röggsamlegt verði gert af hálfu þess opinbera. Að öðru leyti vísa ég til þess, sem ég sagði við 2. umr.

Þá á ég ennfremur till. nr. XLVI á sama þskj., við 22. gr., að koma inn nýrri heimild fyrir ríkisstj. til að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að gera tilraunir með útflutning ísaðrar haust- og vetrarsíldar frá Austfjörðum, og skal styrkurinn miðaður við það, að útflytjendur fái sem svarar 6—7 kr. fyrir hverja tunnu hrásíldar, komna á skipsfjöl.

Þessi till. er flutt eftir eindregnum á-

skorunum bæði frá þingmálafundum eystra og fjölda manna og félaga, sem við þetta eru riðnir. Ég vil geta þess, að ég hugsa mér þetta nákvæmlega hliðstætt því, sem jafnan var heimilað að veita S. Í. S. til að halda uppi flutningum á frystu kjöti til Englands, og einmitt varð til þess, að þær framkvæmdir komust í fast horf. Útflutningur á síld til Englands í þessu verkunarástandi er á byrjunarstigi enn. Verðupphæð hverrar tunnu er miðuð við það lægsta verð, sem yfirleitt var hægt að selja á síðastl. vetri. Í samanburði við verð á sumarsíld er þetta lágt, því að á vetrum er miklu dýrara að fást við veiðar en á sumrin. Þó skal ég ekki segja, að ekki væri hægt að lækka eitthvað upphæðina, ofurlítið á tunnu, til þess að fært yrði að framkvæma þessar tilraunir. Ég skal geta þess, að ég hefi ekki hugsað mér, að þetta yrði gert í stórum stíl, t. d. 4 reynsluferðir með 2 þús. kassa, 8 þús. kassa alls, eða 6 þús. tunnur. Þó að hallinn yrði 1—2 kr. af tunnu, þá er það ekki nema mjög smávægileg upphæð fyrir ríkissjóð. Og von mín er sú, eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, að einmitt þarna sé möguleiki til þess að skapa sæmileg afsetningarskilyrði fyrir þessa síld í framtíðinni. En því aðeins verður það gert, að mönnum verði gert kleift að gera þær tilraunir, sem nauðsynlegar eru. Yfirleitt eru ástæður manna eystra svo, að enginn hefir neitt til að leggja í áhættu, þó að hann vildi, og því verður erfitt um allar tilraunir til nýbreytni, sem nokkur peningaútlát heimta.

Loks á ég á sama þskj. ásamt hv. 1. þm. S.-M. tvær till. um heimild til ríkisábyrgðar fyrir bæjarfélögin á Seyðisfirði og Eskifirði. Fyrir þeim báðum gerði ég allýtarlega grein ásamt hv. 1. þm. S.-M. við 2. umr., og hefi í rauninni engu þar við að bæta. Ég vil bara enn á ný vekja athygli hv. dm. á því, að hér er ekki um neitt nýtt að ræða fyrir Seyðfirðinga, heldur endurveiting samkvæmt fyrri samþykktinni, sem aldrei var framkvæmd.

Til þess að hv. þdm. megi vera ljóst, hvílík nauðsyn er á þessari ábyrgð fyrir Eskifjörð, skal ég leyfa mér að lesa upp kafla úr skýrslu um ástandið á Eskifirði, sem oddvitinn, Ólafur Sveinsson, hefir samið. Skýrslan er um atvinnuástandið fyrsta ársfjórðung þessa árs.

Atvinnulausir með öllu eru 45 daglaunamenn, sem allan tímann hafa haft 3307 krónur. Þar af er meira en helmingur, eða 1779 kr., fyrir atvinnubótavinnu. Þessir menn hafa á framfæri með sjálfum sér 113 menn. Verða því tekjurnar á hvern neytanda í þeim flokki kr. 29,27 yfir ársfjórðunginn. 60% af því er tekið með atvinnubótavinnu.

Skipstjórnarmenn eru sex, vélamenn eru sex. Þar hafa tekjurnar orðið hæstar, kr. 37,21 á neytanda á ársfjórðungnum. Hásetar eru 11. Þar verða tekjurnar á hvern neytanda kr. 23,30 á ársfjóðungnum. Handverksmenn eru 8 og hafa 33 menn fram að færa. Þeirra tekjur verða á hvern neytanda kr. 31,09 á ársfjórðungnum.

Um atvinnuhorfurnar er það að segja, að vélbátar eru sex sjófærir og stunda nú róðra frá Hornafirði. Á þeim eru rúmir 20 sjómenn, og álíka margir, sem vinna við þá í landi. Ennfremur segir, að til hafi verið fleiri en sex bátar, en séu ósjófærir með öllu, og vanséð, að borgi sig að gera við þá. En þó að þessir 6 bátar séu allir í gangi, þá er meira en helmingur sjómanna, sem ekki á nokkurn kost á skipum.

Ennfremur segir, að hagur hreppsins sé eftir þessu. „Þótt hér séu nokkrir opinberir starfsmenn, sem hafa mjög sæmileg laun og greiða ásamt verzlunum hærri útsvör hlutfallslega en dæmi munu til vera annarsstaðar, þá hrekkur það skammt fyrir vaxandi þörfum hreppsfélagsins, þar eð allur fjöldi manna hefir af engu að greiða, þótt á þá séu lögð há útsvör.

Viðreisnarhjálp til atvinnuvega hreppsbúa er því óhjákvæmileg strax. Annars lítur ekki út fyrir annað en að allmikill hluti þeirra verði kominn upp á náðarbrauð ríkissjóðs næsta vetur, og kannske lengur, því að hreppurinn er ekki fær um að framfleyta þeim, sem nú leita til hans.

Skuldir hreppsins eru nú langt fram yfir það, sem hann getur staðið straum af. Verður hann því gjaldþrota innan skamms, ef ekki verður um þær samið. En það er þýðingarlaust með öllu, meðan atvinnuástand það ríkir, sem nú er hér.

Ég skora því fastlega á ríkisstjórnina að fylgja einbeittlega til framgangs þeim tillögum, sem fram koma á Alþingi nú til viðreisnar atvinnuvegum hreppsbúa hér, og sjá svo um, að þær verði framkvæmdar strax, en ekki lendi við orðin tóm, eins og síðast varð, er Eskfirðingar fóru fram á slíka hjálp".

Ég hefi engu við þetta að bæta. Hér er sagt glöggt og hispurslaust, hvernig ástandið er. Það er bersýnilegt, að um tvennt er að velja: að láta bæjarbúa flosna upp og hreppinn fara á höfuðið, eða þá á einhvern hátt að rétta hjálparhönd. Og það eru ekki aðrar leiðir líklegri en að hjálpa þeim til að fá einhver starfstæki.

En allt það sama, sem hér er sagt um Eskifjörð, það getur átt við á Seyðisfirði, hvenær sem eitthvað bjátar á. Því að Seyðfirðingar eru engu betur settir en Eskfirðingar, nema síður sé. Það, sem hefir gert muninn, er það, að tvö síðustu ár voru þeir svo heppnir að fá síld að vetrinum, þegar vandræðin voru mest, sem bætti úr sárustu neyðinni. En sá atvinnustofn, sem Seyðfirðingar geta byggt á, er engu meiri en á Eskifirði.

Þess vegna held ég, að því er Seyðfirðinga snertir, að bezt sé að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í og veita þeim hjálpina, sem þeir biðja um, nú þegar. Er þá meiri trygging, að hjálpin komi að gagni heldur en síðar.

Ég held það séu ekki fleiri till., sem fellur á mig að gera grein fyrir. En áður en ég lýk máli mínu, verð ég að víkja örfáum orðum að 6. till. fjvn. á þskj. 386, þar sem lagt er til að heimila ríkisstj. að draga úr verklegum framkvæmdum og leggja niður rekstur stofnana, „ef nauðsyn krefur", eins og það er orðað. Af því að ég er góðgjarn maður, þá hefði ég kosið fjvn. sjálfrar vegna, að hún hefði ekki gerzt til að flytja slíka till. Ég sé ekki betur en að með þessu taki hún aftur allt það skársta, sem í nál. var að finna. Í nál. kemur í ljós, að n. telur erfiðar horfur í landinu, og hún tekur nokkrar smátill. til aukinnar vegagerðar, sérstaklega með það fyrir augum að bæta úr atvinnuleysinu í landinu. Ég er alveg sammála n. um þá stefnu. En svo leggur hún til, að ríkisstj. verði heimilað, ekki bara að taka nokkra tugi þús., heldur fjórða part af fé allra verklegra framkvæmda —, ef nauðsyn krefur. En það þýðir: ef ástandið versnar. En ef ástandið versnar í landinu, þá kemur það fyrst og fremst niður á því, að atvinnuleysi í landinu verður meira og þörfin, sem fjvn. virðist nú sjá í aukinni vinnu við vegabætur, verður ennþá brýnni. Ég harma það mjög, að fjvn. skuli koma með þessa till. Ég mun greiða atkv. á móti henni, því að reynslan sýnir, að ef í nauðir rekur, þá er skorið niður, hvað sem fjárlög segja. En ég sé sannarlega enga þörf á að eggja hæstv. núv. ríkisstj. til að spara í þessu efni eða draga úr atvinnu í landinu.

**Þorleifur Jónsson:** Ég á eina brtt. á þskj. 376, XVI. lið, við 16. gr.: Til að verja engjalönd í Mýrahreppi eyðingu af vatnságangi úr Hornafjarðarfljótum, gegn ¼ annarsstaðar að, 3300 kr.

Þetta mál á nú sína sögu. Eins og hv. þdm. er kunnugt, var í hitteðfyrra, samkv. till. Búnaðarfélags Íslands og eftir ósk manna þar austur frá, ákveðið að heimila nokkurt fjármagn til þess að gera rannsókn á vatnasvæðum Hornafjarðarfljóts, sökum þess að þau hafa á seinni árum gengið allmikið á engjalönd vestanmegin fljótanna. Fyrir þessa upphæð var í sumar framkvæmd rannsókn á því, hvað mundi vera hægt að gera til varnar vatnságangi. Eins og kunnugt er, þá falla Hornafjarðarfljót frá jöklum til sjávar um mitt undirlendið í Hornafirði, milli sveitanna Nesja að austan og Mýra að vestan. Fyrr á tímum lágu fljótin meira austur við, eyddu stór engjaflæmi Nesjamegin; en nú á síðari árum hafa þau lagzt mest að vesturlandinu og flætt þar á, svo að næst fljótinu eru aðeins eftir hólmar, þar sem áður voru samfelld engjastykki. Og þau sækja meir og meir á það land, sem eftir er. Þar, sem þau liggja mest á, er sumpart starengi og sumpart rimar og hólmar með kjarngóðu grasi, og eru þessi engjalönd ein hin beztu í sýslunni.

Nú skal ég víkja að því, að herra Ásgeir Jónsson verkfræðingur frá Búnaðarfélaginu var sendur austur í sumar, til þess að athuga þá hættu, sem af vötnunum gæti stafað, og gera till. um það, hvað fært væri að gera. Þessar till. hans hafa

legið fyrir þinginu, og kem ég að þeim síðar. En til frekari skýringar á málinu skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr bréfi frá hreppsnefnd Mýrahrepps, sem legið hefir fyrir Alþingi og skýrir bezt þetta mál. Þar segir svo:

„14 býli eiga engjalönd sín liggjandi að fljótunum vestanverðum, og hafa þau öll nú þegar orðið fyrir miklu tjóni af þeirra völdum, og hefir ábúð því aðeins haldizt við á þeim býlum, að af miklum engjum hefir verið að taka. Þar að auki lítur nú út fyrir, að fljótin muni mjög bráðlega geta bætt við sig engjalöndum ennþá 4 býla til ágangs, ef ekkert verður aðhafzt.

Heyfengur af engjalöndum þessara 18 býla, sem fyrir ágangi fljótanna liggja, mun hafa verið ca. 4500 hestar til jafnaðar á ári nú hin síðustu ár, og er nokkur hluti þess talið töðugæft hey. Aðstaða til vatnsvarnar er þarna óhagstæð. Fljótin renna á stóru svæði yfir lausar leirur og bera stöðugt með sér leir og sand og grafa grunna ála í leiruna hér og þar, fylla þá upp aftur og grafa nýja. Vatnsbotninn hækkar stöðugt af framburði fljótanna, og leitar vatnið að sama skapi á graslendið, sem er sumpart orðið og verður stöðugt lægra en yfirborð vatnsins. Þar, sem vatnið liggur á, hverfur fljótlega öll grasrót".

Þetta eru nú aðalatriðin úr því bréfi, sem hér liggur fyrir frá bændum í Mýrahreppi. Ég vil geta þess, að þessi 14 býli, sem talað er um, eru eftir hinni nýju jarðabók um 300 hundraða að fasteignamati, þ. e. a. s. landverðið. Þetta eru að vísu engin stórbýli, en á þeim hafa þó framfleytzt fjölskyldur frá ómunatíð. Og ef engjarnar eyðast, munu og býlin leggjast smátt og smátt í auðn.

Í framhaldi af þessu vil ég leyfa mér að skýra ofurlítið frá áliti Ásgeirs Jónssonar verkfræðings, og tek kafla hingað og þangað úr áætlun og till. hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Vestanmegin hafa fljótin til skamms tíma eigi valdið stórfelldum skemmdum, en hin síðustu ár hafa þau flætt meira og meira inn yfir engjalöndin undan Viðborðsseli, og sumpart gert heyöflun örðuga og dýra, en sumpart útilokað heyskap með öllu.

Á þessu svæði hafa farvegirnir hækkað það mikið, að nú geta fljótin, ef ekkert er aðhafzt til varnar, á löngum eða skömmum tíma — eftir atvikum — lagzt yfir engjalönd þau, er liggja fyrir austan Viðborðssel, alla leið að Djúpá. Engjalönd þessi eru nytjuð frá 14 býlum, og er hinn árlegi heyafli á þeim alls um 3000 hestar".

Síðan segir hann, hvað tiltækilegast sé að gera til varnar vatnságangi á Mýrunum:

„Til að draga úr frekari skemmdum beggja megin við fljótin, samkvæmt áður sögðu, þarf að gera tvo varnargarða: Annar þeirra liggi úr Viðborðsnesi í Þjófasker (sjá uppdrátt), og er sú leið um 3 km., en hinn liggi nálægt Arnarbæli (hjá Hoffelli) í Gildrasker, og yrði sá garður um eða tæplega 4 km. að lengd. Þessir tveir varnargarðar yrðu óháðir hvor öðrum. Þannig má byggja annan þeirra, en láta hinn bíða, eftir því sem ástæður þykja til".

Leggur verkfræðingurinn til, að fyrst verði snúið að því að byrja á vatnsvörnum vestanmegin, en láta garðinn að austanverðu: Arnarbæli—Gildrasker, bíða fyrst um sinn. Og segir svo:

„Tiltækilegast mun vera að gera tilraun með timburgirðingu. Á hún, samkv. eldri reynslu, að marka vatnsrennslinu farveg og skapa um leið grundvöll undir ódýrari garðbyggingu úr torfi eða grjóti, er komi í stað timburgirðingarinnar um leið og hún gengur úr sér.

Eins og ég hefi tekið fram, þá þarf þessi vatnsvörn að ná frá Viðborðsnesi í Þjófasker, og eru það um 3 km. á lengd. Þó mun hyggilegra að taka eigi alla leiðina fyrir í einu, heldur aðeins ⅓ hennar, eða efstur 1000 m. — reiknað frá Viðborðsnesi. Á þessum kafla er þörfin brýnust, en auk þess er ráðlegt að fá þarna staðbundna reynslu, áður en verkinu er haldið lengra áleiðis".

Síðan kemur kostnaðaráætlun yfir þessa þúsund metra, og er sundurgreint hvað fyrir sig, efni, vinna og flutningur. Alls áætlar hann, að þessi eini km. af garðinum muni kosta 4400 kr. Nú fer ég fram á, að veittar séu 3300 kr., eða ¾ af áætlunarkostnaði. Það er með tilliti til þess, sem áður hefir tíðkazt um framlag ríkissjóðs til slíkra fyrirtækja sem þessa.

Jafnframt skal ég geta þess, að þessi plögg öll hafa legið fyrir Búnaðarfélagi Íslands á síðasta ári og fengið meðmæli búnaðarþings. Till. er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþingið mælir með því, að Alþingi veiti bændum í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu styrk til varnar skemmdum af Hornafjarðarfljóti á engjalönd þeirra, eftir þeim reglum, er Alþingi fylgir um styrkveitingar til slíkra eða hliðstæðra framkvæmda".

Ég vona, að menn sjái, að þessi till. mín er ekki út í bláinn, heldur er hún byggð á athugun verkfræðings fyrst og fremst. Auðvitað verður að játa, að þetta er tilraun, sem ekki er víst að heppnist, en verkfræðingurinn telur, að einmitt á þessum slóðum sé gott tækifæri til að fá reynslu um það, hvort slíkar vatnsvarnir myndu duga á Íslandi. Hann segir, að þær tíðkist suður um Evrópu hér og þar. Telur hann, að hér eystra hagi líkt til og á ýmsum stöðum við Inn og Doná, þar sem slíkar fyrirhleðslur eru gerðar.

Ég vænti þess, að hv. d. líti svo á, að hér sé ekki um svo stóra fjárhæð að ræða, að fráleitt sé, að tilraun verði gerð um þessar vatnsvarnir. Ef hv. þm. vildu kynna sér, hvernig þarna stendur á, er til uppdráttur af landslagi og fyrirhuguðum garði.

Þetta er merkilegt mál, og ég vona, að það njóti þess við atkvgr. Ef vel tekst um þessa tilraun, getur hún orðið til að bjarga stóru landi undan eyðileggingu, ekki aðeins á þessum stöðvum, heldur ef til vill víða annarsstaðar á landinu.

**Bernharð Stefánsson:** Ég flyt nokkrar brtt. á þskj. 376, en þar eð þær lágu allar fyrir við 2. umr., nema ein, get ég verið fáorður um þær að þessu sinni. Fyrsta brtt. er nr. 3 á þskj. 376, og fer ég þar fram á, að til Öxnadalsvegar verði veittar 10000 kr., í stað 7000. Fyrir þessari brtt. gerði ég fulla grein við 2. umr. og þykist ekki þurfa að endurtaka það nú. Ég tók þessa till. aftur til 3. umr. eins og þeir aðrir, sem fluttu till. um hækkað framlag til vega. Ég hefi ekki orðið þess var, að fjvn. hafi tekið till. mína neitt til greina og ber hana því hér fram.

Ég á einnig 6. brtt. á sama þskj., og gerði ég líka nokkra grein fyrir henni við 2. umr. Hún fer fram á það, að veittar verði 20000 kr. til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar. Við 2. umr. hafði ég ekki í höndum nóg gögn til að skýra þetta til hlítar. En rétt um það bil, sem 2. umr. var að enda, fékk ég þessi gögn og afhenti fjvn. þau skömmu síðar. Ég þykist þess fullvís, að hún hafi athugað þau vel. Þar voru fyrst og fremst þrír uppdrættir af þessu fyrirhugaða mannvirki, og ýtarleg grg. frá þeim verkfræðing, sem athugað hefir þetta mál og gert um það áætlanir, en það er Finnbogi Rútur Þorvaldsson. Ég skal ekki bæta miklu við það, sem ég sagði um þetta mál við 2. umr., aðeins benda á það, að þessi hafnargarður, sem hér um ræðir, er ætlaður til varnar öllu hafnarsvæði Siglufjarðar fyrir brimi og ís. Hann verður að vera þykkur og traustlega byggður, og hefir því verið áætlað, að líka mætti nota hann fyrir bryggju, án þess að auka að nokkru ráði byggingarkostnaðinn. Um lýsingu á mannvirkinu vil ég vísa til uppdrátta þeirra, sem fjvn. hefir nú með höndum, og grg., sem þeim fylgja. Þó skal ég taka það fram, að garðurinn og sú dýpkun á vissu svæði hafnarinnar, sem stendur í sambandi við hann, er áætlað að komi til með að kosta 600 þús. kr. Þessi till. mín um styrk og önnur, sem ég flyt um ábyrgðarheimild, eru á þessari áætlun byggðar.

3. brtt. mín á þessu þskj. er nr. 27. 1. liður hennar er framhald þeirrar, sem ég hefi nú verið að tala um, og fer fram á ábyrgðarheimild handa stj. fyrir 400 þús. kr. láni til hafnarsjóðs Siglufjarðar, til byggingar öldubrjótsins austur af Siglufjarðareyri. Þessi till. er, eins og ég gat um áður, byggð á þeirri áætlun, að allt verkið kosti 600 þús. kr. Engan þarf að undra, þótt hafnarsjóður Siglufjarðar hafi ekki svo miklu fé úr að spila, að hann geti snarað út 400 þús. kr. í þessu skyni. Það er vitanlegt, að verði í þetta mannvirki ráðizt, verður hafnarsjóðurinn að fá lán fyrir sínum hluta útgjaldanna, og um slíkt lán getur varla orðið að ræða án ríkisábyrgðar. Því er það, að ég ber fram till. um ábyrgðarheimild í þessu skyni. Í þessu sambandi vil ég taka það

fram, að hafnarsjóður Siglufjarðar hefir áreiðanlega þær tekjur, að telja má tryggt, að hann standi undir þeim útgjöldum, sem endurgreiðsla slíks láns og hæfilegir vextir af því leggja honum á herðar. Ekki er ætlazt til, að stj. gangi í þessa ábyrgð, nema í móti komi tryggingar, sem hún metur gildar, svo að ábyrgðin ætti ekki að verða hættuleg.

Það er vitanlegt, að eins og nú stendur á, má ríkissjóður ekki við miklum útgjaldaaukningum, og hér er óneitanlega farið fram á talsvert stóra upphæð á einum bletti. En þar má líka taka það til athugunar, að bryggjur bræðslustöðvar ríkisins á Siglufirði eru þær bryggjur, sem í mestri hættu eru af brimi og ísreki. Og eins og ég benti á við 2. umr., gæti það orðið vafasamur gróði að láta allt reka þarna á reiðanum, og missa svo ef til vill bryggjur ríkisbræðslunnar í næsta norðangarði. Þessi till. er því á vissan hátt ráðstafanir til þess að ríkissjóður verndi sína eigin eign. Ennfremur mundi bygging slíks mannvirkis auka mjög atvinnu í þessum umrædda kaupstað, og tel ég víst, að það Alþ., er nú situr, muni ekki skiljast svo frá sínum störfum, að það reyni ekki að ráða bót á því sára atvinnuleysi, sem nú ríkir í bæjum allt í kringum land. Og varla mun hægt að finna hentugra verk til að bæta úr atvinnuleysinu á Siglufirði en einmitt þetta. Ég geri ráð fyrir, að á þessu þingi verði veitt einhver fúlga úr ríkissjóði til atvinnubóta í kaupstöðum, og tel ég sjálfsagt, ef till. mínar verða samþ., að sú upphæð, sem veitt er til öldubrjótsins, verði jafnframt skoðuð sem atvinnubótastyrkur. Með því móti yrði framlagið til öldubrjótsins ekki að öllu leyti bein hækkun á útgjaldalið fjárl.

Þá er 2. liður sömu brtt. Þar er farið fram á, að stjórnin ábyrgist fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 70 þús. kr. rekstrarlán, er greiðist upp á hverju ári. Í fyrra á þinginu flutti ég tvær till. um þetta efni. Í fyrsta lagi till. um ábyrgðarheimild fyrir láni til stofnkostnaðar þessa fyrirtækis, allt að 24000 kr., og var sú till. samþ. Svo flutti ég líka svipaða till. þeirri, sem ég flyt nú, um ábyrgð á rekstrarláni til þessa sama fyrirtækis, en sú till. var þá felld. Síðan um þetta var rætt á þinginu í fyrra, hefir það skeð í þessu máli, að verksmiðjunni hefir verið komið upp, og óhætt má fullyrða, að hún noti öll þau beztu og fullkomnustu tæki, sem þekkjast í þessari iðngrein. Ég vil benda á það, að þetta fyrirtæki er samvinnufélag, og er rekið af mönnunum, sem við það vinna og flestir eru fátækir verkamenn. Nú þegar hafa þeir lagt í þetta fyrirtæki um 12000 kr., og hefir mestur hluti þessa fjár verið lagt fram sem vinna. Tunnuverksmiðja Siglufjarðar hefir nú þegar getað útvegað sér nokkuð efni og byrjað tunnusmíði, og hefir vinna verksmiðjunnar hlotið almennt lof og er talin ágætlega af hendi leyst. En vitanlega vantar verksmiðjuna enn rekstrarfé, svo hægt sé að reka hana með fullum krafti og þannig, að hún geti borgað sig. Á umliðnu ári hefir framkvæmdarstjórn félagsins gert tilraunir til að fá nauðsynleg rekstrarlán í bönkum og útibúum, en þótt undarlegt megi virðast, hefir ekki enn tekizt að fá slíkt lán. Haldi því áfram, getur farið svo, að fyrirtækið verði að hætta. En ég hélt, að ekki gæti orkað tvímælis um það, hvílíkur þjóðarhagur það er að láta þessa vinnu fara fram í landinu sjálfu, í stað þess að kaupa allar tunnur frá útlöndum og láta vinnulaunin verða þar eftir. Félagið, sem hér um ræðir, stendur alveg á samvinnugrundvelli. Félagsmenn fá ekki fyllilega borgaða vinnu sína fyrr en öll önnur gjöld, er á fyrirtækinu hvíla, eru greidd. Og geti fyrirtækið ekki haldið áfram, er ekki annað sjáanlegt en að þeir félagsmenn, sem lagt hafa vinnu sína í þetta verk, tapi kaupi sínu að meira eða minna leyti, og virðist það ekki sanngjarnt. Nú er á það að líta, að stj. hefir þegar gengið í ábyrgð fyrir nokkurri upphæð, þar sem er stofnkostnaður þessarar verksmiðju. Ef fyrirtækið yrði nú að hætta vegna skorts á rekstrarfé, þá gæti farið svo, að ríkissjóður yrði í hættu með að skaðast á ábyrgð sinni fyrir stofnkostnaðinum. Ég held, að eina hættan, sem geti mætt þessu unga samvinnufélagi, sé sú, að það verði að hætta sökum skorts á rekstrarfé. Samkv. l. félagsins lendir eini skellurinn, sem getur orðið af rekstri þess, á félagsmönnum sjálfum. Ég sé því ekki, að um neina áhættu fyrir ríkissjóð geti verið að ræða,

þó að Alþ. samþ. þessa ábyrgðarheimild. Þvert á móti eru það nokkurskonar varúðarráðstafanir til að tefla ekki í tvísýnu fé, sem ríkissjóður hefir áður lagt í þetta fyrirtæki. Ég vona, að hv. fjvn., sem haft hefir till. þessa til athugunar og fengið þau gögn, sem hægt er að fá um þetta mál, sjái sér fært, þrátt fyrir þröngan fjárhag, að mæla með till., og ef hv. fjvn. mælir með henni, þá vona ég, að hv. þdm. bregði ekki fæti fyrir hana.

Ég er að vísu meðflm. að nokkrum fleiri till., en ég veit, að aðalflm. mæla fyrir þeim, svo ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt að þessu sinni.

**Bjarni Ásgeirsson**: Ég á 4 brtt. við fjárlögin. Sú fyrsta er frá landbn. í heild. Hún er á þskj. 376, VIII. liður. Er þar farið fram á, að 1500 kr. styrkur verði veittur Samúel Ketilssyni til framhaldsnáms í Þýzkalandi í sútun og meðferð skinna.

Það er öllum kunnugt, hversu mikil hreyfing er að komast á hér á landi um sútun og leðurgerð. Við vitum, að flutt er inn kynstur af sútuðum skinnum, og meginið af okkar skinnum er flutt út, unnið ytra, sumt flutt inn aftur og selt við ránd̈ýru verði. Sjá allir, hversu mikið fjárhagslegt tjón er að þessu, þar sem líka vantar atvinnu í landinu sjálfu. Eina rétta leiðin er að stefna að því, að íslenzk skinn verði unnin í landinu sjálfu. Við verðum að vinna að því, að ekki verði fluttar erlendis frá þær vörur, sem hægt er að framleiða hér á landi. Enda býst ég við, að hv. þdm. viti, að komið hafa áskoranir í þessa átt úr næstum öllum sveitakjördæmum landsins. Tveir menn úr bændanefndinni hafa líka borið fram þáltill. um að heimila ríkisstj. að láta rannsaka þetta mál, undirbúa það og leggja fram tillögur fyrir næsta þing. Það segir sig sjálft, að ef skriður kemst á þetta, þá er nauðsynlegt að undirbúa menn til þess að standa fyrir þessum nýja iðnaði, svo að landið yrði sjálfu sér nóg í þessu efni. Ég býst ekki við því, að Íslendingar gætu fyrst um sinn tekið þetta að sér, en það er rétt að undirbúa unga menn undir þennan starfa, svo að þeir gætu tekið við stjórninni af útlendingunum sem allra fyrst.

Samúel Ketilsson útskrifaðist úr menntaskólanum 1930 með góðri 1. einkunn. Hann lét innrita sig í sútunardeild tekniska háskólans í Darmstadt, en varð að hætta þessu námi vegna féleysis. Nú í vetur, þegar hann sá, að áhugi var vaknaður meðal landsmanna fyrir því að koma upp slíkum fyrirtækjum, sneri hann sér til áhugasamra manna eins og Helga Bergssonar og Sigurðar búnaðarmálastj. og ráðgaðist um við þá, hvort ekki myndi tiltækilegt að sækja um styrk til þingsins í þessu skyni. Báðir þessir menn voru því mjög hlynntir og gáfu honum beztu meðmæli sín. Auk þess hefir hann meðmæli frá kennurum sínum ytra, sem bera það með sér, að hér er um efnilegan og reglusaman mann að ræða. Nefndin leggur til, að þessi litli námsstyrkur verði veittur og lítur svo á, að með þessu sé stigið fyrsta sporið til þess að fá efnilega unga menn til þess að veita nýjum iðnaðarfyrirtækjum forstöðu.

Önnur brtt. mín á þskj. 376, merkt X, sem ég flyt ásamt hv. þm. Dal., er um það, að veita ferðamannaskrifstofu Íslands 2500 kr. styrk, en til vara 2000. Ferðamannaskrifstofan var sett upp síðastl. ár hér í Reykjavík og starfaði hún 3 mánuði. Þetta er fyrsta ferðamannaskrifstofan á Íslandi og er ekki nema vísir, ef borið er saman við samskonar skrifstofur erlendis. Fljótt á litið virðist það ef til vill skrítið, að ríkið fari að styrkja slíka skrifstofu. En ég lít svo á, að aukinn ferðamannastraumur til landsins geti orðið stór liður í atvinnulífi þjóðarinnar. Auðugir ferðamenn leggja nú fleiri og fleiri leið sína norður á bóginn. Tekjur Norðmanna af ferðamönnum eru taldar 35 millj. króna á ári, en það er meira en allar tekjur af útfluttum landbúnaðarafurðum þeirra og meira en timburútflutningurinn. Tekjur Svía af ferðamönnum eru 31 millj. kr. á ári og Finna 20 millj. kr. Mega allir sjá af þessu, hversu geysimikil tekjugrein umferð erlendra ferðamanna er í þessum löndum, og væri ekki úr vegi, að Íslendingar fengju að njóta einhvers þar af. Og Ísland hefir margt það til að bera, sem gæti gert það að ferðamannalandi. Má þar til nefna, að hér er sérkennileg náttúrufegurð. Dómur erlendra ferðamanna, sem hingað hafa komið, er á þá lund, að ef því væri verulegur gaum-

ur gefinn að opna augu þeirra manna, sem tækifæri hafa til þess að ferðast, fyrir landinu, þá myndi takast að beina straumnum óðfluga hingað. Þær tekjur, sem Íslendingar myndu hafa af þessu, eru miklar og margvíslegar. T. d. er eitt af því laxveiðarnar. Sennilega mætti hafa miklar tekjur af því að leigja útlendingum laxárnar til skemmtiveiða. Auk þess yrðu tekjur af flutningum bæði á bílum og hestum. Síðast en ekki síst má benda á það, að með auknum ferðamannastraumi inn í landið skapaðist markaður fyrir landbúnaðarafurðir á þeim gistihúsum, sem risu upp víðsvegar um landið. Þetta yrði áreiðanlega mikill styrkur fyrir landbúnaðinn. Með öðrum orðum: Þeir tekjumöguleikar, sem við þetta skapast, eru svo margvíslegir, að við höfum ekki ráð á því að bægja þeim frá, á meðan nágrannaþjóðirnar ausa upp milljónum króna ár frá ári í sambandi við erlenda ferðamenn.

Ferðamannaskrifstofa Íslands er stofnuð af tveimur duglegum og áhugasömum mönnum, og hafa þeir lagt mikið í kostnað við að semja rit um Ísland og á hvern hátt sé hægt að ferðast hér og dreifa þessum ritum út. Það má búast við því, að útgjöldin verði mikil fyrst, áður en nokkurra verulegra tekna er að vænta. Þó að erlendar ferðamannaskrifstofur beri sig vel og séu gróðafyrirtæki, þá er ekki hægt að búast við hinu sama hér fyrr en langt er um liðið og ferðamannastraumurinn orðinn örari til landsins.

Flestir ferðamenn, sem nú koma hingað, koma að tilhlutun erlendra ferðamannafélaga. Skipsgjöld og mikið af því, sem þeir borga fyrir komu sína hingað, rennur í vasa erlendra félaga. Stofnun íslenzkrar ferðamannaskrifstofu er fyrsta sporið til þess að láta tekjurnar renna inn í landið sjálft. Vona ég, að hv. þdm. sjái við nánari yfirvegun, að við höfum ekki efni á því að skella við þessu skolleyrum — og mæli ég eindregið með því, að þessi styrkur til ferðamannaskrifstofunnar verði veittur.

Þriðja till. mín á þskj. 376, merkt XVIII, er um slysavarnir, símalagningu að Hjörsey og Straumfirði á Mýrum. Ég lagði þessa till. fram við 2. umr., og talaði þá fyrir henni og sé því ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér. Ég tók till. aftur til 3. umr. og vænti þess, að ég fái nú betri undirtektir en þá, en því miður hefir hv. fjvn. ekki viljað taka hana upp sem sína till. Ég vil bæta því við, að síðan hefir borizt áskorun frá 50 sjómönnum og útgerðarmönnum á Akranesi, sem ég leyfi mér að lesa hér upp:

„Vér undirritaðir Akurnesingar, sem sækjum sjó hér vestur í flóann, og aðrir þeir, sem er ljós sú hætta, sem sjófarendum sífellt stafar af þessu ógurlega hættusvæði, Mýrunum, teljum það stórt spor í öryggisátt, að sími verði lagður út í Hjörsey á Mýrum. Er ekki óhugsandi, að til bjargar mætti koma af sjó, þó ekki væri af landi, og getur í slíku tilfelli síminn bjargað. Skorum vér því á Alþingi að leggja síma ofan á Mýrar á þessu ári".

Hér er nákvæmlega því sama haldið fram og ég hélt fram við 2. umr., og ef eitthvað hefir vantað á, að hv. þm. væru sannfærðir um nauðsyn þessa máls, þá vona ég, að þetta vottorð nægi til þess að tryggja fylgi þeirra.

Síðasta till. mín á þskj. 376, merkt XXVI, er brtt. við 22. gr. fjárl. Það er nýr liður, um að ríkið gangi í ábyrgð fyrir allt að 60000 kr. láni handa samvinnufélaginu „Grimi" í Borgarnesi, til að kaupa fiskiskip, enda nemi lánið eigi meiru en ⅘ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða.

Þetta er samskonar till. og hv. 1. þm. S.-M. og þm. Seyðf. hafa borið fram vegna sinna kjördæma. Um mitt kjördæmi er það að segja, að þetta er líka tilraun til þess að bæta úr því atvinnuleysi, sem nú steðjar að í kauptúnum landsins.

Borgarnes er aðallega verzlunarstaður og íbúarnir þar lifa aðallega á verzlun og samgöngum, auk þess er þar smábúskapur verkamanna í kauptúninu, og hafa þeir af því dálítinn styrk. En eftir því, sem fólkinu fjölgar og kauptúnið byggist, og þar sem vöruflutningar hafa minnkað, þá hefir þeim dottið í hug að bæta við einum lið í atvinnugreinir sínar með því að stunda fiskiveiðar og fá fisk í land til verkunar. Samvinnufélagið hefir hafizt handa um undirbúning á þessu, og á meðan það sjálft hefir engin skip til veiða, hefir það fengið fisk til verkunar sunnan úr Reykjavík. En ef fé-

lagið á að verða sjálfbjarga á þessu sviði, þá er nauðsynlegt, að það eignist fleytur sjálft til að veiða þann fisk, sem það verkar.

Í Borgarfirði hagar svo til, að þar er löng og örðug innsigling, en þó telja kunnugir, að vel væri hugsanlegt að láta 1—2 línubáta ganga frá Borgarnesi. Framan af vertíð, meðan dagur er skemmstur, mætti leggja upp á Akranesi, en eftir að kemur fram á vertíðina á Borgarnesi og verka fiskinn þar.

Um Borgarnes má hið sama segja og um önnur kauptún, að þar fer atvinnuleysi vaxandi, en ef hv. Alþ. sæi sér fært að veita þessa ábyrgð, þá er líka sá kostnaðarliður, sem annars færi til atvinnubóta, fallinn niður. Eina rétta stefnan í þessum málum er sú, að koma á atvinnubótum, sem geta orðið arðberandi fyrir þjóðina í heild. Vænti ég, að hv. þdm. líti á málið með sanngirni og veiti till. minni það brautargengi, að hún verði afgr. sem lög frá Alþ.

**Forseti (JörB):** Útbýtt er í deildinni brtt. við fjárlagafrv. á þskj. 401 og 402, og mun ég leita afbrigða frá þingsköpum til þess að þær megi koma til umr. og atkv.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Héðinn Valdimarsson:** Við jafnaðarmenn berum fram brtt. á þskj. 401 um að veita 40 þús. kr. til radiovita á Reykjanesi. Það er viðurkennd skoðun í öllum siðuðum löndum, að vitagjöldin eigi að fara til þess að bæta vitana, og til einskis annars. Og þegar hér var upphaflega sett vitagjald, þá var gengið út frá þessu sem sjálfsögðu. En reyndin hefir orðið sú, að með þetta fé hefir verið farið alveg eins og það væri skattur til hagnaðar fyrir ríkissjóð. Bretar eru óánægðir yfir þessu, og hafa farið fram bréfaviðskipti milli stjórnanna í Bretlandi og Íslandi þessu viðvíkjandi.

Á landsreikningnum 1931 eru tekjur af vitagjöldum 480 þús. kr., en gjöldin 380 þús. kr. Þar frá dregst til bryggju- og lendingarstaða 35 þús., svo að gróðinn á vitagjöldum árið 1931 hefir orðið 135 þús. krónur. Svo virðist, sem stj. vilji halda uppteknum hætti um þetta, því að í stjfrv. til fjárl. fyrir árið 1934 er gert ráð fyrir, að vitagjald nemi 425 þús. kr., en gjöldin aftur 358 þús.; þar frá dregst með sama hætti og áður til hafnargerðar á Akranesi og til bryggjugerða og lendingabóta 45 þús. kr. Er hér því ætlazt til, að ríkissjóður græði 110 þús. kr. á vitagjöldunum.

Nú er það sanngjörn till. okkar, að af þessum ólögmæta gróða séu veittar 40 þús. kr. til radiovita á Reykjanesi. Við höfum fengið radióvita á Dyrhólaey, en það er ekki nóg, því að það þarf annan vita til þess að miða í, og til Reykjavíkur er yfir land að miða, svo að lítið gagn verður að Dyrhólaeyjarvitanum.

Nú er það svo, að við höfum á undanförnum árum orðið fyrir hverju skiptjóninu á fætur öðru á þessum slóðum, sem er einhver hættulegasti staðurinn við strendur landsins. Síðast í gær fórst þar togari, og 13 menn drukknuðu. Þessi 40 þús. kr. áætlun um kostnaðinn er gerð af Krabbe, og ég geri ráð fyrir, að hún láti nærri sanni.

Það er óþarft að eyða mörgum orðum til að skýra fjárhagshliðar þessa máls. Það er auðséð, að með því að eyða 40 þús. kr. til þessa sparast mikið fé, sem annars færi forgörðum vegna skipstranda á þessum slóðum. Auk þess eru mannslífin, sem við þetta kynnu að bjargast. Ég vænti þess og treysti því, sérstaklega með tilliti til þess, hvernig nú stendur á, að þessi brtt. nái fram að ganga á þingi.

**Hannes Jónsson:** Ég á aðeins 2 litlar brtt. við fjárl. að þessu sinni.

Á þskj. 376, XII á ég till. um að veita Skáksambandi Íslands upp í ferðakostnað 5 taflmanna á alþjóðaskákþing í Englandi sumarið 1933 1500 kr., og til vara 1000 kr.

Eins og kunnugt er, hefir skáklistin þroskazt allmikið hér hjá okkur hin síðustu ár. Árið 1930 fóru 4 okkar beztu skákmenn á heimsmót skákmanna í Þýzkalandi og gátu sér mjög góðan orðstír. Til dæmis um það, hversu góða för þeir gerðu, má benda á það, að 2 færustu skákmenn, annar frá Englandi og

hinn frá Þýzkalandi, töpuðu skákum þar fyrir Íslendingum, sem héðan fóru. Að vísu urðu þeir ekki ofarlega í röðinni, en þó urðu nokkrar þjóðir neðar en Íslendingar. Þetta var í fyrsta skipti, er Íslendingar hafa mætt á slíku móti. Nú væri ánægjulegt að sjá, hvort íslenzkum skákmönnum hefir ekki farið fram síðan, og hvort þeir á heimsmóti skákmanna, sem á að vera í Englandi í sumar, geta ekki gert okkur enn meiri sóma. Auk þess, sem þessi íþrótt er heimsíþrótt, sem við kannske erum betur staddir til að taka þátt í með öðrum þjóðum heldur en nokkurri annari íþrótt, þá væri það ánægjulegt, ef við nú í þetta sinn gætum sent einn af okkar yngstu skákmönnum, sem hefir getið sér mjög mikinn orðstir hér heima sem skákmaður og sennilega mundi verða einhver allra yngsti skákmaðurinn á þinginu. Ef við gætum sent hann og hann gæti sýnt eins mikil afrek þar eins og hann hefir sýnt hér heima, þá mundi það vafalaust auka hróður okkar fram yfir það, sem síðasta sendiferð skákmanna á heimsmót varð okkur til frægðar. Ef þessir skákmenn fara frægðarför til Englands í sumar, þá verður það til þess að kynna okkur fyrir öðrum þjóðum, kennske meira en nokkuð annað. Því að hvert blað stórþjóðanna flytur greinar um skákþingið, svo að hægt er auðveldlega að fylgjast með hverri skák, sem er tefld.

Skáklistin er mjög fögur og gagnleg íþrótt. Hún æfir rökrétta hugsun, og er ef til vill sú íþrótt, sem við ættum allra íþrótta mest að stunda. Og fyrir þessa tamningu hugans, sem hún veitir, ætti hún að vera stunduð sem námsgrein í skólum landsins. Það er nauðsynlegt í lífinu að geta teflt sterkum og góðum leikum, en forðast þá veiku. — Ég vona, að hv. þm. verði velviljaðir því, að þessum mönnum verði sýnd viðurkenning frá því opinbera, því að hér getur varla verið um styrk að tala, þar sem ekki er um að ræða nema 300 kr. á mann til dvalar og ferðakostnaðar. Ég vona, að hv. dm. sjái, að hér er um nauðsynlegt mál að ræða, og býst ekki við, að lengri ræða sannfæri þá frekar um það. Vil ég biðja hv. þm. að minnast þess, að ég hefi hvorki fyrr né síðar verið kröfuharður um brtt. í fjárl.

Önnur brtt., sem ég flyt við fjárl., er á þskj. 376, XXIII, um að endurgreiða Páli Kr. Pálssyni, fyrrv. starfsmanni pósthússins í Reykjavík, úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Það hefir nú verið gengið inn á þessa braut, og ég sé ekki, að neitt mæli með því að neita þessum manni um endurgreiðslu. Að vísu hefir fjvn. við þessa umr. horfið frá þessari stefnu sinni. Þessi piltur hætti störfum sínum við pósthúsið til þess að fullkomna sig í hljómlist. Hann hefir hin beztu meðmæli frá kennurum sínum, t. d. Páli Ísólfssyni. Þessi greiðsla er ekki nema 300 kr., og hér er ekki farið fram á beinan styrk. Listaþrá þessa manns hefir leitt hann til þess að hverfa frá fyrra starfi sínu til þess, sem ekki mun færa gull og græna skóga; það hefir gengið svo til með listamennina.

Ég vona, að hv. d. og fjvn. taki þessum beiðnum mínum vel og líti á það, að fjárbeiðnum frá minni hendi er mjög í hóf stillt.

**Jörundur Brynjólfsson:** Ég býst nú fremur við því, að það sé tilgangslítið að fjölyrða um brtt., því nú sem oftar við umr. um fjárl. eru þeir fáir, sem á hlýða.

Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. um það, að þingið veiti 20 þús. kr. til lendingarbóta á Eyrarbakka. Reyndar við nánari athugun býst ég við, að ekki sé þörf á þessari brtt., þar sem ríkisstj. er heimilt samkv. bráðabirgðaákvæði í lögunum um lendingarbætur á Eyrarbakka að verja fé til þessara umbóta, þegar vissa er fengin fyrir fjárframlagi á móti og teikning hefir verið gerð af mannvirkinu. Nú er til þessara lendingarbóta fengið loforð um 20 þús. kr. framlag. Sýslusjóður leggur fram fé og kaupfélag Árnesinga, sem þegar hefir byrjað á bryggjugerð á Eyrarbakka. Þá þykist ég vita, að Landsbanki Íslands muni leggja fram fé til þessa mannvirkis. Hann á þarna mikilla hagsmuna að gæta, því að hann á eignir, sem liggja að lendingunni.

Mér þætti mjög æskilegt að fá að vita, áður en þessari umr. er lokið, hvort hæstv. dómsmrh. sæi sér ekki fært að verja þessu fé til þessara umbóta, ef fé er annars fyrir hendi til þess í ríkissjóðnum. Þörfin á lendingabótum þarna er

mjög brýn, því að með hverju ári spillist lendingin. Ölfusá ber stöðugt mikinn sand fram í lendinguna, svo að skipalægi, sem áður var allgott innan við skerjagarðinn, er nú orðið svo mjög spillt, að bátar geta nú orðið ekki komizt að bryggjunni, nema um háflóð, og þó ekki nema að bryggjusporðinum. En fyrst eftir að bryggjan var byggð gátu stórir bátar, fullhlaðnir, farið lengst upp með henni, þegar hásjávað var. Ég vona, að ráðh. gefi þá yfirlýsingu, að féð sé fáanlegt til þessa mannvirkis, svo framarlega sem það er til.

Þá er önnur till., sem ég leyfi mér að bera fram, um að hækka styrkinn til sandgræðslu, vegna sandvarnargarðs fyrir Óseyrarneslandi. Svo er mál með vexti, að í vetur braut sjávarflóð sandvarnargarðinn á Eyrarbakka, sem liggur í vestur í áttina til Óseyrarness. Þessi garður er 20 ára gamall, og ef honum er ekki haldið við, getur hann eyðilagzt á skömmum tíma, og er því mikil nauðsyn á að endurbæta hann. Hið opinbera hefir lagt fram fé í þessu skyni, og ég vænti þess fastlega, að það láti það ekki niður falla nú. Því að ef garðinum er ekki komið upp, þá geta orðið þarna hin mestu spjöll.

Þá hefi ég borið fram brtt. um, að það verði sett að skilyrði fyrir fjárveitingu til kaupa á gervilimum, að þau fari fram innanlands. Um nokkurra ára skeið hefir verið veittur nokkur styrkur í þessu skyni, en mikið af þessum peningum hefir farið út úr landinu. Nú höfum við ágætan smið, sem farið hefir til útlanda á síðasta ári til þess að kynna sér ýmsar nýjungar í þess háttar smíði. Þeir, sem hafa fengið hjá honum þessa smíðisgripi, hafa sagt, að þeir gefi ekki eftir samskonar gervilimum frá útlöndum. Þó að mönnum kunni að þykja gervilimir þessir dýrir hjá honum, þá er verð þeirra þó ekki nema ⅔ hlutar af því, sem þeir kosta erlendis. Auk þess kostar utanferðin sjálf til gervilimakaupa, ef menn þurfa að sigla til þess, ekki minna en 600—800 kr.

Þá flyt ég einnig till. um það, að sá styrkur, sem hann fær í þessa árs fjárl., verði látinn halda sér árið 1934, þ. e. 1600 kr., sem stj. færði niður í 1200 kr. En það mundi verða til þess, að maðurinn hætti algerlega þessari iðn um næstkomandi áramót. Þetta er seinunnið smíði, og tækin til þess eru dýr. Auk þess verður hann að gegna strax, þegar menn koma til hans utan af landi í þessum erindum. Þessu starfi er því svo háttað, að örðugleikar eru miklir á því að gegna föstu starfi samhliða því. Þetta gerir það aftur að verkum, að tekjurnar verða reitingssamar.

Þá hefi ég, ásamt hv. 4. þm. Reykv., borið fram brtt. um að veita Ferðafélagi Íslands 1000 kr. Þetta er hinn merkasti félagsskapur, og hefir starfað um nokkur ár. Fyrst má nefna það, að félagið hefir látið reisa sæluhús í óbyggðum landsins, sem koma ferðamönnum, sem um fjallvegu fara, að miklu gagni á hvaða tíma árs sem er. Þessi hús eru ágætlega gerð. Má í því sambandi nefna sæluhúsið fyrir ofan Hvítárnes, sem er hið prýðilegasta og hefir kostað félagið fyllilega 9 þús. kr. Auk þess hefir félagið gefið út árbók í nokkur ár og varið til þess um 11 þús. kr. Þá hefir það farið skemmtiferðir með börn úr efstu bekkjum barnaskólans í Reykjavík suður á Reykjanesfjallgarð. Ég býst líka við, að hv. þm. hafi skoðað sýningu þess, sem það hélt í vetur, sem bar starfsemi þessa félags hið bezta vitni, Þetta félag hefir engan fjárstyrk fengið, þótt það sé alls góðs maklegt. Nú er í ráði, að það setji upp skrifstofu til þess að leiðbeina ferðamönnum. — Ég vil geta þess, vegna ummæla hv. 1. þm. S.-M., að þessi 2 þús. kr. styrkur, sem hann gat um, á ekkert skylt við Ferðafélag Íslands. Hann er til 2 privatmanna. En ég ætla, að á annað hundrað manns sé í Ferðafélagi Íslands.

Þá má geta þess, að félagið hefir beitt sér fyrir vegabótum allmiklum uppi um óbyggðir, á fjallvegum, þar sem talsverð ferðalög eru. Og í ráði er nú, að það fari að beita sér fyrir því, að brúa vatnsföll á þessum fjallvegum. Ýmsir menn í þessum félagsskap hafa lagt á sig mikil gjöld og mikla vinnu til þess að greiða fyrir öllu þessu. Starfsemi félagsins er svo myndarleg og óeigingjörn, að mér finnst, að Alþ. ætti að sýna því viðurkenningarvott fyrir þessa ötulu starfsemi og veita því þessa litlu upphæð.

Þá ber ég fram brtt. um greiðslu til Búnaðarbankans upp í viðlagasjóðslán Grímsneslæknishéraðs til læknisbústaðar og sjúkraskýlis, 5 þús. kr. í 2 ár. Ég gerði við 2. umr. grein fyrir þessu. Íbúum þessa héraðs er algerlega ómögulegt að rísa undir þessum skuldabagga, og ég vona, að þingið daufheyrist ekki við óskum manna, þegar svo stendur á sem hér. Nokkuð af þessari upphæð ber héraðinu með réttu í raun og veru, því að það hefir ekki fengið nærri því þann styrk, sem það hefði átt að fá til þessarar byggingar, samanborið við önnur héruð, sem reist hafa hjá sér læknisbústað og sjúkraskýli. Þetta mál er svo augljóst, að ekki er þörf að fjölyrða um það frekar.

Þá leyfi ég mér að bera fram þá brtt., að Halldóri Þórðarsyni, sem var dyravörður hér í Alþ. um nokkurra ára skeið, verði veittar 300 kr. á ári. Þetta er háaldraður maður, sem varð fyrir áfalli á síðastl. ári, eins og hv. þm. er kunnugt, sem gert hefir það að verkum, að heilsa hans er tæpari síðan, og hamlar það honum frá störfum. Alþ. hefir sýnt þeim mönnum, sem starfað hafa fyrir það og líkt hefir verið ástatt um, þá viðurkenningu að liðsinna þeim lítilsháttar. Hér er um góðan og gegnan mann að ræða, sem ég vona, að hv. þm. láti njóta þess, hve vel hann hefir rækt sitt starf hér við Alþ. — Læt ég svo staðar numið um brtt. mínar.

**Sveinbjörn Högnason:** Hv. samþm. minn hefir mælt fyrir brtt., sem við flytjum saman. En það eru nokkrar brtt., sem ég flyt einn eða með öðrum, sem ég vildi minnast á lítilsháttar.

Það er þá brtt. á þskj. 376, XXII, um að endurgreiða Lárusi Bjarnasyni skólastjóra úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, án vaxta, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Eins og kunnugt er, starfaði Lárus sem kennari við menntaskólann á Akureyri og fluttist síðan að gagnfræðaskólanum í Hafnarfirði sem skólastjóri, eftir að sú breyt. kom um skipun gagnfræðaskóla og héraðsskóla, sem gerð var 1930. En við það, að flytja þannig frá skólanum á Akureyri, þar sem hann hafði greitt allan tímann í lífeyrissjóð af launum sínum, þá falla niður réttindi hans til að fá það aftur greitt úr sjóðnum, eftir að hann kemur að Flensborgarskóla. Ennþá hefir löggjöfin vanrækt að setja sérstök ákvæði um lífeyrissjóð skólastjóra við þessa nýju gagnfræðaskóla og héraðsskóla, sem reistir hafa verið. Það virðist þar af leiðandi ekki nema sjálfsagt, að þessi maður fái aftur það, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð, þegar hann hefir ekki lengur rétt til þess að fá neinn styrk eftirleiðis. Maður þessi er flestum kunnur af starfi sínu sem einhver okkar duglegasti skólamaður, og hefir hann rækt starf sitt af meiri alúð en almennt gerist. Virðist mér honum illa launað slíkt starf, ef hann verður ekki a. m. k. látinn fá þessa endurgreiðslu, sérstaklega þar sem gengin hefir verið sú braut að undanförnu, að láta nokkra menn fá slíkar endurgreiðslur. Ég sé ekki, að í raun og veru sé hægt að breyta um, eins og fjvn. virðist ætlast til að gera verði, eftir hennar till. á sama þskj., fyrr en flutt hefir verið till. um breyt. á ákvæðum reglugerðar lífeyrissjóðs.

Ég sé að hv. fjvn. leggur til, að það fé, sem Jón Halldórsson ríkisféhirðir hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna, verði greitt til lífeyrissjóðs þessarar stofnunar, sem hann nú er kominn til. Það er líka rétta leiðin, þegar slíkir sjóðir eru fyrir hendi. En þegar embættismenn fara úr þjónustu ríkisins og til þeirra stofnana, sem löggjafarvaldið hefir vanrækt að láta koma sér upp lífeyrissjóði, þá er ekki önnur leið til þess, að þeir njóti sama réttar, en að borga þeim út það, sem þeir hafa greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þessa till. mína.

Ég hefi ennfremur flutt till. með hv. þm. Vestm. um það, að veita Ólöfu Vilborgu Sigurðardóttur fyrrv. ljósmóður 300 kr. Um þá till. er það sama að segja og hina, að fordæmi eru fyrir því, að þingið veiti styrki undir þeim sömu kringumstæðum, sem hér er um að ræða. Ég þori að fullyrða, að þessi kona hefir rækt starf sitt sem ljósmóðir svo vel og lengi, að fáar hafi betur gert. Enda fylgja umsókn hennar beztu meðmæli frá þeim manni, sem lengst af var sýslumaður í Skaftafellssýslu meðan hún starfaði þar, Sigurði Eggerz. Vænti ég fastlega, að þessi

aldraða heiðurskona verði ekki sett skör lægra heldur en aðrar ljósmæður, sem sótt hafa um styrk til þingsins og fengið hann. Á hún fyllilega skilið, að henni sé veitt viðurkenning fyrir starf sitt nú í ellinni.

Þá höfum við hv. 1. þm. Rang. flutt brtt. á sama þskj., rómv. 17, um greiðslu til Búnaðarbanka Íslands á viðlagasjóðsláni frá 1928 til byggingar gistiskála í Múlakoti í Fljótshlíð. Þetta lán til gistiskála í Múlakoti var veitt vegna þess, að þá var þar mjög mikil umferð, bæði af skemmtiferðafólki yfir sumartímann og ferðafólki úr austursveitunum. Nú er aðstaðan á þessum stað mjög breytt frá því, sem hún var árið 1928. Nú liggur aðalvegurinn miklu sunnar en áður og Múlakot því ekki lengur í þjóðleið. Auk þess hefir áin nú, eins og menn vita, tekið af allan veg inn í Fljótshlíðina, svo að skemmtiferðir þangað stöðvast einnig. Útlit er fyrir, að ef landbrotið heldur áfram eins og í vetur og ekki finnast nein ráð til bjargar, þá verði bændur að flytja burt af þessum slóðum. Mér finnst, að þegar aðstaðan til þess að reka gistiskálann hefir fyrir rás viðburðanna breytzt svona gífurlega á skömmum tíma, þá mæli fyllsta sanngirni með því, að þetta lán til hans sé gefið eftir. Ég þori að fullyrða, að ekki mun víða vera svipað ástatt, þar sem veitt hefir verið lán til gistiskála. Þörfin fyrir gistihúsið hefir sennilega hvergi horfið svo skömmu eftir að gistiskáli hefir verið reistur.

Þá ætla ég að minnast á brtt. okkar þm. Rang. á þskj. 366, rómv. 7, um 1000 kr. styrk til hjónanna Finnboga Sveinssonar og Sæunnar Sæmundsdóttur á Velli í Hvolhreppi, til hælisvistar handa fávita syni þeirra. Ég leyfi mér að fullyrða, að það er yfirleitt ástæða til þess fyrir Alþingi að veita styrktarfé til handa þeim, sem einhverra orsaka vegna hafa alveg sérstaklega erfiðar ástæður. Þannig er ástatt um þessi hjón. Þau hafa búið þarna lengi sem einyrkjar, með þrjú börn. Eitt af þeim er fáviti, og hefir verið það alla tíð. Móðirin hefir orðið að vera bundin við þennan aumingja svo að segja dag og nótt, og hefir hann eflaust orðið því erfiðari sem hann varð eldri. Býst ég ekki við, að heilsa konunnar þoli það mikið lengur að hafa þennan vesaling á heimilinu. E. t. v. verður nú sagt, að með því að veita þennan styrk sé skapað fordæmi, sem notað yrði eftirleiðis. Í því sambandi vil ég benda á, að það verður hvort sem er ekki mögulegt fyrir þjóðfélagið að daufheyrast við því til lengdar að rétta þeim hjálparhönd, sem við svona ástæður eiga að búa, þeim sem orðið hafa fyrir þeirri ógæfu að hafa fávita um að hugsa. Þörfin á því að gera eitthvað í því máli verður alltaf brýnni og brýnni, eftir því sem færri verða á heimilunum til þess að annast þessa aumingja. Vinnufólki fækkar nú stöðugt í sveitunum, og verða því húsmæðurnar meira og meira við slíkt bundnar. Hvort sem nú verður farið inn á þá braut að veita aðstandendum fávitanna sérstaka styrki, eða önnur leið fundin til að hjálpa þeim í bili, þá verður ríkið svo fljótt sem auðið er að koma upp hæli handa þessum aumingjum.

Ég held, að það séu svo ekki fleiri brtt., sem ég þarf að tala um. Ég veit, að hv. samþm. minn hefir skýrt nægilega þær till., sem við flytjum saman.

**Frsm. fyrri kafla (Ingólfur Bjarnarson):** Ég ætla með fáum orðum að lýsa afstöðu fjvn. til þeirra brtt., sem fram hafa komið frá einstökum þm. og þeir hafa nú flestir mælt fyrir. Ég býst ekki við að þurfa að eyða til þess löngum tíma, enda eru svo fáir viðstaddir, að slíkt hefði ekki mikla þýðingu. Til þess að flýta fyrir, mun ég taka till. í þeirri röð, sem þær eru á þskj.

Þá er fyrst till. á þskj. 366 frá hv. 2. þm. Reykv., um að veita 1800 kr. úr póstsjóði til þess að kaupa einkennisbúninga handa bréfberum í Reykjavík. Eins og fram kom í ræðu flm., er hér í rauninni um launauppbót að ræða. Hann talaði um, að laun bréfberanna væru lág og þess vegna væri rétt að styrkja þá til fatakaupa. Ég hefi leitað mér nokkurra upplýsinga um þetta efni. Þessi beiðni bréfberanna hefir verið lögð fyrir stjórnarráðið ásamt skýrslu um launakjör þeirra, og sá stjórnarráðið ekki ástæðu til að taka hana til greina. Þó að sjálfsagt megi segja, að laun bréfberanna séu ekki há, þá býst ég fyllilega við, að margir hafi við lakari kjör að búa. Sá n. sér á engan

hátt fært að ganga feti framar í þessu efni heldur en stjórnarráðið treysti sér til, og leggur hún því á móti þessari brtt.

Þá er hér brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. um að hækka framlag til nýrra símalagninga um 35 þús. kr. samkv. aðaltill., en 12 þús. kr. til vara. Á sú hækkun að ganga til ákveðinnar línu heima í hans kjördæmi. Hv. þm. fór nokkuð út í það, hvaða áhrif þetta mundi hafa á tekjur símans, og fannst mér hann vilja reikna út, að þetta framlag mundi borga sig nokkuð vel. Út í þá útreikninga tel ég þýðingarlítið að fara, en geri ráð fyrir, að þeir muni vera nokkuð út í bláinn, þar sem engin rannsókn liggur fyrir um þessa hluti.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði og hafði eftir landssímastjóra, að till. hans um símalagningar hefðu verið bundnar við fyrri ára till., án þess í rauninni hefði verið athugað nægilega, hvað þarflegar þær væru, þá verð ég að segja, að mér þykir mjög undarlegt, af landssímasjóri hefir gefið slíka yfirlýsingu. N. hefir haft það fyrir reglu að hreyfa sem minnst við þeim till., sem landssímastjóri hefir lagt fram, því hún hefir ekki þótzt hafa kunnugleika til þess að gera þar upp á milli; hefir hún því venjulega farið eftir þeim í sínum till. Hvort till. landssímastjóra hafa fengið nægilega athugun áður en þær voru lagðar fram, það getur n. ekki dæmt um. En mér þykir nokkuð ósennilegt, að landssímastjóri vilji sjálfur halda því fram, að till. hans séu lítið athugaðar. Sem sagt hefir n. ekki séð sér fært að breyta neitt sínum till. í þessu efni, og verður hún því að leggja á móti þessari hækkunartill. hv. þm. N.-Ísf.

Þriðja brtt. á þskj. 366 er frá hv. þm. Ísaf., um 2500 kr. fjárveitingu til fjörefnarannsókna í þjóðlegum íslenzkum matvælum. Við 2. umr. var borin fram af sama hv. þm. till. um að veita 5000 kr. í þessu skyni. N. mælti á móti þeirri till., og var hún felld. Afstaða n. til þessa máls er hin sama enn, þó fjárveitingin, sem farið er fram á, hafi verið lækkuð, og leggur hún því til, að þessi brtt. sé felld.

Undir þessum lið er önnur brtt. frá sama hv. þm., um að veita 2000 kr. til að kaupa stórsegul til augnlækninga. Um þá till. hafa nm. óbundin atkvæði.

Þá er IV. liður á sama þskj., sem er till. frá hv. þm. Seyðf., um 6000 kr. styrk til viðbyggingar sjúkrahússins á Seyðisfirði. Við 2. umr. lá fyrir till. um 12 þús. kr. framlag til þessarar byggingar, og var hún felld. Nú hefir upphæðin verið lækkuð um helming, en afstaða n. er samt óbreytt, og leggur hún eindregið á móti þessari till. N. lítur svo á, að áður en til mála geti komið, að þingið taki til greina beiðni um slíkt framlag, þurfi að liggja fyrir kostnaðaráætlun og skýrsla frá húsameistara ríkisins um það, hvort þessi fyrirhugaða viðbótarbygging, sem engin lýsing liggur fyrir um, er haganleg, og hvort sjúkrahúsið verður sæmilegt til frambúðar, ef hún kæmist upp.

Um V. brtt. á sama þskj., sem er frá hv. þm. Barð., um styrk til Reykhólalæknishéraðs til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaðar, hefir n. óbundin atkv.

VI. brtt., sem flutt er af þremur hv. þm., er um það, að bætt sé við liðinn um styrk til gervilimakaupa þeirri aths., að hann skuli því aðeins veittur, að gervilimirnir séu smíðaðir innanlands. En það er í raun og veru hið sama og krefjast þess, að gervilimirnir séu smíðaðir af einum og sama manni, því aðeins einn maður smíðar slíka hluti hér á landi. N. telur eigi rétt að stuðla þannig að nokkurskonar einokun á þessu sviði. Virðist því síður hægt að fallast á þetta, þar sem fram hefir komið við þessa umr., að við borð lægi, að þessi eini gervilimasmiður hætti starfi sínu um næsta nýjár. N. leggur því á móti því, að þessi aths. verði sett inn í fjárl. Sömuleiðis leggur hún á móti því, að styrkurinn til þessa manns verði hækkaður, eins og farið er fram á í 2. tölul. þessarar till.

Þá er VII. brtt., frá hv. þm. Rang., um styrk til hjónanna Finnboga Sveinssonar og Sæunnar Sæmundsdóttur til hælisvistar handa fávita syni þeirra. Um þessa till. er það að segja, að n. efar að vísu ekki, að þessi hjón eigi mjög erfitt með að sjá um þennan son sinn, sem þannig er ástatt um. En það verður jafnframt að athugast, að eftir því sem næst verður komizt, eru um 200 fávitar á landinu, og gera má ráð fyrir, að aðstandendur flestra þeirra eigi við lík kjör að búa og þessi hjón. Og í mörgum tilfellum verða sveit-

arfélögin að sjá um framfærslu þessara aumingja. N. getur ekki betur séð en að allir, sem þarna eiga hlut að máli, eigi sama rétt til hjálpar frá hinu opinbera. Og ef veita ætti aðstandendum allra fávita í landinu svipaðan styrk sem hér er farið fram á, er sjáanlegt, að það mundi nema 200 þús. kr. útgjöldum. Þar sem málið horfir svona við, treystir n. sér ekki til að mæla með því, að eitt heimili sé tekið út úr í þessu efni, og leggur hún því á móti þessari brtt.

Þá koma næst nokkrar till. um að hækka framlög til ýmsra vega. Voru þær teknar aftur við 2. umr. og eru nú bornar fram að nýju, sumar eitthvað breyttar. Um þær hefir n. ekki margt að segja annað en það, að hún treystir sér ekki til að mæla með þeim. Get ég fyrst minnzt á Hofsósveg; nú er farið fram á að hækka framlagið til hans um 2000 kr. N. vill láta þess getið, að í till. vegamálastjóra til stj. var ekkert ætlað til þessa vegar, en hæstv. stj. tók upp 3000 kr. framlag til hans gegn till. vegamálastjóra. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, og eftir því, sem n. hefir getað gert sér hugmynd um þetta mál, fannst henni það vera sæmileg úrlausn, eftir því sem lagt er til annara vega. Hv. flm. talaði um, að þessi 2000 kr. viðbót mundi nægja til þess að koma af einhverjum þýðingarmiklum kafla af þessum vegi, en eftir upplýsingum vegamálastjóra skilst mér, að það geti naumast verið fyllilega rétt. Ég held, að 5000 kr. myndu ekki nægja til að koma af þeim vegarspotta, sem hv. þm. talaði um.

Út af till. hv. 1. þm. N.-M. um framlag til Úthéraðsvegar vil ég geta þess, að samkv. upplýsingum vegamálastjóra er þessi vegur nú kominn út að Eiðum, og yrði því fjárveitingin, sem hér er farið fram á, notuð til að gera veg frá Eiðum og út eftir héraðinu. Upplýsir vegamálastjóri, að sá vegarkafli verði mjög dýr, og því mundi lítið vinnast fyrir svona lága upphæð, en hinsvegar sé héraðið þarna fremur fámennt. Telur hann því, að þessi vegur eigi ekki jafnan rétt á því, að honum sé hraðað nú, eins og margir aðrir vegir. Treystir n. sér því ekki heldur til að mæla með þessari fjárveitingu.

Um hækkun þá á framlagi til Fjarðarheiðarvegar, sem hv. þm. Seyðf. gerir till. um, hefir n. ekki annað að segja en það, að hún treystir sér ekki til að ganga lengra heldur en hún þegar hefir gert í sínum till. hvað þennan veg snertir. Enda heyrðist mér á hv. þm., að hann mundi e. t. v. taka till. sína aftur.

Sama er um till. hv. 1. þm. S.-M., um 3000 kr. framlag til Skriðdalsvegar, að segja. N. treystir sér ekki að mæla með henni. Hinsvegar gerir n. það ekki að neinu kappsmáli, hvað hv. d. vill leggja til þessara mála.

Þá kem ég næst að brtt. XX. á þskj. 366, sem er um að veita til bátabryggju á Vattarnesi 3000 kr., gegn helmingsframlagi annarsstaðar að, sem flutt er af hv. 1. þm. S.-M. N. þykir þetta kynleg till. og kemur hún í raun og veru alveg óvænt, þar sem hv. flm. lýsti því yfir við 2. umr., að hann teldi sjálfsagt, að héraðið legði til þessarar bryggju ⅔ byggingarkostnaðar móti 300 kr., eins og venja er, en nú tekur hv. flm. till. um þetta aftur og vill, að héraðið þurfi aðeins að leggja fram helming kostnaðarins. N. hefir tekið inn á sínar till. þessa 3000 kr. fjárveitingu með því skilyrði, að helmingi meira framlag komi annarsstaðar að, eins og flm. taldi sjálfur sjálfsagt við 2. umr. og almennt er krafizt. Getur n. alls ekki gengið inn á þessa breyt. á hlutfallinu. Hv. þm. færði það fram, að hér væri um ríkiseign að ræða og þess vegna væri hér öðru máli að gegna, þar sem fé þetta yrði til þess að hækka verð eignarinnar, en ég fæ ekki séð, hvaða tekjum ríkið getur búizt við vegna þessarar bryggjubyggingar, og það er ekkert einstakt tilfelli, að bátabryggjur séu byggðar á jörðum, sem eru ríkiseign. En engum hefir dottið í hug að breyta framlagshlutföllum þess vegna. Ég vil t. d. nefna eitt dæmi úr mínu kjördæmi, þar sem bryggja var byggð á ríkiseign, en það er í Flatey á Skjálfanda, sem öll er ríkiseign. Þar lagði héraðið fram ⅔ kostnaðar, en ríkið ⅓; annað kom ekki til mála. Annars finnst mér þessi till. hv. þm. ekki koma sem bezt heim við þau rök, sem hann í löngu máli flutti hér í þessari hv. d. í gær fyrir því, að það væri allt of mikið að ríkið legði fram ⅔ kostnaðar til hafnargerða og lendingarbóta víðsvegar um landið, og vildi ekki að framlag rík-

issjóðs yrði meira en ⅓ kostnaðar. Samtímis vill hann endilega fá til bátabryggju í sínu kjördæmi helming kostnaðar. Ég hygg, að varla verði talin þörf á hærra ríkisframlagi til bryggjubygginga heldur en til hafnar- og lendingarbóta.

Þá er á þskj. 376 till. um 3500 kr. framlag til þess að setja útvarpstæki í landsspítalann, frá hv. þm. Dal. N. treystir sér ekki til þess að mæla með þessari fjárveitingu, enda telur hún nokkuð öðru máli að gegna um landsspítalann en t. d. heilsuhæli berklasjúklinga. Á landsspítalanum eru flestir sjúklingar aðeins stuttan tíma og oft svo veikir, að þeir geta ekki haft not af útvarpi. Því vill n. leggja á móti þessari till.

Þá ber sami hv. þm. fram á sama þskj. till. um að hækka um 1000 kr. tillag til læknisbústaða, og að sú hækkun verði látin ganga til læknisbústaðar í Búðardal. Fjvn. leitaði álits landlæknis um þessa till. og fékk þær upplýsingar, að venjan væri sú, að styrkir til sjúkraskýla frá ríkissjóði væru ekki bundnir við kostnaðinn, heldur við þá áætlun, sem húsameistari gerir á hverjum stað um byggingarkostnaðinn. Þetta sjúkraskýli hafði hann áætlað á 24 þús. kr., og þar sem ríkið hefði þegar greitt 8 þús. kr. til skýlisins, taldi landlæknir ekki ástæðu til, að veitt yrði meira þangað úr ríkissjóði og telur, að þetta hérað hafi farið sæmilega út úr byggingu sjúkraskýlisins, samanborið við önnur héruð. N. leggur því á móti þessari brtt.

Þá á hv. 1. þm. Eyf. brtt. III. á sama þskj., um 3000 kr. hækkun á tillagi til Öxnadalsvegar. Um þá till. er það sama að segja, að n. treystir sér ekki til að mæla með henni. Viðvíkjandi því, sem hv. flm. var að færa fram sem sérstaka ástæðu fyrir hækkuninni, að með henni yrði kleift að fullgera vegarkafla, sem annars kæmi að engum notum, af því þar væri vegurinn lagður á öðrum stað en hann nú er, þá vil ég taka það fram, að vegamálastjóri hefir gefið n. þær upplýsingar, að 3000 kr. mundu alls ekki nægja til þess að fullgera þennan vegarkafla, og skipti því ekki máli, að hans áliti, hvort þessi viðbót fengist til vegarins.

Þá er á sama þskj. V. till. um nýjan lið, 20 þús. kr., en til vara 10 þús. kr., til þess að byggja öldubrjót í Bolungavík. Fyrir n. lá engin skýrsla þessu viðvíkjandi og engin áætlun um það, hvað gera skal á þessum stað, og skildist mér, að beðið sé eftir áliti frá hreppsnefndinni í Bolungavík. Hinsvegar hefir n. snúið sér til vitamálastjóra og beðið hann um álit hans á þessu máli, en hann kveður sér það alveg ókunnugt. Eins og mál þetta horfir nú við, sýnist ekkert viðlit að veita fé þetta út í bláinn, og verður n. því að leggja eindregið móti þessari brtt.

Þá er brtt. 376,VI, frá 1. þm. Eyf., um 200 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til byggingar öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu framlagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar. Það er rétt hjá hv. flm., að fyrir n. lágu teikningar um þetta mannvirki og áætlun upp á 600 þús. kr., en sú skýrsla, teikningar og áætlun hefir aldrei komið í skrifstofu vitamálastjóra, eftir hans sögn, og kvað hann sér þetta mál algerlega ókunnugt, hvað þá að hann hafi komið nærri því að gera þessar teikningar eða áætlun. Þegar svo horfir, þá er það álit n., og ég býst við allra hv. þdm., að það sé öldungis óhugsanlegt, að ríkið leggi fé í svo stórt mannvirki án þess að trúnaðarmaður ríkisins hafi svo mikið sem litið á hið fyrirhugaða mannvirki, og leggur n. því eindregið á móti þessari brtt.

Þá er næst brtt. 376,VII, frá hv. 1. þm. Árn., um allt að 20 þús. kr. styrk til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Hugmyndin mun vera sú, að verja höfnina á Eyrarbakka sandi með fyrirhuguðum garði. Nú er um þrætt af kunnugum mönnum, hvert gagn þessi garður myndi gera, og meðfram með það fyrir augum telur n. sér ekki fært að mæla með þessari fjárveitingu, þar sem svo margt þarf að skera niður af þörfum fjárveitingum, eins og kunnugt er.

Næst vil ég minnast á till. hv. 1. þm. Skagf. á þskj. 386 um 10 þús. kr. hækkun á framlagi til vegar yfir Siglufjarðarskarð. Hv. flm. gaf þær upplýsingar, að vegarstæði þarna hefði verið rannsakað á síðasta sumri. En rannsóknin var ekki önnur en sú, að einn af verkstjórum vegamálastjóra hafði eftir beiðni héraðsmanna athugað þennan veg og gert áætl-

un um hann upp á 35 þús. kr. til þess að gera hann slarkfæran. En vegamálastjóri upplýsir, að sú áætlun hljóti áreiðanlega að vera röng og byggð á skökkum mælingum, en vill þó ekki fortaka, að hægt væri að gera þarna slarkfæran sumarveg án þess að hann kosti afarmikið. Áður hafði þessi vegur verið mældur og áætlaður að kosta um ¼ milljón kr. Vegamálastjóri segir, að hægt muni að vísu að ryðja veg þennan án geysilegs kostnaðar, en leggur til, að framkvæmdum verði frestað þangað til ýtarlegri rannsókn hefir farið fram næsta sumar. Enda er það svo, þó hægt væri að gera bílfært yfir Skarðið, að þá er langur kafli, um 20 km., sem er ófær vestur eftir Fljótunum. Mál þetta er því í fjarlægð eins og stendur og sýnist ekki skipta miklu máli um þessar 10 þús. kr., og leggur n. því á móti þessari till.

Á þskj. 396,I er till. frá hv. þm. V.-Sk. um 2000 kr. hækkun á framlagi til Síðuvegar. N. leggur enga áherzlu á að fella þessa litlu fjárveitingu, þó hún muni fyrir sitt leyti ekki greiða henni atkv.

Þá er á þskj. 401 brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. og fleirum um að veita úr ríkissj. 40 þús. kr. til þess að byggja radiovita á Reykjanesi. Þessi till. er komin fram nú á síðustu stundu, og hefir n. því ekkert tóm haft til þess að athuga hana eða bera hana undir vitamálastjóra. Þar sem hér er einnig um háa upphæð að ræða og órannsakað mál, leggur n. ákveðið á móti till.

Vera má, að ég hafi óviljandi gengið framhjá einhverjum liðum í brtt. hv. þdm., en við það verður að sitja, enda hlýða nú fáir á umr. og skiptir því sjálfsagt litlu, hvort talað er með eða móti einstökum brtt. af n. hendi, en eins og hv. þdm. hafa heyrt, heldur n. fast við þá stefnu að leggja á móti nær öllum útgjaldatillögum hv. þdm.

**Frsm. síðari kafla (Tryggvi Þórhallsson):** Ég hygg það séu eitthvað um 70 brtt. við fjárlagafrv., sem kemur í minn hlut að tala um. Ég get verið mjög stuttorður um þessar till. Það má segja um þær almennt eins og brtt. við fyrri kaflann, að yfir þeim verður sungið með hringdum bjöllum og steyptum kertum. Skal ég svo án frekari formála snúa mér að efninu og taka fyrst fyrir þær brtt. á þskj. 366, sem eru við síðari kafla fjárl.

N. getur ekki mælt með till. hv. þm. Dal. um fjárveitingu til Kvennabrekkusafnaðar, en telur það fremur hlutverk hins almenna kirkjusjóðs að veita þennan styrk. N. er ekki með næstu till. um styrk til þýzks sendikennara, og ekki heldur með tveimur þar næstu styrkjum, ekki með till. hv. þm. Vestm. um hækkun á tillagi til sundlauga, og ekki með till. hv. þm. Ak. um 600 kr. til Geirs Þormars tréskurðarmeistara. Um seinni liðinn í till. hans hefir n. óbundið atkv. N. hefir sömu skoðun og hún hafði við 2. umr., að skera beri niður till. um utanfararstyrk Sinu Ásbjarnardóttur. Meiri hl. n. vill ekki láta styrkja Alþýðubókasafnið í Rvík, þar sem ríkið styrkir nú Landsbókasafnið, sem er til afnota fyrir almenning. Þá vill n. ekkert hafa með 1000 kr. styrk til Ferðafél. Íslands, sbr. XXIX. till., sömuleiðis ekki heldur með styrk til Helga Guðmundssonar kennara í Austmannsdal til þjóðsagnasöfnunar, og ekki heldur vill hún, að ísl. karlakórum sé veittur nokkur styrkur af ríkisfé. N. hefir óbundin atkvæði um styrk til Baldvins Jónatanssonar, og sömuleiðis um till. XXXIII., en hinsvegar lítur n. svo á, að slíkar till. eigi að koma gegnum kreppunefnd. Næsta till. er frá fjvn. um framlög til ræktunarvega. N. getur ekki fallizt á, að veittur verði utanfararstyrkur Eiríki Bjarnasyni til þess að kynna sér verkun síldar, og heldur ekki að veittur verði 1500 kr. styrkur til fyrirhleðslu Skálmar í Álftaveri. N. telur opna leið að beina slíku erindi til Búnaðarfélags Íslands. Þá vill n. sömuleiðis leggja fastlega á móti því, að XXXVIII. liður, um greiðslu til Búnaðarbankans vegna Grímsneslæknishéraðs, verði samþ. N. hefir athugað þær eftirlaunabeiðnir, sem fyrir hafa legið. Um tvær þær næsttöldu, frá hv. þm. Barð. og hv. þm. N.-Ísf., er það að segja, að þær eru ekki nægilega rökstuddar. N. leggur áherzlu á, að ekki séu tekin upp í 18. gr. eftirlaun til yfirsetukvenna, sem aðeins hafa gegnt því starfi um stuttan tíma; því leggur n. á móti XLIII. lið og XLIV. lið telur hún ekki heppilegt fordæmi með eftirlaun til hreppstjóra. Þá þykir n. ó-

þarft að veita eftirlaun samkv. XLV. lið til manns, sem ekki hefir lengur starfað við Alþingi en hér er um að ræða. XLVI. lið getur n. ekki mælt með, þar liggja heldur ekki fyrir nægilegar upplýsingar. N. getur ekki fallizt á, að það eigi að greiða Jósef Björnssyni full laun, þegar hann lætur af starfi sínu. Þá er meiri hl. n. mótfallinn till. hv. þm. Dal. um að taka 25 þús. kr. af verzlunarágóða Viðtækjaverzlunarinnar til þess að greiða fyrir útvarpsnotkun. N. hefir óbundin atkv. um síðustu till. á þessu þskj., en mælir þó ekki með henni.

Þá skal ég minnast á brtt. á þskj. 376. Í VIII. lið er hv. landbn. að vega í hinn sama knérunn og fyrr um þá hluti, sem átt hefðu að vera á sviði fjvn. Hún er mótfallin þessum lið, og sömuleiðis þeim næsta. N. mælir eindregið á móti styrk til ferðamannaskrifstofu Íslands og álítur, að það fyrirtæki eigi að bera sig. N. telur ekki fært að samþ. XI. lið, hún mælir heldur ekki með styrk til Skáksambands Íslands. Meiri hl. n. telur, að ekki þurfi að auka við tillagið til sandgræðslu til þess að þær framkvæmdir geti komizt á, sem um getur í XIII. lið. N. telur mjög fráleitt, að ríkissjóður fari að styrkja skógræktarfélög í einstökum héruðum, og leggur því til, að XIV. liður verði felldur. Um XV. lið hefir n. óbundin atkv. og sömuleiðis um XVI. lið. N. leggur á móti XVII. lið, og sömuleiðis eindregið á móti XVIII. lið, en um XIX. lið hefir n. óbundin atkv. Það liggur ekkert fyrir um það, að eftirlaun ljósmóður í XX. lið séu réttmæt, og leggur n. því til, að sá liður verði felldur. Af samræmisástæðum leggur n. á móti XXII. og XXIII. lið. N. leggur og á móti XXIV. lið, um 10 þús. kr. lán til Jóns Leifs til útgáfu tónverka, og bendir á það jafnframt, að aldrei áður hefir komið frá hv. þdm. till. um tryggingarlaust lán úr ríkissjóði, eins og hér er farið fram á. Það er fráleitt, að n. sjái sér fært að mæla með XXVI. lið, um ábyrgðarheimild fyrir útgerðarfélag í Borgarnesi, og sömu afstöðu hefir hún gagnvart XXVII. lið.

Þá tek ég fyrir þskj. 386. N. mælir á móti styrk til útgáfu kennslubókar í ítölsku, sbr. II. lið, og telur það mál ekki tímabært nú. Út af till. hv. þm. Seyðf. í III. lið um framlag til ræktunarvegar á Seyðisfirði skal ég taka það fram, að n. er á móti till. í þessu formi, en ef hún væri flutt í sama formi og till. um framlög til ræktunarvega á Akranesi og í Vestmannaeyjum, sem mér hefir skilizt á hv. flm., að hann ætlaði sér, þá mun n. geta fallizt á till. N. er mótfallin IV. liðnum og telur, að slíkir styrkir dragi dilk á eftir sér, en um V. liðinn hefir hún óbundin atkv. Þá getur n. fallizt á II. lið á þskj. 396, um að hækka styrk til Helgu Finnsdóttur úr 600 kr. í 1200 kr., eftir að n. hefir fengið nánari upplýsingar.

Þá vil ég loks gera grein fyrir því, að áætlunarupphæðin á þskj. 402 er hækkuð um 12 þús. kr., en hér er ekki um raunverulega hækkun að ræða, heldur aðeins leiðréttingu vegna þess, að upphæðin eins og hún er í fjárlfrv. getur ekki staðizt í reyndinni, svo hér er því aðeins um leiðréttingu að ræða. N. telur sjálfsagt, að stj. verði að verja svipaðri upphæð og áður til þessara framkvæmda.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég hefi fátt annað að segja en það, að ég get tekið undir með frsm. n., að ekki sé fært að samþ. margar hækkunartill. Það er þegar orðinn greiðsluhalli á fjárlagafrv., og þó að telja megi, að tekjuáætlanir séu varlegar, þá er það venjan, að útgjöldin fari langt fram úr áætlunum, sjaldan öllu minna en 10—15%. Tónninn er allur sá í þm., að kreppan sé svo mikil, að ekki sé fært að gera miklar ráðstafanir í slíku árferði. Þetta hugarfar verður að koma fram í atkvgr., þannig að menn greiði atkv. á móti ýmsum till., sem þeir í betra árferði mundu hafa samþ.

Það eru þó till., sem n. leggur á móti, sem ég vildi styðja, og það eru till., sem hverfa til atvinnubóta, eins og um stofnun samvinnuútgerðarfélaga í kauptúnum á Austfjörðum, sem ekki geta verið án nokkurrar hjálpar frá ríkinu, og það verður þá bezt gert með því að efla sjálfstæðan atvinnurekstur þeirra. Það mundi hvort sem er lenda á ríkinu að veita þeim einhverja aðstoð, og er því eins gott að hafa hana í atvinnurekstrarformi.

Fleira ætlaði ég ekki að taka fram að svo stöddu, en óska þess, að sem fæstar till., sem fyrir liggja, verði samþ.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Út af fyrirspurn hæstv. forseta viðvíkjandi 7. brtt. á þskj. 376, vil ég segja nokkur orð. Hann spurði, hvort stj. vildi ekki í samræmi við l. nr. 45 frá 1931 greiða allt að 20 þús. kr. til sjóvarnargarðs hjá Eyrarbakka, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, þó ekki væri veitt til þess fé í fjárl. sjálfum. Út af þessu vildi ég segja það, að ég get ekki séð, að það skipti stj. nokkru, hvort það stendur í fjárl. eða ekki, vegna þess að heimildin er til í þessum l. og hún er bundin sama skilyrði eins og í brtt. hæstv. forseta. Ég skal þess vegna lýsa því yfir, að svo framarlega sem álitið verður, að fé sé fyrir hendi, þá verður þetta gert, hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki.

**Forseti (JörB):** Samkv. yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. er brtt. VII á þskj. 376 tekin aftur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 12. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 317, n. 348, 366, 376, 386, 396, 401, 402, 404).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 404. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

ATKVGR.

Brtt. 366,I.1—2 felld með 14:6 atkv.
— 376,I.a—b felld með 18:7 atkv.
— 366,II.a—b felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, VJ, BÁ, GÍ, HG, HV.
nei: JónasÞ, PHalld, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BKr, HStef, HJ, IngB, JörB.
Brtt. 366,III.1 felld með 14:13 atkv.
— 376,II.1.a—b samþ. með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, BJ, GÍ, HStef, HG, HV, JJós, JAJ, JÓ, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, JörB.
nei: PO, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, HJ, IngB, PHalld.
Brtt. 366,III.2 samþ. með 15:5 atkv.
— 376,II.2.a—b felld með 14:6 atkv.
Brtt. 366,IV felld með 14:6 atkv.
— 366,V samþ. með 16:7 atkv.
— 366,VI.1 felld með 15:9 atkv.
— 366,VI.2 samþ. með 15:12 atkv.
— 366,VII samþ. með 15:6 atkv.
— 366,VIII samþ. með 18:3 atkv.
— 366,IX samþ. með 15:11 atkv.
— 376,III felld með 14:12 atkv.
— 366,X.1 samþ. með 15:3 atkv.
— 366,X.2 samþ. með 20:1 atkv.
— 366,X.3.a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 366,XI felld með 18:7 atkv.
— 366,XII felld með 16:6 atkv.
— 366,XIII samþ. með 19:3 atkv.
— 366,XIV felld með 14:9 atkv.
— 366,XV.1 samþ. með 18:1 atkv.
— 366,XV.2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 396,I samþ. með 15:10 atkv.
— 366,XVI tekin aftur.
— 386,I.a—b felld með 15:7 atkv.
— 366,XVII samþ. með 16 shlj. atkv.
— 366,XVIII felld með 14:11 atkv.
— 376,IV samþ. með 16:1 atkv.
— 401 felld með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, HStef, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, ÓTh, JörB.
nei: PO, StgrS, SbvH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HJ, IngB, JónasÞ, LH, MG, MJ, PHalld.
Brtt. 366,XIX samþ. með 15 shlj. atkv.
— 366,XX felld með 17:6 atkv.
— 376,V, aðaltill., felld með 15:5 atkv.
— 376,V, varatill., felld með 16:6 atkv.
— 376,VI felld með 16:7 atkv.
— 376,VII tekin aftur.
— 366,XXI samþ. með 16:5 atkv.
— 366,XXII samþ. með 21:4 atkv.
— 366,XXIII samþ. með 15:11 atkv.
— 366,XXIV felld með 14:13 atkv.
— 376,VIII samþ. með 18:3 atkv.
— 376,IX felld með 15:7 atkv.
— 366,XXV, aðaltill., felld með 15:5 atkv.
— 366,XXV, varatill., felld með 14:10 atkv.
— 366,XXVI.1 samþ. með 15:7 atkv.
— 366,XXVI.2 tekin aftur.
— 366,XXVII samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JónasÞ, LH, MJ, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, ÁÁ, BJ, BÁ, HG, HV, JJós, JörB.
nei: JAJ, MG, ÓTh, PHalld, PO, TrÞ,

ÞorlJ, BSt, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB.
Brtt. 366,XXVIII.a—b felld með 14:8 atkv.
— 366,XXIX felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, LH, MJ, ÓTh, PHalld, StgrS, SvbH, VJ, BÁ, JörB.
nei: BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, MG, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt.
Brtt. 376,X, aðaltill., felld með 18:5 atkv.
— 376,X, varatill., felld með 16:6 atkv.
— 366,XXX, aðaltill., felld með 14:9 atkv.
— 366,XXX, varatill., samþ. með 15:6 atkv.
— 366,XXXI, aðaltill., felld með 14:11 atkv.
— 366,XXXI, varatill., samþ. með 15:12 atkv.
— 376,XI felld með 15:9 atkv.
— 386,II, aðaltill., felld með 17:8 atkv.
— 386,II, varatill., felld með 17:8 atkv.
— 366,XXXII, aðaltill., felld með 14:10 atkv.
— 366,XXXII, varatill., samþ. með 18:7 atkv.
— 376,XII, aðaltill., felld með 14:7 atkv.
— 376,XII, varatill., samþ. með 16:10 atkv.
— 366,XXXIII felld með 25:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, HG, HV.
nei: StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, JörB.
Brtt. 376,XIII.a—b felld með 15:10 atkv.
— 402 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 366,XXXIV.1.a samþ. með 18:4 atkv.
— 366,XXXIV.1.b samþ. með 18:2 atkv.
— 366,XXXIV,1.c samþ. með 17:4 atkv.
— 386,III tekin aftur.
— 404 samþ. með 20:1 atkv.
— 376,XIV felld með 14:9 atkv.
— 366,XXXIV.2 samþ. með 21:1 atkv.
— 366,XXXV, aðaltill., felld með 15:9 atkv.
— 366,XXXV, varatill., samþ. með 16:8 atkv.
Brtt. 366,XXXVI tekin aftur.
— 376,XV samþ. með 15:11 atkv.
— 366,XXXVII samþ. með 16:7 atkv.
— 376,XVI felld með 14:10 atkv.
— 366,XXXVII felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, SvÓ, TrÞ, VJ, BJ, BÁ, HV, JÓl, JónasÞ, LH, JörB.
nei: PHalld, PO, StgrS, SvbH, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, MG, MJ.
HG greiddi ekki atkv.
Brtt. 376,XVII felld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MJ, ÓTh, SvbH, VJ, BJ, HV, JJós, JÓl, JónasÞ, LH, JörB.
nei: PHalld, PO, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JAJ, MG.
HG greiddi ekki atkv.
Brtt. 386,IV, aðaltill., felld með 15:4 atkv.
— 386,IV,varatill., felld með 17:4 atkv.
— 376,XVIII.a—b samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, ÓTh, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, GÍ, HJ, HG, HV, JJós, JörB.
nei: MG, MJ,PHalld, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BKr, HStef, IngB.
Brtt. 366,XXXIX.1 samþ. með 15:2 atkv.
— 366,XXXIX.2.a—b samþ. án atkvgr.
— 366,XXXIX.3 samþ. án atkvgr.
— 396,II samþ. með 16:1 atkv.
— 366,XXXIX.4, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
— 366,XL, aðaltill., felld með 14:6 atkv.
— 366,XL, varatill., samþ. með 15:10 atkv.
— 366,XLI, aðaltill., felld með 15:11 atkv.
— 366,XLI, varatill., samþ. með 16:9 atkv.
— 366,XLII samþ. án atkvgr.
— 376,XIX samþ. með 15:6 atkv.
— 366,XLIII.a samþ. án atkvgr.
— 366,XLIII.b felld með 14:8 atkv.
— 376,XX felld með 14:6 atkv.
— 366,XLIV felld með 14:11 atkv.
— 366,XLV samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, ÁÁ, BSt, HStef, HG, HV, JJós,

JÓl, JónasÞ, LH, MJ, PHalld, StgrS, SvÓ, JörB.
**nei:** ÞorlJ, BJ, BÁ, BKr, GÍ, HJ, IngB, JAJ, MG, ÓTh, PO, SvbH, TrÞ.

Brtt. 376,XXI.1 felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** BKr, HJ, HG, HV, IngB, JÓl, JónasÞ, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, ÞorlJ.
**nei:** BÁ, GÍ, HStef, JJós, JAJ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, TrÞ, ÁÁ, BJ, BSt, JörB.

Brtt. 386,V samþ. með 15:9 atkv.
— 366,XLIV felld með 15:7 atkv.
— 366,XLVII samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JónasÞ, LH, MG, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, HStef, HG, HV, IngB, JörB.
**nei:** JÓl, MJ, ÓTh, PHalld, PO, BÁ, GÍ, HJ, JAJ.
ÁÁ, JJós greiddu ekki atkv.

Brtt. 376,XXI.2 samþ. með 15:7 atkv.
— 376,XXII felld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SvbH, SvÓ, VJ, BJ, GÍ, HStef, HG, HV, JJós, JÓl, LH, StgrS.
**nei:** TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, IngB, JAJ, JónasÞ, MG, ÓTh, PO, JörB.
HJ, MJ, PHalld greiddu ekki atkv.

Brtt. 376,XXIII tekin aftur.
— 366,XLVIII samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JJós, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, IngB, JörB.
**nei:** JAJ, JÓl, MG, ÓTh, PHalld, PO, TrÞ, ÁÁ, GÍ, HJ.
MJ, HG, HV greiddu ekki atkv.

Brtt. 376,XXIV felld með 14:11 atkv.
— 366,XLIX samþ. með 22 shlj. atkv.
— 366,L.a samþ. með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HG, HV, LH, JörB.
**nei:** MJ, ÓTh, PHalld, PO, BJ, HJ, IngB, JAJ, JónasÞ, MG.
TrÞ, BKr, GÍ, JJós, JÓl greiddu ekki atkv.

Brtt. 366,L.b samþ. með 15:9 atkv.
— 376,XXV samþ. með 17:1 atkv.
— 376,XXVI felld með 19:5 atkv.
— 376,XXVII.1 tekin aftur.
— 376,XXVII.2 felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HG, HV, JJós, JÓl, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, VJ, BJ, BSt, BÁ, JörB.
**nei:** IngB, JAJ, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BKr, HStef, HJ.
GÍ greiddi ekki atkv.

Brtt. 386,VI samþ. með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, BKr, GÍ, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, ÓTh, PHalld, PO, SvbH, SvÓ, JörB.
**nei:** VJ, BJ, BSt, HStef, HG, HV, MJ, StgrS.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:3 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 50. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 411).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Jón Þorláksson:** Ég vildi leyfa mér að óska eftir að frv. verði vísað til n. og 1. umr. frestað.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil styðja þessa till. hv. 1. landsk., að dm. hér ættu sama rétt eins og Nd., að geta talað við framhald 1. umr. fjárl., ef þeim þætti ástæða til.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 8 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 66. fundi í Ed., 8. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

**Jón Jónsson:** Ég vil aðeins fyrir hönd fjvn. óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr.

**Jón Baldvinsson:** Mér skilst, að samkomulag sé orðið um að fresta öllum eldhúsumr. í þetta sinn, geyma þær til 3. umr. fjárl.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 411, 565, n. 586, 609, 624, 628, 634, 636).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 624, 628, 634 og 636. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Fjárlögin eru eitt þeirra fáu mála, sem skylt er að leggja fyrir Alþingi og óhjákvæmilegt að afgreiða. Þau eiga að mínum dómi að vera aðalmálið. Fjárhagslegt sjálfstæði landsins veltur að töluverðu leyti á því, að þingið gerir sitt til þess, að afgreiða megi tekjuhallalaus fjárlög, og það skiptir miklu, að ráðstafað sé svo, að bezt komi landi og þjóð að gagni, þeim fáu aurum, sem ef til vill verða afgangs lögboðnum og óhjákvæmilegum gjöldum. Fjvn. hefir haft þessi tvö atriði fyrir augum: sem gætilegasta meðferð málsins, og eins hitt, hvernig ráðstafa eigi sem bezt þessum afgangi. Þegar litið er á tekjurnar og ráðstafanir þeirra, þá sjáum við, að þær eru taldar 11 millj. kr. Meginhluta þeirra er fastráðstafað áður en þing kemur saman, t. d. vaxtagreiðslur af erlendum lánum um eða yfir 1½ millj. kr. Raunar fær ríkissjóður eitthvað af þessu aftur í vaxtagreiðslum af lánum innlendra fyrirtækja og manna, en það er ekki meira en ½ millj. kr. Kostnaður við ríkisstj. og þinghald nemur 700 þús. kr. Dómgæzla og lögreglustjórn hefir í för með sér kostnað um 1200 þús. kr. Til heilbrigðismála er varið 1½ millj. kr. Allir þessir liðir eru fastbundnir, og verður aðeins örlitlu við því haggað. Til samgöngumála er kostað 2 millj. kr., þar af er ekki mikið yfir 300—400 þús., sem ekki er fastákveðið. Svona mætti telja áfram. Þingið hefir ekki meira en 1 millj. kr. af þessum 11 millj. til sinna ólögbundinna ráðstafana.

Fjvn. hefir skoðað það hlutverk sitt, að athuga þessa lausu liði og reyna að spara á þeim sem mest, til þess að draga úr gjöldum ríkissjóðs. Þegar fjárl. komu frá Nd., var á þeim greiðsluhalli, sem nam 200 þús. kr. og voru þá í heimildarveitingum 22. gr. faldir margir liðir, sem munu hafa bein útgjöld í för með sér. Auk þess er eftir að bæta í fjárl. fé til kreppuráðstafana, sem óhjákvæmilegt er að gera og nefndin mun athuga til 3. umr. Til þess að mæta greiðsluhallanum og kreppuráðstöfunum þarf því nýjar tekjur. Þess vegna er um að gera að athuga, hvernig megi komast hjá þessu. Af þessu mótast tillögur n. Meginskoðun hennar er, að ekki sé fært að taka upp aukin útgjöld; aðeins hefir hún álitið fært að hækka örlitið framlag til verklegra framkvæmda, ein 60 þús. kr., og er þá helmingur af því aðeins færður til, af heimildarliðum 22. gr. yfir á beina útgjaldaliði rekstrarreikningsins.

Skal ég svo aðeins með örfáum orðum víkja að nokkrum þessum till., sem n. hefir borið fram. Ég sé ekki ástæðu til að tala um þær langt mál, af því ég þykist vita, að hv. þm. hafi kynnt sér nál. frá fjvn. Ég mun þess vegna gera mér far um að tefja ekki deildina nema sem minnst með skýringum á málinu, nema sérstök ástæða sé til.

Fyrsta till. n. er um að lækka útgjöld til póstmála um 20 þús. kr., sem stafar af því, að við samtal við póstmálastjóra hefir það upplýstst, að samningar hafa verið tryggðir um póstflutning, sem gera flutningskostnaðinn augljóslega minni en áður.

Næsta till. er um að hækka fjárveitingu til einkasíma um 5 þús. kr. Í raun og veru er þetta engin hækkunartill. frá því, sem í fjárl. er, heldur aðeins tilflutningur gjalda á milli greina í frv., vegna þess, að í 17. gr. eru veittar 7 þús. kr., sem eiga að ganga til tveggja símalína vestur á Mýrum, að Hjörsey og Straumfirði. N. fannst eðlilegra, að allar fjárveitingar til síma væru hafðar í sömu grein, og færði þessa fjárveitingu í gr. um fjárveitingu til einkasíma, en setti strangari skilyrði fyrir henni en gerð voru í fjárlagafrv. eins og það kom frá Nd. Jafnframt lækkaði hún upphæðina til þessara lína úr 7000 kr. niður í 5500 kr., en tók aftur upp aðra línu, út í Brokey á Breiðafirði, og ætlar til hennar 2500 kr., því að um þá línu er alveg það sama að segja og hinar 2. Okkur hefir borizt skýrsla frá Slysavarnafél. Ísl. um að mörg sjóslys hafi átt sér stað þarna rétt í kring, og nefnt er eitt dæmi, sem sýnir, að það er ekki alveg að ástæðulausu, að þessar símalínur eru sérstaklega styrktar, með tilliti til þess, að þær geti afstýrt slysum. Í vetur kom

það fyrir, að bát hlekktist á skammt frá Straumfirði á Mýrum. Af því að svo stóð á fjöru, var hægt að senda í land, á Straumfirði og til næstu símastöðvar, til þess að láta Slysavarnafélagið vita. Fyrir það gat svo Slysavarnafélagið sent skip bátsmönnum til bjargar. Annars mundu líklega hafa farizt þarna nokkrir menn. Það er því ekki út í loftið að veita styrk til þessara símalína, til þess að forða slysum í framtíðinni, um leið og greitt er fyrir samgöngum þessara bæja.

Þá er lagt til, að þóknunin til yfirskoðunarmanna landsreikninganna verði lækkuð um 400 kr., og virðist hún þó fullrífleg, miðað við kaup þingmanna.

Því næst er lagt til, að burt falli sérstakur liður til læknisbústaðar á Reykhólum. Eins og menn vita, er það föst regla hjá ríkinu að styrkja byggingu læknisbústaða og sjúkraskýla að ⅓ kostnaðar. Þetta hefir einnig verið gert þarna. En nú er farið fram á viðbótarstyrk til sjúkraskýlisins þar. Auðvitað á héraðið erfitt með að standa straum af skuldum, sem á þessu hæli hvíla. En svo er ástatt víðar. T. d. hafa þinginu borizt samskonar styrkbeiðnir frá tveimur öðrum læknishéruðum, og n. sá ekki mikinn mun á þörf á slíkum styrk til þeirra og þessa héraðs. N. telur, að ef þessi styrkur er veittur, sé gengið með því inn á mjög varhugaverða braut. Þá mundu fleiri héruð koma á eftir og beiðast styrks með svipuðum rétti og auka allmikið útgjöld ríkisins. Þess vegna leggur n. til, að þessi liður falli burt.

Þá eru næstu liðir á eftir sjúkrastyrkir til einstakra manna. N. lítur svo á, að þó að mjög æskilegt væri að geta hjálpað þessum mönnum, þá sé ekki heppilegt að ganga þá braut, vegna þess að hundruð manna úti um land mundu eiga viðlíka réttlætiskröfu til slíks styrks. Auk þess held ég, að liggi fyrir þinginu frv., sem ræðir um styrki til slíkra sjúklinga eftir föstum reglum. Af greindum ástæðum sá n. sér ekki annað fært en að leggja kapp á, að þessir liðir yrðu teknir út og styrkirnir felldir niður.

Þá er hér næst brtt. við 13. gr., samgöngumálagreinina. Fyrst er lagt til að taka upp í tölu þjóðvega einn veg á Austurlandi, Úthéraðsveg. Það hefir verið regla þingsins að dreifa vegabótastyrkjum um landið, til þess að greiða fyrir því, að atvinna sé jafnari með því. Hér er einnig um veg í fjölmennu byggðarlagi að ræða, og fannst n. sanngjarnt að veita nokkra upphæð til þessa vegar, eða 6 þús. kr.

Aftur á móti leggur n. til, að lækkaður verði í þess stað vöruflutningastyrkur til hafnleysishéraða á Suðurlandi úr 20 þús. kr. niður í 12 þús. kr. Nefndin álítur það varasama leið að veita slíkan styrk til einstakra héraða, því að fleiri sveitir eiga langan og erfiðan kaupstaðarveg og þessi héruð hafa betri samgöngumöguleika en mörg önnur, svo sem Fljótsdalshérað, ýmsar sveitir í Þingeyjarsýslu o. fl. Þessi styrkur mun upphaflega hafa komizt inn í fjárl. um leið og bifreiðaskatturinn var hækkaður, til þess að létta undir með þessum héruðum. En nú hefir þessi skattur verið lækkaður, og virðist því rétt að lækka þennan styrk jafnframt. Hygg ég, að héruð þessi megi því vel una.

Þá hefir verið lagt til að hækka styrk til að halda upp byggð og gistingu handa ferðamönnum um 200 kr., er gangi til tveggja býla, sem sjá má í nál.

Þá er lagt til, að aðstoðarmanni vitamálastjóra, Benedikt Jónassyni, verði bætt upp vangoldið kaup frá fyrri árum. Það lítur út fyrir, að laun hans geti hafa verið misreiknuð um 661 kr. á undanförnum árum, og n. leggur til, að þessi upphæð verði greidd honum.

Loks er hér nokkuð hár útgjaldaliður til bryggjugerða og lendingarbóta. Fyrir n. lágu miklar óskir, ásamt ýmsum gögnum, um styrki til lendingarbóta á þremur stöðum, sem eru Skagaströnd, Ólafsvík og Sandur. Á Skagaströnd hefir ekki þótt fært að ráðast í að gera höfn, sem samþ. er um í sérstökum l., því að ríkið hefir ekki treyst sér til þess, og ekki héraðið heldur. En útgerð vex þar stöðugt, og eins og kunnugt er, horfir heldur vel með útgerð þarna. En þarna er ekki nema ein lítil bryggja og mikill hugur er í héraðsbúum um að lengja hana nokkuð. Nú fara þeir fram á lítilsháttar styrk til þess, og n. leggur til, að þeir fái 3 þús. kr.

Í Ólafsvík hefir verið unnið að því í 6—7 ár að gera þar hafnargarð til skjóls fyrir höfnina. Fyrir mörgum árum hafa

verið samþ. l. um fjárveitingu til þess. Gert er ráð fyrir, að til þess að fullgera þennan garð þurfi 20 þús. kr., og n. hefir lagt til, að ⅓ af þessari upphæð verði veittur nú af ríkinu, enda gert ráð fyrir, að með þessari fjárveiting verði þessum hafnargarði lokið, svo að höfnin megi verða til stórfellds gagns fyrir báta og skip.

Á Sandi er mikil útgerð, og af því að það er erfitt fyrir báta að athafna sig, af því að þar vantar plan, hefir n. lagt til, að veittar verði 2 þús. kr. í því skyni að bæta úr þessu.

Þá er nýr liður til húsabóta á prestssetrum, 24 þús. kr. Það eru lagafyrirmæli til um það, að veita þessa upphæð í hvers árs fjárlögum til hýsingar prestsetra, og n. taldi sjálfsagt að telja þá upphæð á rekstrarreikningi ríkisins, í stað þess að heimila lántöku í þessu skyni. Ætlazt er til, að þessi styrkur, sem veittur er nú, verði til hýsingar á tveimur prestsetrum, 12 þús. kr. til hvors. N. sá ekki annað fært en að taka þessar upphæðir í fjárl.

Þá er till. um lækkun á styrk til Kvennabrekkukirkju. Það hefir nú gengið mjög báglega með þessa kirkjubyggingu þar. Fyrir nokkrum árum reis mikil óánægja í söfnuðinum út af því, að kirkjan var færð til í prestakallinu. Svo mikil varð þessi óánægja, að söfnuðurinn klofnaði, og nokkur hluti hans sagði sig úr þjóðkirkjunni. Þetta gerir Kvennabrekkusöfnuði ómögulegt að standa straum af kirkjubyggingunni. Hinsvegar greiða þeir til háskólans, sem sögðu sig úr þjóðkirkjunni,svo að ríkið fær þar nokkrar tekjur. Þess vegna fannst n., að þessi söfnuður ætti rétt á að fá nokkurn styrk, en lækkaði hann þó um 1000 kr.

Þá er næst till. um að hækka laun til háskólans um 500 kr., til þess að skólinn standi betur að vígi með að halda kennara í lífeðlisfræði. Háskólinn vill tryggja sér mann til þessarar kennslu, sem nú er að ljúka námi erlendis.

Þá eru hér nafnbundnir námsstyrkir til námsmanna erlendis. Eins og menn muna, þá eru í 14. gr. fjárl. allskonar styrkir til námsmanna erlendis. Fyrst er þar þessi lögboðni stúdentastyrkur, 24 þús. kr., og auk þess er nokkuð veitt, sem á að úthluta samkv. ákvörðun menntamálaráðs. Þessi liður var settur inn í fjárl. fyrir 5—6 árum, til þess að losa þingið við það leiðinlega og vandasama starf að dæma um það, hvort þessi eða hinn námsmaður ætti að fá styrk. Það er hending ein, hver fær svona styrk og hver ekki, ef þingið á að dæma um það, af þeirri ástæðu, að það hefir ekki nægileg gögn til að fara eftir um þetta. Það er betra, að nefnd, til þess kjörin, hafi þetta með höndum. Áleit n., að menntamálaráðið væri sjálfkjörið til þess, og leggur til, að niður falli liðirnir um þessa áðurnefndu nafnbundnu styrki. Í þessu sambandi skal ég geta þess, að fyrir þinginu liggur alltaf fjöldi af slíkum styrkbeiðnum. Nú nema þær samtals um 30 þús. kr. eða meiru. Ég vænti þess, að hv. dm. sjái, að engin leið er að sinna þessum beiðnum öllum, með þeirri upphæð, sem ætluð er til þessa, og eins og sagt hefir verið, sé því bezt að fela menntamálaráði að úthluta styrk þessum. Og verði till. n. samþykkt, þá lýsi ég því yfir fyrir hönd fjvn., að hún mun telja sér skylt til 3. umr. að leggja til, að heildarstyrkurinn, sem á að veita eftir tillögum menntamálaráðs, verði hækkaður allmikið, jafnvel upp í 12 til 15 þús. kr. Og þá vildum við halda, að sæmilega ríflega væri séð fyrir þessu.

Þá er hér um 1000 kr. hækkun á framlagi til aukakennslu í menntaskólanum á Akureyri, til þess að tryggja skólanum ungan og mjög efnilegan kennara, Þórarinn Björnsson, sem skólinn þarf nauðsynlega við.

Þá er till. vegna sama skóla, um að veittar verði 10 þús. kr. til viðhalds og endurbóta á honum. Fyrir n. lágu óyggjandi gögn um það, að skólinn liggur undir stórskemmdum, vegna viðhaldsleysis, bæði málningarskorts o. fl., og n. taldi ekki forsvaranlegt að láta svo búið standa.

Þá leggur n. til, að felldur verði niður úr 14. gr. X. liður, til verklegs náms erlendis, og gerir ráð fyrir, að þessir menn, sem þar um ræðir, geti komizt undir lið um námsstyrk erlendis, sem áður er getið og menntamálaráðið úthlutar (sbr. 14. gr. B. II. b.). Hún hefir komizt að því, að þessi styrkur er bútaður mikið niður og mun því koma fáum að gagni.

Þá er lagt til að hækka fjárveitingu

vegna viðhaldskostnaðar Eiðaskóla um 2300 kr., til nauðsynlegra endurbóta á húsum skólans og lagfæringar í kringum þau. Þar er eins ástatt og um menntaskólann á Akureyri, að brýn þörf er á endurbótum.

Hér er líka lagt til, að hækkaður verði rekstrarstyrkur húsmæðraskólans á Hallormsstað um 1000 kr., með því að sýnt er, að full þörf er á því.

Einnig er lagt til, að veittar verði 1000 kr. til Bjargar C. Þorláksson, til fræðslustarfsemi. Hún er vel kunn af starfi sínu meðal þjóðarinnar og virðist þessa styrks makleg.

Þá er lagt til að fella niður liðinn í 14. gr. B.XXIII, handa einni konu til að kynna sér leikfimi erlendis.

Loks er hér lagt til, að breytt verði styrknum til bókasafna. Í fyrra var veittur styrkur til bókasafns héraðsskólans í Reykholti, til þess að veita honum sérstaka aðstoð, svo hann gæti útvegað sér þau rit um Snorra Sturluson, sem mest halda uppi nafni Reykholts. En það var alls ekki hugmyndin, að framhaldandi styrkur yrði veittur til Snorrabókasafnsins í Reykholti. En aftur á móti er hér tekinn upp samskonar styrkur til bókasafns á Bíldudal, vegna sérstakra slysa, því að bókasafnið brann allt upp óvátryggt.

Þá er það lagt til um styrkinn til Leikfélags Reykjavíkur, að við meginmál þess liðs bætist: Styrkurinn er og því skilyrði bundinn, að menntamálaráðið samþykki starfsskrá félagsins.

N. er kunnugt, að margir líta svo á, að þau leikrit, sem leikfélagið sýnir, séu ekki þess eðlis, að þau séu þess verð að vera styrkt. En n. telur, að leikstarfseminni eigi að halda uppi, og að sýnd séu þau leikrit, sem hafa meira menningarlegt gildi, og því rétt að binda styrkinn því skilyrði, að einhver stofnun samþ. starfsskrána.

Þá er lagt til að fella niður af 15. gr. styrk til 3 manna til ritstarfa o. fl., sem ekki virðist ástæða til að styrkja frekar en fjölda annara manna.

Sömuleiðis er lagt til, að styrkur til skáksambandsins til utanfarar verði felldur niður að þessu sinni, með því að árferðið er svo sem allir vita og hvern eyri þarf að spara, og því álítur n., að við verðum að neita okkur um þá ánægju, sem þessi för kynni að veita okkur.

Þá er lagt til að fella 3 liði í 16. gr. Undanfarið hefir verið veitt fé til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, af því fyrst og fremst, að þangað er ekkert veitt til þjóðvega, eins og til annara kjördæma. Auk þess á ríkið landið og þar mun vera erfitt um ræktun. Þó fer n. fram á 4. þús. kr. lækkun á framlagi til þessa vegar. Viðvíkjandi hinum þremur vegunum, sem eru hjá öðrum kauptúnum, er það að segja, að með því að veita fé til þessara vega yrði opnuð leið fyrir öll kauptún landsins til að fá styrk í sama skyni, því að flest munu þau hafa einhver ræktunarlönd, sem betur fer, og því vill n. fella þessa vegi niður af fjárl., einkum þar sem ræktun er styrkt með öðru móti af því opinbera.

Þá hefir veðurstofustjóri bent á það, að mjög nauðsynlegt væri að halda uppi jarðskjálftamælingum. En aldrei hefir neitt verið veitt til þessa í fjárl., og n. leggur til, að veittar verði 600 kr. í þessu skyni.

Þá leggur n. til, að niður falli í 16. gr. styrkur til manns til að kynna sér verkun síldar. Fyrst og fremst er n. ekki ljóst, hve mikið gagn mundi af þessu stafa, og hefir hún borið sig saman við fróða menn á þessu sviði. Hyggur hún, að þessi maður hafi engin sérstök skilyrði til þess að inna þetta starf af hendi. Álítur n., að maður, sem gæfi sig við þessu, yrði að vera fræðimaður viðvíkjandi síldarverkunarstarfsemi, og leggur því til, að styrkurinn verði ekki veittur.

Þá er lagt til, að veittur verði lítilsháttar styrkur til framkvæmdanefndar íslenzku vikunnar. N. lítur svo á, að starfsemin í sambandi við íslenzku vikuna sé góð og nytsöm og megi verða til þess að hvetja þjóðina til þess að búa meira að sinni framleiðslu en verið hefir, og því sé það fyllilega þess vert, að greiddar verði 2 þús. kr. þessu til styrktar eða viðurkenningar.

Þá er lítilsháttar styrkur til Sambands breiðfirzkra kvenna. Mörg kvenfélög hafa fengið styrki. Í n. voru mjög skiptar skoðanir viðvíkjandi þessum styrk, en hún sá ekki ástæðu til að fella niður styrk til

þessa sérstaka kvennasambands og tekur hann þess vegna með, þessar 250 kr.

Til vinnumiðstöðvar kvenna er lagt til, að veittar verði 1600 kr., gegn því að bæjarfélagið leggi til jafnt á móti. Þetta skilyrði fannst n. rétt að setja, vegna þess að þetta er fyrst og fremst fyrir bæinn gert.

Þá telur n., að ekki sé bein ástæða til að styrkja skinnhanzkagerð að svo komnu, en leggur til, að liðurinn um það falli niður, með því að n. er ekki ljóst, að hér sé um iðnað úr íslenzkum afurðum að ræða.

Þá kom stórtemplar til n. með ósk um, að samþykkt um sérstaka ráðstöfun fjvn. á styrk til stórstúkunnar falli niður, en lýsti því yfir, að á meðan hann hefði þann starfa við stórstúkuna, mundi hann telja sér skylt að nota þennan mann, sem styrkurinn er sumpart miðaður við, meira og minna í þarfir stúkunnar. En hann taldi óviðkunnanlegt, að helming af þeim styrk, sem stórstúkunni er ætlað að fá, væri ráðstafað af fjvn., því að þá yrði ekki annað en nafnið tómt að láta stórstúkuna fá styrk.

Þá er lagt til, að í stað þess, sem ákveðið er um sjúkrastyrkveitingu til Verklýðsfélags Akureyrar, verði sá 300 kr. styrkur veittur að helmingi til hvors félags, þess og Verkamannafélags Akureyrar. N. sá ekki beina ástæðu til að gera upp á milli þessara félaga.

Þá er lagt til, að bætt verði við 18. gr., að hækka skuli styrk til Elínar Briem Jónsson um 300 kr., upp í 600 kr., og að bætt verði við einni prófastsekkju, sem veittar verði 300 kr. Elín Briem Jónsson hefir sem kunnugt er unnið langt og merkilegt æfistarf í þágu alþjóðar, sem vert er að sýna viðurkenningu. Auk þess mun fjárhagur hennar nú vera orðinn mjög þröngur.

Þá er lagt til, að lítilsháttar breyt. verði gerð á 22. gr., þar sem ríkisstj. er heimilað að kaupa íbúðarhús sýslumannsins í Borgarnesi. N. lítur svo á, að eðlilegt sé, að dómkvaddir menn meti það til verðs, heldur en að ríkisstj. fjalli um það.

Þá hefir það verið lagt til að verða við kröfum nokkurra manna um endurgreiðslu úr lífeyrissjóði barnakennara og embættismanna á því fé, sem þeir hafa lagt í sjóðinn, án vaxtagreiðslu. N. var að vísu nokkuð skipt um þetta, en meiri hl. lagði til, að þetta yrði gert.

Þá er lagt til að fella niður heimild til að verja af ágóða viðtækjaverzlunarinnar 25000 kr. til að koma upp hleðslustöðvum til þess að greiða fyrir útvarpsnotum í sveitum. Þetta gæti verið dálítið til hagræðis fyrir einstöku afskekkta sveit, en virðist þó svo litlu skipta, að n. þótti sjálfsagt að spara ríkissjóði þessi útgjöld, þegar svo erfitt er árferði. Enda hefir mjög verið greitt fyrir útvarpsnotendum með því að á síðasta hausti var rafhlöðuverðið sett niður verulega.

Þá er hér lagt til að heimila ríkisstj. að ábyrgjast allt að 30 þús. kr. lán fyrir rannsóknastofu háskólans. Eins og menn muna, voru fyrir nokkrum árum sett lög um rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna. En því miður hafa þau enn ekki getað komið til framkvæmda, vegna húsnæðisleysis. Þjóðverjar voru svo myndarlegir að gefa okkur vönduð tæki handa slíkri stofnun í tilefni af alþingishátíðinni 1930, og er leiðinlegt að geta ekki notað þau. Góðan mann höfum við einnig til að starfa á þessu sviði.

Rannsóknarstofan hefir allmiklar tekjur, svo líklegt er að hún geti staðið straum af slíku láni. Sjálf hefir hún um 40 þús. kr. til að leggja í byggingu, en þarf þetta 30 þús. kr. lán til viðbótar til þess að geta komið húsinu upp. N. álítur sjálfsagt að veita heimild til þessarar ábyrgðar, þar sem hér er um hið mesta nytjafyrirtæki að ræða.

Þá leggjum við að síðustu til, að gerð sé lítilsháttar orðabreyting á ábyrgðarheimildinni fyrir Eimskipafél. Ísl. N. hafa borizt upplýsingar um, að félagið hafi þegar fengið loforð fyrir láni í Englandi, en það sé gert að skilyrði, að skip félagsins séu sett að veði fyrir láninu á undan ríkisábyrgðinni. Áður var gert ráð fyrir, að ríkisábyrgðin ein kæmi til greina gagnvart lánveitanda, en ríkissjóður hefði aftur veðrétt í skipunum. N. taldi þetta engu máli skipta, og finnst sjálfsagt að breyta ábyrgðarheimildinni til þess að Eimskipafélagið verði ekki af þessu lánstilboði.

Ég hefi þá gengið í gegnum þær brtt., sem nefndin hefir flutt. Ég vona, að hv. d. virði viðleitni hennar til að minnka

greiðsluhallann á fjárlagafrv., en reyna þó jafnframt að fullnægja þeim þörfum, sem mest kalla að. Ef till. n. verða samþ., minnkar tekjuhalli frv. um 50 þús. kr. Það er að vísu of lítið, en n. hefir ekki treyst sér að ráðast í meiri breyt. Þó á hún eftir að taka ákvörðun um nokkra liði og mun hún athuga þá fyrir 3. umr.

Um brtt. einstakra þm. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, a. m. k. ekki fyrr en talað hefir verið fyrir þeim.

**Ingvar Pálmason:** Ég á hér nokkrar brtt. á þskj. 609 og vil leyfa mér að fylgja þeim úr hlaði með nokkrum orðum. Fyrsta till. er undir rómverskum II., þess efnis að koma inn styrk til sjúkrahússbyggingar í Reyðarfjarðarhéraði. Er farið fram á 10000 kr. framlag og er meiningin, að það sé fyrsta greiðsla af þremur.

Mér er óhætt að segja, að sjúkrahúsmál Austurlands hefir um alllangt skeið verið landlækni töluvert umhugsunarefni. Fyrrv. landlæknir var oft búinn að hreyfa því, að eitthvað yrði að gera til þess að bæta úr sjúkrahúsleysinu á Austurlandi. Mun hugmynd hans hafa verið sú, að eitt stórt fjórðungssjúkrahús væri byggt þar. Nú hefir núverandi landlæknir farið austur og ferðazt þar um, og mér er óhætt að segja, að honum varð strax ljóst, og hefir sennilega verið það áður, að mjög brýn nauðsyn er að bæta tafarlaust úr sjúkrahúsþörf Austurlands. En mér er kunnugt um, að hans hugmynd er ekki sú, að komið verði upp einum stórum fjórðungsspítala. Hann gerir ráð fyrir, að með tímanum verði a. m. k. 3 spítalar á Austurlandi. Telur hann, að það fyrirkomulag verði hagkvæmara þegar litið er á staðhætti alla. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er svo ástatt frá náttúrunnar hendi á Austurlandi, að samgöngur eru mjög erfiðar og torfærur margar. Samgöngurnar innan héraðs og við aðra landsfjórðunga munu um langt skeið aðallega verða á sjónum. Á því sviði hefir lítið rætzt úr á seinni árum. Ferðum á sjó við Austurland hefir ekki fjölgað, heldur þvert á móti. Þess vegna held ég, að sú hugmynd landlæknis sé rétt, að keppa beri að því að koma upp a. m. k. 3 sjúkrahúsum á Austurlandi. Og hann telur, að fyrsta sjúkrahúsið eigi að koma í Reyðarfjarðarhéraði. Sem rök fyrir því má benda á það, að Reyðarfjarðarhérað liggur við þann eina samgöngumöguleika, sem enn er til orðinn á landi milli Héraðs og fjarðanna, Fagradalsbrautina. Auk þess liggur það engu verr við samgöngum á sjó heldur en aðrir staðir á Austfjörðum.

Þessari hugmynd landlæknis hefir verið vel tekið fyrir austan, og nokkur undirbúningur er hafinn til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Áætlun hefir verið gerð um kostnaðinn við byggingu þessa sjúkrahúss. Er hún miðuð við það, að keypt verði sjúkrahús, sem verið hefir á Austurlandi. Það var eins og kunnugt er eign Frakka, og hefir nú staðið óstarfrækt í nokkur ár. Það er að vísu nú orðið eign íslenzks ríkisborgara, en óhugsandi er, að það geti orðið starfrækt fyrst um sinn þar sem það er, bæði vegna samgönguerfiðleika við Fáskrúðsfjörð, og af því að Fáskrúðsfjarðarlæknishérað er ekki svo stórt, að það geti staðið undir rekstri sjúkrahúss út af fyrir sig. Áætlunin er sem sagt miðuð við, að keypt sé þetta hús, sem er úr timbri, og verði það flutt til Eskifjarðar. Það kann nú að vakna hjá einhverjum sú spurning, hvort hagkvæmara sé að kaupa þetta gamla sjúkrahús, heldur en að reisa nýtt hús úr nýju efni. Er því þar til að svara, að allverulegar stoðir renna undir þá skoðun, að svo sé. Þarna er um eign að ræða, sem verður verðlaus eða verðlítil, ef ekki er hægt að breyta henni eða flytja hana til. En það er vitanlega ekkert aðalatriði í þessu spítalamáli. Hitt er allmikilsvert atriði, að þeir peningar, sem fyrir þessa efnivöru mundu fara, fara ekki út úr landinu, eins og ef keypt væri nýtt efni. Í öðru lagi stendur svo á, að á þessu húsi hvílir skuld, sem væntanlega yrði færð yfir á hlutaðeigandi sjúkrahússeigendur, hvort sem það yrði eitt læknishérað eða fleiri. Er þannig fenginn lánsmöguleiki fyrir nokkrum hluta af kostnaðinum. Einnig má fullyrða, að verð hússins mundi verða miklu lægra heldur en á tilsvarandi efni, sem keypt væri nýtt, þó tekið sé tillit til kostnaðarins við að flytja það. Mér er persónulega kunnugt um, að húsið er að öllu leyti vandað og óskemmt.

Samkv. þessari áætlun er gert ráð fyrir, að sjúkrahúsið mundi kosta upp komið a. m. k. 78 þús. kr. Er þar í ekki gert ráð fyrir áhaldakaupum eða neinum slíkum kostnaði. Ég hefi því ekki bundið þessa byrjunarfjárveitingu við fast lokatakmark, en leyft mér að fara fram á 10 þús. kr. framlag í þessum fjárl., sem væri fyrsta greiðsla af þremur. Þar af mætti draga, að heildarfjárveitingin til sjúkrahússins mundi verða 30 þús. kr. En það þarf alls ekki að vera, að hún verði svo há. Ef það sýndi sig, sem telja má víst eftir áætlun húsameistara ríkisins, að kostnaðurinn við að koma upp sjúkrahúsinu yrði ekki svo hár sem því svarar, að ríkissjóður þyrfti að leggja fram 30 þús. gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að, þá mundi síðasta greiðslan verða þeim mun lægri.

Viðvíkjandi undirtektum þessa máls þar eystra get ég sagt það, að ég hefi í höndum skýrslu frá oddvita Eskifjarðarhrepps, þar sem hann upplýsir, að kvenfélag og ýmiskonar annar félagsskapur innan læknishéraðsins hafi fyrir nokkrum árum byrjað að beita sér fyrir málinu. Hann lætur þess getið, að kvenfélagið hafi hugsað sér að leggja ekki það fé, sem það hefir safnað og mun safna í þessu skyni, beint í byggingarkostnaðinn, heldur verja því til að kaupa nauðsynleg áhöld handa sjúkrahúsinu. Þó hefir nú félagið skýrt oddvitanum frá því, að það mundi taka til athugunar, hvort það mundi ekki vinna til að láta eitthvað af því fé, sem það er að safna, til byggingarinnar sjálfrar, ef á því stæði.

Til þess að sýna afstöðu sýslunefndarfundar Suður-Múlasýslu, sem nú hefir tekið þetta mál til meðferðar, vil ég leyfa mér að lesa upp símskeyti frá sýslumanninum. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á nýafstöðnum fundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu var gerð svo hljóðandi ályktun í sjúkrahúsmálinu:

Nefndin samþykkir:

a) Að Suður-Múlasýsla styðji stofnun handlækningasjúkrahúss fyrir Austurland, þegar tímabært þykir að reisa það.

b) Að framlag sýslusjóðs til stofnkostnaðar verði 10000 kr. — tíu þúsund krónur —, er greiðist með 1000 kr. á ári úr sýslusjóði í 10 ár. Fyrsta greiðsla sé tekin af tekjum ársins 1933.

= Sýslumaður =.“

Hér er fengin trygging fyrir 10 þús. kr. framlagi til sjúkrahússins. En eins og rétt er hefir sýslunefndin viljað fara varlega og ekki reisa sér hurðarás um öxl. Þess vegna slær hún þann varnagla, að greiðslan skuli fara fram á 10 árum. Framlagið virðist geta komið að góðum notum fyrir því, því auðveldara ætti að vera að fá bráðabirgðalán upp í byggingarkostnaðinn, þegar tryggt er, að sýslusjóður greiðir upp í það 1000 kr. á ári. Fyrir sýslunefndina hefir hér ekki verið nema um tvær leiðir að ræða, annaðhvort að taka lán á ábyrgð sýslunnar til þess að greiða með framlagið til sjúkrahússins í eitt skipti fyrir öll, eða þá að leggja fram fé smátt og smátt. Það er ofurskiljanlegt, að hún valdi heldur síðari leiðina, og lætur stjórn sjúkrahússins um þessa lántöku ásamt öðrum lántökum, sem fram þurfa að fara vegna byggingarinnar.

Í áætluninni um kostnaðinn við að koma upp sjúkrahúsinu er gert ráð fyrir, að kaupverð gamla spítalahússins verði 18 þús. kr., og hefi ég vissu fyrir, að það fer ekki fram úr því. Óhætt er og að gera ráð fyrir, að auðfengin verði yfirfærsla á láni því, sem á húsinu hvílir. Þegar svo fengið er loforð sýslunefndar fyrir 10 þús. kr. framlagi og einstök félög hafa hafið fjársöfnun, er ekki annað hægt að segja en byrlega líti út um fjáröflun til byggingarinnar. Virðist því ekki nema sanngjörn ósk frá minni hálfu, f. h. þeirra, sem þarna eiga hlut að máli, þó ég fari hér fram á, að veittar verði í þessum fjárlögum 10 þús. kr. í þessu augnamiði, með fyrirheiti um framhaldandi fjárveitingu, allt að ⅓ kostnaðar. Ég get þá látið úttalað um þessa hlið málsins. Af þeim upplýsingum, sem ég hefi gefið, má sjá það, að í þessu tilfelli eru sízt minni möguleikar til fjáröflunar á móti ríkisstyrk fyrir hendi, heldur en í mörgum öðrum tilfellum þegar ríkissjóði hefir verið talið skylt að leggja fram fé til þess að hrinda fram þörfu máli.

Þá vil ég lítillega árétta það, sem ég

hefi þegar sagt um þörfina fyrir sjúkrahúsbyggingu á Austurlandi. Ég hefi leitað mér upplýsinga um, hvað margir sjúklingar af Austurlandi hafa orðið að sækja hingað til Rvíkur til sjúkrahúsvistar á undanförnum árum. Leitaði ég til aðalsjúkrahúsanna hér, og fékk mjög skýr og góð svör frá Landsspítalanum, en ekki eins ábyggileg svör frá Landakotsspítalanum; þó það glögg, að nokkuð má á þeim byggja. Svörin eru miðuð við árið 1932. Til Landsspítalans sóttu það ár 44 sjúklingar úr Suður-Múlasýslu, 15 úr Norður-Múlasýslu, 2 af Seyðisfirði og 2 af Norðfirði. Til Landakotsspítala er sagt að leitað hafi 19 sjúklingar úr þessum héruðum sama ár. Þó er ekki alveg víst, að sú tala sé rétt; sennilega hafa þeir verið eitthvað fleiri, því ekki hefir verið gengið svo í gegn um plögg spítalans, að öruggt sé, að allir hafi verið taldir. Þegar tekið er tillit til þess, hvað miklum örðugleikum er bundið að koma sjúklingum frá Austurlandi til Rvíkur, þar sem ekki eru skipaferðir nema einu sinni í mánuði þegar bezt lætur, og stundum ekki nema á tveggja eða þriggja mánaða fresti, þá hljóta menn að sjá, að það er fyllilega tímabært að leita til ríkisins um hjálp til þess að bæta úr sjúkrahúsþörfinni á Austurlandi. Tala sjúklinganna, sem til Rvíkur hafa leitað á árinu 1932 þrátt fyrir alla erfiðleika, sýnir mjög ljóslega, að þörfin er mikil. Vitaskuld er rétt og sjálfsagt að taka tillit til þess, að þrátt fyrir það þó sjúkrahús væri á Austurlandi mundu alltaf einhverjir sjúklingar þaðan leita til sjúkrahúsanna hér í Rvík. En þó maður geri ráð fyrir, að helmingur þeirra sjúklinga, sem nú leitar til sjúkrahúsanna í Rvík, leiti þangað áfram, þó sjúkrahús komi á Austurlandi, þá er samt eftir hærri tala heldur en gert er ráð fyrir, að hið nýja sjúkrahús geti rúmað í einu. Auk þess veit maður, að margir sjúklingar á Austurlandi, sem sjúkravistar þurfa með, fara ekki á spítala eins og nú er vegna þess, hvað ferðir eru óhentugar hingað til Rvíkur og mikill kostnaðarauki við að komast hingað. Þeir reyna þá heldur að notast við sjúkraskýlin, sem eru við suma læknisbústaðina, þó þeir myndu fara á fullkomið sjúkrah., ef það væri til.

Um þörfina á sjúkrahúsi á Austurlandi verður því ekki deilt. Og þó segja megi, að nú séu örðugir tímar, þá hygg ég, að undan þeirri þörf verði ekki með nokkru móti komizt. Með till. minni finnst mér svo hóflega af stað farið, að ég vænti þess fyllilega, að hv. þdm. verði við þeirri ósk minni að samþ. hana.

Ég á hér nokkrar aðrar brtt. á sama þskj. Undir lið XI. og XII. á ég till. um að veita tveimur námsmönnum styrk til náms erlendis. Um þann fyrri, Árna Þ. V. Snævarr, er það að segja, að hann hefir stundað nám í Þýzkalandi frá því 1930. Það liggja hér fyrir mjög lofsamleg ummæli um hann frá þeim mönnum, sem kennt hafa honum í Þýzkalandi. Mæla þeir fastlega með því, að honum sé veittur kostur á að ljúka námi og telja hann mjög efnilegan námsmann.

Að því er hinn manninn snertir, Finn Guðmundsson, þá hygg ég, að það sé engin ástæða til þess fyrir mig að lýsa hér þeim stoðum, sem undir það renna, að þessum pilti sé hjálpað til að ljúka námi. Ég geri ráð fyrir, að það séu margir innan þessarar hv. d., sem þekkja ástæður hans og hæfileika betur en ég, og sem ég teldi ekki síður skylt að mæla með þessum styrk. Við förum hér að vísu fram á óvenjulega háa upphæð þegar um er að ræða námsstyrk, 2500 kr., en það er með vilja gert, því af einum og öðrum ástæðum finnst mér standa alveg sérstaklega á um þennan pilt. Þykir mér svo ekki þurfa að mæla frekar fyrir þessari till. Ég geri ráð fyrir, að svo framarlega sem hér verður samþ. nokkur utanfararstyrkur, þá fái þessi piltur hann einnig.

Ég flyt hér eina brtt. ásamt hv. 2. þm. N.-M., en ég sé ekki ástæðu til að mæla sérstaklega fyrir henni, því ég býst við, að hann geri það á sínum tíma.

Þá á ég brtt. undir lið XXXIII. ásamt hv. 1. þm. Reykv., um að veita Jóni Þorleifssyni málara allt að 10 þús. kr. lán til að standast kostnað af byggingu vinnustofu, og á það að endurgreiðast á 4 árum með málverkum hans, sem þar til kvaddir menn eiga að meta í hvert sinn. Inn í 22. gr. fjárl. er þegar komin samskonar heimild fyrir ríkisstj. til að veita öðrum málurum slíkt lán. Tel ég það í alla staði vel við eigandi, að ríkið hlaupi

þannig undir bagga með listamönnum, að þeir endurgreiði hjálpina með vinnu sinni. Ég hygg, að um báða þessa menn megi segja það og þá engu síður um þennan skjólstæðing minn, að vinna þeirra sé þess virði, að ríkið eignist og geymi ýmislegt af henni og láti þá þannig öðlast möguleika til þess að stunda þessa list, sem þeir hafa helgað líf sitt. Ég tel því mjög vel viðeigandi, að ríkið fari þessa leið að styrkja þessa menn, því eins og nú er ástatt, er kaupgeta almennings mjög lítil, og væri því ekki óviðeigandi kreppuráðstöfun, að ríkið gæfi þessum mönnum kost á, að það keypti af þeim verk þeirra.

Ég hefi þá mælt fyrir mínum brtt. og læt því hér staðar numið.

Ég ætla ekki að fara neitt inn á brtt. n. eða einstakra manna, læt nægja að sýna afstöðu mína við atkvgr. En þó ég kannist við, að það sé þörf á að spara, þá held ég, að þessar brtt., sem ég hefi mælt fyrir, séu þess eðlis, að af sparnaði þeirra geti leitt meira tjón fyrir þjóðina í heild sinni.

**Magnús Torfason:** Það er nú ekki efnilegt, að eiga að fara að sannfæra menn hér í d., þegar flestir stólarnir eru tómir, en það er þó í betra lagi núna, því nú eru 3 í stólunum. Ég verð þá bara að tala hinsvegin við þá, sem ekki eru hér viðstaddir.

Ég á hérna eina brtt. að fjárupphæð 1000 kr. Það er 7. brtt. á þskj. 609 um styrk til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til þess að fullkomnast í vélfræðinámi í Þýzkalandi. Það ætti að vera létt verk að mæla með þessum styrk. Þessi maður hefir fengið styrk hér áður, 1000 kr., til þessa náms, og nú er svo komið, að hann kemur til að ljúka námi á þessu ári. En kennarar hans við þennan vélaskóla hafa mælt fastlega með því, að hann fái tækifæri til þess að fullkomna sig betur en námið eða prófið hjálpar honum til, og það vegna þess, að hann hefir sýnt, að hann er alveg sérstaklega lagaður til þess arna. Þessi maður hefir jafnvel áður en hann hefir tekið próf gert talsvert þýðingarmikla uppgötvun í sinni grein. Hann hefir gert uppgötvun þess eðlis, að vélar geta orðið mun léttari heldur en hingað til hefir reynzt eftir hans fyrirkomulagi, og ennfremur er þessari uppgötvun samfara spörun á vinnukrafti. Menn hafa litið svo á, að með tíð og tíma geti þessi uppgötvun orðið fjárvænleg og nú liggur maðurinn í málaferlum út af því, að aðrir hafa viljað taka uppfindinguna frá honum.

Af þessu sést, að þessum styrk hefir sannarlega verið vel varið, og að við megum vænta mikils gagns af þessum manni, þegar hann að loknu námi kemur hingað til landsins aftur. Það er víst, að við stöndum aftarlega í þessari grein og að mikið fé hefir farið forgörðum, vegna þess að menn hafa ekki kunnað eins vel og skyldi að gæta vélanna.

Ég verð því að líta svo á, að þessi maður sé einna bezt kominn að styrk úr ríkissjóði af þeim, sem nú sækja um slíka styrki.

Þetta er eina till., sem ég flyt um hækkun á fjárl.

En þá er ég með aðra till. á þskj. 609, þess efnis, að við 16. gr. 2 bætist 2000 kr. til varnargarðs fyrir sandgræðslu í Óseyrarneslandi. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er það orðin 19 ára gömul sandgirðing og þar hefir gróið mikið upp á þessum tíma, en fyrir landinu er sjóvarnargarður, og hann hefir bilað mikið í flóðinu, sem varð í vetur.

Þetta er því framlag til að halda við fyrirtæki, sem komið er vel á veg og mundi vera til stórskaða, ef því verður ekki sinnt og allt, sem gert hefir verið, verður að engu. Vitanlega leggur sveitin ⅓ part á móti samkv. sandgræðslulögunum.

Eins og ég gat um áðan, þá er ekki ætlazt til þess, að með þessu verði styrkurinn hækkaður. — Strandakirkja fær í fjárl. 2 þús. kr. samkv. l. nr. 50 frá 1928. En hún á nokkurt fé, sem er óeytt, og hefir það orðið að ráði milli mín og þeirra, sem veita sandgræðslunni forstöðu, að það verði ekki notað meira til sandgræðslunnar við Strandakirkju en sem nemur því fé, sem óeytt er á þessu ári. Þetta kemur því þannig út, að þær 2000 kr., sem kirkjan á að fá í þessum fjárl., falla niður. M. ö. o., að þetta er aðeins tilfærsla.

Fyrir fleiri till. þarf ég ekki að tala hér. En þá vildi ég tala nokkur orð við fj-

vn. Hún hefir lagt til, að veruflutningastyrkur austur verði lækkaður úr 12 þús. kr. niður í 8 þús. kr. Ég get ekki annað séð en að þetta sé nokkuð frek niðurfærsla, að taka ⅖ parta af styrknum vegna þess að bifreiðaskatturinn hefir verið lækkaður lítilfjörlega. Ég er ekki í vafa um það, að hlutfallslega er lækkunin á bifreiðaskattinum ekki nærri eins mikil og þarna kemur fram í þessum till. n.

Ég vonast þess vegna til þess, að þessi till. n. verði ekki samþ., og það því fremur, þar sem þessar 20 þús. kr. eru nokkurskonar uppbót fyrir það, að slíkur skattur kemur illa niður á þau héruð, sem sérstaklega þurfa að nota bifreiðar að vetrarlagi eins og nú er orðið á Suðurlandi. Ég mun koma með brtt. um það, að þessi styrkur verði ekki færður nema niður í 15 þús. kr. úr 20 þús. kr., og tel ég það harla nóg, og vil ég með því sýna, að ég tek sannarlega tillit til fjárhags ríkissjóðs, og þá einkum þegar ég sé, að í till. n. eru liðir, sem ég hefði talið, að mættu algerlega missa sig. (**JónJ**: Til dæmis?) Ég er ekki að nefna nöfn, en ég gæti hvíslað þeim í eyru hv. form. n. við tækifæri til þess að seðja forvitni hans.

Svo verð ég líka að mótmæla 25. lið í till. n., sem er þess efnis, að styrkur til Odds Oddssonar á Eyrarbakka, sem skrifað hefir talsvert í blöð og tímarit um alþýðleg efni, verði látinn falla niður. Þetta eru 400 kr., ef ég man rétt, og virðist ríkissjóður vera nokkurnveginn jafnsettur, hvort sem þetta er tekið af þessum manni eða ekki. Ég get upplýst það, að einn af okkar ágætu prófessorum í bókmenntum landsins hefir gert samning við þennan mann um að menntamálasjóður fái handrit hans til útgáfu. Ég sé ekki, að það sé hægt að veita þessum manni betri meðmæli en þetta, að maður eins og prófessor Sig. Nordal semur við hann um að fá rétt til að gefa út handrit hans. Hann hefir svona mikið álit á þessum manni. Ég held því, að það hljóti að hafa stafað af ókunnugleika, að n. leggur til að klípa af honum þennan litla styrk.

Það er alveg víst, að fyrir fræðslu manna á alþýðuháttum eru þessi rit hans margfaldlega þess virði, sem styrknum nemur, að því ógleymdu, að málið á því, sem kemur frá þessum manni, er svo gott, fallegt og fullkomið, að það eru ekki margir rithöfundar, sem rita betra mál en hann. Ég vonast því til þess, að n. haldi ekki fast við það að klípa þennan styrk af þessum ágæta manni. Ég hefi nú eins og ég sagði áðan sitt hvað að athuga við brtt. n. og reyndar líka þær, sem koma frá einstökum þm. En ég skal ekki fara neitt út í það, mun sýna við atkvgr. hvernig ég lít á þau mál öll, en vitanlega fer það að líkindum eftir því, hvernig gert er við mig og mína.

**Jakob Möller**: Ég á aðeins fáar till. og smáar, svo ég vona, að hv. dm. hlusti með þolinmæði á það, sem ég hefi um þær að segja.

Það er nú mikið talað um kreppu á þessum dögum og það að vonum, og um þá erfiðleika, sem landsmenn eiga við að búa, atvinnurekendur og aðrir, en það er sjaldan talað um flokk manna í því sambandi, sem vissulega verður fyrir hörðum búsifjum af kreppunni, og það eru íslenzkir námsmenn, sem ráðast í að fara til annara landa til þess að afla sér þekkingar og fróðleiks með það fyrir augum jafnframt að geta unnið þjóðinni gagn að loknu námi.

Þessar till., sem ég flyt, eru flestar viðvíkjandi slíkum námsmönnum. Það mætti raunar ætla, að það þætti ekki blása byrlega fyrir slíkum till., þar sem fjvn. hefir lagt til að fella niður úr frv. nokkra slíka styrki. Þó er það bót í máli, að n. hefir gefið fyrirheit um að bæta nokkuð úr þessu með því að bera fram till. við 3. umr. um aukinn styrk til náms erlendis til umráða fyrir menntamálaráð. En ég vil vekja athygli n. á því, að a. m. k. um suma þessa menn er svo ástatt, að þeir koma ekki til með að njóta styrks samkv. ráðstöfun menntamálaráðs, nema þá að alveg sérstaklega sé lagt fyrir um það. Menntamálaráð mun yfirleitt ekki veita námsstyrki nema til byrjunarnáms. En ég er þess fullviss, að n. er það ljóst, að það er mjög illa farið, ef námsmenn, sem hafa byrjað á námi og fengið styrk aðeins fyrstu árin, verða að hætta við hálf lokið nám, og það fé og fyrirhöfn og þau ár af æfi þeirra verða meira eða minna ónýt fyrir það, að þeir þurfa að hverfa frá námi áður en því er lokið.

Það er tæplega fullnægjandi, þó n. komi með till. um að auka það fé, sem menntamálaráðið hefir til umráða, ef ekki er jafnframt séð fyrir því, að því fé verði varið til slíkra styrkja, sem að gagni koma, að ekki verði bætt við fleiri mönnum, sem eiga fyrir sér að lenda í þrotum á miðri leið.

Ennfremur er þess að gæta, og snertir það einn mann, sem ég flyt hér till. um, að menntamálaráð hefir valið námsgreinar, sem styrk megi veita til, og útilokað gersamlega sumar námsgreinar, þannig að það telur þær ekki styrkhæfar, og það jafnvel þó mönnum almennt sé ekki ljóst, af hverju það stafar. Þannig er ástatt um einn stúdent, sem ég flyt till. um undir IX.a, að honum var neitað um styrk, af því að menntamálaráð áleit, að það hæfði ekki að veita styrk til þess náms, sem þar um ræðir. Þingið hefir veitt þessum námsmanni styrk tvisvar sinnum, og ég hygg, að þetta muni vera í þriðja sinn, sem þessi till. er flutt, og tel ég því fullvíst, að d. samþ. nú eins og áður að veita þessa upphæð, sem farið er fram á, því ég sé ekki, að jafnvel þó að horfið sé að því ráði að hækka almennan námsstyrk til umráða fyrir menntamálaráð, verði bætt úr þessari þörf með því.

Ég skal svo með fáum orðum gera grein fyrir þeim till., sem ég flyt á þskj. 609. Fyrsta till. er undir V., við 14. gr., til undirbúningskennslu í hagfræði við háskólann samkv. till. háskólaráðs. Hv. dm. minnast þess máske, að á sumarþinginu 1931 flutti menntmn. þál. þess efnis; hún er á þskj. 203, og ég vil biðja hv. þm. að kynna sér hana, ef þeim getur unnizt tími til þess áður en atkvgr. fer fram. Þar eru mikil rök færð fyrir því, hver hagur gæti orðið að því að stofna til undirbúningskennslu í ýmsum fræðum, sem íslenzkir stúdentar geta ekki lært hér heima, heldur verða að fara til annara landa til að fá fullkomna þekkingu í. Með slíkri undirbúningskennslu mundi sparast mjög mikið fé, bæði fyrir ríkissjóð til námsstyrkja og einstaka menn til að stunda nám við erlenda háskóla. En það hefir ekkert orðið úr framkvæmdum í þessu efni. Það mun hafa verið gert ráð fyrir, að stj. tæki málið til undirbúnings, en mér er ekki kunnugt um, að neitt hafi orðið úr því. Ég tek eina námsgrein út úr og fer fram á í þessari till., að veittur verði sá styrkur, sem ráðgerður er í þessari grg., sem fylgdi till.

Við háskóla erlendis mun það tíðkast, að lögfræðinemar fái meiri eða minni kennslu í hagfræði, og þykir það ekki fullnægjandi menntun, sem þeir fá annars. Þar að auki má benda á það, að margir íslenzkir stúdentar, sem fara utan til að halda áfram námi, leggja einmitt fyrir sig hagfræði. Það mundi því, með því að koma upp þessari kennslu, sparast það fé, sem færi til náms þessara stúdenta í öðrum löndum þau árin, sem hægt væri að spara með þessari kennslu. Ég veit ekki, hve mikill sá styrkur er, sem veittur er árlega í þessu skyni. En það er áreiðanlegt, að það er eins mikil upphæð og sjálfsagt meiri en hér er farið fram á, sem er aðeins 3600 kr. á ári. Það er auðséð, að ríkissjóður muni a. m. k. ekki missa neins. Það mun ekki verða umframeyðsla af ríkissjóði, þegar fram líða stundir, og beinn sparnaður augsýnilegur fyrir þjóðarbúið að geta veitt þessa kennslu innanlands í staðinn fyrir að sækja hana til annara landa, því þeir, sem stunda nám erlendis, verða að verja af eigin fé eins mikilli upphæð á hverju ári eins og þeir kunna að fá í styrk, auk þess sem sumir fá engan styrk og verða að sjá fyrir sér að öllu leyti sjálfir.

Þessar till. mínar geta því í raun og veru færzt beinlínis undir þær ráðstafanir, sem kallaðar eru kreppuráðstafanir, til þess að spara greiðslur frá landsmönnum, bæði af opinberu fé og einstakra manna til annara landa og auk þess til þess að afla nauðsynlegrar menntunar mönnum, sem stunda nám hér heima, menntunar, sem er nauðsynleg og hagkvæm í lífinu fyrir alla menn.

Þá er næst önnur till. undir IX. a til Jóns Gissurarsonar til framhaldsnáms í verzlunarfræði við þýzkan háskóla.

Hann hefir haft styrk á undanförnum árum, sem samþ. hefir verið í þessari d., og ég efast ekki um, að d. samþ. hann aftur.

Þá er annar styrkur undir sama tölulið, staflið b, til Agnars Norðfjörðs. Hann stundar einmitt hagfræði við háskólann í Kaupmannahöfn og hefir haft

styrk byrjunarárin 4, en hefir svo misst hann. Hann er bláfátækur, og er ekki annað sýnt en að hann verði að hætta við nám, ef hann fær ekki þennan litla styrk. Hann hefir náttúrlega einnig eytt af eigin fé, faðir hans er fátækur maður, en hann hefir fengið eitthvert lán til að standa straum af námskostnaði sínum og jafnframt lagt hart að sér og hefir ekki lifað við nein sældarkjör, það er mér vel kunnugt um. Það er því áreiðanlega vel gert af þinginu að sjá honum farborða það sem hann á eftir til þess að ljúka námi.

Undir rómv. tölul. XV. er styrkur til hraðritunarskóla Helga Tryggvasonar. Það þarf ekki að lýsa fyrir hv. þm. þeirri nauðsyn, sem er á því að halda uppi þeirri kennslu, sem þar um ræðir. Við vitum, að ávaxta af þeirri kennslu er notið mikið hér á þingi á síðari árum, þar sem mikið er notuð hraðritun við þingskriftir. Ég efast ekki um, að hv. þm. geri sér ljóst hver framför er í þeirri breyt., sem á því hefir orðið. Ég álít, að ekki þurfi að fara um það fleiri orðum.

Þá er undir rómv. lið XIX. styrkur til Péturs A. Jónssonar söngvara. Hv. þm. vita, hvernig ástatt er um þennan góða listamann. Hann hefir erlendis komið fram þjóð sinni til mikils sóma. Hann hefir nú orðið að hverfa úr því landi, þar sem hann hefir unnið, því að útlendir menn eiga þar nú mjög erfitt uppdráttar. En hann hefir nú ekkert við að vera, annað en að láta menn njóta sinnar listagáfu, sem hann að vísu fær tækifæri til, en það gefur lítið í aðra hönd til framfærslu fjölskyldunnar.

Þá er undir rómv. lið XXI. farið fram á að veita styrk ungum og efnilegum málara, Eggert Laxdal, sem flestir hv. þdm. kannast við. En þó er svo ástatt með hann, að hann lætur lítið á sér bera, en nýtur samt mikils álits meðal þeirra manna, sem sérstaklega hafa vit á þeim hlutum. Hann hefir sent umsókn til þingsins um styrk til utanferðar til að geta fullkomnað sig í list sinni. Hann hefir aldrei fengið styrk áður af opinberu fé, en má hinsvegar telja hann þess fullkomlega maklegan ekki síður en aðra, sem styrks hafa notið. Mér vitanlega hefir hann aldrei sótt um styrk áður, en það stafar meira af því, að maðurinn er ekki gjarn á að hafa sig mjög í frammi, heldur en af því, að hann hafi ekki fullkomna þörf fyrir styrk.

Ég er svo viðriðinn 2 eða 3 till., sem þegar hefir verið talað fyrir, nema þeirri fyrstu undir rómv. lið X., um námsstyrk til Ágústs Einarssonar, til læknanáms í dýralæknisfræði í Þýzkalandi. Þetta er bláfátækur maður, sem aðeins hefir fengið styrk frá ættmennum sínum og kunningjum. Nú er þrotin leið fyrir honum, svo að hann mun vart geta lokið námi nema að fá styrk. En líkur eru til, að hann fái atvinnu hér heima strax þegar lokið er námi. Stendur það í sambandi við lög, sem samþ. voru hér í d. um dýralækna, svo að þörf er fyrir hann strax og hann hefir lokið námi sínu. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta, en vænti þess, að hv. fjvn. taki till. til velviljaðrar athugunar. Og sérstaklega vænti ég þess, að hún láti eitthvað frá sér heyra viðvíkjandi 1. till. undir rómv. lið V. Ég tel hana mikilsverða, því að þar er um að ræða framtíðarmál fyrir Háskóla Íslands og íslenzka fræðslu. Það er um þessa námsgrein að segja, að hún er kennd með ýmsu móti, og fer eftir háttum hverrar þjóðar fyrir sig, svo að engin þjóð getur haft fullt gagn af kennslu í þeirri fræðigrein, nema að byggja á innlendum þjóðarhögum. Hinsvegar er það nauðsyn fyrir íslenzku þjóðina og íslenzka háskólastarfsemi, að einmitt kennsla í þessari grein komi sem fyrst upp við háskólann.

**Jón Þorláksson:** Ég á hér 3 brtt. á þskj. 609. Sú 1. er um það, að veittur verði Ingólfi Þorsteinssyni námsstyrkur til vélfræðináms, að upphæð 1200 kr., undir rómv. lið VIII. Þessum nemanda var á síðasta þingi veittur styrkur að sömu upphæð, og upp á það byrjaði hann vélfræðinám sitt í Þýzkalandi. Ég skal geta þess, að hann lauk hér burtfararprófi við stærðfræðideild menntaskólans árið 1931 með 1. einkunn. Hann hefir prýðilegustu meðmæli frá kennurum sínum, og ég get ekki annað en talið rétt að halda áfram að veita honum þennan námsstyrk, sem byrjað er á, því annars er hætt við, að hann verði að hætta námi og það verði honum sjálfum og landinu lítils virði.

Þá er næsta brtt. frá mér undir rómv.

lið XVII., að við 15. gr. fjárlagafrv. verði tekinn upp nýr liður í sambandi við fjárveitingu til bókasafna, sem sé 5000 kr. til Alþýðubókasafns Rvíkur. Þetta bókasafn var opnað í apríl 1923 og upphaflega stofnað fyrir nokkurn hluta af andvirði togara, sem seldur var héðan úr landi á stríðsárunum. Það hefir síðan vaxið mjög, einkanlega eftir árið 1928, þegar það fékk nýtt húsnæði. Ég skal aðeins til samanburðar nefna örfáar tölur á útlánum úr safninu meðan það var í fyrra húsnæðinu eða frá 1923 til 1927. Þá voru venjulega lánuð milli 25 og 32 þús. bindi og stóð nokkuð í stað. En það hefir nú á síðari árum farið upp í 85 þús. bindi. Gestir á lesstofu voru þessi sömu fyrri ár, sem ég nefndi, 4—7 þús. á ári. En síðustu 2 árin hafa þeir farið upp fyrir 17 þús. á ári.

Ég tel ekki þörf á að nefna fleiri tölur, en þetta er því til stuðnings, að þetta bókasafn er nú orðið langmest sótta bókasafnið á landinu, að undanteknu sjálfu Landsbókasafninu, og léttir ákaflega mikið á Landsbókasafninu um notkun bóka.

Það má að vísu segja, að þetta bókasafn sé að mestu fyrir Rvík, og sá hugsunarháttur er til, að það séu aðrir, sem eigi tilkall til fjárveitinga úr ríkissjóði, en þeir eigi að borga þangað skatt og að öðru leyti að sjá um sig sjálfir. Þess ber þó að geta, að þetta safn er líka mikið notað af utanbæjarmönnum, sem dvelja hér vetrarlangt við nám. Einnig er það talsvert notað í fiskiskipum, sem ganga héðan úr bænum. Þetta bókasafn hefir verið þannig útbúið, að það lánar út í fiskiskipin og njóta þess þar jafnt innanbæjarmenn og utanbæjarmenn. Af hálfu bæjarsjóðs Rvíkur eru þessu safni veittar 30 þús. kr., og mér sýnist þess vegna ekki annað sæmra en að ríkissjóður styrki þetta safn líka. Ég fer því fram á 5000 kr. fjárveitingu til þessa bókasafns.

Loks er 3. brtt. mín við 16. gr. 14. b. um dýralækna. Brtt. er undir rómv. lið XXV., um það, að tekin verði upp í þetta frv. samskonar fjárveiting, 300 kr., til Eggerts Magnússonar og stendur í núgildandi fjárlögum handa þessum manni til að stunda dýralækningar, og var hún sett inn í fjárlögin í fyrra hér í þessari hv. d.

Ég skal til viðbótar því, sem ég sagði þá um þetta, aðeins geta þess, að mér hafa borizt frá sýslumanninum í Dalasýslu meðmæli sýslunefndarinnar þar, til þess að hann haldi þessum styrk. Þau eru þannig orðuð, að nefndin lýsir því yfir, að hún votti honum sín beztu meðmæli í þessu efni og telur rétt, að hann fái slíkan styrk áfram, sem hann hefði nú á þessu ári.

Þá á ég enn brtt. ásamt 2 öðrum hv. þm. á þskj. 624, sem ég vænti, að hæstv. forseti hafi útvegað leyfi til að koma mætti til umr. Brtt. er við 22. gr. fjárlagafrv. undir rómv. tölul. XVII, og fer fram á það, að í staðinn fyrir heimild handa ríkisstjórninni til þess að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir láni til að kaupa fiskiskip, komi heimild til að ganga í ábyrgð fyrir allt að 350 þús. kr. láni til þess að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, sem geti unnið úr allt að 600 málum síldar á sólarhring, og fari lánið ekki fram úr 70% stofnkostnaðar stöðvarinnar. Um þetta mál hefir hv. þm. Seyðf. sent fjvn. Nd. og líka fjvn. þessarar d. áskorun frá almennum borgarafundi á Seyðisfirði, þar sem þess er óskað, að ríkisstj. verði heimiluð að ganga í slíka ábyrgð. Hann hefir ennfremur útvegað bráðabirgðaáætlun um stofnkostnað slíkrar síldarbræðslustöðvar. Og er áætlunin 385 þús. kr. og byggist á því, að notuð verði til þess eign, sem þarna er til, pakkhús og 2 bryggjur.

Eins og kunnugt er hefir atvinnulífið í fiskiverum Austfjarða orðið fyrir þungum áföllum og meiri kreppu á síðastl. áratug en atvinnulíf manna við sjó í öðrum landshlutum.

Þetta stafar að nokkru leyti af hinum sérstöku náttúruskilyrðum, sem eru fyrir hendi á Austfjörðum, og að nokkru leyti beinlínis af aðgerðum löggjafarvaldsins. Ég skal nú gera grein fyrir þessu.

Um þorskveiðarnar er svo ástatt fyrir Austurlandi, að það er sérstökum erfiðleikum háð að stunda þær þannig, að þær verði arðberandi. Þetta stafar af því, að meðfram landinu, utan fjarðanna, er svo harður straumur, að þeir, sem þangað

sækja sjó, verða undantekningarlaust að fella niður sjósókn þá dagana, sem straumur er stærstur. Hversu góður afli sem er, ganga úr sjósókn nokkrir dagar í hvern straum. Þetta er mikill hnekkir frá náttúrunnar hálfu fyrir fiskiveiðarnar, þó það nái að vísu ekki til veiðanna, þegar fiskur gengur inn á firðina sjálfa og ekki heldur út á opnu hafi, en þær eru fremur sjaldan stundaðar, og lítill skipastóll, sem getur sinnt þeim veiðiskap.

Áður fyrr voru blómatímar á Austfjörðum. Það er vitanlegt, að þeir stöfuðu ekki eingöngu af þessum fiskveiðum, þær hafa alltaf verið sömu erfiðleikum háðar af náttúrunnar hálfu, heldur stafaði það fyrst og fremst af síldinni. Það eru nú yfir 30 ár síðan aðalsíldveiðin fluttist frá Austurlandi til norðurlandsins. Þennan tíma hafa Austfjarða kauptúnin orðið að bjargast við fiskveiðarnar að mestu leyti. En með fiskveiðalöggjöfinni frá 1922 var þessum landshluta gerður sérstakur hnekkir, því að eitt af því, sem menn í kauptúnunum á Austfjörðum höfðu áður sér til mikillar atvinnu, voru viðskiptin við útlend fiskiskip, sem þangað leituðu, bæði seldu þeim nauðsynjar þeirra og keyptu fisk úr þeim, sem svo var verkaður þar í plássinu. Með fiskiveiðalöggjöfinni frá 1922 varð sú breyting, að útlend fiskiskip fengu miklu erfiðari aðstöðu um viðskipti sín við landsmenn, og viðskipti þeirra við Austfjarðahafnirnar hafa síðan minnkað að mjög verulegum mun. Hér við bætast svo þeir almennu erfiðleikar, sem gengið hafa yfir sjávarútveginn á 2 tímabilum þennan síðasta áratug, sem sé frá 1920—1923 og svo aftur kreppan frá 1926—1927, enda er það kunnugt, að bankaútbúin í þessum landsfjórðungi hafa orðið fyrir sérstaklega miklum töpum. Nú á síðustu árum hefir legið fyrir, hvaða ráðstafanir eigi að gera til þess að létta hag þessa landshluta, sem að ýmsu leyti er blómlegur og með sérstaklega góðar hafnir og að því leyti hentuga aðstöðu til sjávarins.

Mönnum hefir orðið það ljósara og ljósara, að viðreisnarvonin liggur ekki í neinu öðru en því, sem áður reyndist gott til blómgunar, en það eru síldveiðarnar. En nú er svo högum háttað, um markað fyrir síld, að það er ekki til þess von, að Austfirðingar geti tekið síldveiðarnar upp aftur af neinu kappi, nema til sé síldarbræðslustöð til þess að taka við þeirri síld á hverjum tíma, sem ekki þykir fært að salta til útflutnings eða gera útflutningshæfa á annan hátt. Nú er komið svo, að menn á Seyðisfirði hafa horfið frá þeirri hugmynd að fá ríkisábyrgð til að koma á bátaútvegi til þorskveiða, heldur hafa þeir nú óskað eftir ríkisábyrgð til að koma á fót síldarbræðslustöð. Ég er sannfærður um það, af mínum kunnugleika í þessum landshluta, að það er sú eina braut, sem fær er til þess að létta erfiðleika þeirra manna, sem þar þurfa á sjávarútveginum að lifa. Tel ég þess vegna rétt að taka myndarlegum og föstum tökum á þessu málefni, og það því fremur, þar sem nú er ekki farið fram á meira en mjög viðráðanlega upphæð, sem sé ábyrgð fyrir 350 þús. kr. láni, sem hægt er að setja talsverða tryggingu fyrir. Ég vil ekki staðhæfa, að það sé alveg fullnægjandi trygging, ef illa skyldi fara, en ég hygg, að það fari þá illa fyrir fleiru, ef þessu fyrirtæki farnast svo, að það geti ekki skilað aftur þeim höfuðstól, sem í það er lagt. Nú eru á Austfjörðum mjög skiptar skoðanir um það, eins og jafnan verður á slíkum stöðum, hvern staðinn eigi að velja handa þessu fyrirtæki. Það er alltaf svo, að hvað sem á að gera fyrir sjóplássin á Austfjörðum, þá eru 3 eða jafnvel 4 staðir, sem keppt er um, og þykir hver hafa nokkuð til síns ágætis. Það eru Seyðisfjörður, Norðfjörður, Eskifjörður og jafnvel Fáskrúðsfjörður. En eins og öllum högum er háttað, og ef á að leggja óhlutdrægan dóm á þetta, og ég held, að ég geti litið óhlutdrægt á þetta mál, þá held ég rétt að gera þessa byrjun á Seyðisfirði. Það er fyrst og fremst og aðallega af þeim ástæðum, að Seyðisfjörður er það plássið, sem í raun og veru hefir orðið fyrir mestum hnekki af þeirri rás viðburðanna, sem ég áðan nefndi, og það er því brýnni þörf og beinlínis lífsnauðsyn, að þar sé komið upp ráðstöfunum til varanlegra umbóta á atvinnulífinu.

Einn staðurinn a. m. k., Norðfjörður, hefir betri skilyrði til þess að hagnýta sér þorskveiðarnar, og þess vegna ekki eins brýn nauðsyn að fá til sín slíkt at-

vinnufyrirtæki sem þetta. Hinsvegar held ég, að Seyðisfjörður sé a. m. k. ekki lakar settur en hinir firðirnir um aðflutning hráefnis, síldarinnar, þegar svo ber undir, að hana þarf að flytja lengra að. En síldarverksmiðjan verður auðvitað fyrst og fremst og aðallega fémæt af því að firðirnir fyllast af síld, sem ekki er hægt að nota nema þetta fyrirtæki sé til, og þá er það ekki síður Seyðisfjörður en hinir firðirnir, sem fyrir þeim höppum geta orðið. Á Seyðisfirði hafa menn nú hafizt handa um fjáröflun, og þó að upphæðin, 35 þús. kr., sé ekki sérlega há, þá verður að líta á, að atvinnulífið á þessum stað er í alveg sérstaklega erfiðu ástandi, og þess vegna er ekki von, að miklar fjárhæðir séu þar lausar, og borið saman við Siglufjörð, en þar hefir ríkissjóður orðið að leggja fram allt fé til stöðvarinnar, þá verður ekki sagt, að halli til óhags fyrir þetta fyrirtæki, þó að hlutaðeigendur sjái sér ekki fært að leggja fram meira en 35 þús. kr. í reiðum peningum, auk þess sem ætlazt er til, að bæjarstjórnin á Seyðisfirði leggi fram ábyrgð fyrir fyrirtækið. Vil ég svo að lokum mæla sem bezt með þessari till., af því að ég er sannfærður um, að með henni er farið inn á rétta leið til úrlausnar mesta vandamáli þess landshluta, sem þar á hlut að máli.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég þakka hv. n. fyrir ágæt störf og ýtarlegt álit. Greiðsluhallinn er ekki mikill, en æskilegast er þó, að hægt væri að afgreiða fjárl. hallalaust, og ef ekki verða samþ. neinar stórkostlegar till. umfram það, sem n. hefir lagt til, má laga greiðsluhallann með því að hækka a. m. k. 2 liði í tekjuáætluninni, sem vitað er um, að eru of lágt áætlaðir. En slíkt þarf ekki að athuga fyrr en við 3. umr.

Ég þarf ekki að telja þær till., n., sem ég get mælt með, en mun drepa lítillega á þær till., sem ég mundi fremur kjósa, að biðu eða gengju ekki til atkv. nú. Þannig hefir n. gert till. um að lækka greiðsluna til endurskoðenda LR, og vildi ég óska, að n. tæki þá till. aftur til 3. umr. til nánara umtals. Starf endurskoðenda LR er bæði mikið og vandasamt, og eins og kunnugt er, hefir það 2 hin síðustu ár verið rækt af mjög miklum dugnaði og samvizkusemi af endurskoðendunum. Þegar hér við bætist, að endurskoðendur eru búsettir utan Reykjavíkur, eins og nú er um einn þeirra, verða núv. laun sízt of há, og fremur of lág. Hinsvegar hefði getað komið til mála að gera nýja skipun á þessu starfi, þannig að endurskoðendurnir yrðu aðeins 2, í stað 3 nú, enda er sú venjan um alla endurskoðun, að skoðunarmennirnir séu 2, og mætti þá hækka laun þeirra nokkuð og þó um leið skapa áþekkan sparnað og leiða mundi af samþykkt þessarar till. Mér fellur illa, ef allir námsstyrkir eru felldir niður úr frv., án þess að jafnframt verði hækkuð sú upphæð, sem Alþingi veitir menntamálaráði til úthlutunar meðal námsmanna, en ég efast ekki um, að dómar menntamálaráðs um það, hverjir séu styrksins verðir, séu sannari en þeir dómar verða hér á Alþingi, þar sem tilviljunin ræður oft mestu um slíkt.

Að því er snertir þá till. hv. n. að gera menntamálaráð að einskonar censor yfir Leikfélagi Reykjavíkur, vil ég segja það, að ég álít, að tæplega sé á því þörf. Má vera, að leikfélagið hafi eitthvað sýnt, sem betur væri ósýnt, en félagið gerir þá slíkt peninganna vegna, og því er sannarlega vorkunn. Ríkisstyrkurinn, sem félagið nýtur, er ekki mikill, og auk þess verður félagið að borga skatt eftir sýningar sínar. Ennfremur er á það að líta, að hér yrði um allumfangsmikið starf að ræða fyrir menntamálaráðið.

Um till. hv. 2. landsk. um atvinnubótastyrkinn, 1 millj. kr., vil ég segja það, að ég teldi heppilegt, að hv. þm. tæki till. aftur til 3. umr., auk þess sem þessi till. er fram yfir alla möguleika og getu ríkissjóðs í þessu efni. Er vitanlegt, að bæði n. og ríkisstj. mun gera allt það, sem unnt er að gera til úrlausnar á atvinnumálunum og leggja fram till. um það við 3. umr.

Ég vil leggja með till. hv. 1. landsk. og fleiri þm. um það, að stj. verði heimilað að ganga í ábyrgð fyrir allt að 350 þús. kr. láni til þess að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, ef felld verður niður heimildin í sömu gr. fjárl., 22. gr. XVII, um að stj. megi ábyrgjast allt að 100 þús. kr. fyrir samvinnufélag sjómanna og verka-

manna á Seyðisfirði til kaupa á fiskiskipum. Ég hefi átt tal við hv. þm. Seyðf. um þetta og sagt honum, að ekki yrði unnt að gera nema annað tveggja af þessu tvennu, og þar sem líklegt þykir, að síldarverksmiðja muni starfa við góð skilyrði á Seyðisfirði og skapa þar mikla atvinnumöguleika, verð ég, vegna þess vandræðaástands, sem nú ríkir, heldur að leggja með hærri till.

Ég mun þá ekki drepa á fleiri till. í sambandi við fjárl. að þessu sinni. Ég vænti þess, að hv. d. gæti þess að afgreiða frv. svo varlega, að ekki þurfi að opna fjárl. í Nd. Fjvn. þar hefir sýnt ágætt fordæmi og gætt hinnar mestu kostgæfni í sínu starfi.

**Einar Árnason:** Ég á eina litla brtt. við frv. á þskj. 624, þess efnis, að Halldóri Kr. Jónssyni verði veittar 300 kr. til dýralækninga. Í gildandi fjárl. er samskonar styrkveiting til þessa manns, sem samþ. var hér í d. í fyrra, og í stjfrv. var þessum manni einnig ætlaður samskonar styrkur, en Nd. felldi þetta niður. Ég gerði grein fyrir ástæðum fyrir því, að þessi maður fengi þennan styrk, á síðasta þingi, og sé ekki ástæðu til að endurtaka það, enda vænti ég, að hv. d. sé enn þeirrar skoðunar, að rétt sé að veita þennan styrk. Það er viðurkennt, að þessi maður gerir mikið gagn, en hann er bláfátækur og hefir ofan af fyrir sér með litilfjörlegum búskap, sem hann þó ekki hefir tíma til að sinna, vegna þess, hve mikið hann er sóttur, og er honum því hin mesta þörf á þessum styrk, því að eins og hv. dm. er kunnugt, eru slíkar lækningaferðir litið borgaðar.

Einnig flyt ég 3 brtt. á þskj. 609. Sú fyrsta, IV, fjallar um það, að veittar verði 50 þús. kr. til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, fyrsta greiðsla af fjórum, en hinar tvær, XXXIV, fjalla um það, að stj. verði heimilað að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, til þess að leggja fram á móti ríkisframlaginu til öldubrjótsins, og ennfremur að ábyrgjast allt að 70 þús. kr. rekstrarlán fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f. Ég mun þó ekki gera grein fyrir þessum till. nú, þar sem ég hefi ákveðið í samráði við n. að taka þær aftur til 3. umr., en þá býst ég við að flytja till. aftur óbreyttar eða a. m. k. í svipuðu formi, og mun ég þá gera frekari grein fyrir þeim.

**Páll Hermannsson:** Nafn mitt er tengt við 3 brtt. við fjárl. að þessu sinni. Tvær þessara till. flyt ég með öðrum þm., og hafa þeir nú gert grein fyrir þeim, svo að ég þykist þar ekki þurfa neinu við að bæta. Verður það því aðeins ein brtt., sem ég þarf að minnast á, XXVIII. á þskj. 609, sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. S.-M. Þessi till. fer fram á það, að veittar verði 1200 kr. til fiskiræktarfélags Fljótsdalshéraðs, og samsvarar það ⅓ rekstrarkostnaðar, eða til vara 1000 kr.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir verið varið talsverðu fé til fiskiræktar þarna eystra. Má fyrst benda á það, að búið er að verja 12000 kr. til þess að gera Lagarfoss laxgengan. Var allverulegur hluti af þeirri upphæð veittur úr ríkissjóði, en hitt fékkst með framlögum einstaklinga og félaga eystra. Ennfremur get ég upplýst það, að á síðasta ári voru byggðar 2 klakstöðvar þarna eystra. Samkv. reikningum, sem ég hefi í höndum yfir kostnaðinn við þessar byggingar, hefir hann orðið rúml. 5½ þús. kr., og hefir verið greiddur með 3000 kr. láni, sem tekið var í þessu skyni, en að öðru leyti með framlögum frá sýslum, hreppum og búnaðarfélagsskap eystra. Er sjáanlegt, að hér hlýtur á eftir að fylgja, að kostnaðurinn, sem lagt hefir verið í, verði látinn koma að liði, og það verður ekki gert með öðru en að starfrækja klakhúsin í þeirri von, að slíkt verði til hagsbóta þeim, sem þarna búa. Hefi ég einnig í höndum áætlun yfir væntanlegan rekstrarkostnað þessara klakstöðva, sem gerir ráð fyrir, að hann verði 3000 kr. á yfirstandandi ári, en ég játa, að ég býst við, að sú áætlun sé of lág, og við það hefi ég einmitt miðað aðaltill. mína.

Hv. 1. landsk. lét svo um mælt í sambandi við till. þá, sem hann flytur ásamt mér og hv. 2. landsk., um það, að stj. heimilist að ábyrjast allt að 350 þús. kr. lán til þess að reisa síldarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði, að með þeirri ráðstöfun væri bætt úr frekustu þörf flestra manna við sjávarsíðuna á Austurlandi.

Játa ég það, að lax- og silungsklakið muni ekki hafa eins mikla þýðingu fyrir Fljótsdalshérað og síldarbræðsluverksmiðjan hefir fyrir sjávarsíðuna, en ég hefi þó ekki komið auga á nokkra eina ráðstöfun, sem gæti komið að meira liði en fiskiræktin, ef hún gæti lánazt. Fiskiræktarfélagið nær yfir 7 hreppa, sem telja yfir 100 jarðir, er eiga lönd að þeim rennandi vötnum, sem gert er ráð fyrir, að fengju veiði, þar sem hún var ekki áður, eða a. m. k. aukna að miklum mun. Auk þess er gert ráð fyrir, að í sambandi við klakið færist veiði yfir í stöðuvötn, sem eru í landareign þeirra jarða, sem ekki eiga lönd að þeim rennandi vötnum, svo að það yrðu þannig enn fleiri jarðir, sem nytu góðs af klakinu. Held ég, að engin ein ráðstöfun gerði meira gagn en einmitt þessi, að skapa mörgum heimilum veiðiskap. Hefi ég reynt það sjálfur, hve mikil breyting það er fyrir heimili að hafa þótt ekki sé nema litla silungsveiði frá því að hafa enga. Alþingi hefir stuðlað að fiskiræktinni þarna austur frá með framlögum til laxastigans í Lagarfljóti, og þar sem Alþingi hefir styrkt önnur fiskiræktarfélög, leyfi ég mér að vænta þess, að hv. d. líti einnig á þessa till. með velvild og skilningi.

**Jónas Jónsson:** Ég hefi flutt hér brtt. við 14. gr. um örlitla fjárveitingu til fransks sendikennara við Háskóla Íslands. Brtt. þessi er flutt eftir tilmælum rektors háskólans með hliðsjón af því, að sett hefir verið inn í fjárl. fjárveiting til sendikennara frá annari þjóð. Ef þessi till. væri felld, væri því gert upp á milli þessara tveggja þjóða á óviðurkvæmilegan hátt. Háskólanum þykir eðlilega þakkarvert að fá menn fyrir svona lítið fé, en vitanlega tekur enginn að sér slíkt starf, nema styrkur komi til annarsstaðar frá. Hér hefir verið franskur sendikennari í vetur, er hefir haft um 80 nemendur, og mun marga fýsa að halda því námi áfram. Vona ég því, að þingið taki þessu góða, ódýra máli vel.

Þá hefi ég flutt aðra brtt. við 14. gr., um að hækka styrkinn til sundlauga upp í 10000 kr., og gangi þar af 5000 kr. til sundlaugar í Vestmannaeyjum. Þessi brtt. er flutt að tilmælum hv. þm. Vestm. og fleiri manna þar. Vestmannaeyingar ætla nú að byggja sundlaug, sem ætlað er að kosti 35 þús. kr. og hita með miðstöð. Þetta er nýjung, sem aðeins hefir verið reynd á einum stað áður, í Bolungavík, gefizt þar vel og ekki orðið þorpinu ofviða fjárhagslega. Þarf ekki að eyða að því orðum, hve sundkunnátta er nauðsynleg á slíkum stöðum, þar sem sjómennska er aðalstarf flestra.

Þá flyt ég við sömu gr. brtt. um 2000 kr. styrk til skíðamannaskýlis sunnan Vífilsfells fyrir nemendur ríkisskólanna í Rvík. Þessi upphæð er ekki há, a. m. k. ekki þegar litið er á, hve miklu ríkið ver til kennaraskólans, menntaskólans og háskólans í Rvík. Áhugi fyrir skíðaíþróttinni er mikill og vaxandi í þessum skólum, en skíðafæri oft óhentugt, vegna þess að skýli vantar á góðum stað. En einn af íþróttafrömuðum landsins, Guðmundur Einarsson listamaður frá Miðdal, segir svo frá, að í Lönguhlíðum á bak við Vífilsfell sé samfelldur snjór, sem hægt sé að nota í sjö mánuði.

Þá á ég brtt. við 15. gr. Fer hún fram á að Íslandsdeild Norræna félagsins sé veittur 1200 kr. styrkur. Félag þetta nær yfir Norðurlönd, og er mark þess að auka kynningu meðal norrænna þjóða. Ísland hefir verið í félaginu í nokkur ár, en sá er munur á, að íslenzka deildin er fátæk, en hinar ríkar. Þannig hefir t. d. forsætisráðh. norski, Mowinckel, gefið félaginu 100 þús. kr. og hefir fyrir það fé verið keypt höll á Fjóni, þar sem Svíar, Danir og Norðmenn koma saman. En við stöndum ver að vígi vegna fjarlægðar. Íslenzka vikan, sem haldin var í haust í Stokkhólmi, var haldin fyrir tilstilli þessa félags. Ísland hefir aldrei fengið betri auglýsingu í Svíþjóð. Það er því mjög óþægilegt fyrir íslenzku deildina að vera alveg peningalaus, enda viðurkenndi stjórnin það með því að setja dálitla upphæð í fjárl. í þessu skyni.

Þá flyt ég brtt. við 16. gr., um 500 kr. til rannsókna á lífsskilyrðum silungs í helztu veiðivötnum. Brtt. þessi er flutt eftir tilmælum ýmissa áhugamanna, sem óska eftir, að slík skilyrði verði rannsökuð í helztu veiðivötnum landsins, svo sem Þingvallavatni, Mývatni, vötnum á Arnarvatnsheiði o. fl. Ungur og efnilegur

maður, sonur Guðmundar skálds á Sandi, hefir kynnt sér þetta efni ýtarlega og getur því komið til greina til að vinna verkið.

**Guðmundur Ólafsson:** Ég á hér litla en nauðsynlega brtt. við 12. gr. á þskj. 609. Hún er á þá leið, að framlagið til sjúkraskýla og læknisbústaða sé hækkað úr 5000 kr. í 8000 kr., og gangi þar af allt að 3000 kr. til kaupa á röntgentækjum til sjúkraskýlisins á Blönduósi. Hefir það verið venja, að ríkissjóður legði fram ⅓ í þessu skyni, og er svo hér ætlazt til. Liggur fyrir bréf frá stjórn skýlisins og héraðslækni, og er þar lögð mikil áherzla á, að þetta nái fram að ganga. Svo er ástatt á öllu svæðinu frá Ísafirði til Siglufjarðar, að engin röntgentæki eru til, svo að margir sjúklingar verða á hverju ári að fara til Rvíkur til að láta skoða sig. Það sem og ýtir undir héraðið til að fá þessi tæki, er, að það hefir haft góða héraðslækna undanfarið og aðsókn að skýlinu hefir stórum aukizt síðan núverandi læknir kom síðastl. vor. Ég býst við, að hv. þdm. þyki ekki vel til fallið að vera á móti slíku máli sem þessu, því að það er hart aðgöngu fyrir menn að þurfa að fara til fjarlægra staða og kosta ærnu fé til, til þess eins að vita, hvað að þeim gengur. Læknirinn segir svo í bréfi sínu, og býst ég við, að hann sannfæri þá hv. þdm., sem ég hefi ekki haft áhrif á:

„Það er margt, sem mælir með því að röntgen- og ljóslækningatæki verði hið fyrsta útveguð til sjúkrahússins á Blönduósi. Héraðið er mannmargt. Mikil aðsókn þar af leiðandi að sjúkrahúsinu, bæði úr héraðinu og einnig af utanhéraðssjúklingum. Það ætti ekkert sjúkrahús að vera án röntgentækja, sérstaklega ekkert sjúkrahús, þar sem eitthvað er um að vera. Án þeirra eru læknar iðulega í miklum vanda staddir við aðgreiningu sjúkdóma. Sérstaklega skal ég taka fram, að mikið ríður á að geta greint lungnaberkla á fyrsta stigi. Til þess eru röntgentæki nauðsynleg. Til þess að geta greint krabbamein á byrjunarstigi í ýmsum líffærum, eru engin betri ráð til en röntgenmynd. Til þess að geta hindrað örkuml varanleg þeirra manna, er beinbrotna, er fátt jafnnauðsynlegt og möguleikar til röntgenmyndatöku, og svo má lengi halda áfram.

Önnur hlið málsins er sú, að það bakar héraðsbúum mikil fjárútlát að neyðast til að fara til fjarlægra héraða í þessu skyni. Síðastl. 8 mán. hefi ég þurft að senda 10 sjúklinga til Rvíkur, aðeins til að fá röntgenmynd af þeim. Slík ferð kostar að sumrinu til ca. 150—200 kr. Eða yfir árið sem svarar ½ af stofnkostnaði við röntgenáhaldakaup. Að vetrinum til eru slíkar ferðir eðlilega mun dýrari, eða gersamlega ókleifar.

Það vantar ljóslækningaáhöld við sjúkrahúsið — en óhjákvæmilegt, að slík tæki séu til. T. d. háfjallasól og hitaljós, t. d. solluxlampi. Berklaveikir menn eru iðulega margir eins og gengur við sjúkrahúsið, eða utan þess, en þurfa nauðsynlega á ljósum að halda. Síðastl. sumar ákvað heilbrigðisstjórnin, að berklaveikir menn úr báðum sýslum skyldu sækja til sjúkrahússins hér, ef þeir væru styrkþurfar. Það er því algerlega óverjandi, að þessi nauðsynlegu tæki séu ekki til á sjúkrahúsinu. Nú ber svo vel til, að reisa á öfluga raforkustöð hér í kauptúninu á þessu ári. Skilyrði eru því fengin til þess að reka röntgentæki áhættulítið".

Þetta skýrir nauðsynina betur en ég get gert. En í sambandi við þetta má geta þess, eins og raunar er drepið á í bréfinu, að í ráði er, að rafstöð verði reist á Blönduósi á næsta sumri, og hefir þá sjúkraskýlið hugsað sér að reisa ljóslækningastofu. Ég hygg, að þótt þröngt sé í búi hjá ríkissjóði, veitist honum eigi erfiðara að greiða sinn þriðja hluta en Blönduóshreppi ⅔. Þeir sem enn væru í vafa um fylgi sitt við málið, geta kynnt sér bréf þau, sem fyrir liggja þetta mál áhrærandi áður en þeir greiða atkv. Annars efast ég ekki um, að hv. d. ljái svo góðu máli sem þessu óskipt fylgi sitt.

**Jón Baldvinsson:** Ég á hér ekki margar brtt., þótt vera kunni, að sumum kunni að þykja ein þeirra nokkuð fjárfrek. En áður en ég vík að þeim vil ég minnast lítið eitt á eina eða tvær brtt. fjvn., þótt ástæða væri til að tala um fleiri brtt. hennar og jafnvel einstakra manna.

N. leggur til að fella niður framlag ríkissjóðs til ræktunarvega á Akranesi og í Hornafirði og lækka að mun samskonar framlag til Vestmannaeyja. Þessar till. get ég ekki fellt mig við. Þingið hefir undanfarið lagt kapp á ræktun, enda hefir mikið verið ræktað, sérstaklega út frá bæjum og þorpum, svo að þurrabúðarmennirnir gætu að einhverju leyti stuðzt við skepnueign og garðrækt. En nú hagar svo til víða, að margir menn verða að eiga litla bletti í töluverðri fjarlægð, en þá er nauðsynlegt að vegir séu lagðir þangað. Má og benda á, að stórfé hefir verið lagt til ræktunarvega í Flóanum vegna áveitunnar og mjólkurbúanna. En nú vill n. lækka framlag til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum um 4000 kr. og skera niður Hornafjörð og Akranes. Ég er nokkuð kunnugur á Hornafirði af afspurn. Þar hafa 80 ha. verið teknir í rækt af verkamönnum, sem búa í þorpinu og þar í kring. Pálmi Einarsson ræktunarráðunautur hefir áætlað veginn 1500 metra og kostnað 6700 kr. Hefir verið farið fram á 3000 kr. í þessu skyni, en nú stendur svo á, að ríkið á jörðina, svo að hér er beinlínis verið að auka gildi lands, sem ríkið sjálft á. Eftirgjald er 12 kr. á ha., svo að það nemur næstum 1000 kr., og ræktunin eykst án efa enn, ekki sízt, ef vegurinn er lagður. Frsm. fjvn. væri kannske tilleiðanlegur eftir þessar upplýsingar til að taka brtt. þessa aftur. Ég álít rangt að fella slíka liði niður.

Þá er önnur brtt. frá fjvn. við 17. gr., um að skipta framlagi til sjúkrasjóðs verklýðsfélags Akureyrar til helminga á milli verklýðsfélagsins og verkamannafélagsins. Þessi till. mun vera fram komin fyrir atbeina kommúnista, og teldi ég réttara, að þessi liður stæði óbreyttur eins og hann er nú í fjárlögum.

Mun ég þá víkja að mínum till. Á þskj. 628 flyt ég brtt. um 1800 kr. framlag úr póstsjóði til kaupa á einkennisbúningum handa bréfberum. Umsókn frá bréfberunum liggur fyrir um þetta og virðist sjálfsagt, að þessum mönnum, sem gegna erfiðu og ábyrgðarmiklu starfi, sé veitt þetta hér sem allsstaðar annarsstaðar. Þetta virðist jafnsjálfsagt og að mála merki á póstbílana, enda eru víðast hvar allir starfsmenn pósthúsanna í einkennisbúningi. Þótt brtt. þessi sé ekki fjárfrek er hún þó nokkuð fyrirferðarmikil, því að vegna hennar þarf að færa til þrjá liði: liðinn „Rekstrarhalli póstsjóðs“ og liðinn „Önnur gjöld“ og loks bætist aths. við liðinn samkv. brtt. Fjvn. hefir skotizt yfir það, hvað þessi útgjaldafjárhæð er lág; annars myndi hún hafa látið að óskum þeirra og ekki síður fyrir það, að póstþjónarnir eru ákaflega lágt launaðir, sennilega lægst launaðir allra þeirra, sem ríkissjóður hefir í sinni þjónustu.

Þá hefi ég flutt brtt. ásamt hv. 2. þm. Eyf. um 800 kr. styrk í 18. gr. handa Friðfinni Guðjónssyni leikara. Það ætti ekki að þurfa að tala mikið fyrir þessari till. Maðurinn, sem hér er um að ræða, er kunnur öllum hv. þm. og hefir skemmt þeim og mörgum öðrum bæjar- og landsmönnum með list sinni í nálægt 30 ár. Og við þurfum ekki heldur að tala um það, hvílíkur afburðamaður hann er á sínu sviði og sennilega hefði hann verið „stjarna“, ef hann hefði verið hjá stærri þjóð. En nú er hann hér í fásinninu. En hann er „stjarna“ hjá okkur. Nú er Friðfinnur orðinn roskinn maður, kominn yfir sextugt; en ekki er ætlazt til, þótt hér sé farið fram á lítilsháttar styrk til hans, að hann hverfi frá leiksviðinu fyrir það, því að sjálfsagt vill enginn missa hann þaðan, meðan hann vill og getur starfað. Ég býst við, að þessari till. minni verði vel tekið í hv. d.

Þá er í raun og veru höfuðtill. eftir, það er um framlag til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, 1 milljón kr. Ætlazt er til, að móti þessu fé komi framlag frá hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélagi og þeim gefinn kostur á láni, er nemi helming framlags þeirra móts við framlag ríkissjóðs. Með þessu móti verður þá fé til atvinnubóta 1934 um 2 millj. kr. til kaupstaða og kauptúna, ef á þarf að halda. En vegna örðugs fjárhags sveitarfélaga þykir ekki rétt að skylda þau til að leggja framlag á móti, nema þeim sé jafnframt opnuð einhver leið til að fá að láni, því að flest sveitarfélög eiga nú erfitt um fjárframlög, nema í smáum stíl. Ef til vill eru nokkrir kaupstaðir, sem gætu slíkt, en ég efast þó um það. Það má segja, að það sé stór fjárhæð, sem hér er um að ræða — 2 milljónir kr. á

einu ári —, en menn verða líka að gera sér það ljóst, að ástandið er alvarlegt; væri betur, að til þess þyrfti ekki að taka, en við verðum að gera ráð fyrir því. Í atvinnuleysinu í fyrra hér á landi í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem skýrslur voru teknar af n. þeirri, sem skipuð var í atvinnuleysismálinu, voru 2500 manns atvinnulausir og auk þess má gera ráð fyrir, að í smærri kauptúnum hafi verið a. m. k. 500 manns atvinnulausir, eða alls 3000 atvinnuleysingjar. En hér er aðeins um fjölskyldumenn að ræða og dálítið af einhleypum, en bak við þessa menn er ekki svo lítill hluti þjóðarinnar. Gera má ráð fyrir, að bak við þessa 3000 atvinnulausu menn séu varla færri en 12—15 þús., sem lifa á framfærslu þeirra. Ég ímynda mér, að svipað hljóti að vera nú. Og þegar Alþ. fer að leggja frá stórfé — um 12 millj. kr. — til þess að létta undir með einni stétt þjóðfélagsins — bændunum —, sem líka eru góðs maklegir og sjálfsagt að hjálpa á skynsamlegan hátt, þá sé ég ekki, að hægt sé að gera hinar stéttirnar afskiptar, þær sem nauðulega eru staddar, og það er ekkert efamál, að verkalýðsstéttin er nauðulega stödd á þessum tímum. Allt verðfall afurðanna, samdráttur atvinnuveganna og ekki síst samdráttur sá, sem orðið hefir á framkvæmdum sjálfs ríkisins, bitnar á atvinnu og afkomu verkalýðsins. Ég ætla ekki að tala um það nú, ef til vill verður tækifæri til þess seinna, að samtímis því sem harðnar í ári skuli ríkissjóður draga úr framkvæmdum sínum. Slíkt er þveröfugt við það, sem aðrar menningarþjóðir gera. Þar eru jafnvel tekin stórlán til þess að geta komið mannvirkjum í framkvæmd, sem veita mikla atvinnu og eru líka haganleg þjóðinni. En Alþ. hefir í þess stað dregið saman seglin. Ef litið er á afkomu fólksins, má líka vitna í þær skýrslur, sem áður var á minnzt og teknar voru árið 1931—1932, en samkv. þeim voru tekjur þessara manna frá 900 upp í 1400 kr. á ári. Margir hafa orðið að framfæra á þessu fjölskyldu og það sjá allir, hve skammt það hefir hlotið að hrökkva, hversu mikils sparnaðar sem gætt væri. Og þessir menn höfðu verið atvinnulausir frá 2 upp í 7 mán., eða meira en hálft árið sumir. Þá má geta nærri, hvernig ástandið er. En þessar skýrslur, sem ég byggi á nú, eru eldri, en svipað er að segja um ástandið nú og verður því miður fyrst um sinn. Ég sé raunar, að fjvn. þessarar d. hefir haft þetta mál í huga, og ég átti tal við n. um þetta, og taldi hún, að eitthvað yrði að greiðast í þessu skyni, en fram að þessu hefir verið látið sitja við orðin tóm. T. d. felldi Nd. samskonar till. og þetta við umr. fjárl. þar, og nú er komin 2. umr. fjárl. hér. Kreppufrv. okkar Alþýðuflokksmanna liggja óhreyfð í nefndum, svo að ástæða er til tortryggni um, að þm. og ráðandi menn þingsins vilji litla rækt sýna þessum málum. En ég get sagt hv. dm., að ef ekkert verður samþykkt af þessu, þá verður ríkisstj. nauðug viljug, hvort sem hún hefir peninga eða ekki, að láta fé af hendi til atvinnu handa fólkinu eða þá beina styrki, þótt hún fái enga heimild til þess í fjárl. Hún verður að gera það. En hitt er annað mál, að ég tel það réttari aðferð og meiri árangur, að stj. viti, að þarna er heimild, sem hún hefir og getur búizt undir að nota. Í gildandi fjárl. er nokkur fjárhæð veitt til atvinnubóta. Að hve miklu leyti það hefir verið notað, get ég ekki fengið upplýst. Ég hefi spurzt fyrir um það, en ekki fengið fullnaðarsvar. Því miður er víst, að þörfin kallar að, þegar frá líður og raunar þegar. En það verður meira á þessu hausti, og það, sem heimilað er í fjárl. nú, er ekki víst að hrökkvi til að halda uppi því fólki, sem þarf atvinnu, og því verður að taka til ríflegri fjárhæð í fjárl., þar sem fyrir stj. sé lagt að leggja það fé til atvinnubóta. En einkanlega álít ég, að þingið eigi fyrr og síðar að leggja ríkt á við stj. að reyna að sjá um, að þau verk, sem hún lætur vinna, séu unnin á þeim tímum, er þau koma bezt að gagni, þar sem árangur fæst fyrir ríkissjóð og sæmileg aðstaða er fyrir fólkið að starfa að verkinu. Ég hefi sagt þetta áður svo að segja á hverju þingi, sem ég man til að ég hafi hreyft þessum málum. Væri meira gagn að því, að þessi verk væru framkvæmd á hentugum tíma í stað þess að verkamenn eru reknir út í holt í skammdeginu til þess að mylja grjót og enginn árangur verður sjáanlegur af starfinu. Það er þá betra heldur en

að láta vinna, að greiða einhvern atvinnuleysisstyrk. Mér skildist á fjvn. og fjmrh., að við 3 umr. málsins ætti að gera eitthvað í þessu efni. Fjmrh. óskaði þess, að þessar till. yrðu teknar aftur til 3. umr., en til þess sé ég enga ástæðu. Hitt er auðvitað mál, að ég mun þá flytja nýja till. svo framarlega sem þessi fellur, sem ég trúi ekki að verði og álít ekki rétt af þm. að gera. Ég tel ekki rétt að fella þessa till., þegar menn hafa í huga að veita öðrum stéttum þjóðfélagsins jafnmikla aðstoð og gert er í kreppufrv. því, sem nú er til 2 umr. í Nd. Ég hefði því viljað óska þess, að ef fjvn. er eitthvað að hugsa um framkvæmd í þessu máli og ætlar sér að bera fram till. í málinu, þá gætu þær aths. hennar komið fram nú og jafnvel, að hún flytti brtt., því að þegar málið er komið til 3. umr., þá er ekki víst, að tök séu á því að hreyfa málinu, þegar búið er að samþ. fjárl. í Ed. Nd. getur samþykkt fjárl. óbreytt eins og oft hefir komið fyrir áður, og það er rangt að fresta þessu fram á síðustu stund, þar sem þetta er stærra mál en svo, að til þess eigi að kasta höndunum og fleygja einhverju í verkalýðinn og segja: „Hafðu þetta", þegar búið er að jagast og rífast um þetta svo og svo lengi. Ég vænti þess heldur, að þeir geri einhverjar orðabreyt. eða eitthvað slíkt á mínum till., en það má ekki vera minni upphæð en hér er farið fram á, heldur öllu meiri. Vænti ég því, að hv. dm. muni samþykkja þessa till.

Ég flyt ásamt hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. N.-M. till. á þskj. 624 um síldarverksmiðju á Seyðisfirði. Ég ætla ekki að tala fyrir þeirri till. frekar, því að hv. 1. landsk. lýsti því mjög greinilega, hvert gagn mætti af því verða, að slík stöð yrði reist, en ég legg áherzlu á, að þessi till. nái samþykki og að á henni verði ekki gerðar neinar breyt., sem til skemmda gætu orðið. En það teldi ég, ef ætti að fara að gera till. óákveðna um, hvar verksmiðjuna ætti að setja, því að á Seyðisfirði er búið að vinna talsvert að undirbúningi þessa máls, sem gæti farið út um þúfur, ef ekki væri haldið áfram með málið eins og nú er til stofnað. — Ég ætla ekki að minnast á fleiri till., þótt e. t. v. væri ástæða til, nema það, að hv. 6. landsk. flytur alltaf 2 till. á hverju þingi um að lækka 3 liði fjárl. Það er að lækka risnu hjá forsrh., fella Halldór Kiljan Laxness burtu úr fjárl. og narta svolítið í Þórberg Þórðarson. Þetta eru væntanlega till. til sparnaðar, en eftir því sem því var tekið í fyrra, er ósennilegt, að hv. þm. takist að koma þessu fram, a. m. k. ekki lækkun á styrk til þessara skálda.

**Pétur Magnússon:** Ég á hér 3 brtt., eina með hv. 1. þm. Reykv., og hefir hann þegar minnzt á hana. Það er 10. brtt. á þskj. 609. — Ég fer bara örfáum orðum um þær brtt., sem ég flyt einn. Fyrsta till. er við 18. gr. II. b 31. og gengur út á það að hækka eftirlaun frú Eriku Gíslason, ekkju Odds Gíslasonar, bæjarfógeta á Ísafirði. Oddur bæjarfógeti dó á síðastl. ári eignalaus, að því er ég ætla, og verður ekkjan því eingöngu að lifa á þessum litlu launum, sem hún fær frá ríkinu. Hún er orðin fullorðin kona og getur ekki nema að litlu leyti unnið fyrir sér sjálf, og það hefir farið svo fyrir henni — þrátt fyrir ýtrasta sparnað, að henni hefir ekki tekizt að komast af á þeim litlu launum. Nú er hún flutt til Danmerkur, þar sem hún er fædd og uppalin; undi sér hér ekki eftir lát manns síns, og það væri heldur leiðinlegt, ef þessi íslenzka embættismannsekkja þyrfti að leita fátækrastyrks í Danmörku vegna þess, hve eftirlaunin væru skorin við nögl. Hér er einungis farið fram á, að þetta sé hækkað um 200 kr., og hún álítur, að hún myndi komast af með þeirri hækkun. Vænti ég, að hv. dm. vildu líta með velvild á þessa hækkun, sem skiptir engu fyrir ríkissjóð, en getur orðið til þess, að þessi fátæka kona geti framfleytt lífinu.

Þá er hin brtt., við 18. gr. II. g., að á eftir 7. lið komi nýr liður: Til Sigurðar Sigurðssonar skálds — 1000 kr. Sigurður Sigurðsson er svó þjóðkunnur maður, að ég þarf ekki að fara að lýsa honum hér. Hann er kunnur sem skáld, og þótt ljóðmæli hans séu ekki mikil fyrirferðar, — en bókmenntir má yfirleitt ekki meta eftir vigt —, þá hygg ég, að flestir séu sammála um, að mörg þeirra séu frábærlega listræn og beri vott um fágaðan og næman smekk. Þegar af þessum ástæðum,

hvað hann hefir lagt fram til ísl. bókmennta, er hann alls góðs maklegur og á skilið að fá einhverja viðurkenningu ekki síður en margir aðrir, og raunar fremur en margir aðrir, sem þá viðurkenningu hafa hlotið og hljóta árum saman. En þetta er ekki hans eini verðleiki. Hann var frumkvöðull að einni merkustu framkvæmd, sem gerð hefir verið á síðari árum hér á landi. Hann var frumkvöðull að og aðalmaður í stofnun björgunarfélags Vestmannaeyinga. Þeir, sem þekktu til þeirrar vinnu, sem Sigurður lagði á sig á þeim tíma, er verið var að stofna félagið, vita vel, að hann lagði fram óeigingjarnt starf og fórnaði bæði tíma og fé til að koma því í framkvæmd. Og fyrstu skipakaup félagsins — kaupin á gamla Þór — voru gerð fyrir hans milligöngu og atbeina. Hitt vita hv. dm., að björgunarfélag Vestmannaeyja var fyrsti vísirinn að þeim landhelgisvörnum, er við höfum nú fengið. Það mál hefði dregizt lengur, að við tækjum landhelgisgæzluna í okkar eigin hendur, ef björgunarfélag Vestmannaeyinga hefði ekki rutt veginn. Um hitt er varla ágreiningur, að það sé bæði metnaðar- og nauðsynjamál fyrir þetta land að hafa sjálft á hendi landhelgisvarnir sínar. Sigurður Sigurðsson er ekki gamall maður, en farinn að heilsu og kröftum. Hann veiktist alvarlega fyrir tveimur árum og hefir ekki borið sitt barr síðan, og heilsu hans er þannig farið, að útilokað er, að hann geti unnið fyrir sér, nema að örlitlu leyti. Sigurður var um skeið fjárhagslega mjög vel stæður. Hann var ákaflega duglegur í sínu starfi og græddist fé. Þó fór svo, þegar heilsuleysið dundi yfir, að efnin gengu til þurrðar, og þótt hann sé ekki efnalaus með öllu, þá þrjóta þau jafnt og þétt, ef ekki kemur hjálp. Ég vil segja, að það væri ekki vanvirðulaust fyrir Alþ. og þjóðina yfirleitt, ef þessi maður ætti að komast á vonar völ. Sigurður Sigurðsson er svo merkur maður fyrir bókmenntastarf og hið mikla starf við stofnun björgunarfélags Vestmannaeyja, að hann á fullkomlega skilið að njóta þeirrar viðurkenningar, sem hér er farið fram á. Ég hefi reynt að stilla þessu svo í hóf, að fjárhagsins vegna ætti ekki að vera fráfælandi að samþykkja till. þegar litið er á, hve margir ómerkir menn hafa notið miklu meiri styrks en hér er farið fram á, og vil ég því vona, að hv. dm. taki þessu vel.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég á aðeins fáar brtt. við fjárlfrv. Þær eru líka bæði einfaldar og óbrotnar, svo að ég þarf ekki að hafa langt mál um þær. Það má vera, að það þyki bæði sparðatíningur og smámunir að vera að krukka í það sama ár eftir ár hér í þinginu, eins og t. d. risnufé forsrh. En það má líka segja, að allt sé nú svo smátt hjá okkur Íslendingum, og að við höfum sáralitlum efnum yfir að ráða, og verðum því að sníða okkur stakk eftir vexti. Það má náttúrlega segja, að skemmtilegast hefði verið að þurfa ekki að klípa af neinum fjárveitingum, t. d. til listamanna og skálda. En af því að við erum fátæklingar, þá verðum við að klípa af greiðslum, til þess að útgjöld og tekjur standist á. Okkur fer líkt og fátækum bónda, sem kemur í kaupstað með vöruna sína, hún er af svo skornum skammti, en þarfirnar eru margar. Það má vel vera, að þessi styrkur til hæstv. forsrh. til þess að halda uppi risnu sé nauðsynlegur, en ég tel, að það fari illa á því að veita fé úr ríkissjóði til veizluhalda, þegar fjöldi fólks í landinu veit varla, hvað leggja skal sér til munns dag hvern. Það er hart á þessum tímum að eyða miklu fé til risnu. En ég þykist þó fara hóflega í sakirnar, þar sem ég legg til, að risnufé verði aðeins lækkað um 1000 kr., eða úr 6000 kr. í 5000 kr. Fyrir fáum missirum var risnufé ráðh. 8000 kr., en svo lækkaði stj. það sjálf niður í 6000 kr., og gefur það grun um, að það megi að skaðlausu færa það úr 6000 niður í 5000 kr., eins og ég hefi gert að till. minni. Næsta brtt., sem ég flyt á þskj. 609, er við brtt. á þskj. 565, um hækkun á styrk til frú Bjargar C. Þorlaksson. Hv. fjvn. leggur til, að hún fái 1000 kr., en samkv. brtt. minni er upphæðin færð upp í 1500 kr. Frú Björg hefir samkv. fjárl. þessa árs 2000 kr. En í fjárlfrv. stj. fyrir 1934 var það fært niður í 1000 kr., Nd. felldi svo þessa upphæð alveg niður. Hv. fjvn. þessarar d. hefir nú gert það sómastrik að taka aftur upp sömu fjárhæð og var í frv., sem ég hefi leyft mér að leggja

til, að verði hækkuð. Hér á í hlut mjög mikilhæf kona og stórmenntuð, eina vísindakonan, sem við Íslendingar eigum, sem hefir í ræðum og ritum og öðrum störfum unnið þjóð sinni stórgagn. Ég vil t. d. nefna hið mikla starf hennar við íslenzk-dönsku orðabókina, sem allir þekkja. Ég efast mjög um, að bókin hefði komið svo fljótt út eða orðið eins nákvæm og raun varð á, ef frú Bjargar hefði ekki notið þar við. Enda tekur aðalhöfundur bókarinnar það fram í formálanum fyrir henni, að frú Björg hafi verið sannarleg hjálparhella við það mikla starf. Hér er ekki um neitt meðalverk að ræða, heldur þrekvirki, sem verðugt er, að munað sé. En hvað skeður svo, þegar kemur til kasta fjárveitingavaldsins? Fyrst lætur stj. í frv. sínu lækka styrkinn til frú Bjargar um helming, síðan er lagt til, að hann sé alveg felldur niður í Nd. Því næst leggur hv. fjvn. þessarar d. til, að henni verði veittur helmingur þess styrks, sem hún nýtur nú, og þó að ég kunni hv. n. þakkir fyrir þá till., þá legg ég nú til, að styrkurinn verði hækkaður í 1500 kr. Vona ég, að hv. þdm. geti með beztu samvizku greitt því atkv. Hér er um sannarlegt menningaratriði að ræða, þegar í hlut á svo merk kona sem frú Björg er, sem hefir starfað landi og lýð til gagns, heilla og sóma. Ég get ekki stillt mig um að bera þessa framkomu gagnvart henni saman við þá meðferð, sem sumir hinna ungu rithöfunda þjóðarinnar hafa átt að mæta hjá Alþingi og öðrum stjórnarvöldum í landinu. En næsta brtt. mín á þskj. 609 lýtur að einum þessara rithöf., H. K. Laxness. Hann hafði í fyrra 1600 kr., en hefir nú verið hækkaður upp í 2500 kr. Ég sé ekki ástæðu til að gera slíkan mun á honum og þeirri konu, er ég talaði um áðan. Ég veit að vísu, að karlmenn eru vanir að bera meira úr býtum fyrir störf sín en kvenfólk. En störf þessara tveggja rithöfunda, H. K. Laxness og frú Bjargar, hafa verið næsta ólík. Það er heldur meira, sem eftir hana liggur af því, sem gagnlegt má teljast; er þar ólíku saman að jafna. Ég sé því ekki betur en að það verði a. m. k. að færa þessa liði til samræmis, og lækka rithöf.styrk H. K. Laxness niður í 1500 kr. Ég hefi áður rætt um verðleika þessa höf. og fer ekki lengra út í það nú. Ég hefi einnig áður látið mér það um munn fara, að ég vildi engan greinarmun gera á H. K. L. og Þórbergi Þórðarsyni rithöf., ég vil gera þá jafna og legg því til, að þeir fái 1500 kr. hvor. Þess má líka geta, að annar þessara rithöf., H. K. L., hefir getað selt menntamálaráðinu handrit sín fyrir hátt verð. Og það er líka mikill kostur fyrir hann, að geta orðið af með hin andlegu fóstur sín fyrir góða borgun.

Þá ber ég fram við 16. gr. XXVI. brtt. á þskj. 609, og er það nýr liður, 1500 kr., til landsfundar kvenna. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá fer félagslíf kvenna hér á landi vaxandi með hverju ári. Félög þeirra og félagasambönd starfa hvert á sínu sviði. Kvenréttindafélag Íslands hefir gengizt fyrir landsfundum kvenna öðru hverju, þar sem konur af öllu landinu hafa komið saman til að kynnast hver annari, ræða áhugamál sín og auka sitt andlega útsýni. Ég tel þetta mjög heppilegt fyrirkomulag, enda tíðkast það mjög meðal karlmannanna, svo sem kunnugt er. Þess er skemmst að minnast, að bændur af öllu landinu höfðu hér fjölmennar samkomur í Reykjavík til að ræðast við um áhugamál sín, þar sem nýlega eru um garð gengin flokksþing Frsfl. og Sjstfl. Ég þarf naumast að taka það fram, að efnahagur kvenfélaganna er ekki góður, og Kvenréttindafél. Ísl. treystir sér ekki til þess að stofna til landsfundar, nema það fái til þess svipaðan styrk og 1930, eða um 1500 kr. Ætlun fél. er að nota þennan styrk til þess að gera konum, sem koma utan af landi, ánægjulega dvölina í höfuðstaðnum. Ég get ekki hugsað mér, að nokkur hv. þdm. geti verið á móti þessum styrk. Mér finnst réttmætt, að konur fái að njóta slíkrar viðurkenningar fyrir sín félagsstörf. Ég hygg, að þessi till. sé á fullum rökum byggð og óska, að hv. þdm. samþ. frekar hærri upphæðina. En til vara hefi ég flutt till. um 1200 kr. styrk til landsfundar kvenna, ef hin fyndi ekki náð fyrir augum hv. þdm., sem ég þó vona.

Þá á ég enn brtt. XXIX. á sama þskj., við 17. gr. 25, nýr liður, til byggingar fávitahælis. Ég þarf ekki að fjölyrða um þörfina fyrir slíka stofnun. Nýlega hefir

verið lögð fram bók hér í þd., sem er samin eftir skýrslum frá læknum landsins. Þar er getið um, hversu margir fávitar séu í landinu, og vantar þó skýrslur um það frá ýmsum stöðum. En tölurnar sýna þó, að það er mikil þörf á þessu hæli. Ég geri ráð fyrir, að allir viðurkenni, að fávitarnir eru þung byrð á einstökum heimilum, og að fjöldi mæðra og húsmæðra stynja undir því erfiði að annast um fávitana. Á síðasta þingi var flutt þáltill. um að skora á stj. að undirbúa lausn þessa máls, stofnun fávitahælis. En hún bar ekki mikinn árangur. Saga þessa máls er sorgleg, en út í hana vil ég ekki fara nú. Hitt vil ég fullyrða, að sumum málum hefir verið flýtt til framkvæmda, sem ekki hefir legið meira á en þessu máli. Nú stendur svo á, að ung og efnileg stúlka hefir tekið að sér að stofna og starfrækja fávitahæli í Hverakoti í Grímsnesi. Ég veit, að allir þeir, sem þekkja til, hvernig henni hefir tekizt að grundvalla barnahælið, sem hún rekur þar fyrir vanþroska börn, muni mér sammála um, að það hafi lánazt vel. Þetta er mjög góður staður fyrir börn, sem þurfa að njóta sérstakra vaxtarskilyrða. Þessi stúlka hefir kynnt sér meðferð á fávitum á tveimur fávitahælum í Þýzkalandi, sérstaklega fávita barna, bæði að því er snertir mataræði þeirra og aðra meðferð. Og hygg ég, að nú sem stendur eigum við ekki völ á öðrum, sem séu betur færir til þess en Sesselja Sigmundsdóttir, að gegna þessu hlutverki. Hún hefir sótt um 5000 kr. styrk til þess að stofna hæli fyrir fávita börn í Hverakoti í Grímsnesi. Nú stendur svo á, að hjá henni eru 4 fávitar, sem Reykjavíkurbær hefir ráðstafað þangað. Þeir eru á mismunandi þroskastigum, en þeir þurfa að vera alveg út af fyrir sig. Forstöðukonan telur sig ekki geta unað við þá aðstöðu til frambúðar, sem hún hefir nú. Það sé erfitt að hafa fávitana með öðrum börnum í sama húsi. Þá fávita, sem þar eru nú, hefir hún í kjallarastofum. En þegar þeir eru úti við, þá er erfitt að gæta þeirra, af því að stór barnahópur verður að hafast við á sömu stöðvum. Þess vegna hefir hún nú hugsað sér að reisa þetta hús í dalverpi skammt frá barnahælinu, og byggja háa steingirðingu umhverfis fávitahælið, þar sem fávitabörnin geti haft gott svigrúm til leika út af fyrir sig, án þess að koma saman við önnur börn og trufla leiki þeirra. En til þess að geta komið þessu í framkvæmd þarf hún fé til styrktar, og sækir því um 5000 kr., sem hún telur sig geta komið húsinu upp fyrir í sumar, með lántökuaðstoð og viðbótarstyrk annarsstaðar að. Hún vill byrja að starfrækja þetta heimili næstkomandi vetur. Ég sé, að hv. fjvn. hefir ekki getað fallizt á að veita styrk til hjálpar einum fávita, sem komizt hafði inn í fjárlfrv. í Nd., og látið strika hann út. Þar er eitt neyðarópið, sem berst til hins háa Alþingis frá þessum ósjálfbjarga vesalingum. Þess vegna finnst mér það vera öflug hvöt til þingsins um að veita styrk til stofnunar fyrir slíka aumingja, svo að ekki þurfi að senda fávitana út úr landinu til dvalar á hælum erlendis. Sesselja Sigmundsdóttir er svo dugleg og athafnasöm, að fyrst hún er byrjuð á þessu fyrirtæki, þá hættir hún ekki fyrr en markinu er náð. Ég vænti, að hv. þdm. geri sitt til þess, að henni takist það, og veiti henni umbeðinn styrk til þess að ljúka þessu verki sem fyrst. Ég lít svo á, að hér sé um hlutverk að ræða, sem þjóðfélaginu í heild beri að sjá um. Það á að sjá fávitabörnunum fyrir griðastað, þessum vesalingum, sem fara á mis við dýrmætustu gjöf þessa lífs, ljós skynseminnar. Ég veit, að í þessari hv. þd. eru svo miklir alvörumenn, sem hafa bæði skynsemi og lífsreynslu til að skilja þá miklu þörf, sem hér er fyrir hendi, og bera fullan vilja til að bæta úr henni. — Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þessa till. En mig langar til að segja nokkur orð í sambandi við brtt. við 16. gr. 41, á þskj. 565, frá hv. fjvn., um að styrkur til Sigrúnar Kjartansdóttur, til að vinna úr íslenzkum skinnum, falli niður. Mér er vel kunnugt um, að S. Kj. ætlar að nota þennan styrk til þess að kaupa vélar til að sauma hanzka, töskur og fleira úr íslenzku efni. Þessari fjárveitingu var komið inn í frv. í Nd., og hygg ég, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða. Sigrúnu Kjartansdóttur hefir verið fundið það til foráttu, að hún notaði að mestu leyti útlent efni til þessa iðnaðar, en ekki innlent. Það má vera, að eitthvað sé til í því, af því

að sútun á íslenzkum skinnum er ekki komin í það horf hér á landi, sem nauðsynlegt er. Þó er mér kunnugt um, að hún hefir keypt talsvert af íslenzku efni bæði frá Samb. ísl. samvinnufél. og Jóni Brynjólfssyni leðursala hér í Rvík; og hún hefir tjáð mér, að svo framarlega sem kostur væri á því að fá innlent efni, þá mundi hún frekar nota það. Annars finnst mér, að það þurfi að leggja áherzlu á, að íslenzk skinn verði gerð hæf til þess, að unnar verði úr þeim þær iðnaðarvörur, sem þessi stúlka ætlar sér að framleiða, og ýmislegt fleira. Þess vegna tel ég það illa farið, ef hún getur ekki haldið þessum styrk, og ef þessi liður verður felldur hér, sem Nd. hefir samþ.

Að lokum vil ég með örfáum orðum minnast á brtt. mína á þskj. 624, við liðinn til vinnumiðstöðvar kvenna, þess efnis, að fyrir orðin í aths. við liðinn: „gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, allt að", komi: gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annarsstaðar að.

Af því ég heyrði það af vörum hv. frsm. fjvn., að hann taldi þessa vinnumiðstöð kvenna aðeins starfandi fyrir Reykjavík, þá vil ég segja honum, að hún vinnur fyrir allt landið. Þangað leita konur af öllu landinu og spyrja um atvinnumöguleika, en ekki eingöngu héðan úr Reykjavík. Og einstök heimili úti um land njóta ekki sjaldan góðs af starfsemi stöðvarinnar.

**Ingvar Pálmason:** Eftir að brtt. á þskj. 624 var útbýtt hér í þd. í dag, finn ég ástæðu til að fara um III. till. nokkrum orðum sérstaklega. Ég get lýst því yfir, að ég er nú þegar ákveðinn í að flytja brtt. við hana. Þessi brtt. á þskj. 624 fer fram á það, að stj. verði veitt heimild til að ábyrgjast allt að 350 þús. kr. lán til að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði. Hv. 1. landsk. hafði aðallega orð fyrir flm. till. og mælti af miklum vinarhug til Austfjarða eða Austfirðinga. Í niðurlagi ræðu sinnar gat hann þess, að með þessari till. væri komið inn á rétta leið til þess að bæta úr ástandinu á Austurlandi, vegna núverandi atvinnukreppu. Ég skal ekki bera brigður á, að þetta kunni að vera sannfæring hv. 1. landsk., og að hann flytji þessa till. í góðum tilgangi, þeim tilgangi að bæta hag Austfirðinga. En ég tel rétt að gefa frekari upplýsingar um þetta mál, áður en umr. er lengra komið. Hér er ekki um nýja uppástungu að ræða, eins og kunnugt er. Í ágústmán. síðastl. sumar var haldinn á Nesi í Norðfirði fundur um atvinnu- og afkomuhorfur á Austurlandi og þ. á. m. útvegsmál. Á fundinn voru boðaðir fulltrúar úr stærstu verstöðvum á Austfjörðum, frá Seyðisfirði, Norðfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Á fundinum voru rædd ýms vandamál Austfjarða, og m. a. var þar tekið fyrir síldarbræðslumálið. Niðurstaðan af þessum umr. var sú, að fara fram á það við Alþingi annaðhvort að veitt yrði fjárveiting á fjárl. eða ábyrgð ríkissjóðs til þess að reisa Síldarbræðsluverksmiðju á Austfjörðum. Ég hygg, að það hafi einnig verið samþ. á fundinum að senda stjórnarráðinu ályktun um þetta, og mun stjórninni því vera kunnugt um, að þetta er rétt. Nú virðist svo sem hv. þdm. ætli sig dómbærari um þetta mál en fulltrúar bæjarfélaga og útvegsmanna heima í héraði. En ég ætla, að það sé nokkur vandi að ráða fram úr því, ekki sízt vegna þess, að það verður að stofna til þessara framkvæmda með fullri gætni og samtökum. Öllum kunnugum mönnum ber saman um það, sem reynslan hefir sýnt, að síðastl. 30 ár í röð hefir engin veruleg síldveiði verið fyrir Austurlandi um aðalsíldveiðitímann. Og þess ber líka að gæta, að tvö undanfarin ár hefir síldin aðallega veiðzt fyrri hluta vetrar á Austfjörðum. En á þeim tíma árs er síldin mögrust eins og kunnugt er. Þetta er líka mikilsvert atriði í málinu. Á margt fleira mætti benda. Og þá tel ég mér skylt að gefa hv. þd. upplýsingar um það, að til eru aðrir möguleikar fyrir því að stofna síldarbræðslustöð á Austfjörðum á annan hátt en um getur í brtt. á þskj. 624, og sem yrði að líkindum helmingi ódýrari, það er mér óhætt að fullyrða. Á þessa möguleika vil ég benda, af því ég tel sjálfsagt, að þeir verði rannsakaðir. En það er, að síldarbræðsluverksmiðjan verði reist í sambandi við beinamjölsverksmiðjuna á Nesi í Norðfirði. Nú dettur mér að vísu ekki í hug að flytja um þetta till. hér á Alþingi, þó að ég telji mig fullt svo kunnugan þessu máli eins og þá,

sem talað hafa fyrir brtt. á þskj. 624, og þess vegna ætla ég ekki að fullyrða, að þetta sé réttasta lausnin á málinu. Til þess þarf enn að athuga ýmislegt, áður en ég vil ganga svo langt; en að því er snertir síldveiðina á Austfjörðum og þann velvilja, sem ég vil meina, að hv. Alþingi beri til Austfjarða um að rétta þeim hjálparhönd til þess að rétta eitthvað hag þeirra, vildi ég benda á aðra leið, sem lítinn byr hefir fengið enn hér á Alþ., og það er að styrkja að einhverju leyti tilraunir um að flytja út síld ísvarða. Ég held, að það megi segja, að með styrkveitingu í þá átt sé ekki síður farið inn á rétta braut en með því að ákveða, að það skuli byggð síldarbræðslustöð á Seyðisfirði. Ég skal nefna, að síðastl. vetur voru gerðar mjög ófullkomnar tilraunir til að senda út síld frá Austfjörðum ísvarða, og þær tilraunir sýndu, að með sæmilegum útbúnaði má koma síldinni í mjög góðu ástandi og markaðshæfri til neytendanna. Ég skal nefna eina sendingu, sem send var frá Norðfirði. Hún fór með skipi, sem fór til Rvíkur og tók þar það sem á vantaði af farminum og fór síðan til Englands. Þegar skipið kom til Englands var síldin búin að vera 19 daga á leiðinni, samt sem áður seldist þessi síld fyrir það verð, að fiskimennirnir fengu milli 4 og 5 kr. fyrir kassann, sem er því sem næst hálft mál síldar. Ég skal ekki leiða neinum getum að því, hve síldarbræðslustöð á Austurlandi gæti gefið mikið verð fyrir hráefnin, en mér er það ljóst, að það verð getur ekki verið líkt því verði, sem hægt er að fá fyrir síldina, ef hægt er að koma henni á markað ísvarinni. Ég hygg, að það þurfi að rannsaka þetta mál betur, en vil ekki tefja það um of. Ég hefi reynt að draga fram í skýrum drættum aðalatriðin, sem ég tel mæla á móti því að fastbinda þessa verksmiðjubyggingu við Seyðisfjörð, og ætla að láta við það sitja. Ég hefi flutt brtt. á þskj. 636, þar sem lagt er til að þessari till. þeirra þremenninganna verði breytt þannig, að í staðinn fyrir „Seyðisfirði“ komi á Austfjörðum og í staðinn fyrir „Seyðisfjarðarkaupstaðar“ komi viðkomandi bæjar- eða sýslufélag. Þessi brtt. fellur alveg inn í till. þeirra 1. og 2. landsk., og með því móti tel ég, að Alþingi sýndi fullan vilja á því að rétta Austfjörðum nauðsynlega hjálparhönd. Ég skal taka það fram, að verði þessi brtt. mín við till. samþ., þá er nauðsynlegt að breyta fyrirsögn till., því að fyrirsögnin gerir ráð fyrir að fella niður ábyrgðarheimildina, sem er í fjárlagafrv. til samvinnufél. á Seyðisfirði til skipakaupa. Mér virðist, að hv. flm. líti svo á, að ef síldarbræðslustöð yrði byggð á Seyðisfirði, þá sé Seyðfirðingum borgið og þá þurfi þeir ekki neinn skipastól. Ég gæti náttúrlega talað langt mál um þetta, en ætla að sleppa því. Ég vil bera það undir hv. dm., hvort þeir geti ekki ímyndað sér, að það þurfi einhvern ofurlítinn skipakost til þess að afla síldarinnar handa þessari verksmiðju. Þó að þessi verksmiðja kynni að veita allmörgum mönnum atvinnu, hygg ég, að þröngt verði fyrir dyrum, ef það á að vera aðalbjargræðisvegur þar að vinna við þessa bræðslustöð. Það má vel vera, að Seyðfirðingar kynnu að sætta sig við þessi skipti, en ég hygg, að hér sé farið inn á lakari braut en þá, sem hv. Nd. fór inn á, að veita ábyrgð á lánum til fiskiskipakaupa. Ég hefi miklu meiri trú á því að styðja menn til þess að afla sér framleiðslutækja en þó að menn fái atvinnu, sem í reyndinni getur orðið stopul. Ég vil taka það skýrt fram, að með þessari brtt. er ég ekki á neinn hátt að setja fótinn fyrir þá ábyrgðarheimild, sem er í fjárl. Ég vil aðeins, ef þessi brtt. þeirra 1. og 2. landsk. á að ganga fram, að þá sé hún sett í það horf, sem ég tel, að hagkvæmast verði fyrir Austfirði. Ég ætla að segja það, með allri virðingu fyrir þeim kunnugleika, sem þessir menn hafa um ástandið á Austfjörðum og hvaða leiðir skuli farnar til þess að bæta úr því, að ég tel, að ég hafi a. m. k. ekki lakari skilyrði en þeir til að dæma um þetta mál, eftir að hafa stundað sjávarútveg á Austfjörðum í 43 ár. Ég vona, að þessi brtt. mín sýni, að hér er ekki um neina hreppapólitik að ræða, heldur aðeins, að þessi till., ef samþ. verður, sé færð í það horf, að ekki sé útilokaður neinn möguleiki til að framkvæmdin gæti orðið sem heilbrigðust fyrir þann landsfjórðung, sem hér á hlut að máli. Ég vil benda á það út af því sem kom fram í ræðu hv. 1. lands-

k., að síldarbræðslustöð á Seyðisfirði getur ekki orðið nema til þess að bæta úr ástandinu þar. Á Eskifirði yrði að fara hina leiðina, að styrkja menn til skipakaupa, og ég hygg, að sú leið sé líka sú hentugasta fyrir Seyðisfjörð, með því að það er viðurkennt, að Seyðisfjörður liggur miklu betur við til þorskveiða en Eskifjörður. Þess vegna mætti miklu frekar til sanns vegar færa, að síldarbræðslustöð gæti bjargað Eskifirði, af því að það er einn af síldarsælustu fjörðum á Austfjörðum og þar er minni fólksfjöldi og minna um þorskveiðasókn en á Seyðisfirði. Ég hefi gert tilraun til þess að lagfæra þetta mál, en hvernig þeirri tilraun verður tekið, verður að fara eins og verkast vill; en ég vil minna hv. dm. á, hvort þeir hafi nægan kunnugleika til þess að ákveða, að síldarbræðslustöð skuli reisa á Seyðisfirði.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Fjvn. vill sýna alla lipurð og sanngirni við hv. dm. og væntir þess, að þeir sýni það sama, og til þess að sýna vott á þessu vill hún taka aftur til 3. umr. tvær af þeim till., sem hún flytur. Það er 3. brtt. á þskj. 565, um lækkun á launum endurskoðunarmanna ríkisins, og 13. brtt. á sama þskj., um lækkun á styrknum til Kvennabrekkusafnaðarins. Þessar till. eru teknar aftur til 3. umr. Þá vil ég með örfáum orðum víkja að þeim aths., sem komið hafa fram við till. fjvn. Það er þá fyrst hæstv. forsrh. Honum þótti það vafasamur gróði, að binda styrkinn til Leikfélags Rvíkur því skilyrði, að menntamálaráð skyldi samþ. starfsskrá félagsins. Ég verð hinsvegar að halda því fram, að það sé fyllsta ástæða til þess að eitthvert eftirlit sé haft yfirleitt með þeirri starfsemi, sem styrkt er af ríkinu, og af því að þetta á að vera menningarstarfsemi, virðist þarna sérstaklega vel til fallið, að menntamálaráð sé látið samþ. starfsskrána. Ég skil ekki, að Leikfélaginu geti stafað nein hætta af slíku.

Þá er það hv. 2. þm. Árn. Hann hafði talsvert við það að athuga, að felldur yrði niður styrkurinn til Odds Oddssonar, til ritstarfa. Ég skal játa, að n. gerir þetta ekki að neinu kappsmáli, en virðist engin sérstök ástæða til að halda þessum styrk, síður en svo. Hv. þm. taldi það þessum manni til málsbóta, að hann hefði skrifað í tímarit um alþýðleg efni. Það vill nú svo til, að margir hafa skrifað um alþýðleg efni og mætti æra óstöðugan, ef það ætti að styrkja alla þá, sem það hafa gert. Því er ekki að neita, að þessi maður hefir skrifað nokkuð um alþýðlega hætti eystra um nokkurt árabil, og orkar tvímælis, hversu áreiðanlegur fróðleikur þetta er. Gamall maður að austan hefir t. d. skrifað opinberlega mjög ákveðna gagnrýni á skrif þessa manns. Hinsvegar er það vel farið, ef jafnágætur maður og Sigurður Nordal vill kaupa af þessum manni rit hans til þess að gefa þau út, því að það verður þessum manni til góðs. N. leggur ekki mikið kapp á þetta, en telur brtt. réttmæta og eðlilega.

Þá er það hv. 2. landsk., sem hafði nokkuð mikið við það að athuga, að n. hefði lagt til að fella niður styrkina til ræktunarvega og varð sérstaklega tíðrætt um ræktunarveginn í Hornafirði og kvað ríkið hafa á næsta ári um 1000 kr. tekjur af jörðum þar. Það er nú svo, að þarna er um mikið land að ræða, en þó að ríkið hafi 1000 kr. upp úr því, þá er það ekki mikið. Fjvn. sér ekki neina sérstaka ástæðu til að taka þessa ræktunarvegastyrki upp, vegna þess að það er margt, sem kallar frekar að, og þessar framkvæmdir eru styrktar allríflega samkv. jarðræktarl. Ef ætti að styrkja menn til að leggja vegarspotta að öllum þeim blettum, sem þeir vildu rækta, þá yrði sá styrkur nokkuð mikill. Hv. þm. nefndi Flóaáveituna. Það er nú svo sérstakt um hana, að hún er orðin sérstakt óskabarn landsins, og það er fyrst á seinni tímum af þessum sérstöku vandræðum, að menn hafa ekki getað risið undir þessum framkvæmdum, nema með tilhlutun frá ríkisins hálfu.

Loks hafði hv. þm. við 41. till. n. að athuga, um styrk til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar. Hann hefir víst nokkra menn með sér í því að þykja það einkennileg till. frá fjvn. um það, að félag, sem sagt er að vera kommúnistiskt og sem er miklu eldra en hitt félagið, skuli vera nokkurs aðnjótandi frá því opinbera. Ég lít svo á, þó að ég sé ekki sérstaklega vinveittur kommúnistunum,

að það sé ekki fært að neita þeim t. d. að komast undir berklavarnalögin, og þess vegna sé ekki sanngjarnt að neita þeim um hliðstæða sjúkrastyrki. Ég vil helzt sýna öllum þegnum þjóðfélagsins fulla sanngirni og held, að svo bezt komi sanngirni fram frá þegnunum gagnvart ríkinu, að ríkið sýni þeim fulla sanngirni. Ég man ekki eftir, að fleiri aths. hafi komið fram við till. n. og ég vonast til, að brtt. n. verði yfirleitt samþ. Ég skal þá fara nokkrum orðum um þær till., sem komið hafa fram frá einstökum þm. Ég skal játa, að n. er í mörgum tilfellum í vanda með þessar till., sérstaklega skal ég geta þess, að hún hefir samúð með þeim till., sem ganga út á framkvæmdir, sem eru brýnar og nauðsynlegar fyrir héruðin og landið og sem þarf að gera hvort eð er innan stundar. Má þar til nefna þessa sjúkrahússtyrki undir II. og III. Ég skal geta þess, að n. hefir líka nokkra samúð með XXIX. liðnum, sem er um styrk til fávitahælis. Með sumum till. hefir n. þegar samúð, sumum er hún beint á móti, aðrar leggur hún lítið kapp á. Ég skal þá rekja þessar till. eins og þær liggja fyrir.

Fyrsta till. á þskj. 609 er um risnufé ráðh. Hv. 6. landsk., sem er flm. till., sagði, að þegar svo væri ástatt í landinu, að sumir menn vissu ekki, hvað þeir ættu að leggja sér til munns, þá væri hart að veita stórfé til veizluhalda. Það er nú svo, að það er komin á þessi tízka, að það þykir óhjákvæmilegt, að stj. með veizlufagnaði taki á móti ýmsum þeim gestum, sem til landsins koma. Þesshättar veizlur eru vitanlega dýrar, og ég held, að þeir, sem hafa komizt í það að halda uppi risnu fyrir landsins hönd, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að þeir hafi stórskaðazt á því, og þess vegna sé varla fært að samþ. þessa till. — Þá hefi ég minnzt á II. og III. brtt., sem eru um styrki til sjúkrahúsa. N. hefir samúð með þessum till. og hefir óbundin atkv. um þær, en mun þó frekar styðja þær. IV. brtt., sem er um styrk til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, hefir verið tekin aftur til 3. umr. Þá kemur V. liðurinn, um undirbúningsnám í hagfræði. Því er ekki að neita, að mjög æskilegt væri að fjölga námsgreinum við háskólann, en vegna þess hve illa lætur í ári, sér n. sér ómögulega fært að mæla með því, enda vitum við ekki annað en að til sé allmikið af hagfræðingum hér á landi, og er kunnugt um allmarga menn, sem eru að stunda það nám erlendis. N. telur þetta því ekki brýna nauðsyn. — VI. liðurinn er um styrk til sendikennara í frakknesku. Það má segja, að gott væri að geta þetta, en ég verð að segja, að þetta liggur fjær okkar þörfum en flestir aðrir hlutir. Það hefir verið vitnað til þess, að það væri kominn styrkur í fjárl. til þýzks sendikennara. Þar er nokkuð ólíku saman að jafna. Viðskipti okkar við Þýzkaland eru miklu meiri en við Frakkland og Þjóðverjar standa okkur miklu nær að skyldleika.

Þá koma hér margir liðir, sem ég tek undir eitt. Það eru nefnilega styrkirnir frá VII. og allt til XII. liðs. Það er nokkuð sama um þessa liði að segja, að það væri kannske æskilegt að geta styrkt þessa menn, en þó getur það orkað tvímælis, hvort skynsamlegt sé að teygja allt of marga menn út á þær námsbrautir, sem gefa lítið í aðra hönd eins og oft vill verða. Út af því sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að menntamálaráðið hefði tekið upp þá stefnu að útiloka sumar námsgreinar frá styrk, — mér skildist hann eiga við verzlunarfræði —, þá spurði ég form. menntamálaráðs, hvort nokkuð væri til í þessu, og taldi hann það tilhæfulaust með öllu, að menntamálaráðið hefði tekið nokkra slíka ákvörðun. Um þessar till. stendur fjvn. eins og múrveggur og er á móti þeim eins og sakir standa. Ef till. hennar verða samþ., að taka út yfirleitt alla þessa persónustyrki, skuldbindur hún sig til þess að koma með till. um hækkun á heildarupphæðinni og telur, að með því móti sé öllu betur borgið.

Þá er næst till. frá hv. 6. landsk. um að hækka styrkinn til Bjargar C. Þorlákson. N. tók þarna upp nokkurn styrk og finnst hún hafa goldið Torfalögin og hefir óbundin atkv. um þessa till. — Þá er till. um hækkun á sundlaugastyrknum. N. finnst séð allvel fyrir þessu með 5 þús. kr. framlagi og leggur eindregið á móti þessari till. Þá er styrkurinn til hraðritunarkennslu, tvær till. N. leggur kannske ekki fast á móti þessum till., en

frekar mun hún þó vera á móti þeim. Það er ekki að sjá, að neinn verulegur skortur sé á hraðriturum hér á landi, og virðist því ekki brýn þörf að veita þennan styrk. — Þá er styrkur til að koma upp skíðamannaskýli sunnan Vífilfells. N. sér ekki ástæðu til að leggja fram þetta fé. Á Akureyri hafa íþróttafélögin sjálf komið sér upp slíku skýli allmyndarlegu og vel útbúnu, og virðist að íþróttafélögunum hér í bænum ætti ekki frekar að vera ofvaxið að koma sér upp slíku skýli.

Þá er styrkurinn til Alþýðubókasafns Rvíkur. N. hefir óbundin atkv. um þá till. Það má segja, að þetta sé mjög góð og merkileg stofnun. Hinsvegar hafa Reykvíkingar betri aðgang að þessu safni en aðrir, og í þessu sambandi finnst mér ómakleg þau ummæli hv. 1. landsk., sem er flm. að þessari brtt., að ýmsir líti svo á, að Rvík ætti ekki tilkall til ríkissjóðs, heldur ætti hún bara að borga skatta. Ég vil segja, að í þessu sambandi er mjög skotið fram hjá markinu. Ég veit ekki, hvaða staðir á landinu hafa betri aðstöðu til menntamála en Rvík. Hér er og hefir verið stærsta bókasafn landsins, Landsbókasafnið, sem aðrir landsbúar hafa ekki getað haft not af nema þá einstöku vísindamenn, sem sitja hér tíma og tíma við vísindaiðkanir, Reykvíkingar hafa betri aðstöðu en aðrir landsbúar til þess að nota landsins beztu skóla, og eftir till. þingsins held ég, að ekki sé hægt að segja, að Reykvíkingar eigi ekki tilkall til jafnréttis eins og hverjir aðrir landsbúar. Um till. hefir n. óbundin atkv. — Þá er næst styrkur til Íslandsdeildar Norræna félagsins. Í stjfrv. lá fyrir till. um þetta, en fjvn. Nd. lagði eindregið á móti þessari till., og var þar samþ. með talsverðum meiri hl. að styrkja ekki félagið. N. hér sér ekki ástæðu til að bæta þessum lið á útgjaldahlið fjárl. og telur, að þetta sé ekki það aðkallandi, að það megi ekki bíða eins og annað.

N. leggur á móti aðaltill. næstu, um 1500 kr. til Péturs Á. Jónssonar, en hefir óbundin atkv. um varatill. Um XX. brtt. hefir n. óbundin atkv. Loks er það XXI. brtt., styrkur til utanfarar málara. N. finnst þessir málarar vera að verða hálfgerð plága hér á landi, þeir koma í hrúgum inn í fjárl., og leggur þess vegna á móti þessum lið. Um XXII. brtt. hefir n. óbundin atkv.

Þá er það stærsta till., frá hv. 2. landsk. Því er ekki að neita, að sú till. hefir margt og mikið til síns máls, en hinsvegar virðist n., að hún sé svo rífleg, að það muni ekki vera tilgangurinn með flutningi hennar, að hún nái samþykki í þetta sinn, enda vill n. fara fram á það, að hún verði tekin aftur til 3. umr. N. hefir lýst því yfir við hv. flm., að hún myndi taka þessa till. til athugunar til 3. umr., því að hún er svo sérstaks eðlis. Hv. þm. sagði, að þingið hefði sýnt þessu máli litla rækt. Held ég, að það sé ekki rétt. Þingið hefir sýnt viðleitni á því að stuðla að framkvæmdum ýmsum, er gerðar væru á heppilegum tímum, sbr. Sogsvirkjun og heimildir í 22. gr. Er það og það bezta, sem hægt er að gera, að mínu áliti, að stuðla að aukinni framleiðslu. Hér hefir verið gengið að ábyrgðarheimild um Sogsvirkjun, sem skapa myndi Reykvíkingum mikið hagræði, ef til framkvæmda kæmi. Er því ekki hægt að segja, að þingið hafi sýnt þessu máli neitt tómlæti. Hv. fjvn. og hæstv. fjmrh. hafa lofað því að athuga til 3. umr. um styrk til atvinnubóta nánar, og vil ég því fara fram á það við hv. flm., að hann taki till. aftur.

N. mælir með XXIV. brtt. frá hv. 2. þm. Árn.

Þá er XXV. brtt., styrkur til Eggerts Magnússonar til dýralækninga. Slíkar till. hafa átt hér erfitt uppdráttar, eins og yfirleitt allir styrkir til ólærðra manna, þar sem engin trygging er fyrir því, að slíkar till. myndu ekki koma úr öllum áttum, ef tillit væri tekið til sumra. Leggur því n. á móti þessari till.

Um XXVI. brtt. áskilur n. sér óbundin atkv.

Á XXVII. brtt. leggur n. ekkert kapp, hvorki til né frá. Álítur hún það verk Búnaðarfélags Ísl. að beita sér fyrir því máli, er hún fjallar um.

Um XXVIII. brtt. hefir n. óbundin atkv.

Þá er XXIX. brtt., byggingarstyrkur til fávitahælis. Er hér auðvitað full þörf á styrk. Þarna hefir einstök kona og svo Prestafélag Ísl. boðizt til að leysa úr brýnustu vandræðunum, með því að útvega stofnuninni húsnæði fyrir 25 fávita. Er þetta nokkur úrlausn í bili. Sagt er,

að 200 manns hér á landi séu fávitar, en auðvitað er misjöfn þörf þeirra á hælisvist. Sumir halda því fram, að þetta bráðabirgðahæli myndi seinka komu stærra hælis, og verða menn að líta á það, hver eftir sínu skaplyndi.

Þá er XXX. brtt. Fyrri liðurinn er um styrk til ekkju einnar, 1200 kr. fyrir 1000 kr. N. lítur svo á, að það, sem hér er farið fram á, hafi ekki verið vani, og leggur hún því á móti till. Síðari liðurinn er um styrk til Sigurðar Sigurðssonar skálds, 1000 kr. N. dregur ekki í efa, að þessi maður sé vel hagmæltur, en vill þó ekki bæta á rithöfundastyrki. Er henni heldur ekki kunnugt um nein stórvirki, er liggi eftir þennan mann.

Þá er XXXI. brtt., um að taka Friðfinn Guðjónsson leikara upp á eftirlaunaskrá. Um það áskilur n. sér óbundin atkv.

XXXIII. brtt. fjallar um að veita Jóni Þorleifssyni listmálara allt að 10 þús. kr. lán til þess að koma sér upp vinnustofu. Gerast nú margir málararnir hér á landi. N. leggur ekki á móti þessu að svo stöddu, en mælir með því, að till. verði tekin aftur til 3. umr.

Þá hafa 2 síðustu till., frá hv. 2. þm. Eyf., verið teknar aftur.

Hv. 2. þm. Árn. flytur brtt. á þskj. 634. N. heldur þó fast við sína till. Telur hún, að vel sé gert við Suðurlandshéruðin með því að veita 12 þús. kr. vöruflutningastyrk. Telur því n. ástæðulaust að verða við þessari hækkun.

Um till. frá hv. 2. landsk. á þskj. 628 áskilur n. sér óbundin atkv. Þó má geta þess, að n.mönnum finnst ástæðulaust að verja fé til kaupa á þessum einkennisbúningum, sem síðasta till. fer fram á, að keyptir verði.

Þá eru nokkrar brtt. á þskj. 624. Sú fyrsta er frá hv. 2. þm. Eyf. um styrk til Halldórs Kr. Jónssonar til dýralækninga. Leggur n. á móti þeirri till. og gerir ráð fyrir, að hann verði að sæta sömu örlögum og hinn dýralæknirinn, sem ég minntist á áðan.

Næsta till. á sama þskj. er frá hv. 6. landsk., og er n. henni meðmælt.

Síðast er sértill. frá 3 hv. dm. um ábyrgð til síldarbræðslustöðvar á Seyðisfirði. Virðist n. þetta orka tvímælis, en þó vill hún athuga málið nánar. Hefir n. fengið í hendur ýtarlegt skjal frá Síldarbræðslustöð ríkisins, sem ætti að vera málið vel kunnugt. Hefi ég ekki getað kynnt mér þetta skjal, sem er nýkomið, og leyfi ég mér því að óska, að till. verði tekin aftur til 3. umr. E. t. v. gæti þá orðið samkomulag um þann ágreining, sem risið hefir hér í d. út af því, hve stór verksmiðja þessi ætti að verða og hvar hún skyldi sett.

**Forseti (GÓ):** Ég ætlaði að ljúka við umr. og atkvgr. nú þegar, en mér er sagt, að ekki ætluðu aðrir að vera á fundi en framsóknarmenn, og verð ég að beygja mig undir það. En þetta sýnir, að fleiri geta gert verkfall en jafnaðarmenn. Ég tek málið af dagskrá.

**Halldór Steinsson:** Ég vil mótmæla þeim orðum hæstv. forseta, að hér sé um nokkurt verkfall að ræða. Það hefir verið farið fram á það við hann, að hann frestaði fundi. Hefir slíkt oft verið gert áður, og ætti hæstv. forseti eins að geta gert það nú, án þess að láta hnútur fylgja.

**Jón Baldvinsson:** Mér var skýrt frá því í dag, að sjálfstæðismenn myndu ekki verða við atkvgr. og skýrði ég þá frá því, að ég myndi ekki heldur verða viðstaddur, þar sem aðeins væru viðstaddir 8 af 14 þm. Hefði það víst orðið skrítin afgreiðsla á málum.

**Forseti (GÓ):** Út af orðum hv. þm. Snæf. um það, að vani hafi verið að taka mál af dagskrá, ef farið hefir verið fram á það, og að ég hafi jafnan orðið vel við slíkum málaleitunum, vil ég geta þess, að það hefir ekki verið vani, að einungis helmingur þm. hafi verið viðstaddur fjárl.umr. í Ed. Hefir slíkt ekki komið fyrir síðan ég kom á þing, og hefi ég þó verið hér alllengi.

**Halldór Steinsson:** Mér finnst hæstv. forseti leggja of mikla áherzlu á það að flýta málum hér, því að fjárl. liggur ekki svo mikið á, að nauðsynlegt sé að klára atkvgr. í kvöld. Fyrir þinginu liggja nú mörg önnur stórmál, og munu fjárl. ekki verða til þess fyrst og fremst að tefja þingið. Var því útlátalaust fyrir hæstv.

forseta að fresta umr. Hitt er ekki rétt, að menn hafi neitað að vera á fundi.

**Forseti (GÓ):** Ég vil geta þess, að Framsóknarflokkurinn hafði líka boðað til fundar, en þeim fundi var aflýst, af því að ekki var talið rétt að tefja þennan þingfund. Það hafa sjálfstæðismenn ekki gert. Það, hvernig sjálfstæðismenn hafa setið þennan fund, sýnir, að þeir telja sig víst hafa annað að gera en að sitja hér á fundi.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég kann ekki við ásakanir hæstv. forseta um, að sjálfstæðismenn yfirleitt hafi ekki setið þennan fund. Ég veit ekki betur en að ég sæti hér grafkyrr allan fundinn, og mun hæstv. forseti verða að telja mig til sjálfstæðismanna hér í hv. d. En ég vildi nota tækifærið til þess að finna að ókyrrð þeirri, sem alloft hefir verið hér í d. Heyrist stundum ekki mannsins mál vegna umgangs og skvaldurs í óviðkomandi mönnum. Hæstv. forseti ætti að reyna til að hafa meiri kyrrð í deildinni.

**Forseti (GÓ):** Hv. 6. landsk. þarf ekki að kvarta um ókyrrð hér í salnum meðan hún var að tala. En mér þætti gaman, ef hv. þm. vildi telja upp þá af flokksmönnum hennar, sem viðstaddir voru og hlustuðu á hennar fögru orð. Held ég, að ekki hafi þeir hlustendur verið aðrir en framsóknarmenn og jafnaðarmenn — eða jafnaðarmaðurinn.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Ed., 11. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 411, 565, n. 586, 609, 624, 628, 634, 636, 645).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 645. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Jón Baldvinsson:** Hv. frsm. n. fór fram á það, að ég drægi þessa till. til 3. umr., vegna þess að n. væri að hugsa um þetta mál og athuga, hvað hún gæti gert fyrir það, en ég sé ekki annað en að n. hafi getað athugað þetta mál í næði, sérstaklega þar sem athygli hennar var vakin á því, að þetta mál mundi koma fram við 2. umr., og n. var þess vegna við því búin. Ég sé því ekki ástæðu til að láta þessa till. bíða til 3. umr., því að ég vil gjarnan fá að sjá, hvernig d. tekur í þetta mál. Ef n. hefði viljað breyta því fyrirkomulagi, sem ég hefi stungið upp á, þá var hægurinn hjá að koma með till. til breytinga. Þetta er nú einn stærsti liðurinn í fjárlagafrv., og þess vegna hefði mátt vænta þess, að n. hefði athugað það gaumgæfilega, en vildi ekki geyma það til síðustu stundar. En það getur verið síðasta stund fjárlaganna að berá fram till. við 3. umr. Þá er enginn tími til að laga það, sem kynni aflaga að fara í þessu mikilvæga máli. Því er ekki rétt að geyma þetta, og því síður þar sem sýnt er, að samþykkt verða stórkostleg fjárframlög til bændanna, sem líka er rétt að gera, en það er gert í lagaformi, sem á að gilda til margra ára.

Ég þarf ekki að lýsa þeirri þörf, sem er á þessu. Allir eru sammála um það, að hér þurfi að leggja fram fé til atvinnubóta, en hv. frsm. fjvn. mótmælti því, að þingið hefði ekkert gert í þessu skyni. En ég verð að segja það, að mér þykja fjárlögin ekki bera þess vitni, því að til verklegra framkvæmda er minna veitt í fjárlögunum en árin á undan kreppunni. Það er svo miklu minna, að það nemur mörgum hundruðum manna, sem færri fá vinnu hjá ríkissjóði en árin 1930 og 31. En það þýðir það, að líklega meira en helmingur af þeim mönnum, sem atvinnu höfðu af framkvæmdum ríkissjóðs, verða nú að leita annað eða hafa alls ekkert, og er það líklegast. Hv. frsm. benti á, að þingið vildi líta á nauðsyn ýmissa framkvæmda og hefði þegar gert það, og benti m. a. á afgreiðslu þessarar d. á virkjun Sogsins. Það er rétt, ég er sammála hv. frsm. um það, að kæmist þetta mál fram á þingi, og verði það framkvæmt, þá veitir það stórkostlega atvinnu. En það verður ekki séð ennþá, og það er einmitt flokkur hv. 3. landsk., sem alltaf er að krukka í málið og reyna að draga úr því, að málið komist fram, a. m. k. hefir fyrirstaðan verið mjög mikil hjá Framsóknarflokknum hingað til, en eftir orðum hv. frsm. má væntanlega líta svo á, að hann styrki það. (**JónJ:** Ég hefi engar brtt. flutt við frv.). En með atkv. sínu hefir hann sýnt það, að hann vill draga úr því. En ég ætla ekki

að karpa um það við hv. þm., ég vona bara, að einlægur vilji framsóknarmanna styðji að framkvæmd laganna um virkjun Sogsins, eða því formi, sem búið er að samþ., en svo kemur til kasta meiri hl. bæjarstjórnar Rvíkur að standa ekki í vegi fyrir, að hægt verði að hefja framkvæmd verksins á þessu sumri. Ég get ekki orðið við tilmælum hv. frsm. um að taka aftur þessa till. Ég ætla að láta skeika að sköpuðu um hana og vil sjá, hvernig undirtektirnar verða undir þetta mál. Má vafalaust af því marka, hvernig tekið verður undir aðrar till. við 3. umr., ef þessi nær ekki fram að ganga nú.

Hv. frsm. hefir ekkert sagt um það, hvað það sé, sem hann vilji gera. Hann hefir aðeins lýst því yfir, að það verði eitthvað að gera, en hvað það er, hefi ég ekki fengið fram. Hér er aðeins tiltekin fjárhæð, en í þá átt, hvernig atvinnubótavinnunni eigi að haga eða hvað mikið fé eigi að leggja til þessa, hefir ekkert orð heyrzt frá hv. frsm.

Hv. frsm. sagði í ræðu sinni í gær, að honum þætti líklegt, að ég ætlaðist ekki til, að þessi brtt. yrði samþ., hún væri svo gifurleg. Ég get sagt honum í fyllstu alvöru, að ég hefi skorið af þeirri fjárhæð, sem ég í fyrstu hugsaði að bera fram. Ég tel þetta alls ekki of mikið fé til atvinnubóta eftir því, sem nú lítur út fyrir að verða muni, og eftir því sem atvinnuleysið var 1932. Það er alls ekki hægt að fara fram á minni upphæð til uppbótar því, hvað atvinnuleysið var mikið þá. Þess vegna ætlast ég til, að ekki lægri fjárhæð en hér er um að ræða, gangi fram, En hitt er annað mál, hvað menn vilja sætta sig við nauðugir viljugir, vegna þess að meiri hl. þings vill ekki ganga lengra eins og var á síðasta Alþingi.

Ég minntist í gær á ræktunarveginn í Hornafirði og sýndi fram á, að ríkissjóður mundi bráðlega fá mikil afgjöld af þessu landi, sem tekið hefir verið til ræktunar. En hv. frsm. er hræddur um, að þetta sé svo slæmt fordæmi, að öll sjóþorp mundu koma á eftir. Það er mjög líklegt. Sama máli gegnir um Seyðisfjörð; þar er tekið mjög mikið land til ræktunar, og það er mjög mikil nauðsyn að gera þetta land arðvænlegt með því að leggja vegi um það, en það mun tæplega hægt nema með tilstyrk ríkissjóðs. Ég get ekki séð, hvers vegna hv. frsm. vill ekki leggja inn á þá braut að efla ræktun landsins, en það er það, sem verið er að gera með því landi, sem leggja á til kaupstaða og kauptúna. Það er verið að rækta það. Hv. þm. hefir vafalaust trú á því, að það muni efla hag kaupstaðabúanna, ef þeir geta fengið land til ræktunar. En þetta er einn liður í því að styðja þau kauptún, sem hér um ræðir, að leggja fram þessa litlu fjárhæð, til þess að gera ræktunina greiðari og afstöðu hennar betri.

Þá var hv. frsm. ákaflega hjartnæmur þegar hann var að tala um, að kommúnistafélag eitt á Akureyri fengi að njóta sjúkrastyrks. Hann sagði, að ég vildi loka þá fyrir utan landslögin, að það mætti ekki bjarga þeim, þó þeir væru dauðvona. Hann kom með þá firru, að ég vildi ekki láta þá ná undir berklavarnalögin. Það eru landslög, sem ég veit ekki annað en að nái til almennings og eiga ekkert skylt við einstaka styrki eða fjárframlög, sem veitt eru á einstök nöfn. Hann gæti með sama rétt bent á eitthvert leirskáldið og sagt, að það ætti að skipta styrk við Halldór Kiljan Laxness; ef það gengi ekki fram, þá segði hann, að það ætti að ganga af þessum manni dauðum eða svelta hann í hel. Hér er ekki um annað að ræða en að veita styrk félagi, sem hefir sjúkrasjóð, og það er einn liðurinn í Alþýðusambandi Íslands, og þessi styrkur er veittur eftir ákveðnum reglum. En hinsvegar verður að segja um þann styrk, sem safnað hefir verið af kommúnistum til þess að styrkja sjúka, að sá styrkur hefir stundum verið notaður, bæði hér á landi og annarsstaðar, í pólitísku augnamiði, beint til agitations-starfsemi fyrir flokkinn. Ég veit ekki nema slíkt verði notað eins að þessu sinni. Ég sé því ekki, þegar litið er til þess fordæmis, sem fyrir er um söfnun í ýmsa styrktarsjóði, að það sé ástæða til að styrkja þeirra sjúkrasjóði, þegar vitað er, hvernig fer um ýms samskot, sem þeir gangast fyrir undir því yfirskini, að það fé gangi til bágstaddra. Það má alveg eins taka upp styrk til Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins eins og til Kommúnistaflokksins, eða þá nýja Nazista-

flokksins, svo hann gæti þá notað það í pólitísku augnamiði.

N. er, eftir frásögn hv. frsm., á móti ýmsum af þeim till., sem einstakir þm. flytja. Ég ætla að leggja liðsyrði till., sem hv. 1. landsk. flytur, sem fer fram á styrk til Ingólfs Þorsteinssonar. Það er piltur, sem ég hefi þekkt í mörg ár, og er hann mjög líklegur til að verða dugandi maður, ef hann getur haldið áfram sínu starfi.

Þá var það hv. 6. landsk., sem var að tala fyrir till. sínum, sem fara í þá átt að minnka þann styrk, sem þeim er veittur Halldóri Kiljan Laxness og Þórbergi Þórðarsyni. En ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. d. fari að hrófla við þessum styrkjum, úr því að hv. n. hefir látið þá standa. Ég má segja, að í Nd. var það fellt með miklum atkvæðamun að hrófla nokkuð við Halldóri, og þykir mér því ólíklegt, að þessi hv. d. fari nokkuð að hreyfa við þeim. Hinsvegar flutti sami hv. þm. till. um styrk til byggingar fávitahælis, sem n. hefir óbundin atkv. um. Hún skýrði frá, að þetta ætti að fara til barnahælis, sem nú er austur í Grímsnesi. Ég get vel trúað, að til gagns verði að koma slíku hæli upp. Vil ég að gefnu tilefni geta þess, að ég hefi komið nokkrum sinnum á þetta hæli, og mér hefir sýnzt vel um allt gengið. Stúlkan, sem veitir hælinu forstöðu, virðist hafa gott lag á börnunum, en hvernig henni mundi farast úr hendi að sjá um fávita, það veit ég ekki, en börnin voru mjög hænd að henni, og það verða börn ekki nema þau mæti góðu einu. Því mun ég ekki leggjast á móti þessum styrk.

Þá hefir n. væntanlega óbundin atkv. um till. okkar hv. 2. þm. Eyf. Þann mann, sem á að njóta þess styrks, sem farið er fram á í till., tel ég einna mesta verðleika hafa til þess að komast inn í fjárlögin og njóta styrks í elli sinni. Að öðru leyti þarf ég ekki að endurtaka það, sem ég sagði í gær.

Mér skildist á hv. frsm., að hann leggjast á móti till. minni um einkennisbúninga. Þykir mér það of mikill nánasarháttur hjá n. að vilja ekki fallast á þessa litlu og sjálfsögðu kröfu bréfberanna, að þeir fái einkennisbúning, eins og alstaðar er orðið í öllum heiminum, að bréfberar hafi einkennisbúning, ég held alþjóðlegan búning, a. m. k. að forminu til, og það álít ég, að við eigum að taka upp hér líka. Vil því vænta, að n. hafi ekki fastbundið það að leggjast á móti þessari till. (**JónJ:** N. hefir óbundin atkv. um till.). Það var gott að heyra það, vona ég þá, að till. gangi fram. En ég vil aðeins vekja athygli hv. dm. á því, að þeir skulu ekki láta það fæla sig frá till., þó nefndar séu háar tölur í sambandi við hana, því að í raun og veru er upphæðin ekki nema 1800 kr.

Þá hafa þeir hv. 2. þm. S.-M. og hv. frsm. báðir talað allfast á móti till. okkar þremenninganna um ábyrgð fyrir láni til síldarbræðslustöðvar á Seyðisfirði. Ég veit, að hv. 1. landsk. mun svara þeim, en mér þykir þó rétt að láta þá eitthvað til mín heyra. Ég hugsa, að innihald þessa skjals sé ekki eins ógurlegt eins og vænta mátti af tilburðum háttv. frsm., er hann var að veifa því að okkur. Það mun nú sýna sig þegar það verður lesið upp. En ekki skyldi mig undra, þótt mikið ósamræmi yrði milli þeirrar skoðunar, sem þar er haldið fram, og till. háttv. 2. þm. S.-M., þótt þetta tvennt muni þó vera af sama toga spunnið. Ég gæti trúað, að það gengi beint gegn till. háttv. þm. En þetta heyrist nú þegar plaggið er lesið og það er borið saman við rök háttv. 2. þm. S.-M. Ég hugsa, að till. plaggsins séu staðbundnar og hreint ekki eins meinleysislegar og till. háttv. 2. þm. S.-M.

**Jakob Möller:** Ég gleymdi í gær að minnast á eina brtt. háttv. fjvn., sem ég hafði þó ætlað mér að drepa á. Það er 34. brtt. á þskj. 565, og er utanfararstyrkur til Eiríks Bjarnasonar til að kynna sér meðferð og verkun síldar við Bretlandseyjar fyrir hin ýmsu neyzlulönd, gegn því skilyrði, að hann leiðbeini síldveiðimönnum um verkun síldar við heimkomu. Háttv. fjvn. vill fella þennan styrk niður, og hygg ég, að það sé ekki vel ráðið af henni. Mér er kunnugt um það, að helzta lífsvonin fyrir íslenzka síldarútgerð er sú, að geta verkað íslenzka síld fyrir þýzkan markað. En einmitt sú verkunaraðferð, sem nothæf er fyrir þann markað, verður lærð í Skotlandi. Fáir íslenzkir menn kunna þá verkun. Er því vel farið, að íslenzkur maður kynni sér hana

og leiðbeini svo síldveiðimönnum hér heima, þeim er vildu salta fyrir þýzkan markað. Maður sá, sem hér um ræðir, er uppalinn í síldveiðaplássi. Má því gera ráð fyrir, að hann sé vel að sér í þeim málum, er að síldarverkun lúta. Er því líklegt, að hann sé hæfur til þessarar ferðar og náms. En persónulega þekki ég hann ekkert.

Þá vil ég víkja nokkuð að því, sem háttv. frsm. fjvn. sagði um brtt. minar á þskj. 609. Gegn fyrstu till. minni, undirbúningskennslu í hagfræðinámi hér við háskólann, færði háttv. frsm. það fram sem aðalástæðu, að hér væri gnægð hagfræðinga. Það er nú svo. En málið er nú í raun og veru ekki afgreitt með því. Hér er um það að ræða að stofna til kennslu við háskólann í íslenzkri hagfræði. Þeir, sem nema hagfræði við erlenda háskóla, verða að eyða miklum tíma í það að lesa og læra hina sérstöku hagfræði, sem einungis gildir fyrir það land, sem þeir nema í og er bundin við hætti þess. En hér er um það að ræða að skapa íslenzkt hagfræðinám, sem kemur þeim hagfræðingum, er starfa á Íslandi, að fullum notum. Og þótt segja mætti, að nú sé til nægjanlega mikið af hagfræðingum, þá þarf þó að halda þeim við, enda nema nú margir hagfræði erlendis. Vegna framtíðarinnar borgar sig því að gera þetta. Ég hefi verið spurður að því, hvers vegna ég hafi tekið þessa till. eina út úr þáltill frá 1931. Til þess liggur sú eðlilega ástæða, að af þeim námsgreinum, sem þar eru taldar upp, hefir þessi sérstöðu. Hinar aðrar námsgr., sem þar eru taldar upp, má læra til fullnustu við erlenda háskóla. En þessa er ekki hægt að læra, svo að algerðu gagni komi fyrir okkar þjóð, nema íslenzk kennsla sé í því fagi. Það er því nauðsynjamál að koma á fót kennslu í íslenzkri hagfræði. Auk þess er það vöntun, að lögfræðinemendur geta ekki fengið þá kennslu í hagfræði, sem sjálfsögð þykir annarsstaðar og þeir eiga nú engan kost að nema.

Viðvíkjandi námsstyrkjunum var ekki margt, sem ég þyrfti að athuga. Háttv. frsm. sagði reyndar, að það væri tilhæfulaust, sem ég hefði sagt viðvíkjandi því, að menntamálaráð hefði haft eina námsgrein út undan við úthlutun námsstyrkja. Á þetta lagði háttv. frsm. svo mikla áherzlu, að það var eins og hann hefði staðið mig að vísvitandi röngum málflutningi. En svo kom þó appendix við þetta! Háttv. frsm. sagði, að formaður menntamálaráðs hefði tjáð sér, að allar námsgreinar hefðu verið styrktar —, ef þær þættu þess verðar. En það var nú einmitt þetta, sem ég sagði, að menntamálaráði hefði ekki fundizt þessi námsgrein þess verð að vera styrkt, því nú stendur einmitt svo á, að menntamálaráðið hefir engan styrk veitt til náms í þeirri grein, sem brtt. mín fjallar um. Ályktun mín af því var sú, að þessi námsgrein væri ein af þeim, sem menntamálaráð hefði útilokað og ekki talið verða styrks. Verið getur, að það hafi ekki gert það formlega, en það hefir gert það í framkvæmd. Ég vil taka það fram, vegna þess að það sést ekki á till., að hér er um að ræða styrk til lokanáms, þar sem viðkomandi maður lýkur prófi á næsta ári. Það er því ekki rétt, sem háttv. frsm. sagði, að með þessu væri verið að teygja menn til náms erlendis, sem kostar mikið. Það er búið að gera það. Spurningin nú er eingöngu sú, hvort gera skuli mikið nám ónýtt, með því að svipta viðkomandi mann möguleikum til að ljúka því. Það er svo með námsstyrki þá, sem bornir eru fram á þskj. 609, að þeir eru allir, að einum máske undanteknum, sem mér er ekki vel kunnugt um, ætlaðir til lokanáms. Það er beint tekið fram um alla nema þennan eina og svo styrkinn til Jóns Gissurarsonar, sem ég hefi nú skýrt frá, að er til lokanáms. Þeir eru því allir fyrir löngu komnir á brautina og sumir með aðstoð Alþ., beint eða fyrir aðstoð menntamálaráðs. Þessir menn eru svo efnum búnir, að þeir geta ekki lokið námi af eigin rammleik, nema þá með því að svelta sig. Og þess eru því miður sorgleg dæmi um námsmenn, sem hafa verið að berjast við að ljúka námi, að þeir hafa beðið tjón á heilsu sinni og sumir beinlínis fallið fyrir skort. Ég vil því vona, að þeim mönnum, er hafa eytt tíma og fé í fleiri ár til náms, verði nú hjálpað til að ná leiðarenda, á þann hátt að þeir þurfi ekki að leggja harðara að sér en kraftar þeirra þola. Ég vil brýna það fyrir háttv. þdm., að það er stór samvizkusök að neita um þetta smáræði, er engu munar fyrir afkomu ríkis-

sjóðs — hreint engu. Nú hefir háttv. fjvn. haft það á orði og enn lofað því, að verði þessir styrkir felldir niður nú, þá muni hún koma með hækkunartill. til 3. umr., sem varið verði til námsstyrkja, eftir úthlutun menntamálaráðs. En þá vil ég benda á, að það þarf að vera skýrt fram tekið, að þeirri upphæð verði varið til lokanáms þeirra manna, sem hér ræðir um, svo sú upphæð verði ekki veitt til byrjunarnáms. En annars er gersamlega ástæðulaust að fella þessa styrki niður. Ríkissjóður fer áreiðanlega ekki á hausinn fyrir það eitt, að Alþingi samþykki þá.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég hefði búizt við því, að 1. flm. till. um síldarbræðslustöð á Seyðisfirði mundi taka til máls, en fyrst svo er ekki, get ég talað strax. Ég sé þó ekki ástæðu til að karpa mikið við þá háttv. þm., sem gagnrýnt hafa till. n. síðan í gærkveldi.

Háttv. 2. landsk. taldi það hættulegt að fresta afgreiðslu till. um atvinnubótastyrk til 3. umr. Hann neitar því að taka till. aftur. Ég sé nú að vísu ekki, að þessu máli sé mikið betur komið fyrir því, þótt till. hans gangi til atkv. og verði felld. Ég sé ekki, að nokkur hagur sé að afgreiðslu þess máls, fyrr en séð verður, hvernig Alþingi snýst við samskonar frv., er fyrir þinginu liggja og fela í sér atvinnubætur. Svo er t. d. um Sogsvirkjunarfrv. o. fl., sem hafa mikla þýðingu í þessu sambandi, t. d. síldarbræðslustöð á Austurlandi. Ég verð því að halda því fast fram, að heppilegast sé í þetta sinn að taka þessa brtt. aftur. Ég tók það fram í gær, að fjvn. óskaði eftir að fá að athuga atvinnubótamálið til 3. umr. Það mun hún líka að sjálfsögðu gera, hvað sem nú kann að verða gert. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um till. til skiptingar styrksins til sjúkrasjóða á Akureyri. Háttv. 2. landsk. hrakti ekkert af því, sem ég hafði um það sagt. Ef réttmætt er að veita öðrum þeirra styrk, þá hlýtur að vera jafnréttmætt að veita þeim það báðum. Það var helzt að heyra á háttv. þm., að kommúnistum væri ekki trúandi til að nota styrkinn rétt, að þeir mundu hafa hann til pólitískra agitationa, en ekki til sjúkra. Ég hefi enga ástæðu til að taka undir slíkar getsakir, en læt að öðru leyti ráðast, hvernig háttv. d. úrskurðar þetta.

Þá eru það einkennisbúningar bréfberanna. Ég gat þess, að n. hefði óbundin atkv. um þetta. En ég benti á, að hér væri um árleg útgjöld að ræða, og þótt ekki væri áætlað, að það kostaði meira en 2000 á ári, þá mundi sú upphæð vaxa fljótt, ef ég þekki rétt. Ég sé heldur enga brýna nauðsyn til að byrja á þessu nú, einmitt þegar allt þarf að spara.

Þá skal ég víkja að till. um síldarstöðina á Seyðisfirði. Háttv. þm. sagði, að ég hefði verið að ógna deildinni með skjali, er ég hélt á, og að ég hefði talið, að í því feldist dauðadómur yfir þessu fyrirtæki. Þetta er nú alls ekki rétt. Ég var ekkert að ógna með því skjali. Ég gat þess aðeins, að mér hefði borizt bréf frá stjórn síldarbræðsluverksmiðjunnar á Siglufirði, sem ég hefði ekki enn haft tíma til að lesa. Vildi ég, að hv. d. gæfist tóm til að athuga það í næði, áður en málið væri afgreitt. Og ég sé ekki betur, þar sem máli þessu var slöngvað hér inn, mjög illa undirbúnu, en að rétt væri að fræðast betur um það. Ég fyrir mitt leyti játa það, að ég er eigi svo fróður um þessi mál, að ég vilji eigi leita ráða mér vitrari manna um þessi efni. Og ég hygg, að stjórn síldarbræðslunnar á Siglufirði muni vera kunnugust því, hvar beztir möguleikar muni vera fyrir hendi um framkvæmd þess máls. Og þar sem till. fæst eigi aftur tekin, þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa bréfið upp, svo deildin geti borið um þau rök, sem þar eru flutt. Bréfið hljóðar þá svo:

SÍLDARVERKSMIÐJA RÍKISINS
STJÓRNIN

Reykjavík, 10. maí 1933.

Með bréfi dags. 3. þ. m. hefir Fjárveitinganefnd Ed. Alþingis óskað umsagnar vorrar um erindi hr. alþingismanns Haralds Guðmundssonar, þar sem hann fer fram á, að ríkissjóður ábyrgist lán til stofnunar síldarverksmiðju á Seyðisfirði, 9/10 stofnkostnaðar, allt að kr. 320000 — 350000.

Þó það sé álit vort, að stundum gæti verið hagnaður að því, ef til væri á Seyðisfirði síldarbræðsla, sem brætt gæti og gert að einhverju leyti verðmæta þá síld,

sem þar er hægt að veita, þá ber samt að taka tillit til allra staðhátta og þeirra kringumstæðna, sem nú ríkja.

Eins og hinni háttvirtu fjárveitinganefnd er kunnugt, hefir rekstur síldarverksmiðjanna átt við mjög mikla erfiðleika að stríða nú þrjú síðustu árin vegna verðfalls á verksmiðjuafurðunum, og er útlit fyrir áframhaldandi lágt verð.

Um skilyrði fyrir síldarverksmiðju á Seyðisfirði er það að segja, að síldveiði fyrir Austurlandi hefir oft verið mjög stopul. Þannig voru t. d. síðastliðið sumar ekki saltaðar og verkaðar nema 1518 tunnur á Austurlandi, sbr. skýrslu Fiskifélags Íslands dags. 17. september í 9. tölublaði Ægis. Sú eina síldveiðiaðferð, sem reynzt hefir nægilega ódýr til þess að veiða með síld til bræðslu, er síldveiði með herpinót, enda er bræðslusíldveiði til verksmiðjanna hér á landi stunduð eingöngu með þessu veiðarfæri.

Á Austurlandi munu ekki vera til nema 3 til 4 skip, sem hentug geta talizt til þess að stunda veiðar með herpinót. Lagneta- og lásaveiði hefir t. d. við Eyjafjörð reynzt of dýr til þess að veiða með til bræðsluverksmiðjanna, enda afli í lása og lagnet varla svo uppgripsmikil, að hægt sé að fá nægjanlegt hráefni handa verksmiðju til lengdar með þeim veiðiaðferðum, jafnvel þótt ódýrar væru. Enn er vert að athuga, að sú síld, sem veiðzt hefir á Austfjörðum í lása og lagnet að haustinu og vetrinum til, er talsvert magrari en sumarveidda síldin fyrir Norðurlandi, svo að verðmæti hennar til **bræðslu** verður af þeirri ástæðu nokkru minna en norðurlandssíldarinnar. Aftur á móti er þetta minna fitumagn síldarinnar ásamt stærð hennar til ávinnings, þegar um útflutning á ísaðri síld er að ræða.

Verð á beztu norðanlands veiddri bræðslusíld er nú komið niður í kr. 3.00 eða minna fyrir málið. En þrátt fyrir þetta lága verð á hráefninu hafa síldarverksmiðjurnar þó tæplega getað borið sig. Verð á austfjarða-síld yrði — vegna minna fitumagns síldarinnar — að vera ennþá lægra, og er þá meir en vafasamt, hvort það gæti svarað kostnaði að flytja lásasíld milli fjarða til þess að koma henni í bræðslu, en á sama firðinum mundi varla veiðast nægilega mikið af lásasíld eða lagnetasíld til þess að síldarverksmiðja gæti þrifizt, ef byggja ætti nær eingöngu á þeirri veiði.

Í umræddu erindi er því haldið fram, að skip, sem ekki geta losnað við bræðslusíld á Siglufirði eða Eyjafirði, án þess að bíða eftir afgreiðslu dögum saman, mundu njóta góðs af síldarverksmiðju á Seyðisfirði.

Við það er að athuga, að vegalengdin frá Siglufirði til Seyðisfjarðar er 386 sjómílur fram og til baka, eða 50—60 st. sigling á línubát, ef veður er hið ákjósanlegasta. Útilokað verður að teljast, að mótorbátar hlaðnir af síld geti farið þessa löngu leið, og línubátar ekki nema í blíðskapar veðri.

Þann tíma sumars, sem söltun fer fram, leggja allir bátar kapp á að salta eins mikið og hægt er. Sækja þá síldarskipin, að öllum jafnaði, síldina vestur á bóginn, en þar eru álitin hin tryggustu síldarmið, enda er sú síld, sem veidd er fyrir vestan Siglufjörð, álitin bezt allrar síldar til söltunar, en þar næst síld, sem veidd er út af Siglufirði og inni á Eyjafirði. Aftur á móti er talið, að eftir að komið er austur fyrir Gjögur, sem er austan til við Eyjafjörð, breytist mjög til hins verra um gæði síldarinnar til söltunar. Og þar sem telja má síldveiði til söltunar sem aðaltekjulind flestra síldveiðiskipa, er naumast sennilegt, að ráðamenn skipanna fengjust til þess að yfirgefa venjuleg síldarmið, þótt þeir kynnu að geta selt síld til bræðslu á Seyðisfirði.

Um Langanes-síldarmiðin er það að segja, að þau hafa reynzt miklu ótryggari en síldveiðarsvæðið frá Hornbjargi til Rauðu-Núps. Einnig er Langanes-síld venjulegast smærri og horaðri en síldin á svæðinu fyrir vestan Gjögur.

Af framangreindu er augljóst, að svo æskilegt sem það virðist, að komið yrði á fót síldarverksmiðju á Seyðisfirði, þá eru þó annmarkar á því og ábyrgð ríkisins ekki áhættulaus.

Að lokum viljum vér vekja athygli hinnar háttvirtu þingnefndar á því, að ef stofna ætti til síldarverksmiðju á Austurlandi, þá virðist liggja nærri að athuga, hvort ekki mætti takast á ódýrari hátt að fullkomna fiskimjölsverksmiðju þá, sem nú er á Norðfirði, þannig að hún gæti

einnig unnið úr síld. — Fylgiskjölin endursendast hér með.

Virðingarfyllst.

Þormóður Eyjólfsson. G. Hlíðdal.

Til fjárveitinganefndar efri deildar Alþingis.

Eins og sjá má af þessu bréfi, lítur stjórn síldarbræðslustöðvarinnar á Siglufirði svo á, að vafasamt sé, hvort heppilegt muni vera að reisa síldarbræðslustöð á Austfjörðum. Hún telur, að síldveiði fyrir Austfjörðum sé svo stopul og síldin, sem þar veiðist, svo mögur, að ólíklegt sé, að það geti orðið arðsamt að setja þar á stofn slíka verksmiðju. Þetta er þeim mun skiljanlegra þegar það er athugað, að síldarbræðsluverksmiðjan á Siglufirði aðeins berst í bökkum með að bera sig, þó að hún sé á einum þeim bezta stað, sem slík verksmiðja getur verið. Ég verð því að telja það hæpið bjargráð fyrir Austfirðinga að láta þá fá þessa verksmiðju. Það munu allir vera á einu máli um það, að eitthvað þurfi að gera til hjálpar atvinnumöguleikum á Austfjörðum, og að sjálfsögðu vilja allir gera það, sem heppilegast er og helzt má verða til bjargráða. Ég vil t. d. spyrja, hvort ekki muni fullt eins hagkvæmt að stækka fiskimjölsverksmiðjuna á Norðfirði, eins og bent hefir verið á, eins og að fara að byggja stóra bræðslustöð á Seyðisfirði, þar sem vitanlegt er, að framleiðslan yrði mjög lítil.

Annars skal ég játa, að það sem gerði mig veikari í trúnni á þetta fyrirtæki var það, að háttv. 2. þm. S.-M., sem er allra háttv. þdm. kunnugastur þessum síldarútvegsmálum, hélt hér í deildinni ræðu í gær, sem alveg fór í sömu átt og bréf það, er ég las upp. Var þó með öllu útilokað, að hann og forstjóri síldarverksmiðjunnar á Siglufirði, er bréfið ritaði, hefðu getað borið sig saman. (**JBald:** Það er bezt að vera ekki að sverja neitt). Það lítur því óneitanlega dálítið einkennilega út, þegar þeir menn, sem kunnugastir eru þessum málum yfirleitt og mesta sérþekkingu hafa á þeim, eru allt annarar skoðunar en formælendur þessa verksmiðjumáls. Ég verð því að segja það, að svo fremi sem á að pína okkur til þess að greiða atkv. um brtt. þessa nú, þá greiði ég fyrst atkv. með brtt. háttv. 2. þm. S.-M., og svo á móti aðaltill.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að háttv. 1. þm. Reykv. Hann talaði fyrst um það, hversu mikið gagn mætti af því leiða að senda mann til Englands, til þess að kynna sér meðferð og verkun síldar. Það má vel vera rétt hjá háttv. þm., að eitthvert gagn mætti af slíku verða. En ég held, að það væri bezt, að Fiskifélagið eða síldveiðimenn beittu sér fyrir því og veldu manninn. En hvað snertir mann þann, er háttv. þm. ber fyrir brjósti til þessara hluta, þá skal ég geta þess, að ég hefi heyrt ýmsa menn segja það, að þeir hefðu enga trú á honum til þessara hluta, segja, að hann hafi aldrei fengizt við þessi mál, og telja því hégóma einn þessa málaleitun hans til þingsins. Mér virðist því engin ástæða til þess að samþ. þessa till.

Þá sagði háttv. þm., að ég hefði lagt áherzlu á það í ræðu minni í gær, að menntamálaráðið hefði ekki úrskurðað neina sérstaka fræðigrein óstyrkhæfa. Þetta var alveg rétt hjá mér. Ég hefi síðan átt tal við form. menntamálaráðs og hefir hann staðfest þetta. Hann taldi slíkt fjarstæðu eina, enda þótt það hefði ekki fé til þess að veita öllum styrk, sem stunduðu hinar ýmsu fræðigreinar. Þegar styrkur væri veittur, væri fyrst tekið tillit til þess, hversu mikil þörf væri fyrir menn með þessu námi, og í öðru lagi hversu hæfur hann væri til þess að nema þá fræðigrein, er hann legði stund á. Hann sagði því, að það mætti á engan hátt skiljast svo, að menntamálaráðið hefði úrskurðað eina fræðigrein frekar en aðra óstyrkhæfa, þó að það gæti ekki af því takmarkaða fé, sem það hefði til umráða, veitt styrk til þess að lesa allar mögulegar fræðigreinar.

Þá hafði hann það eftir mér, háttv. þm., að ég hefði talið það álitamál, hvort rétt væri af þinginu að tæla allt of marga námsmenn út á þessa braut. Það er alveg rétt hjá háttv. þm. Ég sagði þetta, og ég er þeirrar skoðunar enn. Ég tel þó að sjálfsögðu ekki nema gott, að námsmenn okkar fari utan og kynni sér þau fræði, sem okkur mega að gagni verða, og við höfum þörf fyrir að fá sem fullkomnasta menn í. En hitt tel ég ekki heppilegt, að

allir starfsmöguleikar séu yfirfylltir hjá okkur. — Þá sagði hv. þm., að með þessum styrkjum, sem farið er fram á í brtt. fjvn. að fella niður, væri ekki verið að teygja neina námsmenn út á menntabrautina, því að það væri búið að teygja þá út á hana. Þetta má vel vera rétt. En ég sé ekki, hversu æskilegt það kann að vera fyrir þá að halda áfram. Hann taldi það smáupphæðir, háttv. þm., sem hér væri um að ræða. Það má vel vera, að svo sé í hans augum. En þó er það svo, að upphæðin hleypur á tugum þúsunda, og sé nú litið á fjárlagafrv. og það litla fé, sem þingið hefir þar úr að miðla til sinna mörgu aðkallandi þarfa, þá er vart hægt að kalla tugi þúsunda smámuni eina.

**Ingvar Pálmason:** Ég þarf að gera lítilsháttar aths. við ræðu háttv. 2. landsk., að því er snertir þann kafla hennar, er fjallaði um brtt. þá, sem hann flytur ásamt öðrum um ábyrgðarheimild fyrir síldarbræðslustöð á Seyðisfirði. Hann sagði, háttv. þm., að ég hefði talað langt mál á móti till. En þetta er ekki rétt. Ég talaði aðeins með brtt. þeirri, sem ég flyt við brtt. hans, og hún er þannig, að allir, sem opin hafa augun, hljóta að sjá, að ég hefi ekki getað talað á móti bræðslustöð á Austurlandi. Ég varð að sjálfsögðu að færa rök fyrir till. minni, og taldi mér þó sjálfsagt að skýra rétt frá staðháttum. Þá minntist hv. þm. á bréf það, er háttv. frsm. las upp áðan, og gaf það í skyn, að það væri pantað, og það pantað af mér. Það mun nú vera rétt, að bréf þetta var pantað, en það var fjvn., sem pantaði það, en ekki ég.

Hv. þm. skaut því fram áðan, að það væri bezt að sverja sem minnst. Ég ætla ekki heldur að fara að sverja neitt. En það verð ég að segja háttv. þm., að það er lítil trú hans á till., ef hann heldur, að þessar glósur hans séu rök, sem mæli með málinu. Annars er það alveg rétt, að skoðun sú, sem kemur fram í bréfi verksmiðjustjórans á Siglufirði, kemur nokkuð heim við það, sem ég hélt fram í gær, sérstaklega er það þó niðurlag bréfsins. Allur sá mótgangur, sem ég hefi sýnt í þessu mál, er sá, að ég hefi borið fram brtt. um að binda ábyrgðarheimild til þess að koma upp síldarbræðslustöð á Austurlandi ekki við neinn ákveðinn stað, því að ég tel, að víða megi reisa þar slíka stöð. Með því er ég alls ekki að útiloka það, að stöðin verði reist á Seyðisfirði. Reynist það við athugun málsins, að hún verði bezt sett þar, verður hún að sjálfsögðu byggð þar. Hitt nær engri átt, sem háttv. þm. sagði, að ef ábyrgðarheimildin yrði ekki staðbundin við Seyðisfjörð, þá yrði ekkert úr byggingu þessarar síldarbræðslustöðvar, því að það væri hvergi hægt að reisa hana annarsstaðar á Austurlandi. Fyrir mér vakir ekkert annað en að hafa þetta óbundið, og hvað upphæðina snertir, þá virðist mér hún heldur há, því að það eru takmörk fyrir því, hvað Alþingi má bæta á ríkissjóðinn af ábyrgðum eins og útgjöldum. En sem sagt vil ég láta rannsókn skera úr þessu öllu, og reynist það rétt og satt, að Seyðisfjörður liggi betur við síldarútgerð á Austfjörðum en aðrir staðir þar, hafa till.menn ekkert að óttast.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Ég stend ekki upp til þess að mæla með brtt. minum, því að þær eru engar. En ég vil ekki láta hjá líða að lýsa afstöðu minni til brtt. þeirrar, sem síðast var talað um, ef ske kynni, að gengið yrði til atkv. um hana nú þegar.

Það hefir komið skýrt fram í umr., að allir háttv. dm. séu á einu máli um það, að eitthvað þurfi að gera til þess að bjarga atvinnumöguleikum Austfirðinga. En leiðirnar eru misjafnar, sem menn vilja fara. Ég er t. d. á öndverðri skoðun við háttv. 3. landsk., sem vill frekar heimila 100 þús. kr. ábyrgð til smábátaútgerðar þar, eins og er í frv., heldur en fara þá leið, sem brtt. fer fram á. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar, að heppilegra muni verða að veita ábyrgð til þess að koma þar upp síldabræðsluverksmiðju, og það, sem mest mælir með því í mínum augum er það, að mennirnir, sem búa þarna, hafa sjálfir þá trú, að þetta muni bezta og hagkvæmasta ráðið þeim til bjargar.

Þá er annað atriði, sem ekki verður gengið fram hjá og það er það, að verði reist síldarbræðslustöð á Seyðisfirði eða annarsstaðar á Austfjörðum, þá er víst,

að skipastóllinn rís upp af sjálfsdáðum manna. Menn munu fljótlega koma til með að hagnýta sér aðstöðu til þess að selja aflann. Mér virðist því ólíkt skynsamlegra að fara þessa leið heldur en hina.

Þá hefir dálítið verið um það deilt, hvort binda eigi ábyrgðarheimildina við Seyðisfjörð eða einhvern annan fjörð eystra, t. d. Norðfjörð, og reka þar síldarbræðslustöð í sambandi við fiskimjölsverksmiðju, sem þar er nú, og að því lýtur bréf forstjóra síldarbræðsluverksmiðju ríkisins á Siglufirði. En það bréf virðist mér ekki eins óhludrægt og það ætti að vera. Það gengur beinlínis fram hjá staðreyndum, sem við, sem ókunnugir erum þessum málum, rekum strax augun í. Þar segir m. a., að ekki muni rétt að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, af því að síldveiði þaðan sé svo lítil, þannig hafi t. d. ekki verið saltað þar nema 1580 mál. Við þetta er það fyrst og fremst að athuga, að síldarsöltunin hefir að undanförnu verið bundin við söltunarleyfi, hve margar tunnur væri heimilt að salta. Ennfremur hefir söltunin líka miðazt við það, hve mikið hefir verið til af tunnum og salti.

Þá er vitanlegt, að mikið af þeirri síld, sem veidd er bæði þar og annarsstaðar, er ekki söltunarhæf og því sett í bræðslu. Það, sem saltað er af síld á hverjum stað, sýnir því alls ekki það rétta síldarmagn, sem þar er veitt.

Þá er minnzt á vegalengdina, og það, sem um hana var sagt, var hrein og bein hártogun. Að skipin muni þurfa að fara með síldina frá Siglufirði til Seyðisfjarðar, dettur engum í hug. Þau fara eðlilega af miðunum þar sem þau eru að veiðinni, og nú vill svo til, að þau mið, sem síldveiðiskip eru mjög mikið á, liggja nálægt miðja vegu milli Siglufjarðar og Seyðisfjarðar. Á ég þar við miðin kringum Langanes. Væri farið til Norðfjarðar, mundi dálítið lengra þangað frá Langanesi en til Siglufjarðar. Virðist því einsætt að halda sér við Seyðisfjörð hvað bræðslustöð þessa snertir. Hann er líka vanskiptari með atvinnumöguleika en Norðfjörður, og mun því réttara að styrkja hann.

Hvað snertir byggingu slíkra fyrirtækja sem síldarbræðslustöðvar, þá er það álit mitt, að ekki megi taka tillit til þess eins, hvað hægt sé að hrófa byggingunni upp fyrir minnsta peninga, heldur beri frekar að líta á það, hvað bezt muni verða í framtíðinni. Ég er t. d. ekki grunlaus um, að ef horfið yrði að því ráði að auka við fiskimjöls-verksmiðjuna á Norðfirði, þá myndu þegar á næsta þingi koma kröfur um meiri og fleiri umbætur á henni, svo það yrði jafnvel eins dýrt að umbæta hana eins og að byggja nýja verksmiðju. Læt ég svo útrætt um þessa brtt. Ég hefi aðeins viljað láta koma í ljós aðstöðu mína í málinu, og hvernig ég muni greiða atkv.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 1. þm. Reykv., og þá sérstaklega því, sem hann sagði um styrki til fátækra námsmanna og afstöðu nm. til þess máls. Það er alls ekki álit nm., a. m. k. ekki allra, að ríkissjóður standi og falli með þessum styrkveitingum til fátækra námsmanna. En ég tel alveg óhæfilegt að nota þá aðferð við veitingu þessara námsstyrkja, sem notuð hefir verið síðan ég kom á þing. Það er alveg undir hælinn lagt, hverjir verði aðnjótandi þessa styrks, sem alþ. veitir. Þingmenn hafa ekki aðstöðu til að meta það í hverju tilfelli. Verður því niðurstaðan sú, að þeir fá styrkinn, sem bezta eiga „agitatorana“ fyrir sig á þingi, sem oft eru þeir mennirnir, sem eiga öflugasta aðstandendur, og því eru í minnstum vandræðum við námið. En hinir fátækari og umkomuminni verða út undan. Þetta handahóf ætti að vera fyrirbyggt, ef nefnd manna, eins og t. d. menntamálaráðið, hefði eingöngu úthlutun á fénu. Henni ætti að vera innan handar að fylgjast með hvernig mönnum gengi við námið og úthluta svo styrknum samkv. því. Það er því álit mitt, að það eigi að afnema með öllu, að þingið sé að veita einstökum námsmönnum styrk, heldur eigi að veita þeim mun ríflegri fúlgu handa menntamálaráðinu til úthlutunar. Það er því alls ekki fjárhæðin, sem ég er á móti, heldur principið.

**Jón Baldvinsson:** Það fór eins og mig grunaði, að skjölin frá forstjóra síldarbræðsluverksmiðjunnar á Siglufirði væri

ekki eins veigamikil og háttv. frsm. lét í veðri vaka í gær. Það er nú komið fram, að í þessari umsögn stjórnar síldarbræðslustöðvarinnar á Siglufirði er ekki nákvæmlega sagt frá, og allt orðalag bréfsins er heldur óákveðið og ber ekki vott um þá þekkingu á þessu máli, sem vænta mætti, að stjórn síldarbræðsluverksmiðju ríkisins hefði. Þetta plagg er, eins og hv. þm. Hafnf. komst að orði, nánast einhliða málflutningsskjal.

Um síldarsöltun á Austurlandi er það fyrst að segja, að sumarsöltun er þar ekki mikil, en þegar kemur fram á haustið og veturinn hefir verið saltað þar eins mikið og markaðurinn hefir þolað og meira en það. Það er sagt, að á síðasta hausti og vetri hafi á Austfjörðum verið saltaðar um 11 þús. tunnur af síld, og var það meira en hægt var að selja. Hinu verður ekki gengið fram hjá, sem sagt er af kunnugum mönnum, að á Austfjörðum skiptast á veiðitímabil og veiðileysistímabil. Þetta hafa sagt hér í hv. d. bæði fyrrv. þm. Seyðf., sem hér átti sæti, og hv. 2. þm. S.-M. Nú hefir undanfarið staðið yfir veiðileysistímabil, eins og kunnugt er, en ýmsir álíta, að það sé hjá liðið og nú sé að byrja nýtt veiðitímabil (IP: Maður vonar það). Þetta er rétt, segir hv. þm. Það er sagt, að síðastl. vetur væru þar allir firðir fullir af síld, og að þeir menn, sem einhverjar nettrássur áttu, hafi fengið þær fullar á einni nóttu. Þannig aflaðist á Austfjörðum meiri síld á síðastl. vetri en hægt var að selja. Mér er sagt, enda hefir það verið birt í opinberum fréttum, að síldin stæði þar svo þétt á fjörðunum, að þar hefði mátt taka þúsundir tunna í lása. Þetta er eitt af því, sem gerir það líklegt, að reka mætti síldarverksmiðju á Seyðisfirði, einkum ef litið er til þess, hverja aðferð Norðmenn hafa um rekstur á slíkum verksmiðjum, en Norðmenn hafa eins og kunnugt er allra þjóða lengsta reynslu í þessum efnum og kunna manna bezt að veiða síld bæði til útflutnings í ís og einnig til verksmiðjuvinnslu. Þegar vetrarveiðin byrjar þar um áramót, taka þeir síldina í lása og láta svo í skip, sem flytja hana í ís til Englands, það sem skipin taka, en afganginn setja þeir svo í verksmiðjurnar. Þessar verksmiðjur standa oftast í fjarðarbotnunum, og þar er síldin tekin úr lásunum og látin ný í verksmiðjurnar. Úr nýrri síld geta verksmiðjurnar svo framleitt verðmætara mjöl og lýsi heldur en hægt er með þeirri aðferð, sem notuð er hér á landi, að láta síldina í þrær úr skipunum, þar sem hún er svo oft geymd nokkurn tíma áður en hún er unnin og myndast sýrur í lýsinu svo miklu munar á söluverði hjá okkur, móts við það, sem er hjá norsku verksmiðjunum.

Á Austfjörðum eru líkur til, að hægt verði að framleiða þessar vörur verðmætari heldur en hægt er á Siglufirði og á Vesturlandi. Þetta hefir ekki komið fram hér í umr., en þannig er þetta í Noregi, og þeir menn, sem selja okkur síldarmjöl, vita, að það er verri vara en norska síldarmjölið og það af þeim ástæðum að síldin, sem unnið er úr, er orðin gömul. Hv. 3. landsk., frsm. frv., lýsti því yfir, að hv. þm. S.-M. hefði gott vit á þessum málum. Ég skal ekki efast um það, en hvað gerir þessi hv. þm., ef ætti að taka mark á bréfi stjórnar síldarbræðslu ríkisins, sem hv. frsm. las upp úr? Ég vil benda á það, að þessi hv. þm. gengur alveg á móti því. Hann vill einmitt stofna síldarbræðslu á Austfjörðum, en stjórnarnefndin vill það ekki, en hann vill bara ekki staðbinda verksmiðjuna. Samt víkur hann að því, að heppilegast muni vera að reisa hana á Norðfirði í sambandi við fiskimjölsverksmiðju þar, en hreint ekki á Seyðisfirði. (**Forseti**: Mér þykir ætla að fara að togna úr þessari aths.) Já, hæstv. forseti, þetta er nokkuð stórt mál, og mér finnst ég verða að svara nokkurnveginn þeim andmælum, sem komið hafa fram gegn þessari till. En ef þessi meining hv. 2. þm. S.-M. er rétt, þá sé ég ekki annað en að aðalaths. í bréfi stjórnar síldarbræðslunnar á Siglufirði sé niður fallin, því í því bréfi er haft á móti bræðslustöð á Seyðisfirði vegna fjarlægðar, og megurðar á síldinni. En skyldi þetta ekki einnig gilda um aðra Austfirði? Seyðisfjörður er þó nyrztur af fjörðunum og þar af leiðandi næstur því góða veiðiplássi, sem síldarverksmiðjustjórnin talar um. Það er satt, að það er löng leið frá Siglufirði til Seyðisfjarðar, og ég get gengið inn á, að það sé alveg sannað af stjórn verksmiðj-

unnar, að það sé styttra frá Siglufirði til Siglufjarðar heldur en Siglufirði til Seyðisfjarðar, en hitt vita allir, að það er ekki sjaldan, sem síldin er veidd alla leið austur hjá Langanesi og þá fara nú að verða áhöld um vegalengdina.

Eins og kunnugt er, eru tvær bræðslustöðvar á Vestfjörðum. Þangað kemur síldin fyrst. Þá er hún mögur, svo að það ætti ekki að vera verulegur gæðamunur á henni og Austfjarðasíld. Þetta er að vísu órannsakað, en þarna eru þó reknar síldarbræðsluverksmiðjur með góðum árangri. Norðmenn hafa margar verksmiðjur, sem taka vetrarsíld, og það hefir verið dálítið athugaður samanburður á norskri vetrarsíld og Austfjarðasíldinni síðastl. vetur og það hefir komið í ljós af skeytum, sem Fiskifélagi Ísl. hafa borizt um sölu Austfjarðasíldarinnar, að hún hefir reynzt sæmilega á erlendum markaði og ekki lakari en síld frá Noregi. En ef hún reynist eins góð, þá er hún líka hæf til verksmiðjuvinnslu. Þarna er um að ræða síld, sem eftir marga ára skeið er nú aftur að heimsækja Austfirði, eftir von hv. 2. þm. S.-M. Það er ekki um að ræða nema tvo staði fyrir síldarbræðsluverksmiðju, Seyðisfjörð eða Norðfjörð, en ég held, að meiri veiði sé á Seyðisfirði og því réttara að binda sig við þann stað. Svo veit ég annað, og það er það, að ef frv. kemur til Nd. þannig, að búið er að setja Norðfjörð í staðinn fyrir Seyðisfjörð, þá kemur hv. 1. þm. S.-M. vafalaust fram með það, að Mjóifjörður sé eini staðurinn, þar sem síldarbræðslustöð eigi að standa. Sá hv. þm. gat einmitt um það í útvarpsfrétt í vetur, að síldin væri einna mest á Mjóafirði. Ég álít, að það sé mjög óheppilegt fyrir málið, að slíkur reipdráttur verði um það, sem byggist á hreppapólitík, er aðeins vinnur því tjón. Þess vegna verður Alþingi að skera úr í þessu efni, en ekki að leiða hjá sér slíkt deiluefni, er unnið gæti málinu stórtjón, og að öllu athuguðu hygg ég, að réttast verði að byggja verksmiðjuna á Seyðisfirði.

Þá er kostnaðarhliðin. Það má vera, að eitthvað ódýrara yrði að reisa bræðslustöðina á Norðfirði heldur en á Seyðisfirði, en ég hygg þó, að þótt hún yrði byggð á Norðfirði, þá mundi þurfa að kaupa vélar til hennar fyrir a. m. k. eitthvað á þriðja hundrað þús. kr., til þess að geta brætt síld á Norðfirði. Það er búið að rannsaka þetta mál á Seyðisfirði og ég efast um, að eins góð aðstaða sé á Norðfirði og er þar, bæði með geymslu á hráefni og öðrum vörum til verksmiðjunnar. Ég efast því stórlega um, þegar öll kurl koma til grafar, að verksmiðjan verði helmingi ódýrari á Norðfirði en á Seyðisfirði, og þó því hafi verið slegið hér fram, þá efast ég um, að því sé mikið treystandi, enda fullyrti hv. 2. þm. S.-M. ekkert um það, heldur gizkaði aðeins á um það, eins og stjórn síldarbræðsluverksmiðjunnar í bréfi sínu.

Hv. þm. sagði, að sér dytti ekki í hug að vilja útiloka Seyðisfjörð, en það er þó það, sem hann er að reyna að gera. Það er ekki minnst á nema þessa tvo staði, Seyðisfjörð og Norðfjörð, og úr því þm. er að reyna að spilla fyrir Seyðisfirði, þá væri miklu hreinlegra af honum að koma bara með till. um að byggja verksmiðjuna á Norðfirði. En hvað sem því líður, þá held ég mér við það, að Seyðisfjörður sé rétti staðurinn.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég á hér eina nýja brtt. Ég ætla að byrja á því að biðja velvirðingar á því, að slæðzt hefir inn í hana ein prentvilla, þar sem sagt er, að brtt. eigi við 16. gr., í staðinn fyrir 12. gr., og vil ég vona, að þetta komi ekki að sök. Þessari brtt. var í fyrstunni ekki ætlað að koma fram fyrr en við 3. umr., en af vissum ástæðum, sem ég hirði ekki að greina hér, varð það úr, að hún kom fram nú.

Áður en ég vík að efni till. vil ég með nokkrum orðum gera grein fyrir því, hverskonar félagsskapur það er, sem hér á hlut að máli. Eins og kunnugt er, er félag þetta, Hvítabandið, alheimsfélag. Það er fyrst stofnað í Ameríku 1874, og í Englandi er það stofnað árið 1876; vagga þess er því í hinum enska heimi. Upphaflega var félag þetta kristilegt bindindisfélag aðallega fyrir börn og konur, síðar varð það sjúkraheimili til hjúkrunar bágstöddum konum og munaðarlausum börnum. Félagsskapur þessi barst til Norðurálfunnar árið 1888 og til Svíþjóðar árið 1898. Starfsaðferðir félagsins voru með líkum hætti og goodtemplararegl-

unnar, að félaginu var skipt í deildir eða stúkur, sem svo störfuðu að nokkru leyti hver fyrir sig.

Til Íslands barst þessi félagsskapur árið 1895 fyrir atbeina enskrar konu, Mrs. Asherman, sem var hér á ferð. Setti hún sig í samband við tvær konur, þær Þorbjörgu Sveinsdóttur og Ólafíu Jóhannsdóttur, sem síðan hrundu þessu félagi myndarlega af stað. Mér þykir rétt að skjalfesta það hér, hverjar merkiskonur stóðu að stofnun þessa ágæta félags, sem upphaflega var bindindisfélag, en síðar tók að vinna að líknarmálum. Félagskonur hafa lengst af haft yfir litlu fé að ráða, en þó má sjá margt merkilegt í gömlum gerðabókum félagsins, hvernig þeim með fórnfýsi sinni og dugnaði tókst smátt og smátt að safna saman nokkrum sjóði, sem þær aðallega öfluðu félaginu með hlutaveltum. Konurnar söfnuðust saman með saumavélarnar sínar, prjónavélar, rokkana og kambana og unnu ýmsa þarfa hluti, sem þær svo síðan seldu á tombólum. Og svo var öllum aurunum, sem inn komu, varið til þess að hjálpa bágstöddum, bæði með mjólkurgjöfum og með því að hjálpa þurfandi sængurkonum og fleirum um fatnað og rúmföt. Þannig birtist vaxtarþróttur þessa félagsskapar í mannúð og kærleika þessara kvenna.

Þá kom nú að því, að konurnar fóru að færa út kvíarnar. Þær hugsuðu sér að fara að aura saman í sjóð til þess að stofna og starfrækja hjúkrunarheimili fyrir konur. Þær hugsuðu sér, að á því heimili skyldu eiga griðastað bágstaddar konur bæði innanbæjar og utan, sem þyrftu að leita sér heilsubótar, og áttu þær að vera á þessu heimili bæði áður og eftir að þær væru í spítölunum til lækninga án þess að þurfa að greiða fyrir veruna allt of mikið fé. Að þessu var unnið um nokkurt árabil; síðan breyttist hugmyndin í það horf, að þetta skyldi verða sjúkraheimili eða spítali. Nú er svo komið, að búið er að reisa þessa byggingu hér í bænum, við Kárastíg. Lóðin undir bygginguna kostaði 7 þús. kr. og 51 þús. kr. hefir félagið varið til byggingarinnar sjálfrar. Eins og gefur að skilja, kostaði svo stór bygging sem þessi miklu meira fé, og því er nú svo ástatt, að félagið hefir ekki bolmagn til þess að standa undir þessu fyrirtæki og koma á stað rekstri þess. Þess vegna hefir það nú sent erindi til Alþingis um fjárstyrk í því skyni. Mér er kunnugt um, að hv. fjvn. Ed. hefir átt kost á því að skoða þetta hús og komizt að raun um, að það er hið eigulegasta. Ef til vill má finna það að húsinu, að það sé of mikið inni í bænum, lóð þessi sé of lítil og það of skammt frá götunni, en það er bót í máli, að bak við húsið er lóð, sem á sínum tíma verður hægt að fá keypta til viðbótar og þá verður hægt að stækka húsið, ef ástæður leyfa.

Ég hefi nú gert grein fyrir þessu félagi og fyrirtæki þess, og vona, að hv. þdm. sjái það og skilji, að félaginu er mikil þörf á peningastyrk, til þess að geta látið sjúkrahúsið taka til starfa. Félagið fer fram á að fá 8 þús. kr. styrk úr ríkissjóði til kvennaheimilisins. Í upphafi var ráðgert að biðja um hærri upphæð, eða 15 þús. kr., en vegna hinna erfiðu tíma var þessi upphæð lækkuð í 8 þús. kr., og í því trausti, að hv. d. líti með skilningi og velvild á þetta starf kvennanna, læt ég útrætt um þetta mál.

Þá vil ég, úr því ég kvaddi mér hljóðs, minnast nokkrum orðum á annað atriði, en það er fjárstyrkir þeir, sem kvenfélagasambönd landsins fá úr ríkissjóði. Eins og menn sjá, þá eru það frekar smærri upphæðir, sem þessi sambönd fá. Nú er það þó svo, að Samband sunnlenzkra kvenna hefir notið rífari styrks en hin samböndin. Nú er það langt frá því, að ég vilji á nokkurn hátt draga úr því, að þetta eina samband fái svo háan styrk, því ég veit ekki betur en hann sé notaður til þess að hrinda áfram þörfum málum, en mér virðist, að hin kvenfélagasamböndin séu hér beitt nokkru misrétti og að styrk til þeirra ætti að hækka, ef Alþingi vill sýna þeim fullt réttlæti.

Þá liggur hér fyrir þinginu fjárbeiðni frá frú Ragnhildi Pétursdóttur í Háteigi, sem hún ætlar til þess að starfrækja húsmæðraskóla á Eyrarbakka. Erindi þessu fylgja eindregin meðmæli frá Búnaðarsambandi Suðurlands. Ef þessari beiðni væri sinnt, hygg ég, að það fé fengist betur borgað heldur en þær 2500 kr., sem á að veita Sambandi sunnlenzkra kvenna til þess að halda námskeið fyrir húsmæður og húsmæðraefni. Mig langar til, með

leyfi hæstv. forseta, að lesa hér þetta erindi frú Ragnhildar Pétursdóttur:

„Á undanförnum árum hefir mikið verið rætt um það, að nauðsyn bæri til að koma upp húsmæðraskóla á Suðurlandsundirlendinu. Mál þetta hefir verið rætt á fundum Búnaðarsambands Suðurlands, á fundum Sambands sunnlenzkra kvenna og víðar. Allir sjá þörfina á því, að komið sé upp myndarlegum húsmæðraskóla í þessu víðlenda héraði, með sínum mikla umbótamöguleikum, og þar sem nú búa yfir 10 þús. manns, þar af um 560 stúlkur á aldrinum 15—19 ára. Fyrir mér hefir þetta staðið sem eitt hið mesta velferðarmál þessa héraðs. Ég hefi kynnzt áhuga ýmsra mætra kvenna og karla á þessu máli þar eystra, og til að koma þessu máli á rekspöl keypti ég síðast húseignina Garð á Eyrarbakka, með þeirri hugsjón, að þar yrði settur á stofn húsmæðraskóli. Nú hefi ég látið gera allmiklar umbætur á húsinu, svo nú er það þannig úr garði gert, að húsakynni geta verið þar góð fyrir húsmæðraskóla. Ég mun einnig sjá skólanum fyrir sæmilegum húsbúnaði og matreiðsluáhöldum.

Hér er því til umráða húsnæði og áhöld, sem ég býð að lána skólanum endurgjaldslaust, ef ríkisvaldið vildi veita mér stuðning nokkurn til starfrækslu skólans.

Til stuðnings þessari málaleitun minni skal ennfremur færa:

1. Skólastaðurinn liggur í kyrrlátu þorpi (sveitarþorpi).

2. Samgöngur við Eyrarbakka eru góðar.

3. Húsakynni eru góð, og allur útbúnaður í samræmi við það, sem almennt tíðkast.

4. Skólahúsinu fylgir jarðnæði, svo skilyrði eru þar til að hafa nokkurt búfé — alifugla — og garðyrkju í sambandi við skólann.

5. Skólinn getur bæði verið heimavistar- og heimangönguskóli.

Sem sagt, ég leyfi mér að fara þess á leit, að hið háa Alþingi veiti mér styrk nokkurn til starfrækslu húsmæðraskóla á Eyrarbakka. Starfrækslukostnað áætla ég þannig:

1. Tvær kennslukonur, laun kr. 2500,00
2. Tímakennsla ..... — 400,00
3. Eldsneyti og ljós ..... — 1000,00
4. Ýms útgjöld, til garðyrkju o. fl. ..... — 500,00

Samtals kr. 4400,00

Það er þessi upphæð, sem ég vona, að hið háa Alþingi sjái sér fært að veita mér, svo stofnun skólans og starfræksla geti komizt til framkvæmda. Þess skal getið, að ætlunin er, að skólinn starfi minnst í 6 mánuði árlega.

Ég þykist þess fullviss, að þörf sé fyrir hinn umrædda húsmæðraskóla og að hann geti með tíð og tíma orðið húsmæðrum á Suðurlandsundirlendinu og víðar til ómetanlegs gagns, og vona því, að hið háa Alþingi sjái sér fært að veita skólanum hinn umrædda styrk.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 23. febr. 1933.

Ragnhildur Pétursdóttir.

En nú liggur þetta mál ekki fyrir sem slíkt, heldur las ég þetta bréf upp til staðfestingar máli mínu. Ég tel, að hag sunnlenzkra kvenna myndi eins vel borgið, ef þær fá þennan skóla starfræktan, og að þær fengju styrkinn. Auk þessa má á það líta, að úti um land eru mörg smákvenfélög, sem ef til vill eru enn verr í sveit sett en það, sem hér um ræðir, og hefðu gjarnan viljað fá fé í sama augnamiði. Þau fá þetta 300—400 kr., en Samband sunnlenzkra kvenna fær 2500 kr. styrk. Ég teldi réttast, að öll fjórðungssambönd kvenna fengju þann sama styrk, eða þá að kvenfélagasamband Íslands fengi allt féð til umráða og það úthlutaði því svo til hinna einstöku kvenfélaga. Það má búast við, að konur úti um land reyni mjög ákveðið að fá hækkaðan styrkinn til sinna félaga, þar sem eitt fjórðungssambandið fær svona ríflegan styrk. Það er ekki nema sjálfsagt, og auðvitað þykir mér ekki að því, að kvennasamtökin fái sem mestan og ríflegastan ríkissjóðsstyrk, heldur þvert á móti.

Þá vil ég minnast á orð þau, er hv. 2. landsk. lét falla út af till. minni um að lækka styrkinn til Halldórs Kiljans Laxness. Þm. kvaðst vera mótfallinn þeirri till., en talaði þó ekki eins hjartnæmt og í fyrra, þegar hann flutti langa og góða ræðu til varnar þessum manni og ritverkum hans. En áðan virtist mér svo,

sem aðalrökin gegn till. minni væru þau, að ekkert hefði verið hróflað við þessum styrk í hv. Nd., og væri því ekki viðeigandi að fara að gera það hér. Þetta get ég ekki álitið mikilsverð rök. Ég veit ekki betur en að Ed. telji sér oft og tíðum skylt að hrófla við afgreiðslu hv. Nd. á ýmsum málum. Annað mál væri það, ef hv. þm. hefði tekizt að sanna, að þessi ritandi maður ætti skilinn ósnertan styrk sinn í fjárl., þegar flestir styrkir og aðrar fjárveitingar lækka meira eða minna.

Hv. 2. landsk. fór lofsamlegum orðum um styrk til fávitahælis, og kann ég honum þakkir fyrir það. Hann hefir sjálfur komið á barnahælið, sem Sesselja Sigmundsdóttir veitir forstöðu, og séð með eigin augum, hvað þar er myndarlega og vel búið bæði að börnum og þessum vesalingum.

Í sambandi við styrk til þeirra ungu námsmanna, sem hv. fjvn. gerir till. um, að niður verði felldur, vil ég taka það fram, að ég get því aðeins greitt þeim till. atkv., að þessum ungu mönnum verði tryggður styrkur af fé því, sem menntamálaráðið fær til úthlutunar á þessu ári.

**Jakob Möller:** Ég nenni ekki að karpa lengi við hv. frsm. n. um ummæli menntamálaráðsins. En ég fell ekki frá því, að menntamálaráðið hafi játað það, sem ég sagði um þetta efni, að það, sem strandaði á, væri ágreiningur um, hvort veita ætti styrk til þessarar námsgreinar.

Það er ekki nema tvennt til. Annaðhvort telur menntamálaráðið manninn ekki verðugan styrks eða námsgreinina þannig lagaða, að því beri ekki að veita styrk til náms í henni. En nú stendur svo á, að þessi maður, sem hér um ræðir, er eini maðurinn á landinu, sem leggur stund á þessi fræði. Og ég held, að um námsgreinar þær, sem menntamálaráðið hefir stutt, sé fæstar svo ástatt. Að vísu er þessi maður ekki útskrifaður með hæstu einkunn, en þó talinn góður námsmaður. Og ég er sannfærður um, að þeir góðu menn í fjvn. vita, að menn verða alls ekki dæmdir eftir vitnisburðum eingöngu. Ég vil láta þess getið, að ég flyt þessa till. eftir tilmælum frá stúdentaráði háskólans, og tel ég það a. m. k. eins þýðingarmikinn meðmælanda og menntamálaráðið. Stúdentaráðið hefir miklu betri skilyrði til að þekkja mennina, en menntamálaráðið veit venjulega ekkert annað um umsækjendur styrkjanna en það, sem stendur í umsóknum þeirra og meðmælabréfum.

Ætli menntamálaráðið að skjóta því fyrir sig, að þessi maður sé ekki verðugur styrksins, þá verð ég að álíta slíkt órökstuddan sleggjudóm. En ég gæti skilið það betur, að menntamálaráðinu fyndist þetta nám vera fyrir utan verksvið sitt. Þetta nám er venjulega ekki talið til vísindanáms, en það er hagkvæm menntun, sem áreiðanlega er mikil þörf á fyrir okkur. Og ég held, að í þessu máli sé ég réttlætisins megin, þrátt fyrir hin mörgu orð formanns menntamálaráðs.

Ég held, að það sé nokkuð mikið sagt hjá hv. frsm. n., að hér sé um tugi þúsunda að ræða í námsstyrkjum. Ég hefi lagt saman upphæðirnar, sem samþ. voru í hv. Nd., og þær, sem hér eru fluttar till. um, og nema þær samtals 15—16000 kr. — Og séu listamannastyrkirnir teknir með, eru það 6 styrkir, sem n. vill láta fella niður. Og þeir eru ekki eins stórvægilegir og frsm. n. vildi vera láta. Að lokum skal ég geta þess, að í 10. till. hefir skolazt til nafn mannsins. Þar stendur Ágúst Einarsson, en á að vera Ásgeir Einarsson. Ég vona, að þetta verði lagað í endurprentun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 628,1 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JBald, JónÞ, JónasJ, BSn, GL.

nei: JónJ, MT, PHerm, PM, EÁrna, HSteins, IP, GÓ.

Brtt. 628,2.a—b þar með fallnar.

— 565,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 565,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 565,3 tekin aftur.

9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 609,II. samþ. með 10 shlj. atkv.

— 609,III. a—b samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 565,4 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónJ, PHerm, BSn, HSteins, GÓ.
nei: JónÞ, JónasJ, MT, PM, EÁrna, GL, IP, JakM, JBald.
Brtt. 645 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: PM, GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ.
nei: JónasJ, MT, PHerm, BSn, EÁrna, IP, JónJ, GÓ.
Brtt. 565,5 samþ. með 8:2 atkv.
— 565,6 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónJ, MT, PHerm, PM, BSn, EÁrna, HSteins, IP, GÓ.
nei: JBald, JónÞ, JónasJ, GL, JakM.
12. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 565,7 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 634 felld með 7:4 atkv.
— 565,8 samþ. með 9:3 atkv.
— 565,9 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 565,10 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 565,11 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 609,IV. tekin aftur.
13. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 565,12 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 565,13 tekin aftur.
— 565,14.a—b samþ. með 10 shlj. atkv.
— 609,V felld með 8:4 atkv.
— 609,VI samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, IP, JakM, JBald, JónÞ, JónasJ, MT, PM.
nei: HSteins, JónJ, PHerm, BSn, EÁrna, GÓ.
Brtt. 609,VII felld með 7:5 atkv.
— 565,15 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HSteins, IP, JónJ, MT, PHerm, BSn, EÁrna, GÓ.
nei: JakM, JBald, JónÞ, JónasJ, PM, GL.
Brtt. 609, VIII felld með 7:5 atkv.
— 609,IX—XII teknar aftur.
— 565,16 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 565,17 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 565,18 samþ. með 8:3 atkv.
— 565,19 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 565,20 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 609,XIII samþ. með 8:4 atkv.
— 565,21 þar með fallin.
— 609, XIV. a—b felld með 8:6 atkv.
— 609,XV, aðaltill., felld með 8:2 atkv.
Brtt. 609,XV, varatill., tekin aftur.
— 565,22 samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónÞ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, HSteins, IP, JónJ, GÓ.
nei: BSn, GL, JakM, JBald.
PM greiddi ekki atkv.
Brtt. 609,XVI felld með 9:3 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 609,XVII samþ. með 9 shlj. atkv.
— 609,XVIII felld með 7:2 atkv.
— 565,23 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 565,24 samþ. með 8:3 atkv.
— 609,XIX, aðaltill., felld með 7:5 atkv.
— 609,XIX, varatill., samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, MT, GÓ.
nei: EÁrna, IP, JónJ, JónÞ, JónasJ, PHerm.
Brtt. 609,XX felld með 7:5 atkv.
— 609,XXI, aðaltill., felld með 7:3 atkv.
— 609,XXI, varatill., felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónasJ, PM, GL, JakM, JBald.
nei: JónJ, JónÞ, MT, PHerm, BSn, EÁrna, HSteins, IP, GÓ.
Brtt. 609,XXII felld með 8:2 atkv.
— 565,25 felld með 7:5 atkv.
— 565,26 samþ. með 8:1 atkv.
— 565,27 samþ. með 8:5 atkv.
— 565,28 felld með 7:4 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 609,XXIII felld með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, JBald.
nei: JónJ, JónÞ, MT, PHerm, PM, BSn, EÁrna, IP, JakM, GÓ.
JónasJ, HSteins greiddu ekki atkv.
Brtt. 609,XXIV samþ. með 10 shlj. atkv.
— 565,29 samþ. með 8:5 atkv.
— 565,30 samþ. með 8:3 atkv.
— 565,31 samþ. með 8:3 atkv.
— 565,32 samþ. með 8:3 atkv.
— 624,I felld með 7:4 atkv.
— 609,XXV felld með 7:5 atkv.
— 565, 33, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 565,34 samþ. með 8:3 atkv.
— 565,35 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 565,36 samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 609,XXVI, aðaltill., felld með 8:1 atkv.
— 609,XXVI, varatill., samþ. með 8:2 atkv.
— 624,II samþ. með 10 shlj. atkv.
— 565,37 kom ekki til atkv.
— 565,38 samþ. með 8:3 atkv.
— 609,XXVII felld með 7:4 atkv.
— 609,XXVIII, aðaltill., felld með 7:4 atkv.
— 609,XXVIII, varatill., samþ. með 9 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 565,39.a—b samþ. án atkvgr.
— 565,40 samþ. með 8:2 atkv.
— 565,41 felld með 7:6 atkv.
— 609,XXIX samþ. með 10:2 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 609, XXX.1 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, PM, GL, HSteins, JakM, JBald.
nei: JónÞ, JónasJ, PHerm, BSn, EÁrna, IP, JónJ, GÓ.
Brtt. 565,42 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 565,43 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 609,XXX.2 felld með 7:5 atkv.
— 609,XXXI samþ. með 9 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 565,44 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 609,XXXII samþ. með 9:1 atkv.
— 565,45 tekin aftur.
— 565,46 samþ. án atkvgr.
— 609,XXXIII tekin aftur.
— 565,47 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónJ, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, GÓ.
nei: JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, IP, JakM, JBald.
Brtt. 565,48 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 565,49 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 609,XXXIV.1—2 teknar aftur.
— 636 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, IP, JónJ, JónasJ, PM, EÁrna.
nei: HSteins, JakM, JBald, JónÞ, MT, PHerm, BSn, GÓ.

Brtt. 624,III samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JónÞ, JónasJ, PHerm, BSn, EÁrna, GL, JakM.
nei: JónJ, MT, PM, IP, GÓ.
HSteins[1]) greiddi ekki atkv.
22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, PM, EÁrna, GÓ.
nei: JakM, JBald, JónÞ, BSn, GL, HSteins.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 659, 733, 746).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 746. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Það var tilgangur fjvn. að gera sitt til þess, að fjárl. yrðu afgreidd frá þessu þingi með sem minnstum tekjuhalla, og samkv. því miðaði hún sínar till. til 2. umr. Ef þær hefðu verið samþ. og engum útgjaldaaukum verið bætt við, hefði hinn raunverulegi tekjuhalli minnkað um 50 þúsund kr., en það snerist svo í deildinni, eins og oft vill verða, að hinn raunverulegi tekjuhalli hækkaði um minnst 10 þús. kr. Það er þess vegna sjáanlegt, ef fjárl. fara þannig frá deildinni, að tekjuhallinn verður ekki aftur jafnaður á annan hátt en með nýjum sköttum eða tollum. N. hefir nú enn farið yfir frv. og þau erindi, sem fyrir liggja, og hefir ekki komizt hjá því, því miður, að taka upp nokkrar hækkunartill. Þær eru að vísu smáar allar nema ein, en við gátum þess við 2. umr. þessa máls, að við mundum koma með hana við þessa umr. Skal ég svo fara örfáum orðum um þessar brtt.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 733 undir rómv. tölul. II, um að veita lækni styrk

1) **HSteins:** Farið hefir verið fram á, að málinu yrði vísað til n. til 3 umr., en því neitað. Finnst mér málið ekki nægilega upplýst og greiði því ekki atkv.

til að nema lyfjafræði, að upphæð 2000 kr., gegn a. m. k. 1000 kr. framlagi annarsstaðar frá, fyrsta greiðsla af 3. Nú er það talið nauðsynlegt að hafa lærðan lyfjafræðing, sem svo jafnframt mundi kenna í háskólanum að einhverju leyti sem sérfræðingur í þessari grein.

Þá er næsta brtt., undir rómv. IV, styrkur til læknisbústaðar og sjúkraskýlis. Er 3000 kr. bætt við og er það lokastyrkur til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði. Það var lagt fram bréf frá stjórnarráðinu dags. fyrir 2 eða 3 árum, þar sem var skýlaust loforð um að leggja fram þennan hluta af kostnaðinum við sjúkrahúsbygginguna, en þetta hefir ekki verið greitt, og þykir okkur ekki fært annað en að fullnægja þessu gefna loforði.

Þá er þriðja till., undir rómv. XII, um að framlagið til bryggjugerða og lendingarbóta verði hækkað um 4000 kr. Það er líkt um þetta að segja og hina till., sem ég minntist á áðan, að þessu hefir verið lofað til bryggjugerðar í Hnífsdal, þegar vissa fengist fyrir því, að þeir gætu lagt fram fé á móti. Í þingbyrjun var lítil von um, að það væri hægt, en nú síðan hefir fengizt vissa fyrir því, að það muni verða hægt að leggja fram þetta fé, og þá þótti ekki annað fært en að efna þetta gefna loforð.

Þá er það brtt. undir rómv. lið XV á sama þskj., sem er fullnæging á því loforði, sem n. gaf við 2. umr. um að hækka styrk til utanfarar, samkv. ákvörðunum menntamálaráðs. Eins og fjárlfrv. kom frá Nd. var þessi styrkur 8 þús. kr., en jafnframt voru veittir nokkrir styrkir til einstakra manna, en þeir voru felldir úr við 2. umr. og engum nýjum bætt við. N. leggur því til, að þessi styrkur verði tvöfaldaður, og þykist hún þar með hafa fullnægt þessu loforði, sem hún gaf við 2. umr.

Þá er loks brtt. undir rómv. lið XIX. Eins og menn vita, þá eru hér nokkrir menn, sem eru mótoristar án þess að hafa lokið vélstjóraprófi. Þeir hafa starfað í nokkuð mörg ár og eiga erfitt uppdráttar, vegna þess hve margir hafa lokið prófi, er ganga þess vegna fyrir samkv. núgildandi lögum. En þar sem þeir hafa starfað svo lengi, þá þykir ekki rétt að útiloka þá frá þessu starfi í framtíðinni, og til þess að það verði ekki, er talið nauðsynlegt, að þeir fái nokkurt nám í þessum fræðum, og er því lagt til, að þeir fái að njóta sérstakrar kennslu í vélstjóraskólanum, og eru til þess ætlaðar 4000 kr.

Þá er lagt til að hækka styrkinn til blindravinafélagsins um 600 kr. Félagið sótti um styrk til þess að halda uppi skóla fyrir blind börn. Er eitthvað lítilsháttar byrjað á þessu, en það er ennþá á svo miklu frumstigi, að n. sá sér ekki fært að veita beinan styrk til þessa, en leggur þó til, að félaginu sé veitt einhver úrlausn, og leggur því til að hækka þennan lið um 600 kr., ef hlutaðeigendur sjá sér fært að inna af hendi þær skyldur, sem taldar eru nauðsynlegar til þess að hafa rétt á þessum styrk.

Þá kemur ein stór till., sem n. flytur við þetta frv. undir rómv. lið XXX., um framlag til atvinnubóta í kauptúnum, að upphæð 300000 kr. Eins og menn vita hefir talsvert batnað með atvinnu á árinu við sjóinn, en þó mun þar nokkuð af fólki, sem tímunum saman hefir mjög litla atvinnu vísa. Þess vegna er nauðsynlegt að ætla því nokkurn styrk í þessu skyni, og n. hefir því lagt til í samráði við forsrh., að það yrði þessi upphæð, og eru sett sömu skilyrði fyrir fjárveitingu þessari og eru í núgildandi fjárl. Fleiri till. viðvíkjandi gjaldalið fjárl. hefir n. ekki borið fram. Þessar till. um aukin útgjöld nema eitthvað um 320 þús. kr.

Þá hefir n., eftir upplýsingum, sem hún hefir fengið, lagt til að hækka tekjuliðina um 130 þús. kr. Er það þá fyrst fasteignaskatturinn, sem er áætlaður 40 þús. kr. hærri en er í fjárl., og liggja til þess góð og gild rök, því að hann er ekki svo háður árferðinu. Sömuleiðis eru tekjurnar af tóbakseinkasölu ríkisins áætlaðar 50 þús. kr. hærri, og er það þó miðað að nokkru við þá raun, sem hún hefir gefið, en talið er líklegt, að hún gefi af sér talsvert meira.

Loks eru hækkaðar tekjurnar af póstinum um 40 þús. kr. Er það gert með það fyrir augum, að póstflutningurinn beri sig frekar en gert er ráð fyrir, eða m. ö. o., að búast má við, að flutningsgjöldin aukist. N. hefir leitað álits póstmálastjóra og

viðkomandi ráðh., og telja þeir, að þetta geti vel staðizt. Auk þessa hefir n. borið fram 2 till. viðvíkjandi heimildum, eða 22. gr. fjárlagafrv.

Það er þá fyrst brtt. undir rómv. lið XL, nýr liður, sem heimilar að verja fé úr kirkjujarðasjóði til kaupa á jörðinni Skálholti í Biskupstungum.

Eins og menn vita er það fornhelgur sögustaður, sem því miður er ekki eins mikill sómi sýndur eins og vera ætti um svo fornhelgan sögustað. Nú er kostur á að kaupa jörðina, en verðið hefir hingað til þótt of hátt, en það eru líkur til, að hún fáist fyrir eitthvað lægra verð síðar, og þá þótti n. rétt í samráði við kirkjumrh., að stjórninni væri gefin heimild til þessara kaupa.

Þá kemur næst brtt. undir rómv. lið XLVI, um að ábyrgjast lán til að setja á stofn sútunarverksmiðju. Því miður hefir ekki ennþá verið hægt að leggja fram nein ábyggileg gögn um það, hvernig slík verksmiðja muni bera sig, eða hvort hægt er að selja það, sem hún kann að vinna. En við gerum ráð fyrir, að rannsókn fari fram á því, og verði eingöngu farið eftir því, hvað sú rannsókn leiðir í ljós, hvort stjórnin notar sér þessa heimild eða ekki. Og í fullu trausti þess, að hún noti sér hana ekki, nema mjög sterkar líkur bendi til þess, að þetta geti orðið heilbrigt og gott fyrirtæki, þá urðum við ásáttir um að leggja til þessa heimild. Við Íslendingar höfum nú eins og sakir standa mikla þörf fyrir að geta unnið sem mest úr okkar afurðum og gert þær sem mest markaðshæfar, þar sem svo mikil vandræði eru um sölu á þeim. N. sá sér ekki fært að leggjast á *móti* því, að svona heimild væri veitt, til þess að sýna viðleitni þingsins til þess að greiða fyrir svona miklu nytjamáli, ef það reyndist tiltækilegt að láta það bera árangur. Um fleiri till. ætla ég ekki að ræða að svo stöddu.

Ég á sjálfur eina meiri háttar till., en ég veit ekki, hvort er búið að leita afbrigða fyrir hana, svo að hún megi koma til umr. Svo er ég að vísu meðflm. að till. undir rómv. lið VII, ásamt hv. þm. Eyf., um styrk til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu. Þeir eru ákaflega afskekktir og eiga við erfiða læknissókn að búa. Þess vegna leikur þeim mjög mikill hugur á að fá lærða **hjúkrunarkonu** og vilja kosta hana að einhverju leyti sjálfir, en telja sig annars mjög **illa stadda** með læknishjálp, ef þetta getur ekki gengið.

Það er af þessum ástæðum, sem við höfum leyft okkur að flytja þessa till. eftir ósk.

**Forseti (GÓ):** Útbýtt er í deildinni brtt. við fjárlagafrv., á þskj. 751, og mun ég leita afbrigða frá þingsköpum til þess að þær geti komið hér til umr. og atkv.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Það eru 2 brtt. á þskj. 733, sem ég er flm. að ásamt hv. þm. Snæf.

Fyrri brtt. er við 12. gr., að þar komi nýr liður, er heimili að veita 3000 kr. til fjörefnarannsókna á þjóðlegum íslenzkum matvælum. Samskonar brtt. var borin fram í Nd., þá af hv. þm. Ísaf., en upphæðin var þá 2000 kr. hærri.

Það þarf ekki að tala mikið um þessa till. Ég býst við, að allir hv. þdm. skilji, hvað hér er farið fram á. Nú á þessum síðustu tímum hefir mjög aukizt þekking manna á nauðsyn fjörefna. En það er svo ástatt hér hjá okkur, að mjög mikið af matvælum okkar, sem við neytum, er t. d. skyr og allskonar súrsuð matvæli. Þar sem við notum svo mikið af svona matvælum, og þar sem við Íslendingar höfum sérstöðu í þessum matartilbúningi frá öðrum þjóðum, þá er ekki nema sjálfsagt, að rannsakað sé, hvað mikið af bætiefnum er í þeim og hversu hollt fæði þetta er.

Ég hefi lækkað þessa fjárveitingu úr 5000 kr. niður í 3000 kr. í samráði við Niels Dungal, forstöðumann rannsóknastofu háskólans, sem er ætlazt til, að geri þessar rannsóknir. Hann telur, að hægt sé að komast af með þessa fjárupphæð. Þar sem svo mikið er í húfi fyrir öllum landsbúum, að fá að vita það rétta í þessu máli, þá vona ég, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. þessa till.

Loks er seinni brtt., undir rómv. lið

XLIV. Það er lækkunartill. og þess vegna þykir mér sennilegt, að hún fái góðar undirtektir hjá hv. þdm. og verði samþykkt.

Það er eins og hv. þdm. vita, að inn í frv. kom í Nd. liður um það, að verja mætti allt að 25000 kr. af verzlunarágóða Viðtækjaverzlunarinnar til þess að greiða fyrir útvarpsnotum þar sem raforka er ekki fyrir hendi. Það hafa verið skiptar skoðanir um það, hversu mikill greiði væri veittur með þessu, og eins og hv. þdm. muna, þá var meirihl. fjvn. meðmæltur því, að þessi liður félli niður við 2. umr., þó svo yrði ekki. En ég er þeirrar persónulegu skoðunar, að þetta komi ekki að tilætluðum notum, ef greinin er þannig orðuð eins og hún stendur í frv. Ég er viss um, að þetta yrði ekki nema kák að miklu leyti, og ég er líka persónulega sannfærður um það, að það yrði til þess að vekja ríg milli sveitarfélaga og einstakra manna, hverjir ættu að verða þeirra hlunninda aðnjótandi, sem hér er farið fram á, að fá styrk til rafvirkjunar á sínu eigin heimili. Öðru vísi get ég ekki skilið, að hægt verði að koma því í framkvæmd. En annað mál er það, að það er vitanlega fjöldi manna hér á landi, sem hefir við misjafna aðstöðu að búa til þess að geta hagnýtt sér útvarp. Þess vegna vil ég mæla með því, að gerð verði tilraun með það, hvernig megi koma þeim að liði, sem verstu aðstöðuna hafa, og leggja það í vald atvmrn., hvernig það álítur það bezt gert. Í framkvæmdinni gæti verið um þrjár leiðir að velja. Í fyrsta lagi sú, sem á hefir verið minnzt. Í öðru lagi mætti lækka afnotagjald hjá þeim útvarpsnotendum, sem nota þurfa dýrust batterí og erfiðast eiga um hleðslu á þeim. Og í þriðja lagi mætti hugsa sér, að þessu yrði varið til að létta mönnum kaup á batteríum og útvarpstækjum. Og fleiri leiðir mætti ef til vill fara. En við, sem erum flm. þessarar brtt., teljum bezt að láta óbundið, á hvern hátt þetta verður framkvæmt. Við teljum heppilegast, að ríkisstjórnin ráði fram úr því á þann hátt, sem heppilegast er að hennar og kunnugra manna áliti. Vonum við, að háttv. d. geti orðið okkur sammála um þetta. Hér er líka um sparnaðartill. að ræða: Mun nóg hlaðast á fjárl., þótt þessi verði samþ.

**Einar Árnason:** Ég vil fyrst vekja athygli háttv. d. á brtt., er samgmn. flytur á þskj. 733. Hún er um að lækka styrkinn til flóaferða um 500 kr. Ástæðanna fyrir þeirri brtt. er getið í nál. á þskj. 739, svo ekki þarf frekar um það að ræða. Ég skal aðeins geta þess, að samgmn. leggur þar til, að Öræfingum verði veittur lítilsháttar styrkur vegna örðugrar aðstöðu, sem þeir eiga um alla flutninga.

Sjálfur flyt ég brtt. á þskj. 733, sem ég vildi drepa á. Ég mun þó ekki verða langorður um þær, enda tilgangslítið að tala fyrir þeim, því sú er orðin venjan, að háttv. þdm. hlusta lítið á fjárl. umr. Ég skal þá fyrst minnast á XIII. brtt. Hún er um það, að ríkissjóður leggi fram fé til byggingar öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, 40 þús. kr. á ári í 5 ár, gegn tvöföldu framlagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar. Það vita allir, sem annars þekkja nokkuð til á Siglufirði, að fjörðurinn er opinn fyrir hafáttinni. Norðan brimsjóar gera þar stórusla á hafnarvirkjum, bryggjum sem öðru. Það má heita árlegur viðburður, að meira eða minna brotni þar af bryggjum, sem nauðsynlegar eru vegna útgerðarinnar. Er langt síðan menn komu auga á nauðsyn þess að byggja þennan brimgarð til að verja höfnina, þótt ekki hafi orðið af framkvæmdum hingað til. Stafar það af því tvennu, að mannvirki þetta kostar mikið fé, en einnig því, að mannvirkin þarna hafa verið eign prívat félaga, eða einstakra manna. Áætlun hefir verið gerð um þetta mannvirki af Finnboga Þorvaldssyni fyrir hönd vitamálaskrifst. Hefi ég þá áætlun, ásamt lýsingu á mannvirkinu, hér í höndum, en vil ekki þreyta háttv. dm. með því að lesa það upp. Áætlað er, að mannvirki þetta kosti 600 þús. kr. Er það að vísu mikið fé, en Siglufjörður býðst til að leggja fram 400 þús. kr. af þeirri upphæð gegn því að ríkissjóður leggi fram 200 þús. kr., eða ⅓ kostnaðar. Er það sanngjörn krafa af hálfu Siglfirðinga, þar sem þingið hefir áður ákveðið framlag ríkissjóðs til slíkra mannvirkja ríflegra en ⅓ kostnaðar. Og enn sanngjarnari er þó þessi krafa, þegar þess er gætt, að ríkissjóður á þarna mikilla hagsmuna að gæta sjálfur, því bryggjur síldarbræðsluverksmiðju ríkisins eru þarna í stórhættu

fyrir brimsjóum. Taka þær fyrst á móti þeim, að undanteknum bryggjum dr. Pauls, en nú er svo komið, að ákveðið hefir verið, að ríkið taki einnig að sér þá bræðslustöð, annaðhvort með kaupum eða leigu. Bætast þá þrjár bryggjur við hinar aðrar þrjár, sem ríkið á þar nú. Eru þessar bryggjur allar í mikilli hættu fyrir stórsjóum, en norðanveður með stórbrimi getur komið hvenær sem er og valdið miklu tjóni, sérstaklega þó, ef það er á þeim tíma, sem síldarbræðslustöðin þarf að nota bryggjurnar vegna starfrækslu sinnar. Getur slíkt tjón beint og óbeint fljótlega numið tugum eða jafnvel hundruðum þús. kr.

En þarna er einnig um aðra hættu en brimrótið að ræða. Þegar hafís rekur þarna inn, er hætt við, að hann brjóti þessar bryggjur niður, að nokkru eða öllu leyti. Nú stendur svo á, að bæjarstjórnin á Siglufirði telur sig hafa von um að geta náð viðunanlegum samningi við danskt mannvirkjafirma um byggingu þessa mannvirkis fyrir ákvæðisverð, ásamt útvegun á láni, sem hafnarsjóður verður óhjákvæmilega að taka til þessa mannvirkis. En til þess að fá það lán er Siglufjarðarkaupstað nauðsynlegt að fá ábyrgð ríkissjóðs. Er önnur till. um það síðar á sama þskj. Binda þær hvor aðra, svo nauðsynlega verður að samþ. þær báðar, ef önnur er samþ. — Viðvíkjandi ábyrgðinni má taka það fram, að ekki er hægt að sjá, að ríkissjóði stafi nein hætta af henni. Hafnarsjóður Siglufjarðar hefir góðar tekjur til að standa undir þessu láni, og tekjur hans eru yfirleitt mjög tryggar. Þá má enn geta þess, að þótt ríkissjóður greiði tillag sitt ekki örar en þetta, eða á 5 árum, þá hefir bæjarstjórn Siglufjarðar von um að geta komizt að þeim samningi, að byggingu garðsins stafi engin vandræði af því. Þetta verk, ef framkvæmt verður, mun bæta mjög úr því atvinnuleysi, sem nú steðjar að verkamönnum á Siglufirði, sem víða annarsstaðar. Það er vafalítið, að ríkissjóður verður laus við atvinnubætur þar á meðan á verki þessu stendur, sem vart verður minna en tvö ár. Sparast þá ríkissjóði fé á þann hátt. Ég vil benda á það, að verði þessi till. felld, getur af því stafað stórfelld fjárhagsleg hætta fyrir ríkissjóð, og það máske fyrr en varir. Ekki er hægt að segja um það, hvenær hafís kemur, eða stórfelldir brimsjóar, er brotið geta bryggjur, svo ríkissjóður þurfi að verja stórfé til endurbótar. Ég vil óska þess, að háttv. dm. skoði hug sinn áður en þeir fella þessa till., sem tryggir eignir ríkissjóðs, sparar honum atvinnubótafé og kemur í veg fyrir stórspjöll á verðmætum eignum.

Þá er það brtt. XLVIII. b., að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 70 þús. kr. rekstrarlán, er greiðist upp árlega, og veitist sú ábyrgð gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Þetta mál er nú ekki nýtt hér á Alþ., því í fyrra var samþ. till. um, að ríkið tæki ábyrgð á 24 þús. kr. láni til að koma þessari tunnuverksmiðju upp. Verksmiðjan er nú komin upp og er það samvinnufélag, sem að henni stendur, enda er hún að öllu leyti mynduð á samvinnugrundvelli. Ég hefi skoðað þessa verksmiðju, og þótt ég sjálfur hafi ekki þekkingu á gæðum þeirra véla, sem keyptar hafa verið til hennar, þá hefi ég þó umsögn þeirra manna, er vel hafa vit á slíku, að verksmiðjan getur framleitt ágætar tunnur og jafnvel betri en þær, sem fást frá útlöndum. Verksmiðjan kostaði 40 þús. kr. uppkomin. Hygg ég, að félagsmenn hafi lagt fram 12 þús. kr. Hitt er fengið með lánum, þ. á m. 24 þús. kr. með ábyrgð ríksjóðs. Nú er því verksmiðjan tilbúin til starfs, en getur ekki starfað vegna vöntunar á rekstrarfé. En það hefir hún ekki getað fengið í bönkum, þótt eftir hafi verið leitað. Er því þingsins leitað um hjálp, svo fyrirtæki, sem kostað hefir 40 þús. kr., þurfi ekki að standa óstarfrækt. Þetta er vafalaust fyrirtæki, sem á fullan rétt á sér, og er hart, að það fari í mola vegna þess að það fær ekki nauðsynlegt rekstrarfé. Er glapræði að styðja ekki þetta fyrirtæki, sem nú er tilbúið til starfs, enda mun ríkissjóður geta orðið fyrir tapi vegna ábyrgðar sinnar fyrir stofnlánið ef fyrirtækið fellur í rústir. Það mun engum geta blandazt hugur um það, að nóg verksvið er fyrir tunnugerð hér á landi og hagur að því að greiða ekki peninga út úr landinu fyrir þá vinnu, sem til hennar þarf. Ég vil því vænta þess að háttv. d. taki vel í þetta mál.

Þá hefi ég flutt brtt. þá XLII. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða Jóni Guðmundssyni, bónda á Brúsastöðum, þær 5000 kr., sem heimilað er á núgildandi fjárl. að greiða honum. Það er aðeins vegna formgalla, að ekki er hægt að borga þetta út. Stjórninni var þar heimilað að greiða honum þessa upphæð af fé, sem inn kæmi vegna alþingishátíðarinnar. Var það byggt á því, að vegna hennar væru útistandandi fjárhæðir, sem búizt var við að kæmu inn. En nú hefir farið svo, að ekkert hefir komið inn á þennan lið, og telur stjórnin sig því ekki geta greitt þetta nema ný heimild komi til. Nú lít ég svo á, að þar sem þingið hefir samþ. þessa upphæð og þar sem það er aðeins vegna formgalla, að ekki er hægt að greiða hana, þá verði þingið að laga þetta svo, að ekki verði gabb eitt úr þessu fjárloforði. Hygg ég, að fleiri háttv. þm. líti eins og ég á þetta mál. Ég hefi því borið fram þessa brtt., sem bætir úr þessu og lætur þingið standa við orð sín. Þessi maður hefir byggt á að fá þessa upphæð greidda og hefir að áliti þingsins orðið hart úti vegna byggingu Valhallar. Þetta vona ég, að háttv. d. athugi og greiði atkv. með þessari brtt.

**Jón Baldvinsson:** Ég flyt nokkrar brtt. nú við 3. umr. fjárl., sem ég skal gera nokkra grein fyrir.

Fyrsta brtt. mín er á þskj. 733 XI., við 13. gr. Þar er um að ræða framlag til vitabyggingar. Í Nd. var flutt till. um að byggja radíovita á Reykjanesi og ætlaðar til þess 40 þús. kr. samkv. till. vitamálastjóra. Eins og kunnugt er, er meðfram Reykjanesskaga einhver hættulegasta siglingaleiðin hér við land, og slys eru þar mjög tíð, bæði vegna þess, hvað sjór er þar ótryggur og skipaumferðin mikil, hin mesta hér við land. Það, sem gerir siglingaleiðina austan með Reykjanesi hættulegasta, er þó klettadrangurinn Eldey, sem liggur þar skammt undan landi. Skipaleiðin liggur um mjótt sund milli lands og eyjar, og þótt oftast takist að komast þar klakklaust þegar ýtrustu varfærni er gætt, þá þarf ekki miklu að muna á áttavita á langri leið, til þess að skip reki sig þar á. Það þykir því sjálfsagður hlutur, að þarna eigi að koma upp radíovita, svo að skipin viti, þegar þau koma þar nálægt. Talað hefir verið um klukkuvita á þessum stað, til þess að skipin heyrðu hringingu, þegar þau koma nálægt. En það hefir verið upplýst, að það væri ekki nægilegt, radíoviti væri það eina, sem afstýrt gæti slysum á þessum slóðum. Þrjú stór gufuskip hafa strandað þar nýlega, auk margra áður. Það er því brýn skylda ríkissjóðs að reyna að afstýra frekari slysum og auka öryggið á sjónum með því að koma þarna upp góðum vita. Vitanlega verður aldrei komið í veg fyrir öll slys, en til þess eru vitarnir settir með ströndum fram, að slysunum fækki.

Þessi upphæð, sem hér er um að ræða, er ekki stór, 40 þús. kr. Hinsvegar er vitað, að ríkissjóður hefir miklar tekjur af vitunum. Þeirra vegna er tekið gjald af öllum skipum, sem hér sigla, og rennur það beint í ríkissjóð. Þegar vitagjaldið var sett, var ætlazt til, að það gengi eingöngu til þess að byggja upp vitakerfi með ströndum landsins. En það hefir það ekki verið látið gera, og er það hið mesta ranglæti að skattleggja þannig skipastól landsmanna og annara, sem hér hafa skip í förum, fram yfir það, sem varið er til vitamálanna. Hefir þannig runnið í ríkissjóð margföld sú upphæð, sem hér er farið fram á.

Ég þykist vita, að allir hv. þm. séu á þeirri skoðun, að þessi viti eigi að komast upp. Hitt munu þeir fremur segja, að nú sé ekki hentugur tími til slíkra framkvæmda, fjárhagsins vegna. En við megum alls ekki við að verða fyrir slíkum áföllum, sem við höfum orðið fyrir á undanförnum árum, meðfram af því að vantað hefir vita á hættulegum stöðum. Það hefir sýnt sig, að þegar við missum togara, eru ekki keypt ný skip í staðinn, heldur minnkar togaraflotinn, jafnframt því sem hann gengur úr sér fyrir aldurs sakir. Það er því sama, hvernig þessu máli er fyrir sér velt, það er brýn nauðsyn á að auka og bæta vitakerfið, og skylda ríkissjóðs að leggja fram fé er ótvíræð. Og mest aðkallandi er talin þörfin á þessum umræddu radíóvita á Reykjanesi. Bygging hans má alls ekki dragast lengur en til næsta árs, og fyrr kemst hún ekki í framkvæmd, þó fjárframlag sé

samþ. nú. Ég vænti því, að hv. d. fallist á þessa till. mína, sem er nauðsynleg öryggisráðstöfun vegna fiskiveiða og siglinga landsmanna.

Þá á ég á sama þskj. undir lið XVIIIa. till. um að veita Guðmundi Guðmundssyni stúdent 1000 kr. styrk til þess að kynna sér starfsemi tryggingarfélaga í Þýzkalandi. Þetta er fátækur bóndasonur ofan úr Borgarfirði, sem fáa á að, og enga, sem geta lagt honum til fé. Hann tók stúdentspróf fyrir fáum árum frá stærðfræðideild menntaskólans og hefir síðan stundað stærðfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Ætlar hann nú að snúa sér að því praktiska starfi að kynna sér tryggingarstarfsemi í Þýzkalandi. Hér heima er mikil þörf á manni, sem aflað hefir sér þekkingar á því sviði, því tryggingarstarfsemi er hér enn öll í bernsku, en ætti hinsvegar að fara að líða að því, að ríkið komi upp tryggingarstofnunum fyrir almenning, því stórfé rennur út úr landinu árlega til erlendra tryggingarfélaga.

Þessi maður er nú orðinn það fullorðinn, að hann þarf að fara að hraða námi sínu. Þyrfti hann nauðsynlega að fá til þess styrk í þessum fjárlögum og sennilega líka í fjárl. fyrir árið 1935, en þá mundi hann geta lokið námi. Nú vill það verða svo hér á þingi, eins og sjálfsagt víða annarsstaðar, að það eru oft ekki þeir allra fátækustu, sem hjálp fá, heldur byggist það á því, hvað umsækjendurnir eiga marga að, og hvort þeir hafa áhrifamikla menn til að koma sér á framfæri, en það eru þá venjulega menn, sem töluvert hafa um sig og betri aðstöðu en aðrir til að styrkja stúdenta sína sjálfir. En þessi piltur er þannig settur, að hann á engan að af ættfólki sínu, sem hjálpað getur honum til náms. Svipað stendur á um Alfred Gíslason cand. med., sem ég legg til undir sama rómverskum lið, b., að verði veittur 1000 kr. styrkur til sérfræðináms í geð- og taugasjúkdómafræði. Hann hefir stundað nám við læknaskólann hér, og fengið styrk frá mjög fátækum foreldrum, en þau eru nú að gefast upp við að leggja honum fé, og þess vegna þarf hann að fá styrk frá því opinbera, ef hann á að geta lokið námi. Vitanlegt er, að mikil þörf er á lækni í þessari sérfræðigrein, því mikil deila hefir verið um það, hvort þeir geðveikralæknar, sem við nú höfum, eru starfi sínu vaxnir. Er þá gott, að fleiri komi til. Hættulegt er að fela geðveikissjúklinga mönnum, sem ekki eru einhverra hluta vegna færir um að fara með þá, og það þó þeir hafi eitthvað til þess lært, ef þeir t. d. hafa þannig geðslag, að kunnátta þeirra kemur ekki að haldi. En eins og kunnugt er hefir slík deila staðið um annan lækninn á Kleppi.

Þá hefi ég borið fram till. á sama þskj. undir lið XX, um að veita landssambandi iðnaðarmanna 3000 kr. Eftir fjárlagafrv. að dæma virðist Alþingi enn ekki hafa veitt því eftirtekt, að iðnaðarmenn eru 3. stærsta stéttin í þjóðfélaginu. Bændur, verkamenn og iðnaðarmenn eru stærstu stéttirnar í landinu. Í 1. lið 16. gr. eru búnaðarfélaginu ætlaðar 200 þús. kr., og fiskifélaginu munu ætlaðar einar 60—70 þús. kr. Þó að hinum almenna verkalýð sé að vísu skammtað smátt, þá er hann engu bættari, þó iðnaðarmenn séu settir hjá líka. Virðist ekki ósanngjarnt, að þeir, sem fyrir iðnaðarmálin vinna, fái ofurlítinn styrk, þegar bændur fá stórfé til síns atvinnurekstrar. Ég hefi hér aðeins farið fram á 3000 kr. til landssambandsins. Ég sé, að fram er komin önnur till. um 1200 kr. styrk til þess, en það er nokkuð lítil upphæð. — Aðra brtt. flyt ég í sömu átt, til þess að koma inn aftur styrk, sem lengi hefir staðið í fjárl., til verklegs náms iðnaðarmanna erlendis. Hefi ég stungið upp á að hafa þann lið 4000 kr. Ekkert er okkar unga iðnaði nauðsynlegra en að þeir, sem að honum vinna, séu vel færir í sinni grein, svo að varan, sem þeir láta frá sér fara, geti keppt við erlendan varning að útliti og gæðum. Það þýðir ekkert að tala um að koma upp innlendum iðnaði, það verður ekki annað en orðin tóm, ef ekki er jafnframt stuðlað að því, að iðnaðarmannastéttin geti orðið fær um að inna sín verk vel af hendi og framleiða fullkomnar vörur, annað þýðir ekki að hafa á boðstólum. Vitanlega á sú leikni og kunnátta að koma með æfingunni, að hægt sé að keppa við erlendan iðnað, en til þess þurfa iðnaðarmennirnir í upphafi að læra verk sitt svo vel, að þeir viti alveg upp á hár, hvernig þeir eiga að fara að og hvernig þeir eiga að beita vélum sínum til þess að leysa gott verk af hendi.

Áður hafa verið veittar 3000 kr. til að styrkja iðnaðarmenn til utanfara. Hefir þeirri upphæð venjulega verið skipt milli 10 umsækjenda og hver þá fengið 300 kr. Hafa menn fyrir það getað komizt utan, en sjálfir orðið að koma sér fyrir hjá kunnáttumönnum og vinna fyrir uppihaldi sínu meðan þeir eru að afla sér þekkingar í sinni grein.

Nú er það kunnugt, að langflestir beztu iðnaðarmenn okkar hafa stundað framhaldsnám erlendis og aflað sér þar þekkingar, sem ekki er hægt að fá hér heima hjá okkar fábreytta iðnaði. Það er aðeins í mjög fáum iðngreinum, sem menn geta fengið fullkomna þekkingu hér heima. Ég skil því ekki, hvernig hv. fjvn. gat haft brjóstheilindi til að flytja till. um að fella þennan styrk niður. Það skýtur nokkuð skökku við allt tal fjvn.manna og annara um það, að við eigum að búa sem mest að okkar og efla innlenda framleiðslu. Það er ekki lengra síðan en nokkrir dagar, að ýmsir hér í hv. d. vildu banna innflutning á einni hollustu og nauðsynlegustu fæðuteg., sem notuð er hér á landi, aðeins vegna þess, að möguleiki væri til þess, að Íslendingar framleiddu af henni nægilegt handa sér, þó þeir geri það ekki enn. Svo maður minnist nú ekki á allt, sem sagt hefir verið í sambandi við íslenzku vikuna. Starfsemi hennar vilja hv. þdm. styrkja með fjárframlagi, og við því er út af fyrir sig ekkert að segja, en í verkinu er iðnaðarmannastéttinni sýnd hin mesta óvirðing með því að fella niður þann litla styrk, sem henni var ætlaður til framhaldsnáms erlendis. Ég býst við, að þegar iðnsambandinu vex fiskur um hrygg, muni það knýja fram hærri fjárveitingu í þessu skyni. Það verður að athuga, að hjá okkur er miklu erfiðara og dýrara að kynna sér nýjungar, sem fram koma erlendis, heldur en er hjá nágrannaþjóðum okkar. Það hefir t. d. verið mjög auðvelt fyrir iðnaðarmenn í Danmörku, Noregi og Svíþjóð að fara til Þýzkalands og kynna sér framfarirnar í því mikla iðnaðarlandi; þessi lönd liggja nærri því saman og er því mjög ódýrt að komast á milli. Slíku er ekki til að dreifa hjá okkur. Við liggjum svo langt frá öðrum löndum, að það kosta ekki svo lítið ferðirnar á milli, þó ekkert sé ætlað til uppihalds eða dvalar.

Það er því sama, hvernig þessu máli er fyrir sér velt, það verður alltaf uppi á teningnum, að ríkinu ber skylda til að styrkja iðnaðarmenn til framhaldsnáms erlendis, til þess að reyna að byggja upp svo fullkominn iðnað hér eins og við frekast getum. Það tekst aldrei með öðru móti en því, að mennta iðnaðarmenn okkar sem allra bezt.

Þá hefi ég flutt till. undir lið XXII, a og b, um tvennskonar styrk handa kennarastéttinni í landinu. Það stendur nokkuð svipað á um kennarana og iðnaðarmenn, að þeir hafa þörf fyrir meiri menntun en þeir geta fengið á þeim eina skóla, sem þeim er ætlaður hér heima. Þess vegna hefi ég flutt þessa till. um 1500 kr. til framhaldsnámskeiðs fyrir barnakennara. Þessi fjárveiting hefir áður verið í fjárl., og er því dm. kunnugt um þau rök, sem hér liggja til grundvallar.

Sama máli er að gegna um utanfararstyrk barnakennara, 2000 kr. undir sama lið. Þessi fjárveiting hefir áður verið í fjárlögum, en hefir nú fallið burt. Þykir mér það neyðarleg sparnaðarráðstöfun. Það er kunnugt, að við getum vandað til kennslu og uppeldis barnanna, svo að hún verði ekki tóm mistök eða kák, en til þess þurfum við að eignast góða barnakennara og þeir fást ekki nema þeiri eigi kost á löngu námi og svo því að fá að kynnast skólafyrirkomulagi og nýjum kennsluaðferðum menningarþjóða þeirra, sem okkur eru næstar og skildastar. Þá á ég á sama þskj. XXIX till. um 750 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum. Ég talaði fyrir þessari till. við 2. umr. og ætla því ekki að fara mjög mörgum orðum um hana nú, enda getur komið tilefni síðar til þess að ræða hana. Þó þykir mér vissara að geta hennar ofurlítið. Það getur farið svo, að atkvgr. um fjárl. fari fram á undan útvarpsumr., og því verð ég að nota þetta tækifæri. Við 2. umr. var þessi till. um 1 millj. kr. framlag frá ríkissjóði, gegn jafnmiklu frá bæjarfélögum og kauptúnum. Ég færði rök fyrir því, að þessi upphæð úr ríkissjóði væri ekki of há til þess að afstýra mestu neyðinni,

sem vofir yfir verkamönnum í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Þessar 750 þús. kr. er miklu lægri upphæð. Gegn jafnmiklu frá bæjarfélögunum verður það ekki nema hálfönnur millj. kr. alls. Það er vissulega of lítið, en gæti þó verið nokkur úrbót, sem þó nokkuð mætti gera með, en ég held sannast að segja, með þeim mikla samdrætti, sem átt hefir sér stað í atvinnuvegunum og framkvæmdum ríkis og bæjarfélaga, þá sé þetta ekki nándar nærri nægileg upphæð til þess að bæta úr sárustu þörf atvinnuleysingja. Auk þess sem hér er um allt of litla upphæð að ræða, þá hefir hið opinbera með forgöngu sýslu- og bæjarfélaga gripið til þess óyndisúrræðis að lækka vegavinnukaupið úti um landið, svo að verkamenn, sem eftir þeirri vinnu sækja upp í sveitirnar, og fátækustu bændur bera nauðalítið úr býtum og miklu minna en áður var. Þó að þessir menn verji þarna löngum tíma, þá sleppa þeir svo að segja snauðir frá vinnunni. Mér er sagt, að síðastl. sumar hafi vegavinnukaupið í sveitum landsins farið allt niður í 50 aur. á klst. Og ástæðan, sem fram er borin fyrir þessari lækkun, er sú, að sýslufélögin borgi ekki hærra en þetta. Mér finnst, að þetta sé engin ástæða, ríkissjóði kemur það ekki við, hvað sýslufélögin borga, hann ætti að geta fylgt þeim kauptaxta, sem umsaminn er á hverjum stað milli verklýðsfélaganna og atvinnurekenda. Ríkissjóður ætti ekki fremur að vera yfir það hafinn að fylgja þessum taxta en bæjarstjórnin í Rvík og Hafnarfirði. Þess vegna treysti ég í raun og veru ekki hæstv. stj. eða hv. þd. mikið, en ég trúi því vart, að hv. d. vilji fella þessa till. og að stj. fái svo á eftir kröfur um atvinnubætur, sem ekki verður hægt að neita, og verði því, án þess að hafa nokkra heimild frá Alþingi, að láta kreista út fé til atvinnubóta undan sínum blóðugu nöglum, hvort sem henni þykir betur eða ver.

Hv. fjvn. þykist víst ryðja sig, þar sem hún leggur til, að veittar verði úr ríkissjóði 300 þús. kr. Ætlazt hún til, að bæjarfélögin leggi þar tvöfalt á móti. Í till. minni er gert ráð fyrir jafnháu tillagi frá bæjar- og sveitarfélögum. Þegar farið er út á þá braut að krefja þessa aðilja um tvöfalt hærra framlag heldur en hið opinbera á að greiða, þá er verið að minnka hlutdeild ríkissjóðs í atvinnubótunum, en velta byrðinni meira yfir á sveitar- og bæjarfélögin. Þó er það vitanlegt, að þessir aðiljar hafa við mikla fjárhagslega erfiðleika að stríða, og að ríkissjóður hefir líka seilzt inn á skattstofna þeirra með því að hækka tekjuskattinn og skatt á nauðsynjavörum. Þetta dregur vitanlega úr mætti kaupstaðabúa til þess að leggja fram fé til atvinnubóta. Þegar það er athugað, að ríkissjóður og Alþingi hefir valdið til þess að skammta sjálfu sér þannig af gjaldþoli borgaranna, þá finnst mér, að ríkissjóður sé skyldugur til að leggja fram ríflegt tillag til atvinnubóta, og létta þannig beint og óbeint undir með bæjar- og sveitarfélögum. Það er að vísu ætlazt til þess í till. fjvn., að bæjarfélögin eigi kost á láni, sem nemi helmingi af þeirra tillagi, en þetta framlag bæjar- og sveitarfélaga, þó að lán fáist, verður vitanlega til þess að auka skuldbindingar þeirra. Auk þessa verður það ekki séð á orðalagi till., að bæjar- og sveitarfélög eigi að fá ríkisábyrgð fyrir þessum lánum, þó um annað geti varla verið að ræða, því að annars væri þetta lánsákvæði meiningarlaust. Eins og allir vita eru fjárl. undir framkvæmd stj. og stj. getur varla tekið við heimildinni nema útvega bæjar- og sveitarfélögum lán. Ég skoða þetta því nokkuð sama og ríkisábyrgð, úr því ríkisstj. á að útvega bæjunum lán, — enda sé þeim gefinn kostur á láni — stendur í till. — Ég skal ekki um það segja, hvort till. fjvn. hefir fylgi hér í hv. d. Líklega hefir hún þó fylgi n. og stj. Ég get því búizt við, að þessir og fleiri hv. þm. muni verða á móti minni till. En smátt þykir mér nú skammtað, ef aðeins á að láta sitja við till. fjvn. um 300 þús. kr. til atvinnubóta, þegar jafnframt er dregið úr ýmsum framkvæmdaliðum fjárl., svo sem raun er á.

Þá á ég brtt. á sama þskj., XLI, um 10 þús. kr. framlag úr ríkissjóði sem rekstrarfé til útgáfu skólabóka. Þessi brtt. er við þá gr. fjárlaganna, þar sem ríkisstj. er gefin heimild til að leggja fé til ýmissa hluta, sem Alþingi telur gagnlega, en gerir ekki beina skipun um. Á undanförnum þingum hefir nokkuð verið rætt um útgáfu skólabóka. Það er nú svo

ástatt í þeim efnum hér á landi, að ekki er farið eftir neinum reglum eða kerfi. Hver, sem þykist fær til þess að skrifa kennslubók, hann getur það, ef hann hefir ráð á að gefa hana út. Þá er bókin orðin kennslubók við opinbera skóla, þó engin trygging sé fyrir gildi hennar. Oftast munu það vera einhverjir kennarar, sem standa að útgáfunni, og reyna þeir þá með hjálp sinna starfsbræðra að ýta undir með sölu og notkun bókarinnar. Við Alþýðuflokksmenn höfum áður borið fram till. um, að ríkið tæki að sér útgáfu kennslubóka og seldi þær við vægu verði, því bækurnar eru mjög stór liður í námskostnaðinum. Þessi till. hefir ekki náð fram að ganga, en af kennurum hefir verið stungið upp á annari tilhögun í þessu efni, sem sé þeirri, að ríkissjóður legði fram rekstrarfé, allt að 10 þús. kr., til útgáfu kennslubóka, og að fræðslumálastjóri hefði umsjón með þeirri útgáfu. Fræðslumálastjóri er yfirmaður kennaranna og því sjálfsagður til þess í samráði við þá, að ákveða hverjar bækur séu útgefnar. Ætti sú skipun ögn að geta dregið úr þeim hringlandahætti, sem verið hefir á útgáfu kennslubóka. En til þess að geta komið á bættu skipulagi í þessu efni, þarf nokkurt fjármagn, og hyggja kennararnir, að til þess mundi nægja 10 þús. kr. Þetta fé mundi standa í þeim bókum, sem út yrðu gefnar, en sennilega líða ekki mörg ár, áður en fé þetta kæmi aftur inn í ríkissjóðinn. Hæstv. forsrh., sem áður var fræðslumálastjóri, hefir tekið þessari till. mjög vinsamlega, og núverandi fræðslumálastjóri telur þetta fyrirkomulag mjög til bóta, og muni það verða til þess að leiðrétta þann rugling, sem átt hefir sér stað í þessum efnum og ennfremur létta að stórum mun aðstöðu fátækra foreldra, ekki síst þeirra, sem eiga stóran barnahóp. Ég trúi því vart öðru en að hv. dm. fylgi þessari brtt.

Ég ætla þá, að ég hafi minnzt á allar þær brtt., sem ég hefi sjálfur flutt. Þó eru eftir tvær eða þrjár brtt., sem ég flyt með öðrum, sem ég ætla ekki að gera að umtalsefni, þar sem aðalflm. þeirra munu gera það. Þó vil ég minnast enn á eina brtt., sem að vísu hefir ekki enn verið útbýtt í hv. d. Það er brtt. við brtt. 751 um upptalning á ýmsum stúdentum, sem ætlazt er til, að Alþingi bindi menntamálaráðið til að úthluta styrkjum. Þar vantar nafn eins stúdents, Ingólfs Þorsteinssonar, sem stundar vélfræðinám í Þýzkalandi. Þessi brtt. mín er um það, að nafn þessa manns verði sett á listann, en till. getur ekki orðið útbýtt fyrr en seinna á fundinum.

Ég get varla skilizt svo við þetta mál, að ég ekki minnist á þá algerðu óhæfu, sem þingið hefir sýnt sig í með því að samþ. aftan við fjárl. heimild fyrir ríkisstj. til þess að draga úr öllum fjárveitingum fjárl. allt að 25%. Ég skil ekki, hvað hv. alþm. hugsa, er þeir veita í fjárl. svo og svo háar fjárupphæðir, en éta það svo allt saman ofan í sig aftur og heimila stj. að draga úr fjárveitingunum eins og henni sýnist, allt að 25%. Slík samþykkt fer algerlega í bága við allt lýðræði eins og það var túlkað í umr. í dag, að þegnarnir ættu að hafa valdið til að ákveða skatta og notkun þeirra tekna, er þeir gefa hinu opinbera. Hér er verið að gefa stj. alræðisvald yfir nokkrum millj. króna. Ef hér er um alvöru að ræða hjá hv. þm., þá hefði verið réttara fyrir þá að koma hreint til dyra og skera heldur niður þær fjárveitingar, sem þetta er meint til, heldur en að fá stjórninni þessa heimild, sem gefur henni ákvörðunarvald yfir svona tveimur til þremur millj. kr. Það mun vera sagt, að þessi heimild snerti aðeins þær fjárveitingar, sem ekki eru bundnar með lögum, en það er sama, þetta er ekkert annað en það, að þingið er að gera sig ábyrgðarlaust, en ætlar að skella allri ábyrgðinni yfir á stj. Slíkt andvaraleysi og kæruleysi er alveg dæmalaust. Það er ekkert hugsað út í þá dæmalausu spillingu, sem af slíku getur leitt. Þeir, sem stj. skipa, eru menn eins og aðrir, þeir eiga kjördæmi, þeir eiga vini og stuðningsmenn og þeir eiga andstæðinga. Nú er í fjárl. veitt fjárveitingarheimild til hins og þessa í ýmsum kjördæmum og á ýmsum stöðum. Er nú ekki hugsanlegt, að stj. kunni að hlaupa yfir þessar heimildir, þar sem eiga í hlut kjördæmi eða menn, sem eru hennar fylgismenn og velunnarar, en hafi heimildina aftur á takteinum þegar í hlut eiga kjördæmi eða menn, sem henni er ekki um? Er það ekki freist-

ing fyrir stj. að líta ekki alltaf á það, sem eðlilegast er og réttlátast, heldur borga sumum fullar fjárhæðir, en öðrum ekki? Ég er sannast að segja alveg forviða yfir þeirri endemis vitleysu, sem samþykkt hefir verið í Nd. með 25. gr. fjárl. Ég býst við að gera eina tilraun enn til lagfæringar á þessari frámunalegu vitleysu með því að flytja brtt. um að fella þetta ákvæði niður, þó að nú þurfi meira atkvæðamagn við 3. umr. til þess að fella það úr heldur en þurft hefði við 2. umr., en ég get ekki annað skilið en að augu hv. þm. hljóti að hafa opnazt fyrir því, hvílíkt óhæfa það er, að láta þessa heimild standa í frumvarpinu.

**Jón Þorláksson:** Ég á eina litla brtt. á þskj. 733 IX ásamt hv. 2. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. um 1000 kr. fjárveitingu til Ferðafélags Ísl. upp í greiðslu kostnaðar við byggingu sæluhúss hjá Hvítárvatni. Við hv. 2. landsk. höfum einu sinni áður flutt till. um lítilsháttar styrk til Ferðafélagsins. Félagið var þá á byrjunarskeiði, og voru þá látin þau ummæli fylgja, að það mundi eftirleiðis geta starfað án styrks frá því opinbera. En þessi styrkbeiðni nú stafar af því, að félagið hefir að vísu af vanefnum ráðist í það að byggja sæluhús hjá Hvítárvatni og varið til þess 8 þús. kr. fyrir utan einhvern styrk, er það hefir fengið til byggingarinnar af opinberu fé. Nú hefir það sýnt sig, þó að bygging þessi sé mjög nauðsynleg, að þá er félaginu um megn að borga niður þær skuldir, er það hefir stofnað til vegna húsbyggingarinnar, og þar sem hér er um að ræða fyrirtæki til almenningsþarfa og það mjög nauðsynlegt, þá finnst okkur rétt eftir tilmælum félagsins að fara fram á, að ríkissjóður veiti þessa litlu upphæð svo sem til viðbótar við þann styrk, sem veittur hefir verið til sæluhússins af fjallvegafé. Vonast ég til þess, að hv. d. meti þessa till. eftir málavöxtum. Ég skal geta þess, að sæluhúsið er í alla staði gott og myndarlegt, og er þegar komið í ljós, að þess var mikil þörf. Þangað hafa fallið straumar ferðafólks, einkum innlent fólk, sem hefir leitað sér hvíldar og hressingar til fjallanáttúrunnar yfir sumartímann.

**Ingvar Pálmason:** Ég á fjórar litlar brtt. við þessa umr. Tvær af þeim voru fluttar við 2. umr., en þá tók ég þær aftur til 3. umr. eftir tilmælum hv. fjvn. Hinar tvær brtt. eru nýjar og ekki fluttar áður.

Fyrsta brtt. mín er undir XXXIV. lið og er þess efnis að styrkja Finn Guðmundsson til þess að ljúka námi í Þýzkalandi. Ég flutti samskonar brtt. við 2. umr., en þá undir þeirri gr., þar sem eru almennir námsstyrkir. En nú flyt ég þessa brtt. yfir á 16. gr., og gerði ég það með fyllilega ráðnum hug, og set hana í framhaldi af því fé, sem veitt er til fiskiræktar í landinu. Eins og ég gat um við 2. umr., þá stundar þessi maður vatnalíffræði eða sviffræði. Nú er öllum ljóst, að nauðsynlegt er að hafa sérfróðan mann á sviði fiskiræktarinnar. Má þar benda á hina margháttuðu reynslu, sem við höfum fengið af starfi þeirra fiskifræðinganna Bjarna Sæmundssonar og Árna Friðrikssonar, og tíminn mun leiða það betur og betur í ljós, hve mikils virði það er fyrir okkur að hafa fróða menn í þessari grein. En nú hefir á síðustu árum vaknað allmikill áhugi fyrir því að auka fiskiræktina í ám og vötnum landsins og hefir verið veittur styrkur í því augnamiði frá hinu opinbera. Ég vil benda á það, að í meðmælum, sem fyrir liggja með styrkbeiðni þessa manns, er sérstaklega af prófessor Bjarna Sæmundssyni bent á það, hve mikil nauðsyn sé á því að fá til landsins vel fróðan mann í þessum efnum. Ég geri því ráð fyrir, að það sé í fyllsta máta viðeigandi að setja þessa fjárveitingu inn á 16. gr. í framhaldi af því fé, sem veitt er til fiskiræktar í landinu. Ég hefi að vísu haft þessa fjárhæð nokkuð hærri en venjulegt er um námsstyrki, og það byggi ég á því, að nú er að byrja síðasta námsár þessa manns, náminu verður lokið sumarið 1934, og með tilliti til þess, að þessi maður hefir ekki notið styrks fyrr af almannafé, þykir mér rétt að miða upphæðina sem næst við 2ja ára styrk. Ég geri ráð fyrir, að bæði vegna verðleika þessa manns sjálfs og þeirrar vísindagreinar, sem hann stundar, og kannske ekki síður vegna hins látna föður hans, þyki d. rétt að bregða út af venjunni og veita 2ja ára styrk í einu lagi. Ég geri mér fyllilega vonir um, að d. sam-

þykki þessa tillögu og læt ég þessi ófullkomnu ummæli nægja fyrir henni í því trausti, að hún mæli betur fyrir sér sjálf.

Þá á ég næst brtt. á sama þskj. undir XXXV. lið. Það er nýr liður, til Péturs Sigurðssonar, til útbreiðslu bindindis og annara menningarmála gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá. Þegar fjárl. komu frá Nd., þá var styrkur sá, sem þar var ákveðinn til Stórstúku Íslands bundinn þeirri aths., að af þeirri upphæð beri að greiða Pétri Sigurðssyni 3500 kr. Við 2. umr. fjárl. í þessari d. var þessari aths. kippt burtu, og mun ástæðan til þess hafa verið sú, að framkvæmdamenn stórstúkunnar óskuðu eftir, að þessi aths. félli niður, ekki af því að þeir teldu þennan mann ekki hæfan til þess að vera útbreiðslumaður fyrir regluna, heldur af því, að þeir litu svo á, að það væri varasöm leið að fara inn á, að binda styrki til stúkunnar við nöfn vissra manna. Þó að þeir í sjálfu sér hefðu ekkert á móti þessum manni í þetta skipti, þá gæti farið svo, ef þingið í framtíðinni gengi inn á þessa braut að binda styrkveitingar til stórstúkunnar við nöfn vissra manna, þá mundi ekki æfinlega takast eins vel til og um þennan mann. Þar sem ég viðurkenni fyllilega, að þessi maður, Pétur Sigurðsson, sé þeirra manna líklegastur, sem ég þekki, til þess að útbreiða bindindisstarfsemi svo góðan árangur beri, þá hefi ég leyft mér að flytja þessa till. hér, að upp í fjárl. verði tekin 1000 kr. fjárveiting til bindindisútbreiðslu gegn því skilyrði, að hann fái tvöfalda þessa upphæð annarsstaðar frá, og þá dreg ég ekki neina dul á það, að ég ætlast til, að stórstúkan leggi það fram eða noti starfskrafta þessa manns sem svarar 2000 kr. Ég hefi minnzt á þetta við núverandi stórtemplar, og mér er óhætt að hafa það eftir honum, að svo framarlega sem hann hefir ástæður til að ráða nokkru um útbreiðslustarfsemi stúkunnar, þá leggi hann til, að hún noti starfskrafta þessa manns sem svarar fyrir þá upphæð, sem hér er farið fram á. Ég geri því ráð fyrir, að d. samþ. þessa brtt. vegna þess að mér hefir skilizt á hv. dm., að þeir telji þennan mann alls góðs maklegan fyrir sitt bindindisstarf og líti svo á, að ekki séu líkur til þess, að annar heppilegri maður yrði ráðinn til þess starfs.

Þá flyt ég ennfremur brtt. undir XLIII. lið, og er hún samhlj. till., sem ég flutti við 2. umr., en þá tók aftur eftir tilmælum fjvn. Ég gerði ráð fyrir, að n. mundi máske hafa í hyggju að taka upp þessa brtt. að einhverju leyti, en það hefir nú ekki orðið. En ég þykist þó mega ráða af þessum tilmælum n., að hún sé brtt. hlynnt. Brtt. er þess efnis að veita Jóni Þorleifssyni málara allt að 10 þús. kr. lán til að standast kostnað af byggingu vinnustofu. Það er gert ráð fyrir, að lánið endurgreiðist ríkissjóði í málverkum lántakanda á 4 árum. Í fjárl. eru nú þegar fordæmi fyrir slíkri hjálp til listamanna, og ég tel, að þessi maður sé þess fyllilega maklegur að verða svipaðra hlunninda aðnjótandi. Að öðru leyti get ég vísað til þeirra ummæla, sem ég viðhafði um þessa till. við 2. umr.

Þá á ég eina brtt. á þskj. 746, við brtt. fjvn. á þskj. 733 við XII. lið, um fjárveitingu til bryggjugerða. Þessi brtt. mín fer fram á að hækka liðinn um 1000 kr., og er það gert með tilliti til þess, að fjvn. hefir borizt umsókn um styrk til að endurbyggja bryggju í Breiðdalsvík í Suður-Múlasýslu. Að vísu er farið fram á hærra tillag en þetta, en ég gerði það með ráðnum hug að hafa upphæðina ekki hærri, vegna þess að ég vona, að ef þessi styrkur fengist, þá mætti úr bæta, svo við mætti una. Á þessum stað hefir verið bryggja til ársins 1931, en í miklu hafveðri fór nokkur hluti bryggjunnar, og síðan hefir þar verið bryggjulaust, því sá hluti, sem eftir stendur, er ekki nothæfur. Bryggjan var byggð þannig, að það var byggður öflugur bryggjuhaus nokkuð frá landi og síðan var byggður ódýrari og ekki eins sterkur landgangur frá hausnum og í land. En í þessu veðri haustið 1931 bilaði þessi landgangur, sem ég nefni svo. Að vísu var það bryggja, en byggð á nokkuð annan hátt en hausinn. Það gefur öllum að skilja, að það hefir mikla þýðingu, fyrst og fremst fyrir þá, sem þarna búa, að geta haft þarna bryggju, svo að afgreiðsla báta, sem flytja verða vörur út og í skip, gangi sæmilega greiðlega, og auk þess þarf ekki nema ofurlitla ókyrrð í sjónum til þess

að nálega ófært sé að athafna sig á bátum við land. En þetta mál snertir fleiri en beinlínis íbúana í Breiðdalsvík. Mér er kunnugt um, að skipstjórar á strandferðaskipunum hafa kvartað undan því, að afgreiðsla á þessum stað gangi mun seinna síðastliðin ár vegna þess, að ekki hefir verið hægt að nota bryggjuna. Nú er það svo, að þessi höfn er fremur slæm og illræmd af skipum, sem þar þurfa að koma, og má geta nærri, að það bætir ekki úr með að fá þangað skip, þegar fyrir fram er víst, að afgreiðslan hlýtur að ganga mjög seinlega. Ég held því, að ekki verði á móti mælt, að það sé fyllsta þörf fyrir þessa fjárveitingu. Ég geri líka ráð fyrir, að nokkuð hafi valdið, að fjvn. ekki tók upp þennan styrk, að málið kom svo seint til hennar. Hinsvegar tel ég víst, að hún muni greiða atkv. með þessari brtt., því hér er um lítið fé að ræða, en þörfin fyrir umbótina er mikil.

Ég læt svo nægja þessi fáu orð fyrir brtt. mínum og vænti, að þær fái náð fyrir augum hv. fjvn.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég ætla aðeins að gera stutta grein fyrir þeim fáu brtt., sem ég flyt á þskj. 733. Það er þá fyrst brtt. við 12. gr. 16. j., um hjúkrunarfél. Líkn. Það þarf ekki að lýsa starfsemi félagsins fyrir þeim, sem hér eru kunnugir í borginni. Þetta félag hefir hafið öfluga baráttu gegn vágesti þeim, sem stundum er kallaður „hvíti dauði". Árið 1921 stofnaði það stöð, sem almennt er kölluð Berklavarnarstöð Líknar, með það fyrir augum að reyna að koma í veg fyrir, að þessi slæmi sjúkdómur festi rætur hjá börnunum. Mér er kunnugt um það, að starfsemin hefir gengið mjög vel, og hún hefir vaxið stöðugt ár frá ári, og er nú komið svo, að ég hygg, að ef félagið yrði að leggja niður eða takmarka starfsemi sína vegna fjárskorts eða annars, þá yrði það almennt talið mjög illa farið.

Starf berklavarnarstöðvarinnar er í því falið, að þangað leita svo að segja allflestir bæjarbúar með börn sín, sem ekki er ugglaust um, að e. t. v. búi í kirtlaveiki eða aðrir kvillar, sem skyldir eru berklum, og stöðin hefir alltaf á reiðum höndum læknishjálp og hjúkrun. Hún hefir fasta hjúkrunarkonu, sem gengur á heimilin, leiðbeinir og gefur góð ráð, þar sem um er að ræða blóðlítil og kirtlaveik börn. Þar að auki veitir stöðin margskonar aðra hjálp, eins og t. d. að útvega sjúklingum ókeypis röntgenljóslækningar og leiðbeiningar fólki, sem kemur til bæjarins ókunnugt, lánar inn á fátæk heimili rúmföt og sér um sótthreinsun, gefur hrákabauka, hitamæla og nánast öll þau tæki, sem þarf til hjúkrunar. Eins og gefur að skilja, þá kostar slíkt mikla peninga, og þegar þess er gætt, að félagið þarf að leigja vandað og dýrt húsnæði, þá er það ekki lítið fé, sem félagið þarf á að halda, enda hefir það notið fjárstyrks frá ríkinu og hefir allajafnan haft í fjárl. upp á síðkastið 4 þús. kr. Bæjarfélagið hefir og styrkt félagið til jafns við ríkið. Nú hefir fjárveitingin lækkað um 1 þús. kr. og liggur þá við borð, að bæjarstyrkurinn lækki einnig. En það væri óhentugt fyrir félagið. Þegar litið er á starfsemi félagsins, þá hygg ég, að hv. þm. muni sjá þá þörf, sem hér er fyrir hendi og samþ. þessa litlu hækkun, m. ö. o. færi styrkinn í samt lag aftur.

Þá er næst brtt. mín við 12. gr. 16. j., nýr liður til sjúkraheimilis Hvítabandsins, 5000 kr. Við 2. umr. fjárl. bar ég fram ásamt hv. 1. þm. Reykv. till. um að veita þessu heimili Hvítabandsins 8000 kr., en sú till. náði ekki fram að ganga, og höfum við því fært hana niður í 5000 kr. í von um að það verði samþykkt. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það, sem ég sagði þá, hvorki um starf félagsins né þörf þess fyrir styrkveitingu. Ég hygg, að öllum, sem mál mitt heyra, sé það ljóst, að ef heimilið á að geta tekið til starfa í náinni framtíð, þá ríði því á að geta fengið þetta fé. Í spítalanum er leguplass fyrir 50 manns. Það verður því talsvert fé, sem inn kemur í spítalagjald og má því til sanns vegar færa, að það sé dýr hver dagurinn, sem heimilið getur ekki tekið til starfa.

Ég vil því leggja áherzlu á, að þessi styrkur til Hvítabandsins verði samþ.

Þá ber ég einnig fram brtt. við 12. gr. 16. m., sem er nýr liður, til Unnar Vilhjálmsdóttur. Hún hefir nokkrum sinnum sótt um styrk til þingsins og bænir hennar hafa verið heyrðar, sem hún er

þakklát fyrir. Í fyrra sótti hún um 2500 kr., en fékk 1500 kr. Hún lét svo um mælt þá, að ef hún fengi þennan styrk að fullu, þá mundi hún ekki þurfa að sækja oftar til þingsins. En nú endurtekur hún styrkbeiðnina og byggir hana á þessari þörf, sem hún tók fram í fyrra, að fengi hún ekki þennan styrk að fullu, þá yrði hún að koma aftur.

Ég þarf ekki og ætla mér ekki að fara að lýsa kjörum einstæðingsstúlku, sem er fátæk og heilsulaus. Það þekkja sjálfsagt allir hv. dm. eitthvað af því tæi, og ég veit, að þeir bera þær hugrenningar í brjósti, að þeir eru ekki fjarlægir því að vilja rétta slíkum hjálparhönd. Hún gerir sér vonir um að njóta styrks úr minningarsjóði Landsspítalans og að heilsa hennar komist það í lag vonum bráðar, að hún þurfi ekki að knýja á náðardyr þingsins oftar. Ég legg þetta mál hennar í hendur hv. dm., ég veit, að þeir muni gera eftir því sem samvizka þeirra bezt býður.

Þá á ég brtt. við 15. gr. Það er nýr liður, til Dagmar Bjarnason, í viðurkenningarskyni fyrir hjálpsemi hennar við Íslendinga, sem dvalið hafa í Frakklandi. Það kann að vera einkennilegt að bera fram svona till. á þessum krepputímum. Ég skal játa það, að ég hefi ekki haft ástæður til þess að kynnast starfi þessarar konu, sem hér á hlut að máli, en ég veit, að þeir, sem hafa ferðazt um önnur lönd, eru þar vegalitlir, félitlir, og kannske mállitlir, verða fegnir að hitta fyrir heimili, þar sem þeim er rétt hlýleg vinar- og hjálparhönd og ekki síður ef það er eigin landi, sem þar á hlut að máli. Ég hygg, að það megi til sanns vegar færa, að þessi kona hafi reynzt mörgum Íslending, sem til Frakklands hefir komið, fátækur og ekki fullfær í frönskunni, ákaflega vel og þess vegna hefir verið borin fram þessi beiðni fyrir hennar hönd, sem svo hljóðar með leyfi hæstv. forseta:

„Vér undirrituð leyfum oss hér með að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það veiti frk. Dagmar Bjarnason, 1 Rue de l'Université, Paris, nokkra upphæð sem viðurkenningarvott fyrir gagn og sóma, sem hún hefir unnið landi og þjóð, og þá miklu hjálpsemi, sem hún hefir sýnt Íslendingum erlendis. Ungfrú Dagmar hefir verið búsett í París í 40 ár og má telja, að hús hennar hafi verið athvarf fyrir Íslendinga, sem þar hafa dvalið, og hefir hún reynzt þeim, sem til hennar hafa leitað, hin mesta hjálparhella, og mun óhætt að fullyrða, að kynni þau, sem erlendir menn hafa haft af henni, en þau eru næsta mikil, þar sem hún hefir starfað sem hjúkrunarkona erlendis um áratugi, og meðan á stríðinu stóð var hún sjálfboðaliði við Rauðakrossinn, sé landi voru til hans mesta sóma".

Undir þetta hafa skrifað ýmsir mætir menn hér í bæ. Annars mun ég ekki fjölyrða um þetta, og geta hv. þdm. kynnt sér umsóknina og þau gögn, er henni fylgja.

Þá á ég brtt. við brtt. á þskj. 733, þar sem talað er um fé til atvinnubóta í kaupstöðum. Brtt. mín fer fram á það, að af þessu fé megi veita allt að 10 þús. kr. handa fátækum, en efnilegum ungum kaupstaðapiltum til þess að stunda nám við búnaðarskóla ríkisins. Þetta þykir e. t. v. einkennileg till. En það er nú samt svo, að þótt ég játi, að atvinnuleysið skelli harðast á fjölskyldumönnunum, þá er það engum óhollara en einmitt ungu mönnunum. Iðjuleysið er rót alls ills. Atvinnuleysi er iðjuleysi, og iðjulausir ungir menn láta oft tælast út í ýmislegt misjafnt. Ungum mönnum sárnar, hvað þeir eru afskiptir atvinnubótavinnunni, fjölskyldumennirnir ganga eðlilega fyrir. En ungir menn þurfa líka að lifa. Verða þeir þá oft til byrði fjölskyldum sínum og ættingjum eða blátt áfram hreppum sínum. Því er sanngjarnt, að ungir menn fái líka að njóta þess fjár, sem varið er til atvinnubóta. Hefir mér ekki hugkvæmzt heppilegri leið en þessi til þess að láta þá hafa hlutdeild í þessu fé. Að ég hefi valið búnaðarskólana í till. minni, kemur til af tvennu. Búnaðarskólar ríkisins eru fyrst og fremst illa sóttir nú á tímum, en þar eru þó miklir starfskraftar, sem verður að nota, og mikið lagt í kostnað frá ríkisins hálfu, sem verður að koma að sem mestu gagni fyrir þjóðina. Í annan stað er þörf á því að beina hugum kaupstaðabúa að búmennsku, og gæti þetta verið heppilegt ráð til þess. Það er réttilega mikið kvartað undan því, að ungt fólk þyrpist í kaupstaðina, þar sem það

heldur, að það muni frekar geta bjargað sér og eigi meiri atvinnuvonir. En þessar vonir bregðast oft og tíðum. Hér í Rvík er t. d., einkum á vetrum, yfirfullt af ungum mönnum, sem ekkert hafa að gera. Fer þar oft gott mannsefni forgörðum í ýmiskonar óreglu, af því að engin vinna eða námsstarf er fyrir hendi.

Á síðastl. hausti var gerð ofurlítil tilraun í þessa átt. Sóttu um 20 ungir menn um styrk til þess að stunda nám við ýmsa skóla, en þar eð námsstyrkurinn frá bæjarfélagsins hálfu var aðallega bundinn því skilyrði, að námið væri stundað við búnaðarskóla, urðu þeir ekki nema 2, sem gátu komið til greina og fóru þeir í búnaðarskólann á Hvanneyri. Annar þessara pilta stundar nám sitt sérstaklega vel.

Ef einhverju fé yrði varið í þessu skyni, þá væri hægt að ganga úr skugga um, hvort ungum mönnum væri nokkuð í mun að nota sér þetta. Gæti það þá ýtt undir bæjarstjórnir um að gera hið sama. Enda þótt þetta yrði ekki nema hjálp fyrir fáa unga menn, sem fara á mis við atvinnu og önnur námstækifæri, þá væri þó nokkur bót að því, og held ég, að hægt myndi að veita um 60 ungum mönnum skólavist fyrir það fé, sem hér er tiltekið. Ef ríkið legði fram helming og sveitarfélögin annan helming, þá væri þetta málefni komið í allgott horf. Ég vil, að ungu mennirnir sjái, að löggjafarþing þjóðar þeirra vilji veita þeim athygli og taka tillit til þeirra. Þeir eru framtíð þjóðarinnar. Þetta er að vísu aðeins mjög lítið spor, en ég vona samt, að hv. þm. sjái ástæðu til þess að hjálpa mér til að stíga það, svo að hægt sé að veita hjálp einhverjum ungum mönnum, sem stynja nú þungan undan örðugri byrði atvinnuleysisins.

Þá á ég brtt. við 18. gr. fjárlfrv. um að hækka styrk prestsekkjunnar Margrétar Jónsdóttur upp í 300 kr. Þetta er svo lítið, sem hér er farið fram á, að það tekur því ekki að vera að tala um það.

Mun ég svo ekki tefja hv. d. lengur með þessum brtt. mínum.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég tala að þessu sinni ekki sem frsm., heldur sem flm. till á þskj. 746, V, sem ég flyt ásamt 3 öðrum hv. dm. Undanfarin ár hafa verið veittir nokkrir styrkir til atvinnubóta fyrir verkamenn í kaupstöðum og kauptúnum landsins. Er það óhjákvæmilegt eins og árað hefir, og hefir fjvn. ekki séð sér annað fært en að leggja einnig nú til nokkurt fé í þessu skyni. Hv. 2. landsk. talaði hjartnæmlega um þetta og sýndi fram á vandræði þau, er nú steðjuðu að verkamönnum. Sagði hann m. a., að þeir væru illa settir um kaupgjald, því að ríki og sveitarfélög hefðu sett það svo mjög niður, að verkamenn hefðu sumstaðar ekki nema 50 aur. á klst. Ég er ekki úr því að draga, að þeir eigi við skort að búa og að þörf sé að styðja verkamenn á slíkum krepputímum, ekki af því, að þeir hafi aðeins 50 aur. um tímann, heldur af því að þeir hafa margir ekkert að gera. En það er önnur stétt í landinu, sem hefir ekki einu sinni þessa 50 aur., sem sé bændur. Af skjölum þeim, sem rannsóknarn. hefir safnað til, sést, að skuldir bænda eru nú óheyrilega miklar. Að meðaltali skulda þeir 5000 kr. hver. Þessar skuldir hafa aðallega myndazt á síðastliðnum áratug og stafa að minnstu leyti af orsökum, sem bændum voru sjálfráðar. Byrjun þessara skuldamyndana mun hafa orðið á árinu 1920. Það ár voru mikil harðindi, og varð þá og næst á eftir mikið verðfall á vörum bænda. Síðan hafa gengið nokkurskonar fjárplágur yfir landið. Varð sérstaklega eitt árið, 1927, stórtjón á sauðfénaði, ekki af fóðurskorti, heldur af sjúkdómum og e. t. v. af því, að fóðrið hefir ekki verið blandað sem skyldi. Í 3. lagi er sú ástæða, að bændur sáu ekki annað ráð til að bæta búskapinn, þar sem kaupgjald fór hækkandi, en að auka ræktunina og bæta býlin. Hefir á þessum árum verið miklu meira ræktað en nokkurn tíma áður síðan land byggðist. Svo kom þetta stórkostlega verðfall á landbúnaðarafurðum upp á síðkastið, sem olli því, að aðalframleiðsla bænda var ekki nema í helmingi þess verðs, sem verið hafði skömmu áður. Þar að auki hefir t. d. hrossasalan alveg orðið að engu. Er því ekki undarlegt, þótt erfiðlega blási. Hefir af öllu þessu orðið mikill rekstrarhalli á búum manna. Ef það væri ekki, gætu bændur e. t. v. baslað út úr skuldunum. Ég vil hér með dæmi

benda á það, hvert muni vera kaupgjald bænda. Það er talið meðalbú, sem hefir 70 ær. Eru það einu tekjur bónda til þess að greiða vexti, afgjöld og nauðsynjar, að selja afurðir þeirra. Sumir bændur hafa auk þess nokkra mjólkurframleiðslu, en hún gefur víðast ekki meira af sér en það, sem rennur í búið sjálft, nema þá helzt á Suðurlandi og sumstaðar kringum Akureyri. Annarsstaðar hafa bændur ekkert sér til lífsviðurværis nema afurðirnar af þessum 70 ám, og gefur það ekki meira en 500 kr. tekjur. Þetta á nú að bera afgjald og vexti af 5000 kr. skuld, opinber gjöld, landskuld o. fl., og sjá þá allir, að bóndinn hefir ekki einu sinni 50 aura um tímann og líklega varla ⅕ hluta þess, enda þótt bændur og konur þeirra vinni baki brotnu árið um kring. Menn segja og vona, að bráðum fari nú að rakna úr, og þingið hefir gert stórfelldar ráðstafanir til að bæta úr vandræðum bænda, með stofnun kreppulánasjóðs, en þetta kemur þó ekki til framkvæmda á þessu ári. Menn halda, að nú sé t. d. eitthvað að rakna úr um markað í Englandi. Þó er það allt í óvissu enn. En reynslan síðasta ár var sú, að bændur höfðu ekki meiri tekjur en helming af því, sem var 1929. Hér er því hætt við, að bændur missi kjarkinn til áframhaldandi búskapar og flýi í hópum til kaupstaðanna, svo háskalegt sem það er þjóðinni. Veit ég, að margir hv. dm. skoða bændur sem kjarna þjóðarinnar, er skapi festu í hana og leggi oft til þroskamestu mennina. Þá ætti mönnum líka að vera ljós nauðsynin á því, að bændur geti haldið áfram búskap sínum fjárhagslega sjálfstæðir. Er það sízt heppilegt, að bændur fari nú að flykkjast í kaupstaðina, þar sem menn eru atvinnulausir í hópatali og flykkjast í öfgaflokkana, sem vilja bylta um þjóðfélaginu. En ef ekki er bætt úr, þá má við því búast, að þetta verði. Sumum kann nú að þykja það frekt af okkur bændum þessarar d. að fara fram á það, sem við gerum, fyrir okkar stétt. En ég held þó ekki, að það sé rétt álitið. Ég tel það skyldu okkar, ekki einungis við bændur, heldur líka við þjóðina. Flestar stéttir leita í vandræðum sínum til þjóðfélagsins sem heildar, og það telur sér vanalega skylt að hjálpa. Það, sem við förum fram á, er nokkuð mikið, 400 þús. kr., en till. þarf ekki að koma öll til framkvæmda, nema óvenjulega illa ári og vörur seljist ekki. Er gert ráð fyrir, að farið verði gætilega í málin og að atvmrh. setji reglur um veitingu fjárins í sambandi við nefndir bænda. Held ég, að þá sé nógu tryggilega um búið. Læt ég svo útrætt um málið, en vona, að hv. d. verði við þessari nauðsyn.

**Jón Baldvinsson:** Mér láðist að geta um till., sem ég flyt á þskj. 746. Það er 1500 kr. styrkur til útgáfu íslenzk-þýzkrar orðabókar. Það er kunnugt, að margir læra nú þýzku hér á landi, vegna aukinna viðskipta okkar við Þjóðverja. Er slík bók til mikils stuðnings í þeim efnum. Hún er búin til af dr. Guðbrandi Jónssyni. Hann er góður þýzkumaður og mikill afkastamaður og hefir unnið lengi að þessu verki. Ýmsir, sem vit hafa á, svo sem Jón Ófeigsson, telja þetta mikið verk og vandað, enda þótt galla megi á finna, eins og alltaf er. En verkið er svo mikið, að engin von er til þess, að bókin komi út nema fyrir opinberan styrk. Hefir ríkissjóður og jafnan lagt styrk til orðabóka, eins og t. d. til íslenzk-dönsku orðabókarinnar, og eins hefir Jón Ófeigsson verið styrktur til orðabókarsamningar. Þetta er því ekkert nýtt, sem hér er farið fram á. Veit ég til þess, að í starfi með Guðbrandi hafa verið Alexander Jóhannesson og fleiri þýzkumenn, þó að aðalverkið hafi verið í höndum hans sjálfs. Mun vera byrjað að prenta bókina, en ekki er til þess ætlazt, að styrkurinn verði greiddur fyrr en hún er fullprentuð. Má búast við, að það dragist nokkuð, því að verkið er seinlegt, en þó myndi þessi styrkur væntanlega koma til útborgunar á miðju næsta ári. Ætti að vera trygging fyrir því, að bókin yrði þá fullprentuð í Ísafoldarprentsmiðju.

Þá vil ég beina því til hv. 6. landsk., hvort ekki muni vera varhugavert að búast við því, að þeir atvinnulausu menn, sem eiga að njóta góðs af framlagi því, er taka á af atvinnubótafénu, geti lagt fram jafnmikið sjálfir. Margir þessara ungu manna, sem hv. þm. talar um, eiga bókstaflega ekkert fyrir sig að leggja, hversu efnilegir sem þeir kunna að vera. Getur þetta allt strandað á því, að þeir

geti ekki náð í féð. Hv. þm. minntist á, að bæjarfélögin myndu e. t. v. vilja styrkja þá. En þar er önnur hlið á. Sumum er sá metnaður gefinn, að þeim er illa við að byrja lífsbrautina með því að taka sveitarstyrk. (GL: Það má undir engum kringumstæðum vera sveitarstyrkur). Hv. þm. talaði um, að sveitarfélögin legðu þeim fé. Sveitarfélögin gera oft slíka hluti, og þau geta líka ákveðið, að það skuli ekki teljast sveitarstyrkur. En þetta yrði þó lagt fram af fátækra fé, og væri með þessu ekki annað gert en að fara í kringum hlutina.

**Jakob Möller:** Ég veit ekki, hvað hv. 2. landsk. hefir mælt í garð hv. frsm., sem hefir valdið því, að hv. frsm. fór að gera grein fyrir ástandinu hjá bændum landsins, en ég hygg, að ástæðan hafi verið sú, að honum hefir þótt bresta skilning á því vandræðaástandi, sem nú er meðal bænda. En ég vil í því sambandi minna hv. frsm. á það, sem sagt var hér við 2. umr. í sambandi við þær till., sem ég flutti þá og flyt nú aftur, um styrki til íslenzkra námsmanna erlendis. Ég minntist á það, að kreppan, sem nú ríkir í landinu og sverfur sérstaklega mikið að bændum, hún nær ekki síður til námsmanna en annara. Þeir eiga nú við svo mikla erfiðleika að stríða, að það er alveg sambærilegt við örðugleika bænda og annara atvinnurekenda hér á landi. Þar er því einnig við að bæta, að þessir námsmenn eru margir synir bænda, og að því leyti sem þeir geta átt von á styrk heiman að, stendur afkoma þeirra í sambandi við yfirstandandi fjárhagsörðugleika alveg eins og bændanna sjálfra. Það er því hin mesta nauðsyn, að ríkið hlaupi undir bagga með þessum mönnum og veiti þeim þann fjárstyrk, að þeir geti haldið áfram námi sínu.

Nú hefir hv. fjvn. á þskj. 733 XV borið fram brtt. um að námsstyrkur handa stúdentum sé hækkaður um 8 þús. kr., en samkv. þeirri gr., sem þar um ræðir, þá er sá styrkur ekki eingöngu bundinn við stúdenta. Ég hefi því borið fram brtt. á þskj. 751, sem bindur þessa hækkun við það, að styrkurinn gangi til þeirra stúdenta, sem Nd. samþ. að veita styrk, en voru felldir úr við 2. umr. í Ed. Ég veit, að hv. fjvn. hefir lagt til þessa 8 þús. kr. hækkun í þeim tilgangi, að þessir stúdentar geti fengið styrk af því fé. Mér virðist þessi hækkun allt of lítil og hefi þess vegna borið fram till. á þskj. 751, ásamt hv. 2. landsk., um að hækka liðinn um 4 þús. kr., og jafnframt er á sama þskj. brtt. um viðbót við aths. þá, sem er í fjárl. um þessa fjárveitingu, að hækkuninni skuli varið á sérstakan hátt, sem þar greinir. Hv. fjvn. hefir ekki gert till. um að breyta þeirri aths. neitt. En þar sem n. mun ætlast til, að þessi styrkur verði veittur þessum stúdentum, sem Nd. samþ. að styrkja, en Ed. felldi við 2. umr., þá þótti rétt, að þetta væri skýrt tekið fram. Þar eru taldir upp 8 stúdentar, sem eiga að fá styrk til lokanáms, hver í sinni fræðigrein, og ef veittar verða 1000 kr. til hvers þeirra, þá nægir þessi hækkun handa þeim. Svo er bætt við 3 stúdentum, þegar brtt. hv. 2. landsk. er talin með. Þar er ekki um lokanám að ræða, og er ætlazt til, að hver af þessum stúdentum fái 1200 kr. Mundi þá upphæðin nægja, ef samþ. yrði till. okkar, að hækka liðinn um 4 þús. kr.

Ég hefi skilið hv. fjvn. svo, að hún álíti í raun og veru sanngjarnt að veita styrk til lokanáms, en hún vildi aðeins hafa það undir öðrum lið. Ég geri þess vegna ráð fyrir, að n. geti tekið vel í þessa till.

Þá á ég brtt. á þskj. 733 ásamt hv. 4. landsk., um breyt. á styrk til Verzlunarskóla Íslands. Fyrir fjvn. hafa legið umsóknir frá stj. skólans um hækkun á styrk til hans. Er þar farið fram á sem aðalmálaleitun, að styrkurinn verði miðaður við 8. gr. l. um héraðsskóla, í öðru lagi að styrkur til skólans verði á annan sanngjarnan hátt miðaður við nemenda- og kennslustundafjölda í hlutfalli við aðra skóla, og í þriðja lagi, að styrkurinn verði hækkaður þannig, að hann verði eins hár og hann var 1922, 9000 kr.

Ég geri ráð fyrir, að ekki sé ágreiningur um, að þessi skóli sé þörf stofnun. Hann hefir verið stofnaður fyrir framtak einstakra manna og kostnaðurinn að langmestu leyti borinn af einstökum mönnum. Vegna hinnar miklu þarfar fyrir þá kennslu, sem þessi skóli hefir veitt, hefir hann stækkað svo gífurlega, að þess er alls ekki að vænta, að hann

geti haldið áfram að starfa með fullu afli, ef hann verður eingöngu að byggja á framlagi einstakra manna. Að vísu eru þar borguð skólagjöld hærri en við ríkisskólana, en það er náttúrlega hvergi nærri nægilegt til að standast þann kostnað, sem fylgir svo miklum skólarekstri. Nemendur hafa verið upp undir 200 síðasta ár, og má búast við, að þeim fjölgi ár frá ári. Þessi vaxandi aðsókn sýnir auðvitað betur en allt annað, hve mikil þörf er fyrir skólann og hvað það er mikil sanngirniskrafa, að skólinn sé styrktur á svipaðan hátt og aðrir skólar.

Nú höfum við hv. 4. landsk. ekki farið lengra í till. okkar en svo, að styrkurinn verði eitthvað í áttina til þess, sem styrkurinn til kvennaskólanna er, þ. e. a. s. að honum verði veittur lítilsháttar rekstrarstyrkur og svo styrkur eftir nemendafjölda, 40 kr. á hvern nemanda, sem er allt skólaárið, miðað við 200 nemendur. Með þessu yrði styrkurinn til þessa 200 manna skóla 18 þús. kr., og er það minna heldur en það, sem er lagt til þessara miklu fámennari skóla, kvennaskólanna. Kvennaskólinn í Rvík fær 28 þús. kr., en kvennaskólinn á Blönduósi 14 þús., því að hann er svo miklu fámennari. Þó að við teldum í rauninni sjálfsagt, að skólinn fengi styrk til jafns við þessa skóla, þá höfum við samt lagt til að styrkurinn verði ekki hærri en 18 þús., en lægri upphæð er ekki hægt að fara fram á. Þá höfum við borið fram varatill. um, að styrkurinn, sem nú er, 5 þús. kr., hækki upp í 10 þús. kr.

Þá hefi ég borið fram XXV. till. á sama þskj., um fjárveitingu, sem var einnig borin fram við 2. umr., en er nú nokkru lægri en varatill., sem ég bar þá fram, en tók aftur. Ég vænti, að hv. þdm. sjái sér fært að samþ. þessa litlu fjárveitingu, aðeins 800 kr., því að ég veit, að hv. þm. játa, að það, sem þar er um að ræða, er hið þarfasta, og hv. þm. hafa daglega tækifæri til að sannfæra sig um það.

Þá er XXVII. till. á sama þskj., að hækka styrkinn til Leikfélags Rvíkur úr 4 þús. kr. upp í 6 þús. kr. Þessi till. er til að færa til samræmis við það, sem áður hefir verið. Mér skilst, að það sé í raun og veru vilji þingsins, að þessi leikstarfsemi geti haldið áfram, en með sívaxandi erfiðleikum vegna þess ástands, sem nú er, þá verður alltaf erfiðara að halda uppi þessari starfsemi, og eftir því sem árangurinn hefir orðið af rekstri félagsins undanfarin ár, er ekki annað sjáanlegt en að þessi starfsemi falli niður, ef ekki verður hlaupið undir bagga með því.

Þá hefi ég samkv. tilmælum hv. þm. Vestm. flutt brtt., sem er XXXI. till. á þskj. 733, að hækka framlagið til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum um 2 þús. kr. Þegar frv. kom frá Nd., var í því 10 þús. kr. fjárveiting, en samkv. till. fjvn. Ed. var sá liður lækkaður niður í 6 þús. kr. Til samkomulags geri ég það nú að till. minni, að fjárveitingin verði 8 þús. krónur.

Til þessarar till. liggja þær ástæður, að þar sem um þessa ræktun í Vestmannaeyjum er að ræða, þá er það ræktun á landi ríkissjóðs. Það starf er þess vegna unnið til þess að auka verðmæti á eign ríkisins, og þar við bætist, að þessi vinna getur jafnframt skoðazt sem atvinnubótavinna á þessum stað og sennilegt er, að þá megi veita þeim mun minna fé sem beinan atvinnubótastyrk.

Í XXXIII. till. er farið fram á lítilsháttar styrk til Skógræktarfélags Íslands. Þetta félag hefir nú í undirbúningi talsverðar framkvæmdir, en til þess að þær geti orðið, verður það að fá þennan styrk, og það er líka í fullu samræmi við ýmsar fjárveitingar, sem þingið hefir áður veitt, að veita styrk til þessa starfs.

Jafnframt þessu hefi ég boðið mönnum upp á að lækka annan útgjaldalið í fjárl., svo að útgjöldin verði þeim mun minni. Það er útgjaldaliður, sem er bundinn a. m. k. að einhverju leyti við samskonar starfsemi, þ. e. a. s. skógrækt, en eftir því sem ég veit bezt kemur að betri notum í því sambandi, heldur mun aðallega veitt til annara hluta, sem eru lítið skyldir þessari starfsemi.

XLV. till. er flutt samkv. beiðni hv. þm. Vestm. Um þá till. þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Vestmannaeyjakaupstaður er að stækka, og af því leiðir það, að hann verður að fá stærri rafmagnsveitu, og til slíkra framkvæmda er óhugsandi að fá lán nema með ríkisábyrgð. Hinsvegar á það að vera tryggt, að þarna sé engin áhætta, þar sem þetta fyrirtæki

gefur í aðra hönd þær tekjur, sem nauðsynlegar eru til að standast þann kostnað, sem af þessu leiðir.

Svipað er að segja um XLVII. till., þar sem farið er fram á ríkisábyrgð fyrir 300 þús. kr. láni fyrir leikhússjóð, til þess að fullgera þjóðleikhúsið til kvikmyndasýninga. Þar getur ekki verið um áhættu að ræða, því að telja má vafalaust, þegar sá rekstur er kominn í gang, að þá mundi hann fullkomlega geta staðið undir vöxtum og afborgunum af slíku láni. Nægir í því sambandi að vísa til þess, að hér í bæ eru kvikmyndahús, sem byggð eru á dýrari tíma, en eru nú að borga sig upp beinlínis með þeim hagnaði, sem af rekstrinum leiðir. Þar við bætist það, að þessi ábyrgð verkaði sem ráðstöfun til atvinnubóta, og þarf þá það opinbera að leggja þeim mun minna fram beinlínis í því skyni. Það færi að vísu nokkuð af þessu til að kaupa útlent efni, vélar og þesshättar, en langmest færi í smíði innanhúss, smíði á húsgögnum og þvíumlíku.

Þá hefi ég verið beðinn að skýra frá efni yfirlýsingar viðvíkjandi XXXVIII. till. frá hv. 4. landsk. um 800 kr. styrk til Sigurðar Sigurðssonar skálds. Þessi styrkur er í raun og veru ekki eingöngu miðaður við verðleika þessa manns sem skálds, þótt hann sé góðs maklegur að því leyti. Það er ekki síður fyrir starfsemi hans fyrir björgunarmálin í landinu. Ég hefi verið beðinn að lesa upp fyrir hv. þd. yfirlýsingu þar að lútandi frá varðskipstjórunum Jóhanni P. Jónssyni og Friðriki Ólafssyni. Hún er þannig:

„Okkur undirrituðum er kunnugt um, að herra Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti hefir í hyggju að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að fá einhvern fjárstyrk frá hinu opinbera í notum þess, sem hann hefir lagt til bókmennta landsins og björgunar- og landhelgisgæzlumálanna.

Við höfum frá fyrstu byrjun unnið að björgunar- og landhelgisgæzlumni og erum því vel kunnugir starfi hans í þeim efnum, sem hefir verið rækt af miklum áhuga og allmiklum fjárframlögum, meðan þessa þurfti mest með.

Viljum við því mæla hið bezta með því, að hinu háa Alþingi mætti þóknast að verða við ósk hans í þessu efni, enda vitum við, að hann, atvinnulaus og þrotinn að starfskröftum, hefir þess þörf.

Virðingarfyllst.

Jóh. P. Jónsson. Friðrik Ólafsson.

Það er kunnugt um þennan mann, að hann hefir misst heilsu og hefir orðið að hætta við lífsstarf sitt, sem gaf honum að vísu allgóða afkomu, en vegna veikinda hefir svo atvikazt, að hann er efnalaus, enda hefir hann að kunnugra manna sögn verið óspar á framlög til þarfra framkvæmda, og þó fyrst og fremst til björgunarstarfsemi í Vestmannaeyjum. Vil ég því mæla hið bezta með þessari till. hv. 4. landsk.

Þá flyt ég á þskj. 746 till. um lokanámsstyrk til Jóns Gíslasonar. Það var fyrir vangá, að hann varð ekki með í till. þeirri, sem ég hefi nú þegar gert grein fyrir, en vænti, að hún nái fram að ganga, ef hinar verða samþ.

Þá hefi ég á þskj. 759 borið fram till. um 500 kr. styrk til Veiði- og loðdýrafélags Íslands. Þetta er vafalaust þörf starfsemi, og er nú sagt, að Búnaðarfélag Íslands ætli að taka þetta mál að sér, en af því mun þó ekki hafa orðið enn. Þetta félag hefir nú þegar unnið gott verk, og þykir mér því sanngjarnt, að Alþingi veiti því þessa litlu viðurkenningu, a. m. k. þangað til séð verður, hvað verður úr framkvæmdum í þessu efni af hálfu Búnaðarfélagsins.

Ég held, að ég hafi þá minnzt á þær brtt., sem ég hefi að flytja og geti því látið við þetta sitja að sinni.

**Guðmundur Ólafsson:** Það eru nú svo mikil harðindi í hv. d., að ég verð að leysa hv. 6. landsk. af hólmi. En ég þarf ekki að viðhafa mörg orð frekar en vant er, það er alltaf svo lítið, sem ég bið um. Ein till. er þó á þskj. 733, sem ég er einn flm. að. Hún er við 22. gr. I. Nýr liður. Svo er nú ástatt á Blönduósi, að ríkissjóður á ekki hús yfir póst og síma, en í 2 ár hefir verið leigt húsnæði fyrir þessar stofnanir í litilfjörlegu steinhúsi. En núna 14. maí var samningurinn úti, en þó tókst að laga það þannig til bráðabirgða, að ekki þarf fyrst um sinn að flytja símann þaðan. Það liggur í augum uppi, að það er ekki gott að leigja húsnæði undir símann til 2 eða

3 ára, því að kostnaðurinn við tilfærsluna fer langt fram úr hófi. Það er miklu réttara, að ríkið eigi hús undir bæði póst og síma. Nú vill svo vel til, að tilboð hefir fengizt um hús vel fallið til þessa. Verðið er ekki geysihátt, og sá varnagli er þar að auki á ákvæðinu, að verðið skuli ákveðið eftir mati dómkvaddra manna. Núverandi eigandi hefir boðizt til að selja fyrir 28 þús. kr. og ef að kaupunum væri gengið, má búast við, að verðið komi endanlega til að vera heldur fyrir neðan en ofan þá upphæð, sem eigandi tilnefnir. Nú hafa símstjóri og póstafgreiðslumaður fengið úr ríkissjóði 1800 kr. á ári til greiðslu á húsaleigu, og þann beina kostnað hefir ríkissjóður auðvitað borið að öllu leyti. En ef heimilað yrði að kaupa húsið, þá mundi þessi kostnaður verða miklu minni, því að núverandi eigandi, sem hefir verzlun, hefir óskað eftir að fá sjálfur leigt húsnæði fyrir sölubúð og nokkur herbergi, sem síminn má vera án, fyrir 1000 kr. á ári. Af þessu á að vera auðséður hagnaður ríkissjóðs. 6% vextir af hinu framboðna verði, 28 þús, eru á ári rúmar 1600 kr., en 1000+1800 eru þó alltaf 2800. Þó að einhver kostnaður sé við brunabótagjald og slíkt, þá er samt ljóst, að ríkissjóður kemst ekki hjá því að hagnast á því. Auk þess vita allir, að ef flytja þarf til símann á fárra ára fresti, þá er ekki lengi að koma hvert hundraðið. Ég býst ekki við, að hv. dm. hafi neitt við þetta að athuga. Náttúrlega gerir hæstv. stj. ekkert í málinu fyrr en mat dómkvaddra manna á eigninni hefir farið fram. Það er heldur ekki víst, að stóra útborgun þurfi við kaupin, heldur verði hægt að semja um afborganir. Ég þarf þá ekki að fjölyrða frekar um þetta, því að hagurinn af því fyrir ríkið er hverjum manni auðsær. Ég er nú reyndar meðflm. að 2 öðrum brtt., en ég ætla að láta hv. meðflm. mínum það eftir að tala fyrir þeim.

**Magnús Torfason:** Ég verð nú að hrella hv. d. með því að bera fram eina brtt. á þskj. 746 þess efnis, að til læknisbústaðarins að Laugarási í Grímsneshéraði verði veittar 1200 kr. til greiðslu vaxta af skuldum. Þetta mál er gamalt hér á þingi, allt frá því að læknisbústaður var stofnsettur að Laugarási. Þá var keyptur bústaður gamall, fúinn og feyskinn og með öllu ónýtur. Búizt var við, að hverahitinn væri nægur til upphitunar, en þegar til kom reyndist húsið gatfúið niður við allar stoðir, og hvert járn ryðbrunnið, og svo var stórmiklu fé kastað til þess að flytja kumbaldann á klökkum niður allar mýrar. Af styrknum var svo dreginn fullur þriðjungur vegna þessara „kjarakaupa"! Var sýnu betra, að kaupa nýtt efni í húsið. Auk þessa hefir mikið þurft að lappa upp á kofann hvað eftir annað, og sá kostnaður er nú orðinn nokkuð hár. Skuldir þær, er á eigninni hvíla, eru 34200 kr. Þar af eru 11000, sem hvíla á jörðinni, en afgangurinn eða 23400 á húsinu. Hv. d. hefir nú ákveðið að veita Reykhólalæknisbústað 1200 kr. upp í vaxtagreiðslur af skuldum, sem hann verður að bera, en þær eru 20000 eða um það bil. Þessar skuldir eru hærri, en ég fer samt aðeins fram á, að þessu héraði verði gert eins hátt undir höfði og veitt samskonar kjör og hv. d. hefir samþ., að Reykhólahérað eigi við að búa. Að öðru leyti hefi ég ekki meira fram að færa, nema ég man ekki betur en að athugaverð sé orðunin á till. hv. fjvn. á þskj. 433, XL, um kaup á Skálholti. Rétt á undan er till. frá hæstv. forseta um að veita heimild til húsakaupa fyrir póst og síma á Blönduósi, þar er ákveðið, að dómkvaddir menn skuli meta kaupverðið. Hvers vegna hefir fjvn., sem þó á að bera meira skynbragð á slíka hluti en hæstv. forseti, ekki orðað sína till. svona? Þá mundu allir sætta sig við hana, og ekki væri hægt að koma með neinar ágizkanir. Ég vil því leyfa mér að skjóta því að hv. fjvn., að hún beri fram skrifl. brtt. um að lagfæra þetta. (**JónJ:** Hv. þm. getur eins vel gert það sjálfur). Nei, ég er aðeins einn, og hv. fjvn. er nær að leiðrétta sjálf sínar eigin misfellur, og ég ætla mér alls ekki þá dul, að ég hafi við hv. fjvn., fimmfaldri í roðinu. En á þessu mundi fara betur, ef því væri breytt, og er það mín einlæg ósk, að hv. n. fari eftir skynsamlegum tillögum, hvaðan sem þær berast.

**Guðrún Lárusdóttir:** Það er út af nokkrum ummælum hv. 2. landsk. að ég

kveð mér hljóðs. Hann virtist búa yfir ugg og ótta um, að styrkur sá, sem með brtt. minni er ætlaður námsmönnum frá ríki, sveitum eða kaupstöðum, verði talinn sveitastyrkur til þeirra, og mundi svipta þá mannréttindum. Ég get sagt hv. þm. það, að ég mundi aldrei bera fram slíka till., að menn létu af hendi jafndýrmætan rétt og kosningaréttinn fyrir fáeinar krónur. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að ekki hefir það heyrzt, að styrkur sá, sem úthlutað er til atvinnubóta, sé talinn sveitarstyrkur. Hinsvegar hefi ég alltaf skilið hann svo, að hann sé ætlaður einmitt til þess að bjarga mönnum frá að þurfa að þiggja sveitarstyrk. Þar að auki get ég frætt hv. þm. á því, að bæjarstjórnir gætu áætlað á fjárhagsáætlun sinni vissa upphæð í þessu skyni. Það eru margir styrkir, sem þar er úthlutað, án þess að það komi nærri sveitarstyrk. Þetta vona ég að nægi til þess að sýna hv. 2. landsk., að honum er öldungis óhætt að samþ. brtt. mínar. Ég held, að það gæti orðið talsverður stuðningur fyrir bændur landsins og tryggt þeim vinnukraft í framtíðinni, ef ungir menn úr kaupstöðum færu að fá áhuga fyrir sveitavinnu og sveitalífi, en það tel ég líkindi til, að nám við búnaðarskóla mundi gera að verkum fremur öðru. Ég vona, að hv. 2. landsk. gefi brtt. minni atkv. sitt og veiti ungum efnismönnum þar með þann stuðning, sem ef til vill verður til þess að leggja grundvöll að gæfu þeirra, og a. m. k. til þess að firra þá sárasta böli atvinnuleysisins.

Ég get ekki annað hugsað, en að hv. 2. landsk. hafi sagt þetta af löngun til að hafa á móti þessari till. minni, fremur en að hann hafi meint þetta, sem hann sagði. Ef til vill voru orð hans sprottin af einhverjum misskilningi hjá hv. þm. eða einskonar hjartveiki, en ekki af löngun til að snúa út úr fyrir mér. Ég vænti þess engu að síður, að hv. 2. landsk. snúi sér frá villu síns vegar og greiði till. minni atkv., þegar þar að kemur, enda væri það í fullu samræmi við þá stefnu, sem hv. þm. telur sig fylgja, og fyrst og fremst á að koma fram í því að láta sér annt um að fylgja fram til sigurs málefni lítilmagnans.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá PM, JakM, JónJ og MT (sjá þskj. 761, I—III) leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Jakob Möller:** Ég þarf að gera grein fyrir hinni skrifl. brtt. frá mér, sem verið var að leita afbrigða um. Á þessari till. stendur svo, að mér var á síðustu stundu afhent bréf til iðnn. d. viðvíkjandi máli, sem legið hefir fyrir fjvn., en frsm. n. mun ekki hafa gefizt tilefni til að geta um, og vil ég nú ljá mína aðstoð til þess, að þetta geti orðið og málið geti komið hér til umr. og atkvgr. Þetta bréf er svo hljóðandi:

Reykjavík, 20. maí 1933.

Hinn 21. apríl og 11. maí þ. á. hefi ég bréflega snúið mér til efri deildar með beiðni um 4000 kr. styrk á fjárlögum 1934 til þess að auka vélarstofn prjónaverksmiðju minnar, svo að hún geti framleitt prjónles, sem samkeppnisfært sé bæði á erlendum og innlendum markaði. Hefir það þá sérstaklega vakað fyrir mér að breyta íslenzkri ull, sem í heild sinni reynist torseljanleg, og þá sérstaklega hinar lakari tegundir, í hæfa markaðsvöru. Er sá styrkur, sem ég fer fram á, ekki nema hluti andvirði véla, sem þarf til þess að gera megi íslenzkt prjónles jafnblæfallegt og samskonar erlenda vöru, en það er öllum ljóst, að útlit vörunnar skiptir miklu máli um söluhæfi hennar. Ég get þess, að ég hefi bæði innlendan og erlendan markað fyrir slíka vöru, sé hún fallega tilhöfð og að blæ svipuð sömu erlendu vöru, og er sennilega von um, að sala á henni myndi geta aukizt bæði hér og þar.

Fjárveitinganefnd efri deildar hefir ekki sinnt þessari beiðni minni, og sný ég mér því nú á elleftu stundu til háttvirtrar iðnaðarnefndar með beiðni um, að hún taki að sér málið, enda þótt í eindaga sé komið. Vegna naumleika tímans verð ég að láta mér nægja að vísa til ofangreindra bréfa minna til fjárveitinganefndar.

Ég treysti mér vegna áhættunnar ekki til þess að kaupa þessi verkfæri af eigin rammleik, og neyðist ég því, ef mér ekki verður veittur þessi styrkur, til þess að taka upp samskonar vinnuhætti eins og

aðrar samskonar verksmiðjur hér á landi gera, þótt mér sé það mjög um geð. Verksmiðja mín hefir hingað til verið eina pljónlesverksmiðja landsins, sem eingöngu hefir unnið úr íslenzku efni, en aðrar hafa unnið úr erlendu efni. Það efni er hvergi nærri eins blæfegrunarþurfi sem íslenzka efnið, og má, ef unnið er úr því, komast af án ofangreindra véla. Ég hefi haft fullan vilja á því, að reyna að gera óhentugt íslenzkt efni að vel seljanlegri vöru. En ef mér bregzt sú von, að hinu opinbera þyki þessi viðleitni mín nokkru skipta, verð ég auðvitað að snúa mér að erlendu efni til þess að vera samkeppnisfær.

Ég treysti háttvirtri nefnd til þess að gera hið bezta í málinu.

Virðingarfyllst.

Bogi A. J. Þórðarson.

Eins og sjá má af þessu bréfi, er hér um að ræða tilraun til að fá markað fyrir framleiðsluvöru íslenzkra bænda, sem erfitt er að fá með öðrum hætti, en bréfritarinn telur víst, að meiri markaður fáist fyrir, ef svo er unnið úr ullinni eins og í bréfinu segir. Ég hefi leyft mér að bera þessa till. fram sem nm. í iðnn., þótt mér hafi að vísu ekki gefizt tækifæri til að bera mig saman við meðnm. mína, en ég tel víst, að þeir muni vera mér sammála um það, að rétt sé, að þetta mál geti komið til afskipta d. við atkvgr., enda vænti ég þess, að hv. frsm. geri grein fyrir því, hvernig fjvn. lítur á málið, því að hún mun hafa athugað það nokkuð.

**Pétur Magnússon:** Ég á 3 brtt. á þskj. 733, sem ég skal gera grein fyrir með nokkrum orðum. Sú fyrsta þeirra er við 14. gr. A. b., nýr liður, þess efnis, að veittar verði 1200 kr. til Síðumúlakirkjusafnaðar, vegna sérstakra fjárhagsvandræða út af kirkjubyggingu. Þessi söfnuður er einhver minnsti söfnuðurinn í landinu, telur eitthvað um 10 bæi, flesta efnalitla. Kirkja var byggð þarna 1926, og kostaði á 9. þús. kr., en svo illa vildi til, að efnið, sem hún var klædd með innan, reyndist ónothæft, svo að raki komst að því og varð að rífa það innan úr og kosta til þess miklu fé. Hinsvegar hefir þingið farið inn á þá braut að styrkja Kvennabrekkusöfnuð í Dalasýslu, sem líkt stendur á fyrir, og mælir öll sanngirni þannig með því, að þessi fátæki söfnuður verði einnig styrktur. — Ég ber fram varatill., um 1000 kr. styrk, ef 1200 kr. skyldi þykja of mikið.

Önnur till. mín, XVII, fer fram á það, að Ágústi Sigurðssyni verði veittur 1200 kr. námsstyrkur. Þessi piltur er búinn að stunda nám í 4—5 ár, að því er ég ætla, og hefir hann lagt stund á norðurlandamálin. Mér er hann ókunnugur að öðru en eftir sögusögn annara, en mér er sagt, að hann sé hinn efnilegasti maður, enda hefir hann hlotið góðan vitnisburð kennara sinna. Mér er og kunnugt um það, að hann hefir fengizt nokkuð við kennslu og hlotið mikið lof sem kennari. Ágúst er sonur séra Sigurðar heitins í Lundi, sem dó fyrir 2 árum. Var séra Sigurður efnalítill maður, svo að sonur hans mun ekki hafa fjárstyrks að vænta þaðan, og getur það þannig leitt til þess, að hann verði að hætta námi, ef honum er synjað um þessa hjálp. Jafnframt er á það að líta, að ekki er ástæðulaust, að hingað komi maður með fullkomna þekkingu í norðurlandamálunum, því að full þörf mun hér á færum kennara í þessum málum. Þriðja till. mín á þessu þskj., XXXVIII, fer fram á það, að Sigurði Sigurðssyni skáldi frá Arnarholti verði veittar 800 kr. Við 2. umr. flutti ég till. um það, að þessu skáldi væri veittar 1000 kr., en sú till. var felld. Ég gerði þá grein fyrir, á hverju ég byggði þessa till., og skal ég ekki endurtaka það.

Loks flyt ég skrifl. brtt. þess efnis, að Árna Skúlasyni verði veittar 500 kr. til framhaldsnáms í húsgagnasmíði. Var það hv. 1. þm. Árn., sem bað mig um að koma þessari till. á framfæri, og hefi ég fengið frá honum styrkumsókn Árna og ummæli kennara hans, sem hv. þm. geta fengið að sjá hjá mér. Árni lauk sveinsprófi hjá Jóni Halldórssyni árið 1930 með ágætiseinkunn og sigldi síðan til Kaupmannahafnar og hefir hann stundað þar framhaldsnám. Liggja fyrir vottorð frá 2 kennurum hans, sem fara um hann ákaflega lofsamlegum orðum, að hann sé ástundunarsamur, duglegur og efnilegasti smiður og prúður maður á alla lund. Hefir hann nú hug á að fullkomna sig

frekar og stunda nám í Svíþjóð og jafnvel Þýzkalandi, en er þetta hinsvegar ókleift nema með styrk, og þar sem full þörf mun á því að fá hingað húsgagnasmið, færan í sinni iðn, og iðnaðarmenn hafa til þessa lítils styrks notið af opinberu fé, er ekki nema sanngjarnt í alla staði, að þessi litli styrkur verði veittur.

**Halldór Steinsson:** Ég á hér litla brtt. á þskj. 733, XXXVI, við 17. gr. 19, þess efnis, að veittar verði 300 kr. til sjúkrasjóðs kvenfélagsins á Hellusandi. Undanfarin ár hefir þetta kvenfélag haldið uppi hjúkrunarstarfsemi á þessum stað með styrk úr ríkissjóði, og þarna hagar svo til, að nauðsynlegt er, að slíkri starfsemi sé haldið þar uppi. Er þetta stór kaupstaður, íbúarnir á fimmta hundrað, en læknislaust á staðnum, og þannig mikil þörf þar á hjúkrunarkonu, sem geti leiðbeint í sjúkdómstilfellum. Kvenfélagið er hinsvegar ekki svo statt, að það geti haldið þessari starfsemi uppi án styrks annarsstaðar frá, en styrks hefir það áður notið aðeins úr ríkissjóði, og ef hann leggst niður nú, er ekki annað sýnilegt en að starfsemin verði að hætta. Ég treysti því þess vegna, að hv. d. veiti þennan nauðsynlega styrk, til þess að halda uppi þessari nauðsynlegu starfsemi.

**Jón Baldvinsson:** Ég gerði aðeins tvær aths. við till. hv. 6. landsk., og gerði ég báðar með vægum orðum og mjög vinsamlega, af því að mér fannst till. stefna í rétta átt og sýna einlægan vilja hjá hv. þm. til þess að bæta úr ástandinu, en hinsvegar bjóst ég við, að hv. þm. hefði ekki athugað til fulls, að þessar 10 þús. kr. á að taka af atvinnubótafénu, sem samkv. till. fjvn., er vafalaust verður samþ., verður ekki nema 300 þús. kr., og þessum 10 þús krónum, sem ráðstafa á á þennan sérstaka hátt, fylgja aðrar 20 þús. krónur, sem er hið tvöfalda framlag sveitar- og bæjarsjóða á móti ríkissjóðsframlaginu, svo að atvinnubótastyrkurinn minnkar í raun og veru um 30 þús. kr. Var þetta fyrri aths., sem ég gerði við þessa till. hv. 6. landsk., en síðari aths. var sú, að ekki væri víst, að þessir menn hefðu fé að leggja fram á móti til þess að kosta sig á skólunum, og hv. 6. landsk. játaði þetta rétt að vera, en hafði orð á því, að aðstandendur piltanna eða sveitarfélögin gætu annazt það, án þess þó að hv. þm. skýrði þetta neitt nánar. Nú er það einu sinni svo, að þótt sveitarstj. hafi l. skv., eins og ég einmitt tók fram, rétt til að ákveða, að sveitarstyrkur veittur undir sérstökum kringumstæðum sé ekki fátækrastyrkur, og ég hefi oft séð slíkar aths. í bókum fáætkran. hér., er hér engu að síður um sveitarstyrk að ræða, þótt hann hafi ekki réttindamissi í för með sér, sem ég veit, að ungum og áhugasömum mönnum fellur þungt, sem vilja áfram og ryðja sér braut í lífinu. Ég veit, að ungum mönnum þykir hart að heyra utan að sér, að þeir séu kostaðir af sveitinni, enda þótt ekkert sé við það að athuga í sjálfu sér.

Þessar vinsamlegu aths. mínar tók hv. 6. landsk. sem ég talaði af mestu illgirni um till. hans, því að hv. þm. var að tala um það, að ég hefði verið að hártoga orð hans og væri jafnvel hjartveikur út af till., og ýmislegt fleira sagði hv. þm. í þessu sambandi, og hafði ég þó farið mjög vinsamlegum orðum um till., en að vísu látið það í ljós, að hér væri verið að klípa af atvinnubótafénu, sem alls ekki má minnka, en minnkunin verður allmikil með till. hv. þm., því að ég býst við, að till. fjvn. verði samþ.

Ég er sammála hv. 6. landsk. um það, að æskilegt væri, ef hægt væri að beina ungu mönnunum, sem ekkert hafa að gera, til viðfangsefna, sem gætu vakið áhuga þeirra fyrir störfum og að beina sér braut í lífinu, enda hafa margir kaupstaðarbúar mikinn áhuga fyrir búskap, sem og er eðlilegt, því að víða er skammt í sveitina, og meiri hl. Rvíkinga er t. d. barnfæddur í sveit. Og það er ekki aðeins, að með þessu sé ungu mönnunum forðað frá atvinnuleysinu, heldur er þeim einnig forðað frá því mikla böli, sem m. a. leiðir af atvinnuleysinu, að þeir leiðist til að ganga á hönd þeim öfgaflokkum, sem nú eru risnir upp í landinu og vilja rífa niður þjóðskipulagið með ofbeldi. Vil ég því styðja að þessari hugmynd hv. 6. landsk., þótt mér sé hinsvegar meinilla við að missa þetta fé af atvinnubótastyrknum (**JónJ:** Á að senda alla kommúnista og nazista upp í sveit?).

**Guðrún Lárusdóttir:** Það gleður mig, að það ætlar að fara vel á þessu með okkur hv. 2. landsk. að lokum. Að því er það snertir, að þetta fé sé tekið af atvinnubótastyrknum, þá er á það að líta, að ungu mennirnir hafa líka heimtingu á að fá eitthvað að gera, og við hv. 2. landsk. virðumst vera sammála um, að skynsamlegt sé að nota þessa dauðu punkta í lífi þeirra, til þess að láta þá nema eitthvað, sem þeim mætti verða að gagni síðar í lífinu, svo að ég treysti því, að hv. þm. greiði till. minni atkv., og ég býst enda við, að hv. þm. þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því, að þetta verði til að skerða atvinnubótafé mikið, því að ég óttast satt að segja, að ungu mennirnir verði ekki ginkeyptir fyrir þessu, þótt ég hinsvegar voni, að þeir verði svo skynsamir.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég gerði áður grein fyrir því, að hækkunartill. fjvn. næmu 322 þús. kr., en á móti því gerir n. till. um 130 þús. kr. hækkun á nokkrum helztu tekjuliðunum, svo að tekjuhallinn hækkar um 190 þús. kr. eftir till. n. Nú standa hinsvegar svo sakir, að fyrir liggja brtt. frá dm. upp á 900 þús. kr. rúmlega, en þar frá má að vísu draga 300 þús. kr., sem fjvn. gerir till. um til atvinnubóta, þar sem þessi upphæð felur í sér annað og hærra framlag í því skyni, svo að hækkunin verður 600 þús. kr., ef allar hækkunartill. hv. þm. verða samþ. Til viðbótar við þetta koma svo ábyrgðarheimildirnar, sem till. hafa komið fram um og nema um 1 millj. kr. Fjvn. lítur svo á, að því miður verði á þessum örðugu tímum að leggja á móti mörgu, sem æskilegt væri að koma í framkvæmd. Nú verður það að sitja fyrir öllu, að gera mönnum fært að lifa skaplega bæði til lands og sjávar. Hitt verður að bíða betri tíma.

Í sambandi við þetta skal ég svo taka það fram, að þrátt fyrir það, þótt ekki verði hækkaðir útgjaldaliðir frá því, sem fjvn. leggur til, þá býst hún þó við, að einn liður í fjárl. hækki talsvert frá því, sem gert hefir verið ráð fyrir, því að frv. það um breyt. á vegal., sem var afgr. í dag frá þessari d. sem l., felur í sér talsvert aukin útgjöld fyrir ríkissjóð vegna viðhalds vega, en það hefir ekki verið venja hingað til að taka inn í fjárl. útgjöld vegna lagabreyt., sem gerðar hafa verið á því þingi. En þótt það sé ekki gert, þá verður vitanlega að haga till. sínum við fjárl. með hliðsjón af því.

Ég skal svo með nokkrum orðum minnast á þær till., sem hér liggja fyrir, en ég skal játa það, að það verður sumt ekki eins ýtarlegt og vera ætti, því að aðalröksemdin móti flestum þessum fjárbeiðnum er sú, að ekki sé hægt að sinna þeim vegna þess, hve þröngt er í búi hjá ríkissjóði. Má segja um margar till., að þær skipti ekki miklu máli hver fyrir sig, en safnast þegar saman kemur. Um sitthvað hefir n. þó óbundin atkv., af því að henni þótti þar orka nokkurs tvímælis.

Það er þá fyrst á þskj. 733 III, 3000 kr. til fjörefnarannsókna. N. viðurkennir, að þetta sé nauðsynlegt, þó skiptar séu skoðanir um það, að það sé svo nauðsynlegt, að sjálfsagt sé að veita styrk til þess nú. N. hefir óbundin atkv. um þennan lið og sömuleiðis um næstu 3 liði, þar sem ræðir um styrki til heilbrigðismála.

Þá er sjúkrastyrkur eins manns, og er n. á móti þeirri till., þar sem d. hefir áður fellt burt slíka styrki til annara sjúklinga.

Þá er lítilsháttar styrkur til Ferðafélags Ísl. N. vill ekki leggjast á móti þessu, en hyggur, að þetta sé eitt af því, sem megi bíða.

Þá er hér stór liður, sem er að mörgu leyti góður og gagnlegur. Það er bygging radíóvita á Reykjanesi. Þessi sorglegu slys, sem koma svo oft, gera manni erfitt að vera á móti svona hlutum. Engu að síður er þessi liður svo stór, að n. sér sér ekki fært að mæla með honum, þar sem það er ekki heldur með öllu ljóst, að svona viti hefði t. d. forðað hinu mikla slysi, sem varð nú fyrir skömmu suður hjá Grindavík. Auðvitað verður þessi viti reistur fyrr eða síðar, en vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs sér n. ekki fært að mæla með, að það sé gert að þessu sinni.

Þá er önnur stór till. um framlag til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri. Um þessa till. eru óbundin atkv. Það hagar nokkuð sérstaklega til með þetta, því að eftir þeim gögnum, sem lágu fyrir n., þá er því ekki að neita, að þar er um það að ræða, að vernda mikil verðmæti með þess-

um varnargarði, m. a. verðmæti, sem tilheyra ríkinu. Svo sem kunnugt er, á ríkið þarna stóra síldarverksmiðju, og er jafnvel í ráði, að það eignist þar aðra til, og bryggjum þeim, sem þarna eru og tilheyra verksmiðjunni, er stórhætta búin, vegna þess að þar er ekkert skjól til varnar gegn sjógangi. Nú fyrir skömmu hefir ríkið orðið að kosta stórfé til að viðhalda þessum bryggjum sínum. Kunnáttumenn telja, að þessi garður mundi verða örugg vörn gegn þessum skemmdum. N. sér því ekki fært að leggja ákveðið á móti þessari fjárveitingu.

Þá er lítill liður til eins safnaðar. N. getur ekki mælt með þessari till. Að vísu er svipuð till. í fjárl. nú, en n. telur mjög varhugavert að ganga lengra á þeirri leið, því að kunnugt er, að ýmsar kirkjur eru mjög illa staddar. Þetta mundi því leiða af sér margar aðrar slíkar beiðnir, og sér n. sér því ekki annað fært en að leggja á móti þessari till.

Þá kemur geysileg runa af námsstyrkjum, bæði á þessu þskj. og einhverjum fleirum. N. talaði ýtarlega um þetta við 2. umr. og sér alls ekki fært að leggja til, að þessir námsstyrkir verði samþ. Vitanlega mælir margt með sumum þessum till., en n. treystir sér ekki til að gera þar upp á milli. D. hefir viðurkennt, að það væri heppileg stefna, sem n. vildi taka upp og getið var um við 2. umr., og hefir n. nú borið fram till. um að hækka heildarliðinn um 8 þús. kr. Vil ég þá láta þess getið um leið, að n. ætlast til þess, að í þetta sinn muni menntamálaráðið sérstaklega taka til greina þá menn, sem komu inn í fjárl. í Nd., og þá menn, sem hafa verið bornir fram hér bæði við 2. umr. og þessa umr. N. ætlast til, að menntamálaráðið láti þessa menn sitja fyrir öðrum nýrri umsóknum. N. vill taka það fram, að hún lítur svo á, að af þessum styrk eigi engu síður að veita til lokanáms heldur en annars náms, sem nauðsynlegt þykir. N. vonast eftir, að með þessari yfirlýsingu, sem vitanlega gildir ekki sem framtíðarákvörðun, heldur aðeins fyrir þetta eina ár, meðan verið er að koma þessari breyt. á, sem n. telur æskilega, svo að ekki sé hlaupið til þingsins með þessar sérstöku styrkbeiðnir, þá sé þessum námsmönnum tryggt, að menntamálaráðið veiti þeim sérstaklega þennan styrk.

Þá er hér beiðni um styrk til handa Iðnsambandinu. Liðurinn um styrk til verklegs náms erlendis var felldur úr við 2. umr., svo að n. sér ekki ástæðu til að samþ. þetta nú og gerir ekki ráð fyrir, að d. hafi snúizt svo hugur, að hún vilji nú taka þennan lið aftur inn í fjárl. N. hefir ekki heldur treyst sér til að mæla með till. um styrk til Landssambandsins.

Þá er hér styrkbeiðni fyrir verzlunarskólann. Það hefir verið svo að undanförnu, að hér hafa verið 2 verzlunarskólar, og hefir styrkur til þeirra verið látinn haldast í hendur til að gera ekki þar upp á milli. Þessi skóli er fyrst og fremst sóttur af mönnum, sem eiga heima í bænum og hafa þannig góða aðstöðu, þar sem þeir geta dvalið heima hjá sér, þegar þeir stunda námið. N. sér ekki fært að þessu sinni að mæla með þessari styrkhækkun til skólans.

Þá er hér utanfararstyrkur til kennara. Þar sem hann hefir verið tekinn út af fjárl., vill n. ekki fara að taka hann upp á ný. Sama er að segja um styrkhækkunina til sundlaugabygginga. N. finnst nú eins og við 2. umr., að eins og fjárhagurinn er nú, sé 5000 kr. sæmilega hár styrkur og leggur því eindregið á móti frekari hækkun.

Þá koma nokkrir smástyrkir, sem talað var um við 2. umr. og n. vill ekki mæla með.

Þá er styrkurinn til Leikfélagsins, sem n. vill ekki mæla með, með því að ekki verður heldur séð, að það hafi nú með höndum nein viðurkennd merkileg stykki á boðstólum, svo að það hvetur ekki til að hækka styrkinn úr því, sem hann er nú.

Þá er styrkbeiðni til konu í Frakklandi, sem n. sér ekki, að ástæða sé til að veita, með því að henni er ekki kunnugt þar um neina sérstaka verðleika.

Þá kemur hin stóra till. hv. 2. landsk. til atvinnubóta. N. getur ekki fallizt á, að nauðsyn beri til að veita svona mikið fé til þess, með því að hún verður að vona, að atvinnuleysi muni heldur minnka en aukast, þar sem nú lítur heldur blómlegar út, a. m. k. að því er sjávarútveginn snertir, og hinsvegar þykist hún hafa gert þar

allríflega úrlausn með því að leggja til, að veittar séu 300 þús. kr. í þessu skyni. Hv. þm. leggur það líka til, að bæjar- og sveitarfélög leggi ekki meira fram en jafnmikið og ríkissjóður. Nú er það fyrst og fremst hlutverk sveitar- eða bæjarfélaga að sjá fyrir þessum atvinnuleysingjum, en ríkið á aðeins að styrkja þau til þess. N. getur því ekki fallizt á að lækka framlagið, sem á að koma á móti styrknum úr ríkissjóði. N. þykir rétt að taka það sérstaklega fram, að hún lítur svo á, að stj. geti áskilið, að framlagi ríkissjóðs sé að nokkru eða öllu leyti varið til þeirra framkvæmda, sem ríkið verður að annast á þeim stað, þar sem atvinnubæturnar eru veittar. Það virðist sjálfsagt að haga vinnunni þannig, að fyrir utan það, að hún er veitt sem atvinnubót, þá hafi ríkið eitthvert gagn af því, sem framkvæmt er.

Þá er hér till. um styrk til Skógræktarfélags Ísl. N. er nokkuð skipt um þetta, svo að um till. eru óbundin atkv. Það væri æskilegt, að stj. tæki þessi skógræktarmál til frekari athugunar fyrir næsta þing til að koma betra skipulagi á þetta. Nú hefir skógræktarfélagið ráðið til sín mann, sem er mjög efnilegur og hefir lagt mikla stund á þessa grein. Þess vegna er illt að geta ekki notað krafta hans betur en horfur eru á nú.

XXXIV. till. er um styrk til náms í vatnalíffræði. Því verður ekki neitað, að það væri gott og blessað að fá mann, sem væri sérfræðingur í þessari grein. N. leggur ekki mikla áherzlu á þennan lið, en meiri hl. er á móti honum.

Þá er farið hér fram á styrk handa Pétri Sigurðssyni. Um þetta hefir n. óbundin atkv., og sama er að segja um styrkinn til sjúkrasjóðsins á Hellissandi og sömuleiðis um eftirlaunin til einnar prestsekkju, sem till. er um á þessu sama þskj.

Þá er till. um einskonar eftirlaun til Sigurðar Sigurðssonar skálds. N. hefir óbundin atkv. um þennan lið. Þessi styrkur mætti þá helzt skoðast sem verðlaun fyrir hans mikla starf að bjögunarmálunum hér á landi.

Þá er hér á sama þskj. heimildarákvæði fyrir stj. að kaupa hús fyrir póst og síma á Blönduósi. Um þetta hefir n. óbundin atkv.

Þá leggur hv. 2. landsk. til að veita stj. heimild til að leggja fram úr ríkissjóði allt að 10 þús. kr. til útgáfu kennslubóka. N. var ekki kunnugt um, að sérstakur skortur væri á kennslubókum, og telur því, að þetta megi bíða og leggur því á móti till. eins og nú standa sakir.

Þá er lagt til að greiða Jóni Guðmundssyni, eiganda gistihússins Valhallar, þær 5 þús. kr., sem heimilað er í fjárl. 1933, 22. gr., að greiða honum af fé því, sem inn kemur vegna alþ.hátíðarinnar. Um þetta eru óbundin atkv., og líta menn allmisjafnt á þetta. Sumir líta svo á, að Jón Guðmundsson hafi haft hagnað af hátíðinni og þess vegna ekki bein ástæða til að samþ. þessa till.

Þá er hér till. um að veita Jóni Þorleifssyni málara allt að 10 þús. kr. lán til að koma sér upp vinnustofu. Um þetta hefir n. óbundin atkv.

Þá er hér næst till. um lækkun á framlagi eða styrk til hleðslustöðva fyrir útvarpsnotendur, sem ég held, að sé næstum eina sparnaðartill. á þessu þskj. Meiri hl. n. mælir með, að hún verði samþ.

N. mælir með till. um ábyrgð á láni fyrir Vestmannaeyjakaupstað til að stækka þar raforkuveituna.

Þá er hér till. um ábyrgð fyrir allt að 300 þús. kr. láni fyrir þjóðleikhúsið. N. sér ekki fært að mæla með, að slík till. verði samþ. nú, og má gera ráð fyrir, að svo kunni að fara, þó að hagnaður eigi að verða mikill af þessu, þá verði hann nú ekki mikill eins og sakir standa nú á tímum.

Þá er hér till. um ábyrgð fyrir láni til byggingar á öldubrjót á Siglufirði. N. gerir ráð fyrir, að afstaða til þessarar till. fari eftir því, hvernig menn snúast við till. um ríkisstyrk til þessara framkvæmda, sem ég minntist á áðan.

Þá er ábyrgð á láni til að reka tunnuverksmiðju Siglufjarðar. Þessari verksmiðju var í fyrra veittur styrkur upp í stofnkostnað. N. sér ekki fært að mæla með, að ríkið taki neina ábyrgð á slíkum rekstri,þar sem það hefir enga íhlutun um það. N. veit ekki heldur, hversu trúlega er um þetta séð og leggur því á móti till.

Þá eru brtt. á þskj. 746, og er þar fyrst

till. um styrk til læknishéraðs. N. kemur ekki á óvart, þó að svona till. komi fram, eftir því sem fram kom við 2. umr. Þá voru slíkar till. felldar, og vonar n., að d. sé þar sama sinnis um og leggur á móti till. N. sér ekkert frekari ástæðu til að veita þennan styrk, þó að hv. 2. þm. Árn. lýsti því greinilega, að einhver kjarakaup hefði verið gerð á þessu húsi, sem ríkið átti þarna.

Þá er á sama þskj. smátill. frá hv. 2. þm. S.-M., um 1000 kr. framlag til bryggjugerða. N. hefir fengið upplýsingar um, að mikil þörf sé fyrir að fá bryggju í þessu kauptúni, sem hér er um að ræða, og hefir því óbundin atkv. um þessa till.

Þá er till. um einn námsstyrk, og er um hann það sama að segja og aðra námsstyrki.

Þá er hér till. frá hv. 2. landsk., að veita 1500 kr. styrk til útgáfu íslenzk-þýzkrar orðabókar. Meiri hl. n. er á móti þessari till., en ég er dálítið hikandi við það, því að leitt er, ef nauðsynjaverk, sem byrjað er á, þarf að eyðileggjast vegna fjárskorts.

Þá er hér till. um heimild til að styrkja bændur vegna óviðunandi verðlags á afurðum þeirra. Ég hefi áður minnzt á þessa till. og hefir n. óbundin atkv. um hana.

Þá er á þskj. 751 stór till. frá hv. 1. þm. Reykv., sem gerir sér mjög annt um námsstyrki. Það sýnist helzt, að honum þyki aldrei nóg borið þar í. Fyrst leggur hann til, að styrkurinn verði hækkaður úr 16000 upp í 20000, eða gera meira en að tvöfalda þann styrk, sem nú er í fjárl. En honum þykir það ekki nóg, hann vill fastbinda þennan styrk við vissa menn, þá, sem fellt var við 2. umr. að styrkja. Ég vona, að hv. þdm. sjái, að það er ekkert samræmi í því að samþ. þessa till. nú, þar sem hún felldi styrk til þessara manna við 2. umr. Því að hvaða munur er á því að veita hverjum þessara manna styrk út af fyrir sig, eða hækka heildarstyrkinn og binda hann svo við þessa menn? N. leggur á móti till. Hún þykist líka hafa gert úrlausn, þar sem hún hefir lagt til, að þessi styrkur verði tvöfaldaður og hefir gert grein fyrir, hvernig hún vill, að honum sé úthlutað.

Þá er styrkurinn til Veiði- og loðdýrafélagsins. Svo er ætlazt til, að Búnaðarfél. hafi þau mál með höndum og leggur því fjvn. á móti brtt.

Ég býst nú við, að sumum hv. þdm. þyki þetta kaldar kveðjur frá fjvn. En á slíkum tímum sem þessum verður að láta fleira ógert en gott þykir. Þótt brtt. séu flestar lágar, verður heildarupphæðin mikil.

**Jakob Möller:** Ég býst við, að ég geti gengið til samninga við hv. frsm. um brtt. mínar út af námsstyrkjunum. Hann fann það að brtt. minni, að með henni væri námsstyrkjunum ráðstafað fyrirfram til ákveðinna manna. En ég vil mega skilja orð hans svo, að fjvn. hafi fallizt á, að þeir menn, sem komnir voru inn í fjárl., verði látnir sitja fyrir að þessu sinni (**JónJ:** Að svo miklu leyti sem styrkurinn hrekkur til). Ef þetta er meiningin, get ég tekið brtt. mína aftur. Ég get skilið, að n. meti mikils, að ekki séu beinlínis fest nöfn við námsstyrki, þótt hún vilji í þetta sinn láta svo ummælt, að vissir menn séu styrktir til lokanáms. Ef hv. frsm. fellst á þetta, get ég tekið mína brtt. aftur (**JónJ:** Báðar till?) Það er nú víst óhætt að láta atkv. skera úr um hækkunartillöguna, en til samkomulags get ég þó tekið hana aftur.

Út frá því, sem hv. frsm. sagði, að verzlunarskólinn væri aðallega fyrir Rvík, vil ég taka það fram, að þótt flestir nemendurnir séu þaðan, eru jafnan fleiri og færri úr öllum héruðum landsins í skólanum.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Það er rétt skilið hjá hv. 1. þm. Reykv., að fjvn. ætlast til, að þeir, sem komnir voru inn í fjárlög, haldi styrkjum sínum að þessu sinni. Þótt ekki væri ósanngjarnt, að verzlunarskólinn fengi meiri styrk, þá valda erfiðir tímar því, að hér verður að spara sem annarsstaðar, og auk þess virðist standa Rvík nærri að styðja hann, þar sem Reykvíkingar eiga manna hægast með að sækja skólann og gera það líka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Ed., 22. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 733,I.1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 733,I.2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 733,I.3 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 733,II samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónJ, PHerm, PM, BSn, EÁrna, HSteins, JBald.
nei: JónÞ, MT, GL, IP, JakM, GÓ.
Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.
Brtt. 733,III samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ, JónasJ, PM, BSn.
nei: IP, JónJ, MT, PHerm, EÁrna, GÓ.
Brtt. 733,IV.a—b samþ. með 8 shlj. atkv.
— 746,I felld með 7:4 atkv.
— 733,V samþ. með 8 shlj. atkv.
— 733,VI samþ. með 8:5 atkv.
— 733,VII, aðaltill., felld með 7:4 atkv.
— 733,VII, varatill., samþ. með 8:2 atkv.
— 733,VIII felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JBald, JónasJ, MT, PM, GL.
nei: HSteins, IP, JónJ, PHerm, BSn, EÁrna, GÓ.
JónÞ greiddi ekki atkv.
Brtt. 733,IX felld með 7:6 atkv.
— 733,X samþ. með 9:1 atkv.
— 733,XI felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónÞ, JónasJ,PM, BSn. GL, IP, JBald.
nei: MT, PHerm, EÁrna, HSteins, JakM, JónJ, GÓ.
Brtt. 746,II samþ. með 8 shlj. atkv.
— 733,XII þar með ákveðin.
— 733,XIII samþ. með 12 shlj. atkv.
— 733,XIV, aðaltill., felld með 8:3 atkv.
— 733,XIV, varatill., felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, JakM, JBald, JónasJ, MT, PM, BSn.
nei: HSteins, IP, JónJ, JónÞ, PHerm, EÁrna, GÓ.
Brtt. 746,III tekin aftur.
— 733,XVI.a—e teknar aftur.
— 733,XVII felld með 7:3 atkv.
— 733,XVIII.a—b teknar aftur.
— 752 tekin aftur.
— 751,I—II teknar aftur.
Brtt. 733,XV samþ. með 12 shlj. atkv.
— 733,XIX samþ. með 9 shlj. atkv.
— 733,XX.a felld með 7:2 atkv.
— 733,XX.b, aðaltill., felld með 7:5 atkv.
— 733,XX.b, varatill., samþ. með 8:5 atkv.
— 733,XXI.a felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins.
nei: IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, GÓ.
Brtt. 733,XXI.b, aðaltill., felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ.
nei: PHerm, EÁrna, IP, JónJ, JónasJ, MT, GÓ.
Brtt. 733,XXI.b, varatill., felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HSteins, JakM, JónÞ, PM, GL, BSn.
nei: IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, GÓ.
Brtt. 733,XXII.a felld með 7:2 atkv.
— 733,XXII.b felld með 8:2 atkv.
— 733,XXIII samþ. með 9 shlj. atkv.
— 733,XXIV.a—b felld með 7:4 atkv.
— 733,XXV felld með 7:5 atkv.
— 733,XXVI felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JónasJ, PHerm, GL, GÓ.
nei: JónJ, JónÞ, PM, BSn, EÁrna, HSteins, IP, JakM.
Brtt. 733,XXVII felld með 8:3 atkv.
— 761,I felld með 7:6 atkv.
— 746,IV, aðaltill., felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JBald, JónJ, JónÞ, PM, GL, GÓ.
nei: HSteins, IP, JónasJ, MT, PHerm, BSn, EÁrna.
Brtt. 746,IV, varatill., samþ. með 9:3 atkv.
— 733,XXVIII felld með 8:4 atkv.
— 733,XXIX felld með 7:3 atkv.
— 751,III felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, BSn, GL, HSteins, JakM, JónÞ, GÓ.
nei: PM, EÁrna, IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT.
Brtt. 733,XXX samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 733,XXXI felld með 7:4 atkv.
— 759 felld með 7:7 atkv.
— 733,XXXII samþ. með 8:3 atkv.
— 761,II, aðaltill., felld með 7:5 atkv.
— 761,II, varatill., samþ. með 10 shlj. atkv.
— 733,XXXIII.1 felld með 7:5 atkv.
— 733,XXXIII.2 samþ. með 8:2 atkv.
— 733,XXXIV samþ. með 8:4 atkv.
— 733,XXXV samþ. með 10 shlj. atkv.
— 733,XXXVI samþ. með 9 shlj. atkv.
— 733,XXXVII samþ. með 8 shlj. atkv.
— 733,XXXVIII samþ. með 10:3 atkv.
— 733,XXXIX samþ. með 9:1 atkv.
— 761,III samþ. með 10:2 atkv.
— 733,XL samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, HSteins, IP, JBald, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, BSn, GÓ.
nei: JakM, JónÞ, PM, EÁrna.
Brtt. 746,V samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, PM, EÁrna, IP, GÓ.
nei: JakM, JónÞ, BSn, GL.
HSteins greiddi ekki atkv.
Brtt. 733,XLI felld með 7:3 atkv.
— 733,XLII samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁrna, GL, HSteins, JBald, JónÞ, JónasJ, MT, PM, BSn.
nei: IP, JakM, JónJ, PHerm, GÓ.
Brtt. 746,VI samþ. með 10 shlj. atkv.
— 733,XLIII samþ. með 9 shlj. atkv.
— 733,XLIV samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, JónJ, JónÞ, GÓ.
nei: MT, PHerm, EÁrna, IP, JónasJ.
Brtt. 733,XLV samþ. með 10 shlj. atkv.
— 733,XLVI samþ. með 8:2 atkv.
— 733,XLVII felld með 7:3 atkv.
— 733,XLVIII.a samþ. með 12 shlj. atkv.
— 733,XLVIII.b samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JakM, JBald, JónÞ, JónasJ, PM, EÁrna, GL.
nei: HSteins, JónJ, MT, BSn, GÓ.
PHerm greiddi ekki atkv.
Brtt. 760 felld með 8:6 atkv.

**Forseti (GÓ):** Áður en atkv. verða greidd um frv. sjálft, fara nú fram með samkomulagi þingflokka almennar umr. eða svo nefndar „eldhúsdagsumr."

**Jón Baldvinsson:** Það hefir nokkuð dregizt, að umr. færu fram við stj. hér í d., eins og venja hefir verið til nokkur undanfarin ár við 1. umr. fjárl., en nú var því frestað til þessarar 3. umr. Auðvitað er Alþýðuflokkurinn andstöðuflokkur ríkisstj., og sem eini andstöðuflokkurinn hefir hann sitt af hverju að segja til aðfinningar, þegar talað er um þau verkefni, sem inna átti af hendi.

Í Nd. urðu alllangar umr. við 1. umr. fjárl., og var rækilega bent á þær vanrækslur, sem orðið hafa á framkvæmdastjórninni, og má vera, að ég drepi á það að einhverju leyti; en fyrst vil ég víkja nokkrum orðum að valdatöku stjórnarinnar og þeim verkefnum, sem hún hugðist leysa af hendi.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum í fyrra, bárum við þm. Alþýðuflokksins fram vantraust á ríkisstj., þegar stj. taldi ekki þörf á því að leita trausts Alþingis.

Við vildum í fyrsta lagi sýna við slíka atkvgr, að við værum í fullri andstöðu við ríkisstj., og í öðru lagi til þess að láta það koma skýrt fram, hvaða stuðning hún hefði hjá alþm. Framsóknar og Sjálfstæðis. Reyndist það svo, að þeir flokkar stóðu svo að segja óskiptir að stj. og veittu henni traust.

Aðdragandi samsteypustjórnarinnar og fall framsóknarráðuneytisins var öngþveiti það um framgang mála á Alþingi, er stafaði af tregðu Framsóknar til þess að leysa kjördæmamálið, en um það hafði staðið hörð barátta allt frá þingrofinu 14. apríl 1931. Enda lýsti forsrh. því yfir í „program"-ræðu sinni á þinginu í fyrra, að hann teldi sér skylt sem stjórnarforseta að leggja fyrir næsta þing frv. til l. um breyt. á stjórnarskipunarlögum ríkisins, sem fæli í sér sanngjarna lausn þessa máls. Það er vitanlegt, að í fyrra var hægt að knýja fram viðunandi stjórnarskrárbreyt., ef flokkar þeir, Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, sem staðið hafa fyrir kröfunni um breytta kjördæmaskipun síðustu misserin, hefðu látið hart mæta hörðu um afgreiðslu mála í Ed. En Sjálfstæðisflokkurinn kaus

heldur að taka tilboðinu um sameiginlega stjórnarmyndun Framsóknar og Sjálfstæðis, og felldi þar með niður kröfuna um framgang stjórnarskrárbreytinga á því þingi. En í stað þess fékk íhaldið í landinu Magnús Guðmundsson í dómsmálaráðherrasætið, og má segja, að hann hafi þar átt ærið verkefni að vinna fyrir Sjálfstæðisflokkinn, til þess að bjarga ýmsum helztu mönnum íhaldsins undan þeim refsivendi, sem fyrrv. dómsmrh. hafði reitt að þeim, sem hann og trúlega gerði.

En þótt sjálfstæðismenn hafi síðan 1931 látið hátt um áhuga sinn fyrir breyttri kjördæmaskipun, þá hafa þeir þó í tvö skipti á afgerandi augnablikum fellt niður barátttu sína fyrir því máli, í fyrra sinn á þinginu 1931, þegar kjördæmanefndin var kosin — og má afsaka það —, og hið síðara sinni, þegar þeir kusu heldur ráðherradóm handa flokksmanni sínum en lausn kjördæmamálsins.

Að því er sumir sjálfstæðismenn sögðu vorið 1932, þá átti þátttaka M. G. í ríkisstj. að vera trygging fyrir því, að leyst yrði kjördæmamálið á yfirstandandi Alþingi. En þótt Alþingi hafi nú setið lengur en þrjá mán. á rökstólum, þá er sú lausn ekki komin ennþá.

En hverju var það nú, sem ríkisstj. lofaði, þegar hún settist að völdum? Mér finnst rétt að rifja það upp í stórum dráttum, þegar nú er verið að ræða um það, hvernig stjórn landsins hafi farið úr hendi.

Ég hefi áður nefnt eitt atriði úr „prógram"ræðu forsrh.: að hann teldi sér skylt að bera fram stjórnarskrárfrv. er fæli í sér sanngjarna lausn þess máls. Í öðru lagi taldi forsrh. hinni nýju stjórn skylt að gæta alls þess sparnaðar, sem við verður komið, án vansæmdar.

Í þriðja lagi ætlaði ríkisstj. að hafa vakandi auga á aðstöðu atvinnuveganna um viðskipti við önnur ríki og gera í því efni allar þær ráðstafanir, sem í hennar valdi stæðu til að hlynna að atvinnuvegunum.

Þá er að líta yfir feril stjórnarinnar til þess að sjá, hversu henni hefir tekizt að framkvæma loforð sín. Ég kem þá fyrst að stjórnarskrármálinu.

Það er vert að taka eftir orðalaginu á yfirlýsingu hæstv. forsrh. í stjórnarskrármálinu í fyrra. Hann telur sér skylt sem stjórnarforseti að leggja fyrir næsta þing frv. til l. um breyt. á stjórnarskipunarlögum ríkisins, sem feli í sér sanngjarna lausn.

Þessi ummæli mun ráðh. hafa látið falla til þess að friða sjálfstæðismenn. Og það voru ýmsir þá, sem voru svo illgjarnir að geta þess til, að hér væri ráðh. að leika á sjálfstæðismenn. Hann væri í raun og veru búinn að standa við loforð sitt, þegar hann væri búinn að bera fram á þingi frv. til breyt. á stjórnarskránni, sem telja mætti, að fæli í sér sanngjarna lausn þess máls. Og það var því fremur ástæða til grunsemdar, þar sem Framsóknarflokkurinn sendi út opinbera tilkynningu um málið og neitaði því, að um nokkra breyt. væri að ræða hjá flokknum í kjördæmamálinu. En hin „sanngjarna" lausn málsins hlaut að byggjast á því, að eigi færri en þrír öruggir Framsóknarmenn veittu málinu stuðning í Nd. og a. m. k. einn í Ed. Að öðrum kosti var ekki hægt að koma málinu fram. Og þessu þóttust ýmsir sjálfstæðismenn trúa. En ráðh. hefir efnt loforð sitt og borið fram breyt. á stjórnskipunarlögum landsins. En ekki kalla ég það sanngjarna lausn kjördæmamálsins, sem í frv. fólst, og mjög var það gallað á ýmsa lund. En það er satt, að það var í áttina og betra en núverandi skipulag. Og rétt er líka að geta þess, að hæstv. forsrh. virðist áreiðanlega hafa viljað ganga lengra í réttlætisáttina heldur en flokksmenn hans á þingi. En það má víst kalla einsdæmi, að nokkur forsrh. sé svo fylgissnauður í flokki sínum eins og hæstv. forsrh. hefir reynzt í þessu máli, þar sem ekki einn einasti af fimmtán flokksmönnum hans í Nd. vildi líta við þeirri tölu uppbótarsæta, er hann bar fram í stjórnarskrárfrv. sínu. Og þetta er þó mál, sem ég efast ekki um, að ráðh. vilji af alhug reyna að leysa. En stj. hefir fram að þessu ekki reynzt máttug til þess að koma fram viðunandi lausn á kjördæmamálinu, sem hún þó taldi fyrst verkefna sinna, þegar hún tók við völdum fyrir tæpu ári.

Málið var í dag til umr. í hv. Nd. Fundur var settur kl. 1 til þess að fresta fundi

til kl. 5. Nú er nýsettur fundur aftur, og mér er sagt, að búið sé að taka málið út af dagskrá.

Annað atriði í stjórnarskrárræðu hæstv. forsrh. var loforð um að gæta alls þess sparnaðar, sem við verður komið „án vansæmdar".

Á þinginu í fyrra beitti fjmrh. sér fyrir sparnaði á ýmsum þeim framkvæmdum, er bundnar voru með sérstökum lögum og ætlaðar til þess sérstakar tekjur; á ég þar við bráðabirgðabreyt. nokkurra laga, sem samþ. var á þinginu í fyrra og mun vera samþykkt einnig á þessu þingi. Með þessu var kippt burtu fjárframlagi til verkamannabústaðanna og byggingar- og landnámssjóðs, og rofnir með þessu samningar, sem gerðir voru um þetta milli Alþýðuflokksins annarsvegar og Framsóknarflokksins hinsvegar á þinginu 1931, þar sem lögin um tóbakseinkasölu voru samþ. af þessum flokkum með það fyrir augum, að tekjurnar af henni rynnu til verkamannabústaðanna og byggingar- og landnámssjóðs. Þetta var einskonar sparnaður fyrir ríkissjóðinn, sem með lagabreyt. fékk og fær tekjur þær, er sjóðunum voru ætlaðar. En þetta kalla ég ekki sparnað „án vansæmdar", þar sem í fyrsta lagi voru rofnir samningar, er gerðir voru um ráðstöfun þessa fjár, og í öðru lagi gekk þessi sparnaður út yfir verkamenn og bændur, er þannig voru sviptir því fé, er Alþingi hafði ætlað til þess að bæta húsakynni fátækasta fólksins til sjávar og sveita.

Eins og svo margar aðrar þjóðir stynjum við Íslendingar undir atvinnuleysinu. Til þess að bæta úr því, keppast flestallar þjóðir við að halda uppi opinberum framkvæmdum til þess að hlaupa í skarðið þar, sem atvinnuvegirnir bresta með atvinnu. Verja þjóðirnar til þess offjár og miklu meira en annars er gert á hagstæðari atvinnutímum. En hér er stefnan önnur. Hér hefir verið dregið stórkostlega úr opinberum framkvæmdum, svo sem vega- og brúargerðum. Séu tekin árin 1929 og 1930 og borið saman við árið 1932, þá mun það skipta hundruðum þús. króna, sem minna er lagt til þessara framkvæmda árið 1932 heldur en árin, sem ég nefndi áðan. Þó voru góð atvinnuár 1929 og 1930, en aftur á móti stórfellt atvinnuleysi 1932. Ég segi ekki, að núverandi ríkisstj. sé ein sek um þetta, bæði Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa verið sammála um að draga úr opinberum framkvæmdum árið 1932 og yfirstandandi ár. En stj. lætur sér þetta vel líka og hefir m. a. s. forgöngu um slíkan sparnað. Skyldu þessir stjórnmálaflokkar vera það vitrari en stjórnmálaflokkar með öðrum þjóðum, að þeir hafi réttara fyrir sér um að spara opinberar framkvæmdir og auka á atvinnuleysið í landinu þvert ofan í það, sem aðrar þjóðir gera? — Ég held ekki. Og ég vil ekki kalla þetta sparnað „án vansæmdar". En þótt stj. sé aðeins meðsek um samdráttinn í framkvæmdum hins opinbera þessi ár, þá er hún þó sek um annað, sem ekki er betra. Hún hefir á hendi yfirstj. framkvæmda á verkum ríkissjóðs og ræður því, hvaða kaupgjald er greitt í vegavinnu og við aðrar framkvæmdir ríkissjóðs.

Þótt undarlegt sé, þá hefir ríkissjóður ávallt verið tregur til þess að greiða það tímakaup eða dagkaup, sem atvinnurekendur í landinu hafa greitt, og að því leyti verið verra að vinna hjá ríkissjóði fyrir verkafólk. Dálítið hefir þetta verið bætt upp með stöðugari vinnu. En þó ekki nándar nærri til fullnustu. Árin 1930 og 1931 gat stj. Alþýðusambands Ísl. haft nokkur áhrif á það við ríkisstj., að kaupgjald í vegavinnu var hækkað frá því, sem í upphafi var ætlunin. En árið 1932 stórlækkaði kaupið við ríkissjóðsvinnuna, um 20% og sumstaðar meira. Kreppunni var kennt um og getuleysi ríkissjóðs. Harkalega er að farið að gera hvorttveggja í senn, að lækka kaupgjald að fimmtungi og minnka jafnframt framkvæmdirnar, og það eru „landsfeðurnir", stjórn ríkisins, sem að þessu stendur.

Undanfarið hafa bifreiðarstjórar átt kost á því að komast í landsjóðsvinnu austur í sýslum. Kauptaxti þeirra með bifreið er 5 kr. um klukkustund, en kaup það, er þeim er boðið, er aðeins 3,25 kr. um klukkustund og er það miklu lægra en ríkissjóður greiddi í fyrra, og þó náðu bifreiðastjórar þá aðeins mjög óverulegu dagkaupi, þegar kostnaður við bifreið hafði verið dreginn frá. Rétt er að geta þess, að í námunda við helztu

kaupstaði og kauptún, þar sem öflug verklýðsfélög eru, hefir ríkissjóður greitt hærra kaup. Ekki af dyggð, heldur af því, að verklýðsfélögin hafa þar getað haft hönd í bagga um hæð kaupgjalds. En þegar dregur frá þessum stöðum, hefir ríkissjóður getað náð sér niðri.

Þetta er náttúrlega sparnaður, en ég kalla það ekki sparnað „án vansæmdar".

Þessu má líkja við það — þótt ekki sé það bókstaflega eins —, þegar bófar lokka einfalda meðbræður sína á afvikinn stað til þess að ræna þá fjármunum þeirra. Mér finnst hún hafa verið heldur stjúpmóðurleg, umhyggjan, sem ríkisstj. hefir borið fyrir verkalýð landsins, bæði til sjávar og sveita. Kauplækkun og minnkuð atvinna hefir það verið, sem ríkisstj. hefir haft að bjóða þessari fjölmennu stétt þjóðfélagsins.

Ég þykist vita, að ríkisstj. muni benda á, að í núgildandi fjárlögum sé allstór fjárhæð ætluð til uppbótar vegna atvinnuleysis. Ójá, að vísu er fjárhæð ætluð til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, en það var ekki þrautalaust í fyrra að fá ríkisstj. til þess að fallast á þá tillögu, og ekki veit ég fyrir víst enn, hve mikið af því hefir verið notað, en eitthvað mun það vera.

Í fjárlagafrv. því, sem fyrir liggur, er ekkert ætlað til atvinnubóta sérstaklega. Fulltrúar Alþýðuflokksins í Nd. fluttu till. um að veita til atvinnubóta eina millj. kr., gegn jafnháu framlagi annarsstaðar að, og jafnframt heimild handa ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán í sama skyni, handa kaupstöðum og kauptúnum. Sömu till. flutti ég einnig við 2.umr. fjárl. hér í hv. Ed. En framsóknarmenn og íhaldið, nær undantekningarlaust, gengu á móti þessum till. og felldu þær með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. gegn atkv. okkar Alþýðuflokksþm. og örfárra annara.

Nú hefi ég borið fram og talað fyrir till. um fjárveitingu til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, að upphæð 750 þús. kr., gegn jafnháu tillagi annarsstaðar frá og með sama formála og áður segir.

Það hafa verið leidd að því sterk rök, að atvinnuástandið í landinu sé svo bágborið, að full þörf sé á svo mikilli eða enn meiri fjárhæð, til þess að allt slampist þó nokkurn veginn af, eftir því sem nú verður séð. En engin rök duga.

Hv. fjvn. þessarar d. hefir nú við síðustu umr. borið fram till. um 300 þús. kr. fjárveitingu til atvinnubóta, hefir sú till. nú verið samþ. Þykjast þeir þá víst gera vel. En ég vil óska og vona, að ástandið í landinu hjá okkur verði ekki verra en það á næsta ári, að þessi fjárhæð dugi til að bæta úr brýnustu þörfum hjá atvinnulausu verkafólki. En því miður býst ég ekki við því, eins og ástandið er nú, og byggi ég það álit mitt á þeim skýrslum um atvinnuleysi, sem fyrir hendi eru, að þessi fjárhæð sé nægilega há. Ýtarlegar skýrslur hafa verið gerðar um fjárhag allra bænda í landinu, og á slíkum skýrslum er svo byggt frv. það um kreppulánasjóð, sem nú liggur fyrir þessari hv. d., og ætlazt er til, að kosti liðlega 12 millj. kr. Auk þess hefir verið samþ. till. um að bæta bændum upp lágt kjötverð á komandi hausti með 400 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði.

Það er fullkomin skylda Alþingis að hlaupa undir bagga með bændastétt landsins, þegar hún er nauðulega stödd. Og fulltrúar Alþýðuflokksins á þingi hafa jafnan verið með um skynsamlegan stuðning við bændastéttina, og mun svo verða áfram. En það má aðeins ekki gera upp á milli þessara aðalstétta landsins. Verklýðsstéttin er engu síður nauðulega stödd en bændurnir vegna langvarandi atvinnuleysis, og því ber Alþ. jafnmikil skylda til þess að taka kröfur verklýðsstéttarinnar til greina, eins og kröfur bændanna. En mér þykir mikið tómlæti ríkja um það hjá hv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar.

Þriðja atriðið í stefnuskrá ríkisstj. var það, að „hafa vakandi auga á aðstöðu atvinnuveganna um viðskipti við önnur ríki, og gera í því efni allar þær ráðstafanir, sem í hennar valdi eru, til að hlynna að atvinnuvegunum".

Það mun nú mörgum landsmanna finnast sem ríkisstj. hafi ekki ávallt haft „vakandi auga á aðstöðu atvinnuveganna um viðskipti við önnur ríki". Þeir munu fleiri, sem því vilja trúa, að ríkisstj. hafi haft lokuð augu fyrir þörf síldarútgerðarinnar íslenzku, þegar hún

beitti sér fyrir samþykkt norsku samninganna. En það mál er svo rætt hér á þingi, að ég mun ekki fara nánar inn á það, en aðeins benda á, að ríkisstj. hefir ekki heldur um þetta atriði stefnuskrár sinnar tekizt að uppfylla þau loforð, sem hún gaf við valdatöku sína.[1])

Á svipuðum grundvelli eru margar af þessum kærum byggðar, og ástæðan fyrir því að gefa út umfangsmikinn lagabálk, svo að hægt sé að dæma menn í sektir eða fangelsi fyrir mótþróa gegn lögreglunni. Undarlegt þótti mér að heyra það, að í vetur, þegar þessi mál voru til meðferðar, þá gat ríkisstj. fullvissað þessa menn um það, að þeir mundu fá skilorðsbundinn dóm, og að stj. gat sagt þetta áður en búið var að rannsaka þessi mál. Atburðirnir 9. nóv. gáfu ríkisstj. kærkomin tækifæri til að koma upp ríkislögreglu. Framsóknarflokkurinn fellst á það einnig að hafa ríkislögreglu hér í Rvík. Þetta mál hefir legið fyrir þinginu all-lengi og er nú á dagskrá.

Ég vil nú minna hæstv. ríkisstj. á það, að hún hefir enga heimild í neinum lögum fyrir greiðslu á fé til þessarar ríkislögreglu. Það fé, sem hún hefir greitt nú til þessa, er mér sagt, að sé um 1100 kr. á dag. Mér er sagt, að það sé á þriðja hundrað þús. kr., sem ríkislögreglan er búin að kosta. En þetta hefir verið greitt til hennar í algerðu heimildarleysi, og því mjög í ósamræmi við þau fögru loforð, sem hæstv. forsrh. gaf við valdatöku sína, þegar hann taldi sér skylt að gæta alls sparnaðar „án vansæmdar". Þetta er jafnmikil eyðsla á hluta úr ári, eins og Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn yfir árið ætla að veita til atvinnubóta fyrir verkalýðinn í landinu, á þessum erfiðu tímum. Það hefir verið samþ. í dag, að lagðar verði til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 300 þús. kr., og í dag mun vera búið að eyða á þriðja hundrað þús. króna til lögreglunnar, svo að eftir árið verður kaup til þessara 100 lögreglumanna orðið meira en það, sem veitt er til atvinnubóta þeim mikla fjölda verkamanna, sem stynur undan böli atvinnuleysisins og fátæktarinnar.

Stjórnarskrármálið situr fast í Nd. og ekki er vitanlegt neinum hvernig eða hvenær það kemur til Ed., eða hvort það gengur fram. Vonandi verður það, en hæstv. stj. hefir ekki tekizt enn að leysa þetta fyrsta atriði á prógrammi sínu. Henni hefir tekizt að spara við fátækasta hluta þjóðarinnar, en það kalla ég ekki, að sé gert „án vansæmdar". En aftur hefir hún eytt stórfé til ríkislögreglu í heimildarleysi og því ekki heldur „án vansæmdar". Ekki hefir hún haft vakandi auga á þörfum atvinnuveganna í viðskiptunum við önnur ríki, heldur þvert á móti lokað augum sínum fyrir þörfum mikils hluta íslenzkra sjávarútvegsmanna, a. m. k. þeirra, sem síldveiði stunda. Þingið er nú búið að standa í 97 daga, og fyrsta stefnumál stj. er enn óútkljáð. Stj. hefir tekizt illa að leiða málin fram á þingi. Hún hefir skaðað með því lýðræðið, sem þjóðin hefir hingað til byggt á, með því að hafa ekki tök á því með flokkum sínum að leiða helztu málin fram á þingi með hæfilegum hraða. Mönnum hefir með réttu fundizt, að þingið hafi sýnt tómlæti við afgreiðslu mála. Alls ekki er hægt að afsaka það með því, að stj. hafi ekki nægilegt fylgi í þinginu. Bak við stj. standa 38 þm. í 2 flokkum, en aðeins 4 þm. eru í andstöðu við hana. Það hefir ekkert komið fram, sem bendi til annars en að stj. hafi þetta fylgi. Þetta seinlæti stj. hefir komið óorði á þingið, sem hefir gefið öfgaflokki í landinu byr undir báða vængi, sem getur orðið þjóðinni til skaða og þinginu til skammar.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég þarf ekki mörgu því að svara, sem hv. 2. landsk. sagði. En hann beindi þó til mín nokkrum orðum í lok ræðu sinnar, sem koma við minni dómsmálastjórn, og ég vil svara örlitlu.

Hv. ræðumaður reyndi að láta það í veðri vaka, að það mundi hafa verið mitt erindi í stjórnarsætið að afturkalla mörg mál, sem fyrirrennari minn hafði höfðað á móti ýmsum merkum borgurum hér í bæ. Hv. síðasti ræðumaður var þó svo

1) Hér vantar kafla í ræðuna, sem var flutt af blöðum og útvarpað. Var ræðukaflinn afhentur þingskrifara, en hefir glatazt. Heldur ræðan þar áfram, sem deilt er á ríkisstj. fyrir ríkislögregluna. — JBald.

sanngjarn að geta þess, að ég afturkallaði ekki það mál, sem fyrirrennari minn hafði höfðað gegn mér sjálfum, og svo sanngjarn að segja, að ég væri algerlega hreinn af þessu máli eftir dóm hæstaréttar. En hitt fór hann rangt með, að öll önnur mál, sem hann minntist á, hefði ég afturkallað. Ég býst við, að hann muni það vel, að það voru höfðuð mál á móti 5 framkvæmdastjórum Kveldúlfs, og hann veit vel, að dómur hefir gengið í þeim málum, og að það voru sýknunardómar. Þau mál, sem hv. 2. landsk. á við hér, geta því varla verið önnur en mál þau, sem höfðuð voru gegn fyrirrennurum hans í Ísl.banka. Ég veit ekki, hvort það er vel viðeigandi af honum að fara út í þau, læt það ósagt og ræði þau ekki hér, nema sérstakt tilefni gefist, en ég vil aftur á móti benda á, að ég hefi í útvarpsræðu í Nd. fært sönnur á réttmæti þeirri ráðstafana, sem gerðar voru um þau mál, og hefir enginn hreyft andmælum gegn þeirri ræðu minni. Læt ég nægja að vísa til þess, sem ég þá sagði.

Hv. þm. sagði, að það hefði kannske verið rétt að afturkalla Íslandsbankamálið, a. m. k. vildi hann ekki rengja það. Og þá er ekki hægt að deila við hann um það. En ekki hlýðir fyrir hv. þm. að álasa fyrir afturköllun máls, sem hann hefir lýst yfir, að hann viti ekki nema að hafi verið rétt að afturkalla.

Hv. 2. landsk. nefndi ennfremur nokkur önnur mál, svo sem Keflavíkurmálin og Bolungavíkurmálið og áleit, að ekki hefði verið gert neitt til að rannsaka þau. Mér kemur undarlega fyrir, að hann skuli álasa mér fyrir Keflavíkurmálin. Þau voru löngu komin upp áður en ég tók ráðherrasæti. (JBald: Eru þau hjá dómsmrn. ennþá?) Að vísu. En telur ekki hv. þm. réttara að beina sök þangað, sem hún á heima, heldur en að beina þeirri sök að mér, sem ég ekki á. Ef það er sama, hvort ég er sekur eða saklaus um þetta, þá getur hann talað svo um þetta mál eins og hann gerði. Um Bolungavíkurmálið er það að segja, að það hefir verið rannsakað, en ég veit ekki, hvort því er lokið.

Hv. þm. nefndi ennfremur nýtt mál úr Vestmannaeyjum. En ég verð að segja honum, að hann er fullbráðlátur, ef hann heimtar slík mál afgreidd á 2—3 dögum, og svo mikið er víst, að hann gerði ekki slíkar kröfur til samherja síns, fyrrv. dómsmrh. Ég frétti satt að segja fyrst um þetta mál í dag, svo að varla getur talizt sanngjarnt að ætlazt til, að ég sé búinn að afgreiða það ennþá.

Þá talaði hv. þm. um, að afturkölluð hefðu verið mál gegn þeim, sem fyrrv. dómsmrh. hafði fyrirskipað málshöfðun gegn, en hinsvegar hafi ég látið reka 30 mál út af óeirðunum 9. nóv. Hv. þm. gaf jafnframt í skyn, að þetta sýndi, að tvennskonar réttlæti ríkti í landinu, annað fyrir ríka, en hitt fyrir fátæka. En af því að hann lét sem sakarefni hefðu verið lítil 9. nóv., svo lítil, að aðalsakarefnið hefði verið, að einhver hefði sagt: „Þarna kemur Jakob Möller", þá vil ég lesa upp fáein læknisvottorð lögregluþjónanna af mörgum, og þá sézt, hvort þessi orð hafa verið aðalorsökin til málshöfðananna. Annars gátu þessi orð verið bending um að ráðast að þessum bæjarfulltrúa. En nú var sá maður, sem þessi orð talaði, sýknaður, svo að þessar röksemdir hv. 2. landsk. hrökkva nokkuð skammt.

Vil ég þá lesa hér 2—3 vottorð af handa hófi. Vottorðin eru 20—30 alls.

„Jakob Björnsson lögregluþjónn handleggsbrotnaði á vinstra framhandlegg þann 9. þ. m. (fractura ulnæ). Verður hann sennilega ófær til vinnu 6 vikna tíma í allt.

Reykjavík 30/11 '32.

B. Gunnlaugsson
læknir.

Meiðsli þau, sem Sigtr. Eiríksson lögregluþj. varð fyrir 9. nóv., voru:

Háls- og bakvöðvar voru mikið marðir og bólgnir, svo hreyfing í þessum vöðvum var nær ómöguleg vegna sársauka. Á höfði var hann auk þess töluvert marinn. Af áverka þeim, sem hann hafði fengið, er hann mjög máttfarinn í öllum útlimum, og er það enn, má búast við, að hann verði ekki vinnufær fyrr en eftir 1—1½ mánuð hér frá.

Rvík 7/12 '32.

Ó. Þórðarson.

Meiðsli þau, sem Matthías Sveinbjarnarson lögregluþjónn varð fyrir 9. nóv., voru:

Á enninu, vinstra megin, var djúpur, um 3 cm. langur skurður. Á hægri upphandlegg var bólginn og marinn blettur, sömuleiðis á hægri framhandlegg. Höndin sjálf var bólgin. Á vinstri handlegg voru víða marblettir.

Meiðsli þessu er ekki enn að fullu bötnuð. Sérstaklega er baugfingur hægri handar aumur og sár við hreyfingu.

Rvík 30/11

Ó. Þórðarson.

Einn lögregluþjónninn nefbrotnaði, og liggur fyrir vottorð um það, annar herðablaðsbrotnaði og þriðji handleggsbrotnaði, og yfirleitt má sjá, að flestir lögregluþjónarnir voru meira eða minna meiddir og því óstarfhæfir.

Hvað átti nú stjórnin að gera, er lögreglan var orðin óvíg annað en að stofna aðra lögreglu, þótt fjárveitingarheimild væri ekki fyrir hendi? Efast ég ekki um að þingið veiti þetta fé af fúsum vilja eftir á. Það hefir oft komið fyrir áður, að stjórnin hefir greitt fé upp á væntanlegt samþykki þingsins. Og ég veit, að allir þm., og líka hv. 2. landsk., eru sannfærðir um það í hjarta sínu, að þetta var óhjákvæmileg ráðstöfun hjá stjórninni. Og auðvitað varð að refsa þeim, sem meiðslunum ollu.

Afstaða hv. 2. landsk. gagnvart lögreglunni er annars næsta undarleg, og ólík afstöðu jafnaðarmanna annarsstaðar. Sem dæmi má nefna, að út af væntanlegum óeirðum á suðurlandamærum Danmerkur er ríkislögregla aukin þar í skyndi um 100 menn, og eru þessi landamæri þó ekki löng. Þetta gerði jafnaðarmannastjórnin danska.

Mér kom það undarlega fyrir, er hv. 2. landsk. talaði um, að ég væri hlutdrægur. Hann talaði um það glottandi, að 5 sakamálskærur lægju fyrir á sjálfan sig. Hefi ég fyrirskipað sakamál út af þessum kærum, þó að hann sé Alþýðuflokksmaður? Hvað veit hann um, hve margar kærur ég hefi látið niður falla á Alþýðuflokksmenn? Ekki neitt. Þar kemur málstaðurinn einn til greina, og ekkert annað.

Ég þarf ekki að víkja að þeim atriðum í ræðu hv. þm., sem hann beindi til hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh. En út af því, að hann álasaði stj. fyrir það, að stórmálin leystust ekki, vil ég segja honum það, að það er alvanalegt, að lausn stórmála bíði síðustu daga þingsins, svo að það er enn of snemmt fyrir hann að hlakka yfir þessu. Stjskrármálið verður ekki leyst nema með samkomulagi. Hv. þm. heldur því fram, að hægt hefði verið að leysa það með hörku í fyrra, en það er ekki rétt. Það var að vísu hægt að fella önnur mál, en það er annað að leysa stjskrármálið. Eftir 110 daga þóf urðu stjórnarskiptin í fyrra. Hv. þm. nefndi, að þetta þing hefði þegar setið í 100 daga. Ég þykist hafa ástæðu til að vona, að stórmálin leysist einmitt á þeim fáu dögum, sem þingið kann að standa fram yfir 100 daga.

**Jón Þorláksson:** Ég hefði viljað nota tækifærið til að gera að umtalsefni nokkur atriði, sem standa í nánu sambandi við fjárl. og fjárhag ríkisins.

Aðfinnslur geta komið fram í tvennskonar tilgangi: til þess að deila á og rífa niður, og til þess að vanda um, svo að um verði bætt og uppbyggt. Mín aðferð verður af síðara tæginu. Stafar það auðvitað af afstöðu minni til stj., og auk þess liggur það í skapferli mínu, að mér er geðfelldara að reyna að fá umbætur en að greiða högg fyrir það, sem ekki verður úr bætt.

Við 2. umr., er nál. fjvn. lá fyrir, sagði frsm., að höfuðatriðið væri að afgreiða fjárl. tekjuhallalaust. Þetta ætti og svo að vera, en það getur því aðeins orðið, að þingið gæti þeirrar skyldu að taka öll sjáanleg útgjöld ríkissjóðs upp í frv. Hitt er að villa mönnum sýn, ef stofnað er til ýmissa útgjalda í sérstökum lögum eða heimildum í síðustu greinum fjárlfrv. Um þetta álít ég, að þingið hafi ekki verið nægilega skyldurækið á síðari árum, og fjárl. því ekki sýnt nægilega skýra mynd af útgjöldum ríkisins. Fjárhagur ríkisins er flestum áhyggjuefni, og mér ekki síður en öðrum. Auknar skuldir ríkissjóðs og versnandi afkoma atvinnuveganna kom svo ljóst fram á síðasta þingi, að auðsætt var, að hverfa varð af þeirri eyðslubraut, sem farin hafði verið árin 1928—1932. Var því reynt af Sjálfstæðisflokknum að koma því til leiðar, að athugað væri, hvar mætti spara, annaðhvort

með beinum niðurfærslum eða þá skipulagsbreytingum. En gegn þessu kom fram mótstaða, sem mér var alveg óskiljanleg. Þó var skipuð 3ja manna n. til að athuga þessi mál. Frá nefndinni kom svo þáltill. á þskj. 562 á þinginu 1932, þar sem skorað var á stj. að láta jafnan fylgja fjárl.frv. annað frv. um tölu starfsmanna, er hafa þyrfti við hverja grein ríkisstarfrækslunnar. Ég beitti mér fyrir því, að þetta yrði gert í sambandi við núgildandi fjárl. þótt það fengist ekki. En umr. fólu í sér loforð um að þetta yrði gert nú og hér eftir. Ég sakna þess, að stj. hefir látið undir höfuð leggjast að bera nokkurt slíkt frv. fram. Ég veit að slík lagasetning knýr fram athugun á því, hvaða starfsmanna er þörf og hverra ekki. Það, að þetta hefir fyrirfarizt, knýr fram ótta um, að þessi athugun hafi ekki farið fram, og tel ég það illa farið, og skora því fastlega á stj. að láta þetta mál ekki niður falla, heldur taka það þegar til athugunar.

Þá vil ég víkja nokkuð að strandferðunum. Mér er að vísu kunnugt um, að hið síðasta ár hefir verið reynt að gæta þar ýtrasta sparnaðar með því að draga úr ferðunum og láta annað skipið liggja oftast nær. En mér var ljóst, að hér þyrfti skipulagsbreyt. á þann hátt að ná samningum við Eimskipafélagið um að taka að sér strandferðirnar fyrir eiginn reikning. Ég sakna þess, að ekkert í þessa átt hefir komið fram frá hæstv. stj.

Í sambandi við þetta vil ég minnast á þá stofnun ríkisins, þar sem öllum landsmönnum til undrunar hefir haldið áfram sama lélega stjórnin og hóflausa eyðslan og áður. Ég veit, að allir skilja, að ég á við útvarpið. Ég vil ekki eyða orðum að þeirri sorgarsögu, þegar það vitnaðist fyrir harðfengi blaðs hér í bænum, að stjórn þessarar stofnunar hefði ekki sýnt þá ráðvendni í meðferð opinbers fjár, sem verður að krefjast. Ég segi þetta ekki til að ýfa upp sár þess ógæfumanns, sem þetta komst upp um, heldur af því, að hætta er á, að tilfinning almennings fyrir slíkum afbrotum sljóvgist, ef þau eru látin liggja í þagnargildi. Ég get bent á eitt átakanlegt dæmi um þetta. Það, sem varð til að koma þessu útvarpshneyksli upp, var það, að bifreiðarstjóri léði blaði hér í bænum aðgang að bókum sínum, er sýndu, hvernig viðskiptin höfðu farið fram. Skömmu síðar kom yfirlýsing frá stöðinni, er maður þessi keyrði frá, um að stöðin hefði engan þátt átt í því, að þetta kom fram. Þetta kom óþægilega við mig, að velsæmistilfinning almennings skuli vera farin að sljóvgast svo, að menn afsaki það, að misfellur sem þessar komist upp. En fyrir utan þetta, sem ég álít, að hæstv. stj., og þá auðvitað sá ráðh., sem það heyrir undir, hæstv. atvmrh., hefði átt að taka fastari tökum á, þá er það á allra vitorði, að við þessa stofnun er eytt meiru fé en vera ber, vegna þess að því er virðist, að forstjórinn er ekki þeim hæfileikum gæddur, sem þarf til þess að stjórna nokkuð umfangsmiklu fyrirtæki, svo að í lagi sé. Þess er heldur ekki að vænta, því við val framkvæmdarstjórans var ekki farið eftir neinum þeim grundvallarreglum, sem auðvitað verður að gæta undir slíkum kringumstæðum, ef vel á að fara. Það var tekinn maður, sem að sjálfsögðu má segja ýmislegt gott um, ritfær vel á íslenzkt mál og hafði verið blaðamaður um langt skeið eftir smekk og óskum töluverðs hluta þjóðarinnar, þó öllum líkaði ekki starf hans á því sviði. En hann hafði aldrei komið nálægt neinu, sem líktist því að stjórna stóru fyrirtæki, sem margt fólk vinnur við, og þar sem sjá þarf um, að ekki sé eytt meiru heldur en nauðsyn krefur. Ég álít, að sérhver stj. verði að gæta þess vandlega að velja aldrei aðra menn til þess að veita fyrirtækjum forstöðu en þá, sem sýnt hafa á einhvern hátt, að þeir séu til þess hæfir. Það má ekki búast við, að stjórn fyrirtækja fari vel úr hendi, ef þessa er ekki gætt.

Ég gæti náttúrlega nefnt ýms fleiri dæmi og fleiri svið, þar sem nauðsyn yfirstandandi tíma krefst, að tekið sé fastari tökum á niðurfærslu útgjalda heldur en hæstv. stj. virðist hafa gert ennþá, en ég læt þetta nægja hvað snertir það efni sérstaklega. Þó get ég ekki leitt hjá mér að gera ofurlitla grein fyrir því, máli mínu til frekari stuðnings, að ég álít, að fjárhagur landsins sé orðið verulegt áhyggjuefni. Í landsreikningi þeim fyrir árið 1931, sem lagður hefir verið fyrir þetta þing, er gerð grein fyrir því, að skuldir ríkisins voru í lok þess árs um 39½ millj.

kr. Þar af voru um 24½ millj. kr., sem gera verður ráð fyrir, að gjaldþegnar landsins verði með sköttum og öðrum gjöldum að standa straum af að mestu eða nær öllu leyti. Eftir því sem ráða má af skýrslu þeirri, sem hæstv. fjmrh. gaf í byrjun þessa þings, ætti að hafa bætzt allt að 1½ millj. kr. þarna við á árinu 1932, og væri þessi skuldabyrði þá komin upp í 26 millj. kr. Ég skal geta þess til samanburðar, að í árslok 1927 mun tilsvarandi skuldabyrði ekki hafa numið hærri upphæð en milli 11 og 12 millj. kr. Ég þykist vita, að margir muni vera mér sammála um það, að þessi skuldabaggi sé nú orðinn það mikill, að það geti í raun og veru á engan hátt verið áhættulaust fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar að auka hann enn meir. En samt er það nú svo, að fyrir þessu þingi liggja lagafrv., sem fara fram á að auka ennþá skuldabyrðina með ráðstöfunum á þessu eina ári um e. t. v. allt að 10 millj. kr. Ég tel það skyldu mína að láta til mín heyra aðvörunarorð út af þessu. Ég er sannfærður um, að það tjáir ekki að líta svo á, að óhætt sé að halda áfram á þessari skuldasöfnunarbraut með þeim hraða, sem verið hefir og virðist ennþá vera, í því trausti, að ekki þurfi annað en leggja á nýja skatta og hækka skatta á landsmönnum. Ég er sannfærður um, að skattaálögur ríkis og sveitarfélaga eru þegar komnar á svo hátt stig, að það er mjög varhugavert að ætla sér að hækka þær meira, og efasamt, hvort stórfelld hækkun fram úr því, sem nú er, mundi verða til að hækka tekjur ríkissjóðs, hvort hún mundi ekki einungis verka í þá átt að lama þá tekjustofna, sem hækkunin lenti sérstaklega á.

Ég vil ekki neita mér um að nota þetta tækifæri til þess að endurtaka, með leyfi hæstv. forseta, þær samþykktir, sem nýlega afstaðinn landsfundur sjálfstæðismanna gerði um þessi mál. Þær hafa að vísu birzt áður opinberlega, en af því ég tel, að þær feli í sér þau grundvallaratriði, sem landsmenn verða nú að hafa fyrir augum við val þingmanna við hverjar kosningar, sem fram fara í náinni framtíð, þá vil ég endurtaka þær hér. Þær eru svo hljóðandi:

„Landsfundur sjálfstæðismanna telur óhjákvæmilegt, að stöðvaður verði tekjuhalli sá, sem verið hefir á ríkisbúskapnum undanfarin ár, og skorar á þingmenn flokksins að beita sér fyrir því máli þannig:

1. Með niðurfærslu á gjöldum ríkissjóðs, einkanlega með burtfellingu óþarfra starfsmanna, samræmingu launakjara og skipulagsbreytingu til sparnaðar, þar sem við verður komið.

2. Með því að leggja niður ónauðsynlegar ríkisstofnanir, eða selja þær og losa þannig fjármagn það, sem nú er bundið í þeim. Vill fundurinn þar með telja tóbakseinkasöluna, viðtækjaverzlunina, landssmiðjuna og ríkisprentsmiðjuna. Þar með leggur fundurinn einnig áherzlu á það, að sem fyrst verði samið við Eimskipafélag Ísl. um, að það taki að sér strandferðirnar fyrir eigin reikning.

3. Með því að afnema innflutningshöftin að öðru en því, sem innflutningurinn takmarkast af óhjákvæmilegum gjaldeyristakmörkunum, en hækka í þess stað, til bráðabirgða, verðtollinn á hinum óþörfustu vörutegundum.

4. Ef óhjákvæmilegt þætti að afla ríkissjóði frekari tekjuauka í bili, telur fundurinn tiltækilegast, að það væri gert með sem lægstum og sem jöfnustum viðauka, eigi yfir 10%, á alla eða flesta núverandi tekjustofna ríkissjóðs.

Ennfremur leggur fundurinn áherzlu á það, að eigi verði með nýrri löggjöf bætt útgjöldum á ríkissjóð, umfram allra brýnustu nauðsyn".

Ég vil nú sérstaklega taka undir þetta síðasta atriði eins og nú stendur á, því það liggja fyrir þinginu æði mörg frv., sem fara fram á aukin útgjöld í ýmsum myndum. Mörg þeirra bíða enn eftir afgreiðslu, og ég álít, að fjárhagur ríkisins heimti það, að við sýnum sem mesta sjálfsafneitun við afgreiðslu þeirra. Að við neitum okkur um sem mest um uppfyllingu þeirra óska, sem fjárhagur ríkisins er í raun og veru ekki fær um að uppfylla.

Þá er eitt mál annað, sem ekki snertir beinlínis fjárhag ríkissjóðs, en hefir þó mjög mikla þýðingu fyrir fjármálalíf landsins, sem ég vil minnast á, og það er verðbréfaverzlunin í landinu og öll sú fjárhagslega starfsemi, sem stendur í

sambandi við fasteignalánastarfsemina í landinu. Aðalstofnun landsmanna á þessu sviði er eins og kunnugt er veðdeild Landsbankans. Hún hefir veitt fasteignalán gegn 1. veðrétti í fasteignum, sem nema nú sem stendur milli 25 og 27 millj. kr. Starfsemi hennar heldur stöðugt áfram, en nú hafa bætzt við hliðstæðar stofnanir til þess að annast fasteignalánastarfsemi á takmörkuðum sviðum, sem er ræktunarsjóðurinn, með útgáfu jarðræktarbréfanna, og svo veðdeild Búnaðarbankans, sem veitir alveg hliðstæð lán í sveitum eins og veðdeild Landsbankans veitir hvar sem er á landinu.

Starfsemi veðdeildar Landsbankans var hagað þannig á árunum 1926 til 1930, að veðdeildin veitti lán gegn 1. veðrétti í fasteignum, að vísu að forminu til í veðdeildarbréfum, en þannig, að aðrar deildir bankans keyptu bréfin af þeim lántakendum, sem þess óskuðu, og var gengi þeirra meðan bezt lét kringum 90 af hundraði, en síðari hlutann af þessu tímabili 87,50 kr. fyrir hverjar 100 kr. nafnverðs. Þetta mátti eftir landshögum öllum teljast viðunandi afgreiðsla á þessu sviði. En seint á árinu 1930 var orðið svo kreppt að öðrum deildum bankans, seðlabankanum og sparisjóðsdeildinni, að þær sáu sér ekki lengur fært að kaupa veðdeildarbréfin af lántakendum eins og áður. Var búizt við, að það ástand yrði aðeins um stundarsakir, og beið því fjöldi manna í nokkra mánuði með að selja veðdeildarbréf sín, í þeirri von, að úr rættist fyrir bankanum, svo hann hæfi bréfakaupin aftur. Þetta brást, og það er skemmst af því að segja, að síðan Landsbankinn hætti að kaupa veðdeildarbréfin hefir hann ekki byrjað á því aftur. Eigi að síður hefir starfsemi veðdeildarinnar orðið að halda áfram, og hafa lántakendur þá ekki átt annars kost en að selja bréfin sjálfir fyrir bezta verð, sem þeir gátu fengið. Hefir því myndazt á þeim nokkurskonar gangverð manna á milli, og hefir það verið allmikið lægra en kaupverð Landsbankans áður. Það hefir jafnvel komizt nokkuð niður fyrir 70 af hundraði það ég veit, og leikur svo þaðan og upp í 75 af hundraði, sem telja má gangverð bréfanna nú.

Það er mjög óheppilegt fyrir atvinnulífið í landinu, og þá sérstaklega fyrir atvinnu þess verkafólks, sem vinnur að byggingum hér í bænum, að það skuli vera eins lítið lag á þessum hlutum og raun ber vitni um. En því geri ég þetta að umtalsefni hér, að til er eitt ákvæði í lögum, sem til þess er sett að gera á þessu þá umbót, sem unnt væri að gera án sérstakra fjárframlaga. Á ég þar við 63. gr. l. um Landsbanka Íslands. Þar er svo mælt fyrir, að þangað til sett verði lög um opinbera verðbréfaverzlun og kauphingsskráningu verðbréfa, skuli bankanum skylt að kaupa af almenningi og selja almenningi trygg innlend verðbréf, sem ræðir um í 29. gr. sömu l., við gangverði, sem ákveðið sé af bankaráði að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar eigi sjaldnar en einu sinni á viku, og birt almenningi með auglýsingu á áberandi stað í aðalafgreiðslustofu bankans og útibúum hans. Þó er bankinn undanþeginn skyldum þeim, er ræðir um í þessari grein, annaðhvort um kaup eða sölu, ef eign bankans í slíkum verðbréfum fer fram úr því eða niður fyrir það, sem framkvæmdarstjórn bankans telur hæfilegt. Ákvæði þessi þýða það, að Landsbankanum er skylt að birta jafnan í afgreiðslustofu sinni annaðhvort það verð, sem hann vill kaupa umrædd verðbréf fyrir, eða sem hann vill selja þau fyrir. Hann er ekki skyldur til að kaupa bréfin þegar hann telur sig hafa nóg af þeim, en hann er þá skyldur til að auglýsa söluverð þeirra.

Það eru nú tilmæli mín til hæstv. stj., að vegna þeirra margvíslegu hagsmuna, sem við það eru bundnir, að öll verðbréfaviðskipti manna á milli fari fram á heilbrigðum grundvelli, sjái hún um, að Landsbankinn vanræki ekki lengur þá skyldu, sem honum er hér lögð á herðar og ekki þarf að kosta hann nein fjárútlát eða óþægindi, svo ég viti til. Ákvæði 63. gr. Landsbankalaganna á að tryggja það, að til sé á hverjum tíma opinberlega skráð verð á þessum verðbréfum, og það skráða verð er þá til leiðbeiningar öllum þeim, sem kaupa bréfin eða selja.

Nú er það svo, að ýmsir opinberir sjóðir leggja fé sitt í kaup á slíkum verðbréfum, og það er hollt og eðlilegt. En það vantar mælikvarða á, hvað stjórnir slíkra

sjóða eiga að gefa fyrir verðbréfin, meðan engin opinber skráning fer fram. Og ég er hræddur um, að nokkur brögð hafi verið að því, að forráðamenn opinberra sjóða hafi gert það fyrir kunningja sína að kaupa af þeim t. d. veðdeildarbréf fyrir talsvert hærra verð heldur en gengi þeirra hefir yfirleitt verið manna á milli á frjálsum markaði. Þeir geta haft það sér til afsökunar, að ekkert skráð verð sé fyrir hendi. Hinsvegar ættu verðbréfakaup opinberra sjóða að verka í þá átt, að halda uppi verði bréfanna almennt, og þar með gera mönnum kost á ódýrari og hagkvæmari fasteignaveðslánum, ef kaupverðið fylgir eftir opinberlega skráðu verði. Ég veit, að það getur staðið svo á um einstaka sjóði í einstaka tilfelli, að réttmætt sé, að þeir kaupi þessi verðbréf hærra verði heldur en skráð er. Svoleiðis var t. d. þegar stjórn lífeyrissjóðs barnakennara tók ákvörðun um að styrkja barnakennara til húsabygginga með því að kaupa af þeim veðdeildarbréf; undir slíkum kringumstæðum tel ég stjórnir sjóða sjálfráðar um, hvaða verð þær kaupa bréfin fyrir. En þegar ekkert slíkt kemur til greina, er ekki hægt að segja, að forráðamenn sjóða fari að eins og vera ber, ef þeir kaupa verðbréf hærra verði heldur en vitanlegt er, að þau eru fáanleg fyrir í viðskiptum manna á milli.

Að lokum ætla ég svo í þessu sambandi aðeins að minnast á löggjöf, sem sett var á síðasta þingi og ég var nokkuð við riðinn, af því ég átti sæti í þeirri n., sem um málið fjallaði, fjhn. þessarar hv. d. Á ég við l. um Brunabótafélag Íslands. Sjóður þeirrar stofnunar er nú orðinn einn af stærstu opinberu sjóðum landsins; fer hann vaxandi og þarf því að koma fé sínu fyrir til ávöxtunar. Í l. þau, sem ég gat um, var sett ákvæði um fjárvarðveizlu þessa sjóðs. Er svo fyrir mælt, að sjóðir félagsins skuli ávaxtaðir í fyrsta lagi sem handbært fé á vöxtum í peningastofnunum, sem fjmrh. samþykkir, og í öðru lagi í tryggum handhafaverðbréfum, sem fjmrh. samþykkir. Ég minnist á þetta í sambandi við það, sem ég sagði um nauðsyn gengisskráningar veðdeildarbréfa og annara slíkra verðbréfa, vegna þess að það þarf að vera svo, þegar stofnanir eins og Brunabótafélag Íslands kaupa slík verðbréf, að verð þeirra geti farið eftir einhverri opinberri skráningu, svo enginn grunur geti komizt að um, að annað verð sé gefið fyrir þau heldur en rétt er. Ég vil ennfremur, út af tilefni, sem nokkurt umtal hefir orðið um í bænum, taka það fram, að ég hefi skilið ákvæði þessarar lagagr. þannig, að með „tryggum handhafaverðbréfum“ sé eingöngu átt við þau handhafaverðbréf, sem tryggð eru með samskonar víðtækri tryggingu eins og veðdeildarbréf Landsbankans og Búnaðarbankans og jarðræktarbréfin, en ekki t. d. handhafaskuldabréf með veði í einstökum fasteignum. Ég vil beina því til hæstv. stj., að hún hafi athugun á því, að þessum ákvæðum sé framfylgt eins og þau eru meint, þannig að sjóðir þessa fyrirtækis og aðrir opinberir sjóðir leggi fé sitt í handhafaverðbréf, sem a. m. k. eru skráningarhæf, þó menn geti enn ekki gert þá kröfu hér, sem alstaðar annarsstaðar er gerð um kaup hins opinbera á slíkum verðbréfum, að þau séu skráð á kauphöllum.

Allt það, sem ég hefi hér sagt, hefi ég eins og ég tók fram í upphafi máls míns, aðeins borið fram af einlægum vilja til þess að beita mínum áhrifum í þá átt, að fjárhagur og fjármál landsins verði leidd og rekin eftir þeim grundvallarreglum, sem ég álít, að þjóðinni sé óhjákvæmileg nauðsyn, að ekki sé vikið frá, ef hún vill leggja trausta undirstöðu að sinni framtíðar velferð. Hitt, að mig hafi langað að veitast að einum eða neinum manni, í ráðherrastöðu eða annarsstaðar, hefir engu ráðið um orð mín.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég skal fyrst geta þess, að það skal verða tekið til athugunar, að Landsbankinn sjái fyrir skráningu á þeim handhafaverðbréfum, sem í umferð eru. Um skeið hefir bankinn ekki gefið upp neitt fast verð á slíkum bréfum, og veldur það baga á ýmsan hátt.

Að öðru leyti vil ég víkja að því, sem hv. 1. landsk. talaði um sparnaðarviðleitni, bæði með niðurfærslu útgjalda og skipulagsbreytingum. Ég skal fúslega játa, að stj. kann að hafa látið ónotuð einhver tækifæri til sparnaðar. Fyrir síðasta þing voru þó lögð fjárlög með all-

verulegri niðurfærslu útgjalda, þó þar væru einnig nokkrar hækkanir á áætlunarupphæðum. Og sá sparnaður, sem ákveðinn var á síðasta þingi eftir till. stj., virðist hafa reynzt það mikill, að hvorki stj. né fjvn. þingsins hafa nú séð stóra möguleika til frekari lækkunar. Hitt er annað mál, að það kann að vera, að með samfærslu ýmissa stofnana væri hægt að spara eitthvað af starfskröftum frá því, sem nú er. Þetta mun verða betur athugað en enn hefir verið gert, en ég vil geta þess, að forstöðumönnum ríkisstofnananna hefir verið lagt það ríkt á hjarta að hafa ekki meira mannahald við stofnanirnar en brýn nauðsyn bæri til, og við stofnanirnar eru nú ekki meiri starfskraftar en minnst verður komizt af með, eftir því sem forstöðumennirnir fullyrða. Nú kann vitanlega að vera, að með samfærslu ýmissa ríkisstofnana mætti spara eitthvað af vinnuafli. Þó get ég ekki tekið undir við hv. þm. um að fella niður tóbakseinkasöluna, viðtækjaverzlunina og landssmiðjuna. Tóbakseinkasalan gefur sennilega á þessu ári 400 til 450 þús. kr. í ríkissjóð. Þetta er heildsöluhagnaðurinn af einkasölunni, og með niðurfellingu hennar mundi ekkert sparað, en þessar tekjur hverfa. Um viðtækjaverzlunina er það að segja, að hún gefur tekjur, sem standa undir kostnaði við útvarpið, sem annars mundi lenda á ríkissjóðnum að greiða.

Það er satt, að landssmiðjan hefir litlar tekjur gefið hin síðustu ár, en þetta stafar í og með af því, að smiðjan hefir verið að bæta við sig vélum og verkfærum og efni til þess að geta leyst af hendi sem fjölbreyttasta vinnu og með því skapað atvinnu fyrir smiðina, einnig á þeim tímum árs, sem minnsta vinnu mundu veita að öðrum kosti. Hv. þm. má ekki ætla, að því minna sem er af ríkisrekstri, því meira sé sparað. Ríkisstofnanirnar ýmist auka eða rýra tekjur ríkissjóðs. Reikningar hins opinbera hækka bæði tekjur og gjöld, milljónunum fjölgar, en þessi aukning er ekki öll áhyggjuefni. Síður en svo. Sumar ríkisstofnanirnar hafa orðið til hagræðis fyrir ríkissjóð, svo verulegu munar, eins og ég hefi nú bent á, og ég vil minna á það í þessu sambandi, að sá tekjuliður í fjárl., sem mestu skiptir almenning í landinu, skattar og tollar, hafa ekki verið auknir með lagabreyt. að neinum mun síðan 1924, og má það heita sérstakt fyrir okkar land. Þá var gerð síðast stórbreyting á tollalöggjöfinni, og þó nú sé alllangt liðið síðan kreppan hófst hér, hefir ekki verið gerð önnur breyt. á tekju- og eignarskatti en 25% hækkunin frá síðasta þingi. Að öðru leyti hefir verið reynt að spara gjöld ríkissjóðs með niðurfærslu á fjárlögum, sem fyrst gætir verulega á yfirstandandi ári, svo væntanlegt er, að betri útkoma fáist en áður. — Það er rétt hjá hv. 1. landsk., að á síðasta þingi var samþ. þál. um það, að fylgja skyldi fjárl. skrá, þar sem taldir væru allir starfsmenn ríkis og ríkisstofnana. Þessi skrá fylgdi ekki fjárl. nú og hefir ekki heldur verið lögð fram sem sérstakt frv. En hún var undirbúin af tollstjóra og tilbúin um það leyti, sem fjárl. fóru frá Nd. Skráin var svo lögð fyrir fjvn. Nd. til athugunar, og hefir n. hugsað sér að bera fram annaðhvort frv. eða þál. um staðfestingu á skránni. Nú mun það sýnt, að n. ber ekki fram frv. um þetta hér eftir, en hinsvegar mun mega vænta þál. í þessu tilefni. Út af því, sem hv. 1. landsk. talaði um hættu á fjölgun starfsmanna ríkisins í sambandi við skrásetningu starfsmannanna, þá vil ég geta þess, að núverandi stj. hefir ekki á þeim tíma, sem hún hefir verið við völd, fjölgað starfsmönnum, hvorki í stjórnarráðinu né við ríkisstofnanir. Ég þori þó ekki að fullyrða, að ekki hafi í einu eða tveimur tilfellum verið bætt manni við í þágu ríkisins, þar sem tilefni hafa verið gefin til þess í lögum frá Alþingi. Hitt hefir komið fyrir, að starfsmönnum hefir verið fækkað, sem ég hirði þó ekki að telja hér. Ég skal þó geta um það, að fækkað hefir verið um einn mann í því ráðuneyti, sem ég veiti forstöðu, fjármálaráðuneytinu. Ég tel því, að ekki sé að óttast tilhneigingu núverandi stj. til þess að fjölga starfsmönnum, sízt að óþörfu. Hitt er vitanlega rétt, að þingið ætti að hafa aðstöðu til þess í sambandi við fjárl. að dæma um fjölda starfsmanna á hverjum tíma, og ég skal ekki bera á móti því, að hentugra muni vera að gera sérstök lög um fjölda starfsmanna, heldur en að samþ. tölu þeirra á hverju þingi frá ári til árs.

Ég get tekið undir það með hv. 1. landsk., að fjárhagur ríkisins er fullkomið áhyggjuefni, ekki sízt fyrir það, að skuldirnar eru þungbærari nú en áður vegna lækkandi verðlags. Skuldirnar eru nú ærið miklar, og ég skal viðurkenna það, að stjórnarskrármálið hefir staðið og stendur í vegi fyrir því, að hitt og annað sé framkvæmt í þinginu, er dregið gæti úr fjárhagsvandræðum ríkisins. Það er vafalaust, að viðureignin um stjórnarskrármálið hefir valdið því, að síður hefir tekizt en ella mundi og þurft hefði að vera að koma á breytingum á gildandi tolla- og skattalögum, en ef þetta þing ber gæfu til að leysa stjórnarskrármálið, þá mun ganga betur að fá lausn fleiri mála.

Hv. 2. landsk. gerði lítið úr því, hvernig stjórnin hefði fylgt eftir stjórnarskrármálinu. Það líður nú að því bráðum, að stjórnin eigi eins árs afmæli. Ég skal ekki segja um það, hvort henni tekst að halda upp á það afmæli, en hitt vil ég fullyrða, að samstarf stjórnarinnar við þingmenn sína í þessu máli er líklegt til að bera fullan árangur. Það má að vísu kannske segja, að það hafi ekki verið nema skylt að koma þessu máli áleiðis, þar sem stj. á nú svo marga stuðningsmenn í þinginu, en því verður þó að bæta við, að þeir hafa ekki allir verið jafntryggir í þessu máli fremur en öðrum. Þegar núverandi stj. var mynduð, tók hún sér fyrir hendur að ganga í milli þingflokkanna í þessu máli, og hver sem úrslit þess verða á þessu þingi, þá er nú lengra komið í áttina til samkomulags en hægt var að gera sér vonir um fyrir ári síðan. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja, þó hv. 2. landsk. haldi því fram, að ég sé fylgislaus í mínum eigin flokki í þessu máli. Ég kæri mig ekkert um að mótmæla hans fullyrðingum, en bið rólegur úrslita í málinu, og ég get meira að segja tekið það fram, að hv. 2. landsk. sjálfur mun vera mjög nærri þeirri lausn, sem er nú að finnast í stjórnskrármálinu.

Hv. 2. landsk. hélt því fram, að stj. hefði brugðizt skyldu sinni með að vera árvök um hagsmuni atvinnuveganna út á við. Ég get þó talið stj. það til heiðurs, að hún hefir gert verzlunarsamninga við tvær af stærstu viðskiptaþjóðum okkar, Norðmenn og Englendinga. Viðskiptasamningurinn við Norðmenn er nú öllum kunnur, einkum fyrir það, að honum hefir verið misbeitt til agitationa gegn stj., en það mun sýna sig, að hann mun verða bændum landsins til mikils gagns með þeim möguleikum, sem hann gefur þeim til að selja afurðir til Noregs. Enski samningurinn verður ekki birtur fyrr en næsta miðvikudag. Þess vegna ræði ég ekki um efni hans hér, en það er mér óhætt að fullyrða, að ekki hefir hér á Alþingi orðið öllu betra samkomulag um annað mál milli hv. þm. nú í seinni tíð en var um þetta mál í lokuðum fundi í Sþ. fyrir fáum dögum. Það er að vísu enn ekki útséð að fullu um þau kjör, sem við fáum hjá Englendingum, en stj. þykist hafa ástæðu til að ætla, að þau verði betri heldur en út hefir litið fyrir síðan Ottavasamningarnir voru samþ.

Þá hefir stj. tekizt að fá miklar líkur fyrir því, að hægt verði að selja héðan frystan fisk til Þýzkalands, sem áður var lítil von um. Fleira hefir og farið fram af viðtölum við erlendar þjóðir um viðskipti við Íslendinga, sem hægt væri að minnast á í þessu sambandi, og ég get sagt hv. 2. landsk. það, að stj. fyrirverður sig ekki fyrir þessa grein starfsemi sinnar. Hv. 2. landsk. segir, að stj. hafi leikið almenning í landinu líkt og bófar, sem kalla menn með sér á afvikna staði, og rekur til þess þau rök, að stj. hafi dregið úr verklegum framkvæmdum. Það er vitanlega ekki ánægjuefni fyrir stj. að þurfa að draga úr verklegum framkvæmdum, en ég minnist þess að hafa heyrt það frá þessum hv. þm., að hann teldi, að framkvæmdir hefðu átt að vera minni hér á árunum en raun var á. En ef framkvæmdirnar hafa verið of miklar fyrir tveimur árum þegar margfalt rýmra var um fjárhag ríkissjóðs en nú er, þá þarf engan að undra, þó að nokkuð dragi úr þeim á þessum tímum. Hv. þm. átti þátt í því, að heimilaðar voru 330 þús. kr. til atvinnubóta á síðastl. ári, og á því sama ári notaði stj. til þeirra hluta 316 þús. kr., svo þar munaði ekki svo ýkja miklu frá því, sem hv. þm. vildi þá vera láta. Heimildina fyrir yfirstandandi ár mun stj. nota eftir því sem brýn nauðsyn krefur, en vitanlega er það ósk bæði stj. og sveitar- og bæjarfélaga, að sem minnst þurfi að

taka til heimildarinnar, og það veit ég líka, að hv. 2. landsk. óskar eftir. Þó hann hafi líkt stj. við bófa, þá hefir hún samt gert sitt til þess að auka atvinnu í landinu og ekki hikað við að taka lán til brúargerða og fleiri framkvæmda. Og fyrir þessu þingi liggur frá stj. till. um heimild til þess að taka útlent lán til þess á yfirstandandi sumri að koma á vegarsambandi frá Rvík og alla leið austur á Síðu. Þetta vegarsamband er slitrótt frá Hvolhreppi og austur á Síðu, og á því svæði eru a. m. k. tvær brýr, sem þarf að byggja, fyrir utan langa og dýra vegakafla, sem þarf að leggja. Þessar framkvæmdir verða vitanlega ekki gerðar nema fyrir lánsfé. Auk þessa hefir stj. létt undir með minni háttar atvinnufyrirtækjum til þess að skapa aukna atvinnu fyrir landsmenn. Sem dæmi má nefna það, að stj. hefir stutt að því, að forráðamenn Landakotseignarinnar hafa fengið 300 þús. kr. lán í Danmörku til spítalabygginga, sem mjög mun auka atvinnu fyrir verkamenn hér í Rvík. Fleira gæti ég talið af þessu tægi, þó ég hirði ekki um að þessu sinni. Það er ekki sök stj., þó Sogsmálinu sé ekki lengra komið áleiðis en raun er á. Mér skilst, að bæði hv. jafnaðarmenn og hv. sjálfstæðismenn í þinginu séu sammála um það, að málið þurfi að rannsaka betur en orðið er, og að þeirri rannsókn muni ekki lokið fyrr en síðla á þessu ári. Stj. hefir líka leitað fyrir um lán erlendis til virkjunarinnar, þó hún hafi engin áhrif haft á það, hvaða virkjunarmöguleiki verði notaður, þar sem það fyrst og fremst er mál meiri hl. bæjarstj. Rvíkur í samráði við sérfræðinga. Ég ætla ekki að telja fleira af þessu tægi, en ég get ekki tekið undir þá spá hv. 2. landsk., að stj. muni með afskiptum sínum af atvinnumálum hafa skaðað álit þingsins meðal þjóðarinnar. Það var hv. 2. landsk., sem bauðst til þess á laugardaginn var fyrir sitt leyti að tefja hitt og þetta af störfum þingsins., ef eitt og annað færi ekki sem honum líkaði. Ef þingið ber giftu til að leysa kjördæmamálið, þá mun ganga greiðar en hingað til um lausn annara stórmála, sem fyrir liggja. Fari svo, að stjórnarskrármálið, kreppumálin og ýms fleiri þýðingarmikil mál verði leyst á þessu þingi, þá mun stj. engan kinnroða bera út af því, að starf hennar á þessu eina ári hafi verið árangurslítið, hvort sem hún situr áfram eða fer frá, þá hefir hún góða samvizku út af því, sem hún hefir gert.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem)**: Hv. 1. landsk. var með ýmsar umvandanir og bendingar til stj. um það, að hún hefði ekki gætt nægilegs sparnaðar í stjórn sinni og ekki sýnt þann undirbúning undir síðustu fjárl., sem hann taldi við eiga. Sérstaklega talaði hann um það, að stj. hefði ekki undirbúið frv. til l. um starfsmannahald landsins, eins og gert hafði verið ráð fyrir undir lok síðasta þings. Stj. bar að vísu ekki fram neitt þesskonar lagafrv., en hún lagði fyrir fjvn. Nd. skrá yfir alla starfsmenn landsins og opinberra stofnana. Fjvn. hefir haft þessa skrá til athugunar og kosið undirnefnd til þess að gera athuganir og till. þar um. Og í þeirri n. á sæti einn af einlægustu sparnaðarmönnum Sjálfstæðisflokksins, og ég held sá þeirra, sem hefir sýnt langmest samræmi í sparnaðartill. sínum. Stj. væntir því, að frá þessari n. komi henni bendingar og leiðbeiningar um ýmislegt, sem betur má fara í sparnaði og ríkisrekstri og mun taka þær till. hennar til athugunar, ef hún á lengi setu.

Það er rétt, sem hv. 1. landsk. sagði, að það er nauðsynlegt að hverfa af eyðslubraut og snúa á sparnaðarbraut. Eftir því fjárlfrv., sem stj. lagði fyrir þetta þing, held ég, að ekki verði um það deilt, að stj. hafi með því sýnt vilja sinn á að hverfa á meiri sparnaðarbraut heldur en áður hefir tíðkazt undanfarin ár. Um hitt er ekki hægt að saka stj., nema þá að litlu leyti, að á þessu þingi hefir ekki að öllu leyti verið haldið fast við sparnaðarbrautina, heldur tekin upp ýms lagafyrirmæli, sem hljóta að hafa æðimikinn kostnað í för með sér. En þau frv., sem til útgjalda leiða, miða flest annaðhvort að því að auka atvinnu í landinu eða til þess að hjálpa atvinnuvegunum í landinu. Skal ég m. a. nefna vegalögin, sem að vísu hafa í för með sér meiri útgjöld eins og þingið hefir gengið frá þeim nú heldur en var í frv. stj. Skal ég þá og nefna þær ráðstafanir, sem nauðsynlegt

er að gera vegna bændakreppunnar og vegna annara slíkra nauðsynjamála fyrir atvinnuvegi landsins. En hitt er rétt, og núverandi stj. mun ekki taka því nema með góðum hug, að henni sé bent á það, að láta fara fram athugun á því, hvar megi helzt spara. Og ég vænti þess, að eftir að fjvn. hefir athugað þær skýrslur, sem stj. hefir lagt fyrir hana um starfsmannahald landsins og kostnað við ríkisstofnanir og aðrar opinberar stofnanir, þá muni verða fundinn grundvöllur, sem megi leiða til nokkurs meiri sparnaðar í ríkisrekstri. Hv. 1. landsk. benti á, að til þess að koma sparnaði fram, mundi þurfa að fara fram skipulagsbreyt. á ýmsum opinberum stofnunum, og er það í samræmi við það, sem stj. hefir einmitt haft í huga, að því er sumar hinar opinberu stofnanir snertir.

Hv. 1. landsk. nefndi aðeins eina stofnun, sem ég hefi með að gera, og það er útvarpið. Hann komst svo að orði, að þar væri í öllu sama eyðslan, sem áður hefði verið, og var svo að skilja, að honum hefði þótt eyðslan þar mikil áður við þá stofnun. Ég skal ekki deila við hann um það atriði, en aðeins benda honum á, að við þá stofnun hafa verið lækkuð laun þeirra starfsmanna, sem ekki eru á föstum lögbundnum launum, til samræmis við laun þeirra starfsmanna, sem hafa búið við lækkandi dýrtíðaruppbót í fyrra og þetta ár. Ég skal og benda á, að við þá stofnun eða viðgerðarstofuna, sem henni er nátengd, hafa verið lögð niður störf 2ja manna eða 2 mönnum sagt upp, öðrum með 350 kr. á mán. og hinum með 400 kr. á mán., og í ráði er nú innan skamms að segja þriðja manninum upp, sem einnig hefir 400 kr. á mán. Hygg ég því, að jafnvel í þeim rekstri, sem hv. 1. landsk. stýrir, sé ekki meira um starfsmannafækkun en hér hefir verið nefnt. Ríkisstj. mun hafa í huga að lækka rekstrarkostnað við allar opinberar stofnanir svo sem henni virðist auðið. En þar eru ýmsir agnúar á. Það hefir þótt hart í farið að segja upp fjölda starfsmanna, sem hafa verið í störfum hins opinbera, en mundu verða algerlega atvinnulausir, ef þeim yrði sagt upp stöðunni. Ríkisstj. hefir þess vegna ekki farið mjög geyst á þeirri leið, en hins vegar notað tækifærið, þegar stöður hafa losnað eða þess verið nokkur vegur á annan hátt að fækka starfsmönnum án þess beint að reka menn út á klakann.

Að stj. hefir í huga sparnað viðvíkjandi þessari stofnun, sem hv. þm. sérstaklega nefndi, verður og séð á því, að í fjárl.frv. stj. var lögð til mjög veruleg lækkun á fjárveitingu til útvarpsins, og stafar það sumpart af því, að stj. hafði í huga að koma þar við meiri sparnaði, og einnig af því, að tekjur útvarpsins fara nú nokkuð vaxandi, sérstaklega tekjur af auglýsingastarfseminni, sem ég hygg, að hafi verið starfað vel að undanförnu. Viðvíkjandi öðrum kostnaði við þessa stofnun skal ég geta þess, að bíll sá, sem keyptur hafði verið af starfsmönnum þessarar stofnunar, var samkv. mínu fyrirlagi seldur, og halli sá, sem lítils háttar varð af þeim kaupum, var ekki greiddur af útvarpinu, heldur af þeim mönnum sjálfum, sem keypt höfðu bílinn.

Viðvíkjandi ýmsum kostnaðarreikningum, sem þessi sami hv. þm. talaði um og átaldi, þá vil ég benda honum á, að þar sem hann hefir eingöngu gegnt fjmrh.embætti, þá mun honum e. t. v. ekki vera kunnugt um þá mörgu ferðakostnaðarreikninga, sem hinum ráðuneytunum oftlega berast frá starfsmönnum hins opinbera. Og ef hann athugaði, hve oft núverandi stj. hefir þótt ástæða til að skera niður ýmsa þá ferðakostnaðarreikninga og aðra slíka reikninga, sem til ráðuneyttanna koma, þá hygg ég, að hann telji þá kostnaðarreikninga, sem hann nefndi af hálfu útvarpsstjórans, ekki eins mikið einsdæmi og hann vildi vera láta, enda hefir einn endurskoðandi landsreikningsins, einmitt sá maður, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefir til þess kjörið, skrifað undir þennan lið landsreikningsins með þeim fyrirvara, að við svo búið mætti standa. Fjmrn. hefir úrskurðað, að útvarpsstjórinn endurgreiddi nokkuð af þeim reikningum, sem inn í útvarpsreikningana komu, og endurskoðanda Sjálfstæðisflokksins þótti þar svo sanngjarnlega í þá úrskurði farið, að hann, þó ég álíti, að honum hafi ekki gengið til nein sérstök velvild í garð útvarpsstjórans, felldi sig við þann úrskurð, sem stj. hafði fellt.

Það er rétt, að stj. hefir ekki vikið frá embættum neinum þeim mönnum, sem sent hafa reikninga til stjórnarráðsins, sem viðkomandi ráðuneyti hefir þótt ástæða til að skera niður og gera aths. við, og hún hefir ekki heldur vikið frá embætti þeim manni, sem hann nefndi sérstaklega. Hún hefir ekki heldur tekið það ráð að leggja niður starf hans, enda hefir þingið ekki sett nein l. um það efni og ekki borið fram neitt frv. í þá átt. En án sérstakra lagafyrirmæla verður slíkt ekki gert. Og stj. eða Framsóknarflokkurinn hefir ekki séð ástæðu til þess að bera slíkt frv. fram, m. a. af þeirri ástæðu, að henni hefir ekki þótt þar gætt fulls samræmis, þar sem nú á þessu þingi hefir einmitt verið gengið að dyrum framsóknarmanna um það, að leggja ekki niður annað embætti, sem ég hygg, að allur þorri landsmanna telji ekki fremur nauðsyn á í þeirri mynd, sem það er rekið, heldur en útvarpsstjóraembættið. Ég skal geta þess, að síðastl. ár hefir ekki verið veitt til rekstrar útvarpsins fram yfir fjárveitingu frá því er þessi stj. tók við, og á þeim tíma, sem liðinn er af þessu ári, hefir heldur ekki verið veitt fram yfir ½ á hverjum mán. af þeirri fjárveitingu, sem í fjárl. er.

Hv. 1. landsk. var með umvandanir um það, að stj. hefði ekki sýnt nógan sparnað. Hv. 2. landsk. var aftur á móti með umvandanir um það, að stj. hefði sýnt of mikinn sparnað, og það m. a. s. sparnað, sem hún hefði ekki mátt leyfa sér og ekki getað leyft sér án vansæmdar. Hann talaði um það, að felld hefði verið niður styrkveiting til verkamannabúastaða og byggingar- og landnámssjóðs. Núverandi stj. getur ekki talið sig eiga sök á því, hvað gert var á síðasta þingi, a. m. k. ekki sá maðurinn í stj., sem settist í ráðherrasæti síðasta þingdaginn.

Hv. 2. landsk. talaði mjög um það, að stj. hefði dregið úr fjárveitingu til vega- og brúargerða. Og hygg ég, að ummæli hans eigi rót sína að rekja að því, að þegar fjmrh. lagði fjárl.frv. fyrir þingið, þá var ekki fenginn lokareikningur yfir það, sem varið hefir verið til vega- og brúagerða á árinu. Nú, þegar lokareikningurinn er fyrir nokkru kominn, kemur í ljós, að þessi ummæli hv. 2. landsk. eiga ekki við rök að styðjast. Á síðastl. hausti voru allmjög auknar vegabætur, sérstaklega á þeim stöðum, þar sem menn úr sjávarþorpum gátu fengið vinnu við, og þá var það nær eingöngu gert með það fyrir augum að létta mönnum á viðkomandi stöðum nokkuð lífsbaráttuna með því að veita þeim atvinnu. Á síðastl. ári hefir verið veitt til vega- og brúargerða 936 þús. kr., og hygg ég, að þegar sú upphæð er borin saman við útgjöld ríkisins yfirleitt, þá verði stj. ekki ásökuð fyrir það, að hún hafi ekki reynt að verja svo miklu fé til vega- og brúargerða sem kostur var á. Þess skal getið, að til þessarar upphæðar tók stj. 150 þús. kr. lán samkv. heimild í l., til brúargerðar. Auk þess hefir stj. varið til símalagninga um 300 þús. kr., og hefir mestur hluti af þeirri upphæð gengið til algengrar verkamannavinnu, þar sem er jarðsímakerfið í Rvík. Hygg ég því, að þó að atvinnuleysið væri of mikið á síðastl. sumri hér í Rvík, þá hefði það orðið allmiklu tilfinnanlegra, ef þeirrar vinnu hefði ekki notið við lengi fram eftir sumrinu og jafnvel fram á vetur. Það er rétt, að stj. hefir tekizt að spara 3 millj. samanborið við árin þar á undan, en sá sparnaður hefir ekki komið fram á vega- og brúargerðum, heldur á dómgæzlu- og lögreglustjórnarliðum.

Hv. 2. landsk. talaði um það, að ríkisstj. hefði átt að auka verklegar framkvæmdir í landinu með því að taka lán. Það má vera, að hans flokksmönnum þyki það lækna meinin að taka stórlán á stórlán ofan. En þar til er fyrst því að svara, að stj. hefir ekki heimild til slíkrar stórlántöku, og í annan stað er stj. ekki þeirrar skoðunar, að lækningin sé í lántökum umfram það, sem mögulegt verður hjá að komast.

Sami hv. þm. talaði um, að stj. eða öllu heldur Framsóknarflokkurinn hefði staðið fyrir virkjun Sogsins. Ég hygg, að núverandi stj. verði þó ekki sökuð um það, að hún hafi viljað seinka því máli.

Þá talaði hv. þm. um það, að á síðastl. vori hefði kaupgjald í opinberri vinnu verið lækkað, og vildi hann halda því fram, að kaupgjaldið hefði verið lækkað allt ofan í 20%. Ég kannast ekki við, að

það hafi verið svo mikið, en það mun hafa verið lækkað víða frá 10—15%, og er það aðeins í samræmi við þá lækkun, sem fór fram á launum allra opinberra starfsmanna ríkisins á því ári, þar sem dýrtíðaruppbót lækkaði svo verulega og laun annara starfsmanna, sem ekki njóta dýrtíðaruppbótar, voru einmitt lækkuð um 15%. Hv. 2. landsk. talaði um það, að hið opinbera hefði verið að þessu leyti verri atvinnuveitandi heldur en atvinnuvegirnir. Ég hygg þetta ekki rétt vera. Vegavinna hefir farið fram úti um sveitirnar og sá sambærilegi atvinnuvegur verður þá framkvæmdir, sem í sveitum eru gerðar, og landbúnaðurinn. Ég hygg, að hið opinbera hafi hvarvetna greitt svipað kaup og sumstaðar jafnvel hærra en goldið hefir verið við almenna landbúnaðarvinnu í sömu sveit. Annars veit ég ekki, hvort bændum landsins væri þægð í því, að gerð væri tilraun til þess að sprengja upp kaupið í sveitunum með því að yfirbjóða þann atvinnurekstur, sem þar er rekinn, með háu kaupgjaldi. Það vill og svo til, að allmikill hluti þeirra, sem að vegavinnu vinna, eru úr sveit, og ég hygg, að þegar bóndinn sjálfur fer að heiman í vegavinnu, þá þykist hann fá allmikið hærra kaup, því við búskapinn mun íslenzki bóndinn vart hafa unnið fyrir meiru kaupi síðastl. ár en sem svarar 16—17 aur. á klst.

Hv. 2. landsk. talaði um það, að hið opinbera hefði ekki greitt sama kaup alstaðar á landinu. Bent var á, að viðvíkjandi vegavinnunni, þá tæki hið opinbera sumstaðar tillit til verkakaupstaxta í nærliggjandi kaupstöðum, en á öðrum stöðum ekki. En þessu er öðruvísi farið. Svo sem öllum er kunnugt, leggja sýslurnar fram mikið fé árlega til þeirra vega, sem standa beint undir stjórn sýslunnar. Og við þá vegavinnu eru sýslunefndirnar algerlega einráðar um kaupgreiðslur. Og þær hafa yfirleitt gert það að skilyrði fyrir sínu framlagi til veganna, að kaupið væri ekki hærra en einhver tiltekin upphæð, sem sýslunefndirnar setja sjálfar. Hjá mörgum sýslunefndum hefir þessi upphæð hlaupið á 60—70, eða 65—75 aurum á klst. Og ríkisstj. hefir venjulega miðað við þetta kaup, sem sýslunefndirnar ákveða hver í sinni sýslu, við þær vegagerðir og umbætur, sem undir hana hafa heyrt. En það segir sig sjálft, að þar sem almennt verkakaup er misjafnt í hinum ýmsu sýslum landsins, þá hlýtur vegavinnukaupið að verða það einnig. Líka má taka það með í reikninginn, að verðgildi peninganna í samanburði við lífsnauðsynjar er langt frá því að vera eins á öllu landinu.

Þá talaði hv. 2. landsk. um það, að stj. hefði ekki verið fús á að veita fé til atvinnubóta. Ég vil mótmæla þessari ásökun. Stj. hafði á síðastl. ári heimild til þess að veita 300 þús. kr. til atvinnubóta. Hún notaði þessa heimild og fór fram yfir hana um 16 þús. kr. Ég held því, að hv. þm. væri nær að skjóta geiri sínum að löggjafarstofnuninni, sem heimildirnar gefur, en að stj. Stj. hefir einnig með viðleitni sinni til þess að útvega þeim kaupstöðum og sjávarþorpum, sem fé hafa getað lagt á móti, lán til ræktunar og ýmislegra annara framkvæmda, sýnt hug sinn í þessu efni. Í fjárl. fyrir yfirstandandi ár hafa 350 þús. kr. verið veittar til atvinnubóta, og var sú upphæð veitt með fullu samkomulagi við hv. 2. landsk. og flokk hans. Og í því fjárlagafrv., sem hér er til umr., er stj. heimilað að veita 300 þús. kr. í þessu augnamiði. Og þegar þess er gætt, að atvinnuhorfur eru nú mun betri en um sama leyti í fyrra, hefir maður ástæðu til þess að vona, að þetta framlag muni reynast nægilegt. En ef svo skyldi ekki reynast, á Alþ. að koma saman í síðasta lagi í febr. næstkomandi, og er þá tækifæri til að bæta við þessa upphæð, ef brýn þörf væri á. Annars heyra atvinnubæturnar ekki undir mitt ráðuneyti, og ber mér því raunar ekki að tala um þær.

Hv. 2. landsk. talaði um það, að stj. hefði látið safna skýrslum um hag bænda, og legði nú til, að veittar yrðu 11—12 millj. kr. þeim til hagsbóta. Ég get nú ekki tekið þetta sem ásökun. (**JBald**: Það var heldur ekki þannig meint.) Ég vænti þess, að hv. þm. styðji stj. eftir því sem hann getur til þess að rétta við hag bændanna eftir því sem geta ríkisins leyfir. Þótt illa sé látið af hag manna við sjávarsíðuna, og það með réttu, þá getur það ekki leikið á tveim tungum, að lægra hefir kaupið verið í sveitinni, nema hjá þeim,

sem miklar tekjur hafa haft af eignum. Og fjöldi þeirra manna, er við sjó búa, hafa þegar fengið þó nokkra kreppuhjálp með atvinnubótum og fleiru, en bændurnir hafa ennþá ekkert fengið.

Stj. var það áhugamál, að fjárlagafrv. sitt sýndi sparnaðarvilja hennar, en henni var jafnumhugað um það, að sá sparnaður kæmi sem minnst niður á verklegum framkvæmdum. Þess vegna hefir hún lagt fyrir þetta þing ráðstafanir til fjáröflunar handa verklegum framkvæmdum, t. d. fer stj. fram á heimild til þess að mega taka allt að ½ millj. kr. lán til vega- og brúargerða. Ennfremur hafa ný vegal. verið samþ. á þessu þingi, sem á næstu árum auka framkvæmdir hins opinbera mikið að algengri verkamannavinnu. Stj. verður því fastlega að mótmæla þeirri ásökun, að hún hafi ekki borið hag vinnandi stéttanna í landinu fyrir brjósti, og hafi ekki notað alla þá möguleika, sem opnir hafa verið, til atvinnuaukningar og hagræðis fyrir þessar stéttir.

**Jónas Jónsson:** Ég dró enga dul á það í fyrra, þegar núverandi stj. var mynduð, að ég teldi mig engan veginn stuðningsmann þess ráðherra, sem íhaldsflokkurinn útnefndi, Magnúsar Guðmundssonar. Ég vil því fara nokkrum orðum um ýms þau mál, er heyra undir ráðuneyti það, er þessi maður veitir forstöðu. Áður vildi ég þó nota tækifærið til þess að benda á undarlegt ósamræmi, sem var á milli ræðu hv. 1. landsk. í dag, og ræðu, er sami maður, sem líka er borgarstjóri Rvíkur, flutti nýlega um bæjarmálefni hér. Í þeirri ræðu taldi borgarstjóri Rvíkur fjárhag bæjarins ágætlega borgið, ekki sízt vegna þess hagnaðar, er leiddi af ýmsum bæjarreknum fyrirtækjum, svo sem rafveitu, vatnsveitu o. s. frv. En í dag hellir sami maður, hv. 1. landsk., úr skálum reiði sinnar yfir samskonar gróðalindir ríkissjóðs, ríkisprentsmiðjuna, landssmiðjuna o. fl., og krefst þess, að þær verði lagðar niður. Og þó eru þetta stórkostleg gróðafyrirtæki, sem hafa auk þess sparað ríkissjóði fleiri tugi þús. kr. árlega nú síðustu árin. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en að þessi hv. þm. sé í vandræðum með hvorttveggja, bæði hvernig hann á að lofa fjárhag Rvíkurbæjar, og hvernig hann á að ráðast á ríkisstofnanirnar, og þar af komi þetta leiðinlega ósamræmi.

Þá vil ég nota tækifærið til þess að fara nokkrum orðum um þá ríkisstofnunina, sem mest hefir verið deilt á, en það er útvarpið og viðtækjaverzlun ríkisins. Það er vitað af öllum, að hefðu verið keyptar inn í landið einar 50—60 tegundir af móttökutækjum í frjálsri samkeppni, þá hefði það þýtt stórmikil fjárútlát og óþægindi fyrir landsmenn, sökum þess, hve erfitt hefði orðið að endurnýja tækin og gera við þau. Þessi ríkisstofnun hefir því gert tvennt í einu, sparað stórfé og skapað landsmönnum mikil þægindi. Þessa stofnun vill hv. 1. landsk. leggja niður, hann er æstur í það að leggja þessa stofnun niður, því að hann vill, að hagnaðurinn renni í vasa einhverra kaupmanna. En ég vil út af orðum hv. 1. landsk. taka það fram, sem sjaldan er minnzt á, og það er það, hvað mikið útvarpið á að þakka þeim manni, sem hefir stjórnað því frá byrjun. Og ég vil vekja athygli á því, að nú á þessum erfiðu tímum hefir tekizt að gera okkar íslenzka útvarp svo úr garði, að það stendur ótrúlega hátt að efni til, samanborið við aðrar evrópiskar stöðvar. Hér hefir þessu litla fyrirtæki tekizt, fyrir andlega yfirburði og stjórnarhæfileika þess manns, er því stýrir, að afla stofnuninni almennra vinsælda um allt land, og þess trausts, að mönnum dettur ekki í hug að rengja fregnir þess. En einmitt áreiðanleiki þess hefir orsakað hatur sorpblaða íhaldsins. Það er almennt álitið, að hinar hlutlausu fregnir útvarpsins hafi skaðað mjög íhaldsflokkinn. Og þrátt fyrir allan róginn hefir aldrei tekizt að sýna fram á eitt dæmi, þar sem fregnir útvarpsins hafi verið hlutdrægar, eða sagt vísvitandi rangt frá. Og þetta hefir mikil áhrif á þjóðaruppeldið. Áður fyrr höfðu íhaldsblöðin, sem gefin voru út í öllum kaupstöðum landsins, sérstaklega góða aðstöðu til að breiða út litaðar fregnir. Þessi óheiðarlegu blöð harma það mjög, að útvarpið skuli mega, að því skuli vera leyft að flytja hlutlausar fregnir, og verða af því svo vinsælt sem raun er á. Og því er rógsherferðin farin gegn út-

varpinu og forstjóra þess. Það er áreiðanlegt, að hefði íhaldsflokkurinn mátt ráða, hefði gróðinn af viðtækjaverzluninni verið látinn renna í vasa umboðssalanna. Og þá er sennilegt, að útvarpið hefði verið tekið í þjónustu æsingaflokka, eins og við sjáum nú, að blöð íhaldsins eru opnuð upp á gátt, og taka fagnandi á móti æsingaflokki, sem verið er að reyna að mynda hér eftir þýzkum fyrirmyndum. Og slíkt útvarp hefði ekki verið í miklum metum hjá þjóðinni. Það er rétt hjá hv. 1. landsk., að hér var stofnað til útvarps áður en ríkisútvarpið kom til sögunnar. Einum nánum vini hv. 1. landsk. var gefið einkaleyfi á því að reka hér útvarp. En hvernig fór? Þetta útvarp varð sjálfdautt, valt út af við lítinn orðstír. Það fyrirtæki og endalok þess gefa manni góða hugmynd um það, hvað mikinn dugnað, hvað mikla andlega krafta íhaldsflokkurinn hefði getað lagt í útvarpsstarfsemi.

Hv. 1. landsk. lét sér sæma að ráðast persónulega á hv. þm. Dal., sem ekki hefir nein tækifæri til þess að svara fyrir sig hér í deildinni. Ég veit ekki betur en að stj. berist oft og tíðum reikningar, sem þarf að endurskoða og oft eru lækkaðir meira eða minna. Þetta hlýtur hv. þm. að þekkja frá því að hann var ráðh. Það er líka í meira lagi undarlegt, hvernig það hefir verið notað sem ofsóknarefni á útvarpsstjórann, að útvegaður var fréttaritari frá einu af stórblöðum Ameríku og borgaður nokkur hluti af ferðakostnaði hans. Þá hefir talsvert verið ritað og rætt um bílakostnaðinn og það talinn hreinn og beinn þjófnaður. Það var undarleg tilviljun, að áðan þegar ég gekk út úr þinghúsinu, mætti ég vegamálastjóra í landssjóðsbílnum hér á götum bæjarins. Og mér datt ekki í hug að fara að þjófkenna hann fyrir það, og þó var það jafngilt því árásarefni, sem borið er fram á útvarpsstjórann. Mér dettur ekki heldur í hug að kalla notkun póstmálastjórans á landssjóðsbílnum þjófnað. Þó er bílanotkun þessara starfsmanna algerlega sambærileg við bílanotkun útvarpsstjórans. En ég vil undirstrika það, að þjóðin má fagna því, að hafa svona gott útvarp og svo ágætan og mikilhæfan mann og núverandi útvarpsstjóri er, til þess að veita því forstöðu. (Hávaði á pöllunum).

Ég hefi nú ekki langan tíma til umráða, og því vil ég aðeins taka tvennt til athugunar af því marga, sem fyllir syndamæli íhaldsins. En það er réttarfarið, eins og það hefir komið fram í tvennum myndum, réttarfarið á landi, og réttarfarið á sjó. Það er flestum kunnugt, að þegar stjórnarskiptin urðu 1927, var undir eins farið að láta gera við fangahúsið í Rvík, sem áður var í þvílíku ástandi, að heilsu fanganna var stórmikil hætta búin, og þá var farið að vinna að byggingu vinnuhælisins á Litla-Hrauni. Þessu stóð íhaldsflokkurinn einhliða á móti. Og það er eðlileg afleiðing af réttarfari íhaldsins. Í þess stjórnartíð voru nefnilega ekki dæmdir nema smælingjar, og þeir máttu verða heilsulausir í fangelsum að dómi þessa siðferðislága flokks. Þá kom það fyrir, að menn urðu að bíða ein tvö ár eftir framkvæmd dóma, vegna þess að ekkert pláss var í fangahúsinu. Ástæður stj. til þessara umbóta á hegningarhúsum ríkisins eftir að hún tók við völdunum 1927, var fyrst og fremst það álit, að lögin ættu að ganga jafnt yfir alla, og að hegningarhúsin ættu að vera mönnum sæmandi. En aðalbreyt. á framkvæmd l. var þó sú, að nú gat fólk gert ráð fyrir, að þeir glæpamenn, sem áttu háttstandandi vini, yrðu líka dæmdir. En þetta fyrirkomulag var íhaldsflokknum óþolandi. Og það var ástæðan til þess, að íhaldsflokkurinn kastaði stjórnarskrármálinu fyrir borð á síðasta þingi. Flokknum reið á svo miklu að ná í sínar hendur dómsvaldinu til þess að geta ýmist stöðvað eða haft áhrif á mál stórglæpamanna, sem stóðu sumir hverjir framarlega í íhaldsflokknum, að þeir gengu á bak allra orða sinna um „réttlætismálið“ svo kallaða. Og það var ekki reynt að fara í felur með þetta. Síður en svo. Íhaldsflokkurinn undirstrikar þenna tilgang sinn með því að setja einn af sakamönnunum, einn af mönnunum, sem kærður hafði verið fyrir sviksamlega hlutdeild í gjaldþrotamáli, í ráðherrasæti. Það var fyrirfram vitað, að þessi ráðh. mundi annaðhvort sveifa eða hindra réttlátan dóm í ýmsum alvarlegum glæpamálum, sem flokksbræður hans voru þá

flæktir í. Og þessi varð líka raunin á. Ég skal þá fyrst nefna Hesteyrarmálið. Það er sannað, að við stöð Kveldúlfs á Hesteyri voru notuð svikin síldarmál, og að 30 ólögleg síldarmál voru falin uppi á pakkhúslofti á Hesteyri, þegar rannsóknardómarinn kom þangað til að athuga um þetta. Honum er sagt ósatt um ýmislegt þarna í yfirhilmingarskyni. Og þegar þessi rannsóknardómari kemur svo hér til Rvíkur, er hann ofsóttur á alla lund af flokksbræðrum sínum, íhaldsmönnum. Hann er hrakinn úr félagi við þann málafærslumann, sem hann hafði unnið með, og óspart gefið í skyn, að reynt mundi verða að bægja honum frá vinnu vegna dugnaðar hans við frumrannsókn í Hesteyrarmálinu. Þessi maður hafði gengið prýðisvel fram í byrjunarrannsókninni, en eftir stjórnarskiptin virtist færast yfir hann sami svefn — eða réttara sagt sama vöntun á réttlætistilfinningu og er einkennandi fyrir hans nýja húsbónda, dómsmrh. íhaldsins, Magnús Guðmundsson. Það var ekkert gert í málinu fyrr en eftir 3 ársfjórðunga, og féll þá dómur, afar mildur dómur eftir málavöxtum. Það var játað, að um sekt væri að ræða, en gersamlega vikið frá þeim grundvelli, sem dómarinn hafði sjálfur lagt í frumrannsókninni. Dómsmálastjórnin áfrýjaði ekki. Dómsmálastjórnin var ánægð. Kveldúlfur hafði grætt 60000 kr. á sviknum síldarmálum. Það fé var tekið af fátækum sjómönnum.

Annað málið, sem ég ætlaði að tala um, og alveg var stöðvað, var viðvíkjandi óreiðunni á borgarstjóraskrifstofunni í Rvík. Endurskoðendurnir komust að því, að fyrrv. borgarstjóri gat ekki gert grein fyrir 7000 kr. útgjöldum, sem greidd höfðu verið í sambandi við lántöku erlendis. Margt benti á grunsamleg vinnubrögð í sambandi við þessa lántöku. En þetta mál var of skylt íhaldsflokknum til þess að þorandi væri að láta fara fram rannsókn, sem enginn hefði þó átt að vera fúsari á en einmitt íhaldsflokkurinn, sem taldi sig sannfærðan um það, að borgarstjórinn hefði hvítþvegna samvizku og yrði þarna fyrir ofsókn vondra manna. En því mátti rannsóknin ekki leiða sakleysi borgarstjórans í ljós? Nei, dómsmrh. íhaldsins stöðvaði þetta mál, en borgarstjórinn sagði af sér skömmu síðar og dró sig alveg út úr opinberu lífi.

Íslandsbanki var ein af stofnunum íhaldsins, ein af sterkustu máttarstoðum þess. Þar hafði einn ráðh. flokksins komið sér fyrir, nefnilega Sigurður Eggerz, og þegar bankinn svo strandaði árið 1930, þá sáldist margt af blöðum íhaldsins. Það er alveg eins og þau hafi beinlínis lifað á bankanum. Einn bankastjórinn, sá, sem skemmst hafði verið við bankann, fór í mál við Útvegsbankann út af kaupi sínu. Því máli var síðan stefnt til hæstaréttar og hann felldi þann dóm, að þessi bankastjóri ætti ekki að fá neitt kaup, af því að hann hafði stjórnað bankanum þannig, að kaupgreiðsla væri óréttmæt. Í þessum dómi er því slegið föstu, að bankastjórarnir hafi ekki staðið vel í stöðu sinni, og þá vitanlega þeir, sem lengst höfðu verið, og þá sérstaklega sá, sem hafði verið lengst af öllum, sem sé Eggert Claessen, sem er einn af máttarviðum íhaldsflokksins. Þeir, sem dæmdu þennan dóm, prófessoradóminn svokallaða, voru prófessorar háskólans: Einar Arnórsson, Ólafur Lárusson og Magnús Jónsson. Ástæðan til að þeir dæmdu ekki, Eggert Briem og Páll Einarsson, var sú, að þeir voru báðir venzlaðir bankastjórunum og komu þess vegna ekki til greina. Það var mikill ótti í íhaldinu þegar þessi dómur kom, því það var öllum vitanlegt, að stj. bankans hafði verið gölluð, svo gölluð, að einn bankastjóranna hafði haldið því fram, út af tapi Sæmundar í Stykkishólmi, sem var um 700 þús. kr., að þessum manni, sem var gersamlega eignalaus, var lánað og lánað, og bankinn þorði ekki að láta gera hann upp, af því að ef það hefði verið gert, þá hefði komið í ljós, hve bankinn var illa staddur. Þess vegna varð bankinn að hilma yfir þetta, til þess að láta ekki fjártjónið koma fram. Þetta hafði komið fram í bæklingi eftir Sigurð Eggerz. Hundruðum þúsunda af fé almennings var þannig kastað á glæ samkv. ráðstöfun bankastjórnarinnar, aðeins til að dylja hegningarvert athæfi. Svo framarlega, sem það hefir verið rétt hjá hæstarétti 1927 að dæma 3 sveitadrengi fyrir að taka 90 kr. verðmæti úr búð hér í nágrenni Rvíkur, þá er óhugsandi fyrir þjóðfélagið annað en að láta

dæma stjórn þessa fjárþrota fyrirtækis, þar sem hún hafði lánað ár eftir ár svo vitanlegt sé öreiga mönnum hundruð þúsunda af fé. Þar var um engan misgáning að ræða, ekkert annað en vísvitandi, ólöglegt athæfi.

Eftir að prófessoradómurinn kom, þá sá íhaldið, að ef málunum var haldið áfram, þá var óhugsandi annað en að bankastjórarnir allir yrðu dæmdir líka. En það mátti það ekki láta á móti sér, af því að það voru ekki nokkrir umkomulausir drengir, sem átti að dæma, er máttu grotna í sundur í fangahúsinu við Skólavörðustíginn, eins og það var þegar íhaldið skildi við það 1927. Það var því Íslandsbankamálið, sem íhaldinu reið mest á að stöðva, og það var núverandi dómsmrh., sem stöðvaði það. Eftir 8 mán. athugun komst hann að þeirri niðurstöðu, að þessi mál væru orðin svo gömul, að það mætti ekki hreyfa við þeim. En þjóðin veit, að það var ekki af þeim ástæðum, heldur m. a. af því, að það hlaut að leiða til sektardóms.

Þá kem ég að því málinu, sem stjórnin sá sér ekki fært að stöðva, nefnilega Behrensmálið. Í því sambandi er vert að líta á það, að íhaldið sá sér ekki annað fært, eins og til þess að undirstrika þetta réttlætismál, en að velja í dómsmrh.sætið mann, sem stóð svo höllum fæti í þessu máli, eins og síðar kom í ljós, að hvergi meðal hvítra þjóða hefði maður, er hefði orðið fyrir því óhappi, verið látinn koma fram í þá stöðu, sem þar var um að ræða.

Til þess að sýna það, hvernig aðrar þjóðir líta á svona mál, er skemmst að minnast þess, þegar Raben greifi, sem var ráðherra í ráðuneyti I. C. Cristensens í Danmörku, sagði af sér út af Albertíhneykslinu. Hann sagði, að þegar þetta hefði komið fyrir einn í ráðuneytinu, þá sæti hann ekki lengur, en það var ekki I. C. Christensen, sem sagði af sér, heldur var það Raben greifi, sem knúði það fram.

Þegar íhaldið þarf að leggja til mann í ráðuneyti, þá er það einmitt maður, sem svona stendur á fyrir. Maður, sem hafði verið viðriðinn stórfellt hneykslismál. Mönnum er svo kunnugt um það, hvernig þetta mál stóð, að það þarf ekki að rifja það upp. Maðurinn, sem hér var um að ræða, var gjaldþrota þegar hann byrjaði fyrirtækið og hafði síðan alltaf verið að tapa. Þegar svo málafærslumaðurinn, Magnús Guðmundsson, kom til hans og fór að semja fyrir hans hönd, hlaut honum að vera þetta kunnugt eins og öðrum. Honum tókst að koma þessu þannig fyrir, að einn skuldunauturinn fékk alla sína skuld greidda, en aðrir fengu ekkert. Svo vita menn, hverskonar bréf hann sendi hinum skuldunautunum, og hvernig það stóð í sambandi við riftunarfrestinn.

Ef þetta hefðu verið umkomulausir menn, sem þetta frömdu, eða að það hefði verið í landi, þar sem lögin ganga jafnt yfir alla, hefðu báðir þessir menn verið dæmdir. En þar sem allir vita, hvernig málavextir voru, skiptir það ekki miklu máli, hvernig niðurstaðan varð, það er fyrst og fremst undir því komið, hvernig þjóðin lítur á þetta, það er sá „æðsti dómur". En ekki bætir það úr þessari málsmeðferð, að hæstiréttur hefir tafið Belgaumsmálið í 3 ár, þó að allir vissu, að sekt þess var sönnuð, en tók fjársvikamál Behrens fram fyrir öll önnur og lauk því af á fáeinum vikum. Ekki var gætt þess velsæmis að taka málin í réttri röð, og m. a. s. í viðtali við útlenda blaðamenn sagði Morgunblaðið fyrir um niðurstöðu dómsins, alveg eins og hann hefði verið fyrirfram ákveðinn eða birtur. Það skiptir ekki miklu máli í þessu efni, en þó er rétt að taka það fram, að málafærslumaður Behrens naut samúðar meðal málafærslumanna, en það er líkt og sagt er á ensku, að „ketillinn eigi ekki að segja, að potturinn sé svartur". Það er af því, að margir málafærslumenn hér vita, að þeir hafa ýmislegt á samvizkunni, náskylt þeirri sviksemi, sem kunnug er frá gjaldþroti hans. En þetta breytir engu, það sýnir aðeins það, hvað eftir er að gera í réttarfarinu í landinu, sem íhaldið hefir að nokkru leyti fellt niður síðan núverandi stjórn tók við. Ég skal aðeins nefna 3 afbrotamál hættulegs eðlis, sem stjórnin hefir fellt niður. Það fyrsta er, að það var tekinn maður í Keflavík í fyrravetur og fluttur með valdi. Þetta var rannsakað hér í Rvík og af sýslumanninum í Hafnarfirði, og ég fyrirskipaði endurrannsókn í því, áður

en stjórnarskiptin urðu. Núverandi landsstjórn hefir látið þetta mál sofna. Litlu síðar var manni rænt vestur í Bolungavík, og ekkert var gert út af því. Í þriðja skiptið var manni á Siglufirði, ekki beinlínis rænt, heldur beittur valdi. Ríkisstjórnin lét varðskipið bíða eftir honum í 3 daga á Siglufirði og flytja hann burt, og síðan var ekkert gert í því.

Þetta er mjög hættulegt í landi, þar sem réttaröryggið ætti að vera á háu stigi, að borgararnir megi ekki fara frjálsir ferða sinna. (**Dómsmrh.**: Þetta kemur fyrir í því landi, þar sem hv. 5. landsk. er búinn að vera dómsmrh. í 5 ár.) Ég get sagt mínum eftirmanni það, að þessu hneyksli er veitt enn meiri eftirtekt fyrir það, að sá maður hefir verið dómsmrh. áður, sem lét lögin ná jafnt yfir alla, og að hann eða hans líkar hafa miklu erfiðari aðstöðu nú heldur en áður, þar sem menn hafa nú um 5 ára skeið lifað undir því skipulagi, að lögin nái jafnt yfir alla. Menn hafa orðið þess áskynja, að íhaldið hefir þurft þess með að knýja fram stjórnarskipti, af því að þeim var það áríðandi mál að fá aftur sitt gamla réttarfar. En það get ég sagt hæstv. dómsmrh., að þjóðin sættir sig ekki lengi við það réttarfar, sem nú er og hann hefir endurskapað.

Þá kem ég að því málinu, sem sýnir vel, hvernig atvinnuleysið hefir spillandi áhrif á þjóðfélagið, en það er kommúnistauppþotið í sumar. Kommúnistar réðust á bæjarstjórnina og um það er enginn í vafa, af hverju það var gert. Stj. lét handsama nokkra þeirra og yfirheyra, en þeir neituðu að svara. Dómsmálastjórnin ætlaði þá að vera ströng og setti þá í fangelsi, en þá tóku þeir upp á því að svelta sig, og þá var þeim sleppt eftir fáa daga! Annaðhvort átti ekki að taka mennina og setja þá í fangahús fyrir það að neita að svara, eða það átti að neyta þeirra ráða, sem allar menningarþjóðir hafa nú á dögum gegn slíku, og láta réttvísina hafa sinn gang. En kommúnistar ógnuðu ríkisvaldinu, þegar þeir vissu um þá sekt, sem lá á ýmsum háttsettum íhaldsmönnum, og þeir vissu, hvernig málin voru stöðvuð, og þeir hugsuðu sem svo, að þeim væri ekki vandara um en höfðingjunum í íhaldsflokknum.

Á því er enginn vafi, að sá upphlaupandi, sem nú gerir vart við sig í landinu, og sem hefir sýnt sig í uppþotum kommúnista, er sprottinn af þeirri réttarfarsspillingu, sem íhaldið hefir skapað í landinu. Ofan á þetta bætist svo, eins og til að kóróna í þessu efni, að stjórnin veitir Sigurði Eggerz, þeim manni, sem hafði átt næstmesta sök á Íslandsbankaóreiðunni, eitt með stærstu dómaraembættum landsins. Samhliða því, sem flokkur hans neitaði honum um að vera í kjöri hér í R-vík, er hann gerður að dómara á Ísafirði. Það, sem flokkurinn ekki vill handa sjálfum sér hér á þingi, álítur hann nógu gott í dómarasæti annarsstaðar, líka með þeim undanfara, sem þar var áður.

Þá eru nokkur atriði, kannske smá, en sem sýna á sama hátt, hvernig stjórnin beitir sínu náðunarvaldi, þegar vinir og vandamenn af hærri stigum eiga í hlut. Skal ég þá fyrst minnast á mann, sem stóð nærri helztu mönnum íhaldsins. Hann hafði gert sig sekan um hreina og beina skjalafölsun. Hann var dæmdur í fangelsi í undirrétti, en óskaði ekki eftir því að áfrýja dómnum. En þegar lögreglan átti að taka hann í sumar sem leið, kom einn frá Morgunblaðinu og sagði, að maðurinn mundi aldrei fara í fangelsi, því að dómsmrh. ætti að náða hann, og svo varð þeim dómi aldrei fullnægt frekar en það, að maðurinn var aðeins látinn vera nokkra daga á Litlahrauni og síðan sleppt. Það var ekki eins og væri verið að fara með umkomulausa drengi úr Þykkvabænum, eins og þá, sem ég minntist á áðan.

Þá kemur annað dæmi af manni, sem hafði sukkað allmikilli upphæð af annara fé, og fyrir það var hann dæmdur í meira en eins árs fangelsi. Hann var búinn að óska eftir náðun, þegar stjórnarskiptin urðu. Honum var sagt af stjórninni, að þegar væri kominn sá tími, að hann ætti rétt á því í hlutfalli við aðra fanga, að þá mundi honum, að öðru óbreyttu, verða tryggt það að fá náðun. Þegar stjórnarskiptin urðu, vantaði ⅓ af þeim tíma til þess að sæmilegt mætti teljast, að fanginn yrði náðaður, en undir eins eftir stjórnarskiptin var honum sleppt, aðeins fyrir það, að hann átti háttstandandi menn að í íhaldsflokknum. —

Síðasta dæmið er af manni, sem var kannske ekki hátt settur í flokknum, en stóð í mjög nánu sambandi við ýmsa „betri menn“ í íhaldsflokknum, en hann hafði smyglað inn í landið 500 whiskyflöskum. Enginn maður, sem er sæmilega reglusamur, neytir nema lítils hluta af slíkum forða handa sér. Þetta hlaut að vera pantað fyrir marga. Nú er það vitað, að það eru helzt „betri borgararnir“, svo kallaðir, sem drekka whisky. Fátæklingunum þykir að vísu whisky gott, en þeir hafa ekki efni á að veita sér það. Þennan mann náðaði dómsmálastjórnin af allri fangelsisvist. Þessi maður hafði talað við mig skömmu fyrir stjórnarskiptin og óskað eftir náðun. Ég sagði honum hreinskilnislega, að það gæti verið rétt fyrir hann að áfrýja málinu til hæstaréttar, því að eftir nokkurn tíma gæti komið önnur stj., sem liti svoleiðis á, að það ætti að náða hann, en ég liti þannig á, að það væri ekki hægt að náða hann, af því að hér væri ekki um neina óviljandi yfirsjón að ræða, heldur þvert á móti af ásettu ráði gerð og margir honum meðsekir, og það menn, sem væru vanir að fremja afbrot án þess að þeim væri hegnt. Þess vegna væri hættulegt fyrir stj., sem vildi hafa hreinan skjöld, að mæla með, að sekt hans félli niður. Málið var óafgert þegar stjórnarskiptin urðu og þá var maðurinn náðaður. Það hefir ef til vill verið nauðsynlegt að gera það, af því að margir hinna efnaðri manna í íhaldsflokknum munu hafa átt hlutdeild í þessum forða, þessum 500 whiskyflöskum.

Þá vil ég minna á eitt atriði, sem snertir réttarfarið. Það var áskorun hæstv. dómsmrh. á mig að veita Lárusi H. Bjarnason dómaraembætti við hæstarétt. Þessum manni var veitt lausn frá embætti vegna heilsubilunar meðan ég var dómsmrh. En hv. 2. þm. Skagf. uppástóð þá, að þessi maður væri fús til að taka við embætti aftur, það þyrfti ekkert annað en að bjóða honum að koma í embættið aftur. Nú hefir hæstv. ráðh. haft tækifæri til að gera það, en annaðhvort hefir hann aldrei boðið honum það, eða hann hefir ekki viljað taka við embættinu. En í stað þess að setja Lárus H. Bjarnason í embættið, veitir hann Einari Arnórssyni það, og það rétt áður en átti að dæma um mál ráðh. sjálfs. Þessi þm., sem bar pólitíska ábyrgð á ráðherranum, dæmdi í Behrensmálinu í hæstarétti, sýndi ekki þá sjálfsögðu kurteisi að víkja sæti, þar sem var svo náið samband á milli þeirra, að þingmaður kýs ráðherra og ráðherra skipar hæstaréttardómara og hæstaréttardómari sýknar í Behrensmálinu, og það svo duglega, að til þess þurfti ekki nema nokkrar vikur. En mál Björns Gíslasonar hefir sofið í hæstarétti í nokkur ár og fæst ekki dæmt í því, hvernig sem á því stendur.

Þá vil ég segja nokkur orð um réttarfarið á sjónum. Það er mjög það sama að segja um það og réttarfarið á landi. Ég vil þá fyrst geta þess, að í tíð fyrrv. stjórnar var mjög mikil áherzla lögð á strandvarnirnar, og byggt upp alhliða kerfi um strandvarnirnar. Þá var t. d. bætt nýju skipi til strandvarna, og svo voru m. a. settir varðmenn í helztu verstöðvunum, sem svo stóðu í sambandi við skipaútgerð ríkisins, og létu hana vita á dulmáli, ef eitthvað grunsamlegt var á seiði. Ennfremur var samið við erlend skipafélög að taka að sér björgun skipa með hagstæðum kjörum.

En hvað gerir svo þessi stjórn? Það fyrsta, sem hún gerir, er að setja á Vestfjarðabátinn gamlan starfsmann af varðskipum, sem reynt hafði verið til hins ýtrasta að halda frá ofdrykkju, en ekki tekizt. Þennan mann setti hún yfir Vestfjarðabátinn undir eins og hún komst að. Það má líka bæta því við í þessu sambandi, að það liggur hjá hæstv. dómsmrh. rökstudd kæra frá bæjarstjórnum tveggja kaupstaða hér á landi á héraðslæknana, og ummæli frá landlækni um að þeir ættu að hætta störfum vegna drykkjuskapar. En stjórnin segir ekki neitt um það, að þeir eigi að fara, þeir eru eins og maðurinn, sem stýrir Vestfjarðabátnum, ágætir til að vinna fyrir þjóðfélagið, þó að þeir drekki svo, að bæjarfélögin vilji þá ekki. Þetta eru nú ekki nema fá dæmi af mörgum um það, hvernig stj. lítur á þessi mál.

Það fyrsta, sem hún byrjar á, er að ofsækja duglegasta manninn, sem hefir verið í þjónustu landsins á sjónum, nefnilega Einar Einarsson skipstjóra, sem hef-

ir gert hvert hreystiverkið eftir annað bæði sem varðskipstjóri og eins við björgun. Hann er sá maðurinn, sem mest frægðarorð hefir farið af fyrir vasklega framgöngu í björgun manna úr sjávarháska, og honum hafa verið gefin sterk meðmæli frá mönnum, sem mikið hafa fengizt við björgun, og það hefir komið kvörtun um það frá erlendu skipafélagi, sem samið hafði um björgun, að þessi maður skyldi vera kominn úr þjónustu landsins. Þessu hefir ekki verið á móti mælt, og blöðin, sem hafa ofsótt þennan mann, hafa orðið að beygja sig fyrir þessum óhlutdræga dómi þessara erlendu fagmanna. Síðan þessum manni var vikið frá hefir svo að segja ekkert skip verið tekið og engu skipi bjargað, nema einu skipi, sem eiginlega lá laust í fjöru fyrir vestan. Allt annað hefir mistekizt.

Til þess að sýna betur hug stjórnarinnar til þessara mála vil ég benda á það, að sjómenn við Ísafjarðardjúp tóku upp á því að senda útvarpinu skeyti, þegar þeir urðu varir við togara í landhelginni. En þegar fréttamaður útvarpsins spyr landsstjórnina að því, hvort megi birta þetta, þá neitar hún því. Ríkisstjórnin þorði ekki að láta koma fram opinberlega kvörtun yfir landhelgisgæzlunni, af því að þá mundi það koma í ljós, hve herfilega hún væri vanrækt. Ofan á þetta bætist svo, að stjórnin hefir tekið í sínar hendur yfirstjórn landhelgisgæzlunnar. Hæstv. dómsmrh. hefir tekið í sínar hendur þau mál, sem hann er alls ekki vaxinn og enginn á dómsmálaskrifstofunni. Það er enginn eins vel fær til að stjórna þessum málum og Pálmi Loftsson, sem sjálfur er sjómaður og þess vegna þaulkunnugur við allar strendur landsins. Það er alveg jafnsjálfsagt að hafa sjómann við þetta, eins og að hafa lækni til að lækna sjúkdóma. En fyrir yfirstjórn þessara mála er einum manni í dómsmálaráðuneytinu borgaðar 4000 kr., — fyrir að inna af hendi það starf, sem Pálmi Loftsson gat vel gert, og gerði miklu betur, án þess að fá nokkra aukaþóknun fyrir. — Og svo er gráu bætt ofan á svart í réttarfarsmálinu, þegar íhaldsblöðin hafa nú síðustu dagana vegsamað nokkra fáfróða og lítt menntaða unga menn, sem hafa verið að leika ofbeldisstefnuna þýzku. Þessir menn hafa auk þess farið með stórkostleg ósannindi í blaði sínu um Sambandið. Þeir hafa þar t. d. þrefaldað skuldir kaupfélaganna. Þessi liðsauki, sem íhaldið hefir dregið saman gegn hinum frjálsu samtökum samvinnufélaganna, er studdur af þeim sömu mönnum, þeirri sömu klíku, sem stóð að Behrensmálinu fræga, sem stóð að borgarstjóramálinu og fleiri stærstu hneykslismálum seinni ára.

Þetta er sú dökka hlið á siðferðislegu lífi þjóðarinnar. Þó að kommúnistar séu slæmir, þá er lítið betra að vita til þess, að einn er sá flokkur í landinu, sem ekki þolir við nema hann sé utan við lög og rétt í landinu, flokkur, sem heldur, að lýðræðinu megi halda við í landinu, að hér sé frjáls þjóð í frjálsu landi, þó það sé látið viðgangast, að borgararnir séu ójafnir fyrir lögunum, að sumir eigi óhegnt að geta brotið í bága við sem flest gildandi lög og reglur. Skoðun borgaranna, sem ekki verður við haggað, er auðvitað sú, að hver, sem brýtur landslögin, eigi að bæta fyrir afbrot sín, hver sem hann er og hvaða flokki, sem hann tilheyrir. Borgararnir gera þá kröfu til dómstólanna, að þeir séu réttlátir, að þeir séu a. m. k. ekki lakari en prófessoradómstóllinn sællar minningar. Það er barizt fyrir fleiru hér á landi en úrlausn kreppunnar, það er líka barizt fyrir andlegum verðmætum þjóðarinnar. Það er barizt um, hvort réttarfarinu eigi að vera svo hagað, að sæmandi sé og viðunanlegt fyrir heiðarlegt fólk, eða hvort það á að vera eins og í negralýðveldi.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það kom mér ekki á óvart, að hv. 5. landsk. þyrfti að ávarpa mig, og það kemur mér ekki heldur á óvart, þó að hann þjóti burt úr deildinni þegar á að fara að svara honum. Hann byrjaði ræðu sína með því að lýsa yfir, að hann væri algerlega mótfallinn minni stefnu í dómsmálum. Hamingjunni sé lof fyrir, að hann lét þetta uppi, og ég vona, að hann haldi því striki sem lengst, því að ef ég yrði á einhvern hátt var við, að hv. 5. landsk. væri farinn að hallast til mín, þá mundi ég alvarlega taka til athugunar, á hvaða leið ég væri.

Það var ekki nema sanngjarnt af hv. 5. landsk. að verja bílanotkun útvarpsstjórans. Því að sú eyðsla var ekki nema örlítið brot af því óhófi, sem hv. 5. landsk. notaði bíla þau árin, sem hann var ráðh. Útgjöldin við það bílahald nema minnst 10 þús. kr. á ári þau 5 ár, sem hann sat í ráðherrasessi. Hv. þm. er því ekki nema rétt og skylt að verja sinn góða vin og nafna, því að eigi útvarpsstjórinn skilið einhverja tiltekt út af þessu máli, þá á hv. 5. landsk. margfalt meira skilið. Eins og vant er hældi hann sjálfum sér á hvert reipi af dómsmálastjórn sinni. En nú mun því vera svo komið, að hann er eini maðurinn, sem dettur í hug að gera slíkt, og þeim fer daglega fækkandi, sem ekki sjá það, hve svívirðilega hann leysti sínar skyldur af hendi. Enginn ráðherra., hvorki fyrr né síðar, hefir notað eða mun nota sér aðstöðu sína sem slíkur á líkan hátt og hann. Það eina dæmi mun nægja, að þegar hann átti að fara frá, þá lét hann höfða sakamál á hendur 10 eða 12 pólitískum andstæðingum sínum, og valdi helzt þá úr, sem líklegastir þóttu til að verða eftirmenn hans, og á ég þar við Sigurð Eggerz og mig. Tilgangurinn með þessu athæfi var að gera Sjálfstæðisflokknum ófært að gera okkur að ráðh. En sú vonin brást, því að sem vænta mátti og vitanlegt var tók flokkurinn ekki minnsta tillit til þessa æðiskasts, sem hljóp í hv. 5. landsk., þegar honum varð ljóst, að hann gat hvorki með illu né góðu fengið að sitja áfram í ráðherrasessi. Það hefir verið hljótt um 5. landsk. síðustu vikurnar, og það er ekki laust við, að hann virðist vera að missa tökin á stóriðju sinni, róginum, sem hann annars hefir verið svo iðinn og flinkur við. Blaðið, sem hefir verið hans málgagn, er heldur ekki nema svipur hjá sjón, sem von er til, þegar fylgið tálgast af hv. 5. landsk. um land allt. — Hann hældi sér líka yfir að hafa stofnsett letigarðinn eða vinnuhælið fyrir austan. Ég hefi nú áður bent á það, hve gífurlegur kostnaðurinn við hælið er orðinn og eins er það sett á svo óhentugan stað, að það getur aldrei komið að þeim notum sem skyldi. Þarna er ekkert annað en stórfelld mistök á mistök ofan. Það kemur varla til mála, að staðurinn verði nokkurntíma nothæfur sem almennilegt fangelsi eða letigarður, svo að það er langt frá því, að hv. þm. geti hælzt um af þeim hrakförum.

Hv. 5. landsk. talaði mjög digurbarkalega um, að hann vildi láta lögin ganga jafnt yfir alla. Ég verð að segja: heyr á endemi! Þetta lætur sá maður sér um munn fara, sem vitað er um, að notaði aðstöðu sína með örgustu hlutdrægni og tók sér í hönd það vopnið, sem bitrast er, og beitti því svo, að engum sómasamlegum manni hefði dottið slíkt í hug, hvað þá gert það. Þó sagði hann, að við Sjálfstæðismenn hefðum í fyrra hætt við að koma stjórnarskrármálinu í gegn til þess eins að geta komið mér að sem dómsmrh. í stjórnina, sem þá var mynduð. Hann veit vel, að eins og ég tók fram í dag, þá var stjórnarskrármálið alveg óleysanlegt um þær mundir og ekkert annað að gera en að bíða og vita, hvort samkomulag fengist ekki. Og ég vona, að ekki þurfi að líða margir dagar þangað til það kemur í ljós, að samkomulag sé um málið.

Hv. 5. landsk. má ekki ímynda sér, að þessi mál, sem ég sagði áður, að hann hefði búið til á hendur pólitískum andstæðingum sínum, hafi skotið nokkrum manni skelk í bringu. Nei, það er öðru nær, og ég ætla nú að færa rök fyrir því. Þá er fyrst mál framkvæmdarstjóranna í Kveldúlfi. Hv. 5 landsk. talaði um, að ekki hefði verið neitt aðhafzt í því máli. En þá vil ég upplýsa það, að dómur hefir gengið í málinu, og dómarinn, sem það framkvæmdi, var einmitt skipaður af hv. 5. landsk. sjálfum. Það skiptir mig engu, þótt 5. landsk. ráðist nú á þennan dómara og segi, að hann hafi dæmt móti betri vitund. Það kom fram í málinu, að ekkert var óheiðarlegt í fari framkvæmdarstjóranna, það er margsannað með vitnisburði fjölda vitna. Þá segir hv. 5. landsk., að það sé undarlegt, að málið hefir ekki verið sýnt hæstarétti. Ja, ég veit ekki, hvort hann hefir nokkra hugmynd um, hvort það eigi að gera eða ekki að gera, ég man ekki eftir að hafa frætt hann um það. Annars hefir það verið viðkvæðið hjá hv. 5. landsk., að hæstiréttur sé ekki sérstaklega mikill réttlætisdómstóll. En nú virðist svo komið, að

hann ber meira traust til hans en til þeirra dómara, sem hann hefir sjálfur skipað. Og þá ætti hv. 5. landsk. heldur ekki að leita sér daglegrar svölunar í því að kveða hæstarétt niður bæði í ræðu og riti. Ég efast alls ekki um, að dómararnir í hæstarétti beri langt af þessum unga dómara, sem hv. 5. landsk. hefir skipað. Ég segi þetta alls ekki til neinnar hneisu fyrir hann, því að það er eðlilegt, að munur sé á, þar sem hinir eru miklu eldri í starfinu og hafa mikla reynslu til að bera.

Það er nógu gaman að minna á það viðvíkjandi hæstarétti, að þegar okkar fulltrúar voru við samningaumleitanir í Englandi í haust, var rætt um ágreining nokkurn út af togaratöku hér við land. Okkar menn sögðu þá við Bretana, að þeir gætu farið í mál út af því. Og svarið var, að Bretar væru ánægðir með það, því að þeir treystu hæstarétti Íslendinga fyllilega. Þetta segir nú brezka heimsveldið. En svo kemur hv. 5. landsk., þessi pólitiski undanvillingur, og segir, að dómar hæstaréttar séu að engu hafandi. Það er gott að hafa þetta álit Breta og geta borið það út um allt land á augabragði gegnum útvarpið. Hver vill verða til þess að trúa hv. 5. landsk. Hver vill telja hans álit meira virði en álit brezka heimsveldisins? Líklegast enginn nema hann sjálfur. Nei, hv. 5. landsk. þarf ekki að kvarta undan meðferðinni á Kveldúlfsmálunum. Rannsóknin var rekin eins og hann lagði fyrir, en úrslitin urðu ekki eins og hann vildi. En mikið var fyrir haft. T. d. þegar hann tók eitt af varðskipunum úr lægi og sendi það með dómara, sem ekkert vissi, hvað hann átti að fara. því að hann var með lokaða „ordru“ að því er sagt var. Kostnaðurinn við þetta varð um 10—11000 kr., en brotið, sem um var að ræða, gat í mesta lagi varðað 100—200 kr. sekt. Þetta ber einna skýrastan vott um hlutdrægni hv. 5. landsk. sem dómsmrh. Vegna þess að hann áleit, að þarna byðist tækifæri fyrir hann til þess að ná sér niðri á nokkrum pólitiskum andstæðingum, eyðir hann 10—11000 kr. af ríkisfé, af því að hann vissi ekki meira í lögum en að hann hélt, að brotið gæti varðað mikilli refsingu.

Þá er annað málið, mál borgarstjórans í Rvík. Það er eitthvað það hlægilegasta mál, sem ég hefi séð eða heyrt getið um. Það kom fyrst upp um veturinn 1930 í janúarmán. Hv. 5. landsk. var þá dómsmrh. og gegndi því embætti þangað til um sumarið 1932. Þá var málið orðið hálfs þriðja árs gamalt. En það var ekki fyrr en hann átti að fara frá, að hann fyrirskipaði málshöfðun gegn borgarstj. En alltaf hefir málið logað upp um kosningar til þings eða bæjarstórnar. Fyrst var upphæð sú, sem borgarstjóri átti að hafa dregið undan, um millj., en að lokum var upphæðin komin niður í 7—8 hundruð kr. Fyrir þeirri upphæð var sagt, að vantaði kvittun. Borgarstj. var aldrei spurður eftir kvittun fyrir upphæðinni. Þá kvittun hafði hann samt til taks, og hefir fyrir mér sannað að hafa innt þessa greiðslu af hendi. Og svo ætti ég að halda áfram sakamálsrannsókn út af þessu, bara af því að annar eins maður og hv. 5. landsk. hefir fyrirskipað það, eftir að hafa hangið aðgerðarlaus yfir málinu á þriðja ár. Þá vildi hann líka láta líta svo út sem borgarstj. hefði látið af opinberum störfum vegna þessa, en það er jafnfjarri sanni og annað hjá hv. 5. landsk., því að það var vegna vanheilsu að borgarstjóri dró sig í hlé.

Þá er þriðja málið, hið svo nefnda Íslandsbankamál. Ég tók það fram í dag, að ég hefði áður skýrt það svo nákvæmlega, að ekki væri þörf á að fjölyrða um það frekar. Ég sýndi fram á það við eldhúsumræður í Nd., að engin ástæða eða réttlæti væri að halda þeim málum áfram. En úr því að hv. 5. landsk. er alltaf að klifa á þessu, þá vil ég leggja eina spurningu fyrir hann: Hvers vegna hefir hann ekki sjálfur komið þessu máli af stað og leitt það til lykta? Það er staðreynd, að hann situr við völd frá því í jan. 1930, þegar fyrst fer að brydda á þessu máli, og þangað til í júní 1932, eða hálft þriðja ár. Af hverju gerði hann ekkert í málinu fyrr en hann fer frá embætti? Ég heimta, að hann geri grein fyrir því. Hvernig gat þessi logandi réttlætishrifning hans þolað að sofa á þessu í hálft þriðja ár? Nei, þetta var ekki til annars gert en að setja eftirmann sinn í vanda, og nota það svo sem uppistöðu í lygavefinn og róginn. En hann gætir þess ekki, að þessi vanræksla af hans hálfu

kemur eingöngu niður á honum sjálfum, og blettinn getur hann aldrei afmáð.

Þá nefndi hv. 5. landsk. prófessoradóminn og vildi leggja mikið upp úr honum. En þeim dómstóli var aldrei ætlað að hafa úrskurðarvald í sakamálum, heldur einungis í launagreiðslumálinu. Og þótt hv. 5. landsk. viti lítið í lögum, eftir að hafa samt setið í 5 ár í dómsmrh. sessi, þá ætti hann að hafa einhverja hugmynd um, að það er sitt hvað, einkamál og sakamál. Annars get ég varla verið að endurtaka þau rök, sem ég hefi þegar flutt í þessu máli, og get vísað til fyrri ræðu minnar, sem prentuð verður í þingtíðindunum. En það er hinsvegar hv. 5. landsk., sem hér á að þvo af sér sektina, að hafa dregið þetta mál í hálft þriðja ár. — Þá kem ég að mínu eigin máli. Ég get verið fáorður um það, en ég vil bara segja það, að þar er um þesskonar drenglyndi að ræða, sem ég þekki ekki frá neinum öðrum en hv. 5. landsk. Aðra eins hlutdrægni og svívirðingu verður að telja algert einsdæmi, og öll þau ósannindi, sem þar er hlaðið upp. Þau eru nú alkunn. Eins og t. d., að einn hv. þm. hefði kært mig. Það hefir nú komið í ljós, að þetta er helber lygi. Það hefir engin kæra komið fram, og kærandinn er enginn annar en hv. 5. landsk. sjálfur. Og enginn annar en hann hefir fyrirskipað, að rannsókn skuli fram fara, hann, sem ekkert kann í lögum og hefir aldrei vitað neitt í þeim efnum og aldrei lesið neitt. Hann er þarna kærandi og ákærandi og svo ætlar hann líka að vera dómari. Það er þetta réttlæti, sem hann segir, að þjóðin megi ekki missa, sem hann segir, að þjóðin sé dauðadæmd, ef tekið er frá henni. Meiri öfugmæli og vitleysu hefi ég aldrei heyrt og get ekki hugsað mér. — Þá talar hann um það sem einhvern óskaplegan glæp hjá Behrens að eiga ekki fyrir skuldum. Við skulum nú athuga, hvað það er, sem gerist hér á þingi einmitt þessa dagana. Skv. skýrslum, sem safnað hefir verið um allt land, þá er fjöldi bænda, sem ekki á fyrir skuldum. En hvað er það, sem við ætlum að gera við þá? Ætlum við að höfða sakamálsrannsóknir á hendur þeim? Nei, við ætlum að hjálpa þeim. (**JónasJ**: Þeir draga ekki undan.) Nei það hefi ég heldur aldrei sagt. (**JónasJ**: Það gerði Behrens. Það var það, sem var rangt hjá honum). Nei, það gerði Behrens alls ekki. Þetta er einber vitleysa og ósannindi. Hv. 5. landsk. ætti að þekkja svo vel til málsins, að hann geti farið rétt með, hann, sem lá í mánuð austur á Laugavatni yfir samningu dómsins. (**JónasJ**: Það er líka alltaf vandamál með svo góðan dóm). Vitaskuld hefir hann verið lagfærður, því að þó að hann væri vitlaus þegar hann var uppkveðinn, þá er ekki vafi á, að hann hefir verið enn vitlausari, eins og hv. 5. landsk. gekk frá honum. Hans orð um þennan dóm voru vitleysan tóm, en hinsvegar sáu allir lögfróðir menn í bænum, hver mundu verða afdrif hans.

En þó kórónar hv. 5. landsk. allt saman, þegar hann segir, að allir málfærslumenn, sem hafa haft afskipti af málinu, séu líka sekir. Það er skrítið að vilja koma sakamannsorði á alla stéttina. (**JónasJ**: Ég sagði ekki „allir“.) Nei, hv. 5. landsk. tekur víst einn út úr, sækjanda málsins. Þetta sakamálaæði hv. þm. er alþekkt. Fyrir 2 dögum vildi hann í sambandi við störf sín í Þingvallanefnd láta tvo bændur í Þingvallasveitinni sæta sakamálsákæru án þess að fá nokkrar upplýsingar hjá þeim. (**JónasJ**: Á að tala fyrst við sökudólgana?). Já, það á að tala við þá. Vita hvað þeir hafa fram að bera sér til varnar, áður en sakamálsrannsókn er fyrirskipuð. En þetta hefir verið gagnstætt reglum hv. þm. Hann gaf borgarstjóranum hér engan kost þess að skýra sinn málstað. Og í Íslandsbankamálinu var aðferðin sú, að bankastjórarnir fengu engin skjöl eða skilríki að sjá og fengu þess engan kost að bera hönd fyrir höfuð sér. Nei, hv. 5. landsk. hafði þá reglu að fyrirskipa sakamálsrannsóknir, án þess nokkuð að hafa kynnt sér málefnin. Ég öfunda þm. ekkert af þeirri aðferð. Hann má gjarna syngja sjálfum sér lof og dýrð fyrir hana. Hann syngur þar áreiðanlega einn. Það öfundar hann enginn af því.

Hv. þm. taldi, að okkur hefði verið orðið mál á að fá nýtt réttarfar. Já, sannarlega var öllum orðið mál á því, að þessi eini maður, sem notað hafði vald sitt svo herfilega ranglega og misbeitt því pólitískt, væri sviptur því.

Þá áleit hv. þm. að rangt hefði verið að setja kommúnistana í fangelsi og

sleppa þeim svo þegar þeir neituðu að svara. Ja, það væri réttast að spyrja dómarann um þetta. Það var hann, sem setti þá inn og honum, sem þeir vildu ekki svara. En vitanlega var þeim sleppt, vegna þess að það sem um var spurt, fékkst upplýst á annan hátt. Það verður gaman að heyra, hvort hv. þm. endurtekur ekki þessa sömu vitleysu aftur.

Þá talaði hv. þm. um, að Einar Arnórsson hefði átt að víkja sæti í máli mínu vegna þess, að ég hefði skipað hann. En er þá ekki spurning, hvort lögreglustjórinn hefði ekki átt að víkja líka í sama máli, því hv. 5. landsk. hafði skipað hann. Ef út frá því á að ganga, að einn dómari dæmi manni í vil, þá verður það að ganga jafnt yfir alla dómara. Það hefði verið bezt fyrir hv. 5. landsk. að draga þetta ekki fram, einkum ef hann nú er minntur á í þessu sambandi hundrað þúsund króna mýrina hans Hermanns, sem vel mætti álíta, að stæði í sambandi við þetta mál.

Þá vék hv. þm. að veitingu Sigurðar Eggerz. Ég hefi hið sama um það að segja og ég sagði áður. Þótt hv. þm. hefði sett hann undir sakamálsrannsókn, þá var það engin gild ástæða til að eyðileggja allt hans líf. Og enginn maður, sem þekkir Sig. Eggerz, fellir verð á honum fyrir þá kæru. Ekki einu sinni hv. 5. landsk. sjálfur. Hann veit, sem allir aðrir, að Sig. Eggerz er strangheiðarlegur maður, sem í engu vill vamm sitt vita. Og þótt hann yrði ekki þm. hér í Rvík, þá er það hlutur, sem þessu máli er með öllu óviðkomandi.

Þá eru það náðanirnar. Ég gæti nú líka lesið upp pistil, sem fjallar um náðanir hv. 5. landsk., og það á honum sjálfum. Það er í almæli, að þessi hv. þm. hafi náðað sjálfan sig, þegar hann var dómsmrh. Það var út af grein, sem kom í Tímanum, og hann hafði að allra áliti sjálfur skrifað. Sú náðun mun vera algert einsdæmi. Hann ætti því sannarlega ekki að finna að náðunum annara. Það situr allra manna sízt á honum. Annars er gaman að rifja upp afstöðu hv. 5. landsk. til náðunar Þórðar Flygenring. Hv. 5. landsk. sendi annan mann af stað með þetta í Nd. En þá kom fram bréf, sem bar þess vott, að hv.5. landsk. hafði sjálfur lofað Þórði Flygenring náðun, ef honum hefði enzt aldur í embætti til þess. Ég get máske áður en lýkur hér náð í þetta bréf og lesið það upp aftur, sjálfum honum og útvarpshlustendum til skemmtunar.

Hv. þm. nefndi fleiri náðanir. En ég nenni ekki að eltast við að svara því öllu, enda hefi ég gert það áður í Nd. Ég sé nú, að hv. þm. Seyðf. hefir þar haft lítið annað fram að færa en það, sem hv. 5. landsk. hefir spúið í hann. Er þá óneitanlega mjög mikill skortur á ásökunarefni í minn garð, er þessir tveir hv. þm. verða að tiggja hvor upp eftir annan. Það gleður mig, að ekki skuli vera meira til eftir heilt ár.

Þá taldi hv. þm., að það hefði verið ósamræmi hjá mér að krefjast þess í fyrravetur, að Lárus H. Bjarnason yrði veitt dómarasæti í hæstarétti, en veita honum það svo ekki, er ég hafði sjálfur ráð á þessu sæti. Hv. þm. veit það vel, að ég bauð Lárusi H. Bjarnason sætið. En svar hans var það, að þegar búið væri að launa sér langa og — að hans eigin og annara áliti — dygga þjónustu í þarfir ríkisins með því að sparka sér úr stöðunni, þá vildi hann ekki við henni taka aftur, einkum vegna þess, að hann vissi, hver sótti, og var mjög ánægður með hann.

Þá var það nú landhelgisgæzlan. Af framkvæmd sinni á því sviði hefir nú hv. 5. landsk. hælt sér meira en af nokkru öðru. En vitanlega hæla engir aðrir honum fyrir það. Enginn annar en hann hefir notað varðskipin til snattferða með sjálfan sig vikunum saman og eytt í það tugum þúsunda króna. Og það er hart að heyra slíkan mann spila sig sem siðameistara yfir þeim mönnum, sem aldrei hafa aðhafzt neitt slíkt. Og í sambandi við þetta skal ég segja það, að mér dettur ekki í hug að ámæla hv. 5. landsk., þótt hann hafi sett mann af fyrir drykkjuskap. Ég hygg nú reyndar, að ástæðan fyrir afsetningunni hafi verið sú, að maðurinn hafi verið eitthvað hvassyrtur við hv. þm., þegar hann var á einni af hinum mörgu snattferðum.

Þá blandaði hv. þm. því inn í umr., að ég væri ekki sérlega skeleggur í áfengismálunum. Ja, sá má nú öðrum um bregða. Þarf ekki á annað að benda í því sambandi en það, hversu vel Höskuldur blómgaðist og dafnaði undir handleiðslu

hv. þm. meðan hann var dómsmrh. Höskuldur verður þá svo frægur, að allt brugg yfir þvert og endilangt Ísland er kennt við hann. Nei, hv. þm. þarf sannarlega ekki að hæla sér af sínum dugnaði í áfengismálunum.

Þá vil ég vísa frá mér sem algerlega ósönnum áburði, að ég hafi ofsótt Einar Einarsson. Veit ég, að slíkt er mælt í algerðri óþökk Einars sjálfs. Hann hefir aðeins verið látinn hætta starfi meðan kæra sú, er fram kom gegn honum, er í rannsókn. Hv. þm. Seyðf., sem kom með þetta í Nd. eins og önnur þau atriði, sem spúð hafði verið í hann af hv. 5. landsk., sagði m. a. s. þar, að sjálfsagt hefði verið að láta rannsókn þessa fram fara. Ég þykist vita, að hv. 5. landsk. sárni það mjög, að varðskipin eru nú ekki lengur höfð til snattferða og fiskveiða, sem bakaði ríkissjóði tap, sem hundruðum þúsunda kr. skipti. En ég fer nú ekki að því. Og þess má geta, að kostnaður vegna varðskipanna varð ¼ millj. kr. minni 1932 en hann var 1931. Og þó var það ekki það ár, sem hv. 5. landsk. ferðaðist mest með varðskipunum. Og hann, sem gefur erlendum sökudólgum upp sakir, sem þeir höfðu verið dæmdir í vegna ólöglegra veiða í landhelgi, ætti ekki að koma hér fram með gorgeir og átelja aðra fyrir slælegt eftirlit.

Mér dettur ekki í hug að elta allt, sem hv. þm. sagði um landhelgisgæzluna. Það var allt á eina bók lært. Hann sagði, að hún svæfi nú. Hann veit þó vel, að tveir ágætir varðskipsforingjar annast hana. Er það ekki sagt neitt til lasts þeim Einari Einarssyni og Eiríki Kristóferssyni. Þeir geta verið góðir fyrir því, þótt hinum sé unnt sannmælis. En með því að segja að landhelgisgæzlan sofi, þá eru það skammir á varðskipsforingjana, sem hafa gæzluna á hendi, en ekki mig. Ég get þó ekki verið á ferðinni úti um allan sjó að líta eftir landhelgisgæzlunni. Hvað stj. varðskipanna viðvíkur, þá hygg ég, að nokkur munur sé á því að borga fyrir starf, sem er unnið, eins og ég hefi gert, eða að borga fyrir starf, sem ekki er unnið, eins og hv. 5. landsk. gerði. Hann greiddi þessi 4 þús. kr. árlega öll sín ráðh.ár, hvort sem starfið var innt af hendi eða ekki. Hann segir að vísu, að hann hafi látið þessi 4 þús. kr. sem veikindastyrk. En hvaða heimild hafði hann til að greiða þennan veikindastyrk? Má ég spyrja? Eða er kannske betra að borga fyrir starf, sem ekki hefir verið unnið, en starf, sem hefir þó verið unnið?

Ég læt nú hér staðar numið. Ég geri ráð fyrir því, að hv. 5. landsk. muni buna úr sér meiru. En ég finn hann þá kannske í fjöru síðar.

**Jón Baldvinsson:** Útvarpshlustendur og aðrir áheyrendur hafa nú fengið nokkra hugmynd um það, hvernig dómsmálastjórnin á þessu landi hefir verið framkvæmd undanfarin ár, af ræðum þeirra hv. 5. landsk. og hæstv. dómsmrh., sem báðir hafa haft hana á hendi. Það, sem fram hefir komið í ræðum þeirra, hefir nú ekki gefið neina glæsilega hugmynd um þeirra starf á því sviði. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að það mun almennt viðurkennt, að í þessu sæti þurfi að vera glöggir og réttsýnir menn. En á lýsingum þeim, sem þeir hafa gefið hvor öðrum, er ekki hægt að sjá, að svo hafi verið. Ég mun þó ekki eyða frekar orðum að þessu, heldur snúa mér að hæstv. forsrh.

Ég dró saman í fyrri ræðu minni yfirlit yfir þau loforð, sem stj. gaf þegar hún tók við völdum 4. júní í fyrra, og sýndi fram á, að hún hefði ekki efnt þau. Hæstv. forsrh. svaraði þessu og gaf von um þá lausn í stjórnarskrármálinu, sem ég gæti verið ánægður með. En hæstv. ráðh. hefir nú svo oft áður sagt þetta sama, án þess að orð hans hafi rætzt, að maður hættir að gera mikið úr slíkum orðum. Og þótt hann hafi fyrir löngu sagt þetta í þinginu og í blaði sínu, „Framsókn“, nýlega, þá var það þó svo, að stjórnarskrármálið var tekið út af dagskrá síðast í dag. Og enginn þykist enn um lausn þess máls vita, né þorir að fullyrða, að hún sé nærri, sízt sú lausn, er þingið allt geti sætt sig við. Hæstv. forsrh. hélt því fram, að norsku samningarnir hefðu verið misbrúkaðir til pólitiskra agitationa. Ég held nú, að fullsnemmt sé að fullyrða nokkuð um ágæti þeirra samninga meðan þeir eru ekki farnir að sýna sig. Og þótt sú reynsla sé enn ekki að fullu komin í ljós, þá bendir

það þó í áttina, að Norðmenn auka flota þann, er þeir senda til veiða hingað, meir en nokkru sinni áður. Það þýðir það, að þeir ætla að nota sér fyllilega þau fríðindi sem samningurinn veitir þeim, að láta síld þá, er þeir veiða, á land hér í stórum stíl. Allt útlit er nú fyrir, að afleiðing þessa verði svo lágt síldarverð, að Íslendingar sjái sér naumast fært að gera út, vegna þess að útgerðin beri sig ekki.

Hæstv. ráðh. talaði um sparnaðarviðleitni stjórnarinnar. Ég sagði líka, að hún hefði sparað. En það sá sparnaður hefði mest komið fram í því, að lækka kaup við vegavinnu og minnka opinbera vinnu á krepputímum. Einmitt þá vinnu, sem aðrað þjóðir hafa talið sér skylt að auka á þessum erfiðu tímum og hafa tekið stórlán til þess. Hæstv. atvmrh. varði löngu máli til að reyna að sanna, að atvinnuframkvæmdir af hálfu ríkisins hefðu verið meiri en ég vildi vera láta í minni ræðu. Hann nefndi tölur, er hann vildi telja, að sönnuðu þetta, og sagði, að unnið hefði verið fyrir 936 þús. kr. alls. Þetta er nú að vísu meira en það, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh., er hann lagði fram fjárl.-frv., og á henni byggði ég, þegar ég sagði að framkvæmdir hefðu verið minni 1932 en áður, og fyrirhyggja einnig um þessa hluti í núgildandi fjárl., þessi mestu kreppuár, sem komið hafa, heldur en var á undangengnum góðu árunum, eða 1929 og 1930. En hæstv. ráðh. vildi sýna með samanburði, að eins mikið hefði verið unnið 1932 eins og á þeim árum. Ég hefi nú fyrir mér landsreikninga frá þeim árum og sé, að 1929 hefir verið unnið að vega- og brúargerðum fyrir 1550 þús. kr. og 1930 fyrir 1980 þús. kr. Nú er þá bara spurningin, hvort þessar tölur eru hærri eða lægri en sú, sem hæstv. ráðh. nefndi. (**Atvmrh:** Ég sagði ekki, að þetta væru jafnar upphæðir!) Hæstv. ráðh. vildi þó láta líta út sem svo væri. Hér munar á árunum 1930 og 1932 meira en mill. kr. eða talsvert meiru en helming. Og þá er það líka rétt, að sparaðar hafa verið opinberar framkvæmdir. En með því hefir verið aukið á atvinnuleysið í landinu. Helmingi þess fólks og meira þó, sem hafði atvinnu við vega- og brúargerðir 1930, hefir á árinu 1932 verið bætt í hóp atvinnuleysingjanna. Þessar tölur hefðu þurft að vera öfugar, lægri talan 1930. Þá var atvinnulífið í góðum gangi og ekki farið að bera til muna á hinni lamandi kreppu, sem varð mest 1932 af því, sem hún enn hefir orðið. Það er þetta, sem ég vildi benda hæstv. stj. á.

Að síðustu nokkur orð til hæstv. dómsmrh. Hann fann það réttilega úr ræðu minni, að mér finnst vera tvennskonar réttlæti í landinu. Ég hefi gert samanburð þessu til sönnunar á rannsókn þeirra sakamála, sem fyrrv. dómsmrh. hafði sett á stað áður en hann fór frá, og þeirra, sem núverandi dómsmrh. og ráðuneyti Ásgeirs Ásgeirssonar framkvæmdi á árinu 1932, þegar hann dró aftur kærur gegn þeim mikilsmetnu íhaldsmönnum, sem fyrir lágu, þegar hann kom að völdum, og þegar hann setti í gang sakamálsrannsókn gegn fjölda verkamanna, sem höfðu tekið þátt í ó-spektunum 9. nóv. 1932.

Ég má til að lesa hér upp nokkur orð, ef hæstv. forseti leyfir, (**Forseti:** Sem allra fæst) úr vörninni, sem lýsir tildrögum málsins:

„Fyrstu dagana í nóv. síðastl. ákvað meiri hl. bæjarstjórnar hér í bænum að lækka kaupið í atvinnubótavinnunni úr kr. 1,50 fyrir hverja vinnustund niður í kr. 1,00. Nam lækkun þessi því 33⅓% eða þriðjungi. Vakti samþykkt þessi, sem von var, megna andstöðu meðal verkamanna allra í bænum og í alþýðusamtökunum yfirleitt. Var hér að áliti allra verkalýðssinna og sanngjarnra manna um að ræða hið argasta ofbeldi og launakúgun, og þar ráðizt á garðinn þar sem hann var lægstur. Og af tilefni þessarar kaupkúgunar var stofnað til kröfugöngu hér í bænum, og er það vafalaust sú voldugasta og áhrifaríkasta kröfuganga, er hér hefir sézt. Meginhluti allra verkamanna í bænum, og svo að skipti þúsundum, tóku þátt í þessari kröfugöngu og mótmæltu á mjög einbeittan, en þó hóglátan hátt þessari gífurlegu kauplækkun. Var síðan krafizt bæjarstjórnarfundar um málið. En áður en sá bæjarstjórnarfundur var haldinn, hélt bæjarráð Rvíkur fund með sér. Þar flutti undirritaður till. um það, að bæjarstjórnin félli frá kauplækkuninni, en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins báru fram og samþykktu í bæjarráðinu rökst. dagskrá

um það, að bæjarstjórnin sæi enga ástæðu til þess að breyta fyrri samþ. sinni. Þessar till. lágu fyrir bæjarstjórnarfundinum 9. nóv. síðastl. og var það alkunnugt í bænum. Var á meðal verkamanna allmikill æsingur og biðu þeir á milli vonar og ótta um afdrif málsins, eins og skiljanlegt var, þar sem um var að ræða afdrifarikar ákvarðanir um lífskjör verkalýðsins".

Þetta eru nú tildrögin til þess, að ó-spektirnar urðu á bæjarstjórnarfundinum 9. nóv. Og það mun áreiðanlega verða talið af öllum sanngjörnum mönnum, að slíkt hafi verið framferði meiri hl. bæjarstj., að nokkur vorkunn væri, að til óspekta drægi út af þessari samþykkt. Dómsmálastjórnin hefði mjög gjarnan mátt líta á þessa hlið málsins, og ráðh. hefði ekki átt að láta þessi mál fara þá leið, sem hann gerði, einkanlega með tilliti til þess, að hið sama ráðuneyti hafði áður fellt niður margar sakamálsrannsóknir á menn, sem tilheyrðu flokki hæstv. dómsmrh., sem á sumum hverjum hvíla þungar sakir, að margra áliti.

Ég minntist á Keflavíkurmálin, sem hann sagði, að ég ætti ekki að nefna við sig. En nú hefir fyrrv. dómsmrh. upplýst, að þau voru í fullum gangi þegar hann fór frá, og var það því hlutverk hæstv. núverandi dómsmrh. að halda þeim áfram.

Fyrst minn tími er búinn, ætla ég aðeins að segja örfá orð við hæstv. dómsmrh. út af því, sem hann hefir beint til mín um sakamálsákærur. Þær ákærur eru nú — a. m. k. 3—4 af þeim — frá íhaldsmanni, sem var settur af fyrir misfellur í embættisfærslu, og sem ég held að hafi kært flesta málsmetandi menn í landinu; hann hefir kært marga lögfræðinga, lögmann og lögreglustjóra í Rvík. Slíkar kærur liggja fyrir hjá dómsmrh., og bið ég mér engrar hlífðar. Tek ég því ekki þegjandi, þegar hæstv. dómsmrh. sveigir að mér, að ekki sé viðeigandi af mér að tala um samamálsákærur, t. d. um Íslandsbankastjórana. Ég tala og mun tala um þessi mál eins og mér sýnist og eigi hirða neitt um fyrirskipanir ráðherrans.

**Jón Þorláksson:** Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh. hafa minnzt á þá aðfinnslu mína, að fyrir hafi farizt, að stj. legði fyrir þingið frv. til l. um ákvörðun tölu opinberra starfsmanna. Þeir vísuðu til þess, að samin hafi verið skrá yfir þessa menn og síðan fengin fjvn. í hendur. Atvmrh. bætti því við, að það hefði verið kosin undirn., og að í henni væri ágætur sparnaðarmaður úr Sjálfstæðisflokknum, og sagði síðan, að stj. vænti bendinga frá þessari n. og mundi taka þær til athugunar. Þetta kalla ég, að hæstv. stj. gefi forustuna og frumkvæðið úr sínum höndum á því sviði, þar sem til var ætlazt og er samkv. hlutarins eðli, að forustan og frumkvæðið sé hjá stjórn landsins, ef nokkru á um að þoka. En það gleður mig náttúrlega að heyra, að það er viðurkennt orðið, að nauðsynlegt sé að vinna að þessu máli.

Ég ætla ekki að fara frekar inn á ræðu hæstv. forsrh., en verð að minnast fáeinum orðum á það, sem hæstv. atvmrh. var að reyna að færa fram til varnar gegn þeim aðfinnslum, sem ég hefi borið fram út af yfirstjórn hans á útvarpinu. Hann færði sér til málsbóta það, að útgjöld hefðu verið nokkuð lækkuð, og að það væri þegar byrjað á að fækka starfsmönnum. Ég skal veita mína viðurkenningu fyrir þessar upplýsingar, það sem þær ná, og þakka fyrir það, að það er gefið vilyrði fyrir því, að enn verði haldið áfram. Þess er áreiðanlega þörf. En ég kalla ekki, að hæstv. ráðh. hafi fært fram vörn gegn því, sem ég bar fram og gerði að aðfinnsluefni viðvíkjandi misbrúkun útvarpsstjórans á opinberu fé. Hann sagði, að ég hefði aðeins verið fjmrh., og þess vegna ekki séð þá kostnaðarreikninga, sem koma úr ýmsum áttum, og þyrfti að færa niður. En ég hefi gert ýmislegt annað, m. a. um nokkur ár veitt forstöðu einni af stærstu starfrækslugreinum landsins, vegamálunum, og mér er vel kunnugt, hvaða venja ríkti þá hjá embættismönnum og starfsmönnum landsins í þessum greinum allt fram til ársins 1927. Og það var ekki síður þá, að menn sendu hærri kostnaðarreikninga heldur en það, sem réttmætt var, enda höfðu menn ekki vanizt við það, að ráðh. eða aðrir ætluðu sér meiri kostnað af opinberu fé heldur en nauðsynlegt var.

Um úrskurðartill. yfirskoðunarmanna

landsreikningsins út af þessum misfellum sagði hæstv. ráðh. það, að endurskoðandi Sjálfstæðisflokksins hefði skrifað undir till. um þetta, að við svo búið mætti standa, að því er snertir úrskurð stjórnarráðsins um þessar greiðslur útvarpsstjórans af opinberu fé. En þetta er ekki rétt með farið. Úrskurðartill. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn geta eftir atvikum fallizt á úrskurði stjórnarráðsins um endurgreiðslur af hálfu útvarpsstjóra, en eru óbundnir um frekari aðgerðir út af þeim málum. Um ferðakostnað útvarpsstjórans, sem ekki er frekar gerð grein fyrir, telja yfirskoðunarmenn, að gera hefði átt aths. til viðvörunar. Þá virðist sjálfsagt, að andvirði útvarpstækjanna séu innheimt. Um kostnaðinn við útvarpið framvegis verður Alþingi að ákveða. Athugasemdin er því til viðvörunar framvegis og vísað til aðgerða Alþingis".

Ég veit ekki, hvort hæstv. atvmrh., sem er tiltölulega ungur og óvanur í þessari starfsgrein, er ljóst, hve feikilega mikill munur er á þessari úrskurðartill. „til viðvörunar framvegis", og að „vísa til aðgerða Alþingis", eða venjulegri úrskurðartill., að við svo búið megi standa. Hér er ljóst, að yfirskoðunarmenn hafa áskilið sér og Alþingi fullan rétt til að eiga óbundin atkvæði um það, sem þeir kalla „frekari aðgerðir út af þessu máli".

Ég verð svo að eyða síðustu mínútunum til að víkja fáeinum orðum að hv. 5. landsk., þó að það sé reyndar varla gustuk, eftir að hæstv. dómsmrh. er búinn að tæta svo í sundur allt, sem hann flutti fram. Hv. 5. landsk. var að reyna að afsaka framferði útvarpsstjórans með því að minna á það, hversu ágætt tæki útvarpið er, og hversu annt menn gerðu sér um að njóta útvarpsins. En þar fer hann alveg villur vegar, ef hann heldur, að núverandi útvarpsstjóri eigi nokkuð af heiðrinum fyrir það, að hafa komið þessu menningartæki á það tiltölulega háa verklega stig, sem það er nú á. Það verk hafa allt aðrir menn unnið. Hitt er eðlilegt, að nú og ávallt þegar talað er um þess konar misfellur, sem útvarpsstjórinn hefir gert sig sekan í, að hann telji sér skylt að rísa upp til svars, því að fordæmið, sem hefir leitt útvarpsstjórann út á glapstigu, er gefið af hv. 5. landsk., þegar hann var í ráðherrasæti. En þeir, sem vilja hafa heiðarleik í opinberu lífi, mega ekki þreytast á því að minna á það, að allt framferði hv. 5. landsk. um misbrúkun á bílum, skipum og opinberum eignum, á að vera til viðvörunar í þjóðfélaginu, en engum til eftirbreytni. Áheyrendur gátu ekki varizt því að svara með hlátri, þegar hv. 5. landsk. var að bera hólið á sjálfan sig og sín verk. Þó mun ekki hafa verið veitt eftirtekt öllu, sem hann sagði. Hann sagði m. a., að þeir, sem drykkju whisky, væru aðallega hinir „betri borgarar". Ég þekki mann, sem vill láta telja sig með betri borgurum, og aldrei vill drekka whisky, ef hann fær eitthvað annað. Þetta minnir á, þegar hv. þm. var að hvetja menn til að drekka vín eins og menn drekka kaffi (**JónasJ:** Ekki whisky!).

Þá gat hann ekki stillt sig um, sem ekki er von, að senda hnútur til þess æskulýðs, sem í ýmsum flokkum og í ýmsum myndum rís upp til að skipa sér með hreinum hugsunum undir fána þjóðarinnar og bera þar fram merki þess nýja tíma, sem ekki ætlar sér að gerast þátttakandi né þolandi hinna miklu brota á opinberu velsæmi, sem hv. 5. landsk. er fyrsti forvígismaður að í þessu landi. Um þennan æskulýð hefir hv. 5. landsk. enga röksemd fram að bera, en slengir á hann þeim smánarorðum, að hann sé fáfróður og illa menntaður. En hv. 5. landsk. hefir átt drjúgan þátt í að búa þessum æskulýð menntunarskilyrði, að mestu leyti þau fimm ár, sem hann var ráðh. En niðurstaðan og árangurinn er nú það, að æskulýður landsins hefir snúið við honum bakinu, af því að æskan hefir andstyggð á öllu hans framferði. Og hv. 5. landsk. þýðir ekkert að ætla að bera sem skjöld þau ókvæðisorð, sem hann hreytti til æskulýðsins. Framtíðin hefir yfirgefið hann.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég hefi ekki tekið mikinn þátt í þessum umr., og hefi ekki mörgu að svara.

Hv. 2. landsk. talaði um norsku samningana og taldi þá þannig úr garði gerða, að vegna þeirra yrði nú verð á síldarafurðum mjög lágt, og illar horfur um allar

framkvæmdir útvegsins í sumar. Ef hv. þm. á við það, að erfiðlega horfi um rekstur síldarverksmiðjanna, þá er honum kunnugt, að orsakir eru allt aðrar en norski samningurinn. Það þekkir hann sem bankastjóri. Hins vegar vil ég vonast til þess, að hann geti lagt sitt lið til þess, að a. m. k. ein af þessum verksmiðjum geti gengið í sumar. Og ef hann á sem bankastjóri erfitt með slíkt nú, þá vil ég ráða honum til að snúa sér til Alþ., áður en því er slitið. Það mun reynt að skella öllu á norska samninginn. En norski samningurinn er rétt áþekkur því ástandi, sem ríkti frá 1924. Það hefir illa litið út með síldveiðar og erfiðlegar um verðlag, án þess að þessum samningi væri um að kenna. Og ég vara menn við því, þó að eitthvað bjáti á í þeirri atvinnugrein hér eftir eins og hingað til, að fullyrða þegar, að það sé þessum samningi að kenna. Hann bjargar miklu af kjötinu á góðan markað, sem annars er óseljanlegt. Stj. var falið það verkefni á síðasta þingi að leysa þetta mál á líkum grundvelli og áður. Og þeir þm., sem fálu henni það verkefni, hafa á þessu þingi samþ. samninginn með miklum meiri hl. atkv. í báðum deildum.

Hv. þm. kvartaði um, að enn væru óleyst viss mál, og virtist áhugamál að telja mönnum trú um, að engu miðaði, þrátt fyrir fagurt tal. Það sem ég sagði um þau mál, hefir ekki átt að tákna annað en það, að stj. hefði fullan vilja á að leysa höfuðmálin, og að stj. telur sig eygja möguleika, svo að ég noti sama orðtæki og í fyrra, sem ekki séu langt fram undan.

Nú standa eldhúsumr. á mjög óvenjulegum tíma, í þinglok, þegar um annað er að hugsa en að rifja upp gamlar væringar. Þessa dagana bíður þjóðin með sérstakri eftirvæntingu eftir lausn þeirra stóru og miklu mála, sem fyrir liggja. Og ég veit, að það verður virt til vorkunar, þótt ekki séu haldnir stórir þingmálafundir í eldhúsdagsformi, en meir gefið sig við hinu, að leita árangurs af því mikla starfi, sem búið er að leggja í þau stórmál, sem komin eru í burðarliðinn. Ég hefi því ekki hirt um að taka ríkan þátt í eldhúsumr., sem háðar eru á óvenjulegum tíma, þegar annað liggur fyrir en að deila hver á annan svo sem mest má verða. Þjóðin bíður helzt eftir að heyra árangur frá þessu þingi, og það verður við hana talað þegar sá árangur er í ljós kominn. Þá verða væntanlega margir fundir og miklu útvarpað. Ég fyrir mitt leyti býð góða nótt og tek ekki frekar til máls, verði ekki gefið óhjákvæmilegt tilefni.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég ætla aðeins að segja nokkur orð út af ummælum hv. 1. landsk. og lítilsháttar út af orðum hv. 2. landsk. Hv. 1. landsk. sagði, að það hefði ekki verið síður fyrir árið 1927 að senda hærri kostnaðarreikninga en vera bar til stjórnarráðsins. Ég get vel trúað því og þykist sannfærður um það, að ekki hefir verið um að ræða slíka reikninga frá þeirri stofnun, sem hann veitti forstöðu, En ég hygg þó, að ef hv. 1. landsk. vildi líta í þá reikninga, sem til stjórnarráðsins hafa komið allt frá þeirri tíð, að Klemens Jónsson var landritari, þá myndi hann finna einhverja reikninga, þar sem skrifað hefði verið „of hátt, þetta verður borgað", — miklu lægra.

Það er rétt hjá hv. 1. landsk., að í aths. við LR hefir endurskoðandi frá Sjálfstæðisflokksins hálfu skrifað undir, að við svo búið mætti standa um úrskurð um endurgreiðslu, og ég hygg, að ég hafi ekki frekar mælt í minni ræðu. Aths. hans var því ekki nauðsynleg. Rétt er, að þar stendur einnig, að endurskoðendur séu óbundnir um frekari aðgerðir. Tveir af þeim sitja nú á þingi, og ég varð ekki var við miklar aðgerðir frá þeirra hálfu, þegar LR var til umr.

Það er og skrifað um þessa endurgreiðslu: „vísað til aðgerða Alþingis". Ég hefi ekki orðið var við, að Alþingi hafi gert neitt, heldur látið við svo búið standa um úrskurð stj. Verð ég að telja, að þar sé fallinn dómur frá þeim æðsta dómstól, sem stj. á yfir sér, sem sé Alþingi.

Hv. 2. landsk. talaði mörgum orðum um það, að verklegar framkvæmdir hefðu verið litlar á árinu 1932, og nefndi sem sönnun, að 1930 hefðu þær verið miklu meiri. Rétt er það, enda hefi ég ekki haldið öðru fram. Til þessa liggja og skiljanlegar ástæður, og þ. á m., að

þetta var þjóðhátíðarárið mikla. Árið 1930 voru tekjur ríkissjóðs á 18. milljón, en 1932 voru tekjur ríkissjóðs að ég hygg 10 millj. 600 þús. Ég hygg, að þegar maður kemur í Útvegsbankann, þá fái maður þeim mun minni peninga til láns sem minni peningar eru til í sjóði. En það gildir sama regla um ríkisstj. 1932 brugðust þær tekjur, sem áður voru beztar og vissastar, eins og verðtollurinn, sem var 2 millj. 300 þús. kr. 1930, en 750 þús. síðastl. ár. Og ég hygg, að sá maður, sem er bankastjóri, skilji vel, að ekki verður framkvæmt eins mikið á því ári þegar tekjur bregðast, eins og þegar þær aukast um 6—7 millj.

Fyrri partinn í sumar kom okkur það oft í hug, sem í stj. sitjum, að komið gætu fyrir greiðsluþrot, ef ekki væri dregið að sér svo sem hægt væri. Það rættist betur úr en á horfðist, því að yfirleitt hefir stj. tekizt að halda nokkurnveginn jöfnuði á tekjum og gjöldum frá því 1. júlí síðastl. ár.

Tími minn er þrotinn, enda hefi ég ekki ástæðu til að segja meira.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Fáein orð til hv. 2. landsk. Hann kvað hér ríkja tvennskonar rétt, en rökstuðningur hans er sá, að það hafi verið afturkölluð rannsókn á hendur nokkrum mönnum, en aftur verið farið í mál við aðra menn, sem hann sagði, að væru verkamenn. Ég vil benda honum á það, að það er ekkert sannað með því að segja, að þessi og þessi sé sjálfstæðismaður eða íhaldsmaður, verkalýðsmaður eða jafnaðarmaður. Það er málstaðurinn, sem undir er komið, og ekkert annað. Á hann einan hefir verið litið, án tillits til, hver átti í hlut. Um tvennskonar réttlæti er því ekki að ræða. Um ástæðurnar 9. nóv. vil ég benda á, að ég er ekki að skipa þessum hv. þm. neitt fyrir um það, hvað hann megi segja, en ég hefi leyfi til að átelja það, sem hann hefir sagt rangt um tilefnið til þessara málshöfðana. Þó að það væri ekki ég, sem fyrirskipaði rannsóknina, skal ég fúslega taka á mig ábyrgðina af þessum málum.

Hv. 2. landsk. segir, að barsmíðarnar hafi verið meiri hl. bæjarstj. að kenna. Segjum nú svo, að bæjarstj., eða meiri hl. hennar, hafi haft rangt fyrir sér. Hún hafði samt sem áður lagalegan rétt til að gera samþykktir sínar í friði. En hinsvegar hefir enginn rétt til að beinbrjóta lögregluna, þó að þriðji aðili geri eitthvað á löglegan hátt, sem sumum mönnum finnst ekki sanngjarnt. Eða álítur hv. 2. landsk., að hann hafi leyfi til að slá mig niður, ef ég greiði atkv. á móti hans skoðun, eða ég hann, ef hann greiðir atkv. á móti minni? Þessi ummæli voru hv. 2. landsk. alls ekki samboðin, því að annars hefir hann talað hógværlega og sýnt, að hann kann sig ólíkt betur í opinberri framkomu en samherji hans, hv. 5. landsk.

**Jónas Jónsson:** Það er leiðinlegt, hve hæstv. dómsmrh. þolir illa, að minnzt sé á verk hans. En þau verk tala nú samt ekki síður en ýms önnur.

Ég get svarað þeim hæstv. dómsmrh. og hv. 1. landsk. í einu lagi. Það var hv. 1. landsk., sem fyrstur notaði Óðinn í snattferð til Borgarness 1926, er ráðherrann kom frá að reyna að fella Sig. Eggerz í Dölunum. En framhjá þessari staðreynd reyna íhaldsmenn auðvitað að smeygja sér, og þá ekki síður þeirri, að landhelgisgæzlan hefir hvorki fyrr né síðar verið betur rækt en í tíð fyrrv. stj. Hitt er gert að æsingamáli, er við frambjóðendur til landskjörs 1930 fórum með varðskipunum í þágu 30 þús. kjósenda. Þessi notkun varðskipanna var alveg óhlutdræg, þar sem hún var fyrir frambjóðendur af öllum flokkum. Hæstv. dómsmrh. hefir verið í skagfirzku kosningasnatti á hestum úr stjórnarráðinu. (**Dómsmrh.:** Nei!) Víst lét hann sækja sig norður á þeim hestum.

Þá var það gert að umtalsefni, að stj. hefði í minni tíð haft 3—4 bíla í sinni þjónustu. Nú er það kunnugt, að stj. hefir í þjónustu sinni fjölda embættismanna, sem þurfa að ferðast um landið vegna starfa sinna. Svo er um húsameistara, verkfræðinga og ýmsa fleiri. Þannig var hv. 1. þm. Rang. 3 vikur í bíl austur á Skeiðum vegna áveitumálanna. Þetta hefir orðið beinn sparnaður fyrir það opinbera, enda veit ég ekki betur en hæstv. dómsmrh. hafi bíl ennþá. Rvíkurbær hefir 3—4 bíla í sinni þjónustu, og eru vega-

lengdir skemmri þar en á því svæði, er ríkisstj. hefir yfir að segja.

Annars voru svör hæstv. dómsmrh. að mestu klaufalegir útúrsnúningar. Hann kvað rannsóknina út af Hesteyrarmálunum hafa kostað 10 þús. kr., en þar í var oftalin leiga fyrir skip, sem var úti á sjó hvort sem var, og engar tekjur mundi hafa af því. Tap verkafólksins á málunum hafði orðið um 60 þús. kr., og telja má líklegt, að rannsóknin hafi orðið til þess, að slíkt endurtakist ekki framvegis.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að Knud Zimsen hefði sagt sér, að hann væri saklaus, og þyrfti þá ekki frekar vitnanna við. En því gat hann ekki látið sjálfsögð plögg fylgja bókunum? Það verður varla þungt á metunum hjá almenningi, hverju Knud Zimsen hefir hvíslað að þessum vini sínum og flokksbróður um leið og hann tók gilda afsökun hans. Framvegis ætti neitun frá sakborningi að vera nægileg til þess að réttvísin falli frá ákæru. Slíkt hefði verið auðvelt fyrir Alberti á sinni tíð.

Kæra út af framferði Íslandsbankastjórnarinnar hafði borizt til lögreglustj. Ég setti þá þriggja manna nefnd til að athuga stjórn bankastjóranna á bankanum, og í henni var m. a. Einar Arnórsson, sem hæstv. dómsmrh. skipaði í hæstarétt. Sú skýrsla, er nefndin gaf, er að nokkru prentuð í Alþt. Ég vissi, hvað íhaldið ætlaðist fyrir. Hefði ég viljað líma mig fastan við ráðherrastólinn var ekkert hægara fyrir mig en að segja: „Ykkur eru ykkar syndir fyrirgefnar". En ég tel mér meiri heiður að því að falla á máli sem þessu máli Íslandsbankastjóranna en að láta það afskiptalaust.

Það er auðvitað ekkert annað en „grín" hjá hæstv. dómsmrh., að ég hafi búið til dóminn yfir honum. Sá dómur var gerður af hæfari lögfræðingi en hæstv. dómsmrh. er sjálfur og dómara, sem ekki lét ógnanir Mgbl. né stjórnarinnar hafa áhrif á sig.

Flokkur hæstv. dómsmrh. hefir dæmt Sigurð Eggerz hart. Það var af beinu vantrausti út af stjórn hans á Íslandsbanka, að flokkurinn varnaði honum þingsætis í Rvík og sendi hann í útlegð til Ísafjarðar.

Hæstv. ráðh. gat engri vörn komið fram út af náðunum sínum. Whisky náðunin er alveg fordæmislaus, enda voru margir vinir og flokksbræður hæstv. ráðh. bendlaðir við það mál. Sama er að segja um náðunina út af fölsunarmálinu, sem varpað hefir skugga á oss hjá erlendum þjóðum.

Það er ósatt, að ég hafi lofað Flygenring náðun. En ég lét í ljós við hann, að eftir góða hegðun myndi ég gera hið sama fyrir hann og aðra, sem líkt stæði á fyrir. Það, sem hæstv. ráðh. hefir eftir hv. 2. þm. Rang., er því ósatt. Ég sagði aldrei annað en að ég myndi athuga náðun á sínum tíma, ef hægt væri.

Hæstv. ráðh. hrósaði sér af framgöngu sinni í áfengismálunum. Já, sá má nú trútt um tala. Ég veit ekki betur en að sá maður, sem bezt hefir gengið fram gegn bruggurum og leynisölum og nú síðast hefir gripið hinn alræmda Höskuld, sé Björn Blöndal, sem ég skipaði í þessu skyni. Ég útvegaði honum þar að auki aðstöðu til að nota símabílinn til eftirlitsferða, en í tíð fyrrv. símstjóra var sá bíll leikfang þess embættismanns. En hvað segir svo Mgbl., aðalblað hæstv. dómsmrh., um hina ágætu framgöngu þessa manns? Aldrei hafa greinar með slíku skrílsmarki birzt í Mgbl. um nokkurn mann eða málefni, og er þá mikið sagt. Hastar hæstv. dómsmrh. á þetta flokksblað sitt? Nei, hann samþykkir ósómann með þögninni.

Ég var ofsóttur í fyrra fyrir að lengja vínveitingatímann á Borg, til þess að þar yrði minna fyllirí. En síðan hæstv. dómsmrh. tók við, hefir hann þrásinnis veitt vínveitingaleyfi langt fram á nótt, bæði á Borg og annarsstaðar. Um þetta þegir Mgbl., af því að þetta er ósómi.

Um Tervanimálið þarf ekki að ræða. Eftir að þakkarbréfið kom frá Chamberlain, var íhaldið alveg kveðið í kútinn í því máli.

Hæstv. ráðh. talaði um, að hæstiréttur hefði fengið lof í útlöndum. En ég get fullvissað hann um, að Einar Einarsson hefir ekki getið sér minni orðstír á þeim vettvangi.

Um yfirstjórn varðskipanna er það að segja, að togaratökur og bjarganir hafa svo að segja horfið síðan þar urðu yfirmannaskipti. Ég hafði falið þessa yfir-

stjórn Pálma Loftssyni, sem var manna hæfastur, án þess að það kostaði ríkissjóð einn eyri. En hæstv. dómsmrh. felur hana óhæfum manni fyrir 4000 kr. á ári. Ég álít, að ekki sé hægt að deila á mig, þótt ég svipti ekki Guðmund Sveinbjörnsson þessum tekjum það árið, sem hann varð að leita sér heilsubótar vegna sjúkleika og kona hans var einnig sjúk. En ég færði yfirstjórn varðskipanna til skipaútgerðarinnar, vegna þess að ég vissi, að henni var betur borgið þar. Við Guðmundur Sveinbjörnsson deildum um þetta atriði, en ég lét það ráða úrslitum, að ég taldi landhelgisvörnunum þessa breyt. fyrir beztu.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Mig furðar ekki þótt bílakostnaður landsins gæti orðið nokkuð hár, ef mörg dæmi eru lík því, sem hv. 5. landsk. nefndi, að viss maður hafi verið með bíl í 3 vikur fyrir austan fjall. (**JónasJ:** Það var sjálfur Jón Ólafsson). Það kemur ekki málinu við. Það er eins og menn hafi beinlínis verið ráðnir til að vera með bílana vikum saman. Hv. þm. sagði, að ég hefði ennþá bíl fyrir mig. Þetta er ósatt, því að ég seldi bílinn, strax og ég tók við stjórn. En sjálfur hafði hv. 5. landsk. í sinni ráðherratíð bílstjóra fyrir 300 kr. á mánuði, sem ríkið varð að borga, auk alls benzíns á 15000 km. keyrslu. (**JónasJ:** Hvað borgar stjórnin sínum bílstjóra nú?)

Út af Hesteyrarmálinu er það að segja, að það er misskilningur, ef hv. 5. landsk. heldur, að rannsóknin hafi leitt til þess, að verkafólkið hafi nokkuð fengið endurgreitt, þótt hann sendi „Þór" vestur með rannsóknardómarann. (**JónasJ:** Það verður kannske ekki svikið aftur). Það var um engin svik að ræða. En hv. 5. landsk. sveik ríkissjóðinn, þegar hann tók „Þór" úr vetrarlægi og sendi hann þessa forsending, sem kostaði um 10000 kr.

Þá er það borgarstjórakvittunin. Borgarstjóri sýndi mér kvittunina. Hann hafði aldrei verið krafinn um hana áður og hafði það verið látið hjá líða, til að geta notað málið í kosningum. Þessi kvittun sannaði sakleysi borgarstjóra Knud Zimsen, enda datt víst engum í hug, að hann væri sekur.

Hv. 5. landsk. kvaðst ekki hafa kært sig um að líma sig við ráðherrastólinn. En mér er kunnugt um, að skömmu áður en hv. 5. landsk. veltist úr völdum, fóru fram skrítnar atkvgr. innan Framsóknarflokksins, þar sem hv. þm. hafði boðið ekki svo lítinn afslátt til að lafa áfram. (**JónasJ:** Þetta er gersamlega ósatt. — **J. Bald:** Hæstv. dómsmrh. er í miðstjórn Framsóknarflokksins.) Mér er þetta vel kunnugt. (**JónasJ:** Vill þá hæstv. ráðh. ekki sanna þetta?) Hv. 5. landsk. veit, að það er ekki hann, sem nú hefir orðið, og ætti að hafa vit á að þegja. (**JónasJ:** Ég er dauður). Já, pólitiskt dauður! Ég get vel sannað þessi ummæli mín um atkvgr. Atkvgr., sem ég átti við, var um hlutfallskosningu í tvímenniskjördæmunum.

Þá er það whiskynáðunin svo nefnda. Mér er kunnugt um, að hv. 5. landsk. hefir sjálfur náðað skipstjóra fyrir whiskysmyglun. Það út af fyrir sig hneykslar mig ekki, a. m. k. ekki eins og að hv. þm. skuli hafa náðað sjálfan sig. Hv. þm. ætti því ekki að tala um whisky-náðun, enda vísa ég því alveg frá mér.

Þá kemur að Höskuldi. Hann bruggaði alla ráðherratíð hv. 5. landsk., svo að það var á hvers manns vitorði, án þess að við honum væri hreyft. Það er rétt, að ég hefi ekki „skapað" Björn Blöndal, en ég sé enga ástæðu til að flytja hv. 5. landsk. sérstakt þakkarávarp, þótt hann hafi einu sinni skipað hæfan mann í stöðu. Ég ætla ekki að fara að verja Mgbl., sem hv. 5. landsk. er svo hræddur við. En það er óþarfi fyrir hann að hafa allt á hornum sér við það blað, því að það er ekki það, sem leikið hefir hann gráast, heldur hans eigin verk.

Hv. 5. landsk. veitti leyfi til vínveitinga fram á nótt á Borg á hverju kveldi. Ég hefi lengt þennan tíma einstaka kveld, er sérstaklega hefir staðið á, en slík leyfi hafa verið veitt á öðrum stöðum áður af lögreglustjóra.

Þá er það þakkarbréfið frá Chamberlain. Það er auðvitað hægt að fá þakkir fyrir að taka 20—30 þús. af annara fé og gefa það. En ég býst við, að Chamberlain hefði skilað þessari gjöf aftur, hefði hann vitað, hvernig hún var til komin.

Þá talaði hv. þm. um, að færri togarar væru teknir en áður og færri strönd kæmu fyrir. Varðskipin eiga fyrst og

fremst að varna því, að togarar fari inn í landhelgina. Vitanlega er bezt, að ströndséu sem fæst, enda sjaldnast hægt að bjarga skipum, er stranda hér við land. Varðskipið var í þriggja vikna tíma við að reyna að bjarga togara, sem strandaði við Melrakkasléttu. Sú björgun mistókst þó með öllu. Auk þessa er það ljóst, að áraskipti eru að ströndum og því mismunandi tækifæri til björgunar að því leyti. Annars finnst mér það ekki árásarefni á mig, þó að fá skip strandi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 81. fundi í Nd., 23. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 768).

Á 84. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég óska, að málið verði tekið af dagskrá, því að það hefir ekki verið tilkynnt áður, að það yrði tekið á dagskrá í dag.

**Forseti (JörB):** Dagskráin var tilkynnt eins og venjulega. (**SvbH:** Það var ekki tilkynnt, hvenær brtt. ættu að vera komnar). Það er ekki venja. Menn verða þá að bera fram skrifl. brtt., ef þeim svo sýnist.

**Frsm. fyrri kafla (Ingólfur Bjarnarson):** Ég þarf ekki að hafa langt mál fyrir n. hönd. Ég skal fyrst benda á, sem vitanlegt er öllum þdm. að vísu, að frv. þetta hefir tekið ærnum breyt. frá því er það var lagt fyrir þingið. Þá var tekjuafgangurinn samkv. frv. 350 þús. kr., en nú, þegar frv. kemur frá Ed., er tekjuhallinn 477 þús. kr. Þetta er stórfelld breyt., en til skýringar skal þó tekið fram, að tekjuáætlunin hefir verið lækkuð í meðferð þingsins um 347 þús. kr., eða sem næst því, sem tekjuafgangurinn var, þegar frv. var lagt fram, svo að tekjuhallinn, sem nú er — 477 þús. kr. — er sem næst því sú útgjaldaaukning, sem komið hefir fram við meðferð þingsins, að frádreginni þó útgjaldalækkun, sem nam á annað hundrað þús. kr. Ég vil benda á það, að eins og d. er kunnugt, var það eindregin skoðun fjvn., er frv. var hér fyrir d. við f. umr., að brýnustu nauðsyn bæri til að draga sem mest úr útgjöldum frv., að svo miklu leyti sem fært þótti, og n. stefndi að því marki í störfum sínum, enda verður að segja, að það kom í ljós, að d. féllst að miklu leyti á þá stefnu n., að nauðsynlegt væri að stilla útgjöldunum sem mest í hóf á þeim erfiðu tímum, sem nú standa yfir. En þó varð það svo að vísu, að afgreiðsla frv. frá d. var stórum lakari en n. hefði kosið. En það er þó fyrst í Ed., að tekjuhallinn hefir aukizt gífurlega, og lítur út fyrir, að hv. þm. þeirrar d. líti bjartari augum á ríkisbúskapinn framundan og að þeir telji ekki svo nauðsynlegt að skera við nögl framlög til ýmissa hluta, sem virðast ekki beinlínis nauðsynlegir eða aðkallandi. Væri hægt að nefna mörg dæmi því til sönnunar með því að líta á það, sem samþ. hefir verið í Ed. Ég ætla samt ekki að tefja tímann með því, en vil til skýringar lauslega benda á þá meðferð, sem frv. hefir fengið við hverja umr. hér í þinginu, þ. e. a. s. útgjaldahliðin. Og þá bendi ég fyrst og fremst á það, að við 2. umr. hér í d. lækkaði útgjaldahliðin um fullar 80 þús. kr., en hinsvegar hækkuðu útgjöldin við 3. umr. um 140 þús. kr., svo að hækkun útgjaldanna hér í d. nemur upp undir 60 þús. kr. alls. En í Ed. hækkuðu útgjöldin um 47 þús. kr. við 2. umr. og við 3. umr. aftur um 383 þús. kr. eða alls um 430 þús. kr., og auk þess voru fastbundin útgjöld næstu 4 árin, sem nema 160 þús kr., og mætti í raun og veru taka það með. Væri það þá samanlagt nærri 600 þús. kr. En rétt er að taka það fram í þessu sambandi, að framlag til atvinnubóta var tekið inn í frv. í Ed., sem nemur 300 þús. kr. og er allveruleg upphæð. Þótt menn líti auðvitað misjafnt á það, hve há sú upphæð hefði átt að vera, þá munu flestir játa, að eitthvað hafi þurft að taka upp í því skyni. En auk þessara útgjalda, sem eru ákveðin í frv., eru samhliða teknar upp heimildir og ábyrgðir í 22. gr., svo miklar og margháttaðar, að ég hygg, að naumast hafi jafnlangt verið gengið áður. Þar kennir svo margra grasa, að það er líkast skáld-

sögu að lesa þá grein. Nú má vænta og vona, að þessar heimildir verði ekki notaðar nema að nokkru leyti. Því að annars óttast ég, einkum hvað ábyrgðirnar snertir, að þær myndu reynast ærið þungur baggi í framtíðinni, ef þær yrðu notaðar allar.

N. er mjög óánægð með frv. eins og það er nú, þegar það kemur frá Ed., og hún hefði fyrir sitt leyti talið rétt að fella burtu ýmsa útgjaldaliði og ábyrgðarliði úr frv., sem þar eru nú komnir inn, en reynslan hefir fyllilega sýnt, að við hverja umr. fjárl. hafa alltaf bætzt við ný útgjöld, og nema þau venjulega meiru en tekizt hefir að fella niður, þótt tilraun hafi verið gerð til þess. Óttast n. mjög, að svo myndi enn fara, þótt reynt yrði að lagfæra frv. nú, enda má benda á það, að ýmislegt, sem n. teldi rétt að fella úr frv. eins og það er nú, kom einmitt inn í d. á móti ákveðnum till. n. Hún getur því ekki vænzt fyllilegs trausts d. til að lækka útgjaldahliðina, þótt gengið væri inn á þá braut. Þess vegna er það, að n. hefir ekki séð sér fært að bera fram brtt. við frv. og hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að eftir atvikum vildi hún leggja til, að frv. yrði samþ. nú eins og það liggur fyrir, þótt hún sé á engan hátt ánægð með afgreiðslu þess. Er það aðeins af ótta við það, að frv. kunni enn að versna, að hún styður það nú í þessari mynd, og mér skildist á hæstv. stj., að hún myndi vera líkrar skoðunar í þessu efni. — Ég sé svo ekki ástæðu til að ganga nánar inn á hin einstöku atriði og læt þá nægja það, sem ég þegar hefi sagt um afstöðu n. og till. í þessu efni.

**Fors- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég get tekið undir flest af því, sem hv. frsm. hefir sagt og þarf ekkert að endurtaka. Það verða á sama hátt tilmæli stj. eins og n., að brtt. verði ekki samþ. Ég tel þrátt fyrir allt heppilegast, úr því sem komið er, að fjárl. nái nú í dag afgreiðslu.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég verð að segja, að d. hefir góða matarlyst, ef hún getur gleypt við þessu frv. eins og það liggur nú fyrir. En það er eins með þetta mál og sum önnur hér í þinginu, að það á ekki að gefa mönnum tækifæri til að athuga þau og færa í það horf, sem við megi una. Og ég hafði haldið, að það væri eitt af verkefnum þeirrar stj., sem nú situr, að reyna að sjá sæmilega borgið fjárhag lands og þjóðar, en það sést ekki, að hún sé á neitt sérstaklega glæsilegum vegi í þá átt með því að ganga að þessu frv. eins og það liggur fyrir. Bæði hv. frsm. fjvn. og hæstv. fjmrh. sýnast nú ekki sérstaklega ánægðir yfir þessu frv. Þeir viðurkenna, að það sé svo að segja ómögulegt í mörgum greinum, og samt sem áður er þróttleysið á svo háu stigi hjá þessum þm. og vantrúin svo rótgróin, að þeir trúa ekki á tilraunir til þess að færa það í eitthvert skárra horf, sem við megi una. Tekjuhallinn er orðinn ½ millj. kr. og vantar inn í þá málsgr. alla niðurstöðu 22. gr., og hvað ætli það sé mikið á aðra millj.? Ég hefi ekki reiknað það út, en n. hefir sjálfsagt gert það, því að sennilega hefir fjvn. gert ráð fyrir því, hve miklar greiðslur ríkissjóður verður að inna af hendi, og hverjar tekjur hann fær eftir þessu frv. Og hversu mikið er það ekki, sem verður að greiða fyrir utan það, sem stendur í fjárl. Á ég þar við greiðslur samkv. sérstökum lögum, sem nema mörgum hundruðum þúsunda. En auk þess munu vera í þessu frv. eins og h. u. b. öllum fjárl.frv., sem fyrir þinginu hafa legið, að ýms útgjöld eiga eftir að hækka frá því, sem hér er áætlað, og það ekki um smávægilegar upphæðir, ef að vanda lætur. Ég skal játa það og viðurkenna, að tekjuhlið þessa frv. er eins og venja hefir verið varlega áætluð, og sumar tekjugreinarnar fara sennilega fram úr áætlun. Þó eru gerðar nokkrar hækkanir á frv. að þessu leyti við 3. umr. í Ed. Nú hefir það verið viðkvæði hjá öllum, sem minnzt hafa á þessa hluti, að nauðsyn væri á og að þinginu bæri skylda til þess að ganga svo frá fjárl., að sómasamleg niðurstaða fengist. En nú get ég búizt við, að það, sem byggt er á, séu þau tekjuaukafrv., sem fyrir þinginu liggja. En af því að ég hefi ekki fengið tækifæri til þess að athuga þetta rækilega og sýna fram á það með rökum, sem ég hygg, að niðurstaðan muni verða, ef þetta frv. verður samþ. óbreytt: að stórkostlegur greiðsluhalli verði á árinu, og af því að ég hefi ekki vegna þess mikla ann-

ríkis, sem verið hefir undanfarna daga, getað dregið saman þau rök, sem eiga að geta sýnt þetta nokkuð nákvæmlega, þá vildi ég mælast til þess, að frekari umr. um þetta mál yrðu dregnar til mánudags. Ég álít, að það sé ekki svo þýðingarlaust, hvernig fjárl. eru afgreidd, að það eigi að horfa í það að fresta afgr. fram yfir helgina. Þó að ég ætli ekki að fara inn á nein einstök atriði við 22. gr., sem ég tel vera langathugaverðasta í frv., þá vil ég þó benda á, að í henni felast þær till., sem skapa mjög varhugavert fordæmi og nauðsyn er að taka út úr frv., ekki eingöngu vegna upphæða, sem þær hafa að geyma, heldur vegna þess fordæmis, sem þær óneitanlega munu leiða af sér fyrir framtíðina. Ég skal taka t. d. — og munu menn þá segja, að ég höggvi á því, sem minnst er —, að hér er um fjárveitingu að ræða til þess að kaupa listaverk. Ef á að fara að veita fé til þess sérstaklega í fjárl., fram yfir þær ráðstafanir, sem gerðar eru í þessum efnum með menningarsjóði, þá sé ég ekki annað en að komið sé út á algerlega ófæra braut. Hér í þessu frv. er till. um að veita ríkisábyrgð fyrir rekstrarfé einstaks fyrirtækis. Þetta er óforsvaranleg braut inn á að ganga. Ef farið er að gera þetta fyrir eitt fyrirtæki, koma önnur á eftir. Það er ekki nóg að veita styrki, lán og ábyrgðir til þess að koma fyrirtækjunum á stað, heldur á einnig að veita ábyrgð ríkissjóðs til þess að reka þessi fyrirtæki. Þarna er gengið út í þær öfgar, að ómögulegt verður fyrir þingið að halda þessu áfram, en það verður örðugt að standa á móti því, þegar einu sinni er gengið inn á þessa braut. Ég tala nú ekki um till. eins og þá, að veita ábyrgð fyrir um 350 þús. kr. láni til þess að reisa síldarverksmiðju á Seyðisfirði. Ég hélt, að ríkið hefði nokkurnveginn nóg með að reka þessa síldarbræðslustöð, sem það hefir á Siglufirði, ef það kynni nú líka að kaupa eða leigja aðra stöð þar til þess að starfrækja á næsta sumri. Sem sagt, af því að ég hefi ekki getað aflað mér þeirra gagna, sem nauðsyn ber til þess að hefja rökstuddar umr. um þetta málefni, þá vil ég eindregið mælast til þess, að þetta a. m. k. annað stærsta mál þingsins verði ekki dregið svo áfram í gegnum þessa umr., að ekki gefist tækifæri til þess að bera fram brtt. við frv. og rökstyðja það, að þær brtt. verði að samþ.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég vil vænta, að hæstv. forseti verði við þessari ósk um, að taka málið út af dagskrá, þar sem þeir munu vera fleiri en hv. þm. V.-Húnv., sem ekki hafa haft tækifæri til þess að bera fram brtt. við frv. og rannsaka betur, hvernig frá frv. hefir verið gengið í hv. Ed. Ég verð að segja, að ég álít, að þessari hv. d. væri það hreint og beint til vansæmdar, ef hún léti frv. ganga í gegnum d. án þess að það sé athugað betur en gert hefir verið, þegar þessar upplýsingar eru komnar frá hv. frsm. fjvn. um þá hækkun, sem gerð hefir verið í hv. Ed. Ef á að ganga inn á þá braut, að hér eigi alltaf að afgreiða þetta fjárlagafrv. með slíkum hætti, þegar það kemur frá hv. Ed. og við því verður ekki hreyft, þá verða hv. dm. að gæta að því, að fjárveitingarvaldið er hreint og beint tekið úr höndum þessarar hv. d. og lagt í hendur Ed., enda ber sú meðferð það greinilega með sér, sem hefir orðið á frv. í þetta sinn. Þessi hv. d. hafði hækkað útgjöldin um ca. 60 þús. kr. Hv. Ed. hefir tekið út fjöldann af því, sem sett hafði verið inn hér í hv. Nd. — af þessum einu 60 þús. kr. —, en þar að auki er bætt við útgjöldin í hv. Ed. 460 þús. kr. M. ö. o. það er um ½ milljón, sem þar er bætt inn, en tekið út mikið af því smáræði, sem hér hafði verið bætt við í þessari hv. d. Ég skil ekki skaplyndi þeirra hv. þdm., sem ætla að sætta sig við slíka afgreiðslu og samþ. allt, sem hv. Ed. hefir gert, umhugsunar- og athugasemdalaust! Ég vil fyrir mitt leyti eindregið taka undir þá áskorun til hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá að þessu sinni, til þess að mér gefist tækifæri til að bera fram brtt. við frv. Ég hefi þegar athugað og undirbúið brtt., sem ég óska að koma fram hér í d. áður en frá frv. er gengið, og vil ég fastlega vonast til þess, að hæstv. forseti sjái sér fært að verða við beiðni okkar.

**Frsm. fyrri kafla (Ingólfur Bjarnarson):** Hv. þm. V.-Húnv. virðist liggja nokkuð á hálsi fyrir það, að vilja ekki

gera tilraun til þess að laga ýms missmíði, sem n. hefði talið, að væru á frv. Mér skildist á honum, að hann hefði þá skoðun, að það væru töluverðar líkur til þess, að hægt væri að breyta frv. til batnaðar. Mig hálffurðar í raun og veru á þessari skoðun hans. Ég hafði lýst því yfir, að n. væri mjög óánægð með ýmsa hluti í frv., og að það væri mjög hart að þurfa að ganga þannig frá því. Hinsvegar lýsti ég því yfir, að því aðeins legðum við þetta til, að við hefðum ekki vonir um, að bót fengist á því, þó að tilraun væri til þess gerð. Ég hefði nú haldið, að hv. þm. V.-Húnv. gæti fallizt á þessa skoðun n. Hann hafði þá aðstöðu á síðasta þingi að vera frsm. fjvn., og ég held, að hann hafi þá staðið í nokkuð svipuðum sporum og ég stend nú. Skal ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp það, sem hann sagði þá, einmitt um þessa hluti. Hann segir svo: „Það er þó engan veginn svo, að n. sé ánægð með afgreiðslu frv. frá Ed. Þar hefir aukizt talsvert halli sá, sem var á frv., svo að nú er hann um 600 þús. kr. En þrátt fyrir það, þótt hallinn sé þetta mikill og útgjöldum hafi verið bætt við í Ed., sem full ástæða væri til að taka út aftur, þá hefir n. ekki gert ráð fyrir því, að brtt. á frv. mundu fást, svo róttækar sem þyrfti, og því ekki ástæða til að lengja þingtímann þeirra hluta vegna". Þetta segir hv. þm. þá, og mér finnst þau rök, sem hann þarna ber fram, vera mjög hin sömu og ég vildi hafa borið fram nú fyrir n. hönd. Ég vænti því, að hv. þm. taki tillit til ummæla þeirra, sem ég las upp, og að hann skilji frekar afstöðu n. nú og þurfi ekki svo mjög að liggja henni á hálsi, þó að hún treysti sér ekki að leggja til, að frv. sé opnað. Hvað hitt snertir, að tveir hv. þm., hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. Rang., hafa óskað eftir, að frestað sé umr. um þetta frv. og afgreiðslu, til þess að þeim gæfist tækifæri til að athuga það betur og e. t. v. bera fram brtt. við það, þá þykir mér fyrir mitt leyti ekki ástæða til að amast við því. Ef svo horfir við, að miklar líkur, máske vissa, væri fyrir því, að hægt væri að fá lagfæringu á frv., þá hefði ég sízt á móti því, að umr. yrði frestað.

Umr. frestað.

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 768, 836, 837, 862, 865).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 862 og 865. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Það er ekki vonum fyrr, að þetta mál kemur hér til umr. Ég hafði búizt við, að málið yrði afgreitt hér á fundinum í gær, en þá var það tekið út af dagskrá og svo sett aftur á dagskrá í dag, sem 10. mál. Það er kominn af því mesti skriðurinn sem var, þegar átti að fella það af á nokkrum mínútum fyrir helgina. En það verður nú að taka því, sem orðið er í þessu efni, enda hefi ég sniðið þær brtt. á þskj. 836, sem ég flyt við frv., einmitt með tilliti til þess, að breyt. á fjárl. yrðu ekki meiri hér í Nd. en svo, að gera mætti ráð fyrir því, að Ed. vildi taka við þeim þannig breyttum, svo að þessi afgreiðsla þyrfti á engan hátt að verða til þess að tefja þingstörfin.

Eins og tekið var fram þegar málið var fyrst á dagskrá við þessa einu umr., þá er tekjuhalli fjárl. ½ millj. kr. Nú ætla ég að gera ráð fyrir því, að sú tekjulöggjöf, sem sennilega verður samþ. á þessu þingi og á að gilda fyrir árið 1934, muni nokkurnveginn duga til þess að jafna þennan tekjuhalla. En þá eru eftir þær greiðslur, sem ekki eru teknar með í samanlagningu fjárl., og það eru fyrst og fremst greiðslur samkv. sérstökum lögum, sem gera má ráð fyrir, að geti undir engum kringumstæðum orðið minni en 400 þús. kr., og það eru greiðslur eftir heimildum, sem ég get ekki séð, ef þetta frv. verður samþ. óbreytt, að geti orðið mikið undir 600 þús. kr. Þá er þarna kominn 1 millj. kr. greiðsluhalli, sem næsta þing verður að sjá fyrir á einhvern hátt með bráðabirgðalöggjöf, eða þá að lausu skuldinar verða að aukast. Ennfremur má gera ráð fyrir því, að útgjöldin í fjárl., sem eru að miklu leyti áætlunarupphæðir, muni fara fram úr áætlun, sem ég hygg að muni ekki verða minna en ½ millj. kr., og þó er tekið til-

lit til þess, að tekjurnar kynnu að fara eitthvað fram úr áætlun, en samt er greiðsluhallinn orðinn 1½ millj. kr. Ég hefi gert ráð fyrir því, að tekjurnar muni fara lítið fram úr áætlun, en af því að það hefir reynzt svo undanfarin ár, að tekjurnar hafa farið mikið fram úr áætlun, og með því að svo kann enn að fara, þá vil ég rökstyðja þessa skoðun mína nokkuð nánar og miða við þá útkomu, sem var á fjárl. síðastl. ár.

Þá er það fyrst tekjuliður 2. gr. Það er fasteignaskatturinn. Hann er áætlaður 370 þús. kr. en reyndist 371 þús. kr. Þó var hann reiknaður út eftir hinu nýja mati, það getur því ekki komið til mála, að þessi tekjuliður fari fram úr áætlun. Tekju- og eignarskatturinn er áætlaður 1 millj. kr., en hann var á síðastl. ári 1350 þús. kr., en þar í var 25% viðaukinn á þessum skatti, svo að hann hefir í raun og veru ekki orðið nema 1070 þús. kr. Árangurinn af þessum tekju- og eignarskattsauka verður vitanlega sá, að hækkunin hlýtur að hafa áhrif á tekju- og eignarskattinn í ár, svo að það verður að reynast talsvert miklu betra yfirstandandi ár heldur en árið 1931, til þess að þessi liður fari fram úr áætlun.

Lestagjaldið er áætlað hér um bil eins hátt, og reyndist um 70 þús. kr. Aukatekjurnar eru reiknaðar nærri eins háar og síðastl. ár, og eru litlar líkur til, að þær fari fram úr áætlun. Erfðafjárskatturinn nokkru hærri en hefir verið. Vitagjaldið lítilsháttar lægra heldur en síðastl. ár eða 58 þús. kr. En nú hefir þetta gjald verið lækkað samkv. lögum, sem samþ. hafa verið á þessu þingi, svo að það eru ekki miklar líkur til þess, að þessi liður fari fram úr áætlun. Þá er leyfisbréfagjaldið eins og það reyndist, og stimpilgjaldið nákvæmlega eins og það reyndist síðastl. ár, því er ekki ástæða til að ætla, að það fari fram úr áætlun. Skólagjöld eru reiknuð eins og síðastl. ár. Bifreiðaskatturinn er reiknaður 50 þús. kr. hærri en hann reyndist síðastl. ár. Má vera, að hann nái þeirri áætlun, vegna þess að l. um bifreiðaskatt giltu ekki allt síðastl. ár. Þó hefir orðið nokkur breyt. á þessari löggjöf á þessu þingi, sem hefir lækkandi áhrif á skattinn. Það má gera ráð fyrir, að þessi áætlun haldist nokkurnveginn, en það er ekki hægt að gera sér vonir um auknar tekjur frá því sem þarna er áætlað. Útflutningsgjaldið er reiknað 100 þús. kr. lægra heldur en það reyndist síðastl. ár. Þar getur verið að megi vænta einhverra aukinna tekna, en árið sem leið var flutt óeðlilega mikið út, nokkru meira en eðlilegt var, miðað við það, sem framleitt var á því ári, og mun það hafa stafað af því, að meira var flutt út af fyrra árs framleiðslu heldur en geymt var til næsta árs.

Áfengistollurinn er reiknaður eins og síðasta ár, og ég trúi því vart, að hann fari vaxandi, þar sem svo mjög fleygir fram kunnáttu manna á framleiðslu áfengis í landinu. Tóbakstollurinn er áætlaður 100 þús. kr. hærri en hann reyndist síðastl. ár. Hæstv. fjmrh. gerði ráð fyrir, þegar hann lagði fram fjárlagafrv., að vænta mætti nokkurrar hækkunar á þessum tekjulið frá því, sem hafði reynzt síðastl. ár, enda hefir verið tekið tillit til þess í fjárlagafrv. og þessi liður verið hækkaður um 100 þús. kr. Þessi von um aukningu á þessum tekjulið byggist á því, að nokkuð hefir verið óeðlilega flutt inn af þessari tollvöru 1931, vegna þess að lögin um tóbakseinkasöluna gengu í gildi þá um áramótin, og það hefir aftur valdið því, að nokkru minna hefir verið flutt inn á síðastl. ári. Fjmrh. gerði ráð fyrir því, að fyrir þessar ástæður mundi hækkunin nema 200 þús. kr., og þar er aðeins helmingurinn tekinn, enda er fullvíst, að svo miklu hefir þetta numið fyrir ríkissjóðinn eins og það er áætlað.

Kaffi- og sykurtollurinn er reiknaður 24 þús. kr. hærri í þessu frv. heldur en hann reyndist síðastl. ár, og ég hefi litla ástæðu til að halda, að óbreyttri löggjöfinni, að þessi tollur fari fram úr áætlun. Annað aðflutningsgjald er áætlað nokkru hærra, og eru ekki miklar líkur til, að það fari fram úr áætlun. Vörutollurinn er áætlaður eins og hann reyndist síðastl. ár, og eru litlar líkur til, að sá tekjuliður fari fram úr áætlun.

Verðtollurinn er reiknaður ¼ millj. kr. hærri en síðastl. ár. Þetta var annar liðurinn í fjárlagafrv., sem hæstv. fjmrh. gerði ráð fyrir, að mundi fara batnandi frá því sem var síðastl. ár, enda er gert fullkomlega ráð fyrir því, með því að

hækka hann um ¼ millj. kr. Það getur því tæpast komið til mála, að þessi áætlun fari fram úr áætlun svo nokkru nemi. Ég vil auðvitað ekki slá því föstu, að þetta geti ekki orðið meira en þarna er áætlað, en það eru ekki nein rök, sem renna undir þá skoðun, sem hægt sé að telja óyggjandi. Þá kemur gjaldið af innlendum tollvörum. Það er áætlað á 220 þús. kr. og má gera ráð fyrir, að það sé á annað hundrað þús. kr. of hátt, en það er gert ráð fyrir honum svona háum til þess að jafna tekjuhallann á fjárl. ásamt bráðabirgðalöggjöfinni, sem er um tekjur ríkissjóðs næsta ár.

Með því að fara þannig gegnum þessa áætlunarliði og bera saman við reynslu síðustu ára, sé ég ekki, að komi fram nein veruleg aukning á tekjunum frá því, sem heildarniðurstaðan sýnir. Um aðra tekjuliði eða 3. gr. frv. er lítið að segja. Ég býst við, að hún standist nokkurnveginn. Hún er áætluð 130 þús. kr. hærri en reyndist að vera síðastl. ár, og ég get búizt við, að sú áætlun muni standast.

Um 4. og 5. gr. er lítið að segja. Ég geri ráð fyrir, að þær munu standast, nema kannske 4. gr., þar sem eru vaxtatekjurnar. Ég býst við, að þær verði nokkru lægri en áætlunin sýnir. Þá eru tekjuliðir frv. upp taldir, og hefi ég ekki komið auga á, að í þeim felist nokkur von um meiri tekjur heldur en áætlað er í frv.

Niðurstaðan fyrir þessar athuganir hefir orðið sú, að mér telst til, að 1½ millj. kr. vanti í ríkissjóðinn til þess að nokkurnveginn standist á tekjur og gjöld. En það er að því gætandi, að þó þessi tekjuhalli reynist nú svona, þá er hagur ríkissjóðs ekki þeim mun verri sem þessu nemur, því að þarna í eru innifaldar allar afborganir á skuldum ríkissjóðs, sem nemur um 900 þús. kr., svo beinn rekstrarhalli ætti ekki að verða yfir ½ millj. þó að þessar afborganir á föstu skuldunum yrðu til þess að auka lausu skuldirnar, þá er það ekki til þess, að hægt sé að segja, að hagur ríkissjóðs hafi versnað. En hitt er athugunarvert, að auka lausu skuldirnar frá því, sem nú er, því að þær höfðu vaxið árið 1932 um 1½ millj. kr. En hvað verða lausu skuldirnar miklu meiri á þessu ári?

Mér hefir skilizt, að tekjuaukalöggjöfin, sem nú liggur fyrir þessu þingi, og gera má ráð fyrir, að verði samþ., muni ekki nema meiru en því, að afborganir fastra skulda færist yfir í lausaskuldir.

Það er a. m. k. ein millj. kr., sem um er að ræða í viðbót við lausaskuldina á þessu ári, og þegar þar að auki bætast við lausaskuldir, sem námu í ársbyrjun 1932 yfir ½ millj., þá er í óefni komið, ef við þurfum að líta fram á árið 1934 með 1½ millj. króna í auknum lausaskuldum á herðunum. Ég vil taka það fram, að eitthvað má lækka þessa aukningu með því að samþ. ýms tekjuöflunarfrv., sem fyrir þinginu liggja, t. d. viðbótar-tekju- og eignarskattinn. En það mun hafa komið fyllilega í ljós, að þótt látið sé í veðri vaka, að þessi löggjöf eigi ekki að gilda nema fyrir þetta eina ár, þá hefir því mætt óánægja úr ýmsum áttum, og eins vel má búast við því, að ekki verði látið þar við sitja, heldur krefji nauðsyn, að það verði framlengt næsta ár, og mun þó ekki hrökkva til. Það er margt fleira athugavert við afgreiðslu þessara mála og þó að tekjuauki sé ríkissjóði nauðsynlegur, þá er þetta varhugaverð skattapólitík. Tekjur ríkisins hvíla þá að svona miklu leyti á bráðabirgðalögum, ½ millj. á yfirstandandi, önnur ½ millj. í auknum tekju- og eignarskatti og að auki ½ millj. Auknar tekjur eru þá hálf önnur millj. með bráðabirgðalögum og er þá ekki talinn hinn fyrirhugaði 25% gengisviðauki, sem ég veit ekki nákvæmlega, hve miklu muni nema, en ég hygg þó, að það sé milli 4 og 5 hundr. þús. Þetta er stefna, sem algerlega er óviðunandi að búa við, og það þarf áður en langt líður að koma þessu í réttlátt horf, og skattakerfið þarf að komast í fast og réttlátt horf. Hvers vegna er nú ríkið komið út á þennan hála ís? Til þess liggja tvennar orsakir. Fyrst og fremst er um það að kenna hinum erfiðu tímum, er við nú lifum á, en í öðru lagi er það þetta stefnuleysi, þessi lausgopaháttur, sem kominn er inn í afgreiðslu fjárl., algert skeytingarleysi um það, hvernig þau líta út þegar þau koma frá þinginu. Menn munu e. t. v. segja, að ég ætli heldur ekki að taka föstum tökum á þeim, ef lítið er á mínar till. En ég hefi mesta tilhneigingu til þess, að 22. gr. verði alveg tekin út af l. En ég vissi hins-

vegar, að það yrði ekki til annars en að tefja störf Alþ., því að Ed. mundi ekki láta á sér standa að setja inn aftur megnið af henni, ef ekki allt saman óbreytt. Till. mínar hafa ekki meiri lækkun að geyma en 160000 kr. í beinum útgjöldum á næsta ári, en þar í eru líka fólgnar upphæðir, sem greiðast eiga á næstu árum. Það er eitt, sem komið er inn í afgreiðslu fjárl., sem sífellt færist í vöxt með hverju ári, sem líður, og það eru hinar hóflausu ábyrgðir, sem ríkissjóður er látinn ganga í. Ég sé ekki, að þetta geti gengið svo til lengdar, að það verði ekki algerlega óviðunandi, að á hverju ári bætist við margar millj. Hve lengi þolir ríkissjóður, að hlaðið sé á hann þessum ábyrgðum? Og þetta er allt fyrir utan þær ábyrgðir, sem heimilaðar eru með sérstökum lögum á hverju þingi. Ég ætla ekki að fjölyrða um brtt. mínar, 8 þær fyrstu eru í sjálfu sér ekki stórvægilegar og eiga við ýmsar greinar fjárl., en 9—11 fara fram á niðurfellingu á heimild fyrir ríkissjóð til þess að kaupa bæði hús og jarðir, sem ég álít ekki, að ríkissjóði sé svo bráðnauðsynlegt að eignast, að því megi ekki fresta. Svo eru ábyrgðarheimildir fyrir sjúkrahúsbygging á Reyðarfirði, öldubrjót á Siglufjarðareyri, steinsteypuhús fyrir póst og síma á Húsavík, síldarbræðslustöð á Siglufirði og tunnuverksmiðju, sem fella skal niður. Ég skal fúslega játa, að þessum brtt. mínum mætti vel raða í flokka, sem ættu mismunandi rétt á sér, en ég hirði ekki um að fara út í þá sálma, því að ég veit, að það eru fleiri eða færri hv. þm. hér í d., sem finna sig knúða til þess að halda langar ræður, en ég held ekki, að umr. hafi nein afgerandi áhrif á úrslit þessa máls. Ég vil að lokum taka það fram, að ekki ein einasta af brtt. mínum fer fram á hækkun útgjalda, og hafði ég vænzt þess, að d. mundi skera niður útgjöldin sem mest hún mætti og sæi sóma sinn í því að koma ekki fram með neina hækkun. En ekki varð mér að þeirri von, því að ýmsir af hv. þm. hafa einmitt orðið til þess að fara fram á viðbót. Það er engu líkara en að þeim finnist þeim ekki bera skylda til að hafa hag ríkissjóðs í huga. Þeim finnst þeir hafa rétt til þess að hlaða á hann ábyrgðum og útgjöldum, án þess að nokkrir möguleikar séu fyrir hendi til þess að hægt sé að greiða úr þeirri flækju. Seinni tímar munu sjá það og sýna, hvort þessar skuldir verða léttar á metunum. Ég vona sem sagt, að hv. d. sýni einhvern lit á og vilja til að að færa niður útgjöldin, og standi fast á móti öllum till., sem fara fram á hækkun þeirra.

**Jónas Þorbergsson:** Ég vil taka undir þær raddir, sem fram hafa komið í þessari hv. d., að það virðist vera mjög óviðkunnanlegt og varhugavert það háttalag, sem tíðkazt hefir á mörgum undanförnum þingum, að hv. Ed. hefir með nokkrum hætti verið afhent úrslitavald um fjárveitingar þingsins með því að láta þá hv. d. leggja síðustu hönd á afgreiðslu fjárl. Sú litla reynsla, sem ég hefi af störfum fjvn. hefir sýnt mér, að hún hefir eðlilega gengið ríkt eftir því við nm. og aðra hv. dm., að þeir gæti allrar varúðar við afgreiðslu fjárl., og ég verð að telja, að meðferðin í þessari hv. d. hafi borið glöggan vott um það, að þeirrar varúðar hafi verið gætt eftir föngum. Það virðist ekki vera hægt að bera á móti því, að þegar borið er saman, hvernig Nd. skildi við málið, og hvernig það kemur frá hv. Ed., þá hafi þessi háttur, sem upp hefir verið tekinn og tíðkazt hefir átölulaust, haft þá verkan, að varúð d. hefir minnkað í trausti þess, að þegar frv. kæmi frá Ed., þá yrði venjulega svo mjög liðið á þingtímann, að þm. kjósi heldur að þola hvað sem vera skal heldur en að eiga það á hættu, að frv. hrekist milli deilda og lendi loks í Sþ. með þeim afleiðingum, sem því kynnu að verða samfara. Hefir nú svo til tekizt eins og fyrri, að fjvn. treystist ekki til að bera fram brtt., eða mæla með því, að frv. verði opnað á ný. Ég gat fyrir mitt leyti ekki mælt með því í n. og nm. voru allir sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. En þar sem það hefir komið fram í dag, að Nd. treystist ekki til að taka þegjandi við þeim böggli, sem nú fylgdi skammrifi, og nokkrir hv. þm. bera fram brtt., þá hefi ég leyft mér að bera fram eina, sem hv. d. er þegar kunn. Við fyrri afgreiðslu málsins hér í d. var samþ. till., sem ég flutti um heimild til þess að verja 25000 kr. af ágóða viðtækja-

verzlunar ríkisins til þess að greiða fyrir útvarpsnotendum, þar sem raforka er ekki fyrir hendi. Ég mælti þá fyrir till., og ástæðulaust þykir mér að endurtaka það nú. Mitt álit hefir alltaf verið það, að viðtækjaverzlunin hafi verið stofnsett í því augnamiði fyrst og fremst, að greiða fyrir útvarpsnotendum, en ekki til þess að ríkið græddi á henni. Þessi hv. d. tók þessu máli mínu svo vel, að till. var samþ. með 18 atkv. gegn 10. En hv. Ed. hafði ekki jafngóðan skilning á málinu og meiri hl. fjvn. gerði tilraun til þess að fella þessa heimild alveg burtu. Og þótt því yrði aðstýrt, tókst að lækka hana niður í 10000 kr. Nú fer ég fram á, að heimildin verði hækkuð upp í 20000 kr., og að fénu verði varið á sama hátt sem áður var gert ráð fyrir, að því viðbættu, að fénu verði einnig varið til þess að draga úr útvarpstruflunum í kaupst. og sjávarþorpum, sem valda hinum mestu óþægindum og hamla mjög útvarpsnotendum. Ég vil taka það fram, að ég gat ekki lagt áherzlu á það í fjvn., að fjárl. yrðu nú opnuð á ný, og þar eð till. mín er stíluð við 22. gr. frv., þá er ég tilleiðanlegur til að taka hana aftur, ef allar aðrar brtt. verða felldar. En verði hinsvegar nokkur þeirra samþ., þá mun ég leggja hina mestu áherzlu á, að hún verði samþ. Ég tel það bæði sjálfsagt og réttmætt, að útvarpsnotendum bæði til sveita og í kaupstöðum verði hjálpað til þess að ráða bót á því, sem mest hamlar því, að útvarpið komi að fullu liði og nái þeirri útbreiðslu, að það verði sjálfstæð stofnun.

**Bergur Jónsson:** Ég hefi leyft mér að bera fram eina till., sem fer fram á 1000 kr. hækkun á liðnum til bryggjugerða og lendingarbóta. Ástæðan til þess, að þessi umleitun kemur fyrst fram nú, er sú, að ég hefi ekki fyrr fengið skjölin um þetta mál og var auk þess veikur, þegar fjárl. voru til meðferðar hér í d. Ég sé það, að Ed. hefir hækkað þennan lið úr 31 þús. kr. upp í 48 þús., og það er vitanlega til lendingarbóta fyrir kjördæmin, sem þeir hv. þm., er í Ed. sitja, eru fyrir. Þess vegna finnst mér ekki ósanngjarnt, að þessi till. verði tekin til greina, ef frv. verður yfirleitt nokkuð breytt. Þessi hækkun er hugsuð sem tillag til lendingabóta á Flatey á Breiðafirði. Flateyjarkauptún er mjög illa statt fjárhagslega, en brýn nauðsyn krefur, að bætt sé úr því algerða bryggjuleysi, sem það á við að búa, og hafa þeir hugsað sér, að bezt muni reynast að dubba upp bryggjuskrifli það, sem er þar á staðnum. Það hefir ekki farið fram fullkomin rannsókn á því, hver kostnaður muni af þessu leiða, en n. hefir verið kosin, og áætlar hún, að verkið muni kosta 2500 kr., en ég hygg samt, að það muni liggja nær 3000, svo að framlag ríkissjóðs yrði þá ekki nema ⅓ kostnaðar. Menn verða að gæta að því, að þetta er ekki fyrir Flateyjarhrepp einan, heldur fyrir alla Vestur-Barðastrandarsýslu. Þarna er eini staðurinn, sem hægt er að koma hafskipum við, og þó erfitt, þar sem ekki er nein bryggja, sem því nafni getur heitið, svo að það er til stórbaga, af því að skip, sem samkv. áætlun eiga að koma þar við, fara jafnvel framhjá. Ég mun þó ekki halda málinu til streitu, nema fjárl. verði opnuð aftur. Það tel ég alveg sjálfsagt að gera, því að mér finnst bæði ósanngjarnt og óviðkunnanlegt, að þriðjungi þm. sé fengið vald til þess að gera hvað sem þeim sýnist um þetta mál.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég get tekið undir það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði um afgreiðsluna á fjárl. Ég sé ekki betur en að 1½ millj. kr. fyrirsjáanlegur tekjuhalli sé á þeim fyrir næsta ár, og þetta á að vinna upp með nýjum sköttum og álögum, sem þegar eru komin að hámarkinu, ef ekki yfir það. Landsmenn væntu þess, að þetta þing mundi gera tilraun til þess að færa saman ríkisbúskapinn, fækka opinberum starfsmönnum og yfirleitt draga saman seglin. Ég býst líka við, að þingið muni fá mest ámæli fyrir að hafa ekkert að þessu gert, því að frekar má verja það með rökum, þó að útgjöldin séu há, því þarfirnar eru margar og brýnar. Hv. þm. V.-Húnv. var að ámæla okkur, sem berum hér fram brtt., sem miða að því að auka útgjöld ríkissjóðs, en um mína till. horfir nokkuð öðruvísi við en aðrar till. á þskj. 837. Hér er um að ræða mannvirki, sem liggur undir stórskemmdum, og það er miður gott, ef Alþ. lætur við gangast, að mannvirki eins

og þetta fari forgörðum. Héraðsbúar hafa lagt í það 200000 kr. og þær eru vitanlega farnar veg allrar veraldar, ef mannvirkið er látið skemmast svo, að það eyðileggist. Það hefði líka í för með sér, að hin ágæta verstöð eyðileggðist, því að hennar tilvera byggist einmitt á öldubrjótnum. Ég ætlast ekki til að heimildin verði notuð nema sjáanleg og brýn nauðsyn krefji og að mannvirkið liggi undir stórskemmdum, svo að til vandræða horfi, að dómi vitamálastjóra. Ég ber því fram svo hljóðandi aths. við liðinn: „Fjárveitingin skal því aðeins notuð, að útlit sé fyrir, að dómi vitamálastjóra, að mannvirkið stórskemmist, ef ekki er að gert".

Með þessari aths. er útilokað, að fjárveitingin verði notuð, ef hægt er hjá því að komast, en hinsvegar er það að sjálfsögðu betra að hafa heimildina í fjárl., ef útlit er fyrir, að mannvirkið stórskemmist eða eyðileggist. Ástæðan til þess, að þessi till. var ekki borin fram við 3. umr. hér í d., er sú, að þá var ekki fengið nákvæmt yfirlit yfir kostnaðinn. Vitamálastjóri hafði ekki tök á því að senda mann vestur til þess að gera áætlun fyrr en málið var komið út úr d. Að öðru leyti skal ég ekki ræða fjárl. eða afgreiðslu þeirra frekar, en ég hygg, að sá dómur, sem fram kom í ræðu hv. þm. V.-Húnv., verði dómur almennings.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá þm. N.-Ísf. (sjá þskj. 886) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég skal ekki eyða miklum tíma í það að tala um heildarsvip fjárl., þótt að þeim megi margt finna. Ég hefi rætt um það efni áður, og þótt nokkrar breyt. hafi orðið á þeim eftir það, þá skipta þær ekki verulegu máli í þessu sambandi. Háttv. þm. V.-Húnv. hefir borið fram margar brtt. Vil ég sérstaklega minnast á 4 þær síðustu. En 3 þeirra eru till. um að fella niður heimild, sem stj. er veitt í fjárl.frv. til að ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja í kaupstöðum landsins. Ég verð nú að telja það algerða óhæfu, ef þetta þing, sem nú situr og samþ. hefir stórkostlegan styrk til landbúnaðarins, ekki minna en 12—13 millj. kr., til að bæta hag sveitabænda, færi nú að fella niður úr fjárlfrv. þá hjálp, sem ætluð er kaupstaðabúum með því að auka atvinnu þeirra. Hvað sem um 22. gr. má segja, þá er þó mest þörfin á þeim liðum, sem líklegir eru til að bæta hag sjóplássanna. Og það er algerð óhæfa að fella þá liði niður. Hið eina í fjárl., sem fyrir þau er gert, eru þessar 300 þús. kr. til atvinnubóta í 16. gr., gegn ⅔ framlagi annarsstaðar að, og svo þessar heimildir að auki, sem hv. þm. nú vill fella niður. Ég skal víkja nánar að þeirri brtt., er snertir mitt kjördæmi, síldarbræðslustöð á Seyðisfirði. Fyrir þeirri till. var gerð ýtarleg grein í Ed., er hún var borin þar fram. Austfirðir hafa verið mjög afskiptir hingað til, í samanburði við aðra landshluta, hvað afstöðu til síldveiða snertir. Síldin hefir fyllt þar voga og víkur undanfarin ár, sumur öll og jafnvel á vetrum líka. En ekki hefir verið hægt að notfæra sér veiðina. Fiskiveiðalöggjöfin, sem meinaði útlendingum uppsátur, hefir hvergi komið harðar við en á Austfjörðum. Ef verksmiðja væri á Seyðisfirði, sem tæki við síldinni, mætti stunda þá veiði 8 mán. á ári eða jafnvel lengur, eftir reynslu undanfarinna ára. Sjá allir, hver munur það er, eða þar sem veiðin er stunduð einungis 2—3 mán., upp á það að fá starfræksluna til að bera sig. Síldarverksmiðja er einnig skilyrði til þess, að hægt sé að fiska síld, sem flutt er út fryst eða kæld. Það er nauðsynlegt, að verksmiðja sé til, sem tekið geti síldina, þegar ekki er hægt að flytja hana út. Ég mun því greiða atkv. gegn þessum brtt. hv. þm. V.-Húnv. Vona ég, að hv. þdm. geri slíkt hið sama.

Við jafnaðarmenn flytjum brtt. á þskj. 865. Sú fyrri er til atvinnubóta, 200 þús. kr. Í fjárl. eru nú 350 þús. kr. til þessa. Er óskiljanlegt, að ríkisstj. álíti, að minna þurfi til slíkra hluta næsta ár, eftir því sem útlitið er nú. Við leggjum því til, að úr þessu verði nokkuð bætt. Er ekkert skilyrði sett um framlag á móti þessari upphæð. Gert ráð fyrir, að ríkisstj. hagi sér í því efni eftir því, sem þörf heimtar í hverju tilfelli.

Hin till. er um að heimila ríkisstj. að taka ábyrgð á 100 þús. kr. láni vegna

sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði, og sé láninu varið til kaupa á fiskibátum. Þetta var samþ. hér í d., og vona ég, að hv. þm. hafi ekki skipt um skoðun. Ef brtt. hv. þm. V.-Húnv. verður samþ., þá þarf þessi till. að koma í staðinn. Skal ég svo ekki segja fleira að sinni.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég get að ýmsu leyti tekið undir það, sem sagt hefir verið um útlit fjárl. eins og það nú er. En nú er það svo, að brtt. til lækkunar eru einungis tæpar 84 þús. kr., en hækkunartill. um 250 þús. kr. Er því ekki sýnt, verði fjárl. opnuð hér, hvort þau líta betur eða verr út á eftir en þau nú gera. Hækkunin í Ed. varð að vísu um 300 þús. kr. En þess ber að gæta, að liðurinn til atvinnubóta kom þar inn, en hann er 300 þús. kr. Þar var og heimilað að verja 400 þús. kr. til verðuppbótar á keti, ef verðið á því reyndist óbærilega lágt. Það mundi vitanlega muna miklu, ef þessir liðir væru felldir burt. En ég sé ekki, að það sé fært, og ég hygg, að enginn háttv. dm. vilji leggja til, að það sé gert. Og ef svo er ekki, þá er lítil von um, að útlit fjárl.frv. verði nokkuð bætt, þótt farið væri að krukka í það á einstaka stöðum og draga út fáeina menn.

Háttv. þm. V.-Húnv. er að vísu glöggur maður og kunnur ýmsum greinum fjármálastarfseminnar. En hér sem oftar skiptir þó máli, hvort menn eru bjartsýnir eða svartsýnir. Og ég hygg, að hv. þm. líti nokkuð dökkum augum á fjárhagshorfurnar. Ég er a. m. k. talsvert bjartsýnni. Mitt álit er það, að útkoman á 2. gr. frv., sem er um tekjuliði, verði nokkru betri en það gerir ráð fyrir. Ég geri ráð fyrir því, að þeir liðir fari fram úr áætlun sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Fasteignaskattur ..... | 20 | þús. kr. |
| Vitagjald ..... | 50 | — — |
| Útflutningsgjald ..... | 100 | — — |
| Tóbakstollur ..... | 100 | — — |
| Vörutollur ..... | 150 | — — |
| Verðtollur ..... | 250 | — — |
| Tóbaksverzlunin ..... | 100 | — — |
| Samtals | 770 | þús. kr. |

Í fjárl.frv. er tóbakstollurinn áætlaður 1150 þús. kr. Virðist sýnt, að hann verður vart minni nú en meðaltal áranna 1931—1932, en það var 1½ millj. kr. Um vörutollinn og verðtollinn er að vísu erfitt að segja. Þeir tollar fara mikið eftir kaupgetu og framkvæmdum, sérstaklega verðtollurinn. Nú hefi ég haldið því fram, að lakasta árið fyrir okkur væri árið 1932. Árið 1931 var betra, og ég tel, að við séum nú að hækka aftur í brekkunni og stöndum nú á líkum stað og við stóðum 1931. Verðtollurinn varð lægstur 1932, en ýmislegt bendir til, að vænta megi líkrar upphæðar nú á þessu ári og var 1931. Ég vil vænta þess, að síðari hluti þessa árs gefi um þetta sæmilega raun. Hin mikla framleiðsla, sem væntanlega selst síðari hluta ársins, eykur erlendan gjaldeyri og um leið hvortveggja: innflutning tollvöru og kaupgetu almennings.

Ef svo færi, að þetta ár yrði ekki lakara en meðaltal áranna 1926—1928 og 1931—1932, en þá var meðaltal á vörutollinum 1½ millj. kr., þá er ekki óvarlegt að áætla, að hann verði 150 þús. kr. hærri en hér er áætlað. Og meðaltal verðtollsins sömu ár var 1¼ millj. kr. Miðað við það er sá tollur ekki óvarlega áætlaður eins og ég hefi gert. Nú er þetta allt að vísu miðað við það, að árið 1934 verði meðalgott ár. Og við það miðaði ég í fjárl.frv. En hv. fjvn. og deildir Alþ. hafa nú ekki verið eins bjartsýnar og hafa því lækkað þessa áætlun. Ef það er rétt hjá mér, að gera megi ráð fyrir ¾ millj. kr. hærri tekjum en fjárl.frv. ber með sér, og ef þingið bætti við nýjum tekjum, sem það ætti að gera, þá mætti vænta þess, að útkoman verði 1½ millj. kr. betri en frv. sýnir. Yrðu þá ástæðurnar betri en búizt er við til að mæta hinum nýju útgjöldum, sem þetta þing leggur á. Ég játa það nú, að allar slíkar tölur eru í lausu lofti, og tölur þær, sem ég hefi nefnt, eru byggðar á því, að næsta ár verði sæmilega gott. Virðast mér öll sólarmerki benda í þá átt. Það væri að vísu engin vanþörf á því að lækka fjárl., en till. þær, sem fram eru komnar, benda meir til hækkunar. Og þótt engin þeirra væri samþ., þá mundu fjárl. vart lækka meira en um 50 þús. kr. En þá verður frv. að ganga til Ed., og er þá spurning, hvað þar verður gert. Geri ég vart ráð fyrir, að vert sé að hefja stríð milli deilda fyrir

ekki stærri upphæð. Það má tala um að taka upp þá stefnu að strika 22. gr. út. Þar eru stærstu heimildirnar til útgjalda, og er þó ein þeirra langstærst. Það hefir verið sagt, að þær næmu 600 þús. kr. En ef allt er notað, þá eru það 550 þús. kr., en vafasamt má telja, hvort það verður allt notað. Og af þessari upphæð eru 400 þús. kr., sem eru nokkurskonar atvinnubætur til bændanna og eiga alveg sama rétt á sér og atvinnubætur við sjávarsíðuna. Það getur verið nokkur von um, að til þess þurfi ekki að taka. En þó er það engin vissa. Hinar upphæðir 22. gr. mega heita hverfandi litlar. Verði nú, sem ég vona, næsta ár sízt lakara en 1931, þá er von um, að ekki þurfi að leggja eins mikið fé fram til atvinnubóta og gert er ráð fyrir í frv. 1932, sem vonandi verður langversta árið. Þá lagði ríkið fram 316 þús. kr. til atvinnubóta gegn ⅔ frá hlutaðeigandi bæjarfélögum. Og 22. gr. er einmitt svo há, að meðtöldu því lánstrausti, sem ríkissjóður veitir, að í henni eru fólgnar nokkurskonar kreppuráðstafanir til bæjarfélaganna, sem er sambærilegt við þær aðrar ráðstafanir, sem hafa verið gerðar. Á þetta ber ekki að líta svo sem gert er á venjulegum tímum. Í þessu er fólgið nokkurskonar afturkast hjá þm., sem á vissan rétt á sér. Fyrir tveimur árum var herópið: að spara. En þó enginn viti hvaðan kreppan kom, þá hefir hún þó kennt mönnum það, að hlynna sem mest að aukinni starfrækslu, sem veitt getur atvinnu og er um leið skattstofn fyrir ríkið. Af þessari ástæðu mun það fá daufar undirtektir, ef blakað er við þessari gr. Heimildir þær, sem hún veitir, verða ekki allar notaðar. En þær, sem einkum verða notaðar, munu verða til þess að styðja að framleiðslu í landinu. Ég verð því að halda við það, sem ég hefi áður sagt og háttv. fjvn. leggur til, að sæmilegust útkoma fáist með því að láta frv. ná staðfestingu óbreytt.

**Þorleifur Jónsson:** Ég skal ekki lengja þessar fjárlagaumr. mikið. En af því að ég á hér eina litla brtt., vildi ég segja fáein orð.

Í upphafi þessarar umr. skýrði hv. frsm. fjvn. Nd. frá því, að n. hefði komið sér saman um að leggja til, að fjárl. yrðu samþ. óbreytt. Ekki var það þó af því, að n. væri svo sérstaklega ánægð með afgr. þeirra frá Ed., þar sem útgjöld þeirra hafa hækkað mjög við meðferð þeirra þar, og auðvitað var 22. gr., eins og hún var orðin, sérstakur þyrnir í augum fjvn.

Þótt n., eins og sagt var, væri ekki ánægð með afgr. Ed. á frv., þá efaði hún, að í þessari d. næðist nokkurt samkomulag til þess að laga frv. svo, að tekjuhalli minnkaði að mun. Og enda þótt það gæti tekizt, þá efaði hún einnig, að Ed. samþ. það. Og þar sem margir álíta, að þing þetta sé búið að standa nógu lengi, og n. áliti, að af því kynni að leiða nokkurum dögum lengra þing, ef farið yrði að opna fjárl., lagði hún að ráði stj. eindregið til, að það yrði ekki gert. En við þessa umr. risu menn upp og hófu upp raust sína um það, að ófært væri að samþ. fjárl. eins og þau væru, og því var það tekið upp, að fresta umr. um málið. Árangurinn af þeirri frestun liggur nú hér fyrir þessari hv. d., sem er brtt. þær, sem nú eru fram bornar.

Þegar mér varð það kunnugt, að komnar voru fram brtt. við fjárlagafrv., sem miðuðu til útgjaldaaukningar, þá fannst mér ég ekki geta setið hjá, ef svo færi, að fjárl. yrðu opnuð. Fjvn. Nd. hafði lagt til, að til ræktunarvegar í Hornafirði yrði lagðar fram 2400 kr. úr ríkissjóði, og þessi till. var samþ. í d. með nær 20 atkv. Mér fannst það því mjög rangt af Ed. að fara að leggjast á þessa litlu till., sem hafði fengið svo mikið fylgi hér í hv. d., og var svo sjálfsögð og sanngjörn till. Það er kunnugt, að þorpsbúar í Hornafirði hafa með dáð og dugnaði þegar gert mikið að því að rækta þar land, sem áður var óræktað, og er eign ríkissjóðs. Þeir eru búnir að rækta um 80 ha. af þessu landi, og nú er eftir að gera veg um það. Sú kostnaðaráætlun hefir verið gerð um þennan veg, að hann muni kosta um 6 þús. kr. Frá því sjónarmiði er hér ekki farið fram á, að ríkissjóður leggi fram nema um ⅓ kostnaðar.

Þessi till. er einna sanngjörnust af þeim till., sem bornar hafa verið fram við fjárl. hér við þessa umr., og vil ég halda henni fram, ef annars koma til breyt. á fjárl. En þó mun ég ekki halda

henni til streitu, ef aðrar brtt. verða felldar. Ætla ég að sjá, hverju fram vindur, og ef ég sé að aðrar brtt. fyrir framan mína verði felldar, þá get ég tekið þessa till. aftur í þeirri von, að fjárl. verði ekki opnuð.

**Bernharð Stefánsson:** Ég á hér litla brtt. á þskj. 837 um 250 króna styrk til Halldórs Jónssonar á Brekku í Svarfaðardal, til dýralækninga. Í gildandi fjárl. er þessum manni veitt lítilsháttar upphæð til þessarar starfsemi. Sökum þess, að þetta var tekið upp í fjárl. í fyrra, þá hefir þessi maður breytt nokkuð atvinnuvegi sínum í trausti þess, að hann fengi að halda þessum styrk áfram.

Þegar fjárl.frv. var lagt fyrir þingið nú í vetur, þá var þessi liður í frv., en var tekinn út, þegar frv. lá hér fyrir þessari hv. d. Ég lít nú svo á, að það hefði verið þessum manni betra, að aldrei hefði verið tekinn upp styrkur til hans, heldur en að veita honum hann aðeins í eitt ár og fella styrkinn svo niður þegar þessi maður er búinn að breyta til um atvinnu í trausti þess að geta gefið sig áfram við þessu starfi. Ég leyfi mér því að bera fram brtt. um það, að liður þessi verði tekinn upp aftur með 50 kr. lækkun frá því, sem fyrst var farið fram á. Ég vona, að þessi till. verði samþ., svo framarlega sem nokkur breyt. verður gerð á fjárlagafrv. En ég skal geta þess, að mín skoðun er, að réttast sé að samþ. fjárlagafrv. óbreytt hér í d. eins og það kom frá Ed., því að þótt ýmislegt megi kannske finna að frágangi þess þar, þá hefi ég ákaflega litla trú á því, að það taki nokkrum umbótum við það, þótt farið verði að breyta því hér í hv. d. Það gæti orðið alveg eins mikið, sem samþ. yrði til skemmda eins og hitt, sem yrði til bóta.

Ef samkomulag gæti orðið á milli hv. dm. um að samþ. fjárlfrv. óbreytt eins og það er nú, þá held ég því ekki þessari till. minni til streitu.

Hv. þm. V.-Húnv. hefir nú flutt nokkrar brtt. á þskj. 836. Þ. á m. eru till. um að fella niður liði, sem ég lagði til, að teknir væru upp á fjárl. þegar fjárlagafrv. var hér fyrr til umr. Hv. þm. kom lítið inn á einstök atriði í ræðu sinni áðan, og þess vegna þarf ég engu að svara honum út af því, sem hann tók fram, og það því síður, sem ég gerði rækilega grein fyrir þeim atriðum, sem hér koma til greina, þegar fjárl. voru til 2. og 3. umr. hér í hv. d. Ég vil aðeins, út af þessum till., benda hv. þm. á, að það gæti orðið töluvert vafasamur sparnaður fyrir ríkissjóð, ef 5. og 14. brtt. hans væru samþ., um að fella niður styrk og ábyrgðarheimild vegna öldubrjóts á Siglufirði. Ég lýsti því allýtarlega fyrr á þinginu, hvers vegna kapp væri á það lagt að byggja þennan öldubrjót, að það væri einkum til varnar bryggjum og öðrum hafnarmannvirkjum á Siglufirði. Og ég gat um það, að ríkið sjálft ætti þarna bryggjur, og að stuðningur þess til byggingar öldubrjóts fram af Siglufjarðareyri væri því öryggisráðstöfun vegna þessara eigna ríkisins. Þess er ekki lengra að minnast en að í hitteðfyrra urðu skaðar á bryggjum ríkissjóðs þarna, sem nákunnugir menn segja mér, að muni hafa numið fullum 90 þús. kr. Og ekki er hin minnsta trygging fyrir því, að slíkt tjón geti ekki endurtekið sig, jafnvel árlega. Og ef það yrði, eða þótt það nú yrði ekki nema annað eða þriðja hvert ár, þá yrði ekki lengi að koma eins há upphæð, sem ríkissjóður skaðaðist um, eins og sú upphæð er, sem farið er fram á, að hann leggi fram til þessara framkvæmda. Á þetta atriði vildi ég benda, en að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þessi efni, þar sem ekki hefir neitt fram komið enn, sem á nokkurn hátt hefir hrakið rök þau, sem ég færði fram fyrr á þingi um nauðsyn þessa máls.

**Hannes Jónsson:** Það má segja um fjárlagafrv., að það sé eins og nokkurskonar hringingarmiðstöð. Ef stutt er á einhvern lið í fjárl., þá hringir á einhverjum ákveðnum stað. Það hringir austur á Seyðisfirði, það hringir austur í Hornafirði, það hringir norður á Siglufirði, sem sagt, alstaðar verður einhver bjalla til að gjalla, hvenær sem farið er fram á að færa fjárlagfrv. til betri vegar.

Aðaluppistaðan í ræðu hv. 1. þm. Eyf. var það, að hann sagði, að ekkert af þeim ágætu rökum, sem hann hefði fært fyrir sínu máli hér í d., hefði verið hrakið. En ég held, að ekkert hafi bætzt við þau rök

hans, sem ekki voru þó veigameiri en það, að till. hans var felld hér í d. (BSt: Aðeins með eins atkv. mun). Já, en það er nóg til þess, að það verður hægt að taka hana út aftur. Og ég hygg, að hv. þm. verði sér sjálfum samkvæmir um það, þar sem engin ný rök hafa komið fram í málinu. Hv. þm. hefði ekki átt að vera að ögra þingmönnum með því að segja, að ekkert væri hrakið af því, sem hann hélt fram um þetta mál.

Annars ætla ég ekki að fara að eltast við þessar bjölluhringingar. Um till. hv. þm. Seyðf. er það að segja, að vitanlega er á Seyðisfirði mikil þörf á að hafa atvinnureksturinn sem fjölbreyttastan, eins og þörf er á því í öllum kaupstöðum. En ríkinu ber skylda til þess, að leggja ekki fram of mikið fé í þá starfsemi, að lítt rannsökuðu máli. Og þar sem nú liggur fyrir, að ríkið taki að sér síldarbræðslustöð til viðbótar við þær, sem það nú rekur, annaðhvort á leigu eða til kaups, þá sýnist sæmilegt spor stigið í áttina til aukningar á þeim atvinnurekstri.

Hæstv. fjmrh. var nú að vanda mjög vongóður um afkomu og hag ríkis og þjóðar. Ekki skal ég lasta það að vera vongóður í þessum efnum, en mér hefir virzt, að menn hafi verið vongóðir undanfarin ár, án þess þó, að þær vonir hafi rætzt. Því miður óttast ég, að svo fari einnig nú, og að talsvert mikil afföll verði af þeim. Þeir tekjuliðir, sem hæstv. ráðh. taldi, að búast mætti við hækkun á, voru sérstaklega verðtollurinn, vörutollurinn, tóbakstollurinn og útflutningsgjaldið. Útflutningsgjaldið er að vísu áætlað nokkru lægra en það reyndist síðastl. ár, og hæstv. ráðh. færði nokkur rök að því, að útflutningur síðastl. ár hefði verið frekar óvenjulegur. Með löggjöf frá þessu þingi hefir það verið lækkað um 40 þús. kr. frá því sem var á síðastl. ári, svo raunveruleg hækkun frá áætlun, til þess að von hæstv. ráðh. rættist, yrði því að vera um 150 þús. kr. frá því, sem miðað er við í þeim lögum, sem giltu um þetta á síðastl. ári.

Nú hefi ég afarlitla von um, að vörumagn geti orðið eins mikið til útflutnings á næstu árum eins og það var á síðastl. ári, né að verð á þeim verði betra en þá. Og þótt það yrði eitthvað betra, sem aldrei getur numið miklu, þá gæti það út af fyrir sig ekki haft nein veruleg áhrif á útflutningsgjaldið.

Ég skal nú ekki eyða mörgum orðum um hina aðra liði, sem okkur greinir á um, en verðtollinn verð ég að minnast á, því að þar munar einna mestu. Hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir því, að hann muni gefa 250 þús. kr. meira af sér en áætlað er í fjárl.frv., eða jafnvel verða um hálfri millj. kr. meiri árið 1934 en hann reyndist verða síðastl. ár. Ég verð að álíta, að það sé að spenna vonabogann heldur hátt, að gera ráð fyrir meiri tekjum af þessum lið heldur en í fjárl.frv. er gert. Ég er sannfærður um, að tekjuáætlun fjárl.frv. er nær sanni en þessar tyllivonir hæstv. ráðh., þótt ég hinsvegar geti ekki fremur en hann fært fram óyggjandi sannanir. En til þess að fá nokkurt mat á þeim líkum, sem báðir færa fram fyrir sínum tekjuvonum fyrir ríkissjóð á næsta ári, ætla ég að biðja menn að athuga áætlun, sem hæstv. ráðh. gerði um það, hve mikið mundi sparast með brtt. mínum. Það stendur nú svo á um þær, að það er hægt að sýna fram á það með óyggjandi rökum, að mikið af þeim er beinn sparnaður, sem ómögulegt er að komast hjá að viðurkenna, að nemi a. m. k. 63700 kr. Hæstv. ráðh. segir, að það ætti að sparast 85 þús. kr.

Á hinum þrem liðunum, sem koma til greina, gerir hæstv. ráðh. ráð fyrir því, að komi 21300 kr.

Fyrir 21300 kr. ætlast hæstv. ráðh. til að keypt verði íbúðarhús á Blönduósi, sýslumannshúsið í Borgarnesi, Skálholt. (LH: Það er ekkert af þessu farið að kaupa enn). Ég geri ráð fyrir að það verði keypt. Það er auðvitað, að ef ekkert verður notað af þessari heimildagr., þá verða útgjöldin vegna hennar heldur engin. En til þess er hún sett, að ætlast er til, að hún verði notuð. Ef stj. lýsti því hinsvegar yfir, að ekkert verði gert, þá væri mér ekkert kappsmál að fella þetta niður. Ég skal nefna 3 fjárveitingaheimildir:

Til að kaupa Skálholt 30 þús. kr. Húsið í Borgarnesi 30 þús. kr. og húsið á Blönduósi 20 þús. kr. Hvernig hæstv. ráðh. fær út þessar 21300 kr. veit ég ekki. En gott væri, að hann notaði þessa upphæð sem tíðast, þegar hann fer að fram-

kvæma frv. T. d. til þess að greiða verzlunarhalla útvarpsins, sem er áætlaður 11 þús. kr., en var síðastl. ár um 100000 kr. Það má enda ætla það, að útvarpsstjórinn með sinni venjulegu sparsemi muni þó varla treysta sér til þess að gera svo stóra hluti fyrir jafnlítið fé, sem hæstv. ráðh. virðist treysta sér til að gera.

Þá eru það vaxtatekjurnar, sem eru áætlaðar meiri en síðastl. ár. En nú hefir því verið ráðstafað svo, að vaxtatekjur, væntanlegar frá Búnaðarbankanum, 200 þús. kr., eiga að ganga í kreppulánasjóð. Er því sýnilegt, að vaxtatekjurnar verða minni en áætlað er í frv. Svona má lengi telja og sýna með rökum fram á, að tekjur hljóta að verða minni á ýmsum liðum en áætlað var. Og eins hitt, að útgjöld munu aukast stórkostlega. Og ég kalla, að vel takist, ef ekki þyrfti að gera ráð fyrir meira en ½ millj. kr. halla.

Út af útreikningi ráðh. um það, hvort brtt. mínar spara, vil ég segja það, að ef hann á við það, að eignir þær, sem 22. gr. heimilar kaup á, þurfi ekki að greiðast þegar, þá sé ég ekki, að betra sé að mynda slíkar skuldir heldur en að taka lán til þeirra framkvæmda, sem ráðizt er í. Nú hygg ég, að bráðlega verði lagt fyrir þessa hv. d. frv., er heimilar ríkisstj. að taka 100 þús. £ lán til þess að mæta rekstrarhallanum. Nú hafa lausaskuldir hlaðizt svo upp hjá ríkissjóði, að um frekari lántökur innanlands er ekki að ræða. Er þá ekki annað fyrir hendi en að auka skuldir erlendis. Og þrátt fyrir þetta segir hæstv. ráðh. og sjálfsagt mikill hluti hv. dm., að allt sé í góðu lagi og vilja taka við fjárl. óbreyttum eins og þau koma frá Ed. Ég vil benda á það, að a. m. k. ein brtt. mín verkar til sparnaðar um 160 þús. kr. á næstu árum, auk 40 þús. kr. sparnaðar strax. Og hæstv. ráðh. getur ekki með neinum útreikningum fengið þessa upphæð lægri. Það mun nú varla vera rétt að halda lengur áfram að telja kjark úr mönnum, þar sem ákveðið mun vera að samþ. frv. óbreytt. En einkennilegt er að sjá fram komnar till. til hækkunar frá mönnum úr fjvn. Það sýnir, hve sá hugsunarháttur er ríkjandi, að allt sé gott, bara ef menn koma sínum brtt. fram. Þá er allt í lagi. Eina leiðin til að gera slíka menn ánægða er að samþ. brtt. frá þeim, sem þjóna þeirra eigin hagsmunum. Þetta er versta mynd eigingirninnar. Og þetta eru menn, sem falið er að sjá um, að afgreiðsla fjárl. sé í sæmilegu lagi.

Hæstv. fjmrh. vildi nú gera gott úr þessu öllu saman. Þegar hann var búinn að teygja sem mest mátti vera úr þeim tekjuvonum, sem samþ. tekjustofnar kunna að veita, þá fór hann líka að tala um tekjuvonir af frv., sem enn hafa ekki fengið samþ. En svo hlálega vildi nú til, að í Ed. var í dag neitað um afbrigði fyrir stærsta tekjuaukafrv. Var þó málið einungis til 1. umr. Og hvers vegna var neitað um afbrigðin? Vitanlega í þeim tilgangi að það nái ekki framgangi á þessu þingi. Og þótt reiknað væri með því, að það gangi fram, þá gefur það einungis tekjur fyrir yfirstandandi ár. Og ætli Ed. yrði ekki treg á að taka það í faðm sinn aftur? Ætli hún þykist ekki beygja sig nóg, ef hún samþ. það í þetta sinn? Nei, allt þetta tekjuaukafargan gefur sannarlega ekki glæsilegar vonir um framtíðina. Og margar vonir geta svikið í sambandi við tekjuöflun ríkissjóðs, svo Alþ. ætti fyrst og fremst að hugsa um að spara þau útgjöld öll, sem hægt er að komast hjá, bæði bein framlög og einnig ábyrgðir, sem nóg er komið af. Og annað, sem nauðsyn ber til að gert sé, er það, að skapaður verði fastur tekjugrundvöllur, svo ekki þurfi að hrekjast með bráðabirgðatekjuaukal. ár frá ári. Og ég hygg, að bráðlega komi hörð krafa um að fella niður l. um frestun á framkvæmd nokkurra l. Sé ég þá ekki annað en að þingið verði þá í hreinustu vandræðum með tekjustofna. Og hvernig á þá að komast úr lausaskuldunum, sem eru orðnar mörgum mikið áhyggjuefni?

Ég gleymdi að taka það fram áður, þegar ég talaði um þessa bráðabirgðatolla, að verðtollurinn er einn af þeim. Hann hefir nú staðið hartnær 10 ár og alltaf verið samþ. þing frá þingi til bráðabirgða. Og þó er þetta tekjustofn, sem ekki er hægt að fella niður. Ég vil bæta fáeinum orðum við það, sem ég sagði um till. þær, sem hv. 1. þm. Eyf. svaraði fyrir. Ég hefi lauslega minnzt á aðra. Hin er um það, að ríkið taki ábyrgð á 70 þús. kr. rekstrarláni til tunnuverksmiðju á Siglufirði. Það fer nú að verða erfitt að standa gegn

kröfum atvinnufyrirtækja, ef þessi heimild er látin standa. Fyrst fær þessi tunnuverksmiðja stuðning ríkisins, þegar hún er sett á fót. Og svo á að ábyrgjast fyrir hana rekstrarfé. Allt stefnir að því, að ríkisrekstur verði á hverju fyrirtæki, eða þá, að þau verði rekin á ábyrgð ríkisins. Ég kalla nú, að hér sé farið fram með sérstakri frekju gagnvart ríkissjóði. Í þessu efni kemur vissulega til greina, að „víðar er guð en í Görðum". — Það eru víðar tunnugerðir en á Siglufirði. Ein er t. d. á Akureyri, og veit ég ekki til, að hún hafi notið neins ríkisstyrks. Það væri ekki nema eðlilegt, að hún færi að biðja um stuðning líka. Og þegar farið er að styrkja tunnugerðir yfirleitt, hvers vegna þá ekki að styrkja allar aðrar iðngreinar? Og svo segir háttv. þm. Eyf., að óhæfilegt sé að taka þetta út, af því að þessi deild vildi ekki taka það inn. Svona röksemdir eru vægast sagt einkennilegar.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég mun ekki rekja ræðu hv. þm. V.-Húnv. lið fyrir lið, vegna þess að allt eða flest, sem hann sagði, er í ósamræmi við brtt. hans. Þó þær væru allar samþ., myndi hann engu að síður telja sig þurfa að halda þessa ræðu. Till. háttv. þm. fullnægja sannarlega ekki ræðuhöldunum. Og að svo miklu leyti, sem till. fullnægja ekki ræðunum, geta þær ekki talizt ásökun til þeirra, sem vilja samþ. fjárl. óbreytt. Hv. þm. getur vitanlega kvartað yfir því, hvað ég sé vongóður og miklazt sjálfur af sínu vonleysi. En ég vil þó heldur vera vongóður heldur en vonlaus. Ég minnist þess ekki, að ég hafi á undanförnum þingum vakið neinar þær vonir, sem ekki hafa rætzt. Það, sem ég sagði á síðasta þingi um það, að ef tekjuaukar og sparnaðartill., sem þá lágu fyrir, væru samþ., þá væru vonir um að jafna mætti greiðsluhallann á 1½ ári. Ekki er hægt að sjá annað nú en að þetta standist á þessu ári og því fremur á næsta ári. Og þar sem allt bendir nú upp á við, þá get ég verið vonbetri nú en áður. Það er vitanlega engin dyggð að vera vongóður, en þá ekki heldur að vera vonlaus. Ég skal taka dæmi. Hv. þm. sagði, að ég áætlaði verðtollinn of háan, ½ millj. kr. hærri en hann varð í fyrra. En það er lægra en hann varð á vonda árinu 1931 og 1 millj. lægra en 1930. Hv. þm. skildi ekki, að hans till. gæfu ekki meiri sparnað en tæpar 85000 kr. Ég fékk nú þessa upphæð með því að leggja liðina fljótlega saman, og útkoman varð 83700 kr. (**HJ:** Þetta er vitlaus samlagning, það munar 20 þús. kr.). Ég held, að það muni engum 20 þúsundum! En hv. þm. reiknar með sínum sparnaði heimildina til að kaupa hús og jarðir. Og hv. þm. telur mig hraustan, að ætla að kaupa það fyrir 20 þús. kr. Nú vil ég segja það, að ég myndi ekki sýta, þó þessar heimildir væru felldar niður. Við skulum segja, að sýslumannshúsið í Borgarnesi væri keypt fyrir 50—60 þús. kr., Skálholt fyrir 30 þús. kr. og Blönduósshúsið fyrir 18 þús. kr. Þetta verða þá alls um 100 þús. kr. En þótt þessir liðir væru settir niður, þá gæti ég ekki kallað það sparnað. Ef þetta er sparnaður, þá er auðvelt að spara. Háttv. þm. V.-Húnv. getur þá hugsað sér að kaupa hús fyrir t. d. 20000 kr. og hætt síðan við það og sagt svo hróðugur, að hann hefði sparað þarna 20000 kr. En um þessar eignir er það að segja, að ætlazt er til, að þær verði keyptar fyrir sannvirði. Er þá hvorki um eyðslu né sparnað að ræða. Það fer eftir atvikum, hvað ríkissjóður gerir að því að auka sínar fasteignir.

Þá sagði háttv. þm., að vaxtatekjurnar mundu bregðast. Vaxtatekjurnar í frv. eru reiknaðar út af kunnugum mönnum í stjórnarráðinu og skakkar varla. Það er að vísu rétt, að búið er að ráðstafa vaxtagreiðslu Búnaðarbankans. En ég gat um það, að annað kæmi á móti. Ég gleymdi þessu því ekki.

Aðalatriðið í þessu máli er það, að till. hv. þm. V.-Húnv. bjarga engu, og enn síður gera till. annara það. Við, sem viljum samþ. frv. óbreytt, erum ekki þar með að segja, að það sé gott. En við viðurkennum, að það verði líkt, hvort sem till. eru samþ. eða ekki. Það er því ekki rétt að segja, eins og hv. þm. gerði, að hér sé ekki verið að hugsa um hag lands og þjóðar, þó till. séu ekki samþ. Þar sem þær eru ekki veigameiri en þær eru, þá falla slík ummæli máttlaus niður. Það er að vísu ekkert að því að halda ræður um sparnað. En það er líka réttmætt að bera slíkar ræður saman við sparnaðartill.

ræðumanns. Margir eru líka svo gerðir, að þeir tala ávallt um sparnað, hvernig sem viðhorfið er. Eitt sinn var maður í sóknarnefnd, sem varð þess vísari, að tekjuhalli hafði orðið á kirkjureikningi, er stafaði af því, að altarisgöngur höfðu orðið með meira móti það árið. Hann hélt ræðu og sagði, að ef svo héldi áfram, þá væri öll sóknin á beinni leið til helvítis.

**Frsm. fyrri kafla (Ingólfur Bjarnarson):** Ég vil láta þess getið, að fjvn. hefir ekki haft tækifæri til að athuga þær brtt., sem fyrir liggja, og hafa verið að koma fram allt til þessa. Í byrjun umr. var það till. fjvn., að gengið yrði að frv. eins og það liggur fyrir. Er hún byggð á þeirri reynslu, að hver umr. hækki jafnan útgjöld fjárl., sé annars við þeim hreyft. Og líka á þeim sparnaðarhug!, sem kom í ljós við fyrri umr. hér í hv. d. Er því þessi till. fjvn. gerð í þeim sparnaðaranda, er hún taldi sig hafa sýnt við afgreiðslu frv. Till. hefir ekki verið vel tekið og nú liggja fyrir allmiklar till. bæði til hækkunar og lækkunar, og eru meira að segja sumar þeirra bornar fram af tveim mönnum úr fjvn., sín till. frá hvorum, og þannig sýnt, að n. stendur ekki lengur saman um till. sína áður nefnda. Eftir umtali við nm. get ég samt skýrt frá því, að skoðun meiri hl. n. mun vera óbreytt um það, að réttast sé að breyta sem minnstu, og sérstaklega mælir hann mjög eindregið á móti öllum hækkunartill.

Viðvíkjandi hinni nær óskiljanlegu bjartsýni á tekjuútkomu ríkisins, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., er það að segja, að vitanlega vildi ég mjög óska eftir, að þær vonir rættust. En hinsvegar vil ég geta þess, að skoðun n. er allt önnur á því efni, eins og ljóst kom fram í till. hennar um lækkun ýmissa tekjuliða, sem hv. d. hefir samþ. Og er skoðun n. óbreytt síðan þær till. voru gerðar. Þó hún vitanlega vildi mjög svo gjarnan, að tekjuvonir hæstv. fjmrh. megi rætast sem bezt, þá telur hún ekki horfa þannig við núna, að mikil líkindi séu til þess.

**Jónas Þorbergsson:** Ég vil út af því, sem fram kom í ræðu hv. frsm., að fjvn.-menn stæðu ekki allir saman um þá till., sem hann ber hér fram fyrir hönd n., minna á, að í ræðu minni áðan lýsti ég því yfir, að ef það sýndi sig við afgreiðslu hv. d. á þeim brtt., sem liggja fyrir, að þær hafa ekki fylgi, og ef þær till. yrðu allar felldar, sem til atkvæða koma á undan minni brtt., þá mundi ég taka mína till. aftur. Ég gat þess, að ég hefði aðeins af því að hv. dm. eru ekki á einu máli um að taka þessari sendingu hv. Ed. þegjandi, viljað lofa þessari till. að koma fram.

Hv. þm. V.-Húnv. lét þess getið í sinni ræðu, að litlar líkur væru til, að 11 þús. kr. myndu hrökkva til að bera uppi rekstrarhalla útvarpsins árið 1934. Kvaðst hann styðja það álit sitt við þá staðreynd, að á síðastl. ári hefði orðið 100 þús. kr. halli á þessu fyrirtæki. Það er rétt hjá hv. þm., að í rekstrarfjárhagsyfirliti því, sem hæstv. fjmrh. gaf þegar hann lagði fjárl. fyrir þingið, var talinn 100 þús. kr. rekstrarhalli hjá útvarpinu. Ég hefi nú reynt að afla mér upplýsinga um það hjá þeim, sem ríkisbókhaldið annast, við hvað þessi reikningsfærsla hefði að styðjast, eða á hvern hátt ríkisbókhaldið hefði komizt að þessari niðurstöðu, því það hefir að sjálfsögðu búið hæstv. ráðh. í hendur þessa skýrslu. Ég get nú gefið þær upplýsingar, og það munu bækur ríkisbókhaldsins votta, að á umræddu ári hefir ekki verið greidd ein króna til útvarpsins úr ríkissjóði fram yfir það, sem áætlað var. Ég geri ráð fyrir, að hjá bókhaldinu hafi blandazt þarna saman við auknar tekjur útvarpsins eða tekjur þess umfram áætlun, sem gengið hafa til að mæta þeim útgjöldum, sem farið hafa fram úr áætlun. Einnig munu hafa blandazt inn í upphæðir, sem ekki var ætlazt til, að kæmu á rekstrarreikningi, svo sem afborgun af Marconiláninu. Úr ríkissjóði væru greiddar á umræddu ári rúmlega 9 þús. kr. upp í stofnkostnað útvarpsins, og hefir sú upphæð verið afgreidd í fjáraukalögum hér nýlega. En til rekstrarins sjálfs var ekkert greitt úr ríkissjóði fram yfir það, sem stóð í fjárl. þess árs.

Það er rétt, að bæði tekjuáætlanir og útgjaldaáætlanir útvarpsins hafa verið mjög ófullkomnar í fjárl. seinustu ára.

Upphaflega voru gjöld þessarar stofnunar áætluð án þess nokkur reynsla væri fyrir hendi um það, hver þau raunverulega yrðu. Smátt og smátt fæst reynsla í þessu efni, en það tekur tíma fyrir þessari stofnun eins og öðrum nýjum fyrirtækjum að komast á fastan grundvöll, hún er ennþá vaxandi. Og jafnframt tekur það tíma að fá þær leiðréttingar á útgjaldaáætlunum hennar, sem reynslan sýnir, að þarf að gera.

Hvað snertir spá hv. þm. V.-Húnv. um það, að sú litla upphæð, sem ætluð er á þeim fjárl., er nú liggja fyrir til afgreiðslu, til útvarpsins, muni hrökkva skammt til að bera uppi tekjuhalla þess á næsta ári, þá er það ekki ósanngjarnlega til getið hjá þm., því upphæðin er harla lítil. En hv. þm. til hugarléttis skal ég taka það fram, að ég hefi von um, að ekki þurfi að óttast þetta svo mjög, ef vel gengur innheimta afnotagjaldanna, því útvarpsnotendum hefir fjölgað mjög fram yfir það, sem gert var ráð fyrir í áætlun yfirstandandi árs. Ég vonast því til, að hræðsla hv. þm. V.-Húnv. reynist í þessu efni ástæðuminni heldur en hann gerir ráð fyrir.

**Bernharð Stefánsson:** Hv. þm. V.-Húnv. var áðan að tala um hringingar. Mér fannst nú hringja dálítið undarlega í honum sjálfum, einkum þegar þess er gætt, að hann er endurskoðandi síldarverksmiðjunnar á Siglufirði, og það er því skylda hans að hugsa um hennar hag og hag ríkissjóðs í sambandi við hennar starfsemi. Er hann nú alveg viss um, að það sé hagur síldarverksmiðjunni og ríkissjóði, að það dragist að byggja öldubrjótinn á Siglufirði og að bryggjur verksmiðjunnar séu hafðar í stöðugri hættu ár eftir ár? Ég gæti haldið, að það væri dálítið vafasamt.

Hv. þm. var að hælast um yfir því, að till. mínar hefðu verið felldar hér fyrr á þingi; virtist hann treysta því, að svo færi enn. Virtist mér hann þess vegna telja mjög mikinn óþarfa af mér að vera að mótmæla því nú, að þeir liðir, sem ég árangurslaust flutti till. um hér í d., en komust svo inn í hv. Ed., væru teknir út hér aftur. En ef hv. þm. treystir því svo mjög, að hv. þm. hér í Nd. greiði atkv. nákvæmlega eins og í vetur, því má þá ekki búast við, að þm. í hv. Ed. geri slíkt hið sama? Ein af þessum till. minum féll ekki með nema eins atkv. mun hér í hv. d. og var svo samþ. í hv. Ed. Ef farið er að breyta fjárl. hér vegna þessarar till., fara þau aftur upp í Ed., og má þá gera ráð fyrir, eftir hugsunargangi hv. þm. V.-Húnv., að þar verði liðurinn tekinn upp aftur. Fer þá frv. í Sþ., og ef gengið er út frá óbreyttri afstöðu allra hv. þm., þá er sjáanlegt, að hv. þm. fengi ekki þennan lið tekinn út aftur þar. Þess vegna er, eftir hugsanaferli hv. þm. sjálfs, þýðingarlaust fyrir hann að flytja þessa till. Þó hann fengi hana samþ. hér í d., myndi sá liður, sem hann vill fella niður, standa í fjárlagafrv. að lokum samkv. hans eigin áliti.

Þá talaði hv. þm. um sérstaka frekju hjá mér í sambandi við till., sem ég hefði áður borið hér fram um ábyrgðarheimild vegna tunnuverksmiðju á Siglufirði. Sagði hann, að víðar væru tunnuverksmiðjur, og taldi, að þau fyrirtæki ættu að vera jafnrétthá. Ég vil benda á það, sem hv. þm. hlýtur að vera kunnugt, að það er hvergi tunnuverksmiðja með samskonar fyrirkomulagi og á Siglufirði. (**HJ:** Eru tunnurnar þar ekki eins og aðrar tunnur?) Jú, nema hvað þær hafa reynzt óvenjulega góðar. En fyrirkomulag verksmiðjufélagsins er með dálítið sérstökum hætti, þar sem kaupgjald mannanna, sem að tunnusmíðinni vinna, er fyrsta áhættufé fyrirtækisins, eins og ég ljóslega sýndi fram á í vetur. Ég held, því, að það hljóti að vera einhverjar aðrar ástæður til þess, hvað mikið kapp hv. þm. leggur á að koma þessum liðum út af fjárl., sem ég hefi sérstaklega gert að umtalsefni, heldur en honum þykir rétt að láta uppi.

**Hannes Jónsson:** Það eru aðeins örfá orð til hæstv. fjmrh. út af útreikningum hans, þegar hann vildi sýna mér, hvernig hann hefði fengið út 83 þús. Ég ætla ekki að fara nánar út í þann reikning, en vildi ráðleggja hæstv. ráðh. að láta strika hann út úr Alþt. Ég er hræddur um, að þó karlarnir úti um landið séu ekki glöggir í reikningi, þá kunni þeir að leggja þannig saman þær tölur, sem

hæstv. ráðh. taldi upp, að þeir fái þar ekki út 83 þús.; meira að segja mundu flestir barnaskólarnir, sem hæstv. ráðh. var áður yfirmaður yfir, hafa nemendum á að skipa, sem gætu fengið út aðra og réttari tölu.

Út af hinu atriðinu, þeim liðum, sem hæstv. ráðh. vildi ekki telja til sparnaðar, þó niður væru felldir, sem er heimild til að kaupa nokkrar fasteignir úti um land, er það að segja, að þá fer að verða létt að lifa, ef menn geta keypt fasteignir og ráðizt í framkvæmdir eins og t. d. húsabyggingar án tillits til, hvernig efnahagur manna er; bara ef menn geta einhversstaðar haft út peninga að láni, þá þarf ekki að hugsa um annað en að kaupa og kaupa, það eru aðeins eignahreyfingar! Ég er hissa, hvað hæstv. ráðh. er fastur á fé til atvinnubóta, úr því að hann er kominn á þessa skoðun. Ríkið tapar náttúrlega ekkert á því að ráðast í framkvæmdir, fremur en að kaupa allskonar fasteignir, því það á þá þau verðmæti, sem sköpuð eru! Svo tók hæstv. ráðh. líkingu af þessu og sagðist ætla að kenna mér að spara. Ég skyldi bara hugsa mér að kaupa jörð, hætta svo við það, þegar til kæmi, þá hefði ég sparað jarðarverðið. Já, ég miða vitanlega mína fjárhagsáætlun við þær tekjur, sem ég býst við að hafa, ef ég hefi ætlað mér að kaupa jörð. En þegar tekjur mínar minnka og mig vantar peninga, þá fer ég að spara á minni áætlun. Og ég geri það á þann hátt, að ég hætti við jarðarkaupin, því ég treysti mér ekki að auka skuldir mínar um það, sem kaupunum nemur.

Þá taldi hæstv. fjmrh., að hann hefði gert fyrir rýrnun þeirri, sem yrði á vaxtagreiðslum, með tekjuaukalöggjöfinni. En hann var, að því er mér skildist, búinn að nota tekjurnar af þeirri löggjöf í allt annað. Hann gerði þar með ráð fyrir 1½ millj. kr. tekjum, sem hann var í útreikningum sínum búinn að ráðstafa. Svo ætlar hann að nota þá peninga aftur. Það fara að verða ágætar tekjur, ef með sömu krónunum er hægt að borga aftur og aftur.

Þá skal ég víkja örfáum orðum til hv. 1. þm. Eyf. Hann taldi mér bera sérstaka skyldu til að líta á hag síldarverksmiðjunnar á Siglufirði, þar sem ég væri endurskoðandi hennar. Ég er líka endurskoðandi landsreikninganna, og ber mér þá ekki síður skylda til að líta á hag ríkisins í sambandi við frágang fjárl. Þar sem hv. þm. taldi mig hafa sérstaka aðstöðu til að líta á hag síldarverksmiðjunnar sem endurskoðandi hennar, vænti ég, að hann meti einhvers ábendingar endurskoðanda landsreikninganna í þessu máli og sýni það í verkinu.

Það er enganveginn svo, að ég haldi, að till. mínar gerðu allt gott um afkomu þjóðarinnar, þó samþ. væru. En þær eru a. m. k. spor í rétta átt, sem réttara er að stíga heldur en hafa það eins og mér virtist hv. þm. Dal. vilja, að lagfæra fjárl. með því að bæta inn nýjum útgjöldum. Það skyldi gleðja mig, ef útvarpið yrði ekki þyngra á ríkinu heldur en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Og ég vil krefjast þess, að hæstv. stj. sjái til þess, að kostnaðurinn fari hvorki hjá þessari stofnun né öðrum fram úr áætlun; nóg mun verða til að borga fyrir því. Og þegar forstöðumennirnir láta eins mikið yfir því eins og hv. þm. Dal., að þeir ætli ekki að láta tekjuhallann verða meiri en gert er ráð fyrir í fjárl., ætti a. m. k. að vera hægt að sporna gegn því.

Hv. 1. þm. Eyf. taldi, að ef ég byggði svo mjög á því, að atkvgr. hér í d. um einstaka liði yrði óbreyttt frá því í vetur, mætti eins búast við, að Ed. breytti ekki afstöðu til þeirra. En nú hefir Nd. í nokkur ár tekið við fjárl. óbreyttum frá Ed., þó hún hafi verið óánægð með þau. Finnst mér því ekki ósanngjarnt eða óeðlilegt, að hv. Ed. gengi að frv. núna, þó hún væri að einhverju leyti ekki ánægð með það.

Þá talaði hv. 1. þm. Eyf. um, að tunnuverksmiðjan á Siglufirði væri rekin með einhverjum alveg sérstökum hætti. Hann lýsti ekki, hvernig það fyrirkomulag væri, en mér er sagt, að verksmiðjan sé rekin af einhverskonar samvinnufélagi, sem samanstendur af helztu kommúnistunum á Siglufirði. Þvílíkt framúrskarandi fyrirmyndarfyrirkomulag! Ég vildi nú helzt leggja til, að þessum kommúnistum væri stungið ofan í tunnurnar og þær sendar hingað suður, svo við fengjum að sjá, hvað þeir eru dásamlegir. Forstjóri

þessa fyrirtækis bíður hér í dyrunum; hann hefir hangið yfir þinginu síðan þetta mál kom til. Finnst mér rétt, að hv. d. gengi svo frá málinu, að binda tunnubotn við botninn á honum og lofa honum svo að hlaupa.

Hv. þm. vildi halda fram, að það væri einhverjar aðrar ástæður til þess að ég vildi fella niður þennan lið heldur en sparnaðarvilji. Ég veit ekki, hvað hann á við með því. Heldur hann, að ég hafi haft svo mikið við þennan lið hans, að ég hafi borið allar þessar 14 brtt. fram hans vegna. Nei, ég er ekkert feiminn við að koma til dyranna eins og ég er klæddur og kann illa við slíkar aðdróttanir.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég get greitt flestum brtt. hv. þm. V.-Húnv. atkv., af þeim sömu ástæðum, sem hann hefir fært fram. En hvað snertir brtt. mína á þskj. 830 vil ég minna á það, að hér er um heimild að ræða til varúðarráðstöfunar, sem því aðeins á að nota, að vitamálastjóri telji bráðnauðsynlegt að hefjast handa um endurbætur á því mannvirki, sem hér er um að ræða. Og ef það mannvirki fer forgörðum, eru útgerðarfyrirtækin á þessum stað lögð í rústir, og þeim mönnum, sem á þeim lifa, allar bjargir bannaðar. Af atvinnurekstri þessa staðar hefir ríkissjóður fengið nál. 100 þús. kr. nettótekjur á ári. Það væri hart fyrir þá menn, sem slík gjöld bera, ef ríkissjóður léti það mannvirki eyðileggjast, sem öll afkoma þeirra byggist á. Þeir hv. þm., sem greiða atkv. á móti þessari heimild, bera ábyrgðina, ef illa fer. Og væntanlega yrði þeim þá ljúft að ráðstafa fólkinu, sem þarna gæti ekki lifað lengur.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ekki bæri á því, að önnur ríki lækkuðu svo mjög útgjöld sín nú. Ég vil minna hann á, að eitt stærsta ríki heimsins, Bandaríkin, hefir samþ. útgjaldalækkun, sem nemur einni biljón dollara, eða 26% af öllum gjöldum ríkisins. Og mér er ekki kunnugt um annað en öll ríki reyni að draga sem mest saman og lækka sín árlegu útgjöld á þessum erfiðu tímum.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég verð að játa það á mig, að hv. þm. V.-Húnv. hefir á réttu að standa um eitt atriði, sem okkur hefir borið á milli. Ég sagði, að sparnaðurinn af till. hans, ef samþ. væru, mundi nema 83 þús., en hann heldur fram, að hann nemi ekki nema 62 þús., og mun það rétt. Ég hafði tekið eina töluna tvisvar við samlagninguna, og olli það hinni röngu útkomu. Í þessu atriði gengur hv. þm. með sigur af hólmi; sparnaður hans er óverulegri heldur en ég hafði haldið.

Hvað tekjuaukunum viðvíkur, þá gerði ég á móti þeim m. a. þessar 200 þús. kr. vaxtarýrnun hjá ríkissjóði. Þegar ég talaði um tekjuaukana gerði ég á móti þeim allar kreppuráðstafanir þessa þings, og ein af þeim er að innheimta ekki vexti hjá Búnaðarbankanum. Hér hefi ég því enga peninga ætlað að nota tvisvar, eins og hv. þm. talaði um; hann hefir bara ekki tekið eftir, að ég lagði tekjuaukana á móti kreppuráðstöfunum, og að vaxtarýrnunin er þar innifalin.

Hv. þm. N.-Ísf. hyllir mjög Bandaríkin fyrir að spara eina billjón dollara á ríkisbúskapnum. Það er náttúrlega töluvert mikill sparnaður. En svo vill hv. þm. feta í spor Bandaríkjanna með því að veita 20 þús. kr. til öldubrjóts í Bolungavík. (**JAJ:** Það er skilyrðisbundið.) Já, það er beðið um styrkinn með því skilyrði, að þorpið leggist ella í eyði. En hvers vegna þessi eyðilegging vofir yfir svo geigvænlega einmitt nú, það fæ ég ekki skilið.

Annars er það misskilningur, að ég hafi haldið fram, að önnur ríki sýndu engan vilja á útgjaldalækkun. Ég sagði aðeins hitt, að ríkin sýndu meiri og vaxandi vilja á því að auka atvinnumöguleika þegnanna og gerðu það jafnvel með lánum eins og hér er talað um í 22. gr. fjárl. Og t. d. Bandaríkin hafa nú gengið lengra í slíkum ráðstöfunum en nemur þeim niðurskurði, sem hv. þm. talaði um. En þó verð ég að segja það, að tveggja millj. kr. niðurfærsla, sem varð hér á útgjöldum ríkissjóðs á síðasta ári, er hlutfallslega meiri en orðið hefir í nokkru öðru landi, sem ég veit um.

**Bernharð Stefánsson:** Ég var ekki hér inni í d., þegar hv. þm. V.-Húnv. hélt síðustu ræðu sína, en mér er skýrt frá því, að hann hafi nú fundið tunnuverksmiðjunni á Siglufirði það aðallega til foráttu,

að aðeins kommúnistar fyrirfinnist í þeim félagsskap. Þó það komi ekki málinu við, hvaða skoðanir þessir menn hafa, þá vil ég geta þess, að þetta er ekki rétt. Í félagi þessu eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum, og félagið ekki að nokkru leyti pólitískt félag.

**Jóhann Jósefsson:** Þessi hv. d. samþ. hér við 3. umr. fjárl. þá einróma till.fjvn. að veita 10 þús. kr. úr ríkissjóði til ræktunarvega í Vestmannaeyjum, en nú hefir hv. Ed. lækkað þessa upphæð niður í 6 þús. kr. Það virðist svo sem hv. Ed. hafi sýnt hér allmikla óbilgirni, þegar á það er litið, hversu einróma fylgi fjvn. Nd. þessi fjárveiting hafði, því það verður að líta svo á, að það sé nokkuð ólíku saman að jafna, hvort till. er samþ. með yfirgnæfandi meiri hl. Nd. eða að hún aðeins merst í gegn. Ég varð var við það, að hv. þdm. komu með brtt. við þessa umr. til þess að leiðrétta sumar þær breyt., sem Ed. hafði gert á frv., og flyt ég því brtt. um lagfæringu á þessu, sem ég vona, að hv. þd. samþ., ef fjárl. verða opnuð á annað borð. Upphafleg till. fjvn. þessarar hv. d. var studd með tvennum rökum. Annarsvegar þeim, að Vestmannaeyjar fengju ekki annað fé til vega úr ríkissjóði en þessar 10 þús. kr., og hinsvegar, að hér væri um nauðsynlegar atvinnubætur að ræða. En þrátt fyrir þessi rök hefir hv. Ed. höggvið nálega helminginn af fjárveitingunni. Fari nú hinsvegar svo, að ekki verði hreyft við fjárl. og till. mín felld, vil ég benda á það, að þessi upphæð, 6 þús. kr., nær enganveginn tilgangi sínum sem atvinnubót, auk þess sem hún er miklu lægri en það, sem Vestmannaeyjar ættu skilið að fá móts við önnur héruð. Ég vil og í þessu sambandi minna á það, að Vestmannaeyjar hafa ekki enn fengið neitt af atvinnubótafé því, sem hingað til hefir verið úthlutað úr ríkissjóði, og verði brtt. mín á þskj. 837 felld, verð ég að benda hæstv. stj. á það, að vonast er til þess, að hún sýni Vestmannaeyjum fulla sanngirni hvað úthlutun á atvinnubótafé snertir.

ATKVGR.

Brtt. 836,1 felld með 13:5 atkv.
— 836,2 felld með 15:7 atkv.
Brtt. 836,3 felld með 13:5 atkv.
— 836,4 felld með 14:7 atkv.
— 862 felld með 14:3 atkv.
— 886 samþ. með 14:7 atkv.
— 837,I, svo breytt, felld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, BJ, GÍ, HG, JJós, JAJ[1], JÓl, ÓTh.

nei: PO, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, MG, MJ, PHalld, JörB.

Tveir þm. (TrÞ, HV) fjarstaddir.

Brtt. 836,5 felld með 14:4 atkv.
— 836,6 felld með 16:5 atkv.
— 836,7 felld með 16:4 atkv.
— 836,8 felld með 15:3 atkv.
— 837,II felld með 15:3 atkv.
— 837,III—IV teknar aftur.
— 836,9 felld með 17:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JÓl, StgrS, SvbH, VJ, BJ, HJ, HG.

nei: JJós, JAJ, JónasJ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, GÍ, HStef, JörB.

BKr greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (TrÞ, HV) fjarstaddir.

Brtt. 836,10 felld með 15:7 atkv.
— 836,11 felld með 14:5 atkv.
— 837,V tekin aftur.
— 836,12 felld með 18:3 atkv.
— 836,13 felld með 20:3 atkv.
— 836,14 felld með 14:5 atkv.
— 836,15 felld með 14:9 atkv.
— 865,1 felld með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, BJ, HG.

nei: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, JörB.

Tveir þm. (TrÞ, HV) fjarstaddir.

Brtt. 865,2 felld með 17:3 atkv.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 888).

---

1) **JAJ:** Þar sem hér er verið að leiðrétta ósvífni fyrrv. stj., segi ég já.

## 2. Fjáraukalög 1931.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1931** (stjfrv., A. 2).

Á 5. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég óska þess eins, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 30. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 165).

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Þetta frv. er samið eftir sömu reglum og gilt hafa um samningu fjáraukalaga a. m. k. um 10 ára skeið. Í nál. fjhn. á þskj. 165 er gerð nokkurn veginn grein fyrir töluniðurstöðum þeim, sem frv. og landsreikningurinn í heild sýnir. N. hefir gert sér far um að bera nákvæmlega saman frv. og LR. og sérstaklega athugað um þær umframgreiðslur, sem orðið hafa á árinu án þess aukafjárveitingar væri leitað fyrir þeim. Alls eru þær umframgreiðslur, eins og hv. þdm. geta séð á nál., rúmlega 1690 þús. kr. Aftur hafa nokkrir gjaldaliðir orðið undir áætlun, sem nemur um 800 þús. kr. Hvortveggja þessara liða eru svo sundurgreindir í nál. og taldir upp allir liðir, sem hafa farið fram úr áætlun, en ekki verið leitað aukafjárveitingar fyrir. Einn liðurinn í þessari upptalningu er samandreginn, nefnilega það, sem greiðslur samkv. launalögunum hafa farið fram úr áætlun. Að öðru leyti eru liðirnir ekki fleiri á LR. heldur en þessari upptalningu.

Þá sé ég ástæðu til að skýra nokkuð a. m. k. tvær tölur af þeim, sem teknar hafa verið hér upp á fylgiskjal til þess að finna út þær greiðslur, sem farið hafa fram yfir áætlun eða ekkert verið áætlað fyrir, en sem eru taldar lögboðin gjöld, svo ekki þarf að leita aukafjárveitinga fyrir þeim. Það eru þá fyrst lögboðnar fyrirframgreiðslur. Þær eru taldar hér 15 þús. kr., en eru í LR. rúmar 25 þús. kr. Að þær eru hér taldar þetta lægri, stafar af því, að fjárveiting er til fyrir 10 þús. kr. af þessari upphæð. Þá eru greiðslur samkv. sérstökum lögum hér taldar 6 þús. kr. lægri heldur en í LR., sem stafar af því, að leitað hefir verið aukafjárveitingar fyrir rúmum 6 þús. kr., sem í þessari upphæð felst. Er það framlag til bryggjugerðar í Borgarnesi. Til þeirrar bryggju var veitt fé samkv. l. frá 1926. Þar var tiltekin ákveðin upphæð, sem fjárveitingin mátti ekki fara fram úr, 150 þús. kr. Á árunum 1930 og 1931 var varið nokkru fé til þessarar bryggjugerðar; en fjárveitingin var áður komin upp í hámark, og þessvegna var leitað aukafjárveitingar fyrir því, sem greitt var fram yfir 150 þús. kr. Að öðru leyti eru þær tölur, sem hér eru upp teknar, nákvæmlega eftir LR.

Ég skal geta um það, að af vissum ástæðum eru þessi fjáraukalög óeðlilega há, samanborið við eldri fjáraukalög. Það stafar að nokkru leyti af því, að upp hefir verið tekin ný regla um færslu LR. að því er snertir ýmsar stofnanir ríkisins. Þær hafa áður fyrr oft ekkert komið inn á LR., og þó tekjuafgangur hafi orðið hjá þeim, hefir hann verið færður sem sjóðsaukning hjá stofnununum sjálfum, en ekki látinn koma á LR. Nú er farið að færa tekjuafgang ríkisstofnana tekjumegin á LR., og ef hann er látinn halda áfram að vera sem rekstrarfé stofnananna sjálfra, þá er það fært til útgjalda á væntanleg fjáraukalög. Sú upphæð, sem þannig er tilkomin á fjáraukalagafrv. nú, nemur um 360 þús. kr.

Einnig má geta þess, að í þessu fjáraukalagafrv. eru eftirstöðvar af byggingarkostnaði landssímastöðvarinnar, útvarpsstöðvarinnar og síldarbræðsluverksmiðjunnar á Siglufirði, sem nema 400 þús. kr., og 200 þús. kr. útgjöld vegna ábyrgðar fyrir h.f. Kára og Samvinnufélag Ísfirðinga. Þessar greiðslur allar valda því, að fjáraukalagafrv. er nú óvenjulega hátt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. N. leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum smávægileg-

um breyt. Eru það aðeins leiðréttingar á prentvillum, samlagningarvillum og einni smáskekkju, sem stafar af því, að yfirskoðunarmönnum LR. hefir yfirsézt, að til var fjárveiting fyrir hluta af þeirri upphæð, sem leitað er aukafjárveitingar fyrir í frv., til íslenzkra stúdenta á erlendum háskólum. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég sé ekki ástæðu til að segja annað um afgreiðslu hv. n. á þessu máli en að álit hennar er mjög skýrt og sýnir greinilega niðurstöður ársins 1931. Eina leiðréttingin, sem máli skiptir, er sú, að fella niður aukafjárveitingu fyrir greiðsu, sem heimild var fyrir í fjárlögum. Hitt eru aðeins smáleiðréttingar. Vil ég svo einungis þakka n. fyrir skýra og góða afgreiðslu á frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 165,1 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 165,2 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 165,3 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 165,4—5 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 165,6 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 196).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 32. fundi í Ed., 23. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 196).
Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 6 shlj. atkv. og til fjhn. með 6 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 196, n. 597).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Fyrir hönd fjhn. hefi ég það eitt að segja, að n. leggur til, að frv. verði samþ. N. skírskotar til nál. fjhn. Nd., en í henni átti sæti einn endurskoðandi LR., og koma þar fram heimildarveitingar fyrir þessu. Að öðru leyti er ekki ástæða til þess að orðlengja um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9. shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 668).

---

## 3. Fjáraukalög 1932.

Á 71. fundi í Nd., 11. maí, var útbýtt:
**Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1932** (stjfrv., A. 639).

Á 72. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég leyfi mér að leggja þetta frv. fyrir hv. d., en sé ekki ástæðu til að gefa nánari skýringar á því en fram koma í grg. Óska ég, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjvn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 639, n. 691).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingólfur Bjarnarson):** Fjvn. hefir athugað þetta frv. og komizt að raun um, að þau gjöld, sem þar um getur, eru yfirleitt réttmæt og eðlileg, enda er heildarupphæðin 75 þús. kr., sem er miklu lægra en undanfarin ár. Það er aðeins 1. liður 2. gr., sem n. taldi, að væri dálítið athugaverður. Það er viðbót við skrifstofufé bæjarfógetans á Seyðisfirði, 3500 kr. N. telur, að hér muni farið út á viðsjála braut, einkum þar sem skrifstofufé þarna er allhátt áður, miðað við það, sem gerist hjá öðrum sýslumönnum landsins. Fyrir þessu er færð sú ástæða, að bæjarfógeti hefði haft mörg og umfangsmikil þrotabú til meðferðar. En þetta sýnist ekki veigamikil ástæða, og ekki líklegt, að það hafi aukið sérstaklega skrifstofukostnaðinn. Auk þess hafa þessi þrotabú sennilega beinlínis gefið af sér tekjur, sem kæmi þá til jöfnunar auknum kostnaði þeirra vegna. Ég vildi aðeins taka þetta fram til athugunar eftirleiðis.

Þessu frv. fylgja skýringar yfir gjaldaliðina, og þar sem þeir eru mjög einfaldir og skýringarnar nægilegar, þá sé ég ekki ástæðu til þess að rifja það upp frekar, enda þykist ég vita, að hv. þdm. hafi kynnt sér frv. og grg. Ég vil svo f. h. n. óska eftir því, að frv. verði samþ. óbreytt og því vísað til 3. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Út af þessum lið um viðbót við skrifstofukostnað bæjarfógetans á Seyðisfirði vil ég segja nokkur orð.

Ég vil upplýsa, að ég hefi ekki borgað þetta, heldur fyrirrennari minn, en ég veit, að aths. við þennan lið, um að greiðslan sé innt af hendi vegna þess, að bæjarfógetinn hafði til meðferðar mörg og umfangsmikil þrotabú á árinu 1931—1932, er rétt. Ég skal ekkert um það dæma, hvort nauðsyn hafi verið til aukins skrifstofukostnaðar vegna þessa. En um hitt efast ég ekki, að starfið hefir verið umfangsmikið, en aftur á móti líklegt, að nokkrar tekjur hafi bæjarfógeti fengið af sumum þeirra.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Ed., 19. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 639).

Á 77. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 639, n. 826).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Einar Árnason):** Það þarf ekki mikla framsögu í þessu máli. Hér er um smáar upphæðir að ræða, og er gerð grein fyrir þeim í aðalatriðum í aths., sem frv. fylgja. Fjvn. hefir athugað frv. og einstaka liði þess, og leggur hún til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Ed., 31. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 893).

## 4. Landsreikningur 1931.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt: **Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum 1931** (stjfrv., A. 3).

Á 5. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 166).

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Að svo miklu leyti, sem um tölulegar upplýsingar er að ræða viðvíkjandi LR., má vísa til nefndarálits um frumv. til fjáraukalaga á þskj. 165. Ég býst ekki við að þurfa að vera fjölorður um þetta mál fremur en það næsta á undan á dagskránni, því aths. yfirskoðunarmannanna við LR. hefir hæstv. stj. svarað þannig, að svörin hafa verið viðurkennd og ýmist úrskurðuð fullnægjandi eða aths. úrskurðaðar til athugunar framvegis, eftirbreytni í framtíðinni og þar fram eftir götunum.

Þó eru einar tvær aths., sem yfirskoðunarmennirnir hafa vísað til þingsins. Er önnur um það, að forstöðumanni pósthússins hér í Rvík hafa verið greidd hámarkslaun strax eftir að hann tók við embættinu. Munar það um rúmar þúsund kr. frá því, ef hann hefði verið skoðaður sem nýr í embættinu og greitt samkv. því. Hæstv. stj. hefir nú fært fram nokkrar ástæður fyrir því, hvers vegna launagreiðslu til þessa manns var hagað eins og gert var, og má e. t. v. segja, að það sé nokkuð mikil afsökun fyrir því, að hann fékk hámarkslaun strax. Þó fannst yfirskoðunarmönnunum rétt að vísa þessu atriði til aðgerða Alþingis. Fjhn. gerir þó enga till. út af þessu. Lítum við svo á, að svo gildar ástæður hafi verið fyrir þessari ráðstöfun stj., að ekki sé bein ástæða til að gera sérstakar till. út af henni. Og verði LR. samþ. án þess nokkrar brtt. komi fram við þetta atriði, þá verður að skoða það sem viðurkenningu Alþingis fyrir því, að hæstv. stj. hafi farið rétt að í þessu efni, eða að ástæður þær, sem hún hefir fram borið, séu þess eðlis, að þær afsaki gerðir hennar.

Hin aths. er 24. aths. við LR., og henni er ekki nema að nokkru leyti vísað til aðgerða Alþingis, og snertir það atriði till., þar sem bent er á, að nauðsyn beri til þess að auka sparnað á starfssemi útvarpsins, sérstaklega í sambandi við fréttastarfsemi þess. N. sér ekki ástæðu til að breyta því, sem orðið er í þessu efni, en hafði hinsvegar ekki tækifæri til að bera fram till. um framtíðarskipulag það, sem mætti til sparnaðar verða, en mælist til þess, að stj. geri það, sem í hennar valdi stendur, til þess að ekki verði þarna frekar en annarsstaðar meiri eyðsla en hægt er að komast af með. Þetta eru þær till., sem vísað hefir verið til aðgerða Alþingis, og n. hefir ekki fundið ástæðu til að koma með neinar sérstakar till. í því efni. Ýmsar aðrar aths., sem yfirskoðunarmenn hafa gert, en ekki komið með neinar till. um, mætti þó minnast nokkuð á. Ég ætla þó ekki að gera það að þessu sinni, nema mér gefist tilefni til, nema á eina þeirra, og hún er um prestlaunasjóðinn.

Það hefir verið mjög slæmt fyrirkomulag á bókhaldi þeirrar stofnunar, sérstaklega í sambandi við bókhald ríkisins, og yfirskoðunarmenn lögðu til, að þessi l., sem sjóðurinn starfar eftir, verði úr gildi numin og tekjur sjóðsins renni beint í ríkissjóð og gjöld hans talin með gjöldum ríkisins. Þessi sjóður er ekkert nema á pappírnum, því allan ársins hring skuldar hann ríkissjóði.

Nú hefir verið borið fram í Ed. frv. um að fella þessi l. úr gildi, en ég hefi orð-

ið þess var, að þetta frv. hefir mætt nokkurri mótspyrnu, og er óvíst, hvort það nær fram að ganga, og sérstaklega vegna þess, ef svo skyldi fara, að frv. annaðhvort dagaði uppi eða yrði fellt, þá vildi ég beina því til stj., að hún athugaði það alvarlega, hvort ekki væri hægt að koma reikningshaldi þessa sjóðs í betra horf en nú er, því það er nær ómögulegt að fá nokkurt vit út úr sjálfum sjóðreikningnum í ríkisbókhaldinu. Og það hefði satt að segja orðið mesti vandi fyrir yfirskoðunarmenn LR. að ljúka sínu starfi, ef bókhaldið hjá ríkisféhirði hefði ekki verið í jafngóðu lagi og það var. Eins og getið er um í aths. yfirskoðunarmanna, þá hafa ýmsar villur komið fram í ríkisbókhaldinu, t. d. hefir mismunur verið yfirfærður á prestlaunasjóð og hann þannig orðið eins og nokkurskonar ruslakista til að gleypa allar villur, sem fram koma í bókhaldinu. Það er óviðunandi fyrirkomulag, og má ekki við svo búið standa, að halda áfram á þeirri braut, og fari svo, að frv., sem ég gat um áðan, verði ekki afgr. sem l. á þessu þingi, þá væri æskilegt, að athugað væri, hvort ekki væri hægt að fá eitthvert betra form á reikningshaldi prestlaunasjóðsins en nú er, og sérstök ástæða virðist vera til þess að auka eftirlit með innheimtu á tekjum þessa sjóðs. Mætti jafnvel laga það svo, að reynt væri að ganga svo frá ríkisbókhaldinu að þessu leyti, að við mætti una að óbreyttum l., en þó tel ég sjálfsagt, ef ekki verða felld niður þessi l. um prestlaunasjóð, þá verði a. m. k. breytt reikningsformi hans. Þetta mætti sjálfsagt gera, og e. t. v. hefðu yfirskoðunarmennirnir athugað þetta nánar, ef þeir hefðu hugsað sér, að l. héldu áfram að gilda. En af því að þeim finnst beinasta leiðin til úrlausnar í þessu efni að nema l. úr gildi, þá hafa þeir ekki hugsað sér neina endurbót, en eins og ég hefi tekið fram, þá er það óhjákvæmileg nauðsyn, ef á að koma bókhaldi ríkisins í viðunandi horf.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég hefi ekki annað að segja í þessu sambandi, en að aths. hv. frsm. um bókfærsluna og aðra slíka hluti, sem hann minntist á, skulu teknar til athugunar.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég vildi aðeins gera fyrirspurn til hæstv. atvmrh. út af 26.aths. Ég sé, að það er varið til tilraunabús á Hólum um 46 þús. kr. Ég vildi gjarnan fá að vita, í hverju þessi mikli kostnaður liggur og hvað ætla má, að rekstrartap af þessu fyrirtæki verði á næsta ári, og hvort haldið verður áfram með rekstur þessa tilraunabús eða ekki.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég hefi ekki þau plögg við hendina, sem mér eru nauðsynleg til þess að geta svarað þessari fyrirspurn fyllilega, enda er hér um að ræða þær ráðstafanir, sem eru eldri en svo, að ég hafi haft þær með höndum. En ég get upplýst, að þarna eru innifaldir ýmsir stórir kostnaðarliðir, sem venja er að telja til stofnkostnaðar, svo sem byggingar, keyptur búpeningur og bús- og húsmunir o. þ. h. En ég mun síðar við tækifæri geta gefið hv. þm. rækilegar upplýsingar um þetta atriði.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.

**Magnús Jónsson:** Ég hefi verið svo óheppinn að vera frá störfum nú að undanförnu og hefi því ekki fylgzt með málinu sem skyldi, en ég kann ekki við að láta frv. fara út úr þessari d. án þess að fara um það nokkrum orðum.

Eins og menn kannast við, þá var bókhaldi ríkisins breytt fyrir nokkru, og ég hygg, að það væri nóg efni í bækling og hann ekki svo lítinn, ef safnað væri saman öllum þeim lofræðum, sem haldnar hafa verið um stj. fyrir að koma þessum dæmalausu umbótum í framkvæmd. Ég ætla ekki að fara út í þau ágreiningsmál, sem hafa verið um það, hvort þetta form á LR. og fjárlagafrv., sem fylgt hefir verið nú um hríð, sé til bóta eða ekki, eða þær aths., sem gerðar hafa verið um það frá þeirra hálfu, sem fannst þessi breyt. ekki til bóta, en þó verð ég að segja það, að við yfirskoðun LR. virt-

ist mér þetta nýja form að mörgu leyti mesta vansmíði.

Í fyrstu aths. yfirskoðunarmanna er því hreyft, sem auðvitað getur komið fyrir, hvernig sem bókhaldið er, að því fari fjarri, að frágangur bókhaldsins sé í góðu lagi. Ég er ekki vanur að sjá bækur ýmissa fyrirtækja, en ég býst þó við, að það þætti leiður frágangur á bókhaldi einkafyrirtækja, ef það liti út eins og verið hefir hjá ríkinu, að í höfuðbók séu niðurstöðutölur ekki færðar út nema lauslega með blýanti, og svo það, sem lakara er, að þessar tölur eru alls ekki alltaf réttar. Það vakti eftirtekt okkar endurskoðendanna, að það kom fyrir, að niðurstöðutölurnar voru aðrar en í LR. Fórum við þá að athuga þær, og þá reyndust tölurnar í LR. réttar, en hinar skakkar.

Þessar skekkjur hafa valdið yfirskoðunarmönnunum mikilla óþæginda og erfiðisauka, því að þær urðu til þess, að taka varð ekki einungis þessa liði, heldur og marga aðra, og kostaði það mikla fyrirhöfn.

En ef litið er á formið sjálft, þá verður ekki annað sagt en að það sé mjög þunglamalegt. Samanburðurinn, sem yfirskoðunarmenn verða að byrja á, þ. e. a. s. að bera tölur LR. saman við fylgiskjölin, kostaði áður 2 menn í vikutíma, en með þessu nýja fyrirkomulagi tekur hann 3 menn í hálfu lengri tíma. Þetta út af fyrir sig er reyndar aukaatriði, þótt það sé meira verk að endurskoða með þessu fyrirkomulagi. Hitt er lakara, að við það, að þetta er fært inn í fleiri bækur, koma inn stórvægilegar villur.

Hv. þdm. munu hafa tekið eftir 19. aths., þar sem sagt er, að við samanburð á fskj. og dagbók hafi yfirskoðunarmenn veitt því eftirtekt, að ófærðir eru til gjalda á LR. þessir liðir.

Samkvæmt dagbók:

| | | |
|---|---|---|
| Laun presta ..... | kr. | 5168,27 |
| Berklakostnaður ..... | — | 1000,00 |
| Skipaskoðun ..... | — | 700,00 |
| Skattanefndakostnaður .... | — | 2594,85 |
| Samtals | kr. | 9463,12 |

Gjöldin eru því vantalin um þessa upphæð.

Það eru ekki stór orð, sem höfð eru um þessa aths., en hér er um hreina villu að ræða, sem nemur nærri því 10 þús. kr. Þetta hefir orsakazt vegna þess, að þegar fært var inn í dagbók, hafa fyrirsagnir að liðunum verið skrifaðar, en tölurnar ekki útfærðar. Nú má segja, að slíkar villur geti komið fyrir hjá öllum, en það sýndist ekki mikið vandaverk að taka eftir slíkum skekkjum svo að segja undir eins og þær koma fram. Jafnvel þótt ekki væri lesið saman, sem vitanlega væri óafsakanlegt, gæti maður þó haldið, að þetta kæmi fljótlega fram sem skekkja á sjóði. — Ég er enginn bókhaldsfræðingur, en eitthvað hlýtur þó að vera bogið við bókhaldið, þegar svona getur skakkað um 10 þús. kr. án þess að það komi fram í sjóði og án þess að þeir, sem bókhaldið hafa með höndum, hafi hugmynd um það, fyrr en yfirskoðunarmenn LR. nærri því ári síðar koma auga á þetta. Sem sagt, það virðist svo sem gera megi næstum ótakmarkaðar villur og vitleysur án þess að menn komi auga á það. Hér er um þann megin galla í bókfærslunni að ræða, að það er enginn galli til, sem getur verið stærri, þegar ómögulegt er að sjá á bókhaldinu, hvað á að vera í sjóði.

Auðvitað átti bókhaldið að vera þannig, að þegar yfirskoðunarmenn byrja á sínu starfi, þá gætu þeir sagt við bókhaldsmennina: „Hvað á að vera í sjóði hjá ríkisféhirði í dag, góðir herrar?“, og við því áttu þeir að geta samstundis fengið rétt svar, og þegar það var fengið, að fara til ríkisféhirðis og telja hjá honum, hvort þar væri allt það fé, sem vera átti. En í staðinn fyrir þetta, var ekki hægt að fá svar við svona einfaldri spurningu í ríkisbókhaldinu. Nú mætti spyrja, hvernig við hefðum leyst af hendi þessa talningu hjá ríkisféhirði, sem er nú eitt af því, sem yfirskoðunarmenn eiga að gera, og skal ég þá upplýsa það, að við urðum að fá upplýsingarnar hjá ríkisféhirði sjálfum, því að hann hefir sjálfur sitt bókhald, sem virðist allt vera í prýðilegasta lagi. En það sér hver maður, að það ætti ekki að þurfa að fá upplýsingar hjá honum, sem einmitt á að hafa eftirlitið með.

Það verður ekki sagt annað en að það sé allmikið sleifarlag, þegar þessir makalausu sérfræðingar stjórnarinnar, sem

komu upp þessu fullkomna bókhaldi, geta ekki séð svo um, að ekki sé eftir nein smuga, sem geri allt hitt ónýtt. Það þarf ekki nema eitt gat á síldarlásinn, til að öll síldin fari út og það þarf ekki nema eina ruslakistu í hvert bókhald til þess að allt hitt verði ónýtt.

Hæstv. stj. hefir tekið vel undir aths. um þetta og haft góð orð um, að þetta skuli verða fært í lag, og er gott, ef svo verður. Nú mun það vera tilætlunin að taka upp notkun véla við ríkisbókhaldið, og ef þetta tekst vel, þá mun það gera allt öruggara og léttara að endurskoða en verið hefir, því að þá verða tvær bækur, sem áður þurfti að lesa saman, ekkert annað en vélritaður gegnumsláttur, og getur því ekki greint á.

Þá vil ég beina til hæstv. forsrh. einni fyrirspurn út af 23. aths. um laun Sig. Baldvinssonar póstmeistara í Rvík. Í aths. við LR. í fyrra var svipuð aths. um embættismann, sem voru borguð hærri laun en lögákveðið var. Þetta er þó ekki eins merkilegt tilfelli að því leyti, að í hinu tilfellinu voru greidd hærri laun en voru til í því embætti, en hér er þessum embættismanni greidd frá byrjun hámarkslaun. Yfirskoðunarmenn gátu ekki séð, að nein heimild væri til að gera þetta. Í þessu efni dugir ekki fyrir stj. að afsaka sig með því, að það væri sanngjarnt, að launin væru hærri, því að þá hefði hún átt að bera fram frv. til breyt. á því, sem henni finnst ósanngjarnt, en ekki leyfa sér að breyta sjálf til án lagaheimildar.

Stj. hefir svarað þessu í 23. svari sínu, að tekið hafi verið tillit til þess, að Sig. Baldvinsson hafi áður starfað að póstafgreiðslu í 12 ár, en þótt svo sé, þá heimilar þetta ekki nema fyrstu launahækkunina. Það er algengt, að þegar mönnum er veitt embætti, þá hafi þeir starfað meira en12 ár að samskonar störfum. Og af því að þetta svar er óákveðið, vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort stj. muni ekki leiðrétta þetta.

Í 24. aths. gera yfirskoðunarmenn nokkrar aths. út af stórkostlegum misfellum í sambandi við stjórn útvarpsins. Ég held þó, að ég þurfi ekki við þessa umr. að fara langt út í það mál, en vel mér þá annað tækifæri, ef mér þykir ástæða til. Eins og má sjá á svari yfirskoðunarmanna, þá höfum við fallizt á till. stjórnarráðsins um endurgreiðslu útvarpsstjóra, og þar sem rætt er um LR., þá er ekki að ræða um annað en væntanlega endurgreiðslu á þessu.

Fyrir mér vakir ekki fyrst og fremst krónutalan í þessu sambandi. Hér er ekki að ræða um stórar upphæðir. Fjárhagur ríkisins eða kreppan breytist ekki verulega þeirra vegna. En framkoma hlutaðeiganda í ábyrgðarmikilli stöðu er í mínum augum aðalatriðið, sem kemur þó í sjálfu sér ekki mikið við samþ. LR. Það er sama að segja um andvirði útvarpstækjanna, sem voru afhent hér nokkrum spítölum. Eins og marga mun reka minni til, barst út sú fregn, að Jónas Jónsson hefði gefið þessi tæki til spítalanna. Og blessunaróskirnar út af því voru nú ekkert smáræði, og skal ég alls ekki reyna að hafa þær af honum. En sumir undruðust það, að ekki tekjuhærri maður eftir skattaframtali skyldi hafa ráð á að gefa þessum hælum svona dýr tæki. Það er ekki algengt, að menn geti snarað út töluvert á 6 þús. kr. í einu, eins og verð þessara gjalda var. En nú sést hér, að útvarpið var látið borga. Kostuðu þau sem hér segir: Tækin til hressingarhælisins í Kópavogi 1236,10 kr., til Vífilstaðahælis 2049,90 kr., til Kristneshælis 1862,80 kr., til geðveikarhælisins á Kleppi 698,00 kr., eða samtals 5846,80 kr.

Það hefir nú verið valin sú leið, að þessar stofnanir hafa verið taldar skulda andvirði tækjanna. Það nær ekki nokkurri átt, að útvarpið sé að eiga hjá þessum stofnunum. Það er skömm fyrir stofnanirnar og það fé er arðlaust útvarpinu. Það má náttúrlega segja, að það sé ekki mikið peningaspursmál, og þó að hér sé um ríkisstofnanir að ræða, sem verða þessa aðnjótandi, þá dugir hér enginn grautarreikningur á milli ríkisstofnana. Það verður að innheimta þetta og koma því í lag.

Einn liður er ennþá, sem við höfum gert aths. við fyrir utan það, sem úrskurðað hefir verið um endurgreiðslu á, en það er kostnaður við útvarpið, og það er eins með það, að það er ranuverulega ekki viðkomandi þessu máli, sem hér liggur fyrir. Það er miklu frekar efni fyrir

fjvn. að athuga, hvort ekki sé hægt að spara á rekstri útvarpsins án þess að það biði hnekki af. Við endurskoðendur höfum bent á það, að einn liður rekstrarkostnaðarins virðist vera ákaflega dýr, nefnilega fréttasöfnunin. Þær innlendu fréttir, sem í útvarpinu koma, eru margar nauðaómerkilegar, upplestur úr hagskýrslum og fréttir úr blöðum, inngangur að reikningum Landsbankans o. þ. h. Þá eru lesnar upp fréttir úr skeytum frá fréttariturum útvarpsins úti um land. Ég hefi nú um tíma haft tæki, og ég er hissa á því, hve þessar fréttir eru ómerkilegar og litlar. Ég saka ekki útvarpið um þetta. Þegar um litlar innlendar fréttir er að ræða, getur það ekki annað en sagt frá því, sem er lítið. En það, sem mér er óskiljanlegt, er, hve dýrt það er að safna þessum litlu fréttum. Ég veit, að útvarpsstjórinn gæti safnað þessum fréttum sjálfur, ef hann væri duglegur maður, og lesið þær upp meira að segja. En það eru 2 vel launaðir embættismenn, sem það gera, og þurfa þeir þó ekki að lesa þær upp.

Það er fleira, sem ég álít, að vel mætti spara við útvarpið. Jón Eyþórsson, sem er í útvarpsráðinu, hefir gert skýrslu um ýmsar greinir útvarpskostnaðarins. Allir fyrirlestrar, upplestrar, sólósöngvar og allt þess háttar, kostaði eitthvað um 12 þús. kr. yfir árið. En útvarpskvartettinn, sem leikur einstöku sinnum smærri eða stærri lög, kostar um 17 þús. kr. Þó má fullyrða það, að það væri í flestum tilfellum miklu skemmtilegra að fá að heyra grammófónplötur. Ég get vel unnað ýmsum kunningjum mínum, sem eru í honum, góðra launa, en í rekstri útvarpsins er þetta mikið ósamræmi.

En aðalatriðið í þessu sambandi er útvarpsstjórinn sjálfur. Mestur sparnaðurinn yrði í því að fella embætti hans niður. Mér hefir ekki enn lukkast, enda þótt ég hafi gengið eftir því — og ég geri það hér með enn á ný — að fá að vita, hvað hann eiginlega starfar við útvarpið. Hann er ekki fréttamaður, ekki skrifstofumaður, ekki vélamaður, ekki þulur, semur ekki dagskrá og ekki gerir hann við tæki. Ég hefi aðeins fengið eitt svar við fyrirspurnum mínum um þetta efni, það, hvort ég héldi ekki, að það þyrfti yfirmann yfir útvarpið, eins og aðrar stofnanir. En þessi útvarpsstjóri kostar útvarpið rétt að segja eins mikið og allir fyrirlestrar, upplestrar og sólósöngur og öll sú vinna, sem útvarpsnotendur hafa mest gagn af. Hann fær rétt að segja eins mikið, bæði í föstum launum og fyrir eftirlit, sem hann hefir með viðtækjaverzluninni.

Ég er sannfærður um það, að á þessum þrem liðum má spara mikið fé, og það án þess, að nokkur hlustandi yrði var við það. Mér virðist, að það lægi langnæst að leggja skrifstofuhald útvarpsins undir landssímann. Hann hefir mörgu fólki á að skipa, og þó að bæta þyrfti við starfsfólki þess vegna, yrði þó sparnaður að því, vegna þess að þetta skrifstofuhald yrði þá rekið með sameiginlegri yfirstjórn. Dagskrána annast útvarpsráð, og formaður þess fær sérstaka þóknun fyrir að ganga frá henni. Viðtækjaverzlunin mundi sennilega geta haldið áfram, þótt útvarpsstjóri væri ekki þar með sína yfirumsjón. Tekjur hennar yrðu bara þeim 2 þús. kr. meiri árlega, sem útvarpsstjóri fær nú fyrir þetta eftirlit. Ég er viss um, að hlustendur eða aðrir yrðu ekkert varir við það; sem sagt, enginn nema útvarpsstjóri sjálfur. Þetta kemur nú ekki beinlínis við landsreikningnum, heldur er því skotið til þingsins, það er fjvn., sem tekur málið til meðferðar og gerir sínar till. um það. En ég vil aðeins benda n. á það, að hér er tækifæri til að spara töluvert mikla fjárupphæð.

Menn munu hafa tekið eftir því, að undir þessa 24. aths. hefir einn endurskoðunarmaður LR. skrifað með fyrirvara, en það er Hannes Jónsson dýralæknir. Hann mun hafa verið fulltrúi allra sárustu vandlætingaseminnar í garð hinnar spilltu embættismannastéttar, sem flokksmenn útvarpsstjóra hafa sífellt verið að klifa á. Það er sannarlega dálítið nöpur mynd af því, hve þessi vandlætingasemi er misjöfn eftir því, hver á í hlut. (LH: Er það einsdæmi?). Er hvað einsdæmi? Að menn skrifi undir aths. með fyrirvara? Ég man ekki eftir að hafa séð það fyrr, að skrifað hafi verið undir sérstaka aths. með fyrirvara, og sízt um svo sjálfsagða aths. sem hér er um að ræða.

Fleiri aths. gæti maður sagt eitthvað um hér, en ég geri það ekki að svo komnu.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég hafði ekki búizt við miklum umr. um þetta efni við þessa umr. Enda er sumt af því, sem fram hefir verið talið, þess eðlis, að það er til athugunar fyrir bókhald ríkisins og endurskoðendur. Þær aths., sem komið hafa fram frá endurskoðunarmönnum við frágang bókhaldsins o. þ. h., verða til athugunar, og tjáir ekki að ræða þær neitt frekar hér. Í sambandi við fráganginn skal ég aðeins geta þess, að síðan þessu bókhaldi var lokið, sem nú hefir verið endurskoðað, hefir verið bætt við vél í bókhaldi ríkisins, svo að nú er vélritað í aðalatriðum, en ekki skrifað, eins og áður. Vona ég því, að ekki þurfi að kvarta yfir skriftinni framvegis.

Um form bókhaldsins kann að mega segja það, að það kunni að vera í einhverju þunglamalegt og standi í sumum greinum til bóta. Ég hefi beðið endurskoðendur ríkisins að athuga það og gera tillögur um endurbætur á því, og þær till., sem þeir gerðu undir áramótin, voru helzt í sambandi við þessa vél, sem nú hefir verið keypt, og um það, hvernig hún skyldi vinna.

En hitt er ómótmælanlegt, að það er mikið gagn að ýmsum endurbótum á þessu bókhaldi. Sérstaklega um að geta séð réttar útkomur um hag ríkissjóðs og að fá gleggri samanburð milli ára en nokkurn tíma hefir áður verið hægt. Bókhaldið er samið í meginatriðum eftir því, sem tíðkast í okkar nágrannalöndum, og sett í eitt kerfi af hinum beztu bókhaldsmönnum.

Um 23. aths. endurskoðenda er ég ekki tilbúinn að svara öðru en því, að póstmeistarinn í Rvík hefir verið látinn njóta þess starfsaldurs; sem hann hafði á Seyðisfirði, áður en hann kom hingað. Enda þótt það sé ekki regla, að láta menn njóta starfsaldurs í skyldum stöðum þessari, mun það þó ekki vera eina undantekningin í því efni. Þetta mun verða tekið til athugunar í samráði við atvmrn. og póstmálastjóra.

Eins og ég hefi tekið fram, hafði ég ekki gert ráð fyrir miklum umr. um útvarpið nú að þessu sinni, vegna þess að endurskoðendur hafa fallizt á úrskurð þann, sem fjármálaráðuneytið hefir gert við aths. endurskoðenda ríkisins.

Aðeins vil ég benda á það, að úrskurðir þessir voru allharðir, eftir því sem venja er til, og ekki sýnd meiri mildi í þeim en gert hefir verið gagnvart öðrum starfsmönnum í hliðstæðum tilfellum. Aðalendurgreiðslan er vegna bifreiðakostnaðar, og virðist þó sýnt, að útvarpsstjóri hafi ekki notað þessar bifreiðar að öllu leyti í sínar eigin þarfir. En þar sem langt var um liðið og erfitt að sundurgreina það, hve mikið af þessari bifreiðanotkun var í þarfir útvarpsstjóra og hve mikið í þarfir útvarpsins, var úrskurðað þannig, að allar þessar 500 kr. skyldu verða endurgreiddar af útvarpsstjóra. Slíkur úrskurður var ekki mildari en við var að búast.

Þá er ferðakostnaður stúlku frá Ameríku, sem hefir sérstaka þekkingu á starfi sínu við útvarpið, sem útvarpið greiddi í fyrstu. Um það hafði ekkert verið talað við atvinnumálaráðuneytið fyrirfram að taka þátt í þessum ferðakostnaði. En ég geri ráð fyrir því, eftir því sem mér er kunnugt, að ef talað hefði verið um það fyrirfram við ráðuneytið, þá hefði það tekið einhvern þátt í kostnaðinum. Útvarpsstjóri var svo látinn gjalda þess, að ekki var þannig farið fram á þátttöku, og honum gert að greiða helminginn. Það munu finnast hliðstæð dæmi þess, án þess að kvartað hafi verið yfir, þó að ráðuneytið hefði tekið að sér að greiða ekki minna en helming þessa ferðakostnaðar, því að þessi stúlka var sérlega vel að sér í ensku máli, sem nauðsynlegt er til þess að taka á móti enskum fréttaskeytum.

Ég skal játa það, að það var ekki úrskurðað um endurgreiðslu á fé til risnu, sem var í reikningnum. **(MJ:** Dálitlu af því). Jú, að vísu örlitlu. En mest af því var ekki endurgreitt, vegna þess að það er sannarlega ekki hliðstæðulaust, að stofnanir hafi sett slíkt á reikninga sína án nokkurs sérstaks samtals við ráðuneytið. Þarf ekki að benda á annað en vélsmiðju ríkisins, tóbakseinkasöluna og víneinkasöluna. Þær hafa allar nokkra risnu alltaf á reikningum sínum. Nú geri

ég ráð fyrir því, að þau fyrirtæki, sem skyldari eru einkafyrirtækjum en ríkisstofnunum, verði að hafa slíka risnu, og hafi ekki verið um það kvartað eða settar viðvörunaraths. við þær greiðslur í þeim stofnunum. Þar sem hér var ekki um alveg einstæða hluti að ræða, þá var útvarpsstjóra ekki gert að endurgreiða þessa risnu, heldur var þess getið, að slík greiðsla mundi ekki verða samþ. framvegis.

Í sambandi við þessa risnu skal ég líka geta þess, að sumt af henni var þess eðlis, að ráðuneytið hefði tekið hana að sér, ef leitað hefði verið til þess, þegar um móttöku þeirra útlendinga var að ræða, sem útvarpið tók að sér að taka á móti.

Ég hygg, að ekki mundi hafa verið úrskurðað öllu harðara um endurgreiðslur við aðra embættismenn heldur en þarna var gert gagnvart útvarpsstjóra. Það var ekki yfir neitt breitt af þessu og það kom allt skýrt í ljós við endurskoðun. Og ekkert var um það fárazt, þótt endurgreiðsluskylda væri sett um þessar upphæðir.

Um útvarpstækin til spítalanna skal ég ekki segja margt. En það blandast engum hugur um, hvílíkt þing það er í spítölum, að sjúklingar geti notið þess að hlusta á útvarp. Þegar maður kemur inn í hæli eins og t. d. á Vífilsstöðum, þá finnur maður fljótt, að útvarpið er þeirra hálfa líf, sem þar liggja mánuðum og jafnvel árum saman. Hitt má náttúrlega segja, að það hefði átt að óska eftir fjárveitingu til að kaupa þessi tæki handa þessum hælum áður en það var framkvæmt. Það, að einstakir menn hefðu gefið slíkt sjálfir, er ekki annað en venjulegt blaðasnakk.

Um sparnað við rekstur útvarpsins í einstökum greinum skal ég leiða hjá mér að svara, því þar um er mér ekki vel kunnugt, enda á útvarpsstjóri sjálfur sæti í þessari hv. d., og atvmrh. er kunnugri þeim efnum heldur en ég.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Í framhaldi af því, sem hæstv. forsrh. sagði um reikningshald ríkisins, vil ég taka það fram, út af ummælum hv. 3. þm. Reykv., að það er ekki nokkrum vafa bundið, að sú breyt., sem gerð var á bókhaldi ríkisins, var til stórbóta. Hinu verður heldur ekki neitað, að við þessa stórfelldu breyt. hefir ekki tekizt að koma kerfinu öllu í það lag strax, sem nauðsyn bar til. Einstöku atriðum innan bókhaldsins er þannig háttað, að það er meira farið eftir teórium, en minna eftir praksis en æskilegt væri. Þetta er áreiðanlega hægt að leiðrétta, og ég er viss um, að með aðstoð endurskoðenda ríkisins muni þetta takast. En það hefir verið erfitt að fullnægja bókhaldinu að öllu leyti, enda hefir það ekki tekizt. Frágangurinn er, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, alls ekki í því lagi, að sæmilegt sé fyrir ríkið. En um þá aths., sem yfirskoðunarmenn gerðu viðvíkjandi þessu atriði, þýðir ekki að fjölyrða hér á þingi. Hún verður tekin til greina af þeim, sem bókhaldið hafa með höndum, og meining yfirskoðunarmanna með því að gera þessa aths. var að gefa því meiri áherzlu, að úr þessu yrði bætt. Það er fyrirkomulagsatriði, sem hv. 3. þm. Reykv. benti á viðvíkjandi þeim misfellum, sem orðið hafa á færslu hjá ríkisbókhaldinu, um niðurfall á nokkrum útgjaldaliðum. Þetta stafar af því, að bókararnir hafa ekki að öllu leyti haft tök á því formi, sem þeim var fengið í hendur. Það var ekki eins þægilegt í meðferð og æskilegt hefði verið. Í þessu tilfelli munu villurnar hafa komið fram við það, að það kontrol var ekki rétt notað, sem var í bókhaldinu sjálfu. Annars hafa ekki komið fram villur, sem ekki hafa verið leiðréttar. Ég vil taka þetta fram, til þess að menn fari ekki að standa í þeirri meiningu, að breyt. á bókhaldinu hafi verið til hins verra. Ég fullyrði, að hún sé til bóta, þótt hún sé enn ekki komin í það horf, sem hún þarf að komast. Og það, sem ég hefi nú séð af færslu ríkisbókhaldsins síðan, lízt mér mjög vel á. Ég hygg, að nú sé sneitt hjá þeim skerjum, sem steytt hefir verið á fram að þessu. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að deila út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. ræddi um.

**Jónas Þorbergsson:** Ég sé nú ekki ástæðu til þess að halda hér mjög langa ræðu út af ræðu hv. 3. þm. Reykv., þó að vitanlega mætti margt um hana segja. Hæstv. forsrh. hefir svarað í einstökum atriðum viðkomandi ýmsum þeim hlutum, sem yfirskoðunarmenn hafa séð á-

stæðu til að taka til athugunar í sínum aths. Og ég ætla þess vegna ekki að fara mjög langt út í þau einstöku atriði.

Það er hvorki mér né hv. þd. nein nýjung, að hreyft sé aths. og aðfinnslum í garð útvarpsins. Þetta er og ekki með öllu óeðlilegt, þegar á það er litið, að þessi stofnun er ung og er að skapast og hefir nú þegar allmikil útgjöld í för með sér, en grípur hinsvegar meira inn í daglegt líf manna, tilfinningar og sálarlíf og er háðari gagnrýni almennings en nokkur ríkisstofnun önnur.

Því er það líka alveg eðlilegt, að útvarpið sé mönnum ríkt í huga, hvenær sem rætt er um málefni þjóðarinnar frá fjárhagslegu sjónarmiði. En þó að mér detti ekki í hug að halda því fram, að útvarpið hér sé fullkomið, fremur en önnur mannanna verk, verð ég samt að segja það, að flestar aðfinnslurnar hafa til þessa verið tvennskonar marki brenndar. Þær hafa flestar verið byggðar ýmist á of litilli þekkingu á örðugleikum og starfi stofnunarinnar eða skorti á velvild og sérstakri löngun til þess að hnekkja sumum þeim mönnum, sem hafa fengið það hlutverk að byggja upp þessa ungu stofnun, skipulag hennar og störf. Þar sem þessar orsakir aðfinnslunnar eru annarlegs eðlis, sé ég ekki ástæðu til að gera þær að umtalsefni í þessu sambandi. Ég býst einnig við því, eins og hv. 3. þm. Reykv., að tilefni gefist til að ræða um störf og kostnað við útvarpið í sambandi við fjárl. síðar á þinginu, og get ég því geymt mér að ræða þau efni þangað til, enda eiga þau þar heima. En hv. 3. þm. Reykv. vil ég þó svara nokkrum orðum. Aðfinnslur hans báru þess ljósastan vott, að þær voru í senn byggðar á vanþekkingu og þeirri tegund af velvild þessa hv. þm. í garð forstöðumanns útvarpsins, sem alkunn er orðin. Það er sannast sagt broslegt að heyra þennan roskna og reynda mann, sem talinn er greindur (a. m. k. nægilega gáfaður til að kenna prestaefnum landsins), halda því fram, að forstöðumaður sé ónauðsynlegur við þessa stofnun, af því að hann vinni ekki öll störfin við hana einn. Ég hefi engan heyrt halda því fram, að póstmálastjóri væri ónauðsynlegur embættismaður, og selur hann þó hvorki frímerki né afgreiðir bréf, né fer í póstferðir út um byggðir landsins. Landssímastjóri mun heldur ekki afgreiða skeyti né gefa mönnum símasamband sjálfur eða færa bækur stofnunarinnar, og hefi ég þó aldrei heyrt því hreyft, að hann væri ónauðsynlegur embættismaður. Annars er óþarfi að ræða jafnaugljósa og illkvitnislega fjarstæðu eins og þessa, enda er það alviðurkennt af löggjafarvaldinu og stjórn landsins, að allar opinberar stofnanir þurfi eftirlits- og yfirmann.

Það er fullkomlega eðlilegt, að hv. 3. þm. Reykv. tali af fáfræði um þessi efni, þar sem kunnugt er, að hann hefir hvorki átt kost á né gert sér far um að kynna sér þau. En út af þessu mikla óánægjuskvaldri hv. þm. og samherja hans yfir útvarpinu og stjórn þess skal ég benda honum á, að útvarpsnotin og vinsældir útvarpsins vaxa dagvöxtum. Ég get ennfremur bent honum á til samanburðar og til athugunar áður en hann kemur næst fram með árásir sínar, að árið 1931 kostaði hver útvarpsstund hér á landi 174 kr., en í Danmörku um 770 kr. Þetta sýnir út af fyrir sig, hve vel okkur hefir þegar tekizt að sníða okkur stakk eftir vexti um útvarpskostnaðinn. Engar aths. hafa þó komið um það utan úr löndum, að útvarpið okkar þyki ómerkilegt né því sé illa fyrir komið. Hinsvegar höfum við fengið hrós fyrir, að stöðin sé góð og hljóðhrein, þulurinn ágætur, eins og kunnugt er, og dagskráin eftir atvikum fjölbreytileg. Annars mun ég geyma það til fjárlagaumr. að gera nánari grein fyrir hinni takmarkalausu vanþekkingu hv. 3. þm. Reykv. á útvarpsmálum. Vanþekkinguna er hægt að fyrirgefa honum, en hitt síður, hvaða hvatir liggja á bak við hinar illkvittnislegu árásir hans.

Ég mun þá víkja nokkuð að útvarpstækjunum á spítölum landsins, er hv. 3. þm. Reykv. gerði sér svo tíðrætt um. Haustið 1930 bárust heilbrigðisstj. átakanlegar bænarskrár frá sjúklingum í hælum landsins um að fá útvarpstæki. Einkum voru þessar beiðnir frá Vífilsstöðum. Ég ætla, að því verði ekki neitað, að engir hafi meiri þörf né rétt á útvarpi en einmitt sjúklingar, og þá ekki síst berklasjúklingar, sem margir hverjir eru dæmdir til þess að bíða dauðans í þess-

um sjúkrahúsum og geta ekki notið lífsins á neinn annan hátt. Heilbrigðisstj. fól útvarpinu að gera kostnaðaráætlun og útreikninga. Verkfræðingur útvarpsins gerði útreikningana, leitaði tilboða og fékk þau. Útvarpið lét síðan eftir tilmælum ráðuneytisins setja upp tækin á spítölunum og fékk jafnframt loforð frá heilbrigðisstj. um endurgreiðslu frá hælunum, þegar hægt væri að koma henni við. Ég skal játa, að varlegra hefði verið að fá beina heimild hjá atvinnumálaráðuneytinu til þessa, enda þótt þetta væri gert með vitund þess. Útvarpstækin voru sett upp á fjórum hælum, Vífilsstöðum, Kristnesi, Kópavogi og Kleppi. Framkvæmdin varð nokkuð dýr, þar sem leiðslur varð að gera um allt húsið á hverjum stað, nema Kleppi, og heyrnartæki voru sett við hvert rúm, svo að sjúklingar þyrftu ekki að hafa óþægindi af útvarpinu, ef þeir væru of veikir til að þola hávaða. Síðan var gerð ráðstöfun til að innheimta þennan kostnað. Hv. 3. þm. Reykv. hefði sér að útlátalausu getað aflað sér kunnugleika um þetta áður en hann fór með aths. sína í LR. Ég get upplýst það hér, að Vífilsstaðir og Kleppur hafa þegar endurgreitt tækin. Um endurgreiðsluna frá Kristneshæli er nokkur ágreiningur, en ég hefi ritað heilbrigðismálaráðh. og beðið hann að leita aukafjárveitingar fyrir upphæðinni á reikning hælisins. Ég hefi ekki fengið svar um, hvort hæstv. ráðh. treystir sér til þessa, en vænti þess þó. Ég skal játa, að aths. hv. 3. þm. Reykv. um þetta atriði voru alveg réttmætar, en honum hefði átt að vera vorkunnarlaust að afla sér allra þeirra upplýsinga, sem kostur var á um málið, áður en hann hóf ádeilurnar.

Af því að hv. 3. þm. Reykv. hefir nú verið svo örlátur á aths. í minn garð, ætla ég að lokum að leyfa mér sem þm. að gera dálitla aths. um hann sem yfirskoðunarmann LR., þar sem athugasemdirnar um útvarpið bera það með sér, að hann er um þær bæði pottur og panna. 24. aths. ber það með sér, að yfirendurskoðunarmennirnir hafa ekki kynnt sér aths. hinnar umboðslegu endurskoðunar né úrskurði ráðuneytisins, áður en þeir gerðu aths. sínar við LR. Þó er skýlaust mælt svo fyrir í lögum um ríkisbókhald frá 8. sept. 1931, að svo skuli gert. En hv. 3. þm. Reykv. hefir talið sér koma betur að ganga framhjá hinni umboðslegu endurskoðun á þessu atriði, í því skyni að gera LR. að þessu leyti að einskonar áframhaldsútgáfu af Morgunblaðinu og ofsóknarmálgagni á hendur pólitiskum andstæðingi. Hv. 3. þm. Reykv. var vel kunnugt um úrskurði ráðuneytisins, enda hefir hann sem yfirskoðunarmaður LR. orðið að fallast á þá, eins og LR. ber með sér. Þau atriði, sem hann gerði að árásarefni á mig, eru því alveg útkljáð, eins og hæstv. fjmrh. hefir tekið fram. En vilji menn gera þau frekar að umtalsefni, skal ég verða síðastur manna til að skorast undan að taka þátt í þeim umræðum.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Um 1.—4. og 6. lið 24. aths. endurskoðenda LR. get ég látið mér nægja að vísa til þess, sem hæstv. fjmrh. hefir sagt, enda hefir hv. 3. þm. Reykv. undirskrifað og samþ. úrskurði fjmrn. sem yfirskoðunarmaður. Þau atriði eru því úr sögunni. Um 5. lið er það að segja, að tvö hælin hafa þegar endurgreitt tækin, og hjá tveimur, Kópavogs- og Kristneshæli, eru þau- í innheimtu, og býst ég við, að þær stofnanir inni greiðsluna af hendi á þessu ári. Þá er sú aths. einnig úr sögunni.

Viðvíkjandi almennum sparnaði við útvarpið vil ég geta þess, að stjórnin mun reyna að gæta sparnaðar eftir föngum við þessa stofnun sem aðrar. Ég vil geta þess, að þegar útvarpsráðið sendi mér fjárhagsáætlunina í haust, lækkaði ég hana um 10 þús. kr. Þetta er auðvitað bein fyrirskipun um að gæta sparnaðar.

Ég ætla ekki að gefa útvarpsstjóra fremur en hv. þm. sjálfum neitt allsherjarvottorð um sparsemi. Ég vil aðeins geta þess, að útvarpsstjóri hefir sýnt áhuga um tekjuöflun handa útvarpinu bæði með fréttasölu til blaða og öflun auglýsinga. Í fjárl. frv. sést, að gert er ráð fyrir allmiklum tekjum af auglýsingum. Til dæmis um sparnaðarhug stj. í sambandi við þessa stofnun í framtíðinni vil ég benda hv. 3. þm. Reykv. á, að í fjárlfrv. eru gjöldin til útvarpsins færð niður úr 27 þús. kr. í 11 þús. kr. Ef fjárveitinganefndir verða á sama máli, er sparnaðar-

hugur þings og stjórnar á þessu sviði augljós.

Hv. þm. Dal. benti á, að skýrslur hinnar umboðslegu endurskoðunar hefðu átt að liggja fyrir yfirskoðunarmönnum áður en þeir gerðu aths. sínar.

Ég get tekið það fram um þetta atriði, að ég held, að yfirskoðunarmenn hafi verið byrjaðir á endurskoðuninni áður en úrskurðir fjmrn. voru kveðnir upp, en þó munu þeir eigi hafa verið svo langt komnir, að þeir hefðu getað kynnt sér þá, og ég ætla, að þeim hafi verið þeir kunnugir, a. m. k. eftir munnlegri frásögn.

**Magnús Jónsson:** Ég vil fyrst víkja aðeins að ræðu hæstv. atvmrh. Það er alveg rétt, að útvarpið okkar getur ekki talizt mjög dýrt, 27 þús. kr. geta ekki talizt mjög há upphæð, og þá ekki 11 þús. kr. Ég efast heldur ekki um, að hæstv. ráðh. geri sitt til að draga úr óþörfum kostnaði við þessa stofnun, því að hann er enginn óspilunarmaður. En ég er hræddur um, að niðurskurður á liðum, sem eru til, verði alltaf pappírsgagn að mestu leyti. Eigi að vera um verulega lækkun að ræða, þarf að breyta rekstrarfyrirkomulaginu sjálfu.

Annars er það mín skoðun, að með þeirri aðstöðu, sem útvarpið hefir, ætti það að geta borið sig, og væri það einkafyrirtæki, efast ég ekki um, að það gæfi gróða, að allri aðstöðu óbreyttri. Þá yrðu ekki hafðir þrír forstjórar, einn fyrir útvarpinu, sem veit ekki sjálfur, hvað hann á að gera, einn fyrir viðtækjaverzluninni og einn fyrir viðgerðarstofunni, og svo þar að auki skrifstofustjóri. Ég er sannfærður um, að allt þetta má reka ódýrar, og það þótt stofnunin væri undir ríkiseftirliti og af henni væri krafizt alls hins sama og nú.

Á milli ráðherranna og yfirskoðunarmanna hefir annars yfirleitt verið hið bezta samkomulag, eins og sjá má af aths. okkar og svörum þeirra og úrskurðunum. Ég held, að ekki kastist í kekki um eina einustu aths. Mér skildist á svörum hæstv. forsrh. viðvíkjandi 23. aths., launagreiðslu til yfirmanns pósthússins í Rvík., að hann ekki vilja lofa neinu góðu. Hæstv. ráðh. ber því við, að hér sé um að ræða mann, sem hafi starfað svo lengi, að þetta hafi þótt sanngjarnt. En fyrir þessu er engin heimild í l. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að ef þessi regla ætti að verða algild, myndi fjöldinn allur af starfsmönnum í æðstu embættum fá þegar í upphafi fullkomin laun. Hvað ætti t. d. að segja um landlækni, biskup, menn, sem áður eru búnir að sitja lengi í embættum innan sinnar greinar? Ég vil grípa nær mér sjálfum. Ég var búinn að sitja langa lengi í embætti sem dócent við háskólann, — hví fékk ég þá ekki full prófessoralaun þegar ég var skipaður prófessor? Mín kennsla breyttist í engu, en það voru engin l. fyrir því, að mér bæru full laun þá þegar. — Annars væri æskilegt, ef fleiri væru, sem þannig væri ástatt um, að hæstv. stj. benti yfirskoðunarmönnunum á þá, því að það er erfitt verk að leita uppi, hvort þessi eða hinn hefir fengið greidd laun umfram lagaheimild. Myndi það spara mikla fyrirhöfn, ef stj. léti í té slíkar upplýsingar, af því að þetta á að koma fyrir þingið og það þá að samþ. slíkar ráðstafanir eða ekki. — Viðvíkjandi endurgreiðslunni var það alveg rétt, sem hæstv. atvmrh. sagði, og eins og ég tók fram, að það mál er í raun og veru úr sögunni, þar sem við höfum svarað, að eftir atvikum mætti við svo búið standa. Og það, að ég gerði það, var af því, að ég álít upphæðina ekki neitt aðalatriði. En af því að hæstv. forsrh. og hv. þm. Dal. vildu halda því fram, að hér hefði verið farið talsvert stíft í úrskurðinn um þessa endurgreiðslu, þá vil ég taka það fram, að ég tel þvert á móti farið mjög vægt í sakirnar. Getur hver sannfærzt um þetta með því að athuga aths. og svörin. Bifreiðakostnaðurinn hefir t. d. verið kr. 2400. En endurgreiðslan er ekki ákveðin nema tæpar 500 kr. Nú er mér ekki kunnugt um, að útvarpsstjórinn eigi að hafa nokkurn bíl til notkunar, og ég veit ekki, hvort hann ímyndar sér, að það sé í notkun útvarpsins, þegar hann fer í bifreið heiman frá sér og niður á útvarpsstöð. Það yrðu laglegir reikningar, sem ríkissjóður þyrfti að greiða, ef slíkri reglu væri fylgt um alla starfsmenn þess. Ég ætti þá t. d. að fá mér bíl þegar ég fer í tíma í háskólann. Annars er mér ekki kunnugt um, hvaða sérstöðu hann hefir,

að hann skuli geta tekið bifreiðar til eigin nota og látið svo skrifa allt saman hjá útvarpinu. Ég skal játa, að slíkt gæti að vísu komið fyrir, en það ætti að vera undantekningartilfelli, og gæti maður ímyndað sér, að sú upphæð næmi aldrei meira en 100 kr., eða einhverju slíku smáræði. Ég veit, að komið hefir fyrir, að háskólinn þyrfti á bifreið að halda 2—3 sinnum á ári. Það er ósambærilegt að taka hér sem dæmi vegamálastjóra og landsímastjóra, menn, sem vinna meira og minna að sínu starfi úti um allt land. Útvarpsstjórinn er aftur á móti embættismaður í Rvík og hefir þar enga sérstöðu. Ég álít því farið vægt í sakirnar að úrskurða, að aðeins 500 kr. skuli endurgreiddar af þessum 2400 kr. — Eins og menn sjá, þá er hér líka um að ræða ferðakostnað stúlku frá Ameríku. Ég býst nú við, að álitamál geti orðið um þessa ráðstöfun. Hér er fullt upp af fólki, en samt er rokið til og sótt stúlka í aðra heimsálfu til þess að gegna þessu starfi. Svo ætlar útvarpsstjórinn að telja fólki trú um, að þetta hafi verið gert vegna þess, að sérfræðing hafi þurft til þess að tína fréttir upp úr blöðum og taka á móti útlendum skeytum! Þetta nær engri átt, og hefði slík ráðstöfun verið borin undir forsrh. áður en hún var framkvæmd, þá hefði hann sagt þvert nei, hvað sem hann segir nú. Ég ímynda mér, að ekki þurfi neitt sérstaklega miklu meiri kunnáttumann til þess að taka á móti enskum skeytum en t. d. þýzkum. Mér er kunnugt um, að maður hefir starfað að því í hjáverkum sínum að taka niður þessi þýzku skeyti, og veit ekki einu sinni, hvort hann hefir fengið nokkra borgun fyrir. En eftir áliti útvarpsstjórans ætti að þurfa til slíks starfa sérfræðing, sem dvalið hefði í Þýzkalandi svo og svo lengi.

Þá er einn liðurinn enn, og það er ferðakostnaður útvarpsstjórans. — Um hann var ekkert úrskurðað, ekki einu sinni til viðvörunar framvegis. Ég get vel ímyndað mér, að þessi ferðakostnaður hafi verið réttmætur og að útvarpsstjórinn, úr því að hann er nú einu sinni til, hafi þurft að fara í einhverjum erindagerðum stofnunarinnar. En gallinn er sá, að ekki er gerð nein grein fyrir, til hvers þessi ferð var farin, og alls engar upplýsingar um tilgang hennar. Þetta getur alveg eins hafa verið pólitiskur leiðangur hv. þm. Dal. sjálfs eins og í þarfir útvarpsins. Aftur á móti fylgdi öðrum ferðakostnaðarreikningi starfsmanns útvarpsins, vélaverkfræðingsins, nákvæm sundurliðun á hinum einstöku liðum og fullkomin skýrsla um förina. Við þessu var vitanlega ekki hreyft andmælum. En maður getur alveg eins búizt við, eftir reikningi útvarpsstjórans að dæma, að hann hafi aldrei farið neitt, og er ég þó ekki að gefa það í skyn, en ég verð að efast um, að hann hafi farið í þágu útvarpsins. — Risnuféð skal ég langmest afsaka. Mér finnst það sé eini liðurinn, sem ekki beri á sér gripdeildablæ. Ég skal viðurkenna, að þegar maðurinn er nú í þessari stöðu, þá getur hann oft verið í vafa um, hvort hann eigi ekki að taka á móti erlendum gestum frá útvarpsstöðvum. Embættismaðurinn getur vel hafa haldið, að honum bæri að greiða þetta af sínu fé, í stað þess að vísa gestum til forsrh., því að honum er veitt fé til risnu. Þetta finnst mér afsakanlegt og ég hefði ekki hreyft mótmælum við því. Ég er ekki viss um, nema gott væri, að útvarpsstj. annaðist þetta að nokkru leyti. Annars sagði hæstv. ráðh., að oft væru úrskurðaðar svona endurgreiðslur. Ég verð að álíta, að slíkt sé mjög óvanalegt, og ef það er gert, þá stafar það einungis af því, að álitamál er, hvort embættismanninum hefir borið að greiða upphæðina. En það á ekki að vera álitamál, hvort embættismaður á að taka bíla þegar honum sýnist og láta stofnunina, sem hann veitir forstöðu, greiða allt saman, eða ferðast eins og honum sýnist og láta stofnunina borga brúsann. Það er engin vörn, þótt hv. þm. Dal. segi í bréfi til ráðuneytisins, að sér hafi ekki verið „boðinn neinn varnaður á“ í þessu efni. Það gætu orðið löng skipunarbréf, ef þar ætti að tína allt til, sem embættismönnunum væri bannað að gera. Yfirleitt er búizt við, að embættismenn eigi í fórum sínum það, sem kallað er sómatilfinning, og þótt ekki sé tekið fram, að þeir megi ekki gera þetta og hitt, þá taki þeir það ekki sem leyfi.

Þá svöruðu þeir báðir, hæstv. forsrh. og hv. þm. Dal., því, sem ég sagði um út-

varpstækin. Lögðu þeir megináherzluna á, að þetta hefði verið nauðsynlegt. Þetta kemur ekki málinu nokkurn skapaðan hlut við. Ég er alveg sammála um, að sjálfsagt er, að sjúkrahúsin fái móttökutæki. En ég álít algerlega óhæfilegt, að forstöðumaður einnar stofnunar skuli leyfa sér að láta sitt fyrirtæki greiða það, sem því ekki kemur hið minnsta við. Og mér líkar það illa, að verið er að hælast um í blöðum, að ráðh. hafi gefið þessa stórgjöf, en svo er „gjöfin" þannig, að hælin eiga að borga allt saman. Það er sannarlega enginn að efast um, að þarna eigi að vera viðtæki, en það var fyllilega óleyfilegt af útvarpsstjóranum að ganga inn á þessa tilhögun, þótt það væri fyrir jafngóðan vin og Jónas. Um endurgreiðsluna á þessu ræði ég ekki neitt í þessu sambandi. Um hana kom ekkert fram í svörum ráðh. og endurgreiðslan hefir því farið fram síðan, og er gott að einhver árangur hefir orðið af þessari rekistefnu.

Hv. þm. V.-Húnv., samstarfsmaður minn við yfirskoðunina, sagði hér nokkur orð um bókhaldið og var mér sammála um flest. Hv. þm. sagði, að bókhald þetta væri til stórbóta frá því, sem verið hefði. Ég skal nú ekki fara mikið út í það. Annars er ekkert undarlegt við það, þótt þetta bókhald sé til einhverra bóta. Það er sjálfsagt eins með það og annað, að það tekur einhverjum umbótum. Reikningar ríkissjóðs nema tugum þúsunda, og væri hætt við, að ekki gengi allt sem bezt, ef aldrei væru gerðar neinar umbætur á bókhaldinu. En annars er dálítið furðulegt, að úr því settir eru vísindamenn í þessari grein til að koma bókhaldinu í gott horf, þá skuli það samt ekki vera í lagi. Mér skildist hv. þm. færa eina vörn fyrir fyrirkomulagið, og hún var sú, að það gæti tekið umbótum og að þægilegt væri að bæta úr því ennþá. Þetta er vitanlega alveg satt, en eldra fyrirkomulagið var líka hægt að bæta. Misfellurnar hafa orðið vegna þess, að menn höfðu ekki full tök á bókfærslunni. En eftir situr þó þetta dæmalausa fyrirbrigði, að hægt skyldi vera að fella niður 10 þús. kr. án þess að vart yrði við það í sjóðnum. Það er sýnilegt að kerfið er ófært, eða hefir einhverjar þær smugur, sem gera það alveg ófært. Ég er viss um, að hv. þm. er mér sammála um þetta. Ég man, hve undrandi hann varð, þegar ekki var hægt að fá upplýsingar um, hve mikið ætti að vera í sjóði.

Við hv. þm. Dal. þarf ég fátt að segja. Ég hélt, að hann myndi bera hér fram veigamiklar varnir í sínu máli, en hann byrjaði nærri hvern kafla á því, að hann ætlaði ekkert um hann að segja. Mér skildist hann ekki vilja gera pólitísku hliðina á þessu máli að umtalsefni. Ég get vorkennt honum það, eins vitaópólitískur og hann er(!), ef það skyldi nú blandast einhver pólitík inn í málið! Nei þetta mál hans hefir verið pólitískt frá upphafi. Ég hefi ekki byrjað á slíku. Honum var veitt embættið einungis vegna þess, að hann var pólitískur, og þar með var pólitíkin leidd inn í málið. Hv. þm. hafði engan annan kost en þann, að hann var pólitískur. Ekki hafði hann bókhaldsþekkingu til þess að geta verið skrifstofustjóri, ekki rödd til þess að vera þulur, ekki vélaþekkingu til þess að standa fyrir vélum útvarpsins, — hann hafði ekkert nema þetta eina: að vera þrælpólitískur. Svo stendur þessi maður alveg grallaralaus yfir því, að menn skuli vera að blanda pólitík inn í þessa stöðu hans.

Hv. þm. þóttu gáfur mínar vera ærið bágbornar og að ég myndi ekki hæfur til að kenna prestaefnum landsins. Mér þykir vænt um, að hann er kröfuharður í þeirra garð, sem eiga að búa prestaefnin undir embætti sitt, en annars er mitt embætti ekki hér til umræðu. Þá sagði hann, að ég teldi menn ekki eiga að veita fyrirtækjum forstöðu, nema þeir væru færir um að vinna öll störfin við þau. Ég get borið það undir hv. þdm., hvort ég hefi nokkurn tíma talað þessi orð. Það, sem ég sagði, var, að mér fyndist mega gera þá kröfu til útvarpsstjórans, að hann gæti unnið **eitthvert** verk. Og svo taldi ég upp störfin; ekki til þess að fárast yfir því, að hann ynni þau ekki öll, heldur til að leita með logandi ljósi að einhverju starfi handa honum. Ég þekki það ekki, að yfirmaður yfir ekki stærri stofnun en útvarpinu eigi ekki að vinna neitt. Útvarpið er ekki nein stórstofnun, þótt hv. þm. vilji láta svo í veðri vaka. Þetta er smáfyrirtæki. (ÓTh: Þetta

er rangsleitni; hann gat vel orðið dyravörður). Nei, ekki meðan hann er þm.

Hv. þm. Dal. er alltaf að tala um vanþekkingu mína í útvarpsmálum. Það er eins og hann haldi, að þetta sé hinn óttalegi leyndardómur. Ég skil ekkert í vélum útvarpsins og ekki heldur í vélum nýju landssímastöðvarinnar, en samt verður að gera þá kröfu til þm., að þeir geti myndað sér einhverja skoðun á þessum starfsgreinum og hver muni vera hinn hæfilegi rekstrarkostnaður þessara fyrirtækja. Og ef mín vanþekking er svona mikil, þá hefði hv. þm. átt að leiðrétta eitthvað hjá mér. (**JónasÞ:** Hv. þm. getur e. t. v. komizt á næsta námskeið hjá okkur). Hv. þm. ætti að læra á þeim sjálfur. (**JónasÞ:** Ég hefi umsjón með þeim. — **ÓTh:** Það er líklega álíka forstaða og fyrir útvarpinu).

Í þessu efni þýðir ekki að bera kostnaðarhliðina saman við útvarp í öðrum löndum. Það er algengt, að embættismenn, sem vilja fá launahækkun, vitna í þessi og þessi kostakjör, sem menn hafi annarsstaðar. Tökum t. d. ljósmæðurnar. Haldið þið, að það sé munur þar, sem þær hafa há laun, síma, bifreiðar og annað þesshátttar. Nei, við verðum að taka útvarpið okkar eins og það liggur fyrir og athuga möguleikana til sparnaðar, án þess þó að valda skaða með því. (**BSt:** Hvernig er það með prófessorana?) Í Danmörku hafa þeir helmingi hærri laun en hér, kenna sumir hverjir eina stund á viku, hafa öll vísindaáhöld, sem þeir þurfa, og allt þesshátttar. (**HV:** Kenna 10 mínútur á dag). Já, og hafa þó nóg að gera við sín vísindastörf. (**BSt:** Það eru miklir starfsmenn). Og vinna stórkostleg störf. — Þá fór hv. þm. að gera eldhúsdag, og hélt ég, að hann myndi nú tæta mig alveg í sundur, en ósköpin voru þá ekki önnur en þau, að í einni aths. okkar muni ekki vera fylgt l. um endurskoðun, þar sem tekið er fram, að fylgja skuli til okkar endurskoðunarmanna skýrsla hinnar umboðslegu endurskoðunar. En hæstv. atvmrh. var skilningsbetri á þetta en hv. þm. Dal., því að hann tók þetta strax til sín, eins og rétt var. Þetta var því eldhúsdagur á hæstv. ráðh., sem l. samkv. á að leggja þessa skýrslu fyrir yfirskoðunarmennina. En ég vil enn vekja athygli á því, að þessi aths. okkar hefir nú borið þann árangur, að sem óðast er verið að greiða tækin. (**JónasÞ:** Það var búið áður). Það er undarlegt, að hæstv. ráðh. skyldi þá ekki láta þess getið. Ég skal lesa svarið við aths. fyrir útvarpsstjórann: „Útvarpstæki til spítala og heilsuhæla eru greidd af útvarpinu eftir fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins, en ekki færð til útgjalda, heldur talin með útistandandi skuldum". Það er því auðséð, að tækin hafa verið greidd síðar.

Ég held það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að svara í þessu sambandi. Hv. þm. var eitthvað að tala um, að þessar aths. endurskoðunarm. LR. væru einskonar framhald af þeim ádeilum, sem birzt hefðu í Morgunblaðinu. Ég verð nú að segja, að mér þykir dálítið hart, ef yfirskoðunarmenn LR. mega ekki gera aths. út af þeim atriðum, sem eitthvað kann að hafa verið minnzt á í blöðum áður. Enda hefir aldrei verið fylgt slíkri reglu, og má í tilefni af þessu minna á þá langloku um Laugarvatnsskóla, sem dómsmrh. Framsfl. lét birta í aths. við LR. og var síðan endurtekin í Tímanum, og líklega þar á eftir sérprentuð í þúsundum eintaka og dreift út um landið.

Ég hefi aðeins 2 ræður við þessa umr. og verð því að láta ósvarað að mestu leyti því, sem kann að verða sagt af andmælendum mínum hér á eftir.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Það eru aðeins fá atriði úr ræðu hv. 3. þm. Reykv., er hann beindi til mín, og sem ég þarf að svara. Hann taldi mjög lítilsvert um þann niðurskurð í áætlun stj. á rekstrarkostnaði útvarpsins, sem ég skýrði frá, og sagði, að það væri lítil trygging fengin fyrir því, að eftir henni yrði farið í reyndinni. Ég sagði ekki annað en það, að þessi áætlun sýndi hug stj. Jafnframt get ég sýnt hv. þm., ef hann vill hafa fyrir því að koma upp í stjórnarráð, greinargerð fyrir því, á hvern hátt þessi sparnaður er hugsaður.

Hv. þm. þótti það allt of mikið, að til hins almenna kostnaðar við rekstur útvarpsins á næsta ári þyrfti að greiða 11 þús. kr. úr ríkissjóði. Og benti hann á, að ef útvarpið hefði verið einkafyrirtæki,

þá hefði orðið gróði á rekstri þess í stað taps. En það kemur ekki þessu máli við, hvernig útvarpið kynni að bera sig sem einkafyrirtæki, af því að það liggur ekki fyrir nein þáltill. um, að ríkið selji útvarpið til einkarekstrar. Og hv. þm. nefndi það ekki, að hann hefði nokkurn kaupanda á hendinni. (**MJ:** Það getur vel verið, að ég bendi á hann). Ef hv. þm. kemur með álitlegan kaupanda að ríkisútvarpinu, sem trygging væri fyrir, að ræki það eins vel og hið opinbera, þá stendur ekki á mér að taka slíkt tilboð til athugunar, ef þar væri þá ekki einhver dularbúin pólitísk klíka á ferðinni, sem vel er trúlegt, að væri fús að taka útvarpið í þjónustu sína.

Hv. 3. þm. Reykv. var eitthvað að minnast á ferðakostnað útvarpsstjórans. Það tekur að vísu ekki til mín, því það mun hafa átt sér stað áður en ég kom í stjórnina. En ég get um það atriði vísað til skýringar hæstv. forsrh. og samþykkis hv. 3. þm. Reykv. sjálfs sem yfirskoðunarmanns LR., þar sem hann hefir lagt til, að við svo búið skuli standa. Hv. þm. lét þess ennfremur getið, að það sæist ekki í reikningum frá útvarpsstjóra, í hvaða tilgangi hver ferð hefði verið farin, né hvert. Ég skal játa, að það er vöntun ef ekki er sýnt á ferðakostnaðarreikningum, hvert ferðin er farin og í hvaða skyni, þó að víða bresti á hjá öðrum í þessu efni, t. d. um það, á hvaða staði er farið, og get ég t. d. um það nefnt ferðakostnaðarreikninga ullarmatsmanna og kjötmatsmanna. En við úrskurð slíkra reikninga er venjulega mest litið á aðalupphæðina, og hún þá eitthvað skorin niður, ef hún þykir of há. Annars hygg ég, að hv. þm. tali hér mest um ferð útvarpsstjórans til Norðurlands sumarið 1931. En sú ferð mun hafa verið farin til þess að útvega útsölumenn að útvarpstækjum og komast í samband við umboðsmenn víðsvegar um land. — Annars var þetta gert áður en ég kom í stjórnina; og ef það á að reiknast mér til yfirsjónar að hafa ekki krafizt nánari skýrslu um þennan ferðakostnað, þá verður sú yfirsjón að skrifast á minn reikning.

Um greiðslu smáupphæðar til risnu var hv. þm. mér sammála og hafði ekkert við það að athuga.

Ég get tekið undir það með hv. þm., að útvarpsstjóri eigi ekki að hafa bifreið til einkaþarfa; en hinsvegar er ekki þar með sagt, að útvarpið þurfi ekki á bifreið að halda. Það er alveg óhjákvæmilegt fyrir útvarpið að hafa afnot af bifreið. Vélaverkfræðingur útvarpsins þarf t. d. iðulega að ferðast til stöðvarinnar á Vatnsendahæð. Og það er óhjákvæmilegt fyrir viðgerðarverkstæði útvarpsins að hafa bifreið, þegar viðgerðarmennirnir þurfa að fara um bæinn með útvarpstæki o. fl. Því að ekki verður þess krafizt, að þeir beri þau í fanginu út um bæinn, hvernig sem veður er, enda gæti það valdið stórskemmdum á tækjunum. Þess vegna verður ætið að sækja þau í bíl og skila þeim aftur í bíl. — Ég hygg því, að hv. 3. þm. Reykv. telji sig hafa ofmælt mjög um þetta atriði. (**MJ:** Hefir útvarpið fastan bíl til afnota?) Útvarpið hefir engan bíl, og skal ég láta þess getið, að ég hefi algerlega neitað um það.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ég hefði ekki fært aðra ástæðu fyrir því, að bókhald ríkissjóðs hefði batnað, en þá, að þar væri nú tvöföld bókfærsla. En það eru auðvitað út af fyrir sig miklar umbætur frá því, sem áður var. Og eftir því sem betur gengur, þá leiðir það til meiri fullkomnunar á bókhaldinu. Áður fylgdu bókhaldinu flestir gallar hinnar einföldu bókfærslu. Og eftir að bókhaldið varð tvöfalt, þá geta að vísu í útfærslu þess komið fram smávegis gallar fyrst í stað, en úr þeim göllum er auðvelt að bæta. Annars ætla ég ekki að rekja það nú, hvað þessi breyt. er mikilsverð, eða telja upp alla þá kosti, sem henni fylgja. Það liggur svo í augum uppi fyrir öllum þeim mönnum, sem hafa vit á þessum efnum, og ég held ég megi fullyrða, að hv. 3. þm. Reykv. skilji þetta mæta vel sjálfur.

Ég skal t. d. benda honum á, að með þessari tvöföldu bókfærslu er fengið beint samband á milli hins árlega rekstrarreiknings ríkissjóðs og hinsvegar eignaskýrslu ríkisins. Og það er stórkostlegur kostur, að hægt er að taka hinn raunverulega rekstrarreikning ríkisins sérstaklega út úr, og þar af leiðandi er svo auðvelt að bera þá reikninga saman

frá ári til árs. Þannig mætti lengi rekja kosti þessa nýja bókfærsluforms fram yfir eldra bókhaldið; þeir kostir eru svo margir, og ég vil ekki tefja tímann á að telja þá upp hér. Hinsvegar get ég endurtekið það, að ekki er nema sjálfsagt að laga og leiðrétta þá smágalla á bókhaldsforminu, sem koma í ljós við reynsluna, til þess að gera bókhaldið svo fullkomið sem unnt er. Að því eiga yfirskoðunarmenn að vinna, og gera hispurslaust aths. við það, sem miður fer. En jafnframt er yfirskoðunarmönnum skylt að viðurkenna það, sem gert er til bóta, en snúa því ekki öllu í villu. Það gætir of mikils pólitísks strekkings hjá hv. 3. þm. Reykv. í þessu efni; hann vill ekki viðurkenna, að það hafi verið gott verk, sem gert var í stjórnartíð andstæðinga hans á þessu sviði. (MJ: Þetta er skakkt með farið). Hv. þm. sagði, að þetta hefði verið lofað um of og meira en verðleikar stóðu til. Þó að svo kunni að vera, þá afsakar það á engan hátt, að hann sem yfirskoðunarmaður skuli ekki vilja viðurkenna þær umbætur, sem gerðar hafa verið, og vinna að frekari endurbótum á bókhaldinu. (MJ: Það er eftir að laga það).

Þá vildi ég gera aths. út af því, sem hv. þm. Dal. sagði í ræðu sinni. Hann virtist vilja gera mig að meðritstjóra við Morgunbl. Þeirri góðfýsi hans í minn garð vísa ég algerlega á bug. Þessar aths. við LR., sem hann hefir sérstaklega gert að umtalsefni, eru gerðar af okkur yfirskoðunarmönnum öllum, af því að okkur þótti ástæða til þess og töldum, að það, sem í aths. fólst, ætti að vera til viðvörunar framvegis. Það er ekki vanrækslusök okkar yfirskoðunarmanna, þó að þessi skýrsla, sem hv. þm. talaði um frá hinni umboðslegu endurskoðun í fjmrn., væri ekki komin í okkar hendur, þegar aths. voru gerðar. Og gæti ég trúað, að hann hafi sjálfur átt sök á því. Ég veit að vísu ekki, hvenær reikningar útvarpsins hafa verið fullgerðir; en ef þeir hafa ekki verið afgr. til endurskoðunar í fjmrn. í tæka tíð, þá er sökin fyrir það, að þetta plagg var ekki komið í okkar hendur, eins mikil hjá honum sjálfum.

Annars var það gott, að þessi áminning kom fram frá hv. þm., því að við yfirskoðunarmenn höfum haldið því fram, að stj. eigi að láta skýrslur frá hinum lögskipuðu endurskoðendum fylgja með reikningunum til yfirskoðunarmanna LR. En þó að slíkar skýrslur fylgi með reikningunum, þá geta þær vitanlega ekki lokað munninum á þeim, því að yfirskoðunarmenn gætu máske með fullum rétti talið, að stj. eða hinir umboðslegu endurskoðendur hefðu ef til vill ekki gert það, sem yfirskoðunarmenn teldu rétt og nauðsynlegt. — Í þessu tilfelli hefðu yfirskoðunarmenn sennilega gert sömu aths., þó að skýrsla hinna umboðslegu endurskoðenda hefði legið fyrir, til þess að fá tækifæri til að gera till. til viðvörunar framvegis.

Annars væri það dálítið hart, ef yfirskoðunarmenn mættu ekki benda á neitt, sem þeim þætti miður fara en skyldi, nema þeir séu settir í hóp hinna svæsnustu andstæðinga þeirra, er hlut eiga að máli. Ég grip þetta tækifæri til þess að visa algerlega á bug slíkum svigurmælum frá hv. þm. Dal., hvað mig snertir. Og ég held, að hv. þm. vaxi ekkert af þessari ákúru til okkar yfirskoðunarmanna. Þessu er alveg eins beint til mín og hv. 3. þm. Reykv., því að við vorum alveg sammála um þá aths., sem um er rætt. Þá skildist mér ennfremur á hv. þm. Dal., að við yfirskoðunarmenn hefðum ekki gætt þeirrar skyldu okkar að athuga rekstur hinna sérstöku ríkisstofnana. Síðan ég fór að vinna að yfirskoðun LR. hefir það verið föst venja að athuga nákvæmlega hag og rekstur 2—3 ríkisstofnana árlega. Ef ætti að taka þær allar til nákvæmrar athugunar árlega, þá þyrftu yfirskoðunarmenn fleiri mánuði til þeirra starfa, og 2 mánuðum meira en nú. Ég skal fúslega játa, að þetta starf heyrir til þeirri kritisku endurskoðun og undir yfirskoðunarmenn LR. En ég hygg, að með þeirri breyt., sem nú hefir verið gerð á bókhaldi ríkisins, þá sé ástæða til að athuga, hvort ekki er rétt að fækka yfirskoðunarmönnum úr þremur niður í tvo. Frá hálfu Alþingis ætti að vera fullnægjandi að hafa 2 yfirskoðunarmenn. En svo ætti að fela þeim að athuga nákvæmlega störf og rekstur ríkisstofnana og leggja í það meiri vinnu en nú er gert. Af því að ríkisstofnunum hefir fjölgað svo mjög á síðustu árum, þá er ómögu-

legt fyrir yfirskoðunarmenn að athuga alla þá reikninga, sökum tímaskorts, eins gaumgæfilega og áður var gert, þegar þessu starfi voru settar reglur og ákveðnir þrír yfirskoðunarmenn. Starfið er nú orðið svo miklu umfangsmeira en áður var, og þarf því að kosta meiru til við það. En til þess að sá kostnaður verði ekki óhæfilega mikill, hefir mér dottið í hug, að yfirskoðunarmenn væru aðeins hafðir tveir; en vitanlega er þá nauðsynlegt, að betur verði vandað til starfsins heldur en nú og yfirskoðunarmönnum ætlaður lengri tími, til þess að þeir leysi það vel af hendi. Hinir umboðslegu endurskoðendur geta auðvitað athugað til fulls og borið saman, hvort tölur séu rétt teknar upp úr reikningabókum og skjölum inn á LR., á sama hátt og þeir athuga reikningsfærslu hvers reikningshaldara. — Tilgangurinn með þessu yrði þá aðallega sá, að hin krítiska endurskoðun færi sérstaklega fram vegna þingsins og yrði gerð af þeim mönnum, sem það kýs til þess. Og ég skal játa, að undanfarið hefir það eigi verið gert svo ýtarlega sem þurfti.

**Jónas Þorbergsson:** Ég skal fyrst víkja að ræðu hv. þm. V.-Húnv. Hann hefir ásamt hv. 3. þm. Reykv. fært fram ástæðu fyrir því, að skýrsla og athugasemdir hinnar umboðslegu endurskoðunar í fjmrn. voru ekki teknar til greina af yfirskoðunarmönnum, þegar þeir gerðu sínar aths. við LR. Og ástæðan er sú, að skýrslan lá ekki fyrir yfirskoðunarmönnum, eins og þó er lögákveðið. Þessi hv. þm. hafa báðir tekið það fram, að yfirskoðunarmenn hafi ekki álitið sér skylt að búa sjálfum sér í hendur skjöl og skilríki. En ég hygg, að þetta sé ekki rétt á litið hjá yfirskoðunarmönnum. Ég hugsa, að það sé tvímælalaus skylda þeirra að komast fyrir sannleikann í hverju máli og kynna sér það, er gæti haft áhrif á starf þeirra og úrskurði. Þess vegna var þeim skylt að ganga eftir því hjá stj., hvort aths. hinna umboðslegu endurskoðenda hefði verið fullnægt. Ég get tekið það til greina, sem hv. þm. V.-Húnv. bar fram, að honum hefði verið alveg ókunnugt um þessa skýrslu. En því er allt annan veg háttað um hv. 3. þm. Reykv. Honum var ekki ókunnugt um, að skýrslan var til, því að hún var áður birt í Morgunbl. Mbl. fylgdist mjög vel með þessu máli, og hefir ef til vill notið þar góðrar aðstöðu hv. 3. þm. Reykv., sem þm. og yfirskoðunarmanns LR. Skýrslurnar birtust jafnskjótt í Mbl. og þær urðu til í stjórnarráðinu. (**MJ:** Áttum við að fara til Mbl.?) Ég hygg, að Mbl. hafi notað sér kunnugleik og aðstöðu hv. 3. þm. Reykv. til þess að fá fréttir úr LR. Þær voru birtar eftir þeim leiðum. Sú afsökun hv. 3. þm. Reykv., að skýrsla hinna umboðslegu endurskoðenda hafi ekki verið fyrir hann lögð, hefir því ekkert gildi. Hv. þm. var vel kunnugt um, að hún lá fyrir í stjórnarráðinu. En hann gat skotið sér á bak við embættisform sitt og sagt sem svo, að hann hafi ekki verið skyldugur til að látast vita um hana. En hvort hv. þd. tekur þennan framburð og þessar afsakanir yfirskoðunarmannsins til greina, læt ég ósagt um. Það er hreinn og beinn misskilningur hjá hv. þm. V.-Húnv., að ég hafi ætlazt til, að skýrsla hinnar umboðsl. endurskoðunar lokaði munninum á yfirskoðunarmönnunum. Þau orð, sem ég hafði um þetta í minni fyrri ræðu, voru á þá leið, að yfirskoðunarmenn hefðu ef til vill ekki þurft að taka upp aths. í þessu formi í LR., ef þeir hefðu tekið til greina skýrslu hinnar umboðsl. endurskoðunar, sem þeir þó féllust á að lokum. Að öðrum kosti virtist þetta beinlínis hafa verið gert til áreitni við þessa stofnun og forstöðumann hennar. (**HJ:** Og líka til viðvörunar).

Ég er ekkert að kvarta undan þessum aths. yfirskoðunarm., eða úrskurðum stj., ég álít, að þeir séu meira og minna réttlátir, en sumir að vísu nokkuð harðir. Hér var ekkert í þessum efnum, sem ástæða væri til að draga fjöður yfir. Ekkert þess eðlis, að það þoli ekki fyllilega dagsljósið og opinberar umr. út í æsar; enda mun ég ekki telja eftir mér að taka minn þátt í þeim umr. eins lengi og andmælendur mínir óska.

Ég verð út af síðari ræðu hv. 3. þm. Reykv., að koma nokkru nánar inn á einstök atriði í þessu máli. Ég skal fyrst leyfa mér að benda á eitt atriði sem almenna skýringu, að því er snertir reikningshald útvarpsins, skýringu, sem e. t.

v. verður ekki metin til mikillar afsökunar að því leyti, sem telja má, að betur hefði mátt fara um sumt í reikningsfærslunni, en það verður þó til skýringar á því, að ekki var með öllu óeðlilegt, að sumstaðar væri e. t. v. ekki farið eftir þeim venjum, sem skapazt hafa smátt og smátt við ríkisstofnanirnar.

Þegar breyt. var gerð á ríkisbókhaldinu, sem hneig m. a. í þá átt að samræma endurskoðunina við ríkisstofnanirnar, þannig að endurskoðunin var fengin í hendur einni deildinni í fjmrn., þá mun sú breyt. hafa valdið allmiklum töfum á endurskoðuninni. Af þessu mun það hafa stafað, að endurskoðun á reikningum ríkisútvarpsins fór ekki fram fyrr en langt var liðið á árið 1932, eða um 2 árum eftir að starfsemi þess hófst, og þá fyrst er endurskoðaður og úrskurðaður reikningur ríkisútvarpsins fyrir árið 1930, sem hið háa Alþingi var þá þegar búið að samþ. og afgreiða.

Ég er ekki að taka þetta fram til ásökunar. Ég hygg, að það hafi getað átt sér eðlilegar orsakir. En ég tek það fram til skýringar á því, að reikningshaldari útvarpsins og forstöðumaður hafði ekki í gegnum þessa endurskoðun fengið þá leiðbeiningu um venjur, stjórn, rekstur og reikningsfærslu, sem skapazt hafa og sem þessi endurskoðun eðlilega á að veita hverri ríkisstofnun. Þetta var vitanlega útvarpinu sérstaklega bagalegt, vegna þess að það var nýstofnað og var að skapast og vaxa mjög hröðum skrefum. Það má e. t. v. segja, að reikningshaldarinn hefði átt að leita sér upplýsinga hjá öðrum ríkisstofnunum um það, hvaða venjur giltu í hinum og öðrum efnum, sem orkað hefir tvímælis um, en það er hvorttveggja, að þessar venjur munu ekki vera alstaðar svo fast skorðaðar, og e. t. v. ekki heldur þannig vaxnar, að þær séu til eftirbreytni, eins og berlega hefir komið fram um notkun bifreiða og sem síðar verður vikið að. Þess vegna er það eiginlega ekki fyrr en seint á árinu, sem leið, að þessi unga stofnun fær rækilega endurskoðun og þær leiðbeiningar um venjur og reikningsfærslu, sem hún hefði helzt þurft að fá a. m. k. einu ári fyrr. Hefði þessi ríkisstofnun fengið þær leiðbeiningar svo snemma á starfsskeiði sínu, sem með sanngirni hefði mátt vænta, þá hefði áreiðanlega orðið komizt hjá nær öllu því, sem hér hefir komið til ágreinings, umr. og úrskurðar.

Það hefir ekki komið fram í umr. neitt það, sem veitir verulega ástæðu til að fara mörgum orðum um þessar aths., nema fáar af þeim, og þá helzt ekki nema um eina þeirra, enda er það sá liðurinn, sem mestum umr. hefir valdið í blöðunum. Og úr því að hann hefir verið tekinn hér upp bæði í LR. og umr., þá ætla ég að leyfa mér að nota nokkrar mínútur til þess að fara um hann fáeinum orðum. Þessi liður er um bílanotkun við ríkisútvarpið.

Hv. 3. þm. Reykv. taldi, að þessi bifreiðakostnaður, sem er 2400 kr. fyrir stofnunina yfir árið, væri nokkuð mikill. Það fer um þetta eins og fleira, sem þessi hv. þm. segir um ríkisútvarpið, að þó að talan 2400 sé nokkuð há út af fyrir sig móts við aðrar lægri tölur, þá hefir hann hvorki reynslu eða þekkingu til að bera til þess að geta dæmt um það, hvort þessi kostnaðarliður er hár í raun og veru. Hv. þm. lét í veðri vaka, að þessi bifreiðakostnaður hafi allur verið vegna útvarpsstjóra persónulega, en að honum hafi ekki verið gert að greiða nema 493 kr. Nú virðist aths. þessa yfirskoðunarmanns bera það með sér, að hann hafi eitthvað kynnt sér reikningana. Mig furðar því á, að hann skuli bera fram svona mikla fjarstæðu. Og þó ljótt sé til að vita, verður að ætla, að hann geri það á móti betri vitund.

Þegar útvarpið tók til starfa, var við hliðina á því stofnuð ríkiseinkasala á útvarpsviðtækjum, og í öðru lagi var stofnuð viðgerðastofa. Báðar þessar stofnanir þurfa mjög mikið á bifreiðum að halda, eins og hæstv. atvmrh. réttilega tók fram. Auk þess þarf fréttastofan meira eða minna á bifreiðum að halda, og við framkvæmd dagskrárinnar þarf einnig bifreiðir. Koma því þarna til greina margar starfsdeildir við sjálft ríkisútvarpið, sem allar þurfa að nota bifreiðir. Það kom upphaflega til mála, hvort ekki væri skynsemlegt að kaupa bifreið til nota fyrir útvarpið og viðtækjaverzlunina sameiginlega. Hefir það verið álitamál, og er að mínu viti álitamál enn þann dag í dag. Auk þessa, sem nú var talið, þarf mjög

mikið á bifreiðum að halda til ferða á milli Rvíkur og útvarpsstöðvarinnar á Vatnsendahæð. Þangað hefir til skamms tíma ekki verið neinn vegur, og það var eins og ég hygg, að sumir hv. þm. viti, algerlega ófær leið, svo ófær, að bifreiðastöðvarnar þverneituðu alveg að flytja menn þessa leið, þegar svo háttaði til, að melarnir, sem þurfti að fara yfir, voru blautir í leysingum, enda var bifreiðum þar hin mesta hætta búin. Því var það, að útvarpið neyddist til að kaupa flutningabifreið, og sú bifreið var gersamlega eyðilögð á einu ári á þessum vegi; það var ekki hægt að komast hjá slíku.

Í stað þess að ráðast í það að kaupa bifreið til skyndiferða, var tekin upp sú skipun, að útvarpsstjóri samdi við bifreiðastöð um sérstök vildarkjör innan takmarka bæjarins.

Nú kom það í ljós við endurskoðun reikninganna frá 1931, að nokkur ágreiningur varð á milli reikningshaldara útvarpsins og endurskoðunarinnar um færslu á nokkrum upphæðum fyrir bifreiðaakstur innan bæjar, sem að sumu leyti virtust hafa getað verið og að sumu leyti voru beinlínis í einkaþágu útvarpsstjóra. Aths. hinna umboðslegu endurskoðenda að því er þetta snertir er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Bílareikningar að upphæð kr. 492,74, stílaðir til útvarpsstjóra, hafa verið greiddir af útvarpinu. Reikningarnir bera ekki með sér, hve mikið af þessum akstri hefir verið í þarfir útvarpsins. Óskast gerð grein fyrir því og geymist réttur til ábyrgðar".

Þessu svarar reikingshaldari á þessa leið: „Þar sem mikil einkanot forstöðumanna ríkistofnana af bifreiðum landsins hafa verið látin óátalin, teldi ég, með skírskotun til bréfs míns til ráðuneytisins 15. þ. m., bresta á jafnrétti mitt, ef hið háa ráðuneyti lítur svo á, að mér beri að endurgreiða þau lítilfjörlegu not, sem hér um ræðir. Hinsvegar treysti ég mér ekki til, að liðnum svo löngum tíma, að greina í sundur hinar einstöku upphæðir". Úrskurðurinn var á þá leið, að reikningshaldari skyldi greiða alla upphæðina.

Þau rök liggja til þessa svars, sem reikningshaldari hefir gefið við þessari aths., að hér hefir á undanförnum árum skapazt hefð um það, að forstöðumenn ríkisstofnana hafa leyft sér að nota bifreiðir landsins í einkaþágu, án þess að sá kostnaður væri endurgreiddur til ríkisins.

Ég skal leyfa mér að gefa örstutt yfirlit um þessi einkanot forstöðumanna ríkisstofnana á bifreiðum á landsins kostnað. Er þá fyrst að telja vegamálastjóra landsins. Það má e. t. v. segja, að hann hafi nokkra sérstöðu í þessum efnum, sökum þess, að hann þarf mikið á bifreiðum að halda til þess að hafa eftirlit með framkvæmdum, sem hann hefir með höndum úti um land. Það er hinsvegar jafnvíst, og verður ekki móti mælt og hefir ekki verið móti mælt af honum sjálfum, að hann notar bifreiðir líka í einkaþágu í innanbæjarakstri. Hann hefir talið sér þetta heimilt. Og þar sem það hefir verið látið óátalið, verður að álíta, að honum sé slíkt heimilt. Er því ekki ástæða til að átelja hann um þetta.

Árið 1929 keypti Gísli heitinn Ólafsson landssímastjóri bifreið, sem hann, eftir því sem allir vissu, notaði mestmegnis í einkaþágu, og að vísu til nokkurra ferða út um land. Hann seldi síðan þá bifreið og keypti aðra, miklu stærri fjölskyldubifreið. Þetta var látið óátalið af þáv. ríkisstj. og þessi embættismaður taldi sér þetta fullkomlega heimilt, og ég álít, að honum hafi verið það fullkomlega heimilt, úr því að það var látið óátalið.

Í þriðja lagi skal ég nefna jafngrandvaran og ágætan embættismann eins og Sigurð Briem póstmálastjóra. Efast enginn um það, að þessi embættismaður gerir það eitt, sem hann álítur rétt vera. Hann keypti bifreið árið 1930 án þess að leita heimildar ríkisstj. og notaði þá bifreið til aksturs innan og utan bæjar, og að vísu mjög í einkaþágu um tveggja ára skeið.

Svo sterk var þessi hefð orðin um að forstöðumenn ríkisstofnana notuðu bifreiðir landsins í einkaþágu, að jafnsparsamur og grandvar maður eins og S. Br. póstmálastjóri taldi sér fullkomlega heimilt að gera þessa ráðstöfun og nota bifreið embættisins á þennan hátt án þess að leita heimildar. Og þegar fyrir lá slíkt fordæmi um jafnágætan mann og grandvaran, þá verð ég að telja, að útvarpsstjóranum, sem kom síðar til sögunnar,

hafi verið nokkur vorkunn, þó hann ekki teldi þessi lítilfjörlegu bifreiðanot neinn stórglæp.

Það má nefna fleiri dæmi, eins og t. d. bankana. Það hefir nýlega verið vikið að bifreiðanotkun Útvegsbankans, sem ekki er talinn allt of fjáður. Því hefir verið haldið fram, að einkanot bankastjóranna á bifreiðum bankans, innan og utan bæjar, hafi kostað bankann um 20 þús. kr.

Ég hygg, að núv. landssímastjóri muni ekki hafa breytt eftir því fordæmi, sem fyrir lá í þessum efnum, enda er stutt síðan hann tók við embættinu.

Útvarpsstjóranum hefir nú verið veitt sú leiðbeining, sem hann hefði þurft að fá í tæka tíð, og þá leiðbeiningu mun hann vitanlega taka til greina. Ég vil vona, að jafnákveðinn vandlætari og hv. 3. þm. Reykv. verði röggsamur, þegar farið verður að hreinsa til í Útvegsbankanum og annarsstaðar þar, sem þess kynni að vera þörf. Ég vonast til, að hann hafi gert sér far um að skyggnast inn í reikninga vegamálastjóra, fyrrv. landssímastjóra og póstmálastjóra, þó að það komi hvergi fram í aths., að þessum mönnum hafi verið gert að endurgreiða kostnað af bifreiðaakstri í einkaþágu. Það hefir hvergi heyrzt né sézt, að gagnvart þeim hafi verið beitt samskonar ráðstöfunum eins og beitt var gagnvart útvarpsstjóra. Enda hefir blað það, sem af siðferðishræsni og hlutdrægni hélt uppi árásunum á hann, vandlega þagað um samskonar ávirðingar í fari fyrrnefndra samherja þess í landsmálaskoðunum. Ég skil ekki annað en að hver maður með heilbrigðri réttlætistilfinningu sjái, að ef einum forstöðumanni ríkisstofnana á að vera óheimilt að nota bifreiðir til einkaþarfa, þá eiga heldur ekki aðrir að mega njóta slíkra fríðinda, og það er ekkert annað en argasta rangsleitni hjá þeim mönnum, sem um þetta eiga að fjalla, ef þeir láta aðfinnslur, ávítur og endurgreiðslur aðeins koma fram á hendur einum forstöðumanni ríkisstofnunar, en láta samskonar og þó langtum meiri not óátalin hjá öðrum. Ég vil því leyfa mér að beina því til hæstv. ríkisstj., að það er skylda hennar að láta eitt yfir alla ganga í þessu efni. Mér kemur vel að fá mínar leiðbeiningar og mun taka þeim á tilhlýðilegan hátt. En ég krefst þess, að hinar sömu ávítur og leiðbeiningar komi fram gagnvart þeim öðrum mönnum í sambærilegum stöðum, sem hafa unnið til samskonar ráðstafana af hendi ríkisstj.

Það má ennfremur benda á það, að ekki er einsdæmi, að ágreiningur hefir orðið milli reikningshaldara ríkistofnunar og ráðuneytisins um færslur á reikningum. Ég skal aðeins taka eitt dæmi, sem er í LR. 1929. Þá hafði verið gerð breyt. á embættunum hér í Reykjavík. Áður hafði gilt sú venja, að allmikið af tekjum embættismanna var í prósentum af tekjum ríkisins, en þegar tekjur ríkisins uxu, urðu launin óhæfilega há. Var þá tekin upp sú skipun að láta þessa embættismenn hafa föst laun. Svo kom það fyrir árið 1929, að yfirskoðunarmenn LR. gera aths. um það, í 7. aths. við LR., að lögmaðurinn í Rvík hafi reiknað sér 2% af innheimtum stimpilgjöldum. Var því skotið til úrskurðar ráðuneytisins, hvort þessum embættismanni væri heimilt að reikna sér þessi hlunnindi. Stj. úrskurðaði, að þetta væri óheimilt, og var lögmaðurinn endurkrafinn um 1500 kr. af þessum ástæðum.

Ég skal taka það skýrt fram, að ég er ekki að benda á þetta þessum embættismanni til hnjóðs. Þetta er eitt dæmi af mörgum um það, að forstöðumenn embætta og ríkisstj. greinir á um hlunnindi og færslur í reikningum.

Það bar ekki á því, að þessi maður væri lagður í einelti fyrir þetta og ofsóttur eins og glæpamaður utan þings og á sjálfu Alþingi. Það voru ekki haldnar eldhúsræður á þingi til að ófrægja hann, heldur var málið úrskurðað hljóðalaust, eins og venja hefir verið til. Þó var sá aðstöðumunur lögmannsins og útvarpsstjórans, að um embætti lögmannsins giltu nýsett lög. En um bifreiðanot útvarpsstjórans lágu annarsvegar fyrir ljós og ákveðin fordæmi, en á hinn bóginn skorti leiðbeiningar endurskoðunarinnar, eins og áður hefir verið tekið fram. Mætti það verða hv. 3. þm. Reykv. til skilnings á ummælum í bréfi útvarpsstjórans til ráðuneytisins, sem hann hefir mjög hártogað, þar sem sagt er, að útvarpsstjóranum „hefði ekki verið boðinn varnaður á

um þetta". Útvarpsstjóranum var nefnilega ekki boðinn varnaður á um það, að hann ætti að sæta refsingum og ámæli fyrir það, sem látið hefir verið óátalið í fari annara embættismanna.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 22. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 32. fundi í Ed., 23. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 3).
Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til fjhn. með 7 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 598).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta er lið fyrir lið shlj. landsreikningnum, og legg ég til fyrir hönd n., að það verði samþ.

ATKVGR.
Tekjuhliðin samþ. með 9 shlj. atkv.
Gjaldahliðin samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 669).

---

## 5. Bifreiðaskattur o. fl.

Á fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932 [Bifreiðaskattur o. fl.]** (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Þetta frv. er aðallega um framlengingu á bifreiðaskattslögunum, sem sett voru á seinasta þingi, auk nokkurra smáleiðréttinga. Grg. frv. ber með sér, hver hefir orðið árangur skattalöggjafar þessarar. Benzín- og hjólbarðaskattur hefir á síðasta ári orðið 135 þús. kr., auk hins gamla bifreiðaskatts, 125 þús. kr. Talið er líklegt, að skatturinn nemi á þessu ári um 300 þús. kr. Er hér lagt til, að l. verði framlengd, enda svo til ætlazt á síðasta þingi, að þessi tímatakmörkun væri aðeins til þess, að l. yrðu endurskoðuð, ef nauðsyn krefði. Samkv. áliti vegamálastjóra og tollstj. hefir ekki verið ástæða til frekari breyt. á l. en fram kemur í hinum 4 gr. frv.
Legg ég til, að að lokinni umr. verði frv. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:2 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 50, 58).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 58. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþ., og ber hún engar brtt. fram við það. En eins og getið er um í nál., þá áskilja einstakir nmenn sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv. Og nú eru fram komnar brtt. á þskj. 58 frá einum nm., hv. þm. N.-Ísf. En af því að n. hefir ekki tekið afstöðu til þeirra, þá mun ég ekki ræða um þær að svo stöddu.
Aðalatriði þessa frv. er að framlengja l. um bifreiðaskatt o. fl. frá síðasta þingi.

Ég býst við, að flestum sé það ljóst, að ríkissjóður má ekki við því að missa þær tekjur, sem lögin veita eins og ástæður hans eru nú, og ef þær yrðu rýrðar, þá mundi það koma niður á vegaviðhaldinu og vegabótum í landinu, og væri það sannarlega vafasamur gróði fyrir þá, sem greiða þennan skatt.

Ég skal geta þess, að n. sá ekki, hvaða þýðingu það ákvæði hefði í 3. gr. frv., að 10. gr. l. frá í fyrra félli niður. En þessi 10. gr. l. ákveður, að l. frá 1921 séu úr gildi numin með l. frá síðasta þingi. Þó að 10. gr. sé felld niður nú, þá öðlast lögin frá 1921 ekki gildi aftur, enda mun það ekki hafa verið tilgangurinn. Hinsvegar virðist þetta ákvæði skaðlaust og engri breyt. valda, svo að n. sá ekki ástæðu til að flytja brtt. um að fella þessa 3. gr. úr frv. Það kom til tals í n., að einhver óánægja hefði átt sér stað út af framkvæmd á 7. gr. l. frá síðasta þingi, um endurgreiðslu á benzíntolli, sem þar um ræðir, og að ýmsum hefði gengið illa að fá þá greiðslu. Að vísu sá n. ekki ástæðu til að bera fram neinar brtt. út af þessu, en ég vildi beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann sjái ástæðu til þess að gefa hv. þdm. upplýsingar um þetta atriði. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frv. frekar, það var svo mikið um þetta mál fjallað á síðasta þingi.

**Héðinn Valdimarsson:** Við Alþflmenn vorum á móti þessu frv. á þinginu í fyrra og erum það ennþá. En eftir því sem nál. ber vott um, þá virðast báðir hinir flokkarnir í hv. d. sammála um að fylgja því. Þó að hv. þm. G.-K. hafi ekki verið viðlátinn á nefndarfundi, þegar frv. var afgreitt þar, þá var hann á sínum tíma flm. að „litla og ljóta" frv., og þar með upphafsmaður að lögfestu á bifreiðaskattinum. Ég geri ráð fyrir, að það hafi litla þýðingu að mótmæla þessu frv., þar sem hæstv. fjmrh. gengur sérstaklega hart fram til þess að sjúga tekjur í ríkissjóðinn úr öllum áttum. En það er öllum ljóst, að rekstur bifreiða í landinu, bæði til vöruflutninga og mannflutninga, er í aumustu niðurníðslu, og hið sama má segja um einkabifreiðar. Hvert bifreiðafélagið á fætur öðru er að fara á höfuðið, sem fengizt hefir við mannflutninga ekki aðeins hér í Rvík, heldur víðsvegar um landið, og svipað er því háttað um rekstur vöruflutningabifreiða.

Það má nú að vísu varpa því fram, að þetta stafi af völdum kreppunnar eins og annað illt, en það er enginn vafi á því, að hin stórkostlega skattaálagning á bifreiðar veldur hér miklu um, og er ekki annað sýnna en að það sé ætlun stj. og þings að drepa með skattaálögum þau fyrirtæki, sem fást við rekstur bifreiða. Og takist það, þá fellur þessi skattur niður af sjálfu sér þegar svo er komið.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég á hér brtt. á þskj. 58 við þetta frv., sem ég ætla að skýra lítilsháttar. Eins og kunnugt er, þá eru bifreiðar lækna og ljósmæðra, sem notaðar eru til sjúkravitjana, skattlagðar eins og einkabílar eða lúxusbifreiðar. Ég sé ekki annað en að það væri sanngjarnt að skattleggja þær einungis eins og almennar bifreiðar til mannflutninga, enda er fullkomin nauðsyn orðin á sérstökum bílum fyrir lækna í flestum héruðum landsins. Ég hefi ekki reiknað út, hvað sá mismunur á þungaskatti af þessum bifreiðum yrði mikill fyrir ríkissjóð, ef þessar brtt. mínar yrðu samþ., en það yrði hverfandi lítið, hinsvegar mundi það koma hinum einstöku læknishéruðum til góða.

Ég vil leyfa mér að beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. í þessu sambandi. Í mínu kjördæmi hefir komið fram megn óánægja út af því, að þar hefir ekki fengizt endurgreiddur tollur af benzíni, sem notað var til bátamótora. Var það ekki beinlínis áformað á síðasta þingi að endurgreiða bátaeigendum benzíntollinn, þegar benzínnotkunin færi yfir 750 l. á hverjum bát? Ég veit ekki betur. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort búið sé að gefa út reglugerð um þetta, en ef svo er ekki, þá vænti ég, að hún verði sett sem fyrst, og að bátaeigendum verði endurgreiddur tollurinn. Ýmsir bændur í mínu héraði nota litla trillubáta til flutninga á mjólk og öðrum búsafurðum til kaupstaðanna, og eru þær ferðir að jafnaði tvisvar í viku. Þeim þykir því óeðlilegt að þurfa að greiða vegaskatt af því benzíni, sem þeir nota til bátanna, þar sem þeir nota enga vegi á landi.

Ég hefi svo ekki annað að segja um þetta frv. fyrir mitt leyti, því að þó skoðanir séu nokkuð skiptar um það í okkar flokki, þá sé ég enga möguleika til þess að halda við vegunum, nema lagðir séu á skattar til þess, og þess vegna fylgi ég þessu frv. eins og í fyrra.

**Sveinbjörn Högnason:** Eins og kunnugt er, þá þótti okkur ýmsum þdm. það einkennileg bjargráðaráðstöfun af þinginu í fyrra, að leggja tilfinnanlegan skatt á hina erfiðu og dýru vöruflutninga bænda, sérstaklega í þeim héruðum, sem búa við mesta hafnleysið, og það því hærri skatt sem flutningsörðugleikarnir eru meiri. Þó fór það svo, að þeir, sem fylgdu þessum skattaálögum, reyndust nægilega margir til þess að lögin voru samþ. og eins og komið var, urðum við hinir að sætta okkur við minnihlutaaðstöðuna. Hinsvegar gengum við út frá því sem sjálfsögðu, eins og ríkisstj., að þetta væru aðeins bráðabirgðalög, sett til eins árs. Og með það fyrir augum hugðumst við að sætta okkur við þessi lög aðeins sem bráðabirgðaráðstöfun, þó við værum óánægðir. En nú hefir hæstv. stj. borið fram frv. til breyt. á þessum l., þar sem ætlazt er til að skattaálögurnar verði nokkurskonar eilífðarkvöð á bændum og öðrum þeim, sem að bifreiðaflutningum standa. Þessu vil ég mótmæla harðlega, f. h. minna umbjóðenda, að slíkar kvaðir séu nú að fullu lögfestar á þessum erfiðu tímum, þegar þess er vænzt, að Alþingi geri sér allt far um að leita eftir og lögfesta sérstakar ráðstafanir til þess að létta bændum kreppuna. Aðalhlutverk þessa þings á að vera að leita bjargráða fyrir landbúnaðinn á öllum sviðum. En þetta frv. miðar að því að íþyngja bændum stórkostlega. Ég er þess fullviss, að við, sem greiddum atkv. á móti því í fyrra, gerum það ekki síður nú. Við mundum óska, að þessi lög yrðu tafarlaust felld úr gildi. En ef niðurstaðan verður sú, að meiri hl. þdm. ætlar að framlengja þau, þá munum við, sem erum fulltrúar þeirra héraða, er ekki ná til hafna, flytja brtt. við 3. umr., þess efnis, að l. skuli aðeins gilda til ársloka 1934. En þrátt fyrir það óska ég þess eindregið, að frv. verði fellt nú þegar við þessa umr., og þessi rangláti skattur á bændur og aðra hlutaðeigendur þar með úr gildi numinn.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu frv. Hinsvegar hafði ég gert ráð fyrir mótspyrnu gegn því frá hinum sömu hv. þdm., sem voru því andstæðir á síðasta þingi. En þrátt fyrir það vænti ég þess, að frv. fái sömu meðferð og afgreiðslu nú í þessari hv. þd. eins og það hlaut í fyrra. Upphaflega var til þess ætlazt af stj., að þessi l. ættu að gilda um óákveðinn tíma eins og venjulegt er um lög almennt, en í Ed. var þeirri breyt. skotið inn í frv., að það skyldi aðeins lögfest til eins árs, og verð ég að segja, að það er engin fyrirmynd að innleiða þá venju, þegar um tekjulöggjöf er að ræða, að þurfa að framlengja slík lög á hverju ári, þá verður allt í meiri óvissu um afkomu ríkissjóðs.

Hv. andmælendur þessa frv. þurfa ekki að ætla, að þessi skattur af bifreiðum o. fl. sé nokkurt einsdæmi hér á landi. Samskonar skattur hefir verið lögfestur í flestum nágrannalöndum okkar, og er hann þar, víðast hvar, miklu hærri en hér.

Hv. 2. þm. Reykv. gerði mikið úr því, að bifreiðafélögum hefði gengið mjög illa reksturinn á síðastl. ári, og taldi, að það stafaði af þessum skatti, en það eru aðrar ástæður fyrir því. Eftir því sem kreppan hefir harðnað, þá er miklu minna unnið að byggingum og öðrum framkvæmdum en áður var, og þess vegna hefir dregið mjög úr öllum flutningum. Ennfremur hefir mjög dregið úr skemmtiferðum manna um landið, og mun það hafa orðið tilfinnanlegast fyrir bifreiðafélögin. Þessi skattur er lagður á bifreiðar til endurnýjunar og viðhalds á vegakerfinu í landinu. Ef almenningur eða íbúar einstakra héraða vilja biðjast undan þessum skatti, þá verða þeir sömu aðilar jafnframt að hætta að biðja um auknar vegabætur og um fé til viðhalds vegunum. Þeir verða þá einnig að biðjast undan nýjum og bættum vegum. Þessar óskir verða að vera samferða.

Ég skal lítið segja um þær brtt., sem fram eru komnar við frv., en þó vil ég

mælast til þess, að brtt. á þskj. 58 verði felld. Ég skal viðurkenna, að sumir læknar og ljósmæður hafa einkabifreið eingöngu vegna síns starfs, en það eru fleiri en læknar og ljósmæður, sem hafa bíla vegna þess starfs, sem þeir gegna, og mætti því á sama hátt undanþiggja þá þungaskatti í flokk einkabíla. Nei, þessi leið er hál, að veita einkabifreiðum lækna og ljósmæðra undanþágu frá þungaskatti. Hér er heldur ekki um svo tilfinnanleg útgjöld að ræða, og verður að gera ráð fyrir, að hlutaðeigendur geti greitt þau af launum sínum, sem til jafnaðar mega teljast vel viðunaleg.

Að því er snertir fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. um endurgreiðslu á benzínskattinum, er það að segja, að stjórnarráðinu hafa ekki borizt kröfur um það. Endurgreiðslur hafa ekki farið fram, af því að reglugerð hefir ekki verið sett um það, en ég skal heita því, að hún verði gefin út innan skamms.

**Hannes Jónsson:** Það er slæmt þegar brtt. koma fram svo seint, að n. getur ekki athugað þær, og ekki sízt um slíkar till. sem þessar, þar sem gera má ráð fyrir, að sumar kunni að vera varasamar. Vil ég því mælast til, að hv. flm. taki till. sínar aftur til 3. umr., svo að n. geti athugað þær. Ef hann verður við þeim tilmælum, þá fjölyrði ég ekki frekar um þær nú.

Um frv. í heild sinni er ég búinn að segja það, sem nauðsynlegt er á þessu stigi málsins. Það er svo kunnugt sem bezt má verða, því að um það urðu miklar umr. á síðasta þingi. Það er ekki undarlegt, þótt raddir heyrist á móti þessu frv. Það er svo um flest tekjuaukalög, að þau mæta einhverjum andmælum, og er jafnan sagt, að þau stefni í öfuga átt. Og það er erfitt að finna leið í þeim efnum, sem allir eru sammála um.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég verð að sjálfsögðu við tilmælum hv. þm. V.-Húnv. um að taka till. aftur til 3. umr.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vildi gjarnan beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., sem mun vera fulltrúi Sjálfstæðisfl. í ríkisstj. og þá líklega oddviti flokksins í þessari hv. d., hvernig það sé með afstöðu flokksins gagnvart tekjuöflunarfrv. Það hefir komið fram yfirlýsing nýlega frá Jóni Þorlákssyni því máli viðvíkjandi, og ég vildi gjarnan vita, hvernig er afstaða hv. sjálfstæðismanna í Nd.

ATKVGR.
Brtt. 58 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 16:5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:4 atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 4, 58, 64, 66, 67).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt 66 og 67. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það er svo ákveðið í 7. gr. l. frá síðasta þingi um bifreiðaskatt o. fl., að um benzín, sem sannað er, að ekki hefir verið notað til bifreiða, megi stj. gefa út reglugerð um endurgreiðslu á tolli af því. Þó nær þessi heimild, um endurgreiðslu á tolli, aðeins til þeirra benzínnotenda, sem nota minnst 750 l. á ári af benzíni til annars en bílarekstrar. Hv. þm. N.-Ísf. minntist á þessa undanþáguheimild við 2. umr. þessa máls, en samkv. l. er það lagt á vald stj. að gefa út reglugerð um það. Hv. þm. gat þess, að þessi reglugerð hefði ekki enn verið gefin út, og í tilefni af því lét hæstv. forsrh. þess getið, að verið væri að undirbúa reglugerðina, og að hún myndi bráðlega út gefin.

Í l. er svo ákveðið, að lágmarkstakmark þeirrar benzíneyðslu, er endurgreiðsla fæst fyrir, skuli vera 750 l., og er það miðað við það, sem opnir vélbátar nota. Það er því augljóst, að fjöldi bátaeigenda þarf að greiða þennan benzínskatt, eins og þó þeir hefðu notað benzínið til bifreiða. Nú er það kunnugt, að þetta fé á eingöngu að notast til vegalagninga og viðhalds á vegum í landinu, en öllum má vera ljóst, að það er ekki réttlátt, að slík gjöld séu lögð á herðar þeirra manna, sem nota benzín til rekstrar vélbáta.

Það er einnig kunnugt, að allur fjöldi

af smærri vélbátum notar ekki svo mikið benzín árlega, að nemi 750 l., og þess vegna yrðu þeir samkv. l. skattlagðir eins og bifreiðar. Við höfum því, nokkrir þdm., komið fram með brtt. á þskj. 64, þess efnis, að þegar benzínnotkun einstaklinga, til annars en bifreiðarekstrar, nær 250 l. árlega og þar yfir, þá skuli ríkissjóður endurgreiða þeim benzíntollinn. Náttúrlega er það eðlilegt og sjálfsagt, að þessi tollur sé endurgreiddur af öllu því benzíni, sem notað er til annars en bílarekstrar, hvað lítið sem það er, en vegna þess að það þótti hægara í meðferð við framkvæmd á slíkum endurgreiðslum, þá vildum við setja þetta lágmark. Enda er það ákveðið með tilliti til þess, að mestur hluti vélbáta mundi þá sleppa við skattinn. Við væntum, að þessi brtt. nái fram að ganga, af því að hún er svo sanngjörn.

Ég sé, að það er fram komin brtt. á þskj. 67, við þessa brtt. okkar, frá meiri hl. fjhn., þess efnis, að í stað 250 l. lágmarks komi 500 l., en um þá till. er hið sama að segja og það lágmark, sem nú er í l., að meiri hl. vélbáta mundi þá verða að greiða skattinn, og þarf ég ekki að skýra það nánar. Ég vænti því, að brtt. okkar á þskj. 64 verði tekin til greina.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég þarf ekkert að segja f. h. fjhn. um brtt. á þskj. 58, sökum þess, að það hefir orðið samkomulag um, að nm. hefðu óbundin atkv. um þær brtt. En meiri hl. n. flytur brtt. á þskj. 67, við brtt. á þskj. 64, þess efnis, að í stað 250 l. komi 500 l. lágmark. Þótti n. fulllangt gengið með þeirri brtt. á þskj. 64, að færa lágmarkið úr 750 l., eins og nú er í l., niður í 250 l. Ennfremur vil ég benda á í þessu sambandi, að þetta ákvæði um, að stjórnin megi setja takmark fyrir endurgreiðslu á benzíntolli, er aðeins heimildarákvæði. Meining l. er sú, að skattur af því benzíni, sem ekki er notað til bifreiða, skuli endurgreiddur; en hitt er svo aðeins heimildarákvæði fyrir stj., að hún megi setja takmark fyrir endurgreiðslu á benzínskattinum, þannig, að ekki komi til greina að endurgreiða þann skatt, sem er neðan við þetta lágmark, 750 l.

Þar sem hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, verður að líta svo á, að óþarft sé að flytja brtt. um það; þetta er framkvæmdaratriði fremur en lagaatriði, og aðeins sett til þess að forðast rekistefnu út af smávægilegum kröfum um endurgreiðslu. Ef slíkt lágmarkstakmark er sett á annað borð, þá er ástæðulaust að hafa það svo lágt, sem farið er fram á í brtt. á þskj. 64, því það er svo lítilsvert og gagnslaust. Ég hygg, að ef takmarkið ætti aðeins að vera 250 l., þá væri e. t. v. réttara að hafa það ekkert og ákveða heldur, að skattur af öllu því benzíni, sem ekki er notað til bifreiða, skuli endurgreiddur. Hér yrði um svo smáar fjárupphæðir að ræða, að bátaeigendum munaði sáralítið um þær. Samkv. brtt. gæti þessi endurgreiddi skattur komið til með að verða minnst 10 kr. af hverjum bát, ef nokkur bátur notar svo lítið benzín um árið.

Þar sem meiri hl. n. vill nú með brtt. sinni miðla hér málum og fara bil beggja á milli lágmarks þess, sem nú er í l., og brtt. á þskj. 64, þá vænti ég, að sú sanngjarna till. n. verði samþ. Um brtt. þá á þskj. 66, sem útbýtt var hér á fundinum, hefi ég ekkert að segja f. h. n., því hún hefir ekki átt kost á að taka neina afstöðu til þeirrar till. Þessi brtt. ákveður, að l. skuli ekki gilda nema til ársloka 1934. Um þetta atriði vil ég taka það fram frá eigin brjósti, að mér finnst mjög varhugavert að setja slíkt ákvæði árlega í tekjulöggjöf, sem búizt er við, að haldi áfram að gilda og verði varanleg svo árum skiptir.

Eins og kunnugt er, þá hefir verið lagður skattur á bifreiðar síðan 1921, og má ganga út frá því sem sjálfsögðu, að því verði haldið áfram. Þessum l., frá 1921, var að vísu breytt á síðasta þingi, og ef sú breyt. kynni að reynast athugaverð í einstökum greinum, þá er, hvenær sem ástæða þykir til, hægt að flytja frv. til breyt. á þessum l. En ef Alþingi sér ekki ástæðu til breytinga á l., þá er óþarfi að eyða tíma til þess að endurnýja þau á hverju þingi. Mótmæli mín gegn þessari brtt. eru flutt frá eigin brjósti, eins og áður er getið, en ekki f. h. n.; nm. hafa óbundnar hendur í atkvgr. um hana. Þó að þessi till. hafi ekki komið fram fyrr en nú á fundinum, þá sé ég ekki ástæðu

til að óska eftir frestun á málinu, til þess að n. geti athugað hana á fundi; ég býst við, að hver og einn sé þess albúinn að greiða atkv. um hana nú þegar.

**Sveinbjörn Högnason:** Við 2. umr. þessa máls lét ég þess getið, að nokkrir þm. mundu flytja brtt. við 3. umr. þess efnis, að l. skyldu afgreidd sem bráðabirgðalög og aðeins gilda til ársloka 1934. Við lítum svo á, að eins og þinginu í fyrra þótti ástæða til að láta þau aðeins gilda til eins árs, þá sé það ekki síður viðeigandi nú, vegna yfirstandandi erfiðleika almennings, sem hafa farið vaxandi síðan í fyrra. Það eina, sem tekið var gilt til réttlætingar því á síðasta þingi að gera þær bráðabirgðaráðstafanir til tekjuöflunar, sem felast í þessum l., var tekjuskortur ríkissjóðs vegna kreppunnar. Þó að sú ástæða kunni enn að vera fyrir hendi, þá verður það að teljast bráðabirgðaástand.

Við, sem erum flm. þessarar brtt. á þskj. 66, sættum okkur við, að l. gildi til ársloka 1934, enda þótt við óskum þess helzt, að þau verði nú þegar numin úr gildi.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði við 2. umr., að það er óneitanlega hart fyrir bændur, sem eiga örðugast um alla flutninga, að þurfa að búa undir þessum álögum, þegar Alþingi er að leita bjargráða eftir ýmsum leiðum til þess að hjálpa framleiðendum í landinu og draga úr erfiðleikum kreppunnar. Það virðist óeðlilegt, að ríkið skuli á sama tíma skattleggja þann kostnaðarlið í rekstri framleiðslunnar, sem flestum bændum er þyngstur í skauti. Þeir mjólkurframleiðendur, sem þurfa að flytja mjólk sína 70 km. langan veg til mjólkurbús, verða að borga 4—5 aur. flutningsgjald fyrir hvern lítra af 12—15 aura mjólkurverði. M. ö. o., flutningsgjaldið nemur fullkomlega ¼ hluta af verði mjólkurinnar. Og svo er með þessum l. verið að taka þennan kostnaðarlið sem gjaldstofn fyrir ríkissjóð, þegar sú nauðsyn er mest aðkallandi að styðja framleiðslu bænda og halda henni í verði.

Það eru þegar fyrir hendi fjölmörg dæmi þess, að flutningskostnaður á ýmiskonar þungavörum úr kaupstað til þeirra héraða, sem verst eru sett um flutninga, jafngildir verði varanna á hafnarstað. Má því til sönnunar nefna kol o. fl. Hvernig getur nokkrum réttsýnum manni dottið í hug í fullri alvöru, að sanngjarnt sé að skattleggja slíka flutninga hér á landi, þar sem aðstaðan er sú, sem ég hefi hér lýst.

Ég tek það enn fram, að ég óska eindregið eftir, að þetta frv. verði fellt, og að l. verði ekki framlengd, heldur numin úr gildi. (BSt: Hvaða tekjur eiga að koma í staðinn?). Ég ætlast til, að leitað verði sanngjarnari úrlausna um tekjuöflun heldur en bifreiðaskatturinn er. En þar sem ég get búizt við því, að ýmsir hv. þdm. verði eigi sanngjarnari í þessu efni en hv. frsm. meiri hl. n., þá viljum við flm. að brtt. á þskj. 66 leggja til, að frv. verði samþ. sem bráðabirgðaráðstöfun til eins árs, er eigi niður að falla jafnskjótt og kreppunni léttir. Þetta vona ég, að hv. þdm. viðurkenni, að sé réttmætt, eigi síður nú en í fyrra. Hvað því viðvíkur, að óheppilegt sé að samþ. skattstofna fyrir ríkissjóð aðeins til eins árs í senn, þá getur það vel verið. En ég hygg, að þegar þjóðfélögin leggja á sérstaka skatta t. d. vegna kreppunnar, þá sé það venjulegt að láta þá gilda aðeins eitt ár í senn, eða um takmarkaðan tíma, en eigi ótakmarkað, eins og farið er fram á með þessu frv. Og þó að vitanlega sé hægt að bera fram frv. síðar til breyt. á l., þá er hitt auðveldara, að láta þau falla úr gildi af sjálfu sér, þegar þörfin er ekki lengur fyrir hendi og tíminn útrunninn.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég hefi áður lítilsháttar minnzt á brtt. á þskj. 58, um undanþágu fyrir bíla lækna og ljósmæðra til greiðslu á þungaskatti, og mælist ég til, að þær verði felldar. Sá skattur getur ekki orðið tilfinnanlegur fyrir hlutaðeigendur, en slíkar undanþágur eru mjög varhugaverðar.

Um brtt. á þskj. 64 er það að segja, að ekki er hægt að telja, að lágmark það, 750 l., sem getið er um í l., sé of hátt, þegar tekið er tillit til, hve lítilli upphæð þetta nemur. En ég vil þó sætta mig við till. hv. fjhn. um að færa þetta lágmark niður í 500 l. Er þá hámarksupphæðin 20

kr., og sýnist varla taka því að eltast við að fá endurgreiddar lægri fjárhæðir.

Brtt. á þskj. 66 hefi ég áður mótmælt, og hv. frsm. fjhn. hefir einnig gert það mjög rækilega. Því hefir frá upphafi verið lýst yfir, að skattur þessi væri lagður á vegna veganna. Hann er því í eðli sínu engin kreppuráðstöfun og getur því þess vegna gilt til frambúðar. Það er vitanlega ekkert kreppumál að gera ráðstöfun til þess að leggja vegi. Og þótt kreppan hafi máske hjálpað til að koma þessu máli fram á síðasta þingi, þá hefir þó verið hér til áður bifreiðaskattur. Og þótt hann hafi hækkað vegna l. frá síðasta þingi, þá er hann þó helmingi lægri hér enn en hann er víða í öðrum löndum. Um það verður ekki deilt, að vegaþörf er mikil hér á landi. Og fyrst þörf þykir fyrir slíkan skatt annarsstaðar vegna veganna, þá er þó þörfin áreiðanlega margfalt meiri hér. Og skatturinn er til þess ætlaður, að fyrir hann séu lagðir vegir, er létti flutningsþarfir landsmanna.

Hvað það atriði snertir, að dýrt sé að flytja mjólk og annað um Suðurlandsláglendið, þá er það vitanlega alveg rétt. En til þess var líka tekið tillit á síðasta þingi, þar sem samþ. var að deila til þeirra héraða 20 þús. kr. eftir ákvæðum atvmrh., til þess að létta þeim flutningana. Og stj. hefir í fjárlfrv. sínu fyrir 1934 gert ráð fyrir, að sama upphæð verði veitt það ár. Ætla ég, að það dugi til þess að draga að mestu úr þeim búsifjum, sem þessi héruð verða fyrir af skattinum. En eins og áður er tekið fram, þá á þessi skattur að ganga til þess að leggja vegi og bæta gamla vegi. Og allir, sem vilja að það sé gert, ættu að vera sammála um, að þessi skattur standi lengi. Einkum ætti þeim, sem á það mál líta frá sjónarmiði sveitanna, að vera kunnugt um það, hve þörfin er brýn fyrir bætta vegi. Þeir ættu því að styðja að því, að þessi skattur verði látinn standa, en verði ekki niður felldur.

**Pétur Ottesen:** Hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði, að á sama mætti standa, hvort gerð væri breyt. á 7. gr. l., þar sem ráðh. er gefin heimild til að gefa eftir benzínskattinn, eða endurgreiða hann, með ákvæðum reglugerðar. Þetta er tvöfaldur misskilningur. Í fyrsta lagi er nú það, að ef hæstv. fjmrh. hefði ekki nú lýst yfir því, að þessi heimild yrði notuð, þá hefði verið sjálfsagt að festa þetta ákvæði í l., þannig að um skyldu væri að ræða, en ekki heimild. Í öðru lagi er stór munur á því, hvar lágmarkið er sett, hvort heldur við 750 l., eins og nú er í l., eða 500 l., eins og fjhn. leggur til, eða þá 250 l., eins og við, sem flytjum brtt. 64, leggjum til. Með 750 l. og 500 l. ákvæðinu kæmust flestir smábátar undir skattgreiðslu, en slyppu flestir, ef lágmarkið væri 250 l. Það þarf varla um það að ræða, hvaða vit væri í því að taka smærri opna vélbáta eina út úr og láta þá greiða skatt til vega, þegar engar kvaðir um slíkt liggja á annari útgerð. Það er alveg sjálfsagður hlutur, að smábátar, sem benzín nota, séu undanþegnir þessum skatti. Hæstv. fjmrh. komst þannig að orði, að það væri smávægilegt kvabb að vera að undanþiggja smábátana skattgreiðslu til vega. Þetta orðalag hlýtur að vera sérstök sýsni, hjá jafnorðhögum manni og hæstv. ráðh. er.

**Magnús Jónsson:** Ég var upphaflega andvígur bifreiðaskatti, og þá einnig því, að hann væri hækkaður, og loks er ég mótfallinn því, að ákvæðið um, að hann skuli vera tímabundinn, sé fellt niður. Ég hefi aldrei getað skilið, að afla þyrfti sérstaks fjár til vegagerða, þótt þær séu nauðsynlegar, sem ég skal viðurkenna, að þær eru. Ég sé ekki annað en að fé til þeirra megi leggja af almennum tekjum ríkissjóðs, eins og til svo margs annars. Annars er það ekki tilgangur minn að ræða málið almennt, en ég vildi bara minna á þetta.

Að vegalengdir séu hlutfallslega meiri hér og vegir verri en í öðrum löndum má satt vera. En að réttlæta þennan skatt með því nær engri átt. Það má alveg eins snúa því við og segja, að vegna vondra vega hér sé óhæfa að skattleggja umferðina, sem af þeirri ástæðu verður vitanlega miklu dýrari hér en annarsstaðar miðað við sömu vegalengdir. Ég stóð aðallega upp í þetta sinn til þess að mæla með brtt. á þskj. 66, sem ákveður, að l. um bifreiðaskatt skuli aðeins framlengd um eitt ár. Það er þó ekki aðeins til þess að l. haldi

áfram að vera bráðabirgðal., heldur vegna þess, að í fyrra var talið, að stór þörf væri á endurskoðun þessara l., og var þá lofað endurskoðun á þeim. Sú þörf er enn fyrir hendi, því engin endurskoðun hefir enn farið fram á þessari löggjöf. Var talað um, að gott væri að fá reynslu um þessa löggjöf áður en endurskoðað væri. Breyt. þær, sem gerðar eru á l. með þessu frv., eru nær engar, og geta því ekki talizt gagngerð endurskoðun. Eina stóra breyt. er sú, að koma í veg fyrir endurskoðun, með því að gera l. ótímabundin. Ég vil alls ekki gefa stj. kvittun fyrir því, að hún hafi látið hina lofuðu endurskoðun fara fram, og vil því, að l. séu ekki framlengd lengur en eitt ár. Í aths. þeim, er fylgja frv. og vegamálastjóri hefir samið, er stungið upp á ýmsum breyt. frá núgildandi l., t. d. að kaupstaðir og kauptún fengju hluta af skattinum, án þess þó að það sé neitt tekið til greina í frv. Ég vil því enn undirstrika álit mitt og skora á ríkisstj. að láta rækilega endurskoðun fara fram á þessum l.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hæstv. forsrh. sagði, að ég vildi með brtt. á þskj. 58 undanþiggja lækna- og ljósmæðrabifreiðar þessum skatti. En slíkt er ekki rétt. Ég legg aðeins til, að þær séu settar í sama flokk og almennar fólksflutningsbifreiðar, enda notaðar í þarfir almennings, svo fljótlegra og ódýrara verði að ná í lækna og yfirsetukonur. Ég sé því engan mun á þessu tvennu og verð að halda því fram, að till. sé sanngjörn, og vonast ég til þess, að hv. þdm. ljái henni fylgi sitt.

Það hefir talsvert verið rætt um brtt. á þskj. 64, sem er borin fram til þess að smábátarnir verði undanþegnir þessum skatti, sem ætlaður er til vegagerðar. Er það líka viðurkennt, að ekki er til þess ætlazt, að bátaútgerðin greiði þennan skatt. Það er og í samræmi við það, sem er í öðrum löndum, þeim, er ég þekki til, t. d. Englandi, Danmörku og Svíþjóð. En til þess að fyrirbyggja það, þarf að lækka lágmarkið, svo smærri bátarnir sleppi við skattinn. Þessum skatti á að verja til þess að bæta vegina í landinu og gera landferðalög auðveldari og ódýrari, því bættir vegir lækka flutningana stórkostlega. Á vondum vegum verður bílaslit og benzíneyðsla margfalt meiri. Í útlöndum, þar sem vegir eru góðir, eru flutningar með bílum margfalt eða a. m. k. helmingi ódýrari en hér, enda eru bílaferðir þar ódýrari en járnbrautir, á öllum skemmri vegalengdum. Þar sem það er ekki meining þessarar löggjafar, að smábátar, sem notaðir eru til útgerðar og flutninga, greiði þennan skatt, er nauðsynlegt að breyta l., og vona ég því, að brtt. á þskj. 64 verði samþ. Það hefir að vísu verið talað um, að þetta drægi ekki mikið, þó hver bátur borgaði 20—30 kr. En er ekki oft kvartað undan minnu en því? Menn kvarta oft undan fárra kr. skatti, t. d. 5—10 kr. á heimili. Ef það er tilfinnanlegt, þá er þetta það eigi síður fyrir smábátaeigendur.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég vil byrja að svara þeim, er síðast talaði, hv. þm. N.-Ísf. Ég verð að segja, að ég skil ekki hugsanagang hv. þm. Hann er mótfallinn því, að nokkur skattur sé lagður á flutningabáta, sem þó eru styrktir eða haldið uppi af ríkinu, eins og er um flóa- og fjarðabáta. En frá sjónarmiði sama hv. þm. er rétt og sjálfsagt að skattleggja flutningatæki þeirra héraða, sem eiga við dýrastar og erfiðastar samgöngur að búa og jafnvel engar hafnir hafa.

Hæstv. fjmrh. sagði nú, að frv. þetta væri ekki borið fram vegna kreppunnar og hefði ekki verið í fyrravetur. En ég man þó ekki betur en að hann segði það þá fram komið af þeim ástæðum, og að það væri einn liður í þeim ráðstöfunum, sem þá var talið að gera þyrfti vegna kreppunnar til að afla tekna í ríkissjóð. Það var áreiðanlega slagorð þeirra, er þá börðust fyrir þessari ranglátu ráðstöfun.

Út af þeim samanburði, sem gerður hefir verið við nágrannalöndin, vil ég segja, að þar er svo ólíku saman að jafna, að ekki verða dregnar þar línur á milli. Þar eru járnbrautir aðalflutningatækin og þær eru styrktar eða haldið uppi af ríkisfé, með stórum framlögum. En við höfum engar járnbrautir, einungis vegi, sem eins og hæstv. fjmrh. segir, eru margfalt verri en vegir tíðkast þar. Er því sízt ástæða til að skattleggja flutninga

okkar, sem af þeim orsökum hljóta að verða mjög dýrir og eru það líka.

Hvað því viðvíkur að láta vegina bera sig sjálfa með slíkri skattlagningu og að ekkert sé hægt að leggja af vegum nema svo sé, þá má minna á það, að talsvert hefir þó verið lagt hér af vegum, þó þessi sáluhjálplega skoðun, sem nú telst sú eina rétta, væri þá ekki til. Og það er vitanlega engin frekari ástæða að búa svo um löggjöfina að vegirnir beri sig sjálfir en aðrar samgöngur t. d. strandferðirnar. Um þær 20 þús. kr., sem ákveðnar eru í fjárl. til að bæta íbúum austanfjalls þær þungu búsifjar, er þeir verða að þola vegna þessarar löggjafar, vegna hafnleysis og vegalengda, þá á nú þar að taka með annari hendinni það, sem gefið er með hinni. Vegna þess hve austanbændur verða að nota mikið bíla til þungavöruflutninga, kemur skatturinn afarhart niður á þeim. En svo kemur upp úr kafinu, að það á líka að nota þessar 20 þús. kr. til að gera sýsluvegi þar. Allt á þetta að fara til vega. Annað sér stj. ekki. Ég og fleiri hefðu þó getað búizt við, að þessari upphæð yrði jafnað niður til þess að létta mjólkurflutningana m. a. Ef slíkt á að verða framvegis, þá fer mér að standa nokkuð á sama, hvort þessi upphæð verður í fjárl. eða ekki, því eins má veita fé til vegagerðar austanfjalls af öðru vegafé. Og þegar athugað er, að í grg. frv. er gert ráð fyrir því, að skattur þessi nemi 300 þús. kr., þá er víst, að þessi 20 þús., sem ætluð eru til endurgreiðslu, eru tiltölulega of lítill hluti fyrir Suðurlandsundirlendið, miðað við það, hvað flutningarnir hækka í verði vegna þessara l. Og svo á að verja þessari upphæð á sama hátt og því fé öðru, er inn kemur vegna þessara l.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. síðasti ræðumaður lýsti því svo, að ríkisstj. hefði svipt bændur á Suðurlandsundirlendinu 20 þús. kr. styrk, er samþ. var á síðasta þingi vegna þessara l. Þetta er ekki rétt, því ráðuneytið hefir enn enga ákvörðun tekið um það, hvernig þessari upphæð skuli verja. Saga þessa máls er sú, að málaleitun mun hafa komið bæði frá Flóabúinu og sýslumönnum Árnes- og Rangárvallasýslna, er telja sterkar líkur til, að sýslun. þar óski, að þessu fé verði varið til vegagerða þar. Ráðuneytið hefir enga ákvörðun um þetta tekið og mun ekki taka, nema í samráði við héraðsbúa þar. En þetta, ef svo reynist, sýnir, að þeir meta það mest að fá vegi sína bætta. Ég sé nú ekki öllu sterkari rök fyrir þessum skatti og því, hve mikil nauðsyn vegir eru umfram allt annað, en einmitt þessar málaleitanir.

Hv. þm. kvað þetta frv. hafa verið talið kreppuráðstöfun fyrst þegar það var borið fram. Vitanlega sagði ég og fleiri á þingi í fyrra, að nauðsynin væri meiri þá að taka þennan skatt í l. en nokkru sinni áður, vegna árferðis. En þetta frv. hefir oft verið borið fram áður, þótt ekki næði samþ., og jafnan með þeim tilgangi, að það yrði frambúðarskattur.

Þá bar hv. þm. þennan skatt í okkar vegapólitík saman við járnbrautapólitík annara þjóða og það, að styrkur væri veittur víðast hvar af ríkisfé til járnbrautagerða. Ég hygg, að með þessum samanburði verði útkoman allgóð fyrir okkur Íslendinga. Því að það er tekið flutningsgjald á öllum járnbrautum, og þjóðunum þykir yfirleitt nóg, ef þær gefa stofnkostnað. Járnbrautirnar eiga svo að bera sig, og þær streitast við það í öllum löndum. (**SvbH:** En hvernig gengur sú streita?) Vitaskuld gengur það misjafnlega, enda koma fram raddir þar rétt eins og hér, gegn þeirri viðleitni að láta hlutina bera sig. Og þessi vegaskattur, sem hér er um að ræða, nemur ekki nema ca. helmingi af venjulegu vegaviðhaldi, svo að það þarf ekki að kvarta um það, Nei, um það verður ekki deilt, að svona skattur bætir sannarlega bæði fyrir þeim, sem í byggðum landsins búa, og þeim, sem búa í kaupstöðum. Ég vil nefna sem dæmi, hvað slíkur skattur hefir að segja, að á þremur síðustu árunum hefir benzíneyðslan á leiðinni frá Akureyri til Rvíkur orðið tvöfalt til þrefalt minni en fyrir þremur árum. Ætli benzínskatturinn fáist nú ekki þarna endurgreiddur? Það þarf því enginn að kvarta yfir raunverulegum útgjöldum.

Hv. 4. þm. Reykv. taldi mjög óeðlilegt að setja slíkan skatt og vegagerð í samband hvað við annað. En það er ófrávíkjanleg regla, að á móti auknum útgjöldum

þurfi að koma auknar tekjur. Og útgjöldin til vega hafa farið svo gífurlega í vöxt síðan bifreiðanotkun tók að aukast, að það mátti til að fá auknar tekjur. Þegar árlegt viðhald er 450—600 þús. kr., þá þarf eitthvað á móti. Finnst þm. þá eðlilegra, að t. d. sé lagður aukinn skattur á skófatnað, af því að honum sé slitið á vegunum? Eða vill hv. þm. koma með till. um að ná þessum tekjum með beinum skatti, t. d. hátekjuskatti? Hlusta myndi ég á till. hans, en tel þó, að þessi nýja og mikla umferð bifreiðanna eigi að bera nokkuð af þessum aukna kostnaði, og þar er benzínið beztur mælikvarði. En komi aðrar till., má taka við þeim, því að það er ekki svo, að þessi skattur jafnist móti hinum gífurlega hækkuðu útgjöldum.

Um það, að stj. hafi lofað á síðasta þingi, að hér skyldi fara fram endurskoðun á frv., eins og það þá var afgreitt, þá er það að segja, að slíkt loforð var ekki gefið af mér. Að vísu heyrðust óánægjuraddir um frv., og eina ástæðan fyrir því, að ég gekk inn á, að l. væru bundin við eitt ár, var sú, að vafasamt var, hvort hægt væri að koma því fram með öðru móti. En endurskoðun á rækilega undirbúinni löggjöf eftir eins árs notkun kom ekki til greina. En það varð einkum togstreita um það, hvað mikið af þessum skatti skyldi til bæja og hvað mikið til sveita. Ég býst við, að þessi togstreita haldi áfram og hún hafi verið á bak við ræðu hv. þm. En að svo stöddu er stj. og vegamálastjóri sammála um það, að skatturinn eigi heldur að fara til þess að lengja vegina úti um landið heldur en í stutta og mjög dýra vegi í kaupstöðum. Annars hafa bæir fullt gagn af vegum úti um byggðir landsins. Vegirnir eru til sameiginlegs gagns fyrir kaupstaðina, hafnirnar og sveitirnar, sem þeir liggja um. Á það á að leggja aðaláherzlu nú um skeið, að byggja sem lengsta vegi, — sæmilega vandaða, en helzt ekki mjög dýra, — en ekki að svo stöddu að leggja tugi þúsunda í stutta, malbikaða vegaspotta.

Ég vona nú, að þetta frv. verði samþ. til frambúðar, án tímatakmarks. Ég skal geta þess, að það er rétt hjá hv. þm. N.-Ísf., að ég sagði af vangá, að hann gerði till. um, að skattur félli niður af lækna- og yfirsetukvennabifreiðum. Hann hefir aðeins gert till. um helmingslækkun.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég þarf sáralítið að segja fyrir hönd n., þar sem hæstv. ráðh. hefir svarað aths. gegn þessu frv. Ég verð að taka undir með honum um það, að það er ekki rétt, sem hv. 2. þm. Rang. heldur fram, að þessi l. hafi verið sérstök kreppuráðstöfun, og er það til marks, að samskonar frv. hefir verið borið fram oft áður. Ég man, að þegar Einar Árnason var fjmrh., lagði hann svipað frv. og þetta fyrir þingið. Þó að kreppan hafi þá ekki verið mjög langt fram undan, þá er hitt alveg víst, að enginn talaði um væntanlega kreppu og engum datt í hug að gera ráðstöfun gegn henni þá. Og eins og kunnugt er, þá var þetta mál borið fram af einstökum þm. mörgum árum áður, sökum þess að þetta gjald þótti að miklum mun hentugra og réttlátara en það gjald, sem áður var lagt á bifreiðar.

Þessi sami hv. þm. var að tala um, að hér væru skattlagðir dýrustu flutningar bænda. Ég held, að þrátt fyrir allt séu bifreiðaflutningar ekki þeir dýrustu. Dýrustu flutningar bænda eru áreiðanlega klakkaflutningar langar leiðir, sem æði margir bændur verða því miður ennþá að búa við. Sumstaðar skipta þær vegalengdir jafnvel dagleiðum. Og tilgangurinn með því að afla þessara tekna og verja þeim til vegagerðar er m. a. sá, að þessar erfiðu vegalengdir verði smástyttar. Að vísu á þetta að fara til viðhalds, en ekki nýlagningar. En það er sama; því hægara verður að taka annað fé til nýrra vega. Svo er annað. Ég efast um, að skattur á þau flutningatæki, sem bændur nota mest, sem eru vörubifreiðar, hafi í raun og veru hækkað vegna þessara l. víðast hvar á landinu. Þess ber að gæta, að um leið og benzintollur var lögtekinn í fyrra, var jafnframt sá gamli bifreiðaskattur afnuminn, og vörubifreiðar eru algerlega undanþegnar þungaskatti. Þar, sem ég er kunnugastur, eru vörubílar mikið notaðir. Eigendur þeirra líta svo á, að þeim séu þessi l. ekkert óhagkvæmari en hin fyrri. En þar hagar svo til, að vegalengdir eru ekki mjög miklar. Það getur hagað öðru-

vísi til um þetta í héraði hv. 2. þm. Rang., þar sem vegalengdir eru miklu meiri.

Hv. þm. sagði í sambandi við þennan 20 þús. kr. styrk, sem þeir fengu fyrir austan, að sér væri sama, hvort þær væru veittar eða ekki „af því að þær fóru til sýsluvega". Þetta þykir mér kynleg yfirlýsing. Ég veit ekki betur en að við íbúar annara landshluta verðum að leggja á okkur bein gjöld til okkar sýsluvega. En ef veittar eru sérstaklega 20 þús. til sýsluvega austur þar, þá sé ég ekki betur en það spari sýslunni 20 þús. kr. gjöld til sömu vega. Gæti hún þá jafnvel varið af sínum tekjum fé til að styrkja flutningana beinlínis, þar sem hún fær þessa aukagetu. Annars skyldi ég fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti því, þó þessum 20 þús. kr. yrði varið til að styrkja flutningana beinlínis. Tel ég víst, að samningar gætu tekizt um það við hæstv. stj. ef íbúar viðkomandi héraða óska þess.

Hv. þm. Borgf. kvað mig hafa misskilið ákvæðið um endurgreiðslu á benzíntolli til þeirra, sem ekki nota benzín til bifreiða. En ég held, að ég hafi skilgreint það rétt, að það sé meining l., að tollur af slíku benzíni sé endurgreiddur, en þetta ákvæði, að það þurfi ekki endilega að gilda um það smæsta, sé til hægðarauka, heimild, en ekki fyrirskipun. Þetta sagði ég áðan, og ég sé ekki annað en að það sé alveg rétt. Hitt má vera, að álitamál sé, hvar takmörkin eigi að vera, þegar um undantekningar er að ræða. En eins og hv. þm. Borgf. sagði áðan, ef markið er 250 l. notkun á ári, þá sleppa allir bátar undan skatti, því þeir nota allir það mikið benzín, og get ég verið honum sammála um þetta. En þá spyr ég: Hvers vegna á að hafa nokkurt lágmark? Ég sé ekki, að ef það er aðeins 250 l., að þá næist tilgangurinn með þessu ákvæði, sem var sá, að losna við rekistefnur og vafstur út af örlitlum upphæðum. Er þá ekki eins gott að ákveða í eitt skipti fyrir öll, að allur tollur af benzíni, sem ekki fer til bifreiða, skuli endurgreiðast? Þessi brtt. hv. þm. Borgf. er þó líklega ekki borin fram vegna þeirra, sem kaupa benzín á eina flösku og nota til óvanalegra hluta. (**PO**: Hvað er óvanaleg notkun benzíns?) Ég þekki það ekki svo vel, en ég veit, að stundum er keypt ein og ein flaska og benzínið notað til að hreinsa föt. Það skyldi þá vera þess vegna, sem hv. þm. vill hafa markið svona lágt.

Ég get verið sammála hv. þm. um það, að bátaútvegurinn eigi ekki að borga sérstakan skatt til vega. En ég hygg, að flestir bátar, sem ganga á veiðar svo heitið geti, mundu sleppa við benzínskatt, þó till. n. væri samþ., því þeir munu flestir nota yfir 500 l. um árið.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að tilgangurinn með því að setja inn í l. í fyrra, að þau skyldu gilda til ársloka 1933, hefði verið sá, að l. ættu að verða endurskoðuð. Hæstv. ráðh. hefir vikið að þessu, svo að ég þarf þess ekki. Hygg ég það alrangt, sem hv. þm. sagði um þetta efni. Þykir mér hann heldur minnissljór, ef hann man ekki, að yfirleitt vildi hans flokkur ekki samþ. nokkur skattalög eða tekjulög í fyrra, nema með því móti, að bundin væru við ákveðinn tíma. Ég held, að það hafi verið pólitískt samkomulag, að l. skyldu gilda til ársloka 1933, en ekki verið talin sérstök nauðsyn á endurskoðun þeirra á þessu þingi. Náttúrlega er það ekkert aðalatriði, hvort við ákveðum nú, að l. gildi til ársloka 1934 eða ótiltekinn tíma, en það kostar þó tíma og fyrirhöfn að fá þau samþ. aftur. Ef meiri hl. á næsta þingi sýnist hinsvegar rétt að breyta l. eða fella þau úr gildi, er það eins hægt, þótt tímatakmark sé ekki ákveðið nú. Ég skal taka fram, að þetta síðasta segi ég ekki fyrir n. hönd, heldur frá eigin sjónarmiði. Mér finnst það yfirleitt hjákátlegt með l., sem gilda ár eftir ár og alltaf eru framlengd, segjum t. d. verðtollslögin, að taka það alltaf fram, að l. skuli ekki gilda nema ákveðinn tíma. Og ég hefi ekki trú á því, þótt þetta ákvæði verði samþ., að l. falli úr gildi við lok næsta árs; heldur veit ég nokkurnveginn, að næsta þing mun framlengja þau. Og hvað er þá unnið með tímatakmarkinu nú?

**Jón Auðunn Jónsson**: Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Rang., að flóabátar notuðu benzín til brennslu. Eins og menn vita, þá eru það ekki nema smábátar; alls engir flóabátar nota benzín. Af þessum sökum er því ekki hægt að bera saman

þeirra ferðir við landferðir, þegar um bifreiðaskatt er að ræða.

Hann kvartaði mjög um, hvað mjólkurflutningar væru dýrir að austan, og það er rétt. En ég get upplýst, að við Ísafjarðardjúp hafa menn byrjað á að flytja mjólk á bátum til Ísafjarðar frá fjarlægum hreppum. Þar er mjólkurflutningur mjög dýr eða um 12 aur. á lítra; þar með ekki talinn flutningur á landi eða til skips, og þó hefir verið tap á ferðunum hjá þeim, sem annast flutningana. Það er ekki eðlilegt, að hv. þm. þekki staðháttu til að dæma um þessa hluti almennt; hann mun ekki þekkja mikið til ferðalaga og flutninga nema um Suðurlandsundirlendið.

Ég hygg, að benzínskatturinn á flutningunum hér austur muni ekki nema miklu, sennilega ekki meiru en 3—5% af flutningskostnaði. Annars lítur svo út sem hv. þm. haldi, að það hafi aldrei verið neinn skattur á bifreiðum og þar með flutningum á landi, fyrr en l. frá í fyrra voru samþ. En það er áreiðanlega rétt, sem 1. þm. Eyf. tók fram, að vöruflutningum á landi muni ekki ofþyngt frá því, sem var eftir bifreiðaskattslögunum frá 1921, með benzínskattinum í fyrra. Það kemur sérstaklega niður á smábátaútgerðinni í vegaleysishéruðum á Vestfjörðum og Austfjörðum, ef ekki fæst undanþága fyrir það benzín, sem til smábátanna er notað. Flutningar á þessum slóðum eru dýrari en langar landferðir. Þar að auki er hin mesta ósanngirni að skattleggja smábátaútveginn, sem er borinn uppi eingöngu af sjálfsbjargarviðleitni landsmanna og er stundaður víðast af litlum efnum, oftast mjög litlum, aðeins til þess að framfleyta sér og sínum. **(Rödd af þingbekkjum:** Hvað um bændurna?). Auðvitað er sama að segja um þá. En þeim er þó sköpuð önnur aðstaða og í ýmsu létt undir með þeim, og benzínskattinn á eingöngu að nota til þess að auka og bæta vegi og þar með gera flutninga á landi auðveldari og ódýrari. En í hverju er létt undir með smábátaútveginum? Með því að skatta allt, sem hann þarf að nota, með hásköttum. Honum er engin aðstoð veitt, nema það sem guð og náttúran gefur. Hér á þingi er ymprað á því að skattleggja fiskimiðin, jafnvel þau, sem eru utan landhelgi. **(ÓTh:** Hvaða kjáni var nú þetta?) Menn geta farið nærri um það, þegar þeir heyra aðra eins firru, hver það hafi verið.

Annars er leiðinlegt að heyra, að hv. 2. þm. Rang. sé sama, hvort lagðar eru fram 20 þús. kr. til að bæta vegi austanfjalls, eða ekki neitt. Hann mun vera nálega einn um þá skoðun, og skal ég þess vegna ekki hnýfilyrðast út af þessu.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Aðalatriði þessa frv. er 4. gr., því að þær breyt., sem gert er ráð fyrir á l., eru svo smávægilegar, að vart er um þær talandi. Þó vil ég taka fram að því er snertir endurgreiðslu á tolli af benzíni til traktora og smábáta, að þá tel ég sjálfsagt, að markið verði fært niður, ég vil segja niður í 250 l., eins og gert er ráð fyrir í þeirri till., sem lengst gengur. Auðvitað er það hláleg fjarstæða að leggja á samgöngur á landi, smátrillur og traktora. En aðalatriði frv. er 4. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að framlengja l., sem annars eiga að falla úr gildi í árslok 1933. Og það er ekki gert ráð fyrir framlengingu um ákveðið árabil, heldur gildi l. þar til öðruvísi sé ákveðið. Mér þykir rétt að benda á, að það er farið að taka upp nýja aðferð í skattamálum, sem ég tel mjög óviðeigandi, en það er að koma skattaálögum á landsmenn undir því yfirskyni, að vegna einhverrar knýjandi nauðsynjar sé alveg óhjákvæmilegt að leggja þennan skatt á til bráðabirgða. Síðan er ýmist, að skattal. eru framlengd óbreytt, eða beinlínis svo gengið frá, að tímatakmarkið er burt numið. Það er ekki langt að leita dæma. Vörutollurinn var upphaflega til „bráðabirgða“ til þess að sjá fyrir tekjum í staðinn fyrir vínföllinn. Verðtollurinn var til „bráðabirgða“, og átti að standa þangað til pundið væri komið í 28 kr. Það komst það mjög fljótlega. En verðtollurinn hefir heldur hækkað en lækkað síðan. Hækkunin á bifreiðaskattinum frá því sem hann var áður, nemur 200%, þar sem hækkun hans samkv. grg. frv. er á ¼ úr ári 132 þús. kr. En allt árið áður nam hann 100 þús. kr. Það þýðir því ekkert að eyða orðum að því, að þessi hækkun skattsins hlýtur að gera alla flutninga með bifreiðum miklu

dýrari en þeir voru áður. Hér þýða því engar umbúðir. Þetta er öllum svo ljóst, að ekki er hægt að villa mönnum sýn. Hæstv. forsrh. sagði, að skattur þessi væri til bóta bæði fyrir sveitir og kaupstaði. Væri öllu fólki til mikilla hagsbóta. Ég veit nú ekki, hvort þetta á aðeins við skatt þann, sem hér er til umr., að hækkun hans sé til bóta fyrir landslýðinn, eða að hann telji það almennt til bóta fyrir fólkið, að skattar séu sem hæstir. Ef svo væri, þá held ég, að ekki sé vandræði að bjarga sér út úr kreppunni. Hækka bara alla skatta og álögur á þjóðina. Hæstv. ráðh. segir, að skattur þessi auki vegina, bæti vegaviðhaldið og skapi því töluverða atvinnu. Það er því ekki úr vegi að athuga, hvernig þetta hefir orðið síðastl. ár. L. um bifreiðaskatt gengu í gildi 8. júní 1932 og gefa 135 þús. kr. þann tíma, sem eftir er ársins, sem nota á til viðhalds og umbóta vegum landsins. Til vegamála er áætlað 1932 990 þús., að frátöldu því, sem hinn nýi bifreiðaskattur gefur. En til vegamála er þó ekki eytt á árinu nema 770 þús. kr. í allt, eða 220 þús. kr. minna en áætlað er, og auk þess engu af bifreiðaskattinum. Það þarf því mikil brjóstheilindi til þess að segja, að skattur þessi hafi orðið til þess að bæta vegina og auka atvinnu, þegar engum eyri af honum er varið til þess, sem hann á að fara til, og auk þess er greitt til vegamála 220 þús. kr. minna en þingið gerði ráð fyrir. Heldur er a. m. k. ¼ hl. hans varið til þess að halda uppi rándýrri og óþarfri ríkislögreglu.

Ef verja á skatti þessum til umbóta á vegum, þá á hann að vera umfram það fé, sem varið hefir verið undanfarið til vegamála. Á árunum 1928—1931 var greitt til vegamála frá 1,5 millj. til 2 millj. á ári, en á síðasta ári var áætlað til þeirra 990 þús., og þá sagði hæstv. forsrh., að skorið hefði verið svo nærri kviku sem fært þótti. En þó skar hæstv. forsrh. enn nær kvikunni, þar sem hann eyddi ekki til vegamálanna nema 770 þús. og engum eyri af bifreiðaskattinum. Reynslan er því sú, að engu minna hefði verið varið til vegamála, þó að skattur þessi hefði ekki verið tekinn upp á þinginu í fyrra. Hann hefir aðeins verið notaður til almennrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóðinn. Það var og er því blekking ein að nota eigi hann til vegamála, gerð í þeim tilgangi að fegra hið gamla „litla og ljóta frv.“.

Það er alls ekki hægt að jafna þessum skatti saman við bifreiðaskatt erlendis. Þar er skattinum eingöngu varið til þess að gera varanlegt slitlag á akvegi og mun víðast renna í sérstakan sjóð, sem stendur fyrir utan ríkissjóðinn og er undir umsjón amtráða og héraðsstjórna, og framlag ríkissjóðanna til vegamála raskaðist ekkert þó að skatturinn væri tekinn upp.

Það var einhver háttv. þm., sem gat þess, að sér fyndist óviðfelldið að skattleggja bifreiðar til vegaviðhalds, en hæstv. forsrh. gerði gys að þessu og spurði þm., hvort hann vildi t. d. heldur skattleggja skófatnaðinn, af því að menn træðu með honum á vegunum. En ég sé engan mun á þessu, því ef það er rétt að skattleggja bifreiðar til viðhalds vegum, þá má engu síður skattleggja skósóla og skóhlífar til viðhalds götum í bæjunum. Út af orðum háttv. frsm. fjhn. um hina pólitísku neitun, sem hann sagði, að átt hefði sér stað í fyrra gagnvart öllum tekjuöflunarfrv. stj., vil ég bera fram þá fyrirspurn, hvort nú sé fallin niður sú afstaða, sem Sjálfstæðisflokkurinn kvaðst hafa tekið í fyrra, að binda alla atkvgr. um tekjuaukafrv. við viðunandi lausn stjórnarskrármálsins. Hvort þessi afstaða er breytt frá síðasta þingi, vildi ég fá upplýst frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins hér í hv. d.

**Magnús Jónsson:** Hæstv. forsrh. sagðist ekki hafa gefið loforð um, að lög þessi yrðu endurskoðuð, og vildi ekki setja neitt slíkt ákvæði í lögin. Það, sem ég fór eftir, stendur skýrum stöfum í ástæðunum fyrir stjfrv. Þar segir svo: „Lög nr. 84, 6. júlí 1932 um bifreiðaskatt gilda aðeins til ársloka 1933. Var ákvæði þetta sett í lögin til þess að tryggja það, að þau yrðu endurskoðuð á Alþingi 1933“. Þessa ástæðu tel ég fyrir hendi enn, að endurskoða þurfi l., og því sé sjálfsagt að tímabinda þau. Það er alveg rétt, að hægt er að afnema l. þó að þau séu ekki tímabundin, en munurinn er sá, að séu þau tímabundin, þá er stj. nevdd til þess

að leggja þau fyrir þingið, áður en tími sá, sem þau gilda, er útrunninn.

Ég skal ekki eyða tíma í að karpa um þann skoðanamun, sem virðist vera á milli mín og hæstv. forsrh. um það, hvort rétt sé að leggja sérstaka skatta á í ákveðnum tilgangi. Það er eins og sumir menn virðist trúa því, að ef hægt er að leggja á sérstaka skatta til fastákveðinna hluta, þá komi þeir ekkert við bak landsmanna. Séu ókeypis. Þessari skoðun vil ég mótmæla. Ég tel, að greiða eigi öll hin opinberu gjöld af hinum almennu sköttum, og sé það rétt að greiða gjald af bifreiðum til viðhalds vega, þá eiga hinir almennu skattar að lækka að sama skapi.

Ég get vel skilið, að stj. vilji halda í þennan skatt eins og nú standa sakir, en hitt get ég ekki viðurkennt, að vegirnir eigi að standa undir sér sjálfir.

Þá sagði hæstv. ráðh., að nú þyrftu bifreiðar ⅓—½ minna benzín milli Akureyrar og Rvíkur en fyrir nokkrum árum. Ég get vel trúað, að hæstv. ráðh. hafi aflað sér ábyggilegra upplýsinga um þetta hjá kunnugum mönnum, og þetta sé því rétt. En þá verð ég að segja það, að ef þessar ferðir eru svo þarfar, að verja beri til þeirra fleiri hundruðum þús., þá eigi fargjöldin að lækka eftir því sem vegirnir eru bættir meir og ferðirnar verða ódýrari.

Mér þykir ekkert einkennilegt þó að sumir háttv. þm. vilji ekki láta smábáta og traktora greiða skatt til vegaviðhalds, og vilji því fá endurgreiðslur á þeim tolli, sem lagður er á benzín það, er þeir nota. En hitt furðar mig, að þeir sömu menn skuli þá ekki geta verið með því að undanþiggja þær bifreiðar benzínskattinum, sem aldrei koma á vegakerfi landsins, en svo er ástatt um hundruð bifreiða á landinu, og m. a. fjölda bifreiða hér í Rvík. Það er því eins ósanngjarnt að skattleggja þær til viðhalds vega eins og traktora og báta.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um frv. þetta, því að ég býst við, að afgreiðsla þess sé þegar ráðin hér í hv. d.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég vil nota hina stuttu aths. til þess að þakka háttv. frsm. meiri hl. fjhn. fyrir það, að hann í síðustu ræðu sinni gekk inn á till. okkar (BSt: Ekki rétt). Hann sagði, að sín skoðun væri sú, að endurgreiða ætti skatt af öllu benzíni, sem ekki væri notað til bifreiða. En því miður liggur ekki fyrir till. um það, en till. okkar gengur lengst í þá átt, og því vænti ég, að háttv. frsm. skoði ekki lengi huga sinn um að greiða henni atkv. Fyrir þetta þakka ég háttv. frsm.

Þá vil ég benda á, að meginhluti þess benzíns, sem ekki er notað til bifreiða, er notað af trillubátum, og mun algengast, að bátarnir noti frá 300—400 l., því að benzínið nota þeir aðeins til þess að koma vélunum í gang, en að öðru leyti nota þeir steinolíu. Með till. okkar myndu þeir því fá að mestu leyti endurgreiddan skattinn, en með samþykkt frv. eða till. háttv. fjhn. yrðu bátar þessir að greiða til viðhalds vegum í landinu. Ég vænti því að háttv. dm. geti tekið undir ummæli háttv. frsm. fjhn. og fylgi brtt. okkar.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég vil nota aths. mína til þess að svara hæstv. forsrh. Hann gat þess, að komið hefði til stjórnarráðsins málaleitun að austan, þar sem farið væri fram á, að þeim 20 þús. kr., sem veittar eru í núgildandi fjárl. til þess að létta undir með flutningum þaðan, væri varið til vegagerða. Ég þori nú að fullyrða, að þessar óskir eru ekki almennar þar eystra, og ég býst við, að fáum sé kunnugra um það en mér, því að ég hefi kynnt mér þetta mál töluvert, m. a. hjá samvinnufélögum þeim, sem þar eru starfandi o. fl. Mun því Mjólkurbú Flóamanna, eða stjórn þess, hafa breytt um skoðun skjótlega, ef sú er ósk þess nú, og vera nær eitt um það að vilja fá fé þetta til vegagerða. Annars sé ég engan mismun á því, hvort við fáum þessar þúsundir í styrk, eða að upphæðin sé tekin upp í fjárl. beint til vegagerða, ef nota á féð til þeirra hluta hvort sem er. Það kemur alveg jafnþungt niður á atvinnurekstrinum hvor leiðin, sem farin er. Flutningarnir verða bændunum jafntilfinnanlegir.

Þá hélt hæstv. ráðh. því fram, að benzínskatturinn kæmi aftur til hagsbóta almenningi í bættum vegum og greiðari samgöngum. Þetta má vel vera, en hvaða skattur er það, sem á er lagður og ekki

kemur aftur í einhverri mynd? Hann er ekki til. Það er hið algilda lögmál um alla skatta, að þeir koma aftur til þegnanna í umbótum á ýmsum sviðum. Hér er því um ekkert annað að ræða en það lögmál, sem gildir um alla skattalöggjöf, hvernig sem hún er.

Háttv. frsm. fjhn. vildi mótmæla því, að frv. þetta hefði verið borið fram í fyrra sem kreppuráðstöfun, og að þingið hefði samþ. það sem kreppuráðstöfun, og því til sönnunar vildi hann færa það, að frv. hefði verið borið fram oft áður í þinginu. Að búið var að bera frv. oft fram í þinginu áður en það náði samþ. þess, sýnir bezt, að hér var um kreppuráðstöfun að ræða. Því fyrst þegar kreppan sverfur alvarlega að, er talið forsvaranlegt að samþ. það. Alþingi í fyrra hefir því beinlínis skoðað skatt þennan sem kreppuskatt. — Það hefir verið dregið hér í efa, hvort flutningar með bifreiðum hafi yfirleitt hækkað síðan skattur þessi var lagður á. Ef svo væri, að bifreiðaeigendur gætu rekið flutningana fyrir sama gjald og áður en benzínskatturinn var lagður á, þá er það sönnun þess, að flutningarnir hefðu getað lækkað, og á því hefðu bændur almennt haft fulla þörf.

Háttv. þm. N.-Ísf. sagði, að mjólkurflutningarnir með Djúpbátnum væru 12 aur. á lítra, en þá ber þess að gæta, að þá er mjólkin komin á markaðsstaðinn. En í dæminu, sem ég tók, þá er hún aðeins komin á vinnslustaðinn. Eftir er flutningskostnaður austan yfir Hellisheiði til Rvíkur. Er þetta tvennt því ekkert sambærilegt. Ég vænti nú, að allir háttv. þm. viðurkenni, hversu mjög það er óréttlátt að leggja þennan þunga skatt á flutninga á nauðsynjavörum manna og létti honum því af. Eða þá a. m. k. lofi því, að hann skuli ekki standa lengur en brýn nauðsyn krefur.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Hæstv. forsrh. hefir þegar svarað að nokkru leyti því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði í garð ríkisstj. viðvíkjandi ráðstöfun á flutningastyrk þeim, sem veittur er í fjárlögum n. á. til sveitanna á Suðurlandsundirlendinu. Hv. 2. þm. Rang. er vel kunnugt um það, að ég vildi einmitt í samvinnu við hann kynna mér tillögur manna á Suðurlandsundirlendinu um það, hvernig þeir óskuðu, að þessum styrk væri niður skipt. En meðan hann var að kynna sér hugi manna hvað þetta snerti í sínu kjördæmi, kom til mín bein ósk frá hlutaðeigendum í Árnessýslu um það, að styrknum yrði ekki úthlutað sem beinum flutningastyrk eftir vegalengd og flutningsþunga, heldur væri hann greiddur sem aukastyrkur til sýsluvegagerða í viðkomandi sýslum. Þessi ósk kom fram frá stj. Mjólkurbúsins í Flóanum og frá sýslumanni Árnesinga í samráði við nokkra af sýslunefndarmönnum hans. Ég býst því við, að ef ekki kemur annað fram um vilja Árnesinga um þetta efni heldur en þær einróma raddir, sem nú eru komnar, þá verði þær teknar til greina, að því er snertir þá sýslu. En ég vil geyma mér rétt til þess að kynna mér betur vilja Rangæinga í þessu máli, því ég hefi heyrt raddir þaðan, sem fara í gagnstæða átt við það, sem fram kom hjá hv. þm. Ég býst ekki við, að Rangæingar yfirleitt telji aukaframlag til sýsluveganna einskis virði, eins og hv. þm. virðist gera.

Um málið almennt séð vil ég taka það fram, að á síðastl. ári, þegar tekin var ákvörðun um vegaviðhald og vegagerðir á því sumri, þá virtust alls ekki vera tök á að verja eins miklu og þó var gert til þeirra framkvæmda, ef l. um skatt þann, sem hér er um að ræða, hefðu þá ekki verið að komast í framkvæmd. Ég hygg, að það hefði á þeim tíma ekki getað talizt fært að áætla eins mikið fé til vegagerða, eins og gert var, ef l. um bifreiða- og benzínskatt hefðu þá ekki verið að koma í gildi. Og hvað framtíðinni viðvíkur, þá hygg ég, að það verði vart leið til þess að leggja jafnmikið af nýjum vegum og áður, jafnframt því sem halda þarf við gömlu vegunum, nema slíkur tekjustofn fáist.

Ég hefi átt tal við allmarga menn, sem haft hafa á hendi mjólkurflutning á Suðurlandsundirlendinu. Og þeir hafa litið svo á, eins og landsmenn munu almennt gera, að leiðin til þess, að flutningar á landi, og þá mjólkurflutningar líka, verði sem ódýrastir, sé sú, að gera vegina sem bezta. En góða vegi mun ekki hægt að gera að ráði, í því árferði sem nú er, nema

þessi tekjustofn fái að haldast, til viðbótar þeim tekjustofnum, sem að öðru leyti er gert ráð fyrir að veittir verði á þinginu.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Hv. 3. þm. Reykv. vék að því áðan, sem töluverðar umr. hafa orðið um hér í d. áður, bæði milli okkar og annara, að það væru til margir bílar hér, sem aldrei kæmu út á vegakerfi landsins. Finnst honum þeir bílar ekki eiga að greiða skatt til veganna fremur en t. d. bátar. Það kann að vera rétt, að það séu til bílar, t. d. í Vestmannaeyjum, sem aldrei koma út á vegakerfi landsins. En í l. um bifreiða- og benzínskatt er einmitt, til þess að bæta Vestmanneyingum þetta upp, ákveði um, að hluti af skattinum gangi til vegagerða í Vestmannaeyjum. Það skal játað, að auk þessa getur verið, að til séu bílar í afskekktustu kaupstöðunum, sérstaklega Siglufirði og Ísafirði, sem ekki koma á vegakerfi landsins. En á þessum stöðum eru mjög fáir bílar, svo skatturinn kemur ekki mikið til greina þar.

Ég býst nú líka við, að hv. þm. hafi sérstaklega verið að hugsa um sitt eigið kjördæmi í þessu efni. En það er áreiðanlegt, að hér í Rvík eru annaðhvort engir eða a. m. k. sárfáir bílar, sem ekki koma oft út á vegakerfi landsins. Það er áreiðanlegt, að h. u. b. allar bifreiðar Rvíkur fara margsinnis um þann vegarkafla, sem tiltölulega mest fé hefir verið lagt til úr ríkissjóði af þjóðvegum landsins. Svo það er víst, að hann þarf ekki að kvarta fyrir hönd síns kjördæmis í þessu efni.

Hv. þm. kvaðst álíta yfirleitt óheppilegt að leggja á sérstaka skatta í sérstöku augnamiði. Það ætti heldur að borga allt úr ríkissjóði, sem þyrfti til þeirra framkvæmda, sem ríkið vildi leggja í. En hvað er eiginlega ríkissjóður og hvernig verður hann til? Hann getur ekki orðið til nema af sköttum, sem lagðir eru á almenning í landinu í einhverri mynd. Og ég hygg, að þó litið væri á benzínskattinn sem almennan skattstofn fyrir ríkissjóð, þá sé hann ekki miklu ranglátari en ýmsir aðrir skattar, sem lagðir eru á þjóðina. Ég tel víst, að hv. 3. þm. Reykv. hafi talsverð áhrif hér í bænum. Og ég veit ekki betur, en að Rvíkurbær leggi á allhá hafnargjöld. Hvað eru hafnargjöldin annað en sérstakur skattur vegna sérstakra mannvirkja, skattur, sem kemur niður á samgöngum? Hafnargjöldin leggjast á vörur, sem hingað eru fluttar, og sem héðan eru seldar út um land. Ég sé ekki nokkurn eðlismun á bílaskattinum og hafnargjöldunum. En e. t. v. verður nú á næstunni farið að afnema öll hafnargjöld hér í Rvík! eða a. m. k. ætti að mega vænta þess, að hv. þm. beitti sér fyrir því. Þá gæti málið farið að horfa öðruvísi við.

Hv. þm. Borgf. taldi, að ég væri orðinn sér sammála um till. hans í þessu máli. Ég held, að við höfum alltaf verið sammála um eðli málsins í sjálfu sér, nefnilega þann grundvöll, að skatturinn eigi að endurgreiðast af því benzíni, sem notað er til annars en bíla. En spurningin er: ef farið er að ákveða minnstu notkun, sem endurgreiðsluákvæðið skal ná til, til þess að forðast óþægindi og óþarfa vafstur, hvað á þá takmarkið að vera hátt? Ég hefi haldið fram, að 500 l. notkun á ári væri hæfilegt takmark, ef eitthvert takmark væri haft á annað borð. En ég skal játa, að hv. þm. kom fram með upplýsingar í síðustu ræðu sinni, sem hafa talsvert að segja, ef þær eru réttar. Hann segir, að algeng teg. báta noti að meðaltali 300—400 l. á ári af benzíni. Ég hefi haldið, að þessi notkun væri töluvert hærri, og hafði ég fengið um það upplýsingar, sem ég taldi nokkuð ábyggilegar, og á þeim upplýsingum var till. n. byggð.

Hv. 2. þm. Rang. vildi í fyrstu halda fram, eftir því sem mér skildist, að flutningsgjöld bíla hefðu hækkað vegna þessa skatts. Seinna sagði hann, að ef þessi skattur hefði ekki verið lagður á, mundu flutningsgjöldin hafa lækkað. Það er nú svo, að flutningagjöldin hafa lækkað, þrátt fyrir skattinn, og það mjög mikið. T. d. var fargjaldið með bílum milli Rvíkur og Akureyrar í sumar, eftir að skatturinn var genginn í gildi, nákvæmlega helmingi lægra heldur en það var fyrir tveimur árum. Það getur verið, að aukin samkeppni milli þeirra, sem þessa flutninga stunda, eigi nokkurn þátt í þessari miklu lækkun. En ég er ekki í efa

um, að aðalástæðan er sú, að vegirnir hafa batnað og bílarnir þar af leiðandi þurfa miklu minna benzín til ferðalagsins. Það má nú segja, að þessi hagnaður af bættum vegum komi jafnt, þó féð til vegagerðanna og vegaviðhaldsins sé tekið beinlínis úr ríkissjóði, en ekki með þessum sérstaka skatti. En hvar á ríkissjóður að taka peninga til alls eins og nú er ástatt? Menn heimta hver í kapp við annan hinar og aðrar framkvæmdir, eins og eðlilegt er. En það er bara hvergi til sú uppspretta fyrir ríkissjóð, sem hann getur ausið úr peningum, án þess það þurfi á einhvern hátt að koma niður á þegnunum. Og ég er alveg sannfærður um, að bíla- og benzínskatturinn, sem er notaður til vegabóta framyfir það, sem ríkissjóður mundi annars sjá sér fært að leggja til þeirra framkvæmda, hvað sem hv. þm. Seyðf. og aðrir segja, borgar sig beinlínis fyrir þá hina sömu, sem hann þurfa að greiða.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Það er vitanlega rétt hjá hv. þm. Seyðf. og hv. 3. þm. Reykv., að það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, er ákvæði 4. gr., nefnilega það atriði, hvort framlengja á l. eða ekki, eða hvort framlengja á þau í eitt ár, eða um óákveðinn tíma. Ég held, að ekkert hafi komið fram við hina stuttu reynslu, sem þessi l. hafa fengið, sem styður skoðanir þeirra manna, sem vilja láta þau falla úr gildi. Það hafa orðið miklar umr. um þetta mál hér á þingi, og þar sem ekkert nýtt virðist hafa komið fram nú, hygg ég, að hv. þm. geti farið að ákvarða sig, án þess að lengja umr. úr þessu.

Um brtt. þær, sem fyrir liggja, hefi ég lítið að segja. Brtt. á þskj. 58 finnst mér nauðaómerkilegar og lítilfjörlegar. Þær eru um að lækka skattinn á einkabifreiðum lækna og ljósmæðra. En hver er nú þessi skattur, sem þar er um að ræða? Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, munu bifreiðar lækna og ljósmæðra yfirleitt vera um 1000 til 1300 kg., og verður skatturinn af þeim því í mesta lagi 156 kr. Eftir brtt. yrði skatturinn á þessum bílum 60 til 78 kr. og nemur því lækkunin sömu upphæðum. Og hverjir eru það svo, sem hér eiga hlut að máli? Halda menn virkilega, að þetta komi fram sem lækkun á kostnaði einstaklinga við læknisvitjanir? Halda menn, að réttlætistilfinning og fjármáladómgreind læknanna sé svo hárnákvæm, að þeir taki tillit til þessara 60 kr. á ári, þegar þeir ákveða laun sín fyrir lækningaferðir? Ennfremur munu sumir læknar nú farnir að nota enn léttari bíla, sem ekki vega nema 500 kg., og verður sparnaðurinn fyrir þá ekki nema svo sem 30 kr. á ári. Það þyrfti mikla lægni til þess að láta þann sparnað koma niður hjá heilum árgangi af sjúklingum. Og ef hann kemur ekki fram hjá sjúklingum, sem lækkun á vitjanakostnaði, hvaða ástæða er þá til að létta svona lítilli upphæð af ársrekstri þessara embættismanna. Á það svo sem að vera einskonar hallærisráðstöfun fyrir þessa borgara sérstaklega? Ég held það væri meiri ástæða til þess að stinga hendinni einhversstaðar annarsstaðar niður fyrst til slíkra hluta.

Um brtt. á þskj. 64, frá nokkuð mörgum þm., sem hv. þm. Borgf. hefir talað fyrir, verð ég að segja það, að mér finnst ekki heldur mikið til um hana. Hv. þm. ætlaði í seinni ræðu sinni að fara að færa fram þau rök, sem allir þm. hlytu að fallast á, þegar hann kom með þær upplýsingar, að bátar með þannig vélar, sem „startað" er með benzíni, en ganga að öðru leyti fyrir annari teg. olíu, eyddu frá 3—4 hundruðum l. af benzíni á ári. Ég er nú ekki vel að mér í mótorfræði, en ég held þó, að hér hljóti að vera um svo stóra báta að ræða, að 12—16 kr. aukagjald geti alls ekki skipt miklu máli fyrir þá. Það getur ekki verið hér um neina smábáta að ræða. Litlu bátarnir, sem eyða eingöngu benzíni, þurfa eflaust meira benzín en þetta, og engir smábátar geta haft vélar, sem þurfa 3—400 l. á ári til „störtunar" (**PO:** Þetta er alltsaman misskilningur). Auðvitað er það misskilningur hjá hv. þm., og mér þykir vænt um, að hann kannast við það. (**PO:** Það er allt misskilningur hjá hv. þm. V.-Húnv.).

Sú ástæða fyrir því, að lágmarkið þurfi að lækka, að ella komi skatturinn óréttilega niður á traktorunum, stafar af skorti á kunnugleika hjá hv. þm. Það þarf ekki mikla starfsemi hjá vélum, sem eyða

kannske 100 l. af benzíni á dag, til þess þær komist undir það ákvæði, að þær fái allan tollinn endurgreiddan. Þetta er því aðeins tylliástæða, sem sýnir aðeins, að hv. þm. þarf að grípa til allra mögulegra ráða til þess að styðja sinn málstað. Það er ekki að undra, þótt sum rökin, sem fram eru færð, séu nokkuð vafasöm, þegar um er að ræða jafnómerkilega brtt. og þessa.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl]: Hv. þm. Seyðf. sagði, að það væri óviðfelldið að byrja á því að koma á bráðabirgðasköttum, og framlengja þá svo ár eftir ár. Ég get tekið undir það, að óviðfelldið er að framlengja eitt og eitt ár í einu skatta, sem þurfa og eiga að standa áfram. Og það er einmitt sú krafa, sem nú er verið að gera um bíla- og benzínskattinn, að hann fái að standa þangað til Alþingi vill afnema hann aftur. Við sjáum það t. d. á verðtollinum, sem er nauðsynlegur tekjustofn, að þessar árlegu framlengingar eru hin mesta óvenja. Það hefir aldrei verið gefið í skyn af flm. eða stj., að bíla- og benzínskatturinn ætti aðeins að vera til bráðabirgða. Þess hefir jafnan verið óskað, að hann væri látinn standa til frambúðar, og þegar frv. um hann fór út úr þessari hv. d. í fyrra, var í því gert ráð fyrir, að hann stæði um óákveðinn tíma. Það voru aðeins vandkvæði á að fá frv. samþ. í Ed., sem ollu því, að inn í það komst ákvæðið um, að l. skyldu aðeins gilda í eitt ár.

Það, sem óviðfelldnast er þó í skattamálunum, er það, að gera stöðugt kröfur um aukin útgjöld úr ríkissjóði, en neita jafnframt að ljá honum þá skatta og tekjustofna, sem nauðsynlegir eru til þess að standast útgjöldin. En þetta er það, sem gert hefir verið á undanförnum árum. Ég hygg, að lögbundin útgjöld ríkissjóðs hafi á árunum frá 1926 til 1932 vaxið um ekki minna en 2 til 3 millj. kr. Og á þessu tímabili hefir enginn tekjustofn verið settur á móti. Þessi skattur, sem hér er um að ræða, er eitt af því, sem vitanlega á að koma á móti þessum auknu útgjöldum. Hann kemur bara seint, vegna þessarar mótstöðu þingsins gegn því að fullnægja fjárþörf ríkissjóðs jafnframt því, sem fallizt er á kröfur um auknar framkvæmdir og aukin útgjöld.

Hv. þm. Seyðf. vítti stj. fyrir það, að hún sparaði nokkuð á vegamálunum á síðasta ári, frá því sem áætlað hafði verið. Um þetta er það að segja, að áætlun fjárl. var gerð áður en kreppan skall yfir með fullum mætti, og til vegamálanna hefði aldrei verið áætlað eins mikið og gert var í fjárl. fyrir árið 1932, ef þau hefðu verið samin á harðasta kreppuári. En hvað gerði stj. fært að framkvæma þó að svo miklu leyti sem gert var áætlun fjárl.? Vitanlega þær 130 þús. kr., sem bíla- og benzínskatturinn gaf fram yfir gamla bílaskattinn. Hvernig fór um hinar verklegu framkvæmdir ríkisins árið 1923? Þá stöðvuðust þær alveg fyrir fjárskort. Eins gat farið á síðasta ári, ef þessi skattur hefði ekki fengizt samþ. á síðasta þingi. Það er alveg víst, að því hærri sem þessi skattur er, því meiri framkvæmdir verða í vegamálunum. Hinu beina sambandi milli skattsins og þeirra flutninga sjálfra, sem hér er verið að kvarta undan, að íþyngt sé, verður alls ekki neitað. Skatturinn er blátt áfram lagður á til þess að flutningarnir geti orðið ódýrari í framtíðinni, eins og við höfum margsinnis sýnt fram á. Við skulum taka dæmi af leiðinni milli Akureyrar og Rvíkur. Á þeirri leið þarf nú ekki nema einn lítra af benzíni á móti hverjum tveimur til þremur, sem áður eyddust. Þegar lítrinn kostar 32 aur. sparast þarna um 60 aur. af þriggja lítra eyðslu. Það er ekki hár skattur, þó teknir séu átta aur. af þessum sparnaði. Því segi ég það, að þetta er hin bezta hjálp, sem hægt er að veita til flutninganna. Það er ekki verið að taka allt, sem sparast vegna vegabótanna, aðeins lítinn hluta þess. Það er enginn tilviljun, að slíkur skattur sem þessi er nú kominn á víðsvegar um lönd. Hitt er einkennilegra, hvað tregt hefir gengið að koma svo sjálfsögðum hlut á hér, þó bílar hafi nú verið notaðir hér um mörg ár og vitanlegt sé, að það er notkun þeirra, sem hefir hrundið áfram vegagerðum í landinu og sem enn kalla eftir auknum framkvæmdum á því sviði.

Ég mun nú ekki svara öllu fleira af því, sem hér hefir verið sagt. Ég býst ekki við, að raddir þeirra hv. þm., sem nú

andmæla þessum skatti, um þörfina á nýjum vegum þagni þegar að því kemur að afgreiða fjárl. Það getur engin stj. tekið undir með þeim sem segja: hér þarf að byggja brýr, en það má enginn kostnaður við það koma niður á kjósendur okkar. Það er auðvitað gott að geta sagt við kjósendurna: við ætlum að sjá um að þið fáið allt, sem þið girnist, og alltsaman ókeypis, eða a. m. k. skal kostnaðurinn verða tekinn af einhverjum öðrum en ykkur. En menn eru nú samt vanastir við það, a. m. k. í sveitunum, að ef menn vilja fá einhvern nýjan hlut, eða ef menn taka sig saman um að hrinda af stað einhverjum framkvæmdum, að þurfa að leggja eitthvað á sig sjálfir, og það jafnvel þó um ríkisframkvæmdir sé að ræða. Og þó þeir menn kæmust í stj., sem mest hafa talað móti þessu frv., býst ég ekki við, að þeir gætu heldur látið framkvæma allt ókeypis, sem gera á fyrir fólkið.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hv. þm. V.-Húnv. andmælti mjög fastlega þeirri lækkun á skatti á bifreiðum lækna og ljósmæðra, sem felst í brtt. á þskj. 58. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er þar ekki lagt til að afnema neinn skatt, heldur er farið fram á, að þær bifreiðar lækna og ljósmæðra, sem notaðar eru til sjúkravitjana, hlíti sama skatti og almennar mannflutningabifreiðar, en ekki svo kallaðar „luxus"-bifreiðar eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég hefði gaman af að heyra það, ef hv. þm. þekkir til þess í strjálbyggðum héruðum, að þessar bifreiðar séu aðallega notaðar sem „luxus"-bifreiðar. (**HJ:** Eins mikið sem „luxus"-bifreiðar). Ég hefi heyrt, að alstaðar þar, sem nokkur skilyrði eru fyrir hendi, sé nú reynt að nota bifreiðar til sjúkravitjana, en víða er fátt um bifreiðar og erfitt að ná til þeirra. Í slíkum tilfellum mundi það eðlilega verða meiri hvöt fyrir lækni að eiga bifreið til að ferðast með, ef skatturinn væri lægri. Jafnvel þó ekki sé meira en sem svarar 60—80 kr. á ári.

Um benzinnotkun smábátanna kom fram mikill misskilningur hjá hv. þm. Það eru einmitt smæstu bátarnir, sem nota benzín til brennslu, sumir þeirra, sem oft ganga ekki nema yfir vorið og sumarið, brenna þetta 300—400 lítrum. Sýnist það æði hart, ef á að skattleggja þessa útgerð sérstaklega með benzínskatti, því víðast er reynslan sú, að benzínvélarnar eru dýrari í rekstri en aðrar mótorvélar, sem útgerðin notar, en eru aðallega hafðar fyrir það, að þær þykja þægilegri í notkun á smábátum.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. lauk máli sínu með því að segja, að við, sem nú andmæltum þessu frv., mundum á sínum tíma, þegar fjárl. koma til umr., ekki sitja hjá með fjárbeiðnir til vegamálanna. Ég er honum alveg sammála um þetta. Hvort sem þessum ummælum hæstv. ráðh. hefir verið stefnt til okkar jafnaðarmanna sérstaklega eða ekki — ég get vel búizt við því, hann hefir stundum áður sent okkur þann sama tón, og a. m. k. má ganga út frá, að við eigum þó okkar skerf af þessum ummælum, — þá vil ég taka fram, að það er ekki rétt, að við höfum nokkurntíma flutt till., er valdið hefðu ríkissjóði útgjöldum án þess að benda á leið til tekjuöflunar jafnframt. Hitt er annað mál, að hæstv. ráðh. hefir ekki allténd líkað okkar till.

Það er ekki ætlun mín að fara að lengja mikið umr. frá því, sem orðið er, en ég vil þó benda á það, sem orðið er alveg ljóst af umr. og ræðum hæstv ráðh., að þessu frv. er aðeins ætlað að auka almennar tekjur ríkissjóðs, og að það er aðeins fyrirsláttur, að benzínskatturinn eigi að þýða aukna vegagerð í landinu. Reynsla síðasta árs sannar þetta mjög ljóslega. Framlag ríkissjóðs til vega hefir verið miklu minna en undanfarin ár, þrátt fyrir það þó að þessi skattur kæmi til. Útkoman verður því sú, að því meiri sem bifreiðaskatturinn verður, því minna leggur ríkissjóður til veganna af öðru fé.

Hér er því um hitt að ræða, hvort þessi skattur er réttlátur eða ranglátur tekjustofn fyrir ríkið. Ég álít hann mjög ranglátan. Hann kemur á gjaldendurna alveg af handahófi, en ekkert eftir gjaldþoli þeirra. Hann kemur jafnt á fátæka sjúklinginn, sem er að fara á sjúkrahúsið, bóndann, sem þarf að flytja nauðsynjar sínar með bifreiðum, og ríkismanninn,

sem ekur sér til skemmtunar um héruð landsins. Slíkur grundvöllur er alveg bandvitlaus. Og mér er það ekki grunlaust, að hæstv. forsrh. viti þetta og þess vegna sigli hann frv. undir þessu fallega flaggi, að skatturinn eigi að fara til þess að bæta vegi landsins.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekkert undarlegt, þó stj. hefði neyðzt til þess að draga úr verklegum framkvæmdum á síðasta ári meir en ætlazt hefði verið til, er fjárl. fyrir 1932 voru samin, því þá hefðu þm. ekki gert ráð fyrir því, að kreppan yrði eins alvarleg og raun hefir orðið á. Ég held, að hér sé um að ræða alveg sérstaka gleymsku hjá hæstv. ráðh. Ef ég man rétt, þá var gengið frá þessum fjárl. í ágúst 1931. Þá var mikið rætt um kreppuna og samþ. þál., þar sem stjórninni var falið að gera sérstakar ráðstafanir til varnar gegn kreppunni, en sem hún hinsvegar sveikst um að framkvæma, eins og hennar var von og vísa. Enda sagði hæstv. ráðh. um fjárl. fyrir 1932, að með þeim hefði verið skorið svo nærri kviku, sem þingið hefði séð sér framast fært.

Ég mun svo að sjálfsögðu greiða atkv. móti frv. sjálfu, en brtt. mun ég samsinna eða neita, eftir því, sem mér þykir við eiga.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég vil aðeins leiðrétta það hjá hv. þm. Seyðf., er hann hafði eftir mér, að við undirbúning fjárl. fyrir 1932 hefði verið skorið svo nærri kviku, sem fært hefði verið. Það var um fjárlögin fyrir 1933, sem ég hafði þessi ummæli. (**HG:** Það er sorglegur misskilningur). Það er að vísu rétt, að kreppan var nokkuð farin að gera vart við sig í ágúst 1931, en miklu alvarlegri varð hún eftir það, og fyrir alvöru reið hún ekki á fyrr en í sept. 1931 með falli sterlingspundsins. Og ég minnist ekki þess, að hv. stjórnarandstæðingar vildu draga úr útgjöldum ríkissjóðsins þá, heldur komu þeir með hinar og aðrar till. um aukin útgjöld.

Hv. þm. Seyðf. bendir mér á, að það eigi að skatta ríka menn, en ekki fátæka. Ég held það sé óhætt að fullyrða það, ef aðeins á að skatta ríka borgara þjóðfélagsins, þá muni aldrei finnast þær tekjur, sem ríkissjóðurinn þarfnast nú á tímum, og það eigi langt í land, að hægt verði að taka alla skatta þannig. Ég get t. d. bent hv. þm. á bæjarfélög, sem eins og kunnugt er innheimta megintekjur sínar í útsvörum, sem lögð eru á eftir gjaldþoli manna, hversu erfiðlega sú innheimta gengur, og jafnvel ekkert betur í þeim bæjarfélögum, þar sem jafnaðarmenn hafa meiri hl. í bæjarstj. Og þó telja þeir ófært að leggja skattana eingöngu á hina ríku, enda mun nú verða langt eftir því að bíða, að það verði hægt, og það segir sig sjálft, að geti bæjarfélag ekki tekið upp þá stefnu, þá getur ríkið það enn síður.

**Magnús Jónsson:** Ég vildi aðeins mótmæla þeirri fjarstæðu, sem hv. 2. þm. Eyf. hélt fram, að hér í Rvík væru engar bifreiðar, sem ekki notuðu allmikið vegakerfi landsins. Ég held, að þessi skoðun hv. þm. hljóti að stafa af ókunugleika. Hér í bænum eru mörg hundruð bifreiða, sem aldrei koma á þjóðvegi landsins nema í hæsta lagi einu sinni eða tvisvar sinnum á sumri, ef sett eru á þær sæti og þeim ekið eitthvað út fyrir bæinn á sunnudögum við einhver alveg sérstök tækifæri.

Hv. þm. sagði, að bifreiðaskatturinn væri hentugur skattstofn. Ég skal ekkert um það segja, það er atriði út af fyrir sig, en ég vil ekki viðurkenna það, að vegirnir eigi sérstaklega að standa undir þeim kostnaði, sem af þeim stafar, fremur en önnur mannvirki, sem þjóðin lætur gera. Ég er þó ekki skilyrðislaust að halda því fram, að aldrei megi leggja á sérstakan skatt í sérstöku augnamiði, ef t. d. um það væri að ræða, hvort hrinda skyldi einhverju bráðnauðsynlegu í framkvæmd, og fullséð væri, að það heppnaðist ekki nema með því að fá til þess sérstakan skatt. Undir einhverjum slíkum kringumstæðum gæti hugsazt, að ég fylgdi slíkum skatti sem þessum.

Hæstv. forsrh. talaði um það, að ekki væri sanngjarnt af þdm. að heimta framlengingu á eldri fjárveitingum og nýjar fjárveitingar, en neita að gefa ríkissjóði tekjur á móti. Þetta er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðh., en er það endilega sjálfsagt að leggja blessun yfir og framlengja allar fjárveitingar síðari ára? Ég held

það væri nær á þessum tímum að slá niður eitthvað af þeim gróðri, sem þotið hefir upp svo milljónum skiptir hin síðari ár. Ég skal ganga í bandalag við hæstv. forsrh. um að slá eitthvað af þessum gróðri niður, ég er ekki í vafa um, að það er þarfara verk en hitt, að íþyngja þjóðinni með okurskatti á farartækjum, sem hún getur ekki án verið.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég trúi því alls ekki, sem hv. 3. þm. Reykv. segir, að hér í bænum séu mörg hundruð bifreiða, sem sama sem aldrei komi á vegakerfi landsins, þar sem þjóðvegirnir ná að heita má alveg inn í bæinn. Ég trúi því t. d. ekki, að það séu hundruð bifreiða, sem aldrei koma hér inn að Elliðaánum. Það er vitanlegt, að allar fólksflutningabifreiðar aka mikið fyrir utan bæinn og vörubílar hér í bænum skipta alls ekki mörgum hundruðum, svo þetta getur ekki verið rétt hjá hv. þm. Auk þess eru margir vörubílar hér, sem aka flutningi út um héruðin, fyrir utan alla fólksflutningana. Alla leið norður á Akureyri koma langflestar bifreiðar héðan úr Rvík, miðað við nokkurn einn stað.

Ég get ekki látið ómótmælt þeim ummælum hv. þm. Seyðf., að þessi skattur sé ekki lagður á eftir gjaldþoli þegnanna a. m. k. að nokkru leyti. Ég veit ekki betur en að fátæklingar og sveitamenn ferðist yfirleitt mest með flutningabifreiðum og þar næst leigubifreiðum, en efnaðir borgarar, einkum í kaupstöðum, nota hinar svokölluðu „lúxus"-bifreiðar, en á þeim er langhæstur þungaskattur eins og kunnugt er, lægri á leigubifreiðum og enginn á flutningabifreiðum. **(HG:** Það er benzínskatturinn, sem mestu skiptir um). Það er rétt, að benzínskatturinn er meiri hluti bifreiðaskattsins, en þrátt fyrir það er rangt að segja, að bifreiðaskatturinn sé lagður jafnt á fátæka og ríka tillitslaust.

**Magnús Jónsson:** Hv. 2. þm. Eyf. trúir því ekki, að margar bifreiðar komi sama sem aldrei á vegakerfi landsins. Ég get ekki gefið honum trúna. Annars skein það út úr ræðu hans, að hann átti aðallega við fólksflutningsbifreiðar, en það er misskilningur, það eru vöruflutningsbifreiðarnar, sem ég átti við, þær skipta hundruðum, sem aldrei fara út fyrir bæinn. **(BSt:** Ekki einu sinni inn að Elliðaánum?). Ég veit ekki, hvað þær eiga að gera inn að Elliðaám. Það eru mörg hundruð bifreiðar hér í bænum, sem eingöngu eru notaðar til flutninga innan bæjar og við höfnina, bæði á fiski, kolum og öðrum vörum.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég vil svara fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. um það, hvort ég þekki til þess, að bifreiðar lækna séu „lúxus"-bifreiðar. Ég skal játa það, að ég hefi ekki mikinn kunnugleika í þessum efnum, en þau dæmi, sem ég þekki, styðja mína skoðun á því, að slíkar bifreiðar séu a. m. k. eins mikið notaðar til skemmtiferða.

Þá hélt hv. þm. því fram, að í nágrannalöndunum væri endurgreiddur tollur af öllu því benzíni, sem notað væri til annara véla en bifreiða. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm., a. m. k. hvað snertir Danmörku og Noreg. Í Danmörku er ekki endurgreiddur benzínskattur á minni ársúttekt en 1000 l. og í Noregi eru 2000 l. lágmark fyrir endurgreiðslu. **(JAJ:** Ég átti við England). Það er því ekki hægt að vitna til nágrannaþjóðanna í þessu efni. Ekki heldur hvað skattinn sjálfan snertir. Í Noregi hækkaði benzínskatturinn úr 6 aur. í 8 aur. pr. lítra síðastl. ár, og gúmmískatturinn úr 2 kr. í 3 kr., en í hlutfalli við það er hann 1 kr. hér á landi. Og að síðustu liggja fyrir norska þinginu till. um að hækka benzínskattinn upp í 10 aur. pr. lítra. Þetta sýnir, hversu erfitt er að vitna í nærliggjandi lönd fyrir þá, sem eru mótfallnir skattinum.

Ég vil taka það fram, að ég álít, að lækkun á skatti af bifreiðum lækna og ljósmæðra, sbr. þskj. 58, komi aðallega til góða fyrir lækna og ljósmæður í Rvík og ekki fyrir sjúklingana. Það er skiljanlegt, þar sem þessi lækkun mundi ekki verða nema frá 30 til 78 kr. á ári, þá muni ekki vera svo hárnákvæmur útreikningur á vinnusölu þessara stétta, að eftirgjöf skattsins kæmi til sjúklinganna. Brtt. á þskj. 58 er því aðeins hjálp til lækna og ljósmæðra. Þeir hv. þm., sem álíta sérstaka þörf á því að veita þessum stéttum ívilnun fremur en öðrum, greiða brtt. að

sjálfsögðu atkv., en ég álít, að þar sé a. m. k. ekki meiri þörf en annarsstaðar.

ATKVGR.

Brtt. 58,1.a—b felldar með 15:6 atkv.
— 58,2—3 komu ekki til atkv.
— 67 felld með 14:7 atkv.
— 64 samþ. með 14:11 atkv.
— 66 felld með 18:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÍ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JÓl, Jónas Þ, LH, MG, PHalld, PO, StgrS, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB.

**nei:** HG, HV, MJ, SvbH, VJ.

Tveir þm. (JJós, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 14. fundi í Ed., 2. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 77).

Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

**Jón Jónsson:** Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort hann gæti ekki fallizt á að taka málið út af dagskrá að þessu sinni. Ég hafði hugsað mér að bera fram brtt. við frv., og hefi ég aflað mér upplýsinga í þessu skyni, sem mér þó hefir ekki unnizt tími til að vinna úr enn, enda bárust mér þessi plögg fyrst nú á fundinum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 77, n. 156, 284).

**Frsm. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Þetta frv. er ekki fyrirferðarmikið, eins og sjá má af þskj. 77, enda er það eins og það þar liggur fyrir í raun og veru ekki annars efnis en að framlengd verði óbreytt um ótakmarkaðan tíma l. þau um bifreiðaskatt, sem sett voru á síðasta þingi.

Við athugun hafa komið í ljós ýmiskonar missmíði á þskj. 77, og hefir n. með brtt. á þskj. 156 tekið burtu og lagfært þessi missmíði, auk þess sem hún hefir gert nokkrar efnisbreyt., þó ekki séu umfangsmiklar.

Ég get þess strax til athugunar, að með brtt. á þskj. 156 er ætlazt til þess ... [eyða í hndr.].

Henni er að vísu skotið inn á skakkan stað. En eftir brtt. n. breytist greinatalan á þann hátt, að það, sem er 3. gr. í frv. og breyt. á 7. gr. l., það á að halda áfram að vera 3. gr., sem ekki fengi staðizt að frv. óbreyttu að öðru leyti.

Efnisbreyt. þær, sem felast í till. n. á þskj. 156, eru tvær. Önnur er sú að lækka innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum úr 1 kr. og niður í 50 aur. kg. Þetta er vegna þess, að slíkt innflutningsgjald er bæði tiltölulega þungbært fyrir bílaeigendur og auk þess lítt sanngjarnt. Þegar þarf að endurnýja gúmmí á bifreiðum, þá er það stór upphæð, sem þarf að greiðast í einu. Og sú mikla verðhækkun, sem þetta aðflutningsgjald hefir orsakað, hefir orðið bíleigendum alveg sérlega tilfinnanleg. Það má nú óhætt segja um atvinnurekstur með bifreiðar nú, t. d. vörubifreiðar, sem mjög margir ökumenn eiga sjálfir, að þar safnast ekki fé fyrir, þannig að menn eigi auðvelt með að hafa handbærar upphæðir til þess að kaupa á öll fjögur hjól á vagni sínum með núverandi verði. Bensínskatturinn er að þessu leyti ekki eins tilfinnanlegur, af því að sú vara eyðist og greiðist smám saman eftir því, sem atvinna þá er til og tekjur koma á móti.

Það er sérstaklega lítil sanngirni í þessu gjaldi hér á landi, þar sem vegir allir eru verri en í nálægum löndum, og verður því sérstaklega mikið slit á þessum hluta bílanna, gúmmíslöngum og hjólbörðum. Það er ekki sanngjarnt að bæta þessu óvenjulega háa gjaldi ofan á óeðlilega mikið slit vegna slæmra vega. Og það er ekki heldur hægt að vísa í fyr-

irmyndir frá nálægum löndum í þessu efni, því að yfirleitt hafa menn horfið frá bifreiðaskatti í þessari mynd.

En aðalbreyt. n., sem hún einnig er sammála um, er sú, að nokkuð af bifreiðaskattinum gangi til þess að malbika umferðavegi í kaupstöðum og verzlunarstöðum með fleiri en 300 íbúa, eða gera á þeim slitlag úr öðru varanlegu efni. Þetta byggist nú á því, að umferð bifreiða er náttúrlega hvergi meiri heldur en um fjölfarna vegi í kaupstöðum og verzlunarstöðum, og þess vegna er hvergi meiri þörf á því að gera varanlegt slitlag fyrir bifreiðaumferð en einmitt á þeim vegum. Hér við má bæta því, að mikill hluti af þessum fyrirhugaða bifreiðaskatti hlýtur að liggja beinlínis á atvinnurekstri bifreiða innan þessara kaupstaða og verzlunarstaða, og er þess vegna í raun og veru sjálfsagt, að slíkir staðir njóti líka hæfilegs hluta af þeim tekjum.

Um þetta stingur n. upp á að setja ákvæði, sem eru samstæð ákvæðum núgildandi l., um þau 20% af bifreiðaskatti, sem á að verja til að malbika þjóðvegakafla, þar sem mest er umferð bifreiða. N. stingur upp á, að ráðh. sé heimilt að krefjast jafnmikils framlags á móti þessum skatti frá hlutaðeigendum. Er ætlunin með því auðvitað sú, að ýta á eftir því, að nauðsynlegar umbætur helztu umferðaveganna í kaupstöðum og verzlunarstöðum komist sem fyrst áfram. Að þessu leyti fer n. fram á, að gerðar séu harðari kröfur til kaupstaða heldur en t. d. sýslufélaga, sem líka eiga að nota nokkuð af þessum skatti án þess að áskilja sér þar framlag á móti.

Með þessum breyt. hefir n. svo getað fallist á, að þessi löggjöf yrði sett án tímatakmarks, eins og stjfrv. fer fram á.

Við þessar till. n. eru nú komnar fram brtt. á þskj. 284 frá hv. 3. landsk. og hv. 2. þm. Eyf. Fyrsta brtt. þeirra fer fram á, að jafnframt þessu verði benzínskattur hækkaður úr 4 aur. og upp í 5 aur. Skil ég, að það muni eiga að vera til uppbótar fyrir þá lækkun á tekjum, sem stafar af niðurfærslu gúmmískattsins eftir till. n. N. hefir nú ekki borið sig saman um þessar brtt., og ég segi þess vegna aðeins fyrir mig persónulega, að ef frv. annars fengi framgang í þeirri mynd, sem ég get fallizt á, þá mundi ég ekki gera þessa hækkun benzínskattsins að ágreiningsatriði. Og þessari skoðun minni hefi ég þegar lýst við meðferð málsins í n.

En svo flytja þessir sömu hv. þm. tvær brtt. undir stafl. a. og b við ákvæði um þann hluta skattsins, sem n. vill láta ganga til kaupstaða og verzlunarstaða með fleiri en 300 íbúum. Þar fara þeir nú fyrst og fremst fram á, að heimilað verði að krefjast tvöfalds framlags á móti. Ég veit ekki, á hverju þetta er sérstaklega byggt. En mér finnst ekki neinn jöfnuður í því að heimta tvöfalt framlag móti þessum skatti af kaupstöðum eða verzlunarstöðum, sem eru hreppar út af fyrir sig, þar sem ekki er heimtað nokkurt framlag á móti frá sýslufélögum. Mér finnst ekki á neinn hátt sanngjarnt að fara lengra í þessu efni en n. stingur upp á, að heimila, að krafizt sé jafnmikils framlags á móti.

Um b-lið brtt. hefi ég það að segja frá mínu sjónarmiði einnig, að mér finnst sú till. eiginlega hvorki geta staðizt að efni né formi. Sú till. byrjar með því að tala um styrk samkv. b- og d-lið þessarar gr. En það er enginn **styrkur**, það fé, sem hlutaðeigandi sveitarfélög, sýslufélög eða kaupstaðir eiga að fá af þessum sjóði. Það er þeirra eign og verður þeirra eign l. samkv., alveg jafnt og það, sem á að ganga til þjóðvega, verður ríkiseign.

Þá vill brtt., að mér skilst, binda notkunarheimild kaupstaða, verzlunarstaða og sýslufélaga á þessu fé því skilyrði, að hlutaðeigendur verji á því ári til vegaviðhalds a. m. k. sem svarar 2‰ af verði fasteigna innan bæjar, sýslu eða kauptúns, eftir fasteignamati. Ég vil leiða athygli að því, að það er í rauninni ekki unnt að tryggja framkvæmd þessa skilyrðis. Þegar á einhverju ári á að gera tilteknar framkvæmdir hjá þessum aðiljum fyrir fé af bifreiðaskattinum og framlagi á móti, þar sem þess er krafizt, þá verður það gert á því ári. En ekki verður séð fyrr en að loknu því ári, að reikningar eru gerðir upp, hversu miklu hefir verið varið til vegaviðhalds í því umdæmi. Er þess vegna ekki mögulegt að tryggja það, að þetta skilyrði, sem hér er sett, verði uppfyllt.

Hins vegar er skilyrðið sjálft alveg ó-

eðlilegt. Tilgangurinn með því að vera að leggja á sig byrðar til þess að gera þetta varanlega slitlag fyrir bílaumferð, er einmitt sá, að losna undan viðhaldskostnaði veganna. Því að reynslan sýnir, að þar sem búið er að gera þetta fullkomna slitlag, og þar sem umferðin er eingöngu eða nær eingöngu bifreiðaumferð, þar hverfur viðhaldið. Þessir vegir slitna ekki. Hin alfjölfarnasta gata í Kaupmannahöfn slitnar minna en einn millimetra á ári. En slitlag það, sem á henni er, er ekki kostnaðarsamt að gera. Það er þess vegna algerlega ósamstætt að fara að setja þetta sem skilyrði fyrir því að mega gera þessa umbót, sem á að leysa kaupstaði undan vegaviðhaldi, að þeir á sama ári verji hárri upphæð til vegaviðhalds. Ég hefi litið eftir því, að hér í Rvík þýddi þessi krafa það, sem stendur, að bærinn ætti á því sama ári sem hann vildi fá að nota eitthvað af þessu sínu eigin fé úr bifreiðaskattssjóði, að verja 175 þús. kr. til vegaviðhalds. Þetta er hærri upphæð en bærinn, eins og nú stendur, sér fært að verja til vegaviðhalds. Og þegar þar við er búið að bæta, að hann eigi að leggja tvöfalt framlag til slitlagsins á móti því, sem má nota af bifreiðaskattsfénu, þá er orðinn úr þessu algerlega óeðlilegur fjötur af skilyrðum, sem ekki styðst við neina skynsemd, að ég get fundið. Ég vildi þess vegna mikillega fara fram á við hv. till.menn, að þeir tæki þennan b-lið seinni till. sinnar aftur. Ég álít ekki, að hann eigi heima í þessari lagasetningu. En um fyrri liðinn, hvort menn vilji gera kröfur um athafnir á þessu sviði svo miklar til kaupstaða og verzlunarstaða, að þeir leggi tvöfalt framlag á móti skattinum, um það álít ég, að atkv. verði að skera úr. Það er náttúrlega gott, ef efnahagur leyfir það, að hafa umbætur á slitlagi bifreiðavega þeim mun hraðari heldur en n. treysti sér til að stinga upp á. En þessi síðari liður finnst mér ekki á neinn hátt geta staðizt, eins og hann liggur fyrir.

**Jón Jónsson** [óyfirl.]: Eins og hv. frsm. hefir nú þegar minnzt rækilega á, þá höfum við hv. 2. þm. Eyf. leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 284 við brtt. n. á þskj. 156. Hann hefir skýrt þær frá sínu sjónarmiði, og vil ég nú skýra þær frá okkar sjónarmiði.

Fyrsta brtt. er um það að hækka benzínskattinn til þess að vega á móti þeirri lækkun á hjólaskattinum, sem verður, ef till. um það verður samþ. Ég skal geta þess, að við getum fallizt á till. um lækkun á hjólaskattinum eða gúmmiskattinum, af því að hann kemur mjög óréttlátlega niður; hann er þungbær þar sem vegir eru slæmir og slysahætta fyrir hjólabörð er mikil. Þetta er ekki sízt í afskekktum héruðum. Benzínskatturinn kemur náttúrlega réttlátlegar niður, því að hann fer aðallega eftir því, hve mikið er keyrt. Hins vegar er hækkunin svo lítil, að hún gerir ekki meira en að vega á móti lækkuninni, sem stafar af hinni brtt.

Ég vil geta þess, að ef brtt. n. eru samþ. eins og þær liggja fyrir, þá verður það til þess, að framlag til beins viðhalds þjóðvega verður ekki meira en eftir l. þeim, sem giltu hér áður. En vitanlega er tilgangurinn með þessari lagasmíð fyrst og fremst sá, að fá aukið þetta framlag til viðhalds þjóðvega.

Hv. frsm. tók nú fyrstu brtt. okkar vel, svo að ég vona, að ég þurfi ekki að fjölyrða meira um hana.

Þá er 2. brtt. í tveim stafliðum. Mér virtist hv. frsm. telja það nokkra ósanngirni að áskilja svona mikið framlag á móti eins og gert er í a-lið, til þess að gera varanlegt slitlag á bæjarvegi. En ég efast um, að þetta sé svo óeðlilegt. Fyrst og fremst er það, að til þess að koma í framkvæmd svo dýru vegaviðhaldi eins og það er að gera varanlegt slitlag, þá vinnst lítið, ef ekki er lagt eitthvað þó nokkuð meira fram en ríkissjóði er ætlað með þessu móti. Mér þykir ekkert óeðlilegt, til þess að tryggja framgang verksins, að áskilja nokkuð mikið framlag á móti. Í annan stað virðist ekki óeðlilegt að áskilja meira framlag frá bæjum en sýslum. Því að með tíð og tíma getur svo farið, að bæirnir eftir þessu ákvæði geti fengið framlag úr ríkissjóði til endurbóta á öllum sínum vegum. En eftir núgildandi löggjöf fá sýslufélög ekki framlag frá ríkissjóði til meiri hl. vega, nefnilega allra hreppavega. Í þeirri sýslu, þar sem ég er kunnugastur,

er meiri hl. vega hreppavegir, sem fá ekkert framlag. Það sýnist því ekki óeðlilegt, þótt bæjarfélögin leggi töluvert meira til. Það er ekki líklegt, að þau verði neitt harðar úti fyrir því heldur en sýslufélögin. Í flestum sýslum mun kostnaðurinn við hreppavegina vera eins mikill og við sýsluvegina, og sumstaðar tvöfalt meiri.

Ég skal geta þess um þessa brtt., að hún er samin í samráði við vegamálastjóra, og hann mun leggja töluvert mikla áherzlu á hana, bæði að framlagið sé áskilið svona mikið, og eins að hægt sé að setja skilyrði, sem tryggi betur framkvæmd verksins, svo að hann geti haft hönd í bagga um, að fénu sé vel varið og þar, sem mest þörf er á.

Annars skal ég geta þess, að ég veit ekki, að hve miklu gagni það er fyrir bæjarfélög yfirleitt eins og nú standa sakir, að hafa ráðagerðir um að gera svona slitlag á vegi. Ennþá hafa þau ekki treyst sér til að leggja í það nokkuð að ráði, nema Rvík ein. Þykir mér því spursmál, hvort heppilegt sé að miða eingöngu við þessa gerð vega. Þótt æskilegt sé, að vegirnir kæmust í þetta horf, og það sem fyrst, þá býst ég við, að þessi ákvæði verði notuð fyrst um sinn í Rvík einni.

Þá er seinni liður okkar seinni till., sem hv. þm. fór mjög hörðum orðum um, og taldi, að hvorki gæti staðizt að efni né formi. Um formið er það að segja, að í b-lið 8. gr. þessara l., sem verið er að breyta, er gert ráð fyrir, að þessu framlagi, 15%, megi verja til akfærra sýsluvega. Ég get þess vegna ekki séð annað en að þetta sé í raun og veru réttnefndur styrkur. Ég sé við nánari athugun, að hv. þm. hefir kveðið svo fast að orði um þessa nýju liði til bæjarfélaganna, að hann gerir ráð fyrir, að 15% af hvers árs tekjum skuli verja til malbikunar o. s. frv. Samt sem áður verð ég að skoða bæði þessi framlög sem styrk frá því opinbera til hlutaðeigandi sýslufélaga og bæjarfélaga.

Þá sagði hv. frsm., að þetta yrði ekki unnt að framkvæma, vegna þess að ekki er hægt að sjá fyrirfram, hve miklu yrði varið til vega. En vitanlega höfum við gert ráð fyrir, að við úthlutun yrði byggt á áætlun og borgað samkv. henni. Skil ég ekki, að þetta sé meiri vandkvæðum bundið en gagnvart sýslufélögunum. Um þau gilda þau ákvæði samkv. sýsluvegasjóðslögunum, að þau fá ekki fé úr ríkissjóði, nema þau verji meiru en 2‰ af verði fasteigna til vega. Ef viðhaldskostnaðurinn eða vegagerð nemur ekki nema 2‰, þá finnst mér hann ekki það þungbær, að ástæða sé til að trygggja framlag ríkissjóðs með sérstökum ákvæðum. Þess vegna held ég, að ekki sé neinum sérstökum annmörkum bundið að fylgja þessu ákvæði í bæjum frekar en í sýslufélögum. Hv. frsm. kvað allt viðhald hverfa úr sögunni þegar búið væri að malbika. Betur, að svo væri. En ég býst við, að það taki alllangan tíma. Svo sýnist mér hér í Rvík, því miður, að þessar malbikuðu götur vilji slitna og skemmast fljótt. Mér sýnist koma í þær holur, og að þær muni þurfa eitthvert viðhald.

Þá hefir verið talað um, að brtt. okkar komi harkalega niður á Rvík, því hún muni ekki verja til vega sem svarar 2‰ af matsverði fasteigna í bænum. Ég hefi ekki kynnt mér þetta fyllilega. Ég sé, að Rvík hefir varið eitthvað um 400 þús. kr. til gatna- og holræsagerða, en ég veit ekki nákvæmlega, hvernig það skiptist. Það má vera, að það sé rétt, að Rvík verji ekki sem svarar 2‰ af matsverði fasteigna til vegaviðhalds. En sé svo, þá finnst mér ekki vegakostnaðurinn hvíla svo þungt á bæjarbúum, að ástæða sé til að veita styrk vegna hans. A. m. k. fyndist okkur það ekki úti um sveitirnar. Hitt göngum við inn á, að það sé ekki nema sjálfsagt að láta einhvern hluta af skattinum koma bæjunum til góða. En okkur finnst ekki nema sanngjarnt að binda það þeim skilyrðum, sem tryggja, að eitthvað verulegt verði úr framkvæmdum, eða m. ö. o. þeim skilyrðum, sem yfirleitt eru sett fyrir framlögum til sýsluvega. Vona ég því, að hv. d. samþ. þær brtt. báðar, sem við höfum borið hér fram.

**Frsm. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Hv. 3. landsk. talaði um þann hluta bifreiðaskattsins, sem ráðgert er að falli til vega í kaupstöðum, eins og það væri framlag úr ríkissjóði. Þetta er misskilningur. Sá hluti af skattinum, sem ganga á til vega

í kaupstöðum, er ekkert framlag úr ríkissjóði. Þessi l. eru að því leyti í samræmi við hliðstæða löggjöf annara þjóða, að bifreiðaskatturinn rennur samkv. þeim ekki í ríkissjóð, heldur er honum skipt niður á annan hátt. Hér stendur, að lögreglustjórar skuli innheimta skattinn, og tollstjórinn hér í Rvík, og fari reikningsskil eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir. Ég lít svo á, og hefi litið svo á frá öndverðu, að tekjurnar af bifreiðaskattinum verði eign þeirra aðila, sem l. ákveða, að skuli hreppa þær. Þetta er að vísu fremur formsatriði heldur en efnisatriði. En mér virðist það þó hafa haft nokkur áhrif á hugsun þeirra hv. þm., sem flytja brtt. á þskj. 284. Það er eins og þeim finnist eðlilegt að setja samskonar skilyrði fyrir því, að eigendur þessa fjár megi nota það, eins og finna má í löggjöf fyrir framlagi úr ríkissjóði til þeirra. En það finnst mér alls ekki viðeigandi. Það ákvæði, sem n. hefir stungið upp á, að kaupstaðir og verzlunarstaðir verði skyldaðir til þess að leggja fram á móti þeirra hluta af skattinum sömu upphæð til varanlegra vegabóta, er ekki gert með það fyrir augum, að hér sé um styrk að ræða, heldur á það að vera til þess að herða á því, að meiri umbætur verði gerðar á þessu sviði heldur en hægt er að gera fyrir skattinn einan. Nú hefir vegamálastjóri stungið upp á að krefjast tvöfalds framlags á móti þeim hluta skattsins, sem ganga á til kaupstaða og verzlunarstaða. Það vill nú svo til, að hér er aðallega að ræða um vegi, sem samkv. landslögum eru utan við verksvið vegamálastjóra, nefnilega vegina í kaupstöðum landsins. Og till., sem snerta þá vegi, get ég ekki metið eftir því, hvort þær koma frá vegamálastjóra eða öðrum. Þessari till. mun ætlað að auka hraða framkvæmdanna, en spurningin er einungis sú, hvort borgararnir hafa gjaldgetu til að bera þann hraða uppi. Ég álít ekki rétt að heimta meira en jafnt framlag á móti þessum hluta skattsins, sem kaupstaðirnir og kauptúnin eiga að fá. Ég er viss um, að ef kaupstaðirnir og kauptúnin finna hjá sér getu til þess að hafa meiri hraða á framkvæmdunum, þá geri þau það án þess þau séu knúin til þess.

Ég er alls ekki sammála hv. 3. landsk. um það, að þetta komi ekki til greina nema í Rvík. Samkv. till. n. á ráðh. að skipta þessu fé milli kaupstaðanna og kauptúnanna í landinu. Og ég býst ekki við, að nein stj. geri kaupstaðina úti um land afskipta. Að vísu mun hlutur smærri staðanna sennilega verða of lítill til þess að ráðast í lagningu malbikaðra vega þar árlega. En þá geri ég ráð fyrir, að gangur málsins verði sá, að upphæðum þeim, sem í hlut smærri verzlunarstaðanna falla, verði safnað saman í nokkur ár, þangað til hægt er að taka fyrir dálítinn vegarkafla í einu. Og ég tel enga tryggingu fyrir því, að fjárhag þeirra verzlunarstaða verði svo varið, að þeir geti þvingunarlítið lagt fram af öðrum tekjum sínum tvöfalda upphæð á móti skattinum þau árin, sem ráðizt yrði í framkvæmdir. Ég hygg, að með því sem n. fer fram á, að áskilja jafna upphæð á móti, sé farið eins langt og tiltækilegt er í þessu efni.

Þá vildi hv. 3. landsk. gera samanburð á sýslum og kaupstöðum í þessu efni, og sagði, að sýslurnar fengju ekkert úr ríkissjóði til sinna vegamála, nema þær legðu sjálfar fram til vegaviðhalds og vegagerða a. m. k. 2‰ af matsverði fasteigna. Á því á að vera byggt ákvæðið í brtt. á þskj. 284 um, að framlögin til varanlegra vega séu bundin því skilyrði, að „hlutaðeigandi bæjarfélag, sýsla eða kauptún verji á því ári til vegaviðhalds að minnsta kosti sem svarar 2‰ af verði fasteigna innanbæjar, sýslu eða kauptúns eftir fasteignamati". Ég skildi þetta orð, vegaviðhald, eins og venjulegt er að meina með því, að þar væri ekki átt við lagningu nýrra vega, heldur aðeins viðhald eldri vega. En mér fannst á ummælum hv. 3. landsk., að hann slá hér úr og í; að hann e. t. v. eiga við, að lagt væri fram vegafé í heild til nýrra vega og vegaviðhalds, sem svaraði 2‰ af fasteignamatsverði kaupstaðarins. Ef þetta er meiningin, að það megi telja framlag kaupstaðanna til nýrra vega með í þeirri upphæð, sem þarf til að fylla þessi 2‰, þá getur e. t. v. orðið eitthvert vit úr þessu, en þá er líka þessi brtt. gersamlega óþörf. Ég hygg, að það liggi í hlutarins eðli, að smærri verzlunarstaðirnir myndu

það árið, sem þeir ráðast í malbikunarframkvæmdir og ættu að leggja fram, hvort sem það nú væri einu sinni eða tvisvar sinnum, sömu upphæð á móti samansöfnuðum bifreiðaskatti nokkurra ára, reyna að draga úr venjulegu vegaviðhaldi og vegaframkvæmdum, til þess að geta fengið sem mest fé til malbikunarinnar. Einnig í þeim tilfellum held ég, að óeðlilegt væri að hafa þetta sérstaka ákvæði um 2‰ framlag til vegaviðhalds, nema því aðeins, að telja mætti þar með það, sem lagt væri á árinu fram á móti bílaskattinum. Ég hefi ekki athugað, hvernig það tæki sig út í framkvæmdinni, ef út í það væri farið, en ég er nokkurnveginn sannfærður um, að þetta væri alveg þýðingarlaust ákvæði. Í flestum tilfellum myndu kaupstaðirnir leggja fram til vega alls sem svarar 2‰ af fasteignamatsverði hvort sem er. Hitt ákvæðið, um einfalt framlag á móti bifreiðaskattinum eins og n. leggur til, eða tvöfalt eins og brtt. hv. 3. landsk. gerir ráð fyrir, mundi alveg nægja til þess að ýta undir framkvæmdirnar þau árin, sem í malbikun er ráðizt.

Það eru því engin rök fyrir því, sem hv. 3. landsk. var að tala um, að vegakostnaðurinn hvíldi ekki þungt á Rvík, ef hann færi ekki fram úr 2‰ af matsverði fasteigna í bænum. Ég átti aðeins við vegaviðhaldið út af fyrir sig. Kostnaðurinn við vegaviðhald og götulagningar til samans fer langt fram úr þessu.

Loks gat hv. þm. þess, að malbikuðu göturnar virtust endast illa hér í Rvík. Það er alveg rétt. Bærinn hefir ekki ennþá haft efni á að fá þau tæki, sem þurfa til þess að ganga svo vel frá malbikuðum götum, að þær verði varanlegar. Þess vegna endast göturnar hér í Rvík svona illa. Og höfuðástæðan til þess, að ég er með þessu frv. um bifreiðaskatt, er sú, að ég sé nauðsynina á því, að hér eins og annarsstaðar verði farið inn á þá braut að gera varanlegt slitlag á vegina þar sem umferðin er mest. Fyrst þarf að útvega þau tæki, sem til slíkra framkvæmda eru nauðsynleg, og það má ekki búast við, að sá hluti af bifreiðaskattinum, sem ætlaður er til þessara hluta, hrökkvi til þess að gera meira fyrsta árið heldur en að kaupa þessi tæki. En þá er líka lagður grundvöllurinn að því, að byrjað geti hér þær framfarir í vegagerð, sem orðið hafa í öðrum löndum síðan bifreiðaumferðin kom til sögunnar.

Ég held fast við það, að hvernig sem brtt. hv. 3. landsk. eru teygðar og togaðar, þá færi bezt á því, að þær væru teknar aftur að svo stöddu. Og í öllu falli verð ég að ráða hv. d. frá að samþ. þær eins og þær liggja nú fyrir.

**Magnús Torfason:** Ég stend upp til þess að mótmæla því, að enn sé hert á álögum á flutninga um héruð landsins. Eg geri það fyrst og fremst af þeim sökum, að mér er það fullkunnugt, að þeir menn, sem hafa atvinnu af flutningum, berjast nú mjög í bökkum og eiga afarerfitt með að halda áfram þeirri atvinnu. Mér er kunnugt um, að bankar og einstaklingar, sem lagt hafa fé í farartæki handa þeim mönnum, sem þessa atvinnu stunda, hafa tapað því og eru að tapa því ár frá ári. Þetta kemur líka fram á þann hátt, að síðan þessi nýju lög um bifreiðaskatt komu í gildi, hefir hver bifreiðin á fætur annari í minu umdæmi skilað númerinu á skrifstofuna til þess að komast undan skattinum. Það er vitanlega ekki eingöngu skattinum að kenna, að númerunum er skilað, en hann herðir þar á samfara yfirstandandi kreppu.

Í öðru lagi er það vitanlegt, að þau héruð, sem erfiðast eiga með flutninga, og þar sem bifreiðaaksturinn er dýrastur, það eru einmitt héruðin, sem ekki hafa grjót til undirlags í vegina, heldur aðeins mold. Og þau hafa orðið, samkv. kröfum vegamálastjóra og þeirra manna, sem vegagerðinni og vegaviðhaldinu stjórna í sýslunum, að láta loka sínum vegum hverjum á fætur öðrum. Þessi lokun veganna hefir einnig orðið til þess, að bílar hafa hætt að ganga í þeim héruðum. Yfirleitt má lýsa ástandinu fyrir austan þannig, að ekki eru aðrir bílar í ferðum heldur en þeir, sem atvinnu hafa hjá mjólkurfélögunum, kaupfélaginu eða kaupmönnum í þorpinu. Ég held mér sé óhætt að segja, að það sé ekki nema einn bílskrjóður á vegunum í Árnessýslu í vetur, fyrir utan þær bifreiðar, sem mjólkurfélög og verzlanir skipta við. Því er það, að ég held, að ekki sé vert að fara

að hækka benzinskattinn. Eins og ég hefi áður haft tækifæri til að sýna fram á, kemur hann alltaf þyngst niður þar sem vegirnir eru verstir, og þar með flutningarnir erfiðastir og dýrastir. Ég verð því fyrir mitt leyti algerlega að leggja á móti brtt. 1 a á þskj. 284. Að því er snertir brtt. 2 b á sama þskj. get ég vísað til þess, sem hv. 1. landsk. sagði þar um. Ég get tekið það fram, að ég skildi orðið „vegaviðhald" þannig, að með því væri ekki átt við lagningu nýrra vega. Ef það hefir verið meining hv. flm. till., að telja mætti fé, sem lagt er í nýja vegi, þarna með, þá má vitanlega bæta úr því með skrifl. brtt. En þá held ég, að þetta ákvæði komi ekki að miklu haldi. Ég skil ekki í, að nokkurt sýslu- eða bæjarfélag verji minna en 2‰ af matsverði fasteigna innan sinna takmarka til vega yfirleitt. Því það er nú svo, að kröfurnar um bætta vegi eru æði háværar, og a. m. k. þar sem ég er þessum málum kunnugur stendur á því, að sýslu- og sveitarsjóðir hafi nægilega mikið fé til þessara framkvæmda, en ekki á löngun almennings og kröfum hans um nýja vegi.

Ég lít svo á, að þótt samkv. till. n. eigi að létta þessa skatta eilítið, þá sé alls ekki víst, að það verði neinn verulegur tekjumissir fyrir ríkissjóð. Við verðum að athuga það, að við lifum á krepputímum. Maður í ofanverðri Árnessýslu, sem hefir atvinnu af almennum flutningum þar, jafnframt því sem hann flytur mjólk til búanna, sagði mér, að mannflutningarnir með hans bifreið hefðu verið helmingi minni í júní og júlí síðastl. ár heldur en árið áður. Slíkt og annað eins sýnir getuleysið hjá mönnum og sannar það, sem ég áðan hélt fram, að ekki mun vera vert að leggja meiri skatt á þessa atvinnu og þar með á alla flutninga heldur en orðið er, heldur væri fremur ástæða til að létta nokkuð á. Ég fyrir mitt leyti hefði komið með frekari till. í þá átt, ef ég hefði ekki litið svo á, að ríkissjóður mætti sem minnst missa af þeim tekjum, sem hann nú hefir.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Skattur sá, sem hér er farið fram á að lögfesta áfram, bifreiðaskatturinn, kemur vitanlega þyngst niður á þeim, sem mest þurfa bifreiðanna við, og verða það því aðallega kaupstaðir landsins, sem verða fyrir þessum skatti. Það er auðvitað sjálfsagður hlutur, að þar sem skatturinn kemur þyngst niður, þar komi einhver fríðindi á móti. Þess vegna er það, að fram er komin brtt. frá n. um það, að kaupstaðirnir fái framvegis eitthvað af þessum skatti til eigin afnota. En ég sé ekki betur en að með brtt. þeim, sem fram eru komnar við brtt. n., sé reynt að koma því þannig fyrir, að kaupstaðirnir fái ekki þann hluta af skattinum, sem n. ætlar þeim að fá. Till. eru ekki þannig orðaðar að vísu, en þær miða að því að gera kaupstöðunum svo erfitt fyrir með að verða þessa styrks aðnjótandi sem mögulegt er.

Það liggur í hlutarins eðli, að margir af þeim vegum, sem í kaupstöðunum eru og sem kaupstaðirnir leggja, eru ekki einungis notaðir af kaupstaðarbúunum sjálfum. Þeir liggja oft á milli landsjóðsvega og eru því notaðir af landslýðnum yfirleitt. Ég veit t. d., að það er þannig suður frá hjá okkur, að sá vegur, sem langmest er notaður og kostar okkur árlega langmest viðhald, það er einmitt vegarbúturinn milli landssjóðsveganna héðan og suður á Reykjanesskaga. Það mun ekki ofmælt, að $^1/_5$—$^1/_4$ af umferðinni um þennan vegarspotta sé af mönnum, sem ekki búa í Hafnarfjarðarkaupstað. Undanfarið hefir það mjög verið til umr. að gera þennan vegarstúf á einhvern hátt varanlegan, vegna þess hvað erfitt er að halda honum við eins og hann er nú. Það má vera, að það megi sletta því í Hafnfirðinga, eins og mér virtist hv. 3. landsk. hálfvegis gera, að þeir hafi ekki gert mikið að því að malbika vegi hjá sér. En það er ekki af því, að þeir hafi ekki haft vilja á slíkum framkvæmdum, heldur er það getuleysi, sem hefir hamlað þeim á þessu sviði, eins og svo mörgum öðrum. Ef það fé, sem kaupstaðirnir eiga að fá af bifreiðaskattinum, er lagt í sérstakan sjóð, eins og n. leggur til, og hann ávaxtaður, og kaupstaðirnir gætu svo fengið úr honum til malbikunar, eftir því sem þeir sæu sér fært og hefðu efni á að ráðast í slíkar framkvæmdir, þá batnaði vitanlega nokkuð afstaða þeirra til þess að leggja í slík fyrirtæki. Og ef

l. um bifreiðaskatt eiga að gilda áfram, þá er það sjálfsagður hlutur, að bæirnir, sem harðast verða úti, fái einhver slík hlunnindi, að þeim verði gert kleift að bæta vegakerfi sitt.

Það hafa komið fram skiptar skoðanir um það, hvernig skilja beri brtt. hv. 3. landsk. og hv. 2. þm. Eyf., hvort það, sem varið er til vegaviðhalds, eigi að telja framlög til nýrra vegalagninga. En ég verð að segja, að ef það er meiningin, að vegaviðhaldið eigi að vera þar fyrir utan, þá getur það orðið þungur skattur á bæjarfélögum að ráðast í slíkt. Það ætti t. d. að krefjast þess, að við Hafnfirðingar verðum a. m. k. 15½ þúsundi (2‰ af verði fasteigna) til vegaviðhalds á þeim sama tíma, sem við leggjum fram tvöfalda þá upphæð, er fæst úr ríkissjóði til malbikunar á vegi eða vegum í bænum, en slíkt virðist mér brtt. á þskj. 284 fara fram á. Ef þessar brtt. komast inn í þessi l., þá verður það sama sem að neita kaupstöðunum um þessi 15%, sem þeir eiga að fá samkv. nál., því þeir geta ekki staðið undir því að leggja fram helmingi meira en ríkissjóðsstyrk næmi, og þar að auki til vegaviðhalds 2‰ af verði fasteigna, sem verður ca. 15½ þús.

Á síðustu fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar var ætlað til vega, holræsa og vatnsveitu 20 þús. kr., sem er lítið hærri upphæð en ég áður hefi nefnt, hærra sáum við okkur ekki fært að fara. Ef þar að auki ætti að leggja fram úr bæjarsjóði 2 hluti mót 1 úr ríkissjóði á því ári, sem ráðizt væri í malbikun, þá sér hver heilvita maður, að það verður dýrt spaug fyrir bæinn að ráðast í þetta nauðsynlega fyrirtæki. Ég verð líka að segja það, að hv. 3. landsk. hefir ekki leyfi til þess að segja, að það sé spursmál, hvort malbikun sé hentug, af því að bæir hafi yfirleitt ekki gert mikið af því nema Rvík og Akureyri lítilsháttar. Það er ekkert spursmál, hvort það er heppilegt eða ekki, heldur er það bara af getuleysi, að þeir hafa ekki gert það. Það kostar svo mikið að byrja á þessu verki og það þýðir ekki neitt að malbika lítinn spotta, það verður helzt að vera nokkur vegalengd og þá hlýtur það að verða töluverð fjárupphæð úr bæjarsjóði, þó ekki sé farið fram á meira en helming af því framlagi, sem kemur frá bifreiðaskattinum. — Hv. 3. landsk. talaði líka um það, að ef horfið væri að þessu, þá mundi ekki líða langur tími, þangað til kaupstaðir væru búnir að fá allar sínar götur malbikaðar af þessum bifreiðaskatti. Það finnst mér vera nokkuð mikil bjartsýni af honum, því þessum 15% á að skipta niður á svo marga kaupstaði í landinu. Það tekur fleiri ár að safnast til hvers einstaks bæjar, svo honum verði kleift að fá nægilegt fé til malbikunar. Þeir eru litlu bættari með að leggja út í slíkt fyrir kannske nokkra tugi þús., því það er ekki stór spotti, sem fæst malbikaður fyrir það. Ég býst ekki við, að hv. þm. þurfi að vera hræddur um það, að kaupstaðir fái malbikun fyrir sama og ekki neitt á örstuttum tíma. Ég segi fyrir mig, að ef gerðar verða þær breyt. á frv., að skatturinn verði hækkaður ennþá meir, og kaupstöðum og bæjum, sem verst verða úti, gert erfiðara með að verða aðnjótandi þessara hlunninda, sem nál. fer þó fram á, þá hika ég ekki við að greiða atkv. móti frv.

**Jón Baldvinsson:** Við umr. um þetta mál í fyrra gerði ég ráð fyrir, að þessi skattur, benzinskatturinn, og annað, sem honum fylgdi þá, mundi gera það að verkum, að atvinnurekstur þeirra, sem hefðu flutningsbíla, mundi eiga örðugt uppdráttar og margir ganga frá með öllu, þegar frá liði. Nú hefir hv. 2. þm. Árn. lýst ástandinu í sínu héraði og skýrt frá því, að fjöldi manna, sem við bíla hafa fengizt, hafi skilað númerum sínum aftur til þess að komast hjá því að greiða af þeim skatt. Fyrir skömmu var birt löng auglýsing í blöðunum, þar sem taldir voru upp þeir bílar, sem eiga ógoldna skatta, og þeir voru ekki færri en 90. Þessa bíla átti að selja á uppboði, en mér er ekki kunnugt um það, að hve miklu leyti öll þessi sala hefir verið framkvæmd. Þetta sýnir, hvað mikla erfiðleika þeir menn eiga við að stríða, sem hafa þessa atvinnu. Ég er ekki í vafa um það, að þessi skattur hefir átt sína stóru hlutdeild í því, að svo er komið fyrir bílaeigendum, að svo margir þeirra hafa orðið að láta tæki sín af hendi. Með vaxandi erfiðleikum hjá almenningi og þar

af leiðandi minnkandi ferðalögum, hefir ástandið versnað hjá bifreiðaeigendum, en skatturinn hefir gert það sem þurfti með, að menn geti ekki haldið þessum atvinnurekstri áfram, svo nauðsynlegt sem það er fyrir okkur í þessu erfiða landi hvað samgöngur snertir, að halda uppi þessum einu tækjum, sem við höfum til skjótra flutninga.

Nú fer hæstv. stj. fram á að framlengja þetta frv. óbreytt, en fjhn. hefir gert nokkrar till. til lækkunar á skattinum, sem ég tel að vísu sjálfsagt að samþ., enda þótt ég muni ekki þrátt fyrir það treysta mér til að greiða frv. atkv. áfram.

En út af þessu skattafrv. finnst mér ástæða til að beina því til hv. 1. landsk., að í umr. um verðtoll lét hann þá skoðun í ljós, eins og hann hefir gert oft áður, að hann mundi því aðeins greiða fyrir, að það frv. gengi til 2. umr., að hann geymdi sér að öllu öðru leyti óbundna afstöðu til málsins og annara skattamála, þangað til séð væri um undirtektir þingsins í stjórnarskrármálinu. Nú er þetta að vísu 2. umr. málsins og má vel vera, að allt geti staðizt, sem hv. 1. landsk. talaði, en það er ein brtt. frá n., sem mér finnst benda dálítið í aðra átt, 5. brtt. á þskj. 156, þar sem n. gerir þá till. við 11. gr. l. frá 1932, að í staðinn fyrir að þau voru bundin til ársloka 1933, þá skulu þau gilda áfram og ekki vera tímabundin og verða þannig fastur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Ég mun því eins og ég hefi sagt greiða atkv. með till., sem fara fram á lækkun, en móti till. hv. 3. landsk., en ég mun ekki sjá mér fært að fylgja frv., jafnvel þó till. verði samþ.

**Jón Jónsson** [óyfirl.]: Það hafa komið fram allmiklar aths. við okkar till. og skal ég svara þeim að nokkru. Hv. frsm. n. vildi ekki láta skoða þetta, sem kaupstaðir og jafnvel sýslur ættu að fá samkv. l. og till., sem framlag úr ríkissjóði. En mér finnst það nú líks eðlis sem það væri framlag úr ríkissjóði, því þetta fé er fengið inn sem landsskattur eins og aðrar tekjur ríkisins, og ríkið annast um innheimtu þess og lætur það aftur af hendi. Það er bara ákveðið fyrirfram, þó með skilyrðum að sumu leyti, að það skuli fara til þessara þarfa. Það er nauða lítill munur á því og beinu framlagi úr ríkissjóði. Annars fannst mér sem hv. frsm. væri ekki mjög mikið á móti því, þó áskilið væri tvöfalt framlag frá bæjum, því að því fylgdi sá kostur, að þá væri trygging fyrir því, að meira yrði gert, og það er nauðsynlegt til þess að í þetta verði ráðizt, að mikið fé sé fyrir hendi. En hann sagði, að það væri máske ekki nauðsynlegt að ákveða þetta, því bæirnir myndu leggja fram meira, ef þeir gætu. Ég held, að það sé miklu heppilegra að gera þetta að skilyrði, til þess að það geti orðið sem mest, hið opinbera framlag. Annars virðist hafa komið fram misskilningur hjá hv. 1. landsk. og hv. þm. Hafnf. og má vera, að það sé að einhverju leyti okkur að kenna, um það hvað átt er við með vegaviðhaldi. Við teljum framlag til vegaendurbóta og malbikunar og annað en það, sem fer beint til þess að leggja nýja vegi, til vegaviðhalds. Ef Rvík legði fram 175 þús. kr., þá er því ákvæði fullnægt hjá okkur, þó að af því fé sé varið svo og svo miklu til malbikunar.

Þá var hv. þm. að tala um það, að það væri e. t. v. misskilningur, að þetta kæmi öðrum kauptúnum að gagni en Rvík. Því miður er ég ekki viss um nema það sé rétt. Eins og hv. þm. tók fram, þá þurfa bæirnir að hafa dýr tæki til þess að malbika vegi. Það yrði því mjög kostnaðarsamt fyrir bæi að leggja út í það, þar sem hver hlaupandi metri kostar um 50 kr. Ég er því hræddur um að það muni dragast annarsstaðar en í Rvík, að ráðizt verði í slíkt. Það er fjarri því, að ég haldi, eins og mér skildist á hv. þm. Hafnf., að það mundi ekki líða nema stuttur tími, þangað til allir bæir verði búnir að fá götur sínar malbikaðar. Ég einmitt tók það fram, að ég byggist við, að það mundi dragast nokkuð lengi, þó það hinsvegar væri æskilegt, að það yrði sem fyrst, náttúrlega bæði í bæjum og sveitum. Annars virðist mér, að hv. þm. finnist, að með bæina sé farið hálfilla í þessu frv. En ég held, að það sé nú einmitt þvert á móti. Ég vil benda á það, að í l. er ákveðið, að 20% af hvers árs tekjum megi verja til þess að greiða kostnað við malbikun eða varanlegt slitlag. Og það er enginn vafi á því, að fyrsta sprettinn mundu

þessar viðgerðir fyrst og fremst lenda á þeim vegarköflum, sem lægju næst aðalstöðvunum, t. d. frá Rvík og austur eftir og leiðina milli Hafnarfjarðar og Rvíkur. Ég sé því ekki annað en að $^1/_5$ partur af öllum skattinum mundi fyrst og fremst koma kaupstöðunum að gagni, og þeir þurfa því ekki að kvarta.

Hv. 2. þm. Árn. þótti ekki ástæða til, að hert væri á álögunum með þessu. Ég vil benda honum á, að samkv. brtt. okkar er ekkert hert á álögum frá því, sem er á gildandi l. En ég vil benda honum á, að það er spursmál, hvort það er Árnesingunum hans, sem hann ber mest fyrir brjósti, ekki fyrir beztu að hafa bifreiðaskattinn sem ríflegastan, til þess að viðhald veganna verði stórum betra og bílaakstur þar af leiðandi miklu ódýrari. Ég held, að það hafi mikið að segja að koma vegum og vegaviðhaldi í sem bezt horf, til þess að flutningar verði sem ódýrastir. Hv. þm. sagði, að bílstjórar berðust í bökkum. Það er svo í öllum sveitum. En ég efast um, að það sé vegna skattsins, heldur vegna þess, hve ungu mennirnir hafa keppzt hver við annan um að fá sér bíl, og svo er afleiðingin sú, að þeir eru orðnir allt of margir fyrir flutningsþörfina og bílstjórarnir því farið á hausinn. Þetta stafar líka af því, hve bílar endast hér illa, vegna þess hve vegirnir eru slæmir.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að ég hefði verið að tala um, að það væri spursmál, hvort malbikun væri heppileg. En það er fjarri því, að ég telji það spursmál, ég tel það einmitt æskilegt, að vegarkaflar séu malbikaðir, þar sem því verður við komið, en ég er bara hræddur um eins og ég gat um áðan, að smærri kauptúnum kæmi þetta ekki að gagni, a. m. k. ekki fyrst um sinn. En það má vera, að Hafnarfjörður sé undantekning fyrir það, hvað hann er nálægt Rvík og getur því sennilega fengið áhöldin lánuð héðan.

Af þessu, sem ég hefi sagt og þar sem menn hafa fengið skýringu á því, hvað átt er við með „vegaviðhaldi“, vonast ég til, að brtt. okkar verði samþ. eins og þær liggja fyrir.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Ég vildi taka undir það, sem hv. frsm. og hv. þm. Árn. hafa sagt um þetta mál, að ástæðan til þess, að við í fjhn. hölluðumst að því að létta dálítið bifreiðaskattinn, var sú, að hann var orðinn svo ósanngjarnlega þungur, að til vandræða horfði. Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um þetta mál, heldur aðeins undirstrika það, að þessi teg. skattgjalds, eins og skatturinn á gúmmíi, kemur langharðast niður á þeim, sem versta hafa vegina eins og t. í V.-Sk., þar sem heita má, að hver maður verði að nota bíla til nauðsynlegra flutninga á meira eða minna vondum vegum. Og þó það sé rétt, sem vakir fyrir þeim, sem mælt hafa með því að leggja háa skatta á bílana til þess að bæta vegina, þá er viss lína þar á milli, þar sem þessir hagsmunir mætast. Það er til hagsmuna fyrir bílana, að vegirnir batni, en ef þessi skattur, sem á að vera vegunum til bóta, verður að vera of þungur, þá verkar hann til skaðræðis fyrir flutninga. Ég held, að það sé sönnu nær að halda sér að því eins og stendur að skatta benzínið, þó gert sé ráð fyrir, að smátt og smátt fái menn betri leið til þess að ná sama takmarki, en að skatta sjálfa eyðsluna á bílunum. Ég á þar við till., sem hefir komið fram, þar sem gert er ráð fyrir, þegar batnar í ári og meiri innflutningur verður á bílum, að láta landið hafa þann gróða, sem er af innflutningi bíla, en rennur nú til einstakra manna. En nú er enginn innflutningur á bílum, og þá er ekki af öðru að taka en eyðslunni eins og gert hefir verið. Og ég held því fram, að versti pósturinn í þessari álagningu sé slitið á gúmmíi hjá þeim, sem sízt mega við því.

Ég mun því greiða atkv. móti brtt. á þskj. 284, af því að ég álít þær ekki heppilegar fyrir málið í heild sinni.

**Frsm. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Ég vil út af brtt. á þskj. 284 minna á það, að hv. till.menn hafa ekki gert neina grein fyrir því, hvort krafan um tvöfalt framlag frá hlutaðeigendum kunni ekki að valda erfiðleikum fyrir smærri kaupstaði og verzlunarstaði, sem verða að safna sínum bílaskatti saman um fleiri ár til þess að nota það samansafnaða á einu ári. Það hefir á engan hátt verið sýnt fram á það af þeirra hálfu, að þessir kaupstaðir muni þá geta án verulegra erfiðleika

snarað út á því ári tvöföldu framlagi. Og fyrir því að fara þar að auki að setja skilyrði samkv. b-lið, sem gæti a. m. k. haft í för með sér þá kröfu, að kaupstaðirnir það sama ár legðu meira til vegaviðhalds en þeim sjálfum finnst hentugt, finnst mér þeir ekki hafa fært nein rök. Þetta ákvæði er gripið af handahófi út úr sýsluvegalöggjöfinni, þar sem þetta kemur eðlilega við og skapar sýslunum á ári hverju rétt til framlags úr ríkissjóði, ef þær leggja meira á sig en þetta. Ég held því, að hv. flm. brtt. á þskj. 284 hafi ekki tekizt að gera grein fyrir, að skatturinn komi réttlátlega og eðlilega niður, ef samþ. verður a-liðurinn í brtt. þeirra við 2. gr., og því síður, ef b-liðurinn verður samþ.

**Einar Árnason:** Brtt. okkar hv. 3. landsk. hafa nú sætt mikium andmælum hér í d. Ég bjóst líka alltaf við því, af því að það er ekki nýtt að heyra það hjá ýmsum hv. þm., að þeir vilji víkja sér undan því að gera ráðstafanir til þess að fé verði fyrir hendi til að endurbæta vegi landsins, svo að þeir séu sæmilegir fyrir bifreiðar.

Það, sem vakir fyrir okkur flm. þessara brtt., er það, að unnt verði að verja meiru fé hér eftir en hingað til til að gera bifreiðavegi landsins sæmilega úr garði, svo að þeir geti yfirleitt kallazt þolanlegir umferðar og sliti ekki bifreiðum um skör fram og geri bifreiðaakstur yfirleitt ódýrari en hefir verið. Og við getum verið alveg vissir um það, að við fáum okkar löngu vegi aldrei í lag með öðru en því, að leggja fram mikið fé til þess.

Nú er það svo með bifreiðaskattinn, að upphaflega er hann lagður á sem skattur fyrir það slit, sem bílar gera á vegum fram yfir önnur farartæki, sem um vegina fara, og það er ekki nema sanngjarn skattur á þá menn, sem bílana nota. Deila hefir staðið um það, hvort þessi skattur ætti að vera meiri eða minni, eða á hvern hátt ætti að leggja hann á. Allir þekkja þann skatt, sem áður var, þ. e. a. s. hestorkuskattinn, sem virtist ekki geta talizt sanngjarn að neinu leyti. Talsverðum erfiðleikum var það bundið að fá þm. til að skilja það, að benzínskatturinn væri sanngjarnari, en að lokum sigraði þó sú stefna á þinginu í fyrra. Það hefir raunar verið gert alltof mikið úr því, hvað benzínskatturinn geri bílflutninga dýrari en áður var með hestorkuskattinum. Það er hægt að sýna fram á, að þetta munar ekki miklu. Sú hækkun, sem yrði samkv. þessum benzínskatti, mundi nema á 7 manna bifreið á 100 km. aðeins 1 kr., og þegar því er skipt niður á alla farþegana, þá verður ekki sagt, að hækkunin sé mikil. Ég held því, að það sé ómögulegt að halda því fram með nokkrum rökum, að þessi skattur verði til þess að gera bílunum ómögulegt að ganga kostnaðar vegna. Fyrir okkur flm. þessara brtt. vakir ekki það, að gera bílaeigendum erfiðara fyrir um rekstur bílanna, heldur hitt, að gera vegina svo úr garði, að slit bifreiða verði ekki um skör fram, og þá jafnframt á þann hátt að gera akstur bíla ódýrari bæði fyrir eigendur þeirra og notendur.

Hv. 2. þm. Árn. talaði mikið um það, hvað vegirnir væru vondir, og þar eystra létu menn bíla sína standa aðgerðarlausa, og því væru nú fáir bílar á vegunum þar. Þetta vildi hann kenna benzínskattinum. Ég held, að þetta sé ekki skattinum að kenna, heldur því, hvað vegirnir eru vondir. Hinsvegar get ég fallizt á lækkun þá á gúmmískattinum, sem ráðgerður er í frv., aðallega sakir þess, að það er nokkuð erfitt fyrir fátæka bílaeigendur að leggja fram eins mikið fé og þarf til að endurnýja alla hjólhringa, sérstaklega á vörubifreiðum. Þykir mér því rétt að lækka skattinn af gúmmíinu, en hækka þá jafnframt benzínskattinn, svo að tekjur ríkissjóðs ekki rýrni til muna.

Hv. 2. landsk. minntist á það, að margir bílar hefðu verið auglýstir til sölu vegna vangoldins skatts. Þetta er rétt, en það getur tæplega verið, að það hafi verið vörubílar, af því að þeir greiða í raun og veru skattinn jafnóðum og þeir ganga. Á þeim hvílir enginn þungaskattur. Er það einn af kostum benzínskattsins, að hann er greiddur jafnóðum, og er því minna um að skatturinn sé vangoldinn en annars mundi vera.

Þá vil ég líka geta þess út af þessu bílauppboði, að þegar til kom, voru aðeins örfáir bílar, sem boðnir voru upp, og um

þá mátti segja það, að þeir voru að meira og minna leyti ónýtir. Ég spurði nákvæmlega um þetta manninn, sem hefir eftirlit með bifreiðum, og hann sagði, að þeir hefðu verið meira og minna ónothæfir. Hér hefir því verið um að ræða vangoldinn þungaskatt af hálfónýtum fólksbílum.

Annars ætla ég ekki að deila um þessar brtt. við hv. þm. Það fer eins og auðið er um þær, og vitanlega legg ég lítið kapp á þær, a. m. k. ekki sumar þeirra. Ég vildi aðeins sýna með þessum till., að við flm. töldum nauðsynlegt að ýta undir, að sem mest fé væri hægt að leggja fram til þess að koma vegunum í sæmilegt ástand.

ATKVGR.
Brtt. 284,1.a—b felld með 7:4 atkv.
— 156,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
— 156,2 (ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 156,3 (ný 4. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
— 284,2.a felld með 7:3 atkv.
— 284,2.b felld með 8:3 atkv.
— 156,4 (ný 5. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
— 156,5 (ný 6. gr.) samþ. með 8:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

---

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 309).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og endursent Nd.

---

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 309).

Á 56. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JÓl, LH, MG, MJ, PHalld, StgrS, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, JörB.
nei: HV, SvbH, SvÓ, VJ.
JAJ greiddi ekki atkv.
Fimm þm. (JJós, JónasÞ, ÓTh, PO, HG) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 439).

---

## 6. Laun embættismanna (Heilsuhælislæknirinn í Kristnesi).

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna** (stjfrv., A. 15).

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Læknirinn við heilsuhælið á Kristnesi hefir óskað þess, að staða hans verði tryggð með því að taka ákvæði um laun hans upp í launalögin, og þetta litla frv. er borið fram til þess að verða við þessari beiðni, sem virðist í alla staði sanngjörn, þar sem ríkið hefir tekið hælið á sína arma á sama hátt og Vífilsstaðahælið. Allt sýnist og mæla með, að launin séu eins og laun yfirlæknisins á Vífilsstöðum.

Ég geng út frá, að réttara þyki, þótt mál þetta sé ekki umfangsmikið, að vísa því til nefndar, og legg því til, að hv. fjhn. fái það til meðferðar að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 125).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Fjhn., sem haft hefir mál þetta til meðferðar, leggur til, að þetta litla frv. verði samþ. með lítilsháttar breyt. Þó að það verði samþ., sem ég geri ráð fyrir að verði, þá

breytir það ekki miklu frá því, sem nú er. Því að nú er Kristneshæli rekið á sama hátt og heilsuhælið á Vífilsstöðum. Má sjá það m. a. á gildandi fjárl., að útgjöld til Kristneshælis eru ákveðin nákvæmlega á sama hátt og til Vífilsstaðahælis. N. fellst á, að það sé sanngjarnt og rétt að staða læknisins í Kristneshæli sé tryggð með því að taka hana upp í launalögin, á sama hátt og staða læknisins við heilsuhælið á Vífilsstöðum er nú í þeim, þar sem algerlega er um samskonar störf að ræða. Það eina, sem sumum nm. fannst athugavert við þetta, var það, að formleg afhending á heilsuhælinu í Kristnesi til ríkisins hefði víst ekki verið framkvæmd beinlínis enn. Ég fyrir mitt leyti get ekki séð, að þetta geri mikinn mismun, þar sem Kristneshælið er rekið á sama hátt sem væri það ríkisstofnun. Það hefir samt orðið ofan á í n. að leggja það til, að þessi l. um að tryggja stöðu læknisins þar, öðlist fyrst gildi, þegar hælið hefir formlega verið afhent ríkinu. Hún hefir því flutt brtt. um það, að í stað þess, að frv. öðlist lagagildi 1. jan. 1934 komi: þegar Kristneshæli hefir formlega verið afhent ríkinu.

**Jónas Þorbergsson:** Ég vildi leyfa mér út af ræðu hv. frsm. og ummælum hans um það, að Kristneshælið sé enn ekki formlega afhent ríkinu, að spyrjast fyrir um það, hvað n. telur bresta á það, að þessi afhending hafi farið fram.

Þegar Kristneshæli var fullbúið til þess að það gæti tekið til starfa, var það vígt á svipaðan hátt og önnur opinber mannvirki. Var þar viðstaddur heilbrigðismálaráðh. ríkisins. Ég skildi það á þann veg, að afhending hælisins til ríkisins hefði þá farið fram á formlegan hátt. Áður hafði ríkisstj. skipað stjórnarnefnd fyrir þetta heilsuhæli. Bendir það á að hún hafi talið, að það ætti að teljast eign ríkisins. Ég vildi því spyrjast fyrir um þetta. Ég get ekki séð, að breyt. sú á l., sem fram kemur í till. n., hafi neina þýðingu. En hinsvegar er það ekki með öllu óhugsandi, að svo óákveðið orðalag, sem í nál. er um þetta, geti komið af stað örðugleikum í þessu máli, ef það er ekki enn viðurkennt af þinginu, að hælið sé opinber eign.

**Frsm. (Bernh. Stefánsson):** Ég er hv. þm. Dal. sammála um það, að þetta hefir reyndar ekki mikla þýðingu. Hann spurðist fyrir um það, hvað mér fyndist bresta á, að Kristneshælið væri formlega afhent ríkinu.

Í n. kom það fram, að nm. þótti það bresta á, að hælið var ekki talið með á skrá yfir eignir ríkisins í LR. Auk þess er það ekki skjalfest, að afhending hælisins til ríkisins hafi farið fram. Það mun vera þetta, sem hv. þm. Dal. átti við, að því var lýst yfir við vígslu hælisins, af þeirri n., sem stóð fyrir byggingu þess, að hælið væri þá afhent ríkinu. En fjhn. þótti það bresta á, að hælið er ekki formlega talið með eignum ríkisins, eins og ég hefi tekið fram.

Ég hygg, að það geti engum örðugleikum valdið að láta nú þessa formlegu afhendingu fara fram, sem enn þykir á vanta, og þar af leiðandi hljóti það að vera skaðlaust, að þessi brtt. verði samþ.

Annars skal ég taka það fram, að það var ekki ég, sem bar fram í n. þessa brtt., en ég sá ekki ástæðu til að kljúfa n. út af svo litlu atriði.

**Jónas Þorbergsson:** Það kann vel að vera, að eitthvað bresti á það, að í LR. sé þetta formlega fært. Hins vegar brestur ekkert á það, að hælið hafi verið afhent ríkinu. Og á því gætu orðið nokkrir örðugleikar, að afhending þessi gæti orðið formleg hér eftir, því félag það, sem beitti sér fyrir stofnun hælisins, er nú fyrir löngu leyst upp og formaður þess látinn. Ég tel því till. n. ekki einungis óþarfa, heldur beinlínis til þess fallna að valda ástæðulausum og hálfskoplegum örðugleikum í þessu efni.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Mér þætti fróðlegt að fá að heyra, hvað hæstv. stj. hefði um þetta að segja. Hvernig hún liti á það, hvers eign heilsuhælið er, og hvort hún þar af leiðandi teldi, að þessi brtt., sem n. hefir flutt, væri nauðsynleg eða ekki. Það væri mjög æskilegt, því að það getur verið, að eitthvað í þessu máli, enda þótt n. hafi athugað það, hafi farið framhjá henni. Ég vék að þessu í viðtali við hæstv. dómsmrh. áður en málið var afgr. í n. Ég skildi hann svo, að hann

teldi, eins og líka rétt er, að hælið væri tvímælalaust rekið af ríkinu. En hitt atriðið, hvort það beinlínis væri eign ríkisins eða ekki, kom ekki skýrt fram í okkar viðtali.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég ætla, að ekki þurfi að rekja tildrögin að því, að hælið var reist. En þetta mál kom til umr. í fjvn. í fyrra. Og af því að ég var sjálfur í n., er mér kunnugt um þetta. Álit n. var þá, að þetta hæli væri orðið algerlega hliðstætt Vífilsstaðahælinu. En það mun rétt, að aldrei hafi farið fram formleg afhending Kristneshælis til ríkisins. Þess vegna hefi ég ekkert á móti brtt. Mér finnst það eðlileg varfærni hjá n. að hafa brtt. þannig. En ef brtt. verður samþ., verður það til þess, að flýtt verði formlegri afhendingu hælisins til ríkisins.

**Jónas Þorbergsson:** Ég vildi aðeins geta þess, að mér er kunnugt, að það félag, sem var stofnað til þess að reisa þetta hæli, er nú hætt að starfa og hefir því enga skipulega stjórn. Hygg ég því, að nokkrir erfiðleikar geti orðið á því að finna þá réttu aðila, sem bæri að afhenda hælið til ríkisins. En þar sem það hinsvegar upplýstist með ræðu hæstv. dómsmrh., að fjvn. hefir skilið það svo og viðurkennt, að hælið væri þegar opinber eign, virðist mér till. hv. fjhn. ekki nauðsynleg, en geti leitt til örðugleika. Vil ég biðja hv. n. að athuga, hvort hún telji nauðsynlegt að halda till. til streitu.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég hefi það fyrir satt, að kosin hafi verið nokkurskonar stjórn eða nefnd fyrir hælið og að hún starfi enn þann dag í dag. Mér skilst, að ef um afhendingu hælisins verður að ræða, eigi þessi n. að framkvæma hana. (**JónasÞ:** Hún er skipuð af stjórninni?). Ef svo er, að hún er skipuð af stj., þá má sennilega líta svo á, að formleg afhending hafi þegar farið fram og að ríkið eigi spursmálslaust að teljast eigandi þessarar stofnunar.

**Jónas Þorbergsson:** Ég vil enn árétta það, sem ég hefi þegar áður sagt, að sú vígsluhátíð, sem fram fór á Kristneshæli, þegar það tók til starfa, bar þann blæ, að það væri þá afhent sem opinber stofnun. Við þá hátíð voru landlæknir, formaður hælisins, Ragnar heit. Ólafsson, sem afhenti það með ræðu, og heilbrigðismálaráðh., sem þakkaði fyrir landsins hönd. Þetta er e. t. v. ekki skjalfest, en þessi atvik komu fram. Hinsvegar hefir ríkisstj., og eftir því sem mig minnir einmitt núv. hæstv. heilbrigðismálaráðh., skipað þá stjórnarnefnd, sem hefir haft eftirlit með stjórn hælisins, sem starfar einungis fyrir hönd ríkisstj., en ekki fyrir hönd þess félags, sem stofnaði hælið, og gæti hún því ekki komið fram sem aðili við hugsanlega nýja afhendingu þessarar ríkisstofnunar.

**Halldór Stefánsson:** Það virðist vera ágreiningur um það hér, hvort Kristneshæli sé afhent ríkinu formlega eða ekki. Ég álít, að ekki þurfi að vera neinn vafi um það, að þetta hefir ekki verið gert ennþá. Það sést fyrst og fremst á því, að umráð þessa hælis eru í höndum sérstakrar n., sem sagt hefir verið hér, að sé skipuð af ríkisstj. Má vera, að svo sé, en undarlegt er, að hæstv. dómsmrh. virðist ekki vita til þess.

Það, að hælið hefir ekki verið afhent, sést m. a. á þessu frv. Hér er farið fram á að gera þennan lækni að embættismanni ríkisins. Hann er það ekki sem stendur. Hann er ráðinn af þessari nefnd og kjör hans eru ákveðin af stjórn hælisins. Þetta hefir heldur ekki verið skilið svo hingað til, jafnvel þótt ríkið leggi til allt fé til rekstrar hælisins; sést það bezt á því, að hælið hefir hingað til ekki verið talið í LR. með eignum ríkisins. Ég álít það engan úrskurð í þessu máli, þótt fram hafi farið hátíðleg vígsluathöfn, þegar hælið var fullgert, og ekki nema eðlilegt, að þeir væru þar við landlæknir og heilbrigðismálaráðh., því að það var vissulega merkur atburður, að hælinu skyldi vera komið upp. Annars sé ég ekki, hversvegna menn leggjast á móti þessari brtt., því að það virðist þó ekki vera hart aðgöngu eða óeðlilegt, þótt formleg afhending og móttaka til ríkisins þurfi að fara fram á hælinu áður en ríkið fer að hlutast til um launakjör hælislæknisins, sem ekki er starfsmaður rík-

isins. Afstaða mín til þessa máls er sú, að ég tel algerlega óviðeigandi, að ríkið fari að skipa fyrir um launakjör þess manns, sem alls ekki er þess embættismaður. Og það sýnir bezt, hve brtt. fjhn. er eðlileg og sjálfsögð til þess að málið hafi skilyrði til þess að ná fram að ganga á þessu þingi.

**Frsm. (Bernh. Stefánsson):** Ég er hv. 1. þm. N.M. ekki sammála um, að afhending hafi ekki farið fram. Það er einmitt upplýst, að afhending hefir farið fram. En á hinu er talinn nokkur vafi, hvort sú afhending hefir verið svo formleg sem æskilegt hefði verið. **(HStef:** Hverskonar afhending er það?). Ég kalla það afhendingu, þótt hún sé e. t. v. ekki formleg, þegar form. n., sem gengst fyrir byggingu hælisins, lýsir yfir því í heyranda hljóði, að hælið sé hér með afhent ríkinu, og landstj. skipar síðan n. til að stjórna því. Það kann að vanta á, að þetta sé skjalfest og hælið ekki talið með eignum ríkissjóðs. Nú fannst mér hv. þm. aðallega tala um, að enginn aðili væri til þess að afhenda hælið. Ef svo er, þá þarf ekki annað til þess að fullnægja þessari brtt., en að á næsta LR. verði hælið talið með eignum ríkissjóðs. Ef enginn mótmælir því, þá er það sjálfsagt fulltryggt og gilt, að þessi bygging er eign ríkissjóðs; mér er ómögulegt að sjá annað. Fari það svo, að enginn þykist hafa vald til þess að afhenda hælið, eins og hv. þm. Dal. er hræddur um, þá er þetta ábyggilega alveg nægilegt. Það er víst gömul regla, að það, „sem enginn annar á, það á kóngurinn", — og kóngurinn er hér sama og ríkið.

**Jónas Þorbergsson:** Út af því, sem frsm. fjhn. tók fram, þar sem talað var um afhendingu þessarar stofnunar, þá vil ég endurtaka það, að afhending fór fram eins og venja er til um slíkar afhendingar. Hitt er ekki sök þeirra, sem afhentu, að hún hefir ekki verið tekin til greina í LR. Og hvað snertir lækninn, þá var hann einungis ráðinn til bráðabirgða, og raunar með þeirri fyrirætlan, að síðar öðlaðist hann þau réttindi, sem slíkir læknar hafa. Mér virðist vera betra, ef n. hefði viljað orða till. sína á þá leið, að enda yrði það (Kristneshælið) fært á LR. og fjárlög eins og önnur hliðstæð heilsuhæli ríkisins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 125 felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JAJ, JÓl, MJ, PHalld, SvÓ, VJ, BSt, BÁ, GÍ, HStef.
**nei:** JónasÞ, LH, MG, PO, StgrS, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BKr, IngB, JörB.
Sjö þm. (ÁÁ, HJ, HG, HV, JJós, ÓTh, SvbH) fjarstaddir.
3. gr. samþ. með 14:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

---

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 15).
Á 26. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv., sem nú hefir fengið samþykki Nd., fer fram á það eitt, að taka upp í lögin um laun embættismanna ákvæði um það, að starf yfirlæknisins í Kristnesi skuli heyra undir þau lög. Þetta sýnist sjálfsagður hlutur, bæði fyrir það, að læknirinn hefir óskað þess, og einnig vegna þess, að enginn vafi er á því, að hann á að starfa þarna áfram. Læknirinn óskar þess að fá notið þeirra hlunninda, sem því fylgja, að embætti hans komist undir þessi lög og eru aðallega fólgin í því, að hann færi að leggja fé í lífeyrissjóð embættismanna og einnig öðlast dálitla tryggingu fyrir ekkju sína, ef til kemur.

Í Nd. var dálítið um það deilt, hvort þetta ætti að samþ. nú þegar, eða hvort bíða ætti eftir formlegri afhendingu hæl-

isins til ríkisins, en ég lít svo á, að sú afhending sé þegar um garð gengin. Það félag, sem beitti sér fyrir stofnun Kristneshælis og sá um byggingu þess, álít ég, að hafi þá lokið sínu hlutverki, enda hefir hælið síðan verið rekið fyrir ríkisfé sem ríkiseign, og á síðasta þingi var í fjárl. samin fyrir það sundurliðuð áætlun alveg eins og Vífilsstaðahæli. Þess vegna er enginn vafi á því, að hælið er afhent ríkinu, og verður því að líta á yfirlækninn sem embættismann ríkisins. Vona ég því, að frv. verði samþ., og ef því yrði vísað til n. að lokinni umr., sem líklega er réttast, þá mun vera bezt, að það fari til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 198).

**Frsm. (Jónas Jónsson):** Það er hægt að vera fáorður um þetta mál. Það skýrir sig sjálft. Þegar Kristneshælið var reist, voru engin l. sett um læknisembættið þar. Var þá þegar ráðinn þangað Jónas Rafnar, sem síðan hefir gegnt þar læknisstörfum við góðan orðstír. Hælisnefnd álítur, og það er ósk hans sjálfs, að starfið eigi að vera samningsbundið við ríkið. Enda gerir það enga breytingu. Þessi læknir hefir verið þarna svo lengi, að ástæða er til að verða við þessari sanngirniskröfu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 246).

---

## 7. Ljósmæðralög.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til ljósmæðralaga** (stjfrv., A. 18).

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Yfirsetukvennalögin frá 19. maí 1930 ná aðeins til skipaðra ljósmæðra, og sjálfsagt settra líka, en ekki til „praktiserandi" eða starfandi ljósmæðra. Starfandi ljósmæðrum fer fjölgandi, og það er vitaskuld vöntun eða galli, hvort sem á það er litið frá sjónarmiði ljósmæðranna sjálfra eða frá sjónarmiði hins opinbera, og þarf væntanlega ekki skýringu á því. Þess vegna hefir landlæknir lagt það til og stjórnin fallizt á það, að bætt verði úr þessu. Þetta er gert með frv. þessu, sem landlæknir hefir samið, en stj. flytur. Það ýtti og undir um flutning þessa máls, að þörf er orðin á að endurskoða reglugerð fyrir ljósmæður, sem nú mun vera orðin að sumu leyti úrelt.

Að öðru leyti en því, sem ég hefi sagt um skipaðar og starfandi ljósmæður, eru ekki miklar breyt. á gildandi lögum, svo að ég vona, að frv. mæti ekki mótspyrnu. Geta vil ég þó þess, að í gildandi löggjöf er ekki gert ráð fyrir, að stj. hafi neina hönd í bagga með, hversu ljósmæðraumdæmum úti um landið er raðað niður, né hve mörg þau eru. Þetta er tæpast rétt, þar sem ríkissjóður greiðir ⅔ launanna. Í þessu frv. er því gert ráð fyrir, að samþykki ráðherra þurfi, er ákveða skal niðurskipun ljósmæðraumdæma. Í framkvæmdinni geri ég ráð fyrir, að þetta verði þannig, að þegar breyta á þeirri skipun, sem nú er, þurfi til þess samþykki ráðherra. Þetta er sjálfsagður hemill til að fyrirbyggja of mikla fjölgun umdæmanna. Hinsvegar dettur mér ekki í hug, að farið verði að taka upp nýja skipun umdæmanna eða heimta breytingu á slíku.

Við launakjörum yfirsetukvennanna er ekki hreyft í frv.

Ég legg til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og allshn., að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 10. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 45, 47).

**Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Eins og álit allshn. ber með sér, hefir n. borið frv. saman við önnur lög og ákvæði um þetta efni. Aðalbreyt., sem í frv. felst, er í 6. gr., þar sem sett eru ákvæði um ljósmæður, sem ekki eru skipaðar. Í 5. gr. eru lítilsháttar breytingar um eftirlaun ljósmæðra, ef sýslunefndir eða bæjarstjórnir ákveða ljósmæðrum eftirlaun. Aðrar breyt. frá núgildandi lögum eru ekki teljandi. Nefndin hefir lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hinsvegar er komin fram brtt. frá flm. sjálfum, um að ákvæði 10. gr. nái yfir fleiri en ljósmæðurnar sjálfar. N. telur sjálfsagt, að þessi brtt. verði samþ., og geri ég því hana ekki frekar að umræðuefni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 47,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 47,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
11.—13. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 53).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 11. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 53).
Á 14. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv. hefir þegar gengið í gegnum Nd. og fékk þar greiðan gang, og vona ég, að eins verði hér. — Þótt frv. sé alllangt, er þó ekki margt nýtt í því; eru höfuðnýmæli frv. þau, að l. er ætlað ekki einungis að ná til skipaðra og settra ljósmæðra, heldur líka til starfandi eða praktiserandi ljósmæðra. Segir sig sjálft, að nauðsynlegt er, að til séu lagafyrirmæli um starf hinna praktiserandi ljósmæðra, en eins og l. nú eru orðuð, verður ekki litið svo á, að þau nái nema til skipaðra og settra ljósmæðra.
Þetta mál var í allshn. í Nd., og óska ég eftir, að málinu verði einnig vísað til allshn. þessarar d. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 153).

**Frsm. (Magnús Torfason):** Allshn. þessarar deildar hefir eins og allshn. Nd. lagt það til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Ég þykist ekki þurfa að fara mörgum orðum um frv. Það var reifað við 1. umr. af réttum hlutaðeiganda. Ennfremur eiga sæti í d. tveir fagmenn í þessum efnum, og hafa þeir ekki fundið ástæðu til að bera fram brtt. Getur því ekki verið hér um ágreining að ræða.
Það er engum vafa bundið, að það er mikil bót í því að fá almenn ljósmæðralög, sem ná ekki aðeins til þeirra ljósmæðra, sem skipaðar eru af hinu opinbera, heldur og til allra starfandi ljósmæðra. Þetta er aðalbreytingin á lögunum frá 1932. Þá eru og nokkrar aðrar breyt. Hin helzta er sú, að hér er gert ráð fyrir, að ljósmæður, sem hafa stór umdæmi, þurfi ekki að sækja menntun sína til annara landa. Það er gengið út frá því, að kennsla sé orðin svo fullkomin í þessum fræðum í landinu sjálfu, að slíks sé ekki þörf. Og er gleðilegt, að svo er komið.
Þá er ákvæði um gegningarskyldu ljósmæðra, sem ekki eru skipaðar, heldur starfandi, og er ekki nema gott til þess að vita, að slík ákvæði komi inn í löggjöfina, því að það er nauðsynlegt og

mannúðlegt í alla staði. Að síðustu skal ég taka það fram, að vel má vera, að allshn. komi með brtt. við frv. til 3. umr., en það er þó ekki fullráðið ennþá. Fjölyrði ég svo ekki frekar að sinni.

**Ingvar Pálmason:** Um frv. það, er hér liggur fyrir, skal ég ekki fjölyrða. Í 4. gr. þess stendur: „Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en utan kaupstaða að einum þriðja hluta úr ríkissjóði". Þetta er ekki nýtt ákvæði, en í sambandi við það vil ég vekja athygli hv. allshn. á því, að biðja hana um að athuga, að fyrir þinginu liggur frv. um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga. Í því frv. er gert ráð fyrir að leggja sýslusjóðunum nokkrar auknar byrðar á herðar.

Þetta frv. vildi ég biðja hv. n. að athuga samhliða frv. því, sem hér er til umr. Það er alveg rétt, að í frv. til ljósmæðralaga er ekki um neinar nýjar fjárhagslegar byrðar að ræða, hvorki fyrir ríkissjóðinn eða sýslusjóðina, en í frv. um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga er um að ræða nýjar álögur á sýslusjóðina. En eins og nú er háttað, tel ég ekki bætandi nýjum álögum á þá, nema þá því aðeins, að þeim sé séð fyrir nýjum tekjustofnum eða af þeim létt eldri álögum. Ég hreyfi þessu hér, ekki af því, að ég geri ráð fyrir, að farið verði að breyta launakjörum ljósmæðranna, heldur til þess, að þingið taki til athugunar, hvort ekki sé fært að létta einhversstaðar gömlum álögum af sýslufélögunum, ef enn á að bæta á þau nýjum gjöldum.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vil fyrst þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Út af ræðu hv. 2. þm. S.-M. vil ég taka það fram, að ég sé alls enga ástæðu til þess að vera að blanda frv. því, sem hér er til umr., við frv. um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga. Það er að vísu svo, að í því frv. er gert ráð fyrir, að lagðar verði undir vissum kringumstæðum auknar byrðar á sýslufélögin, en það er því aðeins, að þau séu þess megnug. Annars kemur það ekki til greina. Að deila um það mál er nægur tími, þegar það kemur til umr. Mál það, sem hér er til umr., er því alveg óskylt. Hér er ekki um að ræða neinar auknar byrðar á sýslufélögin umfram það, sem nú er.

**Ingvar Pálmason:** Ég skildi ummæli hæstv. dómsmrh. þannig, að það væri ekkert aðalatriði í frv. um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga að halda ákvæðinu um að skylda sýslufélög til þess að greiða 10% af því fé, sem illa stæðum sveitarfélögum kann að verða gefið eftir. Um það er ekki nema gott eitt að segja. En ég vil vekja athygli á því, að frv. þetta minnir á kvaðir, sem á að leggja á sýslufélögin. Verð ég því að endurtaka þau tilmæli mín til hv. allshn., að hún athugi þessi tvö frv. samhliða. Ég sé heldur ekki annað en það sé fyllilega réttmætt við afgreiðslu mála, að athuga önnur skyld mál í sambandi við þau.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég er alls ekki ánægð með launakjör ljósmæðranna. Mér virðast 300 kr. á ári sama sem engin laun, og það því fremur, þegar þeim er áskilið að eiga öll áhöld, sem tilheyra starfinu, en þau eru sem kunnugt er nokkuð dýr. Það má eflaust með sanni segja, að í hinum litlu umdæmum sé oft lítið að gera, en þá ber þess að gæta, að ljósmæðrum mun yfirleitt falla verr að vera þar, sem lítið er að gera, heldur en þar, sem þær hafa töluvert starf. Af því leiðir aftur, að við getur borið, að erfitt verði að fá ljósmæður, sem aflað hafa sér fullkominnar þekkingar á þessum sviðum, í hin fólksfáu héruð, ef ekki verður liðkað til um laun þeirra. Á þessa hættu vildi ég leyfa mér að benda hv. n., sem fjallar um málið. Hér er um vandasamt og ábyrgðarmikið starf að ræða, og þeim mun ábyrgðarmeira, sem héruðin liggja lengra frá lækni, og til þess virðist mér, að taka þurfi tillit. Launahækkunin, 50 kr. á 5 ára fresti, er og í smæsta lagi skömmtuð af ríkisins hálfu. Af því, sem ég nú hefi sagt, vil ég beina þeirri ósk til hv. allshn., að hún reyni að rýmka eitthvað launakjör ljósmæðranna.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég held, að það væri ekki rétt að fara að hreyfa við launakjörum ljósmæðranna nú

á þessum tímum, því eins og kunnugt er, hafa staðið miklar og harðvítugar deilur um þau á undanförnum þingum, eða allt fram til ársins 1930. Það myndi aðeins verða til ills eins fyrir alla viðkomendur að fara að hreyfa því nú.

Ég verð að endurtaka það, að ég tel þetta mál ekki koma hið minnsta við frv. um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga. Það væri fjarri öllum sanni að fara vegna frv. um fjárþröng sveitarfélaga að létta af sýslufélögunum þeim kvöðum, sem á þeim hvíla samkv. gildandi lögum vegna ljósmæðranna. Annars vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að í frv. um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga er það ekki meint, að öll sýslufélög greiði þessi umræddu 10% af skuldum sveitarfélaganna. Meira að segja er ákvæðið ekki 10%, heldur allt að 10%. En í öllum bænum, við skulum ekki fara að deila um það frv. Til þess er nægur tími, þegar það kemur til umr.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég ætla ekki að fara að deila um launakjör ljósmæðranna, ætla ekki að hætta mér út í yfirsetukonuverkin. En ég vil leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 6. landsk., að ljósmæðurnar þyrftu að leggja sér til áhöld. Það stendur skýrum orðum í 4. gr., að ríkissjóður leggi til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og landlæknir á að ákveða, í samráði við aðalkennara ljósmæðraskólans, hver þau skuli vera. Það er því bert, að þær þurfa engan kostnað að hafa af þeim.

Annars má vel vera, að í sumum umdæmum sé ástæða til þess að hækka eitthvað laun ljósmæðranna. Ef hv. 6. landsk. óskar að hækka laun yfirsetukvenna, þá er vissast fyrir hana að fá því framgengt með því að ljá till. hv. 2. þm. S.-M. um að laun yfirsetukvenna verði greidd úr ríkissjóði, sitt atkv. Ég er ekki í vafa um, að þá fær hv. 6. landsk. ósk sína uppfyllta. Annars skal ég ekki fara mörgum orðum um till. hv. 2. þm. S.-M. Ég leit svo á, að ekki væri ástæða til að blanda henni saman við þetta mál að sinni, eða frv. um fjárþröng sveitarfélaga, heldur vildi ég aðeins benda á það, að komið hefir til mála að breyta til í þessu efni. Það er ekki aðeins svo, að það liggi í loftinu, heldur er það blátt áfram orðið ljóst, að eitthvað verður að breyta til um fjármál sveitarfélaganna, annaðhvort að auka tekjur þeirra eða létta þær byrðar, sem á þeim hvíla, og það er einmitt það, sem till. ætlast til, að gert verði. Út af því, sem borið hefir verið fram í umr., að sum sveitarfélög mundu alls ekki þurfa neinnar hjálpar með, þá held ég mér sé óhætt að fullyrða það, að ekkert sýslufélag hér á landi hefir nógar tekjur. Það þarf ekki annað en benda á það, hve margt er ógert af þeim verkefnum, sem sýslufélögin hafa með höndum, t. d. í samgöngumálum. Það má fullyrða, að sýslusjóðirnir eru ekki komnir lengra en það eftir 60 ára starf, að þeir hafa aðeins að litlu leyti getað leyst af hendi það sjálfsagða skyldustarf sitt að koma á sæmilegum samgöngubótum í héruðunum. Ég veit, að það eru fleiri sýslunefndaroddvitar en ég, sem finna sárt til þess, hvað sýslufélögin eru ómegnug. Þess vegna skal ég taka það fram, að ég mun fyrir mitt leyti athuga þessa till. vel í n. og vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki það ekki á dagskrá fyrr en ég hefi gefið honum bendingu um það.

**Guðrún Lárusdóttir:** Hv. 2. þm. Árn. má ekki skilja mig svo, að ég sé mótfallin frv. Ég sé að vísu, að það er rétt hjá honum, að ég hefi misskilið um áhaldakaupin, að nú orðið er það ríkissjóður, sem á að leggja þau til, en það skiptir raunar ekki miklu máli, og get ég ekki betur séð en að 300 kr. sé of lág laun fyrir því. Hæstv. dómsmrh. talaði um það, að mikill eldur hefði logað út af þessu máli nú fyrir skömmu, sem ekki væri gott að kveikja upp aftur. Ég er því ekki kunnug, því það mun hafa verið áður en ég kom á Alþingi, og veit ég því, að hæstv. ráðh. mun þar vera mér kunnugri, en ég get ekki betur séð en þarna ætti að vera hægt að miðla málum. Það er gert ráð fyrir því í frv., að ljósmæður skuli hafa alstaðar jafnt kaup, 300 kr. yfir árið, en mér finnst það skipta nokkru, hvar á landinu þær eru, hvort þær hafa strjálbýl og erfið héruð eða góðar sveitir, þar sem þéttbýli er og góðar samgöngur. Mér finnst það ætti einmitt að gera betur við þær, sem hafa mannfáu og strjálbyggðu

héruðin, þar sem ljósmæður vilja síður vera. Það var ekki annað en þetta, sem fyrir mér vakti, og vil ég vona, að hv. n. taki þetta til athugunar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
8.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 53, 185, 200).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 200. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Síðan þetta mál var hér til umr. síðast hefir allshn. borið fram brtt. við 4. gr., þess efnis, að laun yfirsetukvenna utan kaupstaða greiðist algerlega úr ríkissjóði, í stað þess, að sýslusjóðir greiða nú ⅓ hluta, en ríkissjóður ⅔. Þessum breyt. var hreyft hér við 2. umr. og gerð grein fyrir þeim, en til viðbótar vil ég benda á það, að útgjöld sýslusjóða til heilbrigðismála eru tiltölulega mjög mikil, og veldur því einkum berklakostnaðurinn, sem er 2 kr. á hvert nef, ungt og gamalt, sælt og vesælt. Í Árnessýslu nema útgjöld til heilbrigðismála 14—15 þús. kr., sem er um ⅓ af tekjum sýslusjóða. Þegar á þetta er litið, virðist eðlilegt, að þessar byrðar séu nokkuð léttar, ekki síst þegar þess er gætt, að það hefir komið fram og er staðfest með lagafrv. bornu fram hér á þingi, að hagur sveitarfélaga er afarþröngur, ekki síst sveitarfélaga utan kaupstaða.

Utan kaupstaða er ekki í önnur hús að venda en leggja á beina skatta, og á það gjaldþol er nú þegar orðið svo fulltreyst, að við liggur, að það brotni. Ég veit, að ríkissjóður á einnig erfitt, og því eðlilegt, að hv. þdm. hafi í huga að gera ekki þær byrðar þyngri en þörf er á. En þess er að gæta, að ekki mun af veita, að nokkuð verði létt á sýslufélögunum, ef þau eiga að geta staðið í skilum og innt fjárskyldukvaðir sínar í ríkissjóð af hendi. Ég ætla því, að ríkissjóði verði ekki mikill miski ger með þessari breyt. Vil ég því vænta, að henni verði vel tekið.

Um brtt. þær, sem útbýtt hefir verið hér á fundinum, er það að segja, að mér hefir ekki gefizt tími til að bera þær undir meðnm. mína, og get ég því ekkert sagt um afstöðu þeirra, nema að ég býst við, að þær syngi hver með sínu nefi.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég hefi borið hér fram 3 brtt. og bið ég afsökunar á því, hve seint þær koma fram, en til þess liggja sérstakar ástæður. Brtt. þessar eru allar smáar og skýra sig sjálfar.

1. brtt. er við 4. gr., um að hækka kaup ljósmæðra í umdæmum, þar sem íbúar eru ekki yfir 300, um 100 kr. á ári. 300 kr. á ári eru lítil laun, þar sem þess er gætt, að lítið bætast við aukatekjur í svo fámennum héruðum. Eins og launin eru ákveðin nú, er ekki hægt að búast við því, að sótzt sé eftir þessum stöðum.

2. brtt. er á þá leið, að í stað þess, að laun yfirsetukvenna hækki á 5 ára fresti, komi á 3 ára fresti, svo sem ákveðið er um farkennara. Byrjunarlaun þeirra eru 500 kr., en hækka um 60 kr. á 3 ára fresti. Þetta er sú starfsmannastétt ríkisins, sem helzt er sambærileg við ljósmæður um launakjör, og því virðist mér það ekki rétt, að þær lúti hér í lægra haldi, enda yrðu launin lengi að ná hámarki með hækkun á 5 ára fresti.

3. brtt. er við 8. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að ljósmæðrum sé greidd sanngjörn þóknun fyrir störf sín. Hún er ákveðin 7 kr. fyrir að taka á móti barni, og fæ ég ekki séð, að það sé sanngjarnt, þegar það er borið saman við kauptaxta á þýðingarminni störfum. Stúlka við fataþvott fær 7 kr. og fæði á dag. Stúlkur við fiskþvott og hreingerningar fá talsvert meira en 7 kr. Ljósmóðurstarfið er eitt hið mesta ábyrgðarstarf, sem til er innan þjóðfélagsins. Það má segja, að tvö mannslíf séu ætíð í veði, og að mestu varði handtök og þekking ljósmóðurinnar, hversu fer í hvert sinn. Að öllu athuguðu sýnist mér með öllu ófært að bjóða minna en 10 kr. fyrir slíkan starfa.

Ég hefi þá rakið þessar brtt. og vænti þess, að þær, a. m. k. tvær hinar síðasttöldu, nái fram að ganga, og hv. þdm. sýni, að þeir meti þessi störf svo mikils,

að efnilegar stúlkur séu ekki fældar frá þeim vegna lélegra launakjara.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég gat þess við 1. og 2. umr., að ég teldi ekki heppilegt að fara að rifja upp gamlar deilur um laun ljósmæðra, þar sem samkomulag náðist um þau fyrir nokkrum árum. Ég get búist við því, að ef þingið ákveður, að öll laun þeirra skuli greiðast úr ríkissjóði eftirleiðis, fari að minnka aðhaldið um launaupphæðina sjálfa, ef ég þekki þingið rétt. Það, sem einkum hefir hamlað á móti mikilli hækkun þessara launa, er það, að sýslusjóðir hafa orðið að greiða þau ásamt ríkissjóði. Ég er því alveg mótfallinn því, að færa þau að öllu leyti yfir á ríkissjóð. Þessi breyting hefir í för með sér um 65 þús. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð á ári. Þegar þess er gætt, að tekjuhalli hefir verið á þjóðarbúskapnum allmörg ár undanfarið, er ekki um annað að gera en auka tekjustofnana og minnka gjöldin. Hér er því farið inn á öfuga leið.

Ég nefni þessar 65 þús. kr. til þess að sýna, að ríkið fer nú ekki alveg varhluta af kostnaði vegna ljósmæðralaganna. Öll bygging laganna hvílir á því, að yfirsetukonurnar séu starfsmenn sýslufélaganna, en ekki ríkisins. Sýslunefndir ráða þær til starfans og skipa þær sem sína sýslunarmenn, en ekki starfsmenn ríkissjóðs, þó það hafi komizt á, að ríkissjóður launaði þær að nokkrum hluta. Það er náttúrlega ljóst, að hagur sýslufélaga er ekki góður, en ég hélt það væri hv. þm. kunnugt, að hagur ríkissjóðs er slæmur. Það er þó sem betur fer svo með mörg sýslufélög, að þau eru því sem næst skuldlaus, en á ríkissjóði er mikill halli og á fjárlögum yfirstandandi árs er h. u. b. 1 millj. kr. tekjuhalli. Ég vil því mælast til þess, að hv. þd. felli till. n. um það, að flytja þessi útgjöld yfir á ríkissjóðinn.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég verð að játa, að hæstv. ráðh. gat ekki sannfært mig um það, að rétt væri að fella till. n. Hæstv. ráðh. gat þess, að ef numinn væri burt þessi ⅓, sem sýslusjóðir greiddu af launum ljósmæðra, þá mundi aðhaldið verða lítið hjá þinginu með að halda launununum niðri. Mér þykir leitt að heyra þessi ummæli frá hæstv. ráðh. og tek mér nærri að þurfa að svara þeim, en mér finnst, að í þeim felist hreint afskaplega mikil vantraustsyfirlýsing til þingmanna, og satt að segja finnst mér, að í þeim felist bending til hv. þm. um það, hvort ekki sé réttast fyrir þá að hafa sig heim. (**JónÞ:** Það væri nú kannske ekki svo fjarri að taka til athugunar. — **JBald:** Við þurfum að samþ. stjórnarskrána fyrst). Nú, þurfti þess? — Hæstv. ráðh. var að tala um 65 þús. kr., en ég komst nú ekki upp í nema rúmlega 40 þús. (**PM:** Það eru 32500 kr., sem sýslufélögin greiða samtals. — **Dómsmrh.:** Þá eru ⅔ af launum 65 þús. kr., eins og ég sagði). Það getur verið, en það kemur þá fram, að hér er ekki um mikið að deila.

Þá lýsti hæstv. ráðh. því yfir, að ljósmæður væru sýslunarmenn, sem heyrðu undir vald sýslunefnda, og því væri eðlilegt, að sýslufélögin greiddu þeim laun. En því er hér til að svara, að laun ljósmæðra eru ákveðin af Alþingi. Ég er ekki viss um það, að launin væru svona há, ef þau væru ákveðin af sýslunefndum. Það er enginn vafi á því, að Alþingi hefir hér bakað sýslufélögunum útgjöld án þeirra samþykkis. Þess vegna finnst mér ríkissjóði standa næst að greiða þessi laun. Annars veit ég ekki til, að það sé neitt sjálfsagt fyrirkomulagsatriði, þó sýslufélög veiti eitthvert starf, að þá eigi laun fyrir það starf endilega að greiðast af sýslufélaginu. Ég skal t. d. minna á hreppstjórastarfið, sem sýslumennirnir, formenn sýslunefndanna, veita, en laun fyrir það starf eru greidd alveg úr ríkissjóði. En þrátt fyrir það væri tæplega hægt að núa Alþingi því um nasir, að það færi ógætilega með ákvörðun þeirra launa. Stofnlaun hreppstjóra eru, eins og kunnugt er, 80 kr., eða nálega jafnhá og laun ljósmæðra voru fyrir 20 árum, sem þá voru 70 kr. á ári. Alþingi hefir ekki hækkað laun hreppstjóranna. Það sýnir, að það kann að fara með það vald, sem því er trúað fyrir, og hleypur ekki í að hækka launin að tilefnislausu. Ef því á að sýna fram á það, að þinginu sé ekki trúandi til þess að ákveða laun ljósmæðra, þá þýðir ekki að ætla að sanna það með því að benda á, að ríkissjóður eigi að greiða launin, heldur lægi satt að segja

nær að tilfæra sem ástæðu, að þar sem þingið væri skipað karlmönnum, þá mætti búast við, að þeir yrðu of hjartagóðir við ljósmæðurnar. (**Dómsmrh.**: Þingið er ekki skipað eintómum karlmönnum). En við því verður ekki gert meðan þingið er þannig skipað.

Hæstv. ráðh. talaði fagurlega um það, að sveitar- og sýslufélög væru ekki verr stödd en ríkissjóðurinn. Ég skal ekki um það deila. Ég veit bara, að hagur sveitar- og sýslusjóða má ekki verri vera. Það er svo um þau sýslufélög, sem lítið hafa lagt fram til umbóta, að þau hafa orðið alveg útundan í samkeppninni um opinbera styrki. Því er svona farið um ýms héruð; þeim hefir verið stýrt þannig, að gjöldin hafa verið lág, en ekkert þess vegna gert til umbóta eða til að létta íbúunum lífsbaráttuna, en þessi sveitar- eða sýslufélög komast ekki hjá því að taka stórt stökk, ef íbúar þeirra eiga að halda lífi, og þá fara útgjöld þessara félaga fram úr öllu hófi. Ég vil leggja áherzlu á þann aðstöðumun milli ríkissjóðs og sveitar- og sýslusjóða, að þar sem ríkissjóður hefir ýmsa möguleika til tekjuöflunar, þá hafa hinir enga möguleika. Það er þetta, sem skilur. Enda má benda á það, að með því að höggva mjög nærri sýslusjóðunum getur svo farið, að þeir verði ekki færir um að standast skuldbindingar sínar gagnvart ríkissjóði, og þess vegna þarf ekki að líta svo á, að þessar fáu þúsundir, sem hér er um að ræða, séu hrein og bein útgjöld fyrir ríkissjóðinn.

**Pétur Magnússon**: Ég vil láta það koma fram nú, að þó brtt. á þskj. 185 séu bornar fram af allshn., þá tel ég mig hafa óbundið mitt atkv. um þær. Þegar formaður n. hreyfði þessum till. á nefndarfundi, þá óskaði ég eftir því, að álits hæstv. fjmrh. yrði leitað um till. og síðan yrði hún borin undir n. og rædd, en þetta hefir ekki verið gert, og ég hefi ekki séð brtt. síðan, fyrr en nú á þessum fundi. Hún mun þó líklega hafa verið lögð fram á laugardaginn, en af einhverjum ástæðum hefir hún farið framhjá mér. Ég ætla ekki að lengja umr., en tek það fram, að ég áskil mér óbundið atkv. um fyrri tölul. á þskj. 185, en um seinni liðinn verð ég að játa, að honum get ég ekki fylgt eins og hann er orðaður. Þar er gert ráð fyrir, að sýslunefnd eða bæjarstjórn megi með samþykki ráðherra ákveða að greiða skipuðum ljósmæðrum eftirlaun, og þau eftirlaun eigi að greiðast úr ríkissjóði. Mér sýnist þetta óeðlilegt fyrirkomulag og næstum óverjandi, að fá sýslunefndum og bæjarstjórnum fjárveitingarvald yfir ríkissjóði, en hér er ekki um annað að ræða. Mér finnst þetta slíkt principspursmál, þó ekki sé um mikla fjárupphæð að ræða, að ekki sé rétt að leggja út á svo vafasama braut.

Ég vil svo að síðustu mælast til þess við hv. form., að hann óski að fá umr. frestað. Að öðrum kosti verð ég að greiða atkv. gegn þessari brtt.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson)**: Það eru aðeins örfá orð. Ég er viss um það, að ef samþ. verður nú, að ríkissjóður borgi öll laun ljósmæðra utan kaupstaða, þá kemur fljótt fram krafa um það, að laun ljósmæðra í kaupstöðum verði einnig greidd á sama hátt. Ég fæ heldur ekki séð, hver eðlismunur það er, sem gerir það að verkum, að ríkissjóður á frekar að greiða fyrir þessi störf úti um sveitirnar heldur en í kaupstöðunum. Það væri þá sú eina ástæða, að hér ætti að hlaupa undir bagga með sveitunum til bráðabirgða, en ég sé ekki á brtt., að þetta eigi að vera bráðabirgðaráðstöfun, og ég vil endurtaka það, að það þarf að sníða frv. alveg upp, ef á að gera ljósmæðurnar alveg að starfsmönnum ríkissjóðs. Þær hafa verið starfsmenn sýslufélaganna hingað til, það hefir verið viðurkennt, en aftur á móti viðvíkjandi hreppstjórunum, þá vil ég benda á, að þeir hafa alltaf verið viðurkenndir starfsmenn ríkisins, þar sem þeir eru m. a. lögreglustjórar hver í sínum hreppi. Ég vil því vona, að hv. d. samþ. ekki þessar brtt., því það er sama sem að bregða fæti fyrir frv., en sú var upphaflega ein meining þess, að láta sömu lög gilda um allar ljósmæður, hvort sem þær væru skipaðar ljósmæður eða starfandi án skipunar.

**Frsm. (Magnús Torfason)**: Hv. 4. landsk. verð ég að svara því, að mér hefir þá algerlega skotizt yfir það, ef það hefir verið ætlunin að bera brtt. aftur fyrir n.

eftir að búið var að sýna hæstv. fjmrh. hana. Það var samþ. að tala við hæstv. ráðh. um brtt., og það hefi ég gert. Hitt hefir mér alveg skotizt yfir, og verð því að biðja hv. 4. landsk. afsökunar á því. Í þessu sambandi vil ég minnast á það, að það er dálítil prentvilla í brtt. við 5. gr. Þar stendur „Síðasta málsgr. orðist svo“, en ætti að vera: Síðasti málsliður orðist svo. — Ég býst við, að hv. 4. landsk. hafi ekki athugað það, að hér er það aðeins síðasti málsliðurinn, sem um er að ræða, því í málsl. á undan er kveðið svo á, „að sýslunefndir skuli með samþykki ráðh. ákveða þeim ljósmæðrum eftirlaun, sem verða fyrir slysi, þegar þær eru að gegna lögmæltum skyldustörfum“. — Hv. 4. landsk. hefir ekki tekið eftir því, að þessi brtt. þræðir í aðalatriðum frvgr., þannig að bæjarstjórnir eða sýslunefndir skuli ákveða eftirlaunin með samþ. ráðh. Þarna er einmitt breyting frá fyrri lögum þar sem sýslunefndir einar áttu að kveða á um þessa hluti, en nú þarf þeirra úrskurður að vera samþ. af ráðh., m. ö. o. ríkisvaldið hefir hér algerlega tögl og hagldir, eins og vera ber.

Ég vænti svo, að ég þurfi ekki að taka fleira fram um þetta atriði. Mér þykir leitt, að þessi misskilningur hefir átt sér stað milli mín og hv. 4. landsk. Þá gerðist hæstv. dómsmrh. spámaður um það, að kaupstaðirnir kæmu á eftir og krefðust þess, að ríkið launaði einnig þeirra ljósmæður og þeir væru losaðir við þau útgjöld. Hann fann engan eðlismun á þessum tveimur tilfellum. Ég skal fyrst leyfa mér að benda á ákaflega mikinn stigmun í þessu máli. Ég tek t. d. Árnessýslu, sem hefir um 5 þús. íbúa; þar eru 18 starfandi ljósmæður, en kaupstaður, sem hefir 4 þús. íbúa, hefir ekki nema 2 ljósmæður. Staðhættirnir gera þennan gríðarlega stigmun á sveitum og kaupstöðum í þessum efnum. Auk þessa má á það líta, að oft getur verið um mikinn ferðakostnað að ræða í sveitunum, sem aftur er enginn í kaupstöðunum. Þessi liður getur í ýmsum tilfellum orðið mjög tilfinnanlegur í sveitunum, þegar ljósmæður þurfa oft að bíða heilar vikur vegna örðugra samgangna. Þetta vildi ég taka fram viðvíkjandi stigsmuninum, en eðlismunurinn milli kaupstaða og sýslufélaga í þessu efni er í því fólginn, að kaupstaðirnir geta aflað sér margskonar tekjustofna, eins og hv. þm. er kunnugt, en þeim hafa sveitarfélögin ekki ráð á. Hér er því um feikilegan eðlismun að ræða, sem sanngjarnt er, að þingið taki tillit til.

Ég get nú ekki annað séð en blessaðar ljósmæðurnar séu starfsmenn þjóðarinnar engu síður en hreppsstjórarnir. Ég veit ekki betur en það sé þjóðinni í heild ekkert síður viðkomandi, að borgari fæðist heldur en einstöku sýslufélagi. Að því er snertir veitingu þessara tveggja sýslana, er ég var að gera samanburð á, ljósmóðurstarfsins og hreppstjórastarfsins, þá má segja, að sama gildi um þau bæði, því sýslunefndir skipa hreppstjóra og líka ljósmæður. Þar er því enginn munur á, og bendir það atriði eins og önnur til þess, að laun fyrir hvortveggja störfin eigi að greiðast á sama hátt. Hvað snertir skoðunarmun milli mín og hæstv. dómsmrh. um það, hjá hvorum aðilanum séu betri möguleikar til þess að greiða ljósmóðurlaunin, þá er það mín trú, að það sé erfiðara fyrir sýslu- og sveitarsjóðina heldur en ríkissjóðinn, þó hann eigi erfitt líka.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. Ég ætla ekki að deila um það, hvorir aðila séu ófærari til þess að greiða ljósmóðurlaunin, en ég get ekki annað en tekið undir með hæstv. dómsmrh. um það, að ég sé engan eðlismun milli sýslufélaga og bæjarfélaga í þessu efni. Það er vitanlegt, að flest bæjarfélög eru í vandræðum með sín fjármál, og það má ganga út frá því sem alveg vísu, að bæjarfélögin vilja velta þessari byrði af sér yfir á ríkissjóðinn, ef samþ. verður á þessu þingi, að ríkið greiði laun ljósmæðra í sveitunum. Og þó sú krafa komi ef til vill ekki fram á þessu þingi, þá kemur hún áreiðanlega seinna, og það verður hamrað á henni þangað til hún nær fram að ganga.

Hv. frsm. var að tala um ferðakostnað ljósmæðra í þessu sambandi, en hann kemur þessu máli ekkert við, því hann er hvorki borgaður úr sveitar-, sýslueða ríkissjóði, heldur er hann alstaðar greiddur af hlutaðeigendum. En viðvíkj-

andi því, sem hann minntist á, að ljósmæður væru færri í kaupstöðum heldur en í sveitum, þá er það að vísu rétt, en hins ber líka að gæta, að ljósmæðrum í kaupstöðum er skylt að greiða hærri laun en í sveitum. Ef svo fer, að umr. verði ekki frestað, eins og hv. 4. landsk. hefir þó óskað eftir, þá ætla ég að leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við 4. gr. frv., 1. málsgr., á þessa leið: Orðin „í kaupstöðum" og „úr bæjarsjóði, en utan kaupstaða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimum þriðju hlutum" falli niður, — og þýðir breytingin það, að laun allra ljósmæðra greiðist úr ríkissjóði að öllu leyti. Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 206) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Pétur Magnússon:** Það er misskilningur hjá hv. frsm., að þessi prentvilla í brtt. hafi villt mér sýn. Er svo ákveðið í frv., að sýslusjóðir greiði ⅓ og ríkissjóður ⅔ af launum ljósmæðra utan kaupstaða. Í 5. gr. frv. segir, að sýslunefndir, með samþ. ráðh., og bæjarstjórnir skuli ákveða hæð eftirlaunanna. Á meðan fyrra ákvæðið er óbreytt, er ekkert við það að athuga, að sýslusjóðir ákveði eftirlaun, og er ekki óalgengt í l., að aðrir en Alþingi greiði nokkurn hluta slíkra greiðslna. En ef leggja á alla greiðsluna á ríkissjóð, þá er óeðlilegt að láta sýslusjóði hafa völd til að ákveða eftirlaunin. Þá á auðvitað að yfirfæra það vald til Alþingis. Alþingi á að ákveða eftirlaunin eins og ríkisféhirðir greiðir þau. Þess vegna myndi það valda ósamræmi, ef fyrri till. yrði samþ., og því fór ég fram á það við formann n., að till. væri frestað. Vona ég svo, að hv. frsm. skilji nú, við hvað ég á.

**Halldór Steinsson:** Ég er hv. 4. landsk. samdóma um það, að ef öll launin eru greidd úr ríkissjóði, þá á Alþingi að ráða eftirlaununum, en ekki sýslusjóðir. En að öðru leyti er þessi till. varhugaverð. Ég skal játa, að það er full þörf að létta undir með sýslusjóðum. En hræddur er ég um það, að ef farið er inn á þessa braut, þá muni það draga dilk á eftir sér. Er ekkert líklegra en að kennarastéttin komi á eftir, en hún tekur nú laun sín bæði úr ríkissjóði og sýslusjóðum. Myndi ríkissjóð muna um að verða að taka þann bagga líka. Álít ég þetta mjög hættulega braut, eins og nú er komið hag ríkissjóðs.

Ég get þess, að ég get verið samþykkur till. á þskj. 200. Þegar laun ljósmæðra voru ákveðin fyrir skömmu, þá voru þau að mínu áliti of lág, og þó að þessi litla breyt., sem till. fer fram á, væri gerð, þá tel ég þau sízt of há. Get ég því greitt henni atkv. mitt.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Það hafa nú komið fram ýmsar brtt. við þetta frv. Að því er snertir brtt. hv. þm. Hafnf., þá lýsi ég yfir því, að ég er henni mótfallinn, og get ég vísað til þeirra raka, er ég hefi flutt hér áður um þetta mál. Þykir mér hart, ef á sama stendur um það, þótt menn verði að greiða upp undir 100 kr. ferðakostnað handa ljósmæðrum. Kemur þetta auðvitað niður á einstaklingum bæja og sveita, því að ég veit ekki betur en að bæjar- og sveitarfélög samanstandi af einstaklingum.

Ágreiningur okkar hv. 4. landsk. er á öðru sviði en ég hafði haldið. Sýslunefndir hafa ekki vald um hæð eftirlaunanna, heldur ráðherrann. Hinsvegar skildi ég þessa gr. svo, að það ætti alls ekki að fara að ákveða neina töflu fyrir launum ljósmæðra, heldur ætti ráðh. að ákveða þau í hvert sinn. En hann myndi oftast vera alveg ókunnugur sveitum og héruðum. Þess vegna eru sýslunefndir látnar hafa þetta tillöguvald. Get ég enda ekki skilið, að ekki megi vera sama ákvæði um eftirlaun sakir vanheilsu og sakir slysa.

Er þetta ekki flókið mál og engin ástæða til að taka það út af dagskrá. Maður sér svo sem, hvað verða á, en ég býst sízt við því, að málið græði nokkuð á því, að því verði komið út á fleiri refilstigu en þegar er orðið.

**Einar Árnason:** Þetta frv. er nú búið að ganga í gegnum hv. Nd., og mun það ekki hafa tekið þar neinum þeim efnisbreyt., að orð sé á gerandi. Það er líka bú-

ið að ganga í gegnum 2. umr. hér í d., og nú er 3. umr., lokaumr. En þá rignir niður fjölda brtt., svo að helzt er að sjá, sem málið sé að komast í óefni. Þessar brtt. snerta allar launakjör ljósmæðra og það, hverjir skuli greiða launin. Tel ég illa farið, að nú skuli enn vera tekið að leiða umr. inn á þessa braut. Þetta var deilumál um mörg ár, en leystist svo fyrir 2 árum. Var hægt að búast við, að una mætti við þá lausn að því er til launakjaranna kemur, án þess að farið væri að róta upp í þessu á ný.

Það er svo um ljósmæður sem aðra opinbera starfsmenn, að um það má deila, hvort laun séu nógu há. En vafamál er það, hvort heppilegt muni að blanda því inn í frv. þetta, sem ekki er til þess ætlað að hreyfa við launakjörum ljósmæðra. Ef nú á að fara að hreyfa við þessu, gæti það orðið til þess, að frv. næði ekki fram að ganga, og er þá ekkert unnið fyrir þá þm., sem vilja nú á ný fara að vekja þetta mál upp.

Ég mun ekki ræða brtt. á þskj. 200, þar sem farið er fram á beina hækkun á launum ljósmæðra. En ég vil aðeins benda hv. flm. á, í sambandi við brtt. á þessu þskj., að margir þeir, sem þurfa að leita til yfirsetukonu, eru svo fátækir, að þeir eiga ekki 10 kr. til, án þess að ég sé að halda því fram, að yfirsetukonur séu ofhaldnar af þessum 10 kr. En ég veit líka, að þeir, sem betur eru efnum búnir, láta oft meira en hinar lögboðnu 7 kr. Get ég því búizt við, að ljósmæður beri að meðaltali ekki minna en 10 kr. úr býtum fyrir hverja fæðingu. Er það líka eins gott fyrirkomulag, að þeir, sem búa við betri efni, greiði heldur betur fyrir störfin og létti þannig á hinum. Tek ég þetta fram til þess að benda hv. flm. á, að þessu má ekki gleyma.

Þá vil ég aðeins drepa fáum orðum á brtt. allshn. við frv., þar sem n. — mér skilst af umr. þeim, sem hér hafa farið fram, meiri hlutinn — leggur til, að laun ljósmæðra utan kaupstaða greiðist öll úr ríkissjóði. Hv. frsm. færir þá ástæðu fyrir þessu, að hagur sýslusjóða sé svo þröngur, að þeir geti ekki borið þessi útgjöld. Ég skal játa, að hagur þeirra er ekki góður, en hagur ríkissjóðs er þá heldur ekki glæsilegur. Hv. frsm. n. sagði, að sýslusjóðir hefðu enga möguleika á því að útvega sér tekjur. Við vitum báðir, að sýslusjóðir hafa aðeins eina leið til þessa, sem sé þá, að leggja útgjöld á sveitafélögin. Því meiri útgjöld sem sýslunefnd ákveður, að sýslusjóður skuli hafa, því meiri útgjöld leggur hún á hreppana. Þetta er tekjustofn sýslusjóðs. Er auðvitað hægt að ofbjóða honum, en svo er um alla tekjustofna.

Það mun nú láta nærri, að þessi þriðji hluti af ljósmæðralaunum utan kaupstaða nemi 150 kr. á hvert sveitarfélag á landinu. Væri ekki ósennilegt að áætla það 1 kr. eða minna á hvern gjaldanda sveitarfélaganna. Skal ég játa, að nokkuð munar um þetta, en þegar Alþingi verður á allan hátt að skera við neglur sér útgjöld vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs, þá er ekki tímabært að leggja á ríkissjóðinn þennan nýja bagga. Treysti ég mér því ekki til að mæla með því, að gjöld þessi séu flutt yfir á ríkið, enda þótt ég vilji fúslega játa, að sýslusjóðir eiga nú erfitt uppdráttar.

Þá er önnur brtt. frá hv. allshn., þar sem gert er ráð fyrir, að sýslunefndir hafi heimild til að veita ljósmæðrum eftirlaun með samþykki ráðh. Veit ég nú ekki, hvernig þetta á að verða í framkvæmdinni. Býst ég ekki við, að ráðh. geti sagt annað en já eða nei. Geri ég ráð fyrir, að hver ráðh. myndi samþ. að síðustu, heldur en að taka á sig þær óvinsældir, sem af neitun hans myndi leiða. Annars vil ég benda á það, að til er betri leið til þess að sjá öldruðum ljósmæðrum fyrir lífsframfærslustyrk. Veit ég ekki betur en að í Nd. hafi verið mál á döfinni, sem líklegt er til að leysa þennan vanda og losa ríkissjóð við að þurfa að veita þessi eftirlaun. Gæti það líka átt við um aðra starfsmenn.

Samkv. þessu vildi ég láta sitja við það, sem nú er ákveðið í gildandi l. um laun ljósmæðra. Og ef hv. þm. þykir nokkurs um vert, að málið gangi gegnum þingið, þá ættu þeir að athuga, hvort rétt er að halda til streitu öllum þessum till.

**Jón Baldvinsson:** Það var varla við því að búast, að þetta mál gengi hljóðalaust í gegn. Er ekki langt síðan samþ. voru l. um launakjör, sem voru mitt á milli

þeirra krafna, sem hæstar voru og þeirra, sem stytzt fóru. Finnst mér því hv. 2. þm. Eyf. þurfi ekki að undra, þótt fram komi við þessar umr. atriði, sem mikið hefir verið deilt um undanfarin þing, sem sé launakjör ljósmæðra. Ég hefði ekki haldið, að hægt væri að bæta það, sem ábótavant var í þessu efni, en úr því till. á þskj. 200 er fram komin, þá lýsi ég hér með yfir því, að ég mun greiða henni atkv. mitt. Það er rétt, að hér er um talsverða fjárhæð að ræða, sem greiðist af ríkissjóði eða sýslusjóðum. En auðvitað er ekki hægt að hækka laun starfsmanna ríkisins án aukinna útgjalda ríkissjóðs. Býst ég reyndar við, að margir muni leggjast á móti þessu, eftir öllum barlóminum um ástæður ríkissjóðs að dæma. En það myndi þó engan veginn steypa hag ríkissjóðs, þótt till. næði samþykki. Hér yrði um 20—30 þús. kr. aukakostnað að ræða.

Ég vil ekki blanda mér inn í deilur hæstv. stj. og hv. form. allshn. um það, hver eigi að greiða laun ljósmæðra í sveitum, en mér finnst, eins og hv. þm. Hafnf., að þau ættu að greiðast öll úr ríkissjóði. Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta, en við atkvgr. mun ég sýna minn hug til þessara till.

**Ingvar Pálmason:** Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að sýslusjóðir hefðu sama tekjugrundvöll og áður, sem sé þann, að jafna niður á hreppana. Þetta er alveg rétt. En ég vil hér benda á það, að svo er nú komið um þennan gjaldstofn, að nokkrir hreppar hafa ekki getað staðið í skilum við sýslurnar. Mér hefir komið ástandið svo fyrir sjónir, að allmargir hreppar mundu eiga fullörðugt með það að standa í skilum. Að öðru leyti læt ég málið afskiptalaust. En ég vil þakka hv. allshn. fyrir það, að hún hefir tekið til greina aths. mínar, er ég gerði áður, þegar þetta mál var hér til umr.

ATKVGR.

Brtt. 200,1.a felld með 9:4 atkv.
— 200,1.b felld með 8:5 atkv.
— 206 felld með 8:2 atkv.
— 185,1 felld með 7:6 atkv.,
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JBald, JónJ, JónasJ, MT, GL, IP.
**nei:** JakM, JónÞ, PM, BSn, EÁrna, H-Steins, GÓ.

PHerm greiddi ekki atkv.

Brtt. 185,2 tekin aftur.
— 200,2 felld með 8:5 atkv.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 207).

## 8. Útflutningur hrossa.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa** (stjfrv., A. 30).

Á 6. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Þetta frv. er lagt fyrir Alþ. samkv. 23. gr. stjskr. um bráðabirgðalög. Ástæðan til þess, að bráðabirgðal. frá 21. okt. f. á. voru gefin út, var sú, að á seinasta hausti opnaðist markaður fyrir allmörg hross erlendis. En þannig stóð á skipaferðum, að ekki var hægt að flytja hrossin út fyrr en í lok okt.mán., en l. frá seinasta þingi um útflutning hrossa, nr. 50 23. júní 1932, leyfa ekki að flytja út hross eftir 15. okt. Með því að landbúnaðurinn stendur svo höllum fæti, að hann má ekki við að missa markað fyrir framleiðsluvörur sínar og innlendur markaður fyrir hross er sama sem enginn, þá þótti nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðal., og eru þau nú lögð fyrir þingið samkv. fyrirmælum 23. gr. stjskr. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði samþ. og gert að l., því að oft getur tíðarfari verið þannig háttað, að eins góð tíð sé eftir 15. okt. og frá miðjum sept. til 15. okt. Og þar sem við vitum, að oft eru hross látin standa úti og berja gaddinn, þá getur ekki talizt nein sérstök misbeyting á þeirri mannúðarskyldu, sem við höfum gagnvart málleysingjunum, að þau séu send út eftir að miður okt. er liðinn heldur en láta þau sæta þeirri meðferð, sem enn er nokkuð algeng á landi hér.

Vil ég leyfa mér að beina þeirri ósk til dm., að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 51).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Þessi lög um útflutning hrossa voru sett á þinginu í fyrra, og í þeim l. var svo ákveðið, að ekki mætti flytja hross úr landinu frá 15. okt. til 1. júní. Þó má ráðuneytið veita sérstakt leyfi til útflutnings frá 1. marz til 1. júní. Það kom í ljós strax við framkvæmd laganna, að þessi takmörkun gæti haft í för með sér, að ekki væri hægt að nota markaðsmöguleika erlendis. Ráðuneytið taldi því nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög þ. 21. okt. í haust, til þess að hægt yrði þá að flytja út ofurlítið af hrossum, sem þá fékkst markaður fyrir.

Landbn. fellst algerlega á rök þau, sem færð eru fyrir því, að þessi bráðabirgðalög voru sett, — þau rök, að það verði að nota hverja möguleika, sem gefast, til markaðar á landbúnaðarafurðum eins og nú er. Með það fyrir augum mælir n. einhuga með frv., að stj. hafi heimild til að gefa undanþágu frá ákvæðum l. á öllu tímabilinu frá 15. okt. til 1. júní. Hinsvegar er n. mjög vel ljóst, að það muni ýmsum vandkvæðum bundið að flytja hross á erlendan markað á vetrum, einkum um það, að allur aðbúnaður þarf þá að vera vandaðri, þegar allra veðra er von, en á sumrin. N. leggur áherzlu á það, að hæstv. stj. hafi öruggt eftirlit um það, að öll meðferð hrossa og útbúnaður um borð í skipum þeim, sem þau eru flutt í, sé svo góður, að þolanlega geti um þau farið, jafnvel þótt vont sé veður og sjór illur. Ennfremur leggur n. áherzlu á það, að ekki séu send önnur hross en þau, sem séu í góðu lagi, að því er fóðrun snertir og útlit allt, á erlendan markað að vetri til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. úthýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 30).
Á 15. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Frv. þetta var lagt fyrir hv. Nd. samkv. 23. gr. stjskr. Þar fékk það fljóta afgreiðslu, og svo vænti ég, að verði einnig hér.
Að umr. þessari lokinni vænti ég, að frv. fái að ganga til 2. umr. og landbn.

**Pétur Magnússon:** Ég get ekki neitað því, að mér finnst setning þessara bráðabirgðalaga orka mjög tvímælis. Á síðasta þingi var deilt allmjög um það, hvort leyfa skyldi útflutning hrossa á tímabilinu frá 15. okt. til 1. marz, nema undir sérstökum kringumstæðum, eða banna hann með öllu. Og ég held, að það hafi verið flestir, er litu þannig á, að útflutningur hrossa á þessu tímabili væri óviturlegur og gæti orðið hættulegur fyrir hrossamarkaðinn. Þessari skoðun virtist því meiri hl. þingsins fylgjandi, eins og lögin frá 23. júní 1932 bera með sér. En þrátt fyrir þetta gefur stj. út bráðabirgðalög þau, sem hér liggja fyrir, nokkrum vikum seinna. Mér virðist því rétt, að stj. gefi skýrslu um það, hvaða nauður rak hana til þess að setja bráðabirgðalög þessi. Geti hún ekki fært sönnur á, að þau hafi verið nauðsynleg fyrir þjóðfélagið í heild, virðist mér, að setning þeirra sé vart verjandi. Vænti ég því, að hæstv. ráðh. gefi upplýsingar um það, að hve miklu leyti lögin hafa komið að notum, og jafnframt, hvaða upplýsingar stj. hafi fengið um sölumöguleika hesta erlendis, svo að hún fann ástæðu til þess að ganga í þessu efni gegn vilja þingsins.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Hv. 4. landsk. hafði þau orð um setningu bráða-

birgðalaga þessara, að þau væru óviturleg. Mun hann þar sennilega hafa átt við, að þeirra væri ekki þörf, því ekki væri þörf á markaði erlendis fyrir þessa útflutningsvöru landsmanna. En þar er ég á gagnstæðri skoðun. Ég tel þvert á móti, að ekki sé frekari þörf á markaði fyrir aðrar framleiðsluvörur okkar en einmitt hrossin, og að því beri að vinna á næstu árum að afla markaðs fyrir þau. Það ber nauður til að minnka þessa vöru, fækka hrossunum. Verður því að nota hvert tækifæri, sem býðst í þessu efni. Af þessum ástæðum þótti stj. ekki rétt að setja stólinn fyrir dyrnar, svo að menn gætu ekki notað sér þá markaðsmöguleika á þessari vöru, er buðust eftir 15. okt.

Í þessu sambandi vil ég benda á, að það er eitt ákvæði í l. nr. 50 23. júní 1932, sem ég tel mjög vafasamt. Það er takmarkið um, að ekki megi flytja út hross eftir 15. okt. Þá er mjög skammt liðið frá réttum og menn ekki almennt búnir að hafa upp á hrossum sínum. Þá getur auðveldlega staðið svo á, að skipaferðir falli ekki fyrr en nokkrum dögum seinna. T. d. féll ekki ferð með hrossin út í haust fyrr en 23. okt. En eins og nú er háttað um hrossamarkaðinn, má ekki fara að panta sérstök skip til þess að sækja hrossin hingað, heldur verður að nota skipakost þann, er fyrir er, eftir því sem ferðir falla. Af þessum ástæðum, sem ég nú hefi greint, tel ég þetta takmark í lögunum frá 1932 of þröngt. Það vildi að vísu svo til í haust, að það var ekki mikill fjöldi hrossa, sem flutt voru út. Þau voru um 100 talsins. En vel getur svo farið, að þau verði fleiri síðar.

Þar sem nú hér er um að ræða útflutning á þeirri framleiðsluvöru, sem ekki er ástæða til þess að auka, heldur þvert á móti, þá tel ég, að nauðsyn sé að hafa heimild þá, sem í bráðabirgðalögunum felst. Hitt er vitanlegt, að ráðuneytið verður að gera fyllstu kröfur um meðferð hrossanna, bæði að því er snertir umbúnað og fóðrun. Sé þessa vandlega gætt, þá hygg ég, að við fremjum ekki meira miskunnarleysi á hrossunum en tíðkazt hefir hjá okkur Íslendingum, þar sem þau hafa orðið að berja gaddinn og hrekjast úti í hverskonar hrakveðrum. Slík meðferð mun sízt betri en þó að þau séu flutt út með góðum aðbúnaði síðla að haustinu.

**Pétur Magnússon:** Hæstv. atvmrh. misskildi aths. mína, að ég hefði talið bráðabirgðalögin óþörf, af því að ég teldi ekki þörf á markað fyrir íslenzk hross erlendis. Ég tel þvert á móti mikla þörf á auknum markaði fyrir þau. Og þegar af þeirri ástæðu tel ég, að ekki megi gera neitt það, sem orðið getur til þess, að álit þeirra fari þverrandi erlendis.

Á síðasta þingi mætti sá ráðunautur Búnaðarfélags Íslands, sem hrossaræktin heyrir undir, oft á fundum hjá landbn. Var mál þetta rætt þar allmikið, og hann lagði alveg sérstaka áherzlu á, að bannaður væri með öllu útflutningur hrossanna þennan tíma, sem til er tekinn í lögunum frá í fyrra. Taldi hann þess mikla þörf, ekki aðeins af mannúðlegum ástæðum, heldur og öllu frekar af hinu, að vissa væri fyrir því, að þessi vetrarútflutningur spillti mjög áliti hrossanna erlendis. Ég verð nú að segja, enda þótt ég sé ekki persónulega kunnugur þessum hlutum, að mér finnst þetta álit ráðunautsins hafa við rök að styðjast, því að það er skiljanlegt, að hrossin, sem koma feit og stirð af fjallinu, þoli illa að standa bundin á bás 5—6 sólarhringa í einu. En þann tíma mun ferðin með þau út taka. Það er þetta, sem ég nú hefi tekið fram, sem ég hefi við bráðabirgðalögin að athuga. Hinsvegar tel ég ekki rétt af stj. að grípa til setningar bráðabirgðalaga um málefni, sem þingið er nýbúið að fjalla um, eins og átti sér stað í þessu tilfelli, nema þá að knýjandi nauðsyn beri til, en ég get ekki séð, að sú nauðsyn hafi verið fyrir hendi þegar lög þessi voru sett. Hæstv. atvmrh. sagði, að það hefðu verið um 100 hross, er flutt hefðu verið út síðastl. haust, þetta umrædda tímabil. Þar sem ekki var um meiri útflutning að ræða en þetta, þá hygg ég, að það hafi skipt litlu máli fyrir bændur, hvort hross þessi voru kyrr í landinu eða ekki.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Eins og hv. 4. landsk. mun kunnugt og hann jafnvel benti á, þá var afgreiðslan á lögunum frá 23. júní 1932 á þann veg sem varð vegna breytinga, sem gerðar voru á frv.

hér í hv. Ed., en eins og kunnugt er, gekk hv. Nd. frá frv. á annan veg. Ég hygg því, að ekki hafi verið almennur þingvilji fyrir því í fyrra að setja ákvæðið um algert bann gegn útflutningi hrossa frá 15. okt. til 1. marz inn í lögin. Þvert á móti mun það hafa verið mikill minni hluti þingsins, sem vildi banna útflutning hrossa eftir 15. okt. Að neðri deild samþykkti svo frv. aftur, er það kom frá Ed., mun meira hafa stafað af því, að hún vildi ekki, að málið dagaði uppi í þinginu, heldur en hinu, að hún væri ánægð með þessa breyt. Enda hefir hún þegar fallizt á frv. þetta nú. Af þessum ástæðum get ég alls ekki fallizt á, að það hafi verið nein goðgá að breyta ákvæðum laganna frá síðasta þingi í þá átt, sem meiri hl. þingsins mun hafa viljað þegar í upphafi.

Þá talaði hv. 4. landsk. um það, að óheppilegt væri að flytja út hross þennan umdeilda tíma, sakir þess að sá útflutningur gæti spillt fyrir áliti hrossanna erlendis. Um þetta atriði skal ég ekki deila við hv. þm., því að ég er ekki verzlunarfróður. En það er hv. 4. landsk. ekki heldur, og þaðan af síður ráðunautur sá í hestakynbótum, sem hv. 4. landsk. virðist byggja svo mikið á að því er hrossamarkaðinn snertir. En áður en bráðabirgðalögin voru sett, ráðfærði ég mig við ýmsa þá menn, er haft hafa hrossaútflutninginn með höndum undanfarin ár, og treysti ég í þessu reynslu þeirra og áliti.

Þá sagði hv. þm., að þar sem hrossaútflutningurinn hefði orðið svo lítill, sem raun varð á síðastl. haust, þá hefði það hvorki gert til né frá, þó að hross þau, er út voru flutt, hefðu orðið kyrr í landinu. En ég verð að segja það, að jafnvel þó að ekki hafi verið um nema 100 hross að ræða, þá er ég fyrir mitt leyti ánægðari með að þau væru flutt út í góðu standi, ef um harðan vetur hefði orðið að ræða, heldur en vita, að þau hefðu orðið að sæta þeirri meðferð, sem átt hefir sér stað á hrossum okkar, þegar harðir vetrar hafa verið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 14. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 30, n. 142).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Eins og hv. dm. muna, lá fyrir síðasta þingi frv. til l. um útflutning hrossa, og náði það samþykki. Landbn. þessarar d. litur svo á, að aðalhugsun þess frv. hafi verið sú, að gera tilraun til að bæta markað fyrir hross, með því að hafa betri vöru á boðstólum og fara betur með hana, þar til hún kæmist í hendur kaupanda. Þar er ákvæði um það, að ekki megi flytja hross út um hávetur, og þó að n. líti svo á, að þetta sé rétt stefna á venjulegum tímum, þá hefir n. þó orðið sammála um að heimila undir vissum skilyrðum útflutning hrossa að vetrinum næstu 3 árin. N. ætlast til þess, að eftir þann tíma gildi l. frá því í fyrra óbreytt, og leggur því til, að þessi heimild verði sett þannig inn í l., að ekki þurfi að hrófla við þeim, þegar hún fellur úr gildi. Að vísu er ekki hægt að segja um það nú, hvað lengi kreppan varir, en n. þótti vissara að láta þessa heimild gilda næstu 3 árin. Ef þörf er á henni lengur, getur Alþ. auðvitað framlengt hana þegar þar að kemur.

Ég vil þá fyrir n. hönd mælast til þess, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem felst í till. n. á þskj. 142.

ATKVGR.

Brtt. 142 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 26. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 157).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og endursent Nd.

---

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 157).

Á 31. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til einnar umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Þetta frv. hefir tekið breyt. í hv. Ed., og er hún sú, að heimildin, sem atvmrh. átti skv. frv. að hafa til þess að leyfa útflutning hrossa eftir 15. okt., hefir verið takmörkuð þannig, að heimild þessi nær nú aðeins til ársloka 1935. Get ég eftir atvikum mælt með því, að frv. svo breytt gangi fram.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég vildi aðeins fyrir n. hönd mælast til þess, að frv. yrði tekið út af dagskrá nú, af því að landbúnaðarnefnd hefir ekkert athugað það, eða öllu heldur þá breyt., sem frv. hefir tekið í Ed., en ég vildi hinsvegar, að landbn. fengi aðstöðu til þess að athuga málið áður en það yrði afgr.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 22. marz, var fram haldið einni umr. um frv.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Landbn. hefir athugað þessa breyt., sem Ed. hefir gert á frv. um útflutning hrossa. Ég sé ekki ástæðu til að fara að hrekja málið milli deilda, og af þeim ástæðum leggur n. til, að það verði samþ. eins og það nú er orðið.

Annars vil ég taka fram, að n. áleit, að sú breyt. sé ekki til bóta, að þessi heimild gildi aðeins til ársloka 1935. Ég er þess fullviss, að hvenær sem nokkur möguleiki er til markaða erlendis fyrir hross, þá muni sú stjórn, sem situr í það skiptið, hver sem hún svo verður, setja bráðabirgðalög til þess að leyfa slíkan útflutning. Þess vegna sýnist mér heppilegra, að þessi heimild gildi áfram, svo ekki þurfi að breyta síðar eða að losna við það, að sú stjórn, sem þá situr, þurfi að setja bráðabirgðalög um þetta efni. Það hefir komið fyrir, og getur ávallt komið fyrir, að það opnist möguleikar til þess að selja íslenzka hesta á erlendum markaði að vetri til, og það virðist engin ástæða til að hafa á móti því, að þeir möguleikar séu notaðir hvenær sem er. Frá mínu sjónarmiði er sjálfsagt að nota þetta, og þá ekki rétt að vera að girða fyrir það með löggjöf. Þrátt fyrir þetta leggur n. þó til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hv. Ed. gerði á því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 225).

## 9. Veðskuldbindingar afmáðar úr veðmálabókum.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum** (stjfrv., A. 13).

Á 6. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Lög, svipuð þeim, sem ráðgert er að setja með þessu frv., hafa tvisvar verið sett hér á landi áður, sem sé 1893 og 1897. Lög eins og þessi má telja einskonar endurskoðun á veðmálabókum landsins. Og þar sem 35 ár eru nú liðin síðan slík endurskoðun fór fram, sýnist tímabært að láta hana fara fram að nýju. Veðmálabækurnar eru mjög mikilsverður þáttur í fasteignaveðlánastarfseminni, og flestir, sem eitthvað hafa verið við þá starfsemi riðnir, munu hafa rekið sig á, að það kemur ekki sjaldan fyrir, að veðmálabækurnar sýna ekki rétta mynd af, hvað í raun og veru hvílir á fasteignum. Þetta er þó ekki því að kenna yfirleitt, að bækurnar og veðmálaskrárnar séu ekki rétt færðar, heldur því að ýmsir, sem greiða þinglýstar veðskuldir, eru ekki nægilega hirðusamir um að láta aflýsa hinum greiddu bréfum. Oft og tíðum kemur þetta ekki í ljós eða kemur ekki að sök fyrr en löngu seinna, og þá lendir kostnaður og óþægindi af þessu oft og tíðum á þeim, sem litla eða enga sök eiga á þessu. Úr þessu er tæpast hægt að bæta á annan hátt en þann, sem frv. ráðgerir. Vona ég, að ekki verði ágreiningur um, að rétt sé að fara þá leið til að bæta úr þessu, sem í frv. er stungið upp á.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 83).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Ég þarf fáu að bæta við það, sem stendur í grg. — eins og hv. dm. munu hafa séð, er hér um nokkurskonar hreingerningu á veðmálabókunum að ræða. L. gera ráð fyrir, að rannsókn fari fram á því, hvaða veðskuldbindingar muni ekki lengur vera í gildi, og setja reglur um það, hversu skuli afmá skuldbindingar þessar úr bókunum. Allir þeir, sem eitthvað hafa komið nálægt lánsstofnunum, vita, að mjög erfitt er að fá hrein veðbókarvottorð úr veðmálabókunum, þótt kunnugt sé, að veðskuldbindingin, sem í bókunum stendur, sé úr gildi fallin fyrir lengri eða skemmri tíma. Ekki verður heldur séð, að nokkur hætta fylgi þeirri leið, sem hér er farin, því að reglur frv. um, hvers gæta skuli áður en veðbindingin er strikuð út, sýnast eiga að vera full trygging fyrir því, að ekki verði gengið á rétt nokkurs manns. — Allshn., sem hefir athugað þetta mál, hefir orðið sammála um að mæla með því. Hún hefir lagt til, að á því verði gerðar smávægilegar breyt., eins og þskj. 83 ber með sér. En þessar breyt. eru aðeins orðabreyt. og þarf þess vegna ekki að gera frekari grein fyrir þeim. Á tveim stöðum er fært til réttara máls, 1. brtt. við 3. gr., og í 4. gr. felld burt orð, er n. hélt, að e. t. v. gætu verið villandi.

Ég vil mælast til, að þetta frv. verði samþ. með þeim smábreyt., sem n. leggur til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 83, 1.a—b samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 83,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
5.—9. gr. samþykkt með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 109).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 19. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 109).
Á 21. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv. er hingað komið frá hv. Ed. og hefir fengið greiðan gang gegnum hana, og ég vona, að svo verði einnig hér í þessari hv. d. Frv. gengur út á einskonar endurskoðun á veðmálabókum landsins, til þess að létta undir og greiða fyrir þeim mönnum, sem eru svo óheppnir, að ekki er aflýst veðskuldum, sem þinglýst hefir verið, en greiddar eru. Þetta kemur sér oft illa, þegar á að fá lán út á þessar eignir, og fyrir því er valin leið til þess að fá strikaðar út þessar skuldir, leið, sem er svipuð þeirri leið, sem einu sinni hefir verið farin hér á landi, með l. frá 1893, en þau þóttu þá hafa gefizt vel, og þar sem liðin eru nú 35 ár síðan þau voru gefin út, þá sýnist rétt að reyna aftur sömu aðferð til þess að má úr veðmálabókum þau veðbréf, sem greidd eru en óaflýst.

Ég vildi svo leyfa mér að óska, að málinu yrði vísað til allshn. Það gekk í gegnum þá n. í Ed.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 109, n. 193).

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Allshn. hefir haft frv. þetta til athugunar og legg-

ur til, að það verði samþ. óbreytt. Það er vitanlegt um flestar veðmálabækur, að þær eru meira og minna ónákvæmar, sökum þess, að menn hirða ekki um að láta aflýsa skjöl og samninga, og eina leiðin til að hreinsa til í veðmálabókunum virðist vera þessi, sem hér er farið fram á. N. hefir ekki séð ástæðu til að breyta tímatakmörkunum og leggur því einhuga til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 247).

---

## 10. Jarðrask við sjó í kaupstöðum.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum** (stjfrv., A. 26).

Á 4. fundi í Nd., 18. febr. var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það hefir komið fyrir, að ríkissjóður og sveitarfélög hafa orðið að leggja fram talsvert fé til varnar landbroti í kaupstöðum og kauptúnum. Vitamálastjóri, sem hefir verið ráðunautur stj. um þessi mál, telur, að landbrotum þessum hafi venjulega valdið grjót- og malartaka úr flæðarmálinu. Það er auðsætt, að talsverð freisting er fyrir íbúa þorps, sem ef til vill er í hröðum vexti, að taka grjót og möl sem næst, en það er venjulega í fjörunni framundan þar sem byggt er. Þetta hafa íbúarnir að sjálfsögðu gert, án þess að þeir vissu, að þeir með þessu gætu komið af stað landbroti, sem mikið fé þarf til að bæta.

Fyrir því er réttast að banna þessa grjót- og malartekju með lögum, og sá er tilgangur þessa frv. Líklegt er þó, að á sumum stöðum sé óhætt að leyfa þetta, og með það fyrir augum er ákveðið í 3. gr. frv., að gefa megi undanþágu frá þessu banni.

Ég óska svo, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 26, n. 60).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Allshn. hefir gert grein fyrir afstöðu sinni til þessa frv. með nál. á þskj. 60, og hefi ég litlu við það að bæta. N. álítur rétt að amast við því, hvar jarðrask sé gert, eins og segir í frv. En að því er snertir undanþágu frá þessu banni, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., þá virtist n., að sú undanþága mætti vera nokkru víðtækari, ef mannvirki væru reist á þeim stað, sem jarðraskið er gert. Það virðist vera tilgangur frv. að leyfa ekki jarðrask eða malartöku í landareign kaupstaða og sjávarþorpa, innan 800 m. frá byggð í sjávarþorpum, til beggja handa meðfram fjöru, nema að því leyti, er leiðir af hafnarmannvirkjum og ruðningi í bátalendingum, og öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar.

Þó að í bili þurfi að gera nokkurt jarðrask vegna mannvirkja, t. d. grafa fyrir grunni í klöpp eða lausum jarðvegi, þá virðist það eigi muni saka, þegar mannvirki er reist á þeim stað, sem jarðraskið var gert.

Hvar sem landi er raskað, eða illa frá því gengið, einkum þar, sem sjór nær til, er vitanlega mikil hætta á landbroti og skemmdum og verður að koma í veg fyrir það. En n. virtist rétt, að banninu væri

þannig háttað, að það hindraði ekki framkvæmdir vegna mannvirkja. Samkv. því leggur n. til í brtt. á þskj. 60, að bann þetta nái þó eigi til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annara mannvirkja. En í frv. eru aðeins undanskildar hafnargerðir og lendingarbætur. Sem sagt, n. hefir rýmkað þessa undanþáguheimild með brtt. sinni og vonar, að hv. þd. geti fallizt á hana.

**Pétur Ottesen:** Ég býst við, að það sé fullkomin ástæða fyrir löggjöfina að sporna við jarðraski og landspjöllum af völdum sjávar,einkum í kaupstöðum og þorpum og nágrenni þeirra, með því að reisa skorður við grjótnámi og malartöku í fjörum. Í 1. gr. frv. er þannig bannað að taka grjót og möl í fjörum eða nærri flóðmáli án þess að leyfi vitamálastjóra komi til. Ég skil 1. gr. frv. þannig, að þetta sé yfirleitt bannað og að ekki megi taka möl eða byggingarefni í fjörum eða sjávarbökkum, nema með leyfi eða samþykki vitamálastjóra. Ég held, að þetta geti valdið talsvert mikilli fyrirhöfn og óþarfa skriffinnsku, sem komast mætti hjá að skaðlausu í flestum tilfellum. Ég er ekki í vafa um, að víðast er aðstaðan þannig í kaupstöðum og sjávarþorpum, að óhætt mundi að leggja það á vald hlutaðeigandi hreppsnefnda og bæjarstjórna, að skera úr því, hvar einstaklingar megi taka grjót og möl til bygginga. Þess vegna virðist mér það vera að seilast um hurð til loku að binda þessi leyfi ófrávíkjanlega við vitamálastjóra. Að vísu er vitamálastjóri og starfsmenn hans orðnir kunnugir víða á landinu að því er þetta snertir, en þó ekki alstaðar, og skortir þar mikið á. Ef þeir ættu því að byggja úrskurði sína á þekkingu og kunnugleik á hverjum stað, þá þyrftu þeir oft að takast ferð á hendur og sjá með eigin augum, hvernig til hagar. Ég vil nú skjóta því til hv. allshn. að athuga, hvort eigi muni í mörgum tilfellum óhætt að fela bæjarstj. og hreppsn. þetta úrskurðarvald. En þar, sem sérstaklega væri hætta á landbroti vegna jarðrasks og bæjarstjórnir og hreppsn. álíta sig ekki færar um það að dæma, þá ættu þær í þeim tilfellum að leita aðstoðar og úrskurðar viðkomandi verkfræðings. Ég hugsa mér, að ákvæði verði sett inn í frv. þess efnis, að vitamálastjóra og þeim verkfræðingum, sem með honum starfa, verði falið að athuga það á ferðalögum sínum, hvar mest er hætta á landbroti og skemmdum af völdum sjávar, og semja skrá yfir þau þorp og kaupstaði, sem hafa sérstaka aðstöðu í þessu efni og sem helzt þyrfti að gjalda varhuga við að því er landspjöllin snertir. Ég er viss um, að það er óþörf fyrirhöfn að einskorða þetta þannig, að í hverju einstöku tilfelli verði þessum málum vísað til vitamálastjóra, og óska ég, að hv. n. taki þetta til athugunar.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vil byrja á því að þakka hv. allshn. fyrir meðferð hennar á þessu frv., og skal taka það fram, að ég er alveg samþykkur brtt. hennar á þskj. 60. Út af orðum hv. þm. Borgf. skal ég geta þess, að ég skil frv. á sama hátt og hann. En þar sem hann álítur, að í hvert skipti þurfi að leita umsagnar og úrskurðar vitamálastjóra, og telur það of mikla fyrirhöfn, þá skal ég benda á, að í framkvæmdinni mundi þessu verða hagað á annan hátt. Ég býst við, að í allflestum tilfellum yrði fengin umsögn og álit hlutaðeigandi bæjarstjórna og hreppsn., og síðan mundi verða með símskeytum leitað úrskurðar vitamálastjóra í hverju tilfelli, er þörf þætti. Náttúrlega gæti það komið fyrir, að vitamálastjóri ætti ekki gott með að gefa úrskurði, nema að takast ferð á hendur til athugunar á staðháttum, ef hann er þar ekki kunnugur áður. En vitanlega væri það þá gert vegna þess, að einhver hætta stafar af hinu fyrirhugaða jarðraski, og þá er líka sannarlega ástæða til að firra ríkissjóð skaða, með því að koma í veg fyrir grjót- og malartöku í fjörum og annarsstaðar, þar sem hætta stafar af sjávargangi. — Ég skal ekki segja, að ekki kunni að mega draga eitthvað úr ákvæðum frv. um samþykki vitamálastjóra í öllum tilfellum, þegar um jarðrask eða efnisnám er að ræða, t. d. þegar bæjarstjórnir eru sammála um að leyfa það. En ég vil þó vara við því, vegna þess að þá er frekar hætt við að svo fari, að lögin verði kák eitt og til lítils gagns.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég geri ráð fyrir, að n. geti orðið sammála um að taka til athugunar þær bendingar, sem komu fram í ræðu hv. þm. Borgf., til 3. umr. En um það atriði frv., að ávallt þurfi að leita samþykkis vitamálastjóra, er hv. þm. taldi svo vafningasamt að útvega, er það að segja, að n. virtist það vera gott og réttmætt, vegna þess, að á þann hátt væri bezt tryggður hlutlaus úrskurður á milli þeirra einstöku manna, sem vilja gera jarðrask eða efnisnám þar, sem hætta stafar af því, og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórna, sem eiga um það að ákveða. Það er ekkert ólíklegt, að í því efni geti oft orðið ágreiningur og jafnvel ekki örgrannt um, að upp geti risið hreppapólitík og því líkt, sérstaklega þar, sem þröngt er um land. Þá er það enginn ágalli heldur, að úrlausnin komi utan takmarka þess svæðis, sem deilan á sér stað. Mér virðist, að það sé ekki meiningin með 1. þessum, að í hvert skipti, sem maður þarf að taka möl, þá þurfi hann að sækja um það til vitamálastjóra. Mér virðist, að gangurinn yrði sá, eins og 3. gr. bendir á, að þegar leyfi sé gefið út til efnisnáms fyrir tíma, sem þó yrði ekki lengri en 5 ár í senn, ef frv. yrði að lögum, þá yrði það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í því praktiska tilfelli gæfi það og veldi svæðið til efnisnáms, ef það svæði lægi innan þeirra takmarka, sem 2. gr. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. innan 500 metra frá takmörkum verzlunarlóða og 800 metra frá byggð. Mér virðist, að gangurinn yrði sem sagt sá, að þegar bæjarstj. eða hreppsn. er búin að velja svæði, þar sem hún telur hættulaust, að efnisnám fari fram, þá útvegi hún leyfi vitamálastjóra, eða e. t. v. ráðh., og auglýsi svo fyrir kaupstaðar- eða þorpsbúum, að á þessum stað sé leyfilegt að taka möl, grjót eða því um líkt, en ekki á öðrum stöðum. En sem sagt, þær aths., sem hv. þm.Borgf. kom með, tel ég sjálfsagt, að n. muni vera mér sammála um að athuga til 3. umr., en hvort af því leiðir, að komið verði með frekari brtt. í þessu efni, skal ég ekkert um segja. Ef menn verða ásáttir um, að þetta sé brýn þörf, þá skal ekki mælt á móti því, en svona fljótt á litið sé ég ekki, að frv. geti orðið til neins verulegs baga, ef rétt er með farið.

**Pétur Ottesen:** Ég er hv. frsm. allshn. þakklátur fyrir það, að hann ætlar að taka þessar bendingar mínar til athugunar. Ég held, að það sé rétt hjá mér, eins og líka höfundur þessa frv., hæstv. atvmrh., staðfesti, að hver landeigandi í kauptúni eða sjávarþorpi verði í hverju tilfelli, sem hann þarf sjálfur eða vill leyfa öðrum að taka grjót, möl eða sand í landi sínu, að snúa sér beint til vitamálastjóra til að fá leyfi til þessa. Samkv. þessu hafa bæjarstjórnir og hreppsnefndir ekkert ákvörðunarvald. Hjá þessu verður ekki komizt, svo framarlega sem uppfylla verður ákvæði laganna.

Skal ég svo ekki fara frekar út í þetta, en þætti gott, ef n. vildi taka til athugunar, að það er hvorki hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem hefir úskurðarvald í þessum efnum.

ATKVGR.

Brtt. 60 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

**Pétur Ottesen:** Við 2. umr. frv. þessa hér í d. hreyfði ég nokkrum aths. við það, sem jafnframt fólust í tilmæli frá mér um, að hv. allshn. tæki til athugunar. En nú sé ég, að hún hefir ekki haft ástæðu til þess að gera þetta. Hinsvegar hefir mér ekki unnizt tími til þess að koma fram með brtt. Leyfi ég mér því að beina þeim tilmælum tli hæstv. forseta, að hann taki mál þetta út af dagskrá að þessu sinni.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Það er rétt hjá hv. þm. Borgf., að hann mæltist til þess við 2. umr. þessa máls, að allshn. tæki til frekari athugunar viss atriði í frv., sem hann benti á. Hitt er ekki rétt hjá hv. þm., að n. hafi ekki gert þetta. Hún hefir þvert á móti borið sig saman um þessi atriði, en orðið á eitt sátt um það, að leggja ekki til neinar breyt. Hún

lætur því sitja við það, sem hún hefir lagt til.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. og 23. fundi í Nd., 10. og 13. marz, var frv. enn tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 90, 124).

**Pétur Ottesen:** Ég á hér 2 brtt. við þetta frv. Sú breyt. er umorðun á 1. gr. frv. og um að bæta nýrri gr. í frv.

Við 2. umr. gerði ég grein fyrir því, að ég væri óánægður með ákvæði í 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að ekki megi leyfa efnistöku eða gera jarðrask innan lóðartakmarka kauptúna eða sjávarþorpa, nema með samþ. vitamálastjóra. Ég veit, að víða hagar svo til, að alveg er hættulaust að taka efni með ströndum fram, svo sem möl, grjót og sand, þó í kauptúns- eða sjávarþorpslóð sé. Það ætti víða að geta verið öruggt, til þess að ekki væri lengra gengið í þessu efnisnámi en hættulaust má telja, vegna hugsanlegra ýmiskonar bygginga í framtíðinni, að kveða svo á um þetta, að landeiganda sé gert að skyldu að leita álits og samþykkis viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórnar og framkvæma ekkert jarðrask án slíks samþykkis. Það ætti að vera nógu tryggilega gengið frá þessum hlutum með því að fela þessum stjórnarvöldum að úrskurða, hvað óhætt sé í þessu efni. Vitanlega eru sveitarstjórnir skipaðar þeim mönnum, sem hafa það fyrst og fremst að markmiði að sjá um heill og velferð þeirra sveita eða kauptúna, sem þær eiga að ráða yfir, svo sem verksvið þeirra nær til.

Ég gerði ráð fyrir því í minni brtt., að ef ágreiningur yrði út af úrskurði sveitarstj. um þetta, sem fyrir gæti komið, þá gæti landeigandi, sem þætti rétti sínum hallað, skotið máli sínu til atvinnumálaráðuneytisins, sem gæfi svo úrskurð í málinu eftir till. vitamálastjóra, og yrði það fullnaðarúrskurður. Þessu gæti fylgt talsvert mikil fyrirhöfn, að leita til vitamálastjóra í Reykjavík um þennan úrskurð. En í flestum tilfellum tel ég, að þetta mundi vera óþarft.

Mjög er undan því kvartað úti um byggðir landsins, að nýjar og nýjar kvaðir sé alltaf verið að leggja hreppstjórum og sveitarstjórnum á herðar án nokkurs sérstaks endurgjalds. Sum þessi vinna, sem alltaf er verið að auka við sveitarstjórnirnar, mun koma að nokkru liði. En um mikinn hluta hennar má segja, að hún sé ekki annað en skriffinnska og óþörf tízka, sem gengur yfir eins og faraldur. Hér er nú á ferðinni eitt slíkt skilgetið fóstur skriffinnskutízkunnar. Hér er beint enn inn á þá braut, að ekkert megi ganga fyrir sig, áður en leitað er til yztu endimarka, til þess að fá úrskurð, sem ekki hefir snefil af meiri tryggingu í sér fólginn en flestir úrskurðir mundu hafa heima fyrir.

Með þessum ákvæðum, sem ég vil setja í frv., er stefnt að því, að gerð sé athugun af vitamálastjóra um það, hvernig umhorfs er í kauptúnum. Og þar, sem svo hagar til, að það gæti stafað hætta af því, að landeigendur hefðu óbundnar hendur með að raska landi sínu með ýmiskonar efnisnámi, ætti vitamálastjóri að tilkynna viðkomandi sveitarstjórn álit sitt um það. Eftir það sé henni svo óheimilt að leyfa efnisnám, þar sem vitamálastjóri hefir talið það hættulegt framkvæmdum í framtíðinni.

Þessar till. mínar koma ekki til af því, að ég áliti sveitarstjórnir ekki færar um að hafa það eftirlit í þessu efni, sem öruggt má telja, heldur álít ég þetta vera fyrsta lið í nauðsynlegri athugun um það, hvernig til hagar í kauptúnum landsins, svo sem um bryggju- og hafnarstæði í framtíðinni. Því að þótt þessi efnistekja komi ekki í bága við ákvarðanir yfirstandandi tíma, getur hún, eins og tekið hefir verið fram, komið í bága við byggingu mannvirkja í framtíð.

Ég hefi gert ráð fyrir því, að þótt vitamálastjóra sýnist ekki ástæða til að banna með öllu efnisnám innan takmarka einhvers kauptúns, geti hann þó bannað það á vissum svæðum á landi þess, vegna áðurnefndra bygginga.

Vænti ég, að hv. d. fallist á, að réttara sé að haga þessu eins og ég hefi gert till. um, því að með því er meiri trygging fengin fyrir því, að jarðrask komi ekki í bága við framtíðarframkvæmdir heldur en í 3. gr. frv. eins og það er nú.

Ennfremur vænti ég þess, að hv. d. fallist á, að rétt sé að létta óþarfa ómaki af sveitarstjórnum í þessum efnum.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Það liggur við, að maður komist við þegar hv. þm. Borgf. er að lýsa þeirri fyrirhöfn, áhyggjum og erfiði, sem héraðastjórnir og hreppsnefndir eiga að verða fyrir út af ákvæðum þessa frv. Hv. þm. hefir lagt sitt skíra höfuð í bleyti og samið langa brtt., til þess, að því er virðist, meðal annars að létta þessa byrði svolitið fyrir sveitarfélögin og forða þeim frá óþarfri skriffinnsku. En þrátt fyrir þessa virðingarverðu viðleitni hv. þm. hefir þetta ekki tekizt öðruvísi en þannig, að samkv. brtt. hans hvílir alveg jafnmikil byrði á herðum sveitarstjórna vegna ráðstafana frv. Í frv. er þess getið í 3. gr., að til þsss að jarðrask sé leyft á vissum svæðum, þurfi fyrst og fremst leyfi landeiganda og samþykki vitamálastjóra, að fengnum till. bæjarstj. eða hreppsnefndar. En hv. þm. Borgf., sem einkum hefir það fyrir augum að létta undir með heppsnefndum og bæjarstjórnum, gerir till. um, að þetta sama jarðrask geti landeigandi leyft, ef viðkomandi bæjarstj. eða hreppsn. veitir leyfið. Í hvorumtveggja tilfellum fellur nákvæmlega sama hlutverk á hendur bæjar- eða sveitarstjórnum, sem sé það, að láta uppi álit sitt með eða móti jarðraski á ákveðnum stöðum. Viðkomandi sveitar- eða bæjarstj. þarf að taka það upp á dagskrá á fundi að ræða þessi mál, hvort sem brtt hv. þm. Borgf. verður samþ. eða frv. eins og það er, óbreytt. Það er því af misskilningi hjá hv. þm., að hann heldur því fram, að með brtt. hans sé nokkru erfiði létt af bæjar- eða sveitarstj. í þessu efni.

Það má með sanni segja, að margt er lagt á herðar sveitarstjórnum, sem er óþarft. Og margt verra en þetta, að láta í ljós álit eða gefa samþykki um efnisnám á einhverjum landsvæðum, einkum þegar þess er gætt, sem mér virðist frv. gefa tilefni til að álíta, en sem mér virðist hv. þm. loka augunum fyrir, að samþykktir um jarðrask á einhverjum stöðum geti samkv. frv. gilt á hverjum stað fyrir 5 ár í senn, sem ég mun hafa bent á við 2. umr. Það er því alveg að ástæðulausu, að hv. þm. er að tala um það, að í hvert skipti, er einhver þarf að taka efni, svo sem möl og grjót, innan kauptúns einhversstaðar úti á landi, þurfi hann að sækja um það til vitamálastjóra.

Get ég því ekki eftir bezta vilja séð, að hv. þm. Borgf. bæti nokkuð úr með brtt. sinni, hvorki fyrir einstaklingum né heldur sveitafélögum. Hið eina, sem mundi vinnast með brtt. hv. þm. Borgf., ef hún yrði samþ., mundi verða það, að það þyrfti þá ekki að leita samþ. vitamálastjóra um leið og leyfið væri veitt. En hann vill í stað þess fá úrskurð atvmrh., að fengnum úrskurði vitamálastjóra, þegar kominn er upp ágreiningur á milli landeiganda og sveitarstjórnar. Þetta er ekki stór vinningur, og sennilega gæti oft orðið að leita till. vitamálastjóra, jafnvel þó að brtt. væri samþ.

Nú ber þess að gæta, að frv. er flutt að undirlagi vitamálaskrifstofunnar. Vitamálastjóri hefir komið því til leiðar til þess, að hann gæti framvegis fylgzt betur með því, hvar landeigendur vilja leyfa jarðrask í kaupstöðum og kauptúnum. Engin ástæða er til þess að útiloka vitamálaskrifstofuna frá þessu, því hún á hagsmuna að gæta fyrir landsins hönd.

Ég ætla, eftir því sem ég hefi tekið fram, að hv. dm. sjái, að þessi breyt. sé mjög lítið til bóta. Ætla ég þó ekki að gera það að sérstöku ágreiningsatriði, hvort hún verður samþ. eða ekki.

Hv. þm. Borgf. vill, að vitamálastjóri geri skrá yfir þau svæði, þar sem hætta getur stafað af jarðraski. Vitamálastjóri á svo að tilkynna sveitar- eða bæjarstj., og svo á að haga sér eftir því, sem hann ákveður. Til þess að framkvæma þetta þyrfti vitamálastjóri eða umboðsmenn hans að ferðast um allt landið, því að svo að segja til allra kaupstaða og kauptúna taka ákvæði þessa frv. Mundi þetta kosta mikið fé.

Ég hefi átt tal við vitamálastjóra um þessi 2 atriði: umskrift á 3. gr. frv. og með þeirri breyt., að fyrst sé gengið framhjá vitamálaskrifstofunni, og um hitt, að vitamálastjóri eigi að gera skrá yfir öll þau landsvæði, sem hér gætu komið til greina. Vitamálastjóri sagði, að hann gæti á engan hátt fallizt á, að orðabreyt. á 3.

gr. væri til bóta, heldur væri með henni öllu snúið öfugt samkv. till. hv. þm. Borgf. Og hann áleit, að þessi skrá, sem hv. þm. Borgf. talar um, mundi kosta miklar ferðir og mikið fé. — Af öllum þessum ástæðum, sem ég nú hefi talið, sá allshn. sér ekki fært að leggja með brtt. hv. þm. Borgf., og leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Pétur Ottesen:** Hv. frsm. sagðist hafa komizt við af því, sem ég sagði um þá erfiðleika, sem þetta frv. leggur sveitar- og bæjarfélögum á herðar. Þykir mér þetta nú að vísu ótrúlegt, og gæti ég fremur trúað, að eitthvað hafi eimt eftir af þeirri viðkvæmni hjá hv. þm., sem að honum setti við næsta mál á dagskrá hér á undan, frv. til hjúkrunarkvennalaga, sem hv. frsm. stóð í nánu, að ég ekki segi óeðlilegu sambandi við. En svo að ég sleppi öllu gamni, þá verð ég að láta í ljós undrun mína yfir þeirri niðurstöðu hv. þm., að fyrirhöfnin verði hin sama samkv. till. mínum og eftir ákvæðum frv., og skal ég nú draga fram muninn í þessu efni samkv. mínum till. og ákvæðum frv., til skilningsauka fyrir hv. þm. Samkv. frv. verður hver sá landeigandi, sem gera vill jarðrask í landi sínu, að sækja um leyfi til slíks til vitamálastjóra, sem aftur leitar umsagnar hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstj. út af beiðninni. Eftir að vitamálastjóri seint og síðar meir hefir fengið umsagnir hinna hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstj., getur þannig loks komið til mála, að viðkomandi jarðeigandi fái leyfi vitamálastjóra til að taka efni eða gera jarðrask í landi sínu, en þyki jarðeiganda hallað á sig í úrskurði vitamálastjóra, getur hann skotið málinu til fullnaðarúrskurðar ráðh. Samkv. mínum till. þarf landeigandi hinsvegar ekki að sækja alla þessa krókaleið hingað til Reykjavíkur, til þess hér að fá leyfi vitamálastjóra til efnistökunnar, heldur nægir honum að snúa sér til hreppsn. í sínum eigin hreppi til þess að fá leyfið, sem mundi útkljá þetta á einum degi, í stað þess sem það mundi taka marga mánuði eftir ákvæðum frv. — Ég sé, að hv. frsm. brosir, en við, sem þekkjum afgreiðsluhraða stjórnarráðsins, þegar leita þarf til þess í einu eða öðru, göngum þess ekki duldir, að bíða verður eftir þessum úrskurði vitamálaskrifstofunnar fleiri fremur en færri mánuðina, og ég þykist enda vita, að hv. frsm. sjálfur ali engar slíkar tálvonir í bjósti um þetta efni. Slíkur dráttur gæti hinsvegar haft í för með sér, að sú framkvæmd, sem efnistaka er nauðsynleg fyrir, verði að falla niður á þeim tíma, sem hún er áætluð, og getur slíkt haft mjög mikil óþægindi í för með sér, t. d. ef um húsbyggingu er að ræða. Þessi er munurinn á mínum till. og ákvæðum frv., sem hv. þm. Vestm. er hér að tala fyrir og verja.

Ég get ekki fallizt á, að hv. frsm. hafi rétt fyrir sér með þann gífurlega kostnað, sem hann sagði, að mundi leiða af framkvæmd síðari brtt. minnar, ef samþ. yrði, þar sem svo segir, að vitamálastjóri skuli gera skrá um þau landssvæði innan kaupstaða og kauptúna, þar sem sérstök hætta getur stafað af efnisnámi. Mér dettur ekki í hug, að vitamálastjóri geri út leiðangra gagngert í þessu skyni, heldur að hann láti athuga þetta jafnframt því, sem unnið er að öðrum framkvæmdum, vitabyggingum, hafnarbyggingum, bryggjugerðum o. s. frv. Er vitanlegt, að vitamálastjóri sjálfur og aðstoðarmenn hans eru á stöðugu ferðalagi hvert sumar vegna slíkra framkvæmda víðsvegar um landið. Það er því eins og hver önnur fjarstæða, þegar því er haldið fram, að auka þurfi liðsaflann á vitamálaskrifstofunni vegna þessa ákvæðis, þar sem þannig verður hægt að vinna að þessu smátt og smátt, enda felur þessi till. mín jafnframt í sér, að við efnistökuleyfið sé ekki aðeins tekið tillit til þeirra skemmda, sem af slíku jarðraski gætu leitt, heldur líka haft viðhorf til væntanlegra framkvæmda á hverjum stað. Skildist mér á hv. frsm., að honum ægði allur sá kostnaður, sem af þessu mundi leiða, en ég vænti þess, að ég hafi með þessum orðum tekið þann ótta frá honum. Hinsvegar er á það að líta, að vitamálastjóri hefir enga aðstöðu til að leyfa eða banna efnistöku úti á landi án þess að hafa athugað staðhætti í hverju tilfelli, og er því hreint og beint humbug að vera að leggja þetta undir vitamálastjóra, ef honum ekki er ætlað að fella úrskurð sinn að rannsökuðu máli, og er

ólíkt meiri trygging að fela bæjar- og sveitarstj. þetta, sem þekkja alla staðhætti út og inn, eins og mínar till. ganga út á. Vitamálastjóri er vitanlega alls ekki dómbær í þessum efnum án þess að hafa kynnt sér alla málavöxtu. Það má því vera öllum ljóst, að mínar till. veita meira öryggi í þessum efnum, jafnframt sem þær minnka mönnum fyrirhöfnina af framkvæmd l. að miklum mun frá því, sem yrði samkv. ákvæðum frv. óbreyttum.

Þá vil ég benda á eitt atriði enn, mjög þýðingarmikið, sem mínar till. eru miðaðar við, en frv. gengur framhjá. Samkv. frv. er þannig gert ráð fyrir, að efnistökuleyfi gildi um 5 ár, en eins og liggur í augum uppi, geta orðið ýmsar þær breyt. af sjávargangi og öðrum ástæðum á fjörusvæðinu, sem efnisnám hefir verið leyft í, sem geri það að verkum, að ekki sé óhætt að veita efnistökuleyfi í fjörunni næsta ár á eftir. Að veita slíkt efnistökuleyfi fimm ár í senn skilyrðislaust með öllu, getur beinlínis stefnt því fjörusvæði í voða, sem um er að ræða. Við þessu hefi ég séð í brtt. mínum, því að samkv. þeim getur bæjarstj. eða hreppsnefnd, ef ástæður breytast, hvenær sem er fellt leyfið úr gildi eða takmarkað svæði það, sem áður var leyfð í efnistaka. Er þessi varnagli nauðsynlegur, því að aðstæður geta fljótt breytzt af sjávargangi eða í árósum af hvorutveggja í senn sjó og vatni. Með því að binda efnistökuleyfið við 5 ár er engin undantekning gerð í þessu efni.

Ég held því, að menn geti ekki verið í vafa um það, að brtt. mínar taka ákvæðum frv. fram í verulegum atriðum. Er betur fyrir þessu máli séð með mínum till. frá öryggislegu sjónarmiði, og þó stýrt hjá þeirri óþarfa fyrirhöfn, sem samkv. frv. er lögð eins og þegnskylda á þá menn, sem hlut eiga að máli.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þrátt fyrir ræðu hv. þm. Borgf. fæ ég ekki betur séð en að sú rétta leið í þessu máli sé einmitt farin í stjfrv. Vegna hins öra vaxtar kaupstaðanna í landinu hlýtur að koma að því fyrr en síðar, að þanna þurfi að taka byggingarefni í fjörunum, og ég held, að það sé ekki rétt að láta hreppsn. einar hafa úrskurðarvaldið í þessum efnum, því að það er hætt við, að þeim kunni að þykja viðurhlutamikið að taka þessi hlunnindi af íbúunum, og álít ég því réttara að fela færasta manninum, sem völ er á í þessum efnum, að gefa undanþágur frá ákvæðum l., eins og gert er samkv. frv. — Skal ég svo ekki orðlengja frekar um þetta, enda er hv. þm. Borgf. fullkomlega ásáttur aðalhugsun frv., en vill aðeins hafa aðra aðferð til að koma henni fram.

**Sveinn Ólafsson:** Ég álít þetta frv. í senn lítilvægt og þarflítið. Það mun yfirleitt fremur sjaldgæft, að grjót- eða malarnám valdi landbroti, þótt það að vísu geti komið fyrir. Þar sem svo hagar til, mun og yfirleitt vera til samþykktarákvæði til að varna slíkri hættu. Engu að síður álít ég þó rétt að gjalda varhuga við þessu og setja fyrirmæli til að tryggja, að varlega sé farið, þar sem hætta getur verið í þessum efnum.

Að því er frv. þetta snertir, þá þykja mér fyrirmæli þess of flókin og torveld í framkvæmd til þess að því verði vel tekið og ákvæðum þess fylgt af fúsum vilja. Skal ég að vísu ekki orðlengja frekar um það atriði, en lýsa áliti mínu á till. hv. þm. Borgf. Ég tel, að brtt. hv. þm. á þskj. 124 séu réttmætar og gangi í rétta átt. Þær gera þetta viðhlítanlegra en það verður eftir ákvæðum frv. Mér virðist ófært að leggja þá kvöð á menn þá alla, sem þurfa á efnisnámi að halda, þar sem ekki er bersýnileg hætta á landbroti, að þurfa að sækja um leyfi til slíks svo langa og torsótta leið og frv. ákveður, en nægilega tryggt, að hlutaðeigandi sveitarstjórnarvöld veiti leyfi eða geri samþykktir í þessu efni, og verði þetta undir þau borið, eins og ráðgert er í brtt. hv. þm. Borgf. Er og enginn vafi á því, að staðkunnugir menn geta sagt um það með meiri vissu en ókunnugur sérfræðingur, hvort gerlegt sé að veita efnistökuleyfi eða ekki, og mun ég af þeim ástæðum fylgja fyrri brtt. hv. þm. Borgf. — Að því er síðari brtt. hv. þm. snertir, sem mælir svo fyrir, að vitamálastjóri skuli láta gera skrá um þau landsvæði, þar sem sérstök hætta getur stafað af efnisnámi við sjó, þá finnst mér hún óþörf, enda mundi hún fyrirsjáanlega hafa mikinn kostnað í för með sér, sem ekki er nauðsynlegur, því að ég

álit, að staðkunnugir menn geti í öllum tilfellum skorið úr þessum málum, engu síður en sérfræðingar, sem jafnvel aldrei hafa á staðinn komið. Ég mun því ekki fylgja síðari brtt. hv. þm. Borgf. Annars vil ég að lokum segja það, að ég teldi engan skaða skeðan, þótt frv. yrði ekki samþ. eða sofnaði.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég vil leiðrétta það hjá hv. 1. þm. S.-M., að frv. gangi framhjá till. staðkunnugra manna, því að frv. gerir þvert á móti ráð fyrir, að álit þeirra sé fyrir hendi, þegar efnistökuleyfi er veitt. Og gangurinn í þessu yrði engan veginn sá, sem hv. þm. Borgf. vildi vera láta, að vitamálastjóri skrifaði eftir umsögn hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstj., heldur mundi hún látin fylgja umsókn landeigandans til vitamálastjóra. Er þetta svo einfalt mál, að ekki á að þurfa að ræða.

Ég gat þess áður, að ég hefði bein orð vitamálastjóra fyrir því, að kostnaðurinn við það að gera þessar skrár, sem till. hv. þm. Borgf. ákveða, að gera skuli, mundi verða mjög mikill, enda liggur þetta í hlutarins eðli, þar sem hér er um það að ræða að gera slíkar skrár yfir alla kaupstaði og kauptún landsins, að þetta getur ekki orðið kostnaðarlítið. Annars get ég ekki stillt mig um að láta í ljós gleði mína yfir því, að áhyggjur hv. þm. Borgf. út af erfiði sveitarstj. virtust nú allar roknar út í veður og vind, eftir að hann hafði hlustað á rök mín í þessu máli.

**Pétur Ottesen:** Ég get ekki verið að endurtaka frekar þær röksemdir, sem ég hefi haldið fram í þessu máli. Út af skránum vil ég aðeins benda hv. þm. Vestm. á það, og hefi ég reyndar bent honum á það áður, að því fer fjarri, að leyfisveitingarnar verði ríkissjóði að kostnaðarlausu samkv. frv. sjálfu, og verður engu að síður að gera eitthvað í líkingu við þessar skrár mínar a. m. k., þótt till. mín í þessu efni nái ekki fram að ganga. — Þá er það mesti misskilningur hjá hv. þm. Vestm., að áhyggjur mínar út af erfiði sveitarstj. séu roknar út í veður og vind, því að erfiðleikarnir hvíla á sveitarstj. eftir sem áður, ef frv. verður samþ.

ATKVGR.
Brtt. 124,1 felld með 10:10 atkv.
— 124,2 felld með 14:1 atkv.
Frv. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 26. fundi í Ed., 16. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 90).

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 310).

**Frsm. (Magnús Torfason):** N. hefir orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Ég get aðeins látið það fylgja því, að við suðurströndina er mikil þörf á slíkum lögum. Það eina, sem ég álít, að geti verið spurning, er það, hvort þessi lög eru nógu víðtæk. N. fellst samt á, að rétt sé að samþ. frv. eins og það er, það má þá bæta úr því síðar, eftir því sem reynslan sýnir, að þörf væri á.

Það er víst, að það hefir orðið skaði af slíku jarðraski, sem gert hefir verið án þess tillit hafi verið tekið til þess, að með því er verið að greiða fyrir sjónum að ganga á landið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 368).

## 11. Ullarmat.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 3. nóv. 1915, um ullarmat** (stjfrv., A. 32).

Á 6. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Atvinnumálaráðuneytinu hafa oft borizt gegnum sendiherrann, sem við eigum erlendis, umkvartanir vegna tilfinnanlegrar vöntunar á samræmi í ullarmatinu. Er ekki ástæða til að ætla, að þessar umkvartanir séu með öllu rakalausar, þar sem yfirullarmatsmenn hafa ekki haft neitt verulegt samband sín á milli, og því ekki nein trygging fyrir því, að allir matsmenn fylgi sömu reglum við matið. Nú er það nauðsynlegt, að við kostum kapps um að hafa allar okkar útflutningsvörur sem beztar og vandaðastar og að þannig sé gengið frá mati á þeim, að aldrei gefist réttmæt ástæða til umkvörtunar. Þessar ástæður liggja til þess, að þetta smáfrv. hefir verið lagt fyrir þingið. Er ætlazt til, að úr þeim ágöllum, sem verið hafa, sé að nokkru bætt með því að skipa einn mann til þess sérstaklega að hafa yfirumsjón með öllu ullarmati á landinu og veita hinum matsmönnunum leiðbeiningar og fræðslu um framkvæmd matsins. Jafnframt mun ráðuneytið láta fara fram rækilega athugun á því, hvort ekki sé ástæða til að breyta til um flokkun ullar, með því að á þeim reglum hafa þótt nokkrir gallar.

Skv. 3. gr. frv. verður lítilsháttar kostnaðarauki við þessa breyt., en þar sem annar höfuðatvinnuvegur landsmanna á í hlut, virðist ekki í það horfandi. Jafnframt skal geta þess, að hvað ferðakostnaðinn snertir, hefir ekki þótt fært að halda sér við hámarkið, sem sett er í núgildandi lögum. Verðgildi peninga í landinu var annað þá en nú, og þrátt fyrir niðurskurð á reikningum yfirullarmatsmanna hefir ekki verið hægt að halda við hámarkið, sem þar er sett.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 16. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 74).

**Frsm. (Lárus Helgason):** Um þetta frv. er ekki margt að segja fyrir n. hönd. Eins og sést á nál., leggur n. til að samþ. það óbreytt. Að vísu hefir einn nm., hv. þm. Borgf., skrifað undir nál. með fyrirvara, sem ég geri ráð fyrir, að hann geri sjálfur grein fyrir.

Eins og hv. þdm. hafa tekið eftir, þá er hér um tiltölulega litla breyt. að ræða á ullarmatslögunum. Aðalbreyt. er þessi, sem felst í 2. gr. frv., að einn af 4 yfirullarmatsmönnum verði formaður þeirra. Það virðist ofureðlilegt, að til þessa ráðs sé gripið, þar sem margsinnis hefir komið í ljós, að ullarmatið er ekki alltaf framkvæmt eins og æskilegt væri, svo að full þörf er að samræma það betur. Virðist þetta helzta ráðið, sem er fyrir hendi, að skipa einn mann til að hafa aðaleftirlit. Hér er ekki út í stórt lagt. Yfirmatsmenn hafa áður haft 400 kr. árslaun, en hér er lagt til að bæta 400 kr. við þennan eina mann, m. a. af því, að búizt er við, að hann hafi meiri ferðalög.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu fyrir þessu máli. Hæstv. stj. hefir í aths. sínum við frv. skýrt svo greinilega frá tilganginum með því.

**Pétur Ottesen:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, af því að ég er ekki jafnsannfærður um það og hv. frsm. n., að vandkvæðum eða missmíðum, sem e. t. v. hafa verið á ullarmatinu undanfarið, verði kippt í lag með frv. þessu. Það er náttúrlega svo, eftir því sem mér skilst, að það veldur mestu um það, hvernig matið tekst hjá ullarmatsmönnum, sem sjálfir skoða ullina og flokka hana. Samkv. þar til settum reglum, sem fyrst voru gefnar út áður en l. um ullarmat voru samþ. 1916, sem svo voru aftur endurnýjaðar 1926, þá er mjög skýrt kveðið á um það, hvernig eigi að meta og flokka ull. Yfirullarmatsmennirnir, sem eru og hafa verið fjórir, hver í sínu umdæmi,

hafa vitanlega ferðast um á þessum svæðum, þeir tala við ullarmatsmennina og sýna þeim á verklegan hátt, hvernig eigi að fylgja og framkvæma þessar settu reglur um ullarmat. Ennfremur hafa þessir yfirullarmatsmenn haft fundi með sér á fárra ára millibili, og ef farið er eftir reglum, sem settar eru um þetta, þá er mér sagt, að þessir menn ættu að koma saman á þessu ári. Þetta er vitanlega gert til þess, að þeir beri ráð sín saman og ræði um framkvæmd ullarmatsins, svo að þeir fylgist alltaf með og haldist í hendur um það, að samræma ullarmatið svo sem hægt er með slíku eftirliti með ullarmatsmönnum, þeim mönnum, sem raunverulega framkvæma ullarmatið. Ég er þess vegna ekki trúaður á það, að þótt tekinn sé einn af þessum 4 ullarmatsmönnum og hann gerður að nokkurs konar yfirmanni, svo að það vald, sem nú liggur í höndum 4 manna, verði þannig lagt í hendur eins, að í þessu út af fyrir sig liggi sú trygging, sem til verulegra bóta má verða á því, sem áfátt kann að vera um ullarmatið. Ég held, að það, sem þar kann að vera áfátt, liggi að einhverju leyti í mistökum, sem orðið hafa á framkvæmdum hjá þeim eiginlegu ullarmatsmönnum. Og ég sé ekki, að þau mistök geti ekki orðið eftir sem áður, þótt yfirstj. sé færð í þetta horf.

Önnur ástæðan til þess, að einhverju kann að vera áfátt í þessu efni, liggur áreiðanlega í því fyrst og fremst, að ullargæðin eru í einstökum héruðum ákaflega mismunandi. T. d. er ull á Norðurlandi og jafnvel vesturhluta landsins og norðausturhluta talin vera miklu betri en hér á Suður- og Suðausturlandi, sem að nokkru leyti getur átt rót sína að rekja til fjárstofnsins eða kynferðis fjárins, en hinsvegar líka mikið til veðurfarsins. Hér á Suðurlandi er miklu meiri úrkoma og óstöðugri veður en á Norðurlandi, og af því leiðir, að ullin verður þelminni, en togmeiri heldur en á Norðurlandi.

Í þriðja lagi eru náttúrlega mikil vandkvæði á því að flokka ull, svo að nokkur veruleg trygging sé í fyrir kaupendur. Enda er hún ákaflega misjafnlega vel þvegin, og ýmiskonar meðferð hennar er mismunandi frá því að hún er tekin af kindinni og þangað til hún er flutt á verzlunarstaðinn. En öll meðferð á ullinni hefir ákaflega mikil áhrif á gæði hennar, þegar á að fara að vinna úr henni dúka. Það er þess vegna mjög margt, sem kemur til greina og erfitt verður að yfirstíga í þessu efni. Það eru mjög miklir annmarkar á því með núv. fyrirkomulagi að geta yfirleitt látið ullina njóta álits hjá kaupendum á erlendum markaði. Viðvíkjandi verkun ullarinnar býst ég við, að stórt spor væri stigið með því einu að koma upp þvottahúsum fyrir ullina, eins og víða gerist annarsstaðar, og raunar er nokkur vísir til hér á landi. Þetta út af fyrir sig hygg ég, að væri mikilsvert til þess að vanda verkun ullarinnar og auka henni álit.

Ég vildi aðeins drepa á þessi atriði, og sem sagt, ég hefi ekki beint lagzt á móti þessu frv., en í fyrirvara mínum felst fullkomið vantraust á því, að með þessari breyt. sé stigið verulegt spor í áttina til þess að auka eða bæta samræmi matsins. Þetta er ekki fjárhagsatriði hvað útgjöldin snertir, þar sem gert er ráð fyrir að hækka laun eins af matsmönnunum. Auk þess má náttúrlega búast við, að ferðakostnaður hans verði miklu meiri en hinna, þar sem mér skilst, að hann hljóti að eiga að ferðast ekki einungis um sitt eigið svæði, heldur víðar og víðar. En það er ekki eftir því að sjá, ef maður gæti gert sér von um verulegan árangur af starfinu. En ég get ekki annað en gert mér litlar vonir um árangur af þessari breyt. út af fyrir sig.

Ég vil minna á það, að fyrir allmörgum árum lá fyrir þinginu frv. eða till. um breyt. viðkomandi fiskmatinu, líkt og hér er farið fram á um ullarmatið. Ýmsir, sem þóttust vel þekkja til þessara hluta, létu þá í ljós mjög mikið vantraust á því, að fiskimatinu væri í nokkru betur borgið með slíkri breyt. Niðurstaðan varð sú, að Alþingi féllst ekki á till., sem þá lágu fyrir, og vildi heldur búa við það skipulag, sem verið hafði.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil þakka hv. n. fyrir þær undirtektir, sem þetta smáfrv. hefir fengið í hennar höndum. Og ég get einnig verið þakklátur fyrir þær bendingar, sem komið hafa frá þeim hv. nm., sem skrifaði undir nál.

með fyrirvara. Hv. þm. Borgf. lýsti yfir því, að hann sé ekki jafnsannfærður sem hinir um það, að veruleg bót væri fengin með þeirri breyt. á l., sem hér um ræðir. Það þykir nú yfirleitt bót á vinnubrögðum, að verkstjóri sé einn, en ekki 4, að húsbóndi sé einn, en ekki margir. Stjórninni hefir litizt, að nokkur vinningur væri fyrir hana að hafa sérstakan mann sér við hönd, sem stj. ætti aðgang að til þess að úrskurða eða hafa að ráðunaut, þegar þyrfti að úrskurða um ágreining út af ullarmati. Ráðuneytinu þykir þægindi að geta snúið sér til eins sérstaks manns, sem hafi einskonar löggildingu til að vera ráðunautur stj. í þessum efnum. Það er ekki allsjaldan, að kvartanir koma, bæði frá útlendum og innlendum mönnum, um það, að samræmis sé ekki nægilega gætt. Og þar sem ráðuneytið hefir í hyggju, eftir að hafa fengið upplýsingar frá þeim mönnum, sem með útfl. og ullarmat hafa að gera, að taka til yfirvegunar, hvort ekki þyrfti að gera nokkra breyt. á reglum þeim, sem settar hafa verið um flokkun ullar, þá þótti í sambandi við þær fyrirhuguðu reglur hentugra, að þessi breyt. væri áður komin í kring.

Það er náttúrlega rétt fram tekið hjá hv. þm. Borgf., að margt af þessu misræmi, sem verið hefir á ullarmatinu, er að kenna mistökum hjá undirullarmatsmönnum. En það má vænta þess, að þegar skipaður er einn yfirullarmatsmaður, þá geri hann sér meira far um að geta verið betur vakandi um eftirlit með því, að ullarmatsmenn úti um landið geri skyldu sína. Eftirlitið ætti því að verða betra en ráðuneytið nú á kost á, ef það hefir engan slíkan yfirmann í þjónustu sinni.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. einnig benti réttilega á, að ullargæðin eru mjög mismunandi í einstökum héruðum landsins, þá vildi ég minna á, að það mun vera regla yfirleitt, þegar ull er seld út úr landinu, að ekki fylgi einungis matsvottorð, heldur og merki, er sýni, úr hvaða landsfjórðungi ullin er. Það er vitanlegt, að 1. flokks sunnlenzk ull er ekki seld sama verði og 1. flokks norðlenzk ull. Ég veit ekki betur en að þegar ullin gengur kaupum og sölum, þá sé þeirrar reglu venjulega gætt, að tala um t. d. 1. flokks sunnlenzka ull, vestfirzka, norðlenzka o. s. frv.

Hv. þm. Borgf. benti einnig réttilega á það atriði, sem stj. hefir tekið til íhugunar, en það eru þvottahúsin. Ég býst við, að með tímanum þyki það eina fullkomna ráðið til þess að fá það samræmi í ullarmatið, sem æskilegt væri, að koma upp þvottahúsum. En hinsvegar þótti stj. ekki að svo komnu máli tími kominn til þess að gera neitt frá löggjafarvaldsins hálfu í því að fyrirskipa um almenn þvottahús fyrir ullina. Hinsvegar vill stj. vinna að því eins og hún getur á öðrum vettvangi.

Hv. þm. Borgf. lagði ekki svo mjög mikið upp úr þessari hækkun á launum ullarmatsformanns, en óttaðist, að ferðakostnaður hans mundi aukast allmikið. En þá vil ég benda á, að þótt ferðakostnaður ullarmatsformanns verði e. t. v. nokkru meiri, þá mun aftur sparast nokkuð við fundi ullarmatsmanna. Það mun stundum a. m. k. reynast svo, að ferðakostnaður eins manns kringum landið verði ekki dýrari en ferðakostnaður þriggja ullarmatsmanna, sem koma hingað til Reykjavíkur til þess að sitja fund með fjórða ullarmatsmanninum hér.

Að öðru leyti finnst mér ekki ástæða að fara fleiri orðum um þetta að svo stöddu.

**Pétur Ottesen:** Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál.

Það er rétt hjá hæstv. atvmrh., að þegar um einhverja ákveðna framkvæmd eða eitthvert ákveðið verk er að ræða, fer yfirleitt vel á því, að þar sé einn húsbóndi eða verkstjóri settur yfir. Hitt er vitanlega takmarkað, hvað einn húsbóndi getur komizt yfir að sjá um verk á stóru svæði eða hafa umsjón með því, eins og það er takmarkað, hvað einn verkstjóri getur stjórnað stóru verki.

Ég vil bæta því við það, sem ég sagði áðan um þetta mál, að ef ofan á verður að gera frv. þetta að l., þá fyndist mér ekki úr vegi að setja inn í það eitthvert ákvæði í þá átt, að þessum formanni ullarmatsmanna væri gert að skyldu að fræða landslýðinn um meðferð og verkun ullar, á þann hátt, sem heppilegast

þætti. Að því leyti, sem hann getur ekki veitt slíka fræðslu á ferðalögum sínum um landið — því á þeim nær hann ekki til nema tiltölulega fárra manna —, hugsa ég mér, að honum væri lagt á hendur að flytja erindi í útvarpið um þessa hluti, svo oft sem ástæða þætti til. Mætti að slíku verða nokkur leiðbeining um meðferð ullarinnar í landinu. Ég veit ekki, hvort nauðsynlegt er að hafa um þetta föst ákvæði í frv. Líklega er þó rétt, að það komi fram í l., að þetta sé skylda, sem á ullarmatsformanni hvílir, jafnframt því sem honum er með þeim veittur nokkru meiri réttur hvað launagreiðslu snertir.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Út af síðustu aths. hv. þm. Borgf., um það, að æskilegt væri e. t. v. að setja inn í frv. ný ákvæði um, að yfirullarmatsmaðurinn væri skyldur til að hafa á hendi nokkra fræðslustarfsemi, m. a. að flytja útvarpserindi um ullarverkun, þá skal ég taka það fram, að ráðuneytinu þótti ekki ástæða til að setja í frv. ríkari ákvæði í þessa átt heldur en þar eru um það, að ullarmatsmanni beri að veita ullarmatsmönnum fræðslu um ullarmatið. En í frumuppkastið að frv. vorum við að hugsa um að setja samskonar ákvæði, sem hv. þm. talaði um. Við nánari athugun þótti þó ekki ástæða til að taka þetta fram í l., heldur væri réttara að taka það fram í erindisbréfi ullarmatsformannsins. En þætti n. tryggilegra að taka þessi ákvæði upp í frv., þá er síður en svo, að ég sé því nokkuð mótfallinn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Lárus Helgason):** Út af umr., sem urðu hér í d. um mál þetta við 2. umr., vil ég taka það fram f. h. landbn., að hún væntir þess, að hæstv. landstj. hlutist til um, að form. yfirullarmatsmanna verði gert að skyldu að halda fyrirlestra í útvarpið um ullarmat og verkun ullar. Þetta virðist vera sjálfsagt mál, og ætti að vera ullarmatsmanninum innan handar að leysa af hendi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 32).

Á 20. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Þetta frv. hefir fengið fljóta og góða afgreiðslu í hv. Nd. Ég legg til, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 32, n. 305).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. hefir gengið í gegnum hv. Nd. og verið samþ. þar mótatkvæðalaust. Það eru nú ekki miklar breyt., sem frv. ætlast til, að verði á l. um ullarmat frá 1915. Aðalbreyt. er innifalin í því, að frv. gerir ráð fyrir, að einn af fjórum yfirullarmatsmönnunum verði yfirmaður hinna og verði jafnframt ráðunautur stj. í þessum efnum. Það er gert ráð fyrir, að hækka þurfi dálítið laun þessa eina manns, eins og sést í 3. gr. frv., úr 400 kr. upp í 800 kr. Hinsvegar er þá líka gert ráð fyrir, að það muni ekki reynast kleift framvegis frekar en hingað til að halda við ákvæðinu um 200 kr. upphæðina til ferðakostnaðar, og er því ákvæði þess vegna sleppt. Landbn. hefir athugað þetta frv. og leitað umsagnar Sambands ísl. samvinnufélaga um það. Sambandið lagði til, að frv. yrði samþ., og n. vill líka mæla með því, en n. ber þó fram fáeinar brtt., sem er að finna í nál. á þskj. 305, og eru þessar brtt. bornar fram með sérstakri hliðsjón af því, að S. Í. S. óskaði eftir

þeim. Fyrsta brtt. er í tveimur stafl. Stafl. a. er um það, að framvegis skuli óþvegin haustull, sem flutt er út, verða metin. Eftir gildandi l. er ætlazt til þess, að öll vorull, sem flutt er út, og öll þvegin haustull sé metin. Nú er flutt út úr landinu dálítið af óþveginni haustull, og þá er komin fram nauðsyn að meta hana líka, enda hefir það verið gert að undanförnu, þótt lagafyrirmæli hafi eigi krafizt þess.

Þá er gert ráð fyrir, að samrit af matsvottorðinu sé ritað á farmskrána. Þetta þykir óþægindi og hefir ekki verið framkvæmt. Þessu hefir verið sleppt, án þess að komið hafi að sök, og leggur n. því til, að þetta ákvæði verði numið úr l.

Í 2. brtt. er heimild til atvmrh. um að setja reglugerðarákvæði, sem mæli svo fyrir, að kaupsýslumönnum sé óheimilt að kaupa ómetna ull. Það mun hafa átt sér stað ekki svo lítið, að kaupsýslumenn hafi keypt ull ómetna og svo orðið að láta meta hana á eftir. Þetta getur ýtt undir framleiðendur og seljendur um óvandvirkni í meðferð ullar. Það getur borið við, að leikið sé á kaupmenn, þegar þeir kaupa ullina, og telja kunnugir menn, að þetta hafi oft spillt fyrir góðri verkun ullarinnar. Það hefir líka tíðkast sumstaðar, að ull hafi verið seld kaupsýslumönnum óþvegin og ómetin. Hér er gert ráð fyrir, að alla ull skuli meta, og kaupmenn og kaupfélög hafi því aðeins leyfi til að kaupa hana óþvegna, að fyrir hendi séu tæki til að þvo hana og verka þannig, að hvorttveggja geti verið í góðu lagi að dómi ullarmatsformanns. Kaup á ómetinni og óþveginni ull hefir oft verið Þrándur í Götu þess, að verkunin hafi verið góð.

3. brtt. er aðeins leiðrétting, eins og menn sjá, sem ekki er þörf að fjölyrða um. Ég leyfi mér að leggja til f. h. landbn., að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. hefir á því gert.

**Jón Baldvinsson:** Það er aðeins fyrirspurn til hv. frsm. n. Í 2. brtt. á þskj. 305 er talað um reglugerðarákvæði, sem geti lagt bann við því, að „opinberar" verzlanir kaupi ómetna ull eða taki hana í umboðssölu. Ég vil spyrja hann, hvernig hann skilgreini þetta, hvort það eigi aðallega við kaupfélög, eða hvort þetta eigi við alla þá, sem verzlunarleyfi hafa, bæði kaupmenn og kaupfélög.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Ég skal geta þess, að forstjóri útflutningsdeildar sambandsins hefir samið þessa brtt., en ég hygg, að n. hafi litið svo á, að þetta gilti um þá kaupsýslumenn, sem annars kaupa ull. Ég hefi skilið það svo, að þetta gilti jafnt fyrir kaupmenn og kaupfélög, sem með þessa vöru verzla.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Það er bara út af þeim ummælum, sem féllu síðast, að ég kann ekki rétt vel við það orðalag, „opinberar" verzlanir. Það eru ekki til aðrar löglegar verzlanir en þær, sem kallast geta opinberar, og mætti því þetta orð falla burt. Ég veit ekki, hvort n. vildi taka það til athugunar.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Ég skal játa, að eftir að mér hefir verið bent á það, þá sé ég, að þetta orð „opinberar" mætti vel falla burt. Vitanlega mætti losna við það með því að bera hér fram skrifl. brtt., og auk þess gæti n. borið fram brtt. um það við 3. umr., ef henni sýndist svo.

ATKVGR.

Brtt. 305,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 305,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 305,3 samþ. án atkvgr.

2. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

3.—5. gr. (verða 5.—7. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 322, 335).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 335. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Við 2. umr. þessa frv. var bent á, að betur mætti

fara annað orðalag á 2. brtt. n. þá. N. hefir fallizt á þetta og orðað brtt. um, svo sem sjá má á þskj. 335. Hér er þó um enga efnisbreyt., aðeins orðabreyt. að ræða. Þá hafði n. sézt yfir það að ákveða þessari nýju gr. stað í l. Er úr þessu bætt nú og lagt til, að þessi nýja gr. komi inn í l. á eftir 1. gr.

Ennfremur leggur n. til, að ef frv. þetta verður lögfest, þá verði texti þess færður inn í meginmál l. frá 1915. Þetta frv. er svo stutt, að ekki er um mikla fyrirhöfn að ræða, þó það sé gert. — Hygg ég þá, að ekki þurfi fleiri orð að hafa um þessar brtt.

ATKVGR.
Brtt. 335,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 335,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 335,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 46. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 341).

Á 48. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 381).

---

## 12. Sjúkrahús o. fl.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um sjúkrahús o. fl.** (stjfrv., A. 19).

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Heilbrigðisstofnunum hér á landi fjölgar árlega, og um þær er ekki til löggjöf, sem tryggi það, að til þeirra sé stofnað á heilbrigðum grundvelli og að rekstur þeirra sé forsvaranlegur. Einnig vantar í gildandi lög ákvæði um, hversu með skal fara þegar læknishérað vill reisa sjúkraskýli eða læknisbústað eða hvorttveggja. Um þetta hafa stundum orðið talsverðar deilur, og málin hafa verið leyst meira eftir því, hve mikið einstakir hlutar læknishéraðanna hafa viljað á sig leggja en eftir því, sem sanngirni segir til. Þá vantar og ákvæði í lög um það, þegar sjúkraskýli, sem ríkissjóður hefir lagt fé í, er lagt niður, hversu fara skuli um andvirðið. Úr öllu þessu er frv. þessu ætlað að bæta. Ennfremur er það tilgangur þess að gera tilraun til að draga úr kostnaði við hinar mörgu opinberu heilbrigðisstofnanir, með því að skipa sameiginlega 5 manna yfirstjórn. Þessi yfirstjórn á ekki að þurfa að kosta neitt, en ég geri mér von um, að hún gæti sparað ríkissjóði talsvert á ýmsan hátt, t. d. í vörukaupum o. fl.

Landlæknir hefir samið þetta frv., og tel ég ekki þörf á að ræða frekar innihald þess, en legg til, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 84, 100).

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Allshn. leggur til, að þetta frv. verði samþ. að mestu óbreytt. Frv. er um efni, sem engin ákvæði hafa verið í löggjöfinni um hingað til. Engar reglur hafa verið til um eftirlit með heilbrigðisstofnunum, en öllum mun koma saman um, að full þörf er á slíku eftirliti af hálfu þess opinbera, sérstaklega þar sem þessar stofnanir eru reknar fyrir ríkisfé.

N. flytur tvær brtt. Sú fyrri er viðbót við 8. gr. frv. og fer fram á það, að ekki megi veðsetja sjúkrahús eða aðrar heilbrigðisstofnanir, sem reknar eru með styrk úr ríkissjóði, nema fyrir þeim skuldum, er á stofnuninni sjálfri hvíla. Hæstv. dómsmrh. hefir borið fram brtt. við þessa brtt. n., þess efnis, að bannið nái til allra þeirra heilbrigðisstofnana, sem ríkissjóður hefir lagt fé fram til að

reisa, og ekki megi veðsetja þær fyrir t. d. rekstrarkostnaði. Ég býst við, að n. geti fallizt á þessa brtt., því að till. hennar var hugsuð þannig, að hún hindraði veðsetningu heilbrigðisstofnana fyrir rekstrarkostnaði.

Síðari brtt. er hegningarákvæði, ef út af þessum l. er brugðið. N. tók eftir því, að slík ákvæði vantaði í frv., og bætti þeim því inn í.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Eftir þær undirtektir, sem brtt. mín á þskj. 100 fékk hjá frsm. n., geri ég ráð fyrir, að hún verði samþ., og tel ég því ekki þörf á að ræða hana.

**Vilmundur Jónsson:** Ég held, að till. hæstv. dómsmrh. gangi of langt. Það er alveg rétt að hindra veðsetningu þeirra stofnana, sem að miklum hluta eru byggð fyrir fé úr ríkissjóði. En sé um privatstofnanir að ræða, þá þykir mér of hart að farið, ef þær eiga ekki að fá styrk úr ríkissjóði nema með þessum ströngu skilyrðum. Ég mun því bera fram skrifl. brtt. við brtt. hæstv. dómsmrh., þess efnis, að orðin „eða hún er rekin með styrk úr ríkissjóði", falli niður.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Ísaf. við brtt. hæstv. dómsmrh., svo hljóðandi:

„Orðin „eða hún er rekin með styrk úr ríkissjóði" falli burt".

Till. er of seint fram komin og skrifleg, og þarf því tvöföld afbrigði til þess að hún komi hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 110) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég verð að segja, að ég hefi ekki sannfærzt af orðum hv. þm. Ísaf. um það, að óviðeigandi sé að gera þær kröfur til heilbrigðisstofnana, að þær megi eigi veðsetja, þó að ríkissjóður hafi ekki lagt fram allt stofnfé, ef hann leggur til rekstrarfé. Mér er illa við, ef stofnunin getur tekið veðlán fyrir þeim hluta rekstrarkostnaðarins, sem ríkið leggur ekki til. Ef þetta er gert ár eftir ár, hlýtur að reka að því, að stofnunin verði að hætta. Ég skal þó viðurkenna, að hafi stofnunin engan styrk fengið í upphafi, er nokkru öðru máli að gegna.

**Vilmundur Jónsson:** Nú er það svo, að í fjárl. er veittur rekstrarstyrkur til ýmsra sjúkrahúsa. Ef þessi brtt. hæstv. dómsmrh. yrði samþ., verður að spyrjast fyrir um það í hvert skipti áður en slíkur styrkur er veittur, hvaða veðskuldir hvíla á stofnuninni. Og séu þær of miklar, má ekki styrkja þær af ríkisfé. En ríkisstj. hefir alltaf í hendi sér þessa rekstrarstyrki, svo að hún getur alveg ráðið því, hvort hún vill veita þá eða ekki. En það er öðru máli að gegna, hafi ríkissjóður strax í upphafi veitt mikinn hluta byggingarkostnaðarins. Annars er þetta ekkert aðalatriði.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vil segja það fyrir mig, að ég geri þetta atriði ekki að neinu kappsmáli. En orð hv. þm. Ísaf. hafa enn ekki sannfært mig um réttmæti brtt. hans.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Það hefir komið í ljós, að fyrri brtt. n. er ekki sem heppilegast orðuð til þess að láta í ljós meiningu n., og stafar ágreiningur hæstv. dómsmrh. og hv. þm. Ísaf. m. a. af því. Ég vil því mælast til þess, að málið verði tekið út af dagskrá, svo að n. geti athugað þetta atriði betur.

**Tryggvi Þórhallsson:** Ég álít, að það sé full ástæða til þess, að n. athugi þetta mál betur, áður en það fær endanlega afgreiðslu hér í hv. d. Ég veit það frá starfi mínu við Búnaðarbankann, að kauptún, sem hafa fengið ræktunarsjóðslán, veðsetja fyrir þeim eignir og tekjur kauptúnanna. Í þessari almennu veðsetningu eru allar eignir kauptúnanna innifaldar, þar á meðal sjúkrahús. Svona er sennilega ástatt víða, og vildi ég beina því til hv. n. að athuga þetta mál á breiðari grundvelli en hún hefir gert hingað til, og óska ég, að málið verði tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., 8. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 19, n. 84, 100, 110, 113).

**Vilmundur Jónsson:** Ég lýsi yfir því, að brtt. þá, er ég hefi borið fram á þskj. 110, tek ég aftur.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég lýsi því sömuleiðis yfir, að þá brtt., sem ég hefi flutt á þskj. 100, tek ég aftur, þar sem komið hefir frá hv. allshn. brtt., sem er svo að segja shlj. minni brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 100, 110 og 84,1 teknar aftur.
— 113 samþ. með 20 shlj. atkv.
8 gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 84,2 (ný 11. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 129).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 129).
Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og gekk þar í gegn breytingalítið. Ég hygg vera nauðsynlegt, að sett verði lög um þessar stofnanir. Ég vil vona, að í þessari hv. d. verði ekki ágreiningur um þetta mál, heldur fái það vinsamlegar viðtökur. Í hv. Nd. var það fyrir hv. allshn., og legg ég til, að því verði vísað til sömu hv. n. þessarar deildar, að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 311).

**Magnús Torfason:** N. hefir ekkert verulegt haft við þetta frv. að athuga. Það virðist sæmilega úr garði gert og engin ákvæði í því, sem líklegt er, að geti orðið til baga.

Nokkrar brtt. hefir n. gert á þskj. 311. Fyrsta breytingin er aðeins orðabreyting. Er lagt til, að orðið „fyrirkomulagi“ falli niður, því að það virðist alveg óþarft.

En aftur á móti er við 6. gr. lítilsháttar efnisbreyting, þar sem sagt er, að ekki sé hægt að leysa sveitarfélögin undan þátttöku, nema þau telji sig ekki hafa nein not af fyrirtækinu. Okkur fannst þetta nokkuð strangt ákveðið, að sveitarfélög skuli aðeins vera undanþegin þessari þátttöku, ef þau hefðu ekki **nein** not af því. Töldum því réttara, að í staðinn fyrir orðið „nein“ komi: veruleg. Og ennfremur vegna þess, að eins og þetta frv. er gert, þá er það ekki víst, að meiri hl. manna í sveitarfélögum sé með því að taka þátt í slíkri stofnun, því að það eru hreppsnefndirnar, sem hafa ráðin.

En það eru ekki sveitarfélögin á þessum svæðum, sem eiga að standa að þessum sjúkrahúsum, þó að venjan hafi hingað til verið sú.

Þá er brtt. við 3. gr. frv. Hún er aðeins til skýringar. Orðalag greinarinnar var ekki fullkomlega skýrt, en ég vænti þess, að með þessari breyt. sé það skýrt, við hvað er átt, enda er það rétt hugsað í alla staði.

Óska ég svo, að þessar brtt. verði samþ. og frv. vísað til 3. umr. Þá býst ég við, að hinn eiginlegi frsm. muni gera frv. betri skil og tala nánar fyrir því.

ATKVGR.
Brtt. 311,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 311,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 311,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 339, 342).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 342,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 342,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 342,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 342,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 48. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 370).
Á 49. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 389).

---

## 13. Smjörlíki o. fl.

Á 1. fundi í Ed. 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.** (stjfrv., A. 31).

Á 4. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að nú á tímum keppa allar þjóðir að því að búa að sínu og afla innlends markaðs fyrir framleiðsluvörur sínar. Nú er svo háttað högum íslenzks landbúnaðar, að nærri liggur strandi um flutning saltkjöts til Noregs, og óvíst um samninga á frystu kjöti til Bretlands. Eru því líkur til, að margir muni taka þann kost, að snúa sér meira að kúarækt en áður og smjör- og mjólkurframleiðslu, þótt ekki séu markaðshorfur heldur glæsilegar erlendis fyrir þær vörur. Frv. þetta er borið fram í því skyni að veita atvmrh. heimild til að ákveða, að viss hundraðshluti af smjöri skuli vera í því smjörlíki, sem framleitt er hér á landi. Hinsvegar þótti ekki rétt að ákveða þennan hundraðshluta með lögum. Er líklegt, að hann yrði að vera lágur í fyrstu, en mætti auka með tímanum.

Athugað hefir verið af Búnaðarfél. Íslands, hvort ekki mætti auka smjörframleiðsluna með stofnun smásmjörbúa, svipuðum og gömlu rjómabúin voru. Er skýrt ýtarlega frá þessu í grg. frv. Munar miklu á stofnkostnaði á slíkum búum og mjólkurbúum þeim, er nú starfa. Kostnaður hefir orðið þar um 270 þús. kr., en er áætlaður 20 þús. við smábúin.

Önnur aðalbreytingin, sem í þessu frv. felst á lögunum frá 1923, er sú, að skerpa eftirlitið með smjörlíkisverksmiðjunum í landinu. Verður ekki hjá því komizt, sérstaklega að því er snertir þá breyt., sem felst í 6. gr. frv., að í öllu smjörlíki skuli vera ákveðinn hundraðshluti af smjöri. Er ætlazt til, að kostnaðurinn við eftirlitið sé greiddur af verksmiðjunum sjálfum. Það hefir verið athugað og áætlað, hvað sá kostnaður yrði mikill, og fer hann varla fram úr 1/10 úr eyri á hvert kg. af smjörlíki.

En þriðja aðalbreyt. frá eldri lögunum, sem felst í þessu frv., er sú, að í staðinn fyrir eldra ákvæðið um að í smjörlíki skyldi 10% feitinnar vera sesamolía, þá er í frv. lagt til, að í öllu smjörlíki, ostlíki, rjóma- og mjólkurlíki skuli vera 2‰ af hreinni jarðeplasterkju. Þá vil ég jafnframt biðja afsökunar á því, að inn í 8. gr. frv. hefir slæðzt prentvilla, þar átti að vera 2‰ en ekki 20‰.

Þetta gamla lagaákvæði um, að í smjörlíki skuli 10% feitinnar vera sesamolía, var sett til þess, að auðveldara væri að rannsaka, hvort smjör sé blandað smjörlíki eða ekki. Þessi jarðeplasterkja á að gera sama gagn að því leyti, en hún hefir þann kost fram yfir olíuna, að henni fylgir ekkert sérstakt bragð, en að sesamolíunni þykir vera nokkur afkeimur, nema hún sé alveg sérstaklega vel hreinsuð.

Þar sem nú er ráð fyrir gert, að í smjörlíki verði blandað innlendri feiti eða smjöri, þá á það að leiða til hagkvæms sparnaðar á innkaupum erlendra fituefna. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði frv. við þessa umr., en vil að lokum aðeins minna á aðaltilgang frv., að stuðla að því, að í landinu verði framleitt sem fullkomnast smjörlíki og sem auðugast af fjörefnum. Þess mun full þörf, einkum vegna þeirra barna og unglinga, sem alast upp í kaupstöðum og sjávarþorpum, þar sem smjörlíkið er aðalviðbit. En jafnframt er það flutt til þess að auka markað í landinu sjálfu fyrir innlent smjör.

Þetta frv. er að allmiklu leyti samið eftir norskum lögum um þessi efni, en Norðmenn hafa nýjasta löggjöf á þessu sviði.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 25. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 150).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Mesta áhyggjuefni allra framleiðenda fyrst og fremst er kreppan, sem lýsir sér í lágu verði afurðanna og jafnframt því, að ekki er hægt að selja þær. Eins og nú standa sakir kemur kreppan harðast niður hjá okkur á landbúnaðinum. Eiga þeir, sem hann stunda, því mjög erfitt um alla afkomu. Í þeim landshlutum, þar sem bændur hafa ekkert nema sauðfjárafurðir, eru tekjur þeirra fyrir seldar afurðir ekki nema 500—1000 kr. Enda þótt þeir nú afli sér nokkurra tekna fyrir utan þetta með framleiðslu mjólkur, ræktun garðávaxta o. fl., þá sjá allir, að tekjur þessar eru allt of litlar fyrir bændur til þess að afla sér og sínum allra lífsnauðsynja, greiða af skuldum og alla opinbera skatta. Á þessu verður því að ráða bót, ef bændur eiga ekki að flosna upp frá búum sínum í hundraðatali. Að sjálfsögðu væri æskilegast, ef það væri hægt með auknum markaði og hærra verði á einhverri framleiðsluvöru bænda. Takist það ekki, eins og helzt er útlit fyrir, er ekki annað sjáanlegt en að ríkið verði að hlaupa undir bagga til hjálpar þessum aðþrengda atvinnuvegi.

Frv. þetta er lítið og lætur lítið yfir sér. Þó er það mjög merkilegt, því að það tryggir aukinn markað fyrir eina af framleiðsluvörum bænda. Eftir því sem bezt verður séð, selja smjörbúin nú aðeins um 60 smálestir af smjöri. Með frv., ef að l. verður, er stóraukinn markaður fyrir smjörið, þar sem allt smjörlíki verður að blanda smjöri, og mætti þá vel vera, að þau héruð, sem nú stunda sauðfjárrækt einvörðungu, gætu komið upp hjá sér smjörbúum, og á þann hátt breytt nokkru af framleiðslu sinni í mjólkur- og smjörframleiðslu. Þetta ætti alls ekki að vera útilokað, þar sem smjörbúin eru töluvert ódýrari en mjólkurbúin. Auk þess gætu sum héruðin lagt til húsin undir þau, sér að kostnaðarlitlu, þar sem væru hús samvinnufélaganna. Frv. getur því orðið til að auka að mun framleiðslu smjörs.

Hin hlið frv., sem snýr að neytendunum, er þá eftir. Er þá fyrst, að með því er þeim fyrst og fremst tryggð betri og hollari fæða. Auk þess eru ákvæði um meiri vöruvöndun og bætt húsnæði o. fl.

Landbn. sendi frv. til fulltrúa iðnráðsins. Komu þeir líka á fund n. Það, sem þeir höfðu helzt við frv. að athuga, var það, að þeir töldu tæplega þörf að hafa sérstakan eftirlitsmann með smjörlíkisgerðunum. Þessi andstaða fulltrúanna mun þó að nokkru byggð á misskilningi. Eftir því sem hæstv. atvmrh. skýrði landbn. frá, þá hefir frá upphafi verið svo til ætlazt, að eftirlitið með smjörlíkisgerðunum yrði falið forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins. En það, sem fulltrúar iðnráðsins virtust helzt óttast, var einmitt það, að svo fremi sem skipaður yrði sérstakur eftirlitsmaður, og oft yrði skipt um hann, þá gæti svo farið, að hann kynntist rekstri smjörlíkisgerðanna svo, að hann setti á eftir upp verksmiðju sjálfur. Til þess að útiloka þennan ótta og tryggja það, að eftirlit þetta yrði falið forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins, hefir n. borið fram brtt. á þskj. 150. Hin brtt. hennar á sama þskj. er aðeins

til leiðréttingar á prentvillu. Vil ég svo f. h. landbn. leggja til, að frv. verði samþ. með umgetnum brtt.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég get látið í ljós ánægju mína til hv. landbn. fyrir meðferð hennar á frv. þessu. Ég vil og geta þess, að svo virðist, sem þegar hafi vaknað nokkur áhugi úti á landi í sambandi við framkomu frv. þessa. Það hafa þegar komið fyrirspurnir til ráðuneytisins, þar sem spurzt er fyrir um það, hvort ný smjörbú, sem stofnuð kynnu að verða, myndu geta orðið aðnjótandi styrks þess, sem heimilaður er í núgildandi fjárl. til mjólkur- og smjörbúa.

Hvað snertir brtt. n., þá er ég þeim samþykkur, því að það var frá upphafi hugsun mín að hafa þetta eftirlitsmannsstarf ekki sem bitling, er skipt væri um við hver stjórnarskipti, heldur fastbinda það við forstöðumann efnarannsóknarstofu ríkisins. Hvað snertir kostnað þann fyrir smjörlíkisgerðirnar, er af eftirlitinu leiðir, þá mun hann tæplega nema meiru en 1/10 eyris pr. kg.

Legg ég svo til, að brtt. hv. landbn. verði samþ.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil leyfa mér að beina því til hv. frsm. landbn., hvort n. vildi ekki íhuga breyt. við 6. gr. frv., í þá átt að ákveða hámark þess hundraðshl., sem skylt er að hafa af íslenzku smjöri í öllu smjörlíki. Mér hefði fundizt eðlilegra að ákveða hámark, sem stj. mætti fara allt að. Mig minnir, að nú sé talið, að smjörlíki sé almennt blandað með 5% af íslenzku smjöri, og mætti setja það t. d. sem hámark í 6. gr. Þetta vildi ég biðja hv. n. að athuga, því eins og frv. er nú, er stjórninni ásamt Búnaðarfél. Íslands í sjálfsvald sett, hve hár þessi hundraðshluti er.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Hvað það snertir að setja beint inn í lögin ákvæði um hámark þess hundraðshluta, sem blanda skuli smjörlíkið með íslenzku smjöri, þá sá landbn. ekki ástæðu til þess. Hún gerði ráð fyrir, að stj. hagaði sér eftir ástæðum í þessu efni. Fari t. d. eftir því með hámark hundraðshlutans, hversu smjörframleiðslan væri mikil í landinu, og yfirleitt treystir n. því, að stj. gæti alls hófs um þessa hluti. Þá má og geta þess, að slíkt hámark sem þetta er ekki í hinum norsku lögum, sem frv. er að nokkru sniðið eftir. Líka gæti komið til mála að setja ákvæði um það, að allt erlent smjörlíki, er hingað flyttist, skyldi blandað ákveðnu magni af smjöri, en n. frestaði ákvörðun um það. Annars býst ég ekki við, að hv. 2. landsk. þurfi að óttast það svo mjög, þó að slíkt hámark sé ekki fastákveðið í lögunum. Smjörframleiðslan verður tæplega svo mikil í náinni framtíð. Mun landbn. því ekki bera fram brtt. í þessa átt.

**Jón Baldvinsson:** Því skal ekki neitað, að það er til góðs fyrir neytendur að fá smjörlíkið blandað íslenzku smjöri. Að því er ég alls ekki að finna. En önnur hlið þessa máls er sú, að verði það blandað með miklu af smjöri, hlýtur það að verða dýrara. Það er vitanlegt, að kaupstaðafólk yfirleitt neytir allmikils af smjörlíki, og fæst af því hefir úr miklu að spila. Gæti því beinlínis farið svo, að smjörlíkið yrði of dýrt og neyzla þess minnkaði, enda þótt það batnaði að næringargildi við blöndun smjörsins. Annars vil ég vekja athygli á því, að framleidd er sérstök tegund smjörlíkis til iðnaðar, og mun sennilega ekki vera ætlazt til, að það smjörlíki verði blandað neinu smjöri. **(Atvmrh.:** Það stendur aðeins heimild). Já, það er rétt. En ég er ekkert hrifinn af þessum takmarkalausu heimildum, og vildi því biðja hv. landbn. að athuga til 3. umr., hvort rétt sé, að allar stjórnir fái takmarkalausa heimild til þess að láta blanda smjörlíkið eins og þeim sýnist.

**Jónas Jónsson:** Út af ræðu hv. 2. landsk. vildi ég segja örfá orð. Ég held, að hv. þm. hafi fulla ástæðu til þess að vera þakklátur fyrir hönd þeirra kjósenda, sem helzt standa að honum, að slíkt frv. sem þetta skuli hafa komið fram. Það er sem sé engum blöðum um það að fletta, að neyzla smjörlíkis er mest meðal þeirra, sem við sjóinn búa, og má vel vera, að þar sé ein ástæðan fyrir hinni miður góðu heilsu ýmsra bæjar- og þorpsbúa. Ég fyrir mitt leyti tel frv. þetta til mik-

illa umbóta. Það miðar fyrst og fremst að því að gera þessa fæðutegund hollari, og í öðru lagi að því, að smjörlíkisneyzla verði líka tekin upp í sveitunum, sem er full þörf.

Þá held ég, að það sé með öllu ástæðulaust fyrir hv. 2. landsk. að óttast það, að verð smjörlíkisins hækki vegna blöndunar smjörsins í það. Blöndunina má að sjálfsögðu auka eftir því, sem framleiðsla smjörsins eykst í landinu. Tel ég því óþarft að ákveða hámark hundraðshlutans.

Þá hefir og frv. þann kost, að það skapar aukinn markað í landinu fyrir smjörframleiðslu bænda. Verður því ekki annað sagt en að það sé til bóta.

**Jón Þorláksson:** Í umr. hefir ekki verminnzt á aðrar vörutegundir, sem frv. fjallar um, en smjörlíki. Þó er það svo, að með því virðist haft fyrir augum að greiða fyrir tilbúningi á þremur öðrum vörutegundum, er nefnast: ostlíki, rjómalíki og mjólkurlíki. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort ástæða sé til að greiða fyrir tilbúningi þessara vörutegunda í landinu, og jafnframt hvort vitanlegt sé, að til sé innlendur iðnaður á þessu sviði. Ef svo er ekki, þá get ég ekki komið auga á ástæðuna fyrir því að taka upp í löggjöfina ákvæði til þess að hlynna að þessari framleiðslu. Ég held, að hér á landi sé engin þörf fyrir mjólkurlíki, það er að segja vökva, sem líkist mjólk, en hefir inni að halda aðra feiti en mjólkurfeiti, og ég býst við, að hið sama megi segja um rjómalíki og jafnvel ostalíki. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh. og hv. landbn., hver tilgangur sé með þessum ákvæðum.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Þessari fyrirspurn hv. 1. landsk. er fljótsvarað. Aðalástæðan til þess, að þessi ákvæði um mjólkurlíki o. fl. voru sett í frv., var sú, að samskonar ákvæði eru í lögum þeim, er nú gilda. Ég taldi eigi sérstaka ástæðu til þess að fella þessi lagaákvæði úr gildi og lét þau haldast óbreytt. Hér er ekki um það að ræða, að styrkja þessa framleiðslu. En hinsvegar tel ég ástæðulaust, ef ekki á að banna þessa framleiðslu með lögum, að amast við því, að hún sé háð eftirliti eins og smjörlíkið sjálft. Ég skal játa, að ég er ekki fróður um þá hluti, en færi hinsvegar svo, að t. d. einhver smjörlíkisverksmiðjan færi að framleiða mjólkurlíki, þá sýnist það ekki skaða, þó sú framleiðsla væri undir eftirliti.

**Halldór Steinsson:** Það er rétt hjá hv. 2. landsk., að það eru tvær hliðar á þessu frv. Önnur þeirra sú, að frv. á að flytja með sér hollustubætur fyrir þá, sem neyta þessarar vöru. Það er náttúrlega þarft mál út af fyrir sig, en hinu má ekki gleyma, að kostnaðurinn við þessar endurbætur á vörunni hlýtur að koma niður á neytendunum. Eins og menn vita, þá er nú framleitt miklu meira smjör í landinu heldur en markaður er fyrir, en þó menn viti það, að smjör er hollara en smjörlíki, og mikið er framleitt af því, þá kaupa menn smjörlíkið heldur, vegna þess að það er ódýrara. Hinsvegar er það alveg víst, ef frv. verður að lögum, að smjörlíkið hlýtur að hækka í verði. Þess vegna mun aukast innflutningur á erlendu smjörlíki svo framarlega sem engar skorður verða settar við innflutningi þess, og þá kemur þetta frv. ekki að þeim notum, sem ætlað er, því allur fjöldinn mun, vegna efnaskorts, horfa á verðmuninn og kaupa heldur þá vöruna, sem ódýrari er, þó hún sé ekki eins holl.

Ég veit ekki, hvort þessi hlið málsins hefir verið hv. n. nægilega ljós, og vildi því, ef svo væri ekki, benda á þetta henni til athugunar.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég geri ekki ráð fyrir, að smjörlíkið hækki í verði, þó þetta frv. verði að lögum, a. m. k. ekki svo nokkru nemi. Eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja í þessu máli, er framleitt og innflutt um 11 kg. af smjörlíki á mann í landinu. Þó verðhækkun yrði nú 10 au. pr. kg., þá sést, að það er ekki sá aukaskattur fyrir fjölskylduna, að hægt sé að ætla, að mikið verði úr honum gert. Eins og smjörverð er nú, um 3 kr. kg., þá ætti verðhækkun á smjörlíkinu ekki að verða nema 10 au. pr. kg., þó það yrði blandað 5% af smjöri.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég get bætt því við umsögn hv. frsm. í síðustu

ræðu hans, að ég hefi átt tal við framleiðendur smjörlíkis hér í bænum, og þeir hafa eindregið látið það álit sitt í ljós, að verð á smjörlíki mundi ekki hækka neitt. Því þó það kunni að hækka eitthvað vegna smjörsins, þá mun verða ódýrara að blanda það kartöflusterkjunni heldur en sesamolíu til þess að auðkenna það frá smjöri. Ef maður gerir ráð fyrir, að smjörið í smjörlíkinu verði t. d. 5% fyrst í stað, þá er það svo lítill hundraðshluti, þegar um leið sparast jafnmikið af annari feiti, sem annars hefði þurft að nota. Þess vegna held ég, að ekkert sé að óttast í þessu efni, þó frv. verði samþ.

**Jón Þorláksson:** Ég fékk ekki annað svar hjá hæstv. atvmrh. við þeirri spurningu minni, hvers vegna þessar þrjár vörutegundir aðrar en smjörlíkið hefðu verið settar í frv., heldur en það, að þetta væri uppsuða úr eldri lögum, og hefði verið látið fljóta svona með, en ég er ekki viss um, nema hér sé máske lagt út á skakka braut, að fara nú að setja lög um eftirlit með mjólkurlíki, og þurfa svo ef til vill að eiga von á því, að kröfur komi fram um að fá að blanda sölumjólk með öðrum efnum. Ég hygg, að ákvæðin um eftirlit með mjólkur-, rjóma- og ostlíki geri það mögulegt að hafa þessa vöru á boðstólum, þar sem í ákvæðunum felst viðurkenning fyrir því, að það sé heimilt. Væru þessi ákvæði aftur á móti ekki samþ., mundi tilbúningur þessara vara verða talin óheimil stæling eða fölsun á óblönduðum vörum. Ég held því, að hér sé verið að veita heimild til þess að búa til þessar vörur, en ég get sagt það, að fyrir mér er það fullkomið vafaatriði, hvort rétt sé að leyfa tilbúning á rjóma-, mjólkur- og ostalíki hér á þessu landbúnaðarlandi, og vildi ég leggja til, að stj. athugaði þetta til 3. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Hv. 1. landsk. hélt því fram, að tilbúningur ostlíkis og rjóma- og mjólkurlíkis mundi óheimill, ef þessi ákvæði frv. væru felld burt. Er þá óheimill tilbúningur hverrar þeirrar vöru, sem ekki eru sérstök lagafyrirmæli um? Hér á landi er allmikið notuð vara sú, sem nefnd er silkilíki. Mundi vera óheimilt að búa þessa vöru til, af því að ekki eru í ísl. lögum nein ákvæði um eftirlit með þeirri vörugerð? Það hefir ekki verið bannað í lögum að flytja inn ostlíki eða rjóma- og mjólkurlíki. Og enn síður liggur fyrir nokkurt lagabann við innlendri framleiðslu þessara vörutegunda. Hitt getur auðvitað komið til mála, að banna hvorttveggja, bæði innflutning og innlenda framleiðslu á þessum vörum og væri ég því ekki mótfallinn. En á meðan hvorugt þetta er bannað að lögum, þá fæ ég ekki séð, að það sé nein goðgá að setja ákvæði um eftirlit með þessum vörum eða framleiðslu þeirra. Þvert á móti eru þá nauðsynleg ákvæði eins og í frv. felast til þess að tryggja það, að almenningur geti þekkt þessar eftirlíkingar frá óblönduðum vörum.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Það er aðeins örlítil aths. Mér skilst, að við samning þessa frv. hafi aðallega tvennt vakað fyrir höfundinum. Annað það, að gera smjörlíkið heilnæmari vöru fyrir neytendurna, hitt að hjálpa landbúnaðinum með sölu á smjörinu. Ég er sammála um, að það er gróði að fá þetta ákvæði, ef ekki leiðir af því það, að smjörlíkið verði dýrara. En ég vil víkja að hinu atriðinu. Það hefir verið talað hér um eftirlíkingar, og það er gefinn hlutur, að þær koma fram á sjónarsviðið. Ef ákveðið verður, að smjörlíki hafi 5% af smjöri, en jafnframt er gefið lagaleyfi fyrir því, að framleiða megi mjólkurlíki og fleiri eftirlíkingar, þá getur vel hugsazt sá möguleiki, að hætt verði að nota mjólk í smjörlíkið, eins og hingað til hefir verið gert, en í þess stað verði notað mjólkurlíki í smjörlíkið. Gæti þá vel farið svo, að smjörlíkið hafi þá eftir allt saman ekki meira bætiefni inni að halda heldur en það hefir nú með þeim mjólkurskammti, sem nú er notaður. Nú er verið að semja lög um þetta efni, sem eiga að vera til frambúðar. Þegar lögin frá 1923 voru samin, var ekkert talað um bætiefni. Þetta er svo ný fræðigrein, að hún hefir eiginlega ekki verið uppi nema 5 síðastl. ár. Það er því afsakanlegt, þó að á henni hafi ekki verið byggt 1923, en nú hljóta allir að skilja, svo framarlega sem það er tilgangurinn að auka neyzlu bætiefna, að

nú á að kippa því burt úr lögunum, sem getur orsakað það, að bætiefnið verði minna en áður. Það verður að útiloka möguleikann fyrir því, að hægt sé að framleiða og selja allskonar líki. Ef farið verður að nota ýmsar stælingar á mjólk, rjóma og ostum, samhliða því, að smjörlíkið verði bætt, þá getur farið svo, að við sitjum í sama fari þrátt fyrir þessi lög. Ég vil því árétta það, sem hv. 1. landsk. beindi til hv. n. til athugunar, hvort það mundi ekki vera ávinningur í því að fella þessi ákvæði um eftirlíkingar mjólkur- rjóma og osta úr frv., úr því á annað borð er verið að sjóða það upp með tilliti til þeirrar þekkingar, sem fengin er um bætiefnin síðan lögin frá 1923 voru samin.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég skal geta þess, að n. er að sjálfsögðu fús á að taka málið til frekari athugunar, bæði þau ákvæði, sem í frv. felast um aðrar eftirlíkingar en smjörlíki, og eins hitt, hvort ekki geti komið til mála að banna alveg innflutning á þessum vörum. Þetta er n. sem sagt að sjálfsögðu fús að athuga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 150,1 samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 150,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
11.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 169, 175).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 175. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** N. hefir borið ráð sín lítillega saman út af þeim umr., sem hér urðu við 2. umr. um að fella niður úr frv. upptalninguna í 1. gr. á ostlíki, rjómalíki og mjólkurlíki, og komst n. að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða til að fella þessa upptalningu niður, enda óviðfelldið að hafa engin ákvæði í l., er tryggi eftirlit með þessum hlutum, ef til kæmi, því að þótt engin ákvæði verði höfð í l. um þetta, verður þó ekki litið öðruvísi á eftir sem áður en svo, að heimil sé framleiðsla á þessum hlutum í landinu, og eins innflutningur á þeim.

Eins og ég drap á við 2. umr., urðu nokkrar umr. um það í n., hvort ekki gæti verið ástæða til að bera fram brtt. við 6. gr., sem færi í þá átt að heimila atvmrh. jafnframt að ákveða, að í öllu erlendu smjörlíki, sem selt er hér á landi, skuli vera sami hundraðshluti af íslenzku smjöri eins og áskilið væri um íslenzkt smjörlíki, og hefi ég nú borið fram brtt. á þskj. 175, sem fer fram á þetta. Hið helzta, sem er að athuga í sambandi við þessa till., er það, hvort ákvæði hennar mundi geta talizt móðgandi fyrir þær þjóðir, sem flytja hingað smjörlíki, en engin ástæða virðist vera til þess að óttast þetta. Hingað mun aðeins flytjast smjörlíki, svo að talizt geti, frá Noregi og Hollandi, og að því er Noreg snertir, þá eru þar í gildi samskonar ákvæði viðvíkjandi erlendu smjörlíki, sem þangað er flutt inn. Hinsvegar er ástæða til að setja þetta ákvæði vegna innlendu smjörlíkisframleiðendanna, sem hætt er við, að ella gætu ekki þolað samkeppnina við erlenda framleiðendur, sem þurfa minna að kosta til framleiðslunnar, auk þess sem varla er ástæða til að vera að undanþiggja útlendinga undan þeim kvöðum, sem innlendir menn verða að bera. Ég vona því, að d. geti fallizt á þessa till.

**Jón Baldvinsson:** N. hefir ekki getað fallizt á að ákveða það í 6. gr., hve hár hundraðshluti af smjöri skuli vera í smjörlíkinu, ef til þess kemur, að heimildin verður notuð, eins og búast má við, að verði; en hinsvegar hefir hv. 3. landsk. borið hér fram brtt. við 6. gr. frv., sem fjallar um það, að atvmrh. sé jafnframt heimilað að áskilja, að allt erlent smjörlíki, sem til landsins flyzt, skuli blandað með íslenzku smjöri. Verð ég að játa, að mér virðist þessi till. spaugileg í meira lagi, að ætlast til þess, að t. d. hollenzkir

smjörlíkisframleiðendur, sem kynnu að flytja inn hingað eitthvað af smjörlíki, skuli kaupa héðan íslenzkt smjör, til þess að blanda smjörlíkið með því, og enda hafa skilríki íslenzks embættismanns fyrir því, að þeir hafi svo gert. Hinsvegar gæti verið full meining í því að áskilja, að í öllu erlendu smjörlíki, sem flyzt hingað, skuli vera sami hundraðshluti af smjöri, sem samsvari íslenzku smjöri að gæðum, eins og í íslenzku smjörlíki. Sé ég ekki annað en að till. feli í sér bann gegn innflutningi erlends smjörlíkis, því að erlendir smjörlíkisframleiðendur flytja ekki það mikið hingað af framleiðslu sinni, að þeir myndu telja það ómaksins vert að uppfylla þessi skilyrði til þess að geta haldið áfram þessum litla markaði hér. Till. er og það fortakslaus, að þetta bann mundi einnig ná yfir iðnaðarsmjörlíki, og virðist þó ekki vera ástæða til þess, því að iðnaðarsmjörlíki mun undantekningarlítið alltaf vera blandað hér með ísl. smjöri áður en það er notað, en auðvitað mætti skipa svo fyrir, að svo skyldi alltaf gert. Þrátt fyrir vörutollinn, sem á erlendu smjörlíki er, var þó svo hér um tíma, að erlent smjörlíki var ódýrara en innlent, en síðan gjaldeyrisvandræðin urðu, hefir lítið sem ekkert fé verið veitt til innkaupa á erlendu smjörlíki, nema það, sem nauðsynlegt hefir verið, enda hefir lítið sem ekkert verið flutt inn af erlendu smjörlíki í seinni tíð. Vil ég benda hv. 3. landsk. á þetta, ef á annað borð þætti rétt að banna innflutning á erlendu smjörlíki, teldi ég rétt, að slíkt yrði gert með beinum lagaákvæðum, er þar að lytu, en ekki óbeint, eins og hér er gert, og ég býst enda við því, að hv. 3. landsk. muni fallast á að taka till. sína aftur, eftir að honum hefir verið bent á, hversu hjákátleg till. er. Hv. þm. var reyndar, að því er mér heyrðist, eitthvað að tala um það, að Norðmenn hefðu samskonar ákvæði í l. hjá sér, og má vera, að þetta sé rétt, en það er jafnhjákátlegt fyrir það, og er engin ástæða til þess fyrir okkur að vera að apa þetta eftir Norðmönnum. Ég vil því mælast til þess við hv. 3. landsk., að hann taki till. sína aftur, og vænti ég þess jafnframt, að hæstv. forseti fallist á að taka málið út af dagskrá að þessu sinni, til þess að n. gefist kostur á að athuga betur, hvernig eftirliti með erlendu smjörlíki, sem hingað til landsins flyzt, yrði fyrirkomið. Vil ég í þessu sambandi minna á það, að það eru fleiri þjóðir en aðeins Norðmenn og Hollendingar, sem hingað hafa flutt smjörlíki, því að Danir hafa líka flutt hingað töluvert af smjörlíki.

**Jón Þorláksson:** Mér þykir leiðinlegt, að hv. n. hefir komizt að þeirri niðurstöðu að halda áfram í löggjöfinni ákvæðum viðvíkjandi mjólkurlíki og öðru þess háttar, og tel ég þetta sérstaklega óviðeigandi eftir að mönnum nú almennt er orðið það ljóst, hver munur er á hollustuháttum mjólkur og mjólkurlíkis. Í ljósi þeirrar þekkingar ætti þvert á móti að strika út úr l. landsins öll ákvæði þessu viðvíkjandi, nema ef ástæða þætti til að banna það. En ég skal ekki fara frekar út í þetta en ég hefi gert, að benda hv. n. á, að mér sýnist þetta vera til lýta á löggjöfinni.

Þá skal ég drepa nokkrum orðum á brtt. hv. 3. landsk. á þskj. 175. Get ég að ýmsu leyti tekið undir það, sem hv. 2. landsk. sagði um þessa till., en vil bæta því við, að mér finnst með þessari till. vera komið út í hreinar öfgar, þar sem gert er ráð fyrir að áskilja, að erlent smjörlíki, sem hingað er flutt, skuli blandað með íslenzku smjöri. Er vitanlegt, að lítið er flutt hingað inn af erlendu smjörlíki. Innlendu smjörlíkisverksmiðjurnar hafa að ýmsu leyti góða aðstöðu til að keppa um markaðinn við þær erlendu, m. a. geta þær venjulega boðið nýrri vöru, og innflutningsfrelsið á erlendu smjörlíki verður aðallega til að tryggja almenningi það, að innlendu verksmiðjurnar stilli verðinu í hóf, og verkar það þannig sem sjálfkrafa temprari á smjörlíkisverðið í landinu. Ég held og, að með brtt. vinnist ekkert á í því efni að auka markaðinn fyrir íslenzkt smjör, því að markaðurinn hér á landi er ekki þess virði fyrir erlenda smjörlíkisframleiðendur, að þeir muni telja það ómaksins vert að sækja hingað smjör til að blanda smjörlíkið með, og held ég þess vegna, eins og hv. 2. landsk., að þetta muni verka sem aðflutningshindrun á erlendu

smjörlíki, en þar með er kippt burt þeirri einu tryggingu, sem landsmenn hafa fyrir að fá smjörlíkið með sæmilegu verði, og má d. því ekki samþ. till. vegna hagsmuna almennings í þessum efnum. Till. er landbúnaðinum gagnslaus, og hennar er ekki þörf vegna innlendu smjörlíkisverksmiðjanna, sem hafa reynzt fyrirtæki með góðri afkomu undir þeim skilyrðum, sem þær nú búa við, og loks fer hún í bága við hagsmuni almennings í þessum efnum, eins og ég áður sagði, með því að till. nemur í burt þá einu tryggingu, sem smjörlíkisneytendur hafa fyrir því að fá smjörlíkið við hæfilegu verði.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Út af ummælum hv. 1. og 2. landsk. vil ég taka það fram, að þessa till. ber aðeins að skoða sem varúðarráðstöfun, enda felur hún ekki í sér fyrirskipun í þessu efni, heldur aðeins heimild, sem atvmrh. er í sjálfsvald sett, hvort hann notar eða ekki, og ráðh. er ekki tilneyddur að áskilja, að iðnaðarsmjörlíki, sem hv. 2. landsk. kallaði svo, falli undir þessi ákvæði. Hinsvegar er rétt að gera þessar varúðarráðstafanir, því að það er í senn nauðsynlegt og eðlilegast, að landsbúar sjálfir hafi hagnaðinn af smjörlíkissölunni, og eins af því að selja fituna í það. Þótt ekki sé ef til vill nú eins og stendur, getur síðar orðið hætta á því, að erlendir smjörlíkisframleiðendur, eins og t. d. Hollendingar, verði hættilegir keppinautar innlendu smjörlíkisframleiðendanna, og þá kemur til athugunar, hvort ekki sé rétt að nota þessa heimild, til þess að erlenda smjörlíkið eyðileggi ekki okkar innlendu smjörlíkisframleiðslu. Hv. 1. landsk. taldi þetta hættulegt vegna smjörlíkisneytendanna, sem hefðu í þessu tryggingu fyrir hæfilegu verði á smjörlíkinu, en ég býst við, að nóg ráð yrðu til að fyrirbyggja allt okur í þessum efnum, t. d. með hámarksverði á smjörlíki, en ég skal annars játa það, að ég ber engan kviðboga út af þessu.

**Jón Þorláksson:** Ég veit ekki, hvort hv. 3. landsk. hefir tekið eftir því, að eins og brtt. hans er orðuð og eins og hún fellur inn í frv., veitir hún atvmrh. ekki heimild til að áskilja, að ákveðinn hundraðshluti af smjöri skuli vera í öllu smjörlíki, sem til landsins er flutt, heldur hefir atvmrh. um það tvennt að velja að áskilja, að smjörlíkið skuli blandað með íslenzku smjöri, eða leyfa sölu þess án þess að nokkurt smjör sé í því. Gat ég ráðið það af ummælum hv. 3. landsk., að tilætlun hans var þó ekki sú, að löggjöfin yrði þannig. Ég óttast ekki að veita stj., sem hefir nægilega opin augun fyrir hagsmunum fátækra þurrabúðarmanna, heimild til að áskilja, að í öllu smjörlíki, sem hér er selt, innlendu sem erlendu, skuli vera ákveðinn hundraðshluti af smjöri, en þetta fæst ekki með brtt. hv. 3. landsk., eins og ég hefi bent á. Hv. þm. færði nú fram þá einu ástæðu fyrir brtt., sem til er, að þetta væri gert vegna hagsmuna innlendu smjörlíkisframleiðendanna, en þeir þurfa ekki þessarar verndar með, enda hygg ég rétt, að þingið líti fremur á hag smjörlíkisneytendanna en framleiðendanna, sem geta unað sínum hag vel eins og hann er nú.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil endurtaka það, að það getur orðið mjög bagalegt, ef þetta ákvæði, sem felst í brtt. hv. 3. landsk., tekur einnig yfir iðnaðarsmjörlíki, því að það mundi hafa í för með sér, að ekki verði hægt að fá hingað þær tegundir iðnaðarsmjörlíkis, sem um lengri tíma hafa verið keyptar hér, eins og ég áður benti á. Þá má líka benda á það, að þótt lítið sem ekkert sé nú flutt inn af útlendu smjörlíki vegna gjaldeyrisvandræðanna, er ekki ólíklegt, að innflutningur útlends smjörlíkis takist aftur að einhverju leyti, þegar þessum vandræðum léttir af, ef þetta ákvæði væri ekki sett í l., sem mundi verka sem aðflutningsbann á erlendu smjörlíki, eins og ég hefi bent á, og er þetta þó ekki tilgangurinn með frv., eftir því sem flm. lýsti honum, heldur að skapa meiri markað fyrir íslenzkt smjör, og alls ekki að takmarka eða banna innflutning á erlendu smjörlíki. Ég mun því ekki geta greitt þessari till. hv. 3. landsk. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Það, sem fyrir mér vakir með að fá þetta ákvæði inn í lögin, er aðeins varfærni. Ég skoða þetta sem varúðarráðstöfun. Fari hinni inn-

lendu smjörlíkisframleiðslu að stafa hætta af samkeppni við þá erlendu, þá má grípa til þessa ráðs, og eins og ég tók fram áðan, þá er þetta aðeins heimild fyrir ráðh. Getur hann því undanskilið iðnaðarsmjörlíkið, sem og er alveg sjálfsagt.

Hv. 1. landsk. hélt því fram, að samkv. brtt. minni hefði ráðh. ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að leyfa innflutning á útlendu smjörlíki án nokkurs skilyrðis um blöndun með smjöri, eða þá að áskilja, að í því væri íslenzkt smjör. Ef þessi skilningur er réttur hjá hv. þm., sem ég skal ekki beinlínis mótmæla, þá er ég fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að brtt. verði sett í það horf, sem hann benti á, ef það þykir skýrara.

**Einar Árnason:** Hv. 1. og 2. landsk. hafa andmælt brtt. þeirri, er hv. 3. landsk. flytur á þskj. 175. Og mér skildist, að andstaða þeirra gegn henni byggðist mest á því, að hún myndi, ef samþ. yrði, verka sem aðflutningsbann á smjörlíki, og af því kynni aftur að leiða hærra verð á hinu innlenda smjörlíki en ef aðflutningur væri frjáls. Nú veit ég ekki annað en að innflutningur á smjörlíki sé bannaður og að lítið sem ekkert hafi flutzt inn af því í eitt til tvö ár, en það undarlega er, að verð á íslenzku smjörlíki hefir lækkað töluvert þennan tíma. Vitnar því reynslan í þessu efni alveg gegn staðhæfingu beggja þessara hv. þm. Þetta er staðreynd, sem ekki verður hrakin. Ég fyrir mitt leyti sé því enga ástæðu til þess að vera hörundssár fyrir því, þó að það verði upp tekið að fyrirskipa almennt, að allt smjörlíki, sem til landsins flyzt, skuli blandað íslenzku smjöri. Mun ég því greiða atkv. með brtt. hv. 3. landsk.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Út af ths. hv. 2. landsk. viðvíkjandi iðnaðarsmjörlíkinu vil ég taka það fram, að ég tel rétt og sjálfsagt að taka það til athugunar, hvort smjörlíki, sem notað er til iðnaðar, skuli vera undanskilið, þó að allt annað smjörlíki yrði að blandast smjöri.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 175 vil ég minna á, að samskonar ákvæði er í norskum lögum, að allt smjörlíki, er til Noregs flyzt, skuli blandað norsku smjöri. Þá hefi ég og fengið upplýsingar um, að í hollenzkum lögum um þessi efni eru samskonar ákvæði og þetta. Ég tel því rétt, eins og hv. 1. landsk. benti á, að brtt. yrði orðuð á þann veg, að ráðh. gæti ákveðið, að allt smjörlíki, er til landsins flyzt, skyldi vera blandað ísl. smjöri.

**Jón Þorláksson:** Ég held, að það sé nauðsynlegt, að sett séu ákvæði í l. um það, að allt erlent smjörlíki, sem til landsins flyzt, skuli blandað með sama hundraðshluta af smjöri og hið innlenda. Og væri æskilegast, að það yrði tilskilið, að það smjör væri íslenzkt. En eins og ég tók fram áðan, er þetta ekki tekið fram í till. hv. 3. landsk. Samkv. henni er stj. heimilað að veita leyfi til innflutnings á óblönduðu smjörlíki, og smjörlíki blönduðu íslenzku smjöri.

Ég veit ekki, hvort ég á að misbjóða hv. þd. og eyða orðum að því að hrekja þá fjarstæðu, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Eyf. Hann hélt því fram, að verð á smjörlíki hefði lækkað töluvert nú hin síðustu árin, og vildi draga af því þá almennu ályktun, að það stafaði af því, að ekki hefði verið frjáls innflutningur á því, a. m. k. 1—2 undanfarin ár. Þessa ályktun gerði hann alveg án þess að athuga hið minnsta, hvort smjörlíki hefði ekki lækkað líka annarsstaðar. Það sjá allir, hversu fráleit þessi staðhæfing er.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil leyfa mér að skjóta fram þeirri ths., að enda þótt till. á þskj. 175 verði samþ. og áskilji, að allt erlent smjörlíki, er hingað flyzt, skuli blandað íslenzku smjöri, þá er ekki nauðsynlegt að flytja smjörið út, til þess að blanda því þar í smjörlíkið, eins og látið hefir verið í veðri vaka. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, þá er þetta framkvæmt í Noregi á þann hátt, að smjörlíkið er flutt inn óblandað, en aftur eru notaðar hnoðunarvélar til þess að blanda það smjörinu. Ég teldi því æskilegt, að till. yrði orðuð eins og ég drap á áðan og hv. 1. landsk. stakk upp á. Vil ég því biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá í þetta sinn.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 169, 175, 183, 188, 201).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Landbn. hefir tekið málið til athugunar á ný og hefir orðið ásátt um að koma fram með brtt. á þskj. 201. Í þessari brtt. felst hið sama og í brtt. á þskj. 175, sem þar með er tekin aftur. Aðeins er hugsunin skýrara orðuð og meir í samræmi við það, er fram kom við fyrri hluta þessarar umr. Í brtt. 201 er kveðið fast að orði um það, að sami hundraðshluti af smjöri skuli vera í því útlenda smjörlíki, sem innflutt er og selt hér á landi, sem ákveðið er, að vera skuli í innlendu smjörlíki. Ennfremur er ráðherra heimilað að ákveða, að það útlent smjörlíki, sem inn er flutt, skuli vera blandað íslenzku smjöri. Er það ákvæði sett inn í heimildarformi, svo hægt sé að fyrirbyggja, að það ákvæði verki sem innflutningsbann, sem sumir óttast, að það myndi gera, ef það væri skilyrðislaust ákveðið í l., að smjörið skyldi vera íslenzkt. Er ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þetta. Aðeins vil ég mælast til þess f. h. n., að brtt. verði samþykkt.

Þá skal ég stuttlega minnast á brtt. hv. þm. Hafnf. á þskj. 183, sem eru um það, að fella orðið „mjólkurlíki" burt úr frv. N. hefir ekki séð neina ástæðu til þess, að þetta orð verði fellt burt úr frv. Ef ekki á beint að banna innflutning eða tilbúning á slíkri vöru, þá telur n. ekki nema gott og eðlilegt, að eftirlit fari fram með því. Að öðru leyti lætur hún brtt. þessar hlutlausar. Sama er að segja um brtt. á þskj. 188. N. getur ekki fallizt á, að ástæða sé til að undanþiggja það smjörlíki, sem notað er til iðnaðar, aðallega víst brauðgerðarhúsa, því að vera blandað smjöri eins og annað smjörlíki, sem inn er flutt.

Ég átti víst ekki eftir nema stutta aths. og skal þá líka láta máli mínu lokið.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil aðeins leiðrétta misskilning, sem ég heyri, að er ríkjandi í þessu máli hjá hv. frsm., viðvíkjandi iðnaðarsmjörlíkinu, sem brauðgerðarhús og kexkökugerðir nota. **(JónÞ:** Fer það ekki allt í magann?). Jú, að vísu, en frá því að vera hráefni og til þess að það er komið í magann er það meðhöndlað á ýmsan hátt, sem ég býst við, að hv. þm. sé ófróður um. Þar er því dálítið á milli. Ef það yrði t. d. ákveðið, að allt smjörlíki skuli blandað 4—6% af smjöri, þá hefir það enga þýðingu að því leyti, sem tilganginn með frv. þessu snertir, því brauðgerðarhúsin blanda þetta iðnaðarsmjörlíki sjálf með sjálfsagt 30—50% af smjöri, hvert á sinn hátt og eftir reglum, er þau fylgja. Þessi skipun um blöndun útlends iðnaðarsmjörlíkis mundi verða til þess eins, að ekki mundi verða fært að flytja það inn. Vera má, að á því sé heldur ekki nein þörf. En möguleiki til að flytja inn útlent smjörlíki verkar þó sem hemill á verðhæð innlends smjörlíkis og er frá því sjónarmiði nauðsynlegt. Að vísu hefir hæstv. ráðh. lýst því nú, að varlega mundi með þessa heimild farið af sinni hálfu. En slík yfirlýsing getur þó ekki talizt næg trygging. Það kemur ráðh. eftir ráðh. Og síðari tíma ráðh. geta vitnað í l., en talið sig óbundna af þeim umr., sem hér hafa farið fram nú. Ég álít, að það sé eingöngu misskilningur að vera að heimta þessa blöndun á smjörlíki því, er brauðgerðarhúsin nota, því þau nota miklu meira smjör til blöndunar því en það, sem heimtað er í þessu frv. Og ef það smjörlíki, sem inn er flutt í þeim tilgangi, er blandað erlendu smjöri, þá mundi það aðeins verða til að draga úr notkun innlends smjörs, og er þó tilgangur lagasmíðis þessa víst fyrst og fremst sá, að auka markað fyrir innlenda smjörframleiðslu. — Að blanda það erlent smjörlíki, sem inn er flutt, íslenzku smjöri, mundi verða erfitt í framkvæmd, og eftirlit með því nær óframkvæmanlegt. Enn má geta þess, að nokkur hætta er á, að sumir bakarar mundu láta sitja við hina lögskipuðu ríkisblöndun. Gæti það orðið til þess, að l. verkuðu þveröfugt við tilgang sinn.

Ég vil því vona, að hv. deild taki þetta til athugunar og komist við það að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að samþ. brtt. mína. Hún ein tryggir það, að ekki verður lokað fyrir innflutning smjörlíkis. Hefi ég sýnt fram á, að það er nauðsynlegt til að halda verði hæfilega niðri á þessari vöru, en að

óþarfi er að loka fyrir innflutninginn vegna blöndunarinnar.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Ég hefi flutt brtt. á þskj. 183, og verð ég að fara nokkrum orðum um þær, þar sem hv. frsm. mælti á móti þeim. Ég vil taka það fram, að þótt ekki sé bannað með l. að flytja inn mjólkurlíki, þá er þó hægur vandi að banna það. Og mér finnst alveg óviðurkvæmilegt, að stuðlað sé að því með löggjöf að hrinda af stað mjólkurlíkisgerð. Slíkt yrði aðeins gert vegna gróðavonar, þar sem mjólkurlíki er ódýrara en mjólk. Af því mundi svo leiða, að farið yrði að nota mjólkurlíki, t.d. til smjörlíkisgerðar, í stað mjólkur, og til annarar neyzlu. En hvorttveggja sjá hv. dm., að er til hins verra. Sérstaklega mundi það draga úr gildi þessara l., þar sem hið sama kæmi út og nú er, þó farið sé að blanda smjörlíkið með smjöri, ef í stað mjólkur er farið að nota mjólkurlíki. Getur þá farið svo, að smjörlíkið verði ekki bætiefnaríkara, og er þá hinn góði tilgangur l. tapaður. Og á sama hátt og æskilegt er að bæta smjörlíkið, er það og æskilegt, að fólkið noti góða og ósvikna mjólk. Vona ég því, að brtt. mínar verði samþ. — Mér finnst algerlega óviðurkvæmilegt, að Alþ. hvetji til, að gengið sé inn á þessa braut, þar sem nóg mjólk er til í landinu. Og sízt ættu bændur þeir, sem sæti eiga á Alþ., að greiða atkv. gegn brtt. mínum.

**Pétur Magnússon:** Af því að hv. frsm. landbn. hefir nú, að því er hann telur, lokið ræðutíma sínum í þessu máli, þá hefir hann óskað eftir því, að ég svari fyrir n. hönd þeim aths., sem fram koma.

Hv. 2. landsk. vil ég þá segja það, að sé það rétt, er hann segir, og ég vil ekki efa, að mikið af smjöri sé notað við kökugerð og þ. h., þá get ég ekki séð, að neinn skaði sé skeður, þótt smjörlíki það, sem þar er notað, sé blandað því smjörmagni, sem frv. þetta ákveður. Það þarf aðeins minna smjörmagni við að bæta til að ná því magni, sem hv. þm. segir, að notað sé við kökugerð. Undanþága, sem gefin væri um blöndun smjörlíkis, er ég hræddur um, að gæti orðið misnotuð. Ég sé engu tapað, þótt ákvæði frv. um blöndun nái einnig til iðnaðarsmjörlíkis. Og ég held, að ekki sé rétt að rugla l. með slíkri undanþágu. (**JBald:** Það mundi verka sem innflutningsbann!) Eftir frv. verður allt það smjörlíki, sem hér má selja og nota, blandað sömu hlutfallstölu af smjöri, svo það getur engan mismun gert.

Út af þeirri aths. hv. þm., að l. muni verða misnotuð til að halda uppi verði á smjörlíki, þá vil ég segja það eitt, að ráðh. á að vera vel treystandi til að koma í veg fyrir slíka misbeitingu l.

Út af till. hv. þm. Hafnf. vil ég segja það, að enda þótt ég sé honum og hv. l. landsk. sammála um það, að ekki sé æskilegt, að farið verði að flytja inn eða framleiða hér eftirlíkingar þær, er um getur í frv., þá sé ég þó enga hættu fólgna í því, að eftirlit verði haft með slíkri framleiðslu, ef til kæmi. Þótt þetta eftirlit sé fellt úr frv., þá er þó jafnheimilt eftir sem áður að flytja inn eða framleiða hér þessi líki — mjólkurlíki, rjómalíki og ostalíki. Ef tilgangi brtt. hv. þm. ætti að ná með aðstoð l., þá yrði beint að setja bann í frv. í stað þessa. En þar sem það er upplýst, að um tilbúning á þessum vörum er alls ekki að ræða hér, og lítið eða jafnvel ekkert innflutt af þeim, þá er varla næg ástæða til þess að hlaupa upp til handa og fóta til að setja slíkt bann. Ég álít, að til þess að gera þetta nú, sé málið ekki nægilega rannsakað. Það er að vísu óheppilegt, ef farið yrði að nota mjólkurlíki við framleiðslu smjörlíkis í stað mjólkur. En slíkt er vitanlega ekki fyrirbyggt með því að fella hið almenna eftirlit úr frv. Ég álít þvert á móti, að meiri trygging gegn misnotkun felist í því, að eftirlitinu sé haldið. — Ég verð því fyrir mína hönd og n. að mæla á móti því, að þessar brtt. séu samþ.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Að ég tók ekki rjómalíki og ostalíki með í brtt. mínum, var af því, að þær vörutegundir skipta minna máli. Þær eru svo sjaldgæfar, að lítil hætta er á, að þær verði misnotaðar. En ef farið yrði að vinna mjólkurlíki í stórum stíl, þá eigum við það á hættu, að farið verði að nota það til muna. Þó eftirlit yrði haft um þetta í smjörlíkisgerðunum, þá er ekki loku fyrir skotið, að farið yrði að nota það utan smjörlíkisgerð-

anna, og ef til vill þar líka. Slíkt verður erfitt að „kontrolera", þegar þessi vinnsla er á annað borð hafin. Það veldur smjörlíkisgerðunum engu tjóni, þó þetta sé fellt burtu, og fyrir almenna neyzlu er enginn skaði skeður; þvert á móti. Ef þetta er fellt úr frv., eins og ég legg til, og bannaður er innflutningur jafnframt, þá er þetta atriði tryggt. (PM: En framleiðsla á því hér?). Ef þetta frv. verður samþ., þá falla eldri lög um þetta úr gildi.

Ég þarf svo ekki að ræða þetta meira. Það hlýtur öllum að liggja í augum uppi, hver minn tilgangur er með brtt.

**Pétur Magnússon:** Ég skil það nú fyrst, hvað hv. þm. Hafnf. ætlar sér með till. sínum. En hv. þm. er þar á villigötum. Þótt þetta orð verði fellt úr l., þá er jafnheimilt að framleiða mjólkurlíki fyrir því. Það er aðeins eftirlitið, sem burt verður fellt, ef till. hans verða samþ. Og þó það sé að vissu leyti rétt, að innflutningur á þessari vöru sé ekki leyfður, þá er það aðeins vegna gildandi gjaldeyrisráðstafana. Ég vil því biðja hv. þm. að athuga, að sá tilgangur hans, að hindra framleiðslu á þessari vöru, næst ekki, þó brtt. hans verði samþ. Hv. þm. ætti því að taka brtt. sínar til baka.

**Jón Baldvinsson:** Örfá orð til hv. 4. landsk. út af ágreiningi okkar í sambandi við 6. gr. frv. — Það er misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að smjörlíki sé eingöngu notað til kökugerðar. Það er líka notað til brauðgerðar. Bakararnir eru stórir kaupendur að smjörlíki, enda er brauð mikil neyzluvara. Algert bann á innflutningi smjörlíkis, samfara hækkuðu verði innanlands, er því ekki neitt þýðingarlaust atriði. Brauðverðið hlýtur að hækka, ef l. verður beitt. Ef frv. verður samþ., eins og hv. 3. landsk. og n. vill, og l. svo beitt til fulls, þá mundi það fyrirbyggja allan innflutning smjörlíkis. Enginn kaupmaður myndi fara að flytja inn smjörlíki, sem hann vissi ekki, hvort hann gæti selt vegna hamla. Ég vil benda á það, að sumir landshlutar, t. d. Austfirðir, eru svo settir aðstöðu sinnar vegna, að þeir verða að fá þessa vöru frá útlöndum, vegna þess að engar skipaferðir eru mánuðum saman við aðra landshluta. Þetta virðist mér, að n. hafi ekki athugað nógu rækilega.

ATKVGR.

Brtt. 183,1.a felld með 8:4 atkv.
— 183,1.b sjálffallin.
— 183,2—5 teknar aftur.
— 175 tekin aftur.
— 201 samþ. með 10:1 atkv.
— 188 felld með 7:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 32. fundi í Nd., 21. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 211).

Á 34. fundi í Nd. 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Þetta frv. var lagt fyrir Ed. sem stjfrv. Felur það í sér ýmsar breyt. frá þeirri löggjöf, sem nú er í gildi um smjörlíki, sölu þess og framleiðslu. Aðalbreytingarnar eru í samræmi við þær breyt., sem gerðar hafa verið á löggjöf um þetta efni í Noregi, Þýzkalandi og Hollandi, og fara í þá átt að veita stj. heimild til að ákveða, að í því smjörlíki, sem haft er til sölu, skuli vera ákveðinn hundraðshluti af smjöri. Hefir þessi löggjöf átt að miða að því, að tryggja meiri markað fyrir innlenda landbúnaðarframleiðslu. Þetta frv. stefnir í þá átt. Hefi ég orðið þess var, að einmitt þetta frv. hefir vakið nokkrar vonir meðal bændastéttarinnar úti um land, því að ráðuneytinu hafa borizt ýmsar fyrirspurnir um væntanlegan styrk til smjörbúa og rjómabúa, til þess að geta notað þá markaðsmöguleika, sem gætu orðið fyrir hendi, ef frv. yrði að l. Í þessu frv. eru og sett ýmis nánari fyrirmæli um eftirlit með framleiðslu smjörlíkis og nánari fyrirmæli um verksmiðjur þær. sem tilbúning þessarar vöru hafa með höndum. Í grg. frv., sem fylgdi stjfrv., er gerð allýtarleg grein fyrir því, sem fyrir ráðuneytinu vakti með flutningi þess, og vil ég leyfa mér að vísa til þess. Vil ég vænta þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og landbn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 211, n. 334).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. hefir athugað þetta frv. og orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþ. með lítilsháttar breyt.

Fyrsta brtt. er við 4. gr., að síðari málsl. gr. orðist svo: „Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geta á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr." Þetta er aðeins sú breyt., að í viðbót við orðin „Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi" komi þetta: „eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir".

Það er kunnugt, að mjög er farið að tíðkast að nota myndir í auglýsingaskyni, og það hafa verið settar myndir á umbúðir smjörlíkis, sem minna óþægilega á smjörið sjálft, t. d. myndir af kúm, eins og haft er á rjómabússmjöri, og getur það haft fullt eins mikla þýðingu og orðið sjálft. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir það, að hægt sé að selja smjörlíki undir því yfirskini, að það sé smjör, og sömuleiðis til þess að forða óheilbrigðri samkeppni milli smjörlíkisgerðanna sjálfra, sem geta villt á sér heimildir með þessu.

Þá er brtt. við 6. gr. Eins og stendur í frv., er svo fyrir mælt, að erlent smjörlíki, sem inn flyzt, skuli blandað sama hundraðshluta af smjöri og íslenzkt smjörlíki. En það er ekki fastákveðið, að það skuli blandað íslenzku smjöri. Það er að vísu gefin heimild til þess, að ráðh. mæli svo fyrir, að það skuli blandað með innlendu smjöri. Við vildum taka af allan vafa um þetta og útiloka þann möguleika, að flutt sé inn erlent smjör í smjörlíkinu. Þetta ákvæði um að taka þetta ekki alveg af mun hafa verið sett í Ed. með það fyrir augum að stuðla að því, að innflutningur á erlendu smjörlíki gæti haldið verði á innlendu smjörlíki nokkuð í skefjum. En líkur eru til þess, ef frv. er samþ. eins og n. leggur til, að erlent smjörlíki verði alls ekki keypt. Þess vegna hefir n. lagt til, að aftan við síðasta málslið 9. gr. komi: „svo og um hámarksverð á smjörlíki, sem blandað er með smjöri". Þetta er gert til þess, ef svo færi, að óeðlileg verðhækkun ætti sér stað, þá sé atvmrh. heimilt að setja reglugerð um hámarksverð á smjörlíki, sem blandað er með smjöri.

Aðrar brtt. hefir n. ekki gert við frv. og þarf ekki að ræða um málið í heild, því að hv. d. er það fullkomlega ljóst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 334,1 samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** PHalld, StgrS, SvÓ, VJ, ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, LH, JörB.
**nei:** MJ.
HG[1] greiddi ekki atkv.
Tíu þm. (PO, SvbH, TrÞ, ÁÁ, BJ, HV, JÓl, JónasÞ, MG, ÓTh) fjarstaddir.
4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 334,2 samþ. með 16:1 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 337,3 samþ. með 14:2 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
10.—14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 372).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 372).

---

1) HG: Ég álít þetta þýðingarlaust og greiði þess vegna ekki atkv.

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Þetta frv. er komið til okkar aftur frá Nd. og hefir þar tekið örlitlum breyt., sem landbn. Nd. flutti á þskj. 334. Við 4. gr. er bætt inn í seinni málsgr.: „Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.".

Aðalbreyt. er við 6. gr., þar sem fyrirskipað er, að útlent smjörlíki skuli blandað íslenzku smjöri, sama hundraðshluta og ákveðið er um innlent smjörlíki, og fari sú blöndun fram undir sama eftirliti og öll smjörlíkisgerð hér á landi. 3. breyt. er í því fólgin, að bætt er aftan við síðustu málsgr. 9. gr. orðunum: „svo og um hámarksverð á smjörlíki, sem blandað er smjöri". Geri ég ekki ráð fyrir, að menn muni hafa nokkuð við frv. að athuga, og mælir landbn. með því, að það verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 407).

## 14. Kjötmat o. fl.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um kjötmat o. fl.** (stjfrv., A. 35).

Á 6. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Það hefir komið í ljós við reynsluna, að l. frá 1912 um merkingu kjöts og l. frá 1930 um mat á kjöti til útflutnings eru ekki eins fullkomin og æskilegt væri, og því hefir atvmrn. í samráði við yfirkjötmatsmanninn og tvo helztu kjötútflytjendur látið semja þetta frv. Ég skal ekki við þessa umr. fara nákvæmlega inn á hin einstöku atriði frv., en aðeins benda á, að skv. l. frá 1930 eru yfirkjötmatsmenn 6, en skv. þessu frv. aðeins einn yfirkjötmatsmaður, en honum eru settir til aðstoðar a. m. k. þrír menn. Vænti ég því, að kostnaðurinn við matið lækki eitthvað við þessa breyt., en þó vakir sérstaklega fyrir mér, að með breyt. fáist meiri trygging fyrir samræmi í kjötmatinu. Einnig hefir þótt nauðsynlegt að setja föst ákvæði um löggildingu slátur- og frystihúsa. Er gert ráð fyrir, að ráðh. geti á hverjum tíma sett fyllri reglur í þessu efni. Þetta er sérstaklega sett í frv. með tilliti til þess, að hægt verði, eftir því sem okkur vex fiskur um hrygg, að gera þessar reglur nákvæmari og fyllri og hægt verði eftir dómi reynslunnar að herða á skilyrðum til löggildingarinnar.

Frv. þetta er að nokkru leyti sniðið eftir nýjustu löggjöfum annara þjóða, sem kjötútflutning hafa, en hliðsjón höfð af þeim sérstöku ástæðum, sem hér eru fyrir hendi.— Jafnframt eru í frv. ákvæði um mat á kjöti, sem ætlað er til sölu á innlendum markaði. Hefir það þótt nauðsynlegt til þess að tryggja neytendum góða og vandaða vöru.

Ég skal svo ekki að sinni fara fleiri orðum um frv., en legg til, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 21. og 23. fundi í Nd., 10. og 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 35, n. 117).

**Frsm. (Pétur Ottesen):** Það er í nál. því, sem landbn. hefir gefið út um þetta mál, gerð grein fyrir höfuðtilgangi þeirra breyt. á kjötmati, sem felast í þessu frv. Ég skal nú því til viðbótar drepa lauslega á helztu breyt., sem farið er fram á.

Það er þá fyrst, að skýrt er kveðið á um, að fé, sem slátra á og selja kjötið fryst á erlendan markað, skuli án undantekningar slátra í löggiltum sláturhúsum og að frysting kjötsins fari fram í lög-

giltum frystihúsum. Þetta er ekki nærri því svo skýrt ákveðið í l., sem nú gilda um þetta efni. T. d. hefir það verið svo um frystihúsin, að menn gátu ekki fengið þau löggilt. Lengra var ekki gengið af löggjafans hálfu í því að tryggja allan frágang þessara húsa og þar með örugga og vandlega geymslu þess kjöts, sem þar var fryst og geymt.

Viðvíkjandi sláturhúsum, þar sem slátra á fé fyrir erlendan saltkjötsmarkað, gilda skv. frv. svipuð ákvæði og áður. Þó er svo ákveðið, að ráðherra geti sett nokkrar nánari reglur um allan útbúnað þeirra húsa heldur en til er tekið í þessu frv.

Þá kemur enn nýtt atriði, í byrjun 4. gr., að læknisskoðun skuli fara fram á öllum sláturfénaði áður en slátrun fer fram, ef kjötið er ætlað til útflutnings fryst, kælt eða saltað, og er tiltekið, að ekki megi líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar. Hingað til hefir verið látið nægja að skoða og merkja kjötið, svo að þetta er alveg nýtt í löggjöfinni. Það er gerð sú grein fyrir þessu í aths. við frv., að hliðstæð ákvæði þessu séu í þeim löndum, þar sem við verzlum með kjöt. Er því öryggis vegna talið rétt, að taka þetta ákv. í okkar löggjöf, svo að hægt sé að sýna, að allar þær heilbrigðisráðstafanir séu viðhafðar hér, sem krafizt er í viðskiptalöndum okkar. En þessarar skoðunar á lifandi fé þarf ekki við, þegar selja á kjötið innanlands.

Í 5. gr. er gefin heimild til að víkja frá ákvæðinu um læknisskoðun á kjötinu þar, sem svo er ástatt, að ekki er hægt að ná til læknis. Þetta á þó eingöngu við þegar um saltkjöt er að ræða.

Ég sé, að í gildandi l. um þetta efni er gert ráð fyrir, að sett sé sérstakt merki á saltkjötstunnur, þegar slík skoðun hefir ekki farið fram á kjöti. Þetta hefir ekki verið tekið upp í þetta frv., en ég býst við, að það verði tekið upp í reglugerð. Því er nú svo til hagað, að ýmis ákvæði, sem nú eru í l. um kjötmat, eru látin falla niður, en hinsvegar gert ráð fyrir að taka þau upp í reglugerð um þetta efni. Það er með hliðsjón af því, að búast má við, að einhverra breyt. þurfi á ýmsum atriðum, og þykir því miklu hagkvæmara að láta slík ákvæði felast í reglugerð, því að það er vitanlega hægara um vik að fá henni breytt. N. gat því mjög vel fallizt á þetta hagkvæmnisatriði.

Þá er hér gert ráð fyrir því, að allt kjöt, sem flutt er á erlendan markað, skuli metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmannsins og aðstoðarmanna hans, að flokkunin sé nákvæm o. s. frv. Gert er ráð fyrir, að ekki sé hægt að veita neinar undanþágur frá þessu ákvæði, en það má gera skv. gildandi l., og það jafnvel um fryst kjöt, sem flutt er á erlendan markað. Þetta er vitanlega í samræmi við það, sem ég sagði áðan, að gert er ráð fyrir strangara eftirliti með sláturhúsum og frystihúsum en áður hefir verið, og á að vera til að tryggja gæði vörunnar og auka álit hennar hjá þeim erlendu mönnum, sem kaupa hana.

Í 7. gr. eru ákvæði um það, að í staðinn fyrir að nú eru 6 kjötmatsmenn, allir jafnréttháir og hver hefir sitt svæði til yfirferðar og eftirlits, þá verði skipaður einn yfirkjötmatsmaður með allsherjarvaldi í þeim efnum. En hinsvegar séu honum fengnir þrír menn til aðstoðar.

Það er raunar ekki alveg rétt, að hinir 6 kjötmatsmenn hafi verið allir jafnréttháir. Því að eftir að farið var að flytja út fryst kjöt, var skipaður sérstakur maður til yfirumsjónar með öllu frystu kjöti, sem hefir þannig miklu stærra svæði til yfirferðar og eftirlits en hinir kjötmatsmennirnir. Enda er gerður nokkur munur á launum hans og hinna; þau eru ákveðin 200 kr. hærri. Þetta er vitanlega gert með það fyrir augum, að meira samræmi fáist í matið en annars, auk þess sem gerðar eru meiri kröfur til þekkingar þess manns en hinna.

Ég hefi áður tekið fram um mína skoðun á þessu atriði í sambandi við annað frv., sem hér var á ferð, frv. um ullarmat, að ég er ekki jafnviss um það og meðnm. mínir, að þetta fyrirkomulagsatriði feli í sér meiri tryggingu en áður. Ég læt nægja að vísa til þeirra ummæla minna og fer ekki frekar út í það.

Það er gert ráð fyrir, að þessi yfirkjötmatsmaður hafi 1200 kr. laun, en aðstoðarmenn hans 300 kr. hver. Ennfremur að ferðakostnaður þessara manna

verði borgaður samkv. sanngjörnum reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, auk 4 kr. í fæðispeninga meðan þeir eru frá heimilum sínum. Fæðispeningarnir eru hækkaðir um 1 kr. frá gildandi l. Mér virðist af þeim lista, sem ég hefi fengið yfir ferðakostnað kjötmatsmannanna fyrir 1932, að reynzt hafi erfitt að halda kostnaðinum svo niðri, sem gert er ráð fyrir í þessum lögum. Enda er það í sjálfu sér eðlilegt. Kostnaðurinn hefir farið hjá þeim hæsta í 1292 kr., hjá þeim næsta 1011 kr., þeim næsta 805 kr. og miklu minna hjá hinum kjötmatsmönnunum, ekki nema kringum 200 kr. hjá hvorum þeirra.

Þá vildi ég taka það fram út af ákvæðunum í 8. gr., að í gildandi l. er ákveðið, að kjötmatsmenn ferðist um umdæmi sín á ákveðnum tíma á hverju ári, þ. e. á haustin, en þessu er algerlega sleppt hér. Er meiningin að taka þetta upp í reglugerð, því að þessum ferðum verður vitanlega hagað allt öðruvísi eftir að þetta frv. öðlast gildi.

Þá er enn eitt atriði í 9. gr.: „Í kaupstað eða kauptúni, þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða sem flutt er þangað nýtt og ætlað er til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, sem kjötskoðun annast þar á staðnum". Sömuleiðis er ákveðið, að kjöt, sem flutt er úr öðru sláturhúsi, þar sem slík læknisskoðun fer fram, þurfi ekki að skoða á ný. Um þessa hluti hafa engin ákvæði verið fyrr í löggjöfinni, þó að hinsvegar sé framkvæmd slíkrar skoðunar ekki nýmæli með öllu; a. m. k. hafa sum sláturhús, t. d. Sláturfélag Suðurlands, fyrir löngu tekið upp slíka skoðun. En nú er þessu slegið föstu með l., sem og sjálfsagt er. Það er vitanlega engin ástæða að gera ekki sömu kröfu um meðferð kjöts, sem selt er innanlands, eins og á útfluttu kjöti. Í kauptúnum, þar sem búa færri en 1000 manns, er lagt í vald ráðuneytisins að fyrirskipa um þetta efni.

Þá er enn nýtt atriði í 11. gr., að ráðherra geti sett reglur um útbúnað kjötbúða og um það, hvaða vörur megi selja þar o. s. frv. Ennfremur getur ráðh. sett reglur, eftir því sem þurfa þykir, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt. Eins og öllum er kunnugt, þá er risinn upp töluverður slíkur iðnaður innanlands, sérstaklega í Rvík, og þess vegna er ekki nema rétt, að slíkur iðnaður sé háður eftirliti, sem tryggi hreinlæti í meðferð þessara vara. Er það algerlega í samræmi við ákvæði, sem sett hafa verið um svipuð atriði og víða eru sett.

Ég vík þá að brtt., sem n. hefir gert, sjö að tölu, en ósköp smávægilegar, aðallega orðabreyt. Þannig er um 1. brtt.— 2. brtt. er efnisbreyt. Í gildandi l. er fyrir skoðun og merkingu kjöts sett hámark, 5 aurar á skrokk. Þetta var fellt niður í frv. og gert ráð fyrir að taka upp í reglugerð. En n. þótti réttara að binda þetta með l., svo að ákvæði reglugerðarinnar hefði stoð í lögum.

3. brtt. er einungis orðabreyting.

Sama er að segja um 4. brtt., lagfæring, þar sem var vísað skakkt til greinar. B-liður þeirrar brtt. er orðabreyting. C-liðurinn er efnisbreyt. Þar sem frv. tiltekur, að ráðuneytið ákveði dagkaup, þá höfum við gert þá breyt., að það verði gert fyrir eitt ár í senn. Meiningin er sú, að með þessu mætti e. t. v. halda í kostnaðinn við framkvæmdina. Um þessa breyt. getur náttúrlega verið álitamál, og við teljum hana í sjálfu sér lítilfjörlega.

D-liður 7. gr. er um það, að í stað þess að frv. tiltekur fæðispeninga 4 kr. á dag, þá bætum við aftan við orðinu „húsnæði", svo að það kæmi skýrt fram, að í þessum 4 krónum fælist bæði fæði og gisting. Með því er fyrirbyggt, að viðkomandi reikni sér fæðið á 4 kr., en skrifi gistingu á ferðakostnaðarreikning.

Við 9. gr. eru nokkrar orðabreyt. Sömuleiðis eru brtt. við 12. gr., lagfæringar á frv., þar sem skakkt var vitnað til.

Ég hefi þá ekki fleiri orð um þetta. N. álítur nýmælin, sem í frv. felast, miklu betri en núgildandi l. um kjötmat og sjálfsögð öryggisákvæði gagnvart sölu á erlendum og innlendum markaði, og leggur því eindregið til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún hefir borið fram.

**Björn Kristjánsson:** Ég ætla ekki að fara að andmæla þessu frv. Ég býst við, að það sé algerlega rétt stefna að smáherða á kröfunum um bætta meðferð á kjöti eins og öðrum ísl. afurðum, sem út eru fluttar, til þess að koma þeim í sem mest álit og hæst. verð.

Ég vildi aðeins leyfa mér að gera smáaths. við 4. gr. Í byrjun þeirrar gr. er svo fyrir lagt, að læknisskoðun fari fram á öllu sláturfé áður en því er slátrað, ef kjötið er ætlað til útflutnings fryst, kælt eða saltað, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun til slátrunar. Hv. frsm. gat þess, að þetta ákvæði væri tekið upp eftir hliðstæðum ákvæðum í nágrannalöndum vorum, og væru þar talin nauðsynleg. Ég skal ekki segja um það, hvaða ákvæði gilda annarsstaðar eða hvernig þau eru framkvæmd. En ég held því fram, að þessi læknisskoðun á lifandi sauðfé sé algerlega gagnslaus, enda algerlega óframkvæmanleg. Sauðfé okkar er ákaflega harðgert og sér ekki á því neinn lasleika fyrr en það er alveg aðfram komið. Þetta vita allir, sem kunnugir eru fjárhirðingu. Mér er vel kunnugt að svo er þetta um ágætustu fjármenn víðsvegar. Líklega er það ekki nema á 3—4 stöðum, sem lærðir dýralæknar geta annazt þessa skoðun á lifandi fé, en á öllum öðrum stöðum í landinu verða héraðslæknarnir að gera það, eftir að hafa kynnt sér þessa kjötskoðun hjá dýralækni. Um lækna okkar er það að segja, að mjög margir þeirra eða flestir hafa aldrei komið nálægt fjárhirðingu; þótt sumir séu upprunnir úr sveit, hafa þeir byrjað nám ungir og naumast komið að skepnuhirðingu eftir það. Legg ég því lítið upp úr, þótt þeir líti yfir hina stóru fjárhópa, sem daglega er slátrað, kannske 1½ þús. alls á dag. Veitti þá ekki af 2—3 læknum, og þó óvíst um árangurinn. Nú er það svo víða, t. d. hjá mér, að héraðslæknirinn, sem annast kjötskoðunina, verður vitanlega oft að vera í læknisferðum heilan dag eða meira meðan slátrun fer fram. Er þá augljóst, að hann getur ekki annazt þessa skoðun, en að stöðva slátrun kemur ekki til mála. Að lögbjóða þessa skoðun og fylgja því bókstaflega er alveg sama sem að fyrirbyggja slátrun til útflutnings á mörgum stöðum í landinu. En ef ekki á að fylgja ákvæðinu, er það gersamlega tilgangslaust.

Ég skal til frekari áréttingar benda á Eyjafjörð. Þar eru tvö sláturhús nálægt hvort öðru, annað á Akureyri hjá K. E. A. og hitt á Svalbarðseyri. Nú er dýralæknir á Akureyri, sem annast kjötskoðun á báðum stöðum. Sennilega er ekki slátrað færra en 1½ þús. á Akureyri á dag, en eitthvað færra á Svalbarðseyri. Ætla ég, að það sé öllum ljóst, að einn maður muni ekki geta komizt yfir þetta verk með því að skoða hvern einasta skrokk í sláturhúsunum báðum, eins og sjálfsagt er, að hann geri.

Þá segir í 2. málsgr. 4. gr.: „Ennfremur skal læknisskoðun á öllu kjöti og innýflum fara fram þegar eftir slátrun og áður en kjötið er fryst, kælt eða saltað". Við kjötskoðunina er ekkert að athuga, hún er vitanlega sjálfsögð. En öðru máli gegnir um þessa innýflaskoðun; hana tel ég ekki geta komið til mála. Til þess að framkvæma hana þyrfti læknirinn alltaf að vera í sláturhúsinu, en því er ekki hægt að koma við, eins og ég hefi þegar tekið fram. Get ég þá aftur bent á dæmið frá Akureyri, þar sem dýralæknirinn þarf að vera ýmist í sláturhúsinu þar, eða í sláturhúsinu á Svalbarðseyri, og getur því á hvorugum staðnum verið nema nokkrar klst. í senn. Þegar það nú er sjáanlegt, að ekki er hægt að framfylgja ákvæðum sem þessum bókstaflega, þá sé ég ekki, að rétt sé að setja þau í lög, og svo tel ég, að eigi að vera um öll ákvæði, sem ekki er hægt að hlíta. Það á ekki að setja þau í lögin.

Þá er ákvæði í síðustu málsgr. 4. gr., sem ég get heldur ekki fellt mig við eins og það stendur þar. Í upphafi málsgr. segir svo: „Ekki má slátra í löggiltu sláturhúsi sjúku sláturfé". Hér þyrfti að fella niður orðið „löggiltu", því að svo má skilja þetta, að í öðrum sláturhúsum en löggiltum megi slátra sjúku fé. En ég tel ekki, að slátra megi í nokkru sláturhúsi sjúku sláturfé.

Ég tók nú ekki eftir þessum agnúum á 4. gr. fyrr en rétt núna. Má því vel vera, að eitthvað fleira sé í frv., sem ég vildi gera aths. við, en það verður að bíða til 3. umr. úr þessu. Að endingu vil ég beina því til hv. landbn., að hún taki til at-

hugunar þessar aths. minar við 4. gr. og beri fram brtt. til lagfæringar henni. Sjái n. sér ekki fært að verða við þeim tilmælum, býst ég við að flytja brtt. við þessa gr. fyrir 3. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég er yfirleitt ánægður með þær brtt., sem hv. landbn. leggur til, að gerðar séu á frv. þessu. Þær eru flestar orðbreyt. og leiðréttingar á prentvillum, sem ég tel betur fara. Það er aðeins ein breyt., sem ég í raun og veru tel lítils virði, er ég þó tel, að orkað geti tvímælis. Það er 4. brtt. við 7. gr. c-lið, þar sem bætt er við orðunum „fyrir eitt ár í senn". Í frv. segir, að ráðuneytið ákveði daglaun aðstoðarmanna, þegar þeir starfi í yfirmatserindum, að fengnum till. yfirkjötmatsmanns. Ráðuneytið getur samkv. þessu ákveðið laun þeirra eins og því þóknast. Ég hygg því, að það geti aðeins orðið til þess að valda töluverðum símakostnaði, ef ákvæði þetta verður samþ. Annars tel ég þetta ekki skipta svo miklu máli, að það taki því að samþ. sérstaka brtt. um það.

Hv. þm. N.-Þ. mælti gegn nokkrum atriðum 4. gr. frv. Viðvíkjandi fyrsta atriðinu, læknisskoðuninni, skal ég taka það fram, að ég var sjálfur með mínu leikmannsviti á þessum málum í dálitlum vafa fyrst. Vildi halda, að góðir fjármenn í sveit sæju eins vel sjúkleika á kind og læknar. En við að bera mig saman við sérfræðinga á þessum sviðum taldi ég rétt að setja þetta ákvæði. Verði horfið að því ráði að breyta þessu ákvæði, get ég ekki fallið frá því, að ráðh. verði a. m. k. heimilað að skipa fyrir um þetta með reglgerðarákvæði. Vegna fyrirspurna, sem sífellt berast ráðuneytinu um þessi mál, verð ég að telja þetta nauðsynlegt. Það má vel vera, að það geti orðið erfitt að fylgja slíku ákvæði bókstaflega hér. En erlendis mun því vera fylgt stranglega. Ég býst því við, að það verði ekki hægt að koma hinum erlendu kaupmönnum í skilning um það, að hér sé yfirleitt hraustara fé en hjá þeim, og því telji þeir sjálfsagt, að fylgt sé sömu reglum um slátrun hins íslenzka fjár og þeirra eigin.

Þá vil ég benda á, að orðið „læknir" í lögum þessum tekur ekki aðeins yfir dýralækna og almenna lækna, heldur og einnig yfir læknaefni, sem lokið hafa fyrri hluta læknaprófs og fullgildir teljast því til slíks eftirlits sem þessa.

Viðvíkjandi því ákvæði 2. málsgr. 4. gr., að læknisskoðun eigi að fara fram á öllu kjöti og innýflum, þá er vitanlega aðeins átt við þau innýfli, sem nota á, en ekki þau, sem kastað er.

Við það að bera mig saman við dýralækni og ýmsa aðra, sem með þessi mál sýsla, m. a. forstjóra kjötsölusamlagsins, þá hefi ég komizt að þeirri niðurstöðu, að halda beri þessu ákvæði um kjöt og innýflaskoðunina, eða þá eins og ég tók fram, að gefa stj. heimild til þess að skipa fyrir um það með reglugerðarákvæði.

Hvað snertir aths. hv. þm. um síðustu málsgr. 4. gr., þá get ég að mestu verið henni samþykkur. Að það er tekið fram, að ekki megi slátra sjúku fé í löggiltum sláturhúsum, er með tilliti til hins erlenda markaðs á frystu og kældu kjöti. Hvort mönnum sýnist svo að rýmka um þetta ákvæði og láta það ná til allra sláturhúsa, læt ég með öllu óátalið.

**Frsm. (Pétur Ottesen):** Út af því, sem þeir hv. þm. N.-Þ. og hæstv. atvmrh. sögðu um ákvæði 4. gr. frv., vil ég taka það fram, að landbn. var fyllilega ljóst, að nokkrir örðugleikar gætu orðið um framkvæmd sumra þeirra, og þá sérstaklega hvað læknisskoðunina snertir. Hvort því atriði yrði fylgt bókstaflega eða ekki, færi eftir því, hverjar kringumstæður væru fyrir hendi. Jafnframt leit hún svo á, að enda þótt það væri ekki fyllra en þetta, myndi þó felast í því töluvert öryggi. Þá mætti að sjálfsögðu athuga það, hvort réttara væri að láta þetta ákvæði koma fram sem reglugerðarákvæði eða beint í lögunum sjálfum.

Út af aths. hæstv. atvmrh. við þá brtt. landbn., að ákveða kaup aðstoðarmanna, þegar þeir ynnu í yfirmatserindum, „fyrir eitt ár í senn", vil ég geta þess, að þetta átti að vera bending frá n. um það, að gætt yrði alls sparnaðar í þessu efni. En eftir að hafa heyrt skýringu hæstv. ráðh. get ég tekið þessa brtt. aftur, og geri það hér með.

**Björn Kristjánsson:** Ég verð að sjálfsögðu að beygja mig fyrir því, ef það er algert skilyrði fyrir sölu á kjöti erlendis, að þetta ákvæði um læknisskoðunina sé sett í löggjöfina, enda þótt neyðarúrræði sé, þar sem það er vitanlegt, að slík skoðun á lifandi fé og innýflum er með öllu gagnslaus. Sé nú svo, að óhjákvæmilegt reynist að lögbjóða slíka skoðun, þá teldi ég heppilegra að setja það sem reglugerðarákvæði, eins og hæstv. atvmrh. stakk upp á, heldur en sem beint lagaákvæði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 atkv.

Brtt. 117,1 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 117,2 samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 117,3. a—b samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 117,4.a—b samþ. án atkvgr.
— 117,4.c tekin aftur.
— 117,4.d samþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 117,5.a—b samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 117,6 samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 117,7 samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 27. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 170, 174).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 174. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Björn Kristjánsson:** Ég þarf naumast að gera grein fyrir brtt. minni á þskj. 174; hún er svo smávægileg, enda gerði ég það við 2. umr. Með henni er það aðeins tryggt, að ekki sé slátrað kindum með smitandi sjúkdóm á neinum slátrunarstöðum, hvort sem þeir eru löggiltir eða ekki. Ef frv. verður samþ. óbreytt, þá er ekki bannað að slátra sjúkum kindum á þeim slátrunarstöðum, sem ekki eru löggiltir, en sem má í vissum tilfellum flytja frá saltkjöt til útlanda. Í brtt. er lagt til, að orðið „löggilt" falli burt.

Ég talaði um það við 2. umr., að ég kynni illa við að hafa það ákvæði í l., sem fyrirfram er vitað, að ekki er hægt að framfylgja; þesskonar ákvæði er læknisskoðun á sauðfé, sem á að slátra, og innýflum sláturfjár. Ég held fast við það, að þessi skoðun sé vitaþýðingarlaus og mundi í flestum tilfellum ekki verða annað en nafnið eintómt í framkvæmdinni.

En síðan 2. umr. fór fram, hefi ég talað við starfsmenn Samb. ísl. samvinnufél. um þessi ákvæði, og álíta þeir, að óhjákvæmilegt sé að taka þau upp í lögin vegna erlendra kaupenda. Verð ég að segja það fyrir mitt leyti, að þótt ég beygi mig fyrir þessu, þá kann ég mjög illa við að hafa ákvæði í l., sem víst er fyrirfram, að ekki verður fylgt.

ATKVGR.

Brtt. 174 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv. svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 179).

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 179, n. 473).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Þetta frv. gerir nokkrar breyt. á núgildandi löggjöf um

þetta efni, kjötmatið. Það er þá fyrst sú breyt., að eftir núgildandi l. er gert ráð fyrir 6 kjötmatsmönnum, sem séu allir nokkuð hliðstæðir, en eftir þessum l. er gert ráð fyrir því, að settur sé einn yfirkjötmatsmaður yfir allt landið, og á þetta að vera til þess, að betra samræmi fáist í matið en ella. Það er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að hann sé lærðari í sinni grein en kjötmatsmennirnir yfirleitt hafa verið. Eins og kunnugt er, hefir einn maður farið utan til þess sérstaklega að læra meðferð og verkun á frosnu kjöti og búa sig undir þetta starf; svo er gert ráð fyrir því, að hann hafi menn sér til aðstoðar, undirkjötmatsm. Þetta er önnur höfuðbreyt. Hin breyt. er sú, að settar eru miklu strangari reglur en verið hefir um meðferð kjötsins og um hús, þar sem slátrun á fénaði fer fram, einkum ef afurðirnar eru ætlaðar til útflutnings. Þá eru og sett ýms mjög ströng ákvæði til þess að tryggja það, að ekki sé flutt út kjöt af öðru en heilbrigðu fé, og er það talið af kunnugustu mönnum mjög nauðsynlegt til þess að tryggja betur erlenda markaðinn en nú er.

Sumum þessum reglum verður fyrst um sinn kannske ekki hægt að fullnægja að öllu leyti. T. d. er gert ráð fyrir því, að fé, sem slátra á, sé skoðað áður en því sé slátrað. Þetta hefir ekki verið venja undanfarandi og er í sumum tilfellum, hjá hinum minni sláturhúsum, nokkuð erfitt og kostnaðarsamt að koma því við. Þó má sjálfsagt ráða bót á þessu með því að setja einhvern matsmann, sem gerði lækni viðvart, ef honum fyndist eitthvað grunsamlegt. Þá er gert ráð fyrir því, að innýfli séu skoðuð. Það hefir ekki verið gert undanfarið og mun þykja nokkuð tafsamt, en í stærri sláturhúsum, sem þurfa að hafa fastan mann fyrir til þess að framkvæma þessa skoðun, má vel vera, að þetta fari vel úr hendi. Það er sjálfsagt að gera strangar kröfur í l. til þess að kjötið fullnægi kröfum þess erlenda markaðar.

N. hefir athugað þetta frv. og telur það vel úr garði gert. Loks skal ég geta þess, að það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að atvmrh. geti ákveðið þóknun fyrir dýralæknisskoðun þá, sem ráðgerð er í frv. Það er einnig svo fyrir mælt í þeim l., sem nú gilda, frá 1912 að ég ætla. N. vill vekja athygli á því, að kostnaðurinn samkv. þeim ákvæðum, sem nú gilda, hefir verið ákaflega mikill og tilfinnanlegur fyrir sláturhúsin eins og núna standa sakir, og vill beina því til hæstv. atvmrh., hvort ekki væri hægt að lækka þessa þóknun talsvert fyrir næstu sláturtíð. Að öllu athuguðu leggur n. til, að frv. verði samþ., enda þótt hún verði að viðurkenna, að sum ákvæði þess séu það ströng, að nokkur vandkvæði verði að fylgja því út í það ýtrasta núna fyrst um sinn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 514).

---

## 15. Byggingarsamvinnufélög.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög** (stjfrv. A. 21).

Á 7. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Það hefir þótt koma í ljós við byrjun á framkvæmd eða undirbúning á notkun l. um byggingarsamvinnufélög, er sett voru á síðasta þingi, að nokkrir agnúar væru á þeim, sem æskilegt væri að breyta, svo l. yrðu hagfelldari og auðveldari í framkvæmd. Sérstaklega á þetta við um hina sameiginlegu ábyrgð félagsmanna, sem 3. gr. l. gerir ráð fyrir. Í l. um byggingarsamvinnufélög er svo fyrir mælt, að félagsmenn geti verið fæstir 15 að tölu. Hinsvegar eru engin takmörk að ofan um fé-

lagafjölda í samvinnubyggingarfélögunum. Ef nú félagar eru mjög margir, þá er auðsætt, að þeir geta ekki allir notið lögmæltra félagshlunninda jafnsnemma. Sumir hafa e. t. v. þegar fengið lán til byggingar, en aðrir eru að safna í sjóð vegna væntanlegrar byggingar. Þetta veldur misræmi og óánægju meðal félagsmanna innbyrðis, þegar svo er fyrir mælt sem nú er í l., að félagsmenn séu allir í samábyrgð, hvort sem þeir eru farnir að njóta félagshlunninda eða ekki. Þykir hentugra, að hin sameiginlega ábyrgð falli ekki á félagsmenn fyrr en lán er tekið vegna þeirra. Hefir því félag það, sem stofnað hefir verið hér í bæ samkv. l. um byggingarsamvinnufélög, farið þess á leit, að l. verði breytt svo, að félögunum verði skipt í ábyrgðarflokka fyrir þá menn, er reisa hús samtímis, og ábyrgist þá hver flokkur sitt lán. Sýnist það koma í sama stað, ef 15 menn verða minnst í flokki eftir sem áður. Er það aðeins gert til þess að félagsskapurinn leysist ekki upp í mörg 15 manna félög og að hægt verði til hlítar að nota reynslu þá, er fæst við byrjunarstarf og framkvæmdir félaganna.

Aðrar breyt. frv. eru smávægilegar. Ein er sú, að atvmrn. fái samþykktir byggingarsamvinnufél. til yfirlits og breytinga, eftir því sem ástæða þykir til, og að þær öðlist eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefir staðfest þær. Verður það að teljast nauðsynlegt ákvæði, þar sem ábyrgð ríkissjóðs er veitt fyrir lánum félaganna.

Þá er enn lögð til sú breyt., að felld séu niður ákvæði l. um fjölda herbergja hverrar íbúðar. Er það skipulagsatriði, hvað hver óskar margra herbergja, er ekkert segir til um rúmtakið. Væri rétt, að væntanleg n. tæki til athugunar, hvort ekki bæri frekar að tilgreina, hvað rúmtakið mætti mest vera, svo tilgangi l. um að ábyrgð ríkissjóðs nái eingöngu til meðalstórra íbúða verði náð. — Að öðru leyti mun ég eigi fjölyrða frekar um þetta frv. Vil ég leyfa mér að leggja til, að því, að lokinni umr., verði vísað til hv. allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Alþt. 1933. B. (46. löggjafarþing).

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 135).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Allshn. hefir athugað frv. þetta, og leggur hún til, að það sé samþ. með einni lítilsháttar breyt.

Lög þau, sem frv. leggur til að breytt verði, voru sett af þinginu í fyrra. Er þegar hafinn undirbúningur um að nota þau sem starfsgrundvöll og byggingarfélag stofnað, sem þegar hefir hafið undirbúning um starfrækslu, er byggist á l. En félag þetta hefir óskað breyt. á l., og er slíkt ekki nema eðlilegt, að eitthvað megi betur fara um l., sem eru algert nýmæli, og að það sjáist við nánari athugun og framkvæmdir á þeim.

Um frv. er það að segja, að allshn. telur breyt. þær á l., sem 1., 2. og 3. gr. ráðgerir, til bóta og sjálfsagt að samþ. þær. En á breyt. þá, er felst í 4. gr. frv., getur hún ekki fallizt. Hún gat að vísu fallizt á, að hámark stærðar á íbúðum í lögunum frá í fyrra, fjögur herbergi og eldhús, væri fulllágt sett. En að setja enga takmörkun, aðra en eftirlit ráðh., með því, að ekki væri of stórt byggt, gat hún ekki fallizt á. Allshn. telur það ekki samrýmast tilgangi l., að svo stórt sé byggt, að herbergi eða íbúðir verði leigðar út eða að menn, sem njóta þeirra hlunninda, sem byggingarsamvinnulögin veita, geti haft svo stórar íbúðir sem þeim sýnist. Hún vill því setja þau takmörk, að íbúðirnar megi vera allt að sex herbergi hver, í stað þess, að ekkert hámark var í frv. stjórnarinnar. Ég held svo, að ekki sé ástæða til að fara fleiri orðum um þetta.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hv. allshn. hefir í aðalatriðum fallizt á frv. En jafnframt vil ég þó vísa til þess, er ég sagði við 1. umr. þessa frv. Ég mæltist þá til við þá hv. n., er málinu væri vísað til, að hún tæki til athugunar, hvort ekki væri rétt að miða hámark íbúða við rúmtak þeirra. Ég lét í ljós þá skoðun, að herbergjafjöldi íbúðar segði ekki nákvæmlega til um það, hversu stór eða verðmikil hún væri. Herbergin gætu verið það stór, þótt fylgt væri hámarki um herbergjafjöldann, að um fullkomna „luksus“íbúð væri

að ræða. Ég bað því háttv. n. að athuga, hvort tilgangi l. yrði ekki betur náð með því að ákveða hámarksrúmtak íbúðanna, í stað herbergjafjölda.

Ég vil því mælast til þess, að hv. n. taki brtt. sína aftur að sinni og athugi til 3. umr., hvort ekki væri rétt að koma með brtt. í þá átt, sem fyrir mér vakir og ég nú hefi lýst. Ef miðað er við rúmtak, get ég hugsað, að nokkuð hæfilegt væri að miða við 500 rúmmetra í hverri íbúð. Hér í Rvík mun láta nærri, að byggingarverð vandaðra húsa sé nálægt 45 kr. hver rúmmetri. Yrði þá 500 rúmm. hús 22500 kr., og dýrari mætti hver íbúð alls ekki vera. Þetta er áreiðanlega hæfileg hámarksstærð húsa til að fullnægja venjulegum kröfum, án þess að geta talizt „luksus"íbúð. Hinsvegar tel ég, að ef ráðh. er ekki treyst til að ákveða stærð húsa eftir þessum l., þá sé þetta atriði ekki nægilega tryggt með brtt. n. Íbúðarskipun má síðan haga á ýmsa vegu innan hins ákveðna rúmtakshámarks. Ég vil því enn að nýju mælast til, að hv. n. taki til nánari yfirvegunar, hvernig þessu yrði bezt fyrir komið.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég get að sjálfsögðu f. h. n. orðið við ósk hæstv. atvmrh. að taka þessa brtt. aftur til 3. umr. En út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að réttara væri að miða við rúmtak en herbergjafjölda, þá kann það að vera rétt. Ég segi fyrir mitt leyti, og hygg ég megi segja það f. h. n., að hún hefir enga sérþekkingu í byggingarmálum og treystir sér því ekki til þess að dæma um það, hvað sé hæfileg íbúð, þegar miðað er við rúmtak, en vitanlega getur n. leitað umsagnar sérfróðra manna um þetta atriði. Annars tel ég ekki mjög mikla hættu á því, að byggðir verði stórir salir til þess að fá sem stærsta íbúð, þótt stærðin sé eingöngu miðuð við herbergjafjölda. Aðalhættan mundi í því fólgin, ef engin takmörk yrðu um stærð íbúða, að byggð yrðu, í skjóli laganna, herbergi eða jafnvel íbúðir til þess að leigja út, þannig að menn sköpuðu sér talsverða atvinnu af. Það er þetta, sem vakti fyrir okkur, að komið gæti til mála. Hitt get ég fallizt á, að hægt sé að finna heppilegan grundvöll með því að miða við rúmtak, og e. t. v. heppilegri en með tölutakmörkun herbergja.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Herra forseti! Mér sýnist þetta vera iskyggileg stefna, sem farið er inn á. Því að eins og nú horfir þessu máli — og jafnvel með þeirri breyt., sem allshn. hefir viljað gera á þessu frv. —, þá fæ ég ekki betur séð en að allir einstaklingar, sem vilja koma sér upp eigin húsnæði í Rvík, geti komizt undir ákvæði þessara l., og þá er komið inn á þá braut að leggja fram styrk til að byggja yfir alla einstaklinga, sem byggja vilja.

Svo undarlega ber nú við, að í sömu andránni og verið er að koma upp sjóð til styrktar verkamönnum til að byggja og ríkið veitir einnig öflugan stuðning til þess að framkvæma þessi l., sem hér er um að ræða, þá má heita, að veðdeild Landsbankans sé lokuð. Hún lætur að vísu lán ennþá, en einungis þannig, að lántaki verður sjálfur að sjá um sölu veðdeildarbréfanna. Oft mega slík kjör heita næstum óviðunandi. Ríkið gerir ekkert til þess að stuðla að hagstæðum markaði bréfanna fyrir lántakendur. En á sama tíma er þó tekið til að stofna félög manna til þess að koma sér upp húsnæði, þar sem ríkissjóður sjálfur á að leggja fram ekki svo lítinn hluta af húsverðinu. Og nú er reynt að þoka málinu í það horf, að allir, sem vilja koma sér upp húsi — ef þeir vilja gera það undir vissum skilyrðum —, geti orðið þessara hlunninda aðnjótandi frá ríkissjóði. Það mun láta nærri, að ef byggja má 6 herbergja íbúð með styrk samkv. þessum l., þá má segja, að það nái til allflestra, sem nú byggja sér hús.

Við erum að komast út á mjög alvarlega braut, a. m. k. ef á nú sama sem að þvinga alla þá, sem byggja vilja hús, til að leita eftir þessum styrk, með því að gefa þeim ekki kost á lánum annarsstaðar. Ríkisvaldið hefir þó aðstoðað menn um sölu veðdeildarbréfa. En ef ríkisvaldið og Alþingi ætlar að hætta að skipta sér af verðgildi veðdeildarbréfanna, en taka til að styrkja þá með ríkisframlagi, sem undir einhverjum sérlögum vilja taka þátt með öðrum í að byggja yfir sig, þá sýnist mér vera komið út á hættulega

braut. Vil ég benda hv. n. á að athuga vel þessa stefnu. Ég verð að telja það hættulegt, ef frjálsar lánveitingar gegnum banka, skilyrðislausar að öðru leyti en veðdeild venjulega setur, eiga að lokast mönnum til húsabygginga, en opnaðir verða á víða gátt ýmsir aðrir möguleikar, mjög skuldbindandi fyrir ríkissjóð. Þetta er því hættulegra sem slíkir möguleikar eru minna takmörkunum háðir. Og hér á í þetta skipti að gera ríflega rýmkun með því að færa herbergjatölu íbúða úr 4 upp í 6. Næst verður tölutakmarkið kannske alveg afnumið, eins og gert var ráð fyrir í frv. stj.

Ég get nú varla fengið mig til að álíta, að sú sé meining þingsins, að ekki beri lengur að aðstoða landsmenn með fjárútvegunum til þess að veðdeild Landsbankans geti starfað, en opna á víða gátt aðrar leiðir, sem baka ríkissjóði útlát, til þess að hjálpa þeim að byggja, sem enginn slíkur stuðningur er nauðsynlegur.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég hafði kvatt mér hljóðs, þegar málið var hér til umr. á dögunum, og verð því að leyfa mér að segja nú nokkur orð út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. þá. Ræða hv. þm. snérist meira um þetta mál almennt og þá stefnu, sem upp var tekin með l. frá seinasta þingi, heldur en um þær breyt., sem hér liggja fyrir. Verð ég því að vænta þess, að hæstv. forseti leyfi mér að tala nokkuð almennt um málið, þótt það sé ekki venja við þessa umr. — Hv. 4. þm. Reykv. taldi farið inn á hættulega braut með l. um byggingarsamvinnufélög, og beindi því til n., hvort hún vildi ekki athuga um það, hvort ekki væri nauðsynlegt að gera frekari breyt. á l. en hér er farið fram á í frv. stj. Og einkum taldi hv. þm. varhugavert, að ríkið legði fram ekki svo lítinn styrk með þessu, og taldi, að með því fyrirkomulagi væri ríkið að styrkja hvern borgara í þjóðfélaginu til þess að byggja yfir sig. Ég vil ráðleggja hv. þm. að lesa lög þau, sem samþ. voru á síðasta þingi, áður en hann talar um þetta atriði. Hann átti ekki sæti á þingi í fyrra og er l. því sennilega ekki kunnugur. Þar er alls ekki um neinn fjárstyrk að ræða. Býst ég við, að hv. þm. rugli saman l. um verkamannabústaði og þessum l. Ríkissjóður ábyrgist lán fyrir byggingarsamvinnufélögin samkvæmt ákveðnum skilyrðum, sem sett eru í l. En eins og við vitum, þá er það ekkert einsdæmi, að ríkissjóður gangi í slíkar ábyrgðir. Ríkið ábyrgist t. d. veðdeildarlánin og stendur því í bakábyrgð fyrir þeim að miklu leyti. Enginn þarf að efast um, að í l. um byggingarsamvinnufélög sé tryggilega frá því gengið, að þessi ábyrgð sé sem áhættuminnst; m. a. má sjá það af því, að húsin má ekki veðsetja fyrir meiru en 80% af kostnaðarverði þeirra. Það er margt fleira í þessum l., sem ég álít stefna til mikilla bóta frá því, sem áður hefir tíðkazt, t. d. að öll óeðlileg verðhækkun á húsunum er fyrirbyggð. Bannað er að selja eignirnar hærra verði en kostnaðarverði nemur, og þar með komið í veg fyrir þá óhæfu, að fasteignir séu sprengdar upp úr öllu valdi, og svo hvílir sú verðhækkun eins og farg síðar á eigendum og almenningi. Hv. þm. minntist á veðdeildina í þessu sambandi og að nær væri að gera henni mögulegt að starfa en að kasta fé til þessara mála. Ég skal ekki rökræða það út af fyrir sig og vil benda á það, að nauðsynlegt mun vera, að veðdeildin fái fé til umráða fyrr en seinna. En hinsvegar held ég, að megi benda á ýmislegt, sem sýni, hvernig veðdeildin einmitt lánar fé sitt og sízt er til eftirbreytni. Allmikið af fjármagninu hefir verið lánað út á gömul hús, sem hækkað hafa í verði vegna ýmissa atburða, en féð hefir ekki gengið til að koma upp nýjum húsum, nema þá helzt „luksus"-íbúðum og „villu"hverfum. L. um byggingarsamvinnufélög miða að því, að komizt verði framhjá því skeri, og tilgangur þeirra er að koma upp tiltölulega ódýrum, einföldum byggingum, sem geta fullnægt kröfum þeirra, sem ekki gera því meiri og hóflausari kröfur. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel l. frá seinasta þingi mjög merkilegt spor til að koma þeim málum

í heppilegt horf að ýmsu leyti. Þar er m. a. svo um búið, að mönnunum, sem mynda með sér byggingarsamvinnufélag og vilja koma upp húsi eða íbúð, er gert að skyldu að leggja fram sem nemur ⅕ af stofnkostnaðinum sjálfir, en fái svo hjálp til þess að geta komið upp byggingunni, þegar þeir geta lagt fram þann hluta af byggingarkostnaði, sem áskilið er.

Mér skildist á hv. 4. þm. Reykv., að honum þætti verr farið, að lagt skyldi til, að hámarksstærð íbúðanna yrði aukin. Ég get gengið inn á þá hugsun, sem liggur til grundvallar þessu, að ekki sé rétt að byggja stærri íbúðir en þarf og svara til þess, sem teljast verður hæfilegt öllum almenningi. Hinsvegar féllst n. á það, að fjögurra herbergja íbúðir myndi vera fulllágt, og vildi ákveða stærð íbúðanna allt að 6 herbergi. Ég get ekki látið hjá líða að minnast á þetta atriði í sambandi við ræðu hv. 4. þm. Reykv. Þá má benda á, að hér er einmitt jarðvegur fyrir slíkan félagsskap. Nú hefir þegar verið stofnað byggingarsamvinnufélag hér í Rvík og hafinn mjög myndarlegur undirbúningur um að koma upp byggingum, og eftir því sem ég veit bezt, þá er þessi félagsskapur alls ekki bundinn við pólitíska flokka, heldur munu allir stjórnmálaflokkar hafa skipað sér um þetta félag, sem virðist búa yfir heppilegri lausn húsnæðismálanna. Þessar breyt. á l. eru bornar fram af hæstv. stj. sökum þess, að við framkvæmd l. hefir þótt koma í ljós, að þær breyt., sem hér liggja fyrir, muni heppilegar. Er mönnum nú ætlað að vera í ábyrgðarflokkum út af fyrir sig, en ekki sameiginleg ábyrgð fyrir alla félagsmenn, og virðist n. það til bóta.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta, en n. hefir samkv. ósk hæstv. atvmrh. tekið brtt. sínar aftur til 3. umr. málsins.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Það var einungis vegna þess, að mér virtist frv. og till. hv. n. gefa tilefni til þess, að ég sagði hér nokkur orð almennt um málið, og skal ég víkja nokkuð nánar að einstökum atriðum í ræðu hv. frsm., sem ég tel rétt, að séu gagnrýnd áður en gengið er til atkv. um frv. — Hv. frsm. benti mér á, að hér væri ekki um neinn fjárstyrk að ræða frá ríkinu. Ég skal játa, að hér er ekki um neinn þann fjárstyrk að ræða, sem greiddur er fyrirfram. En hv. þm. á eftir að sannfæra mig um, að þetta geti ekki kostað ríkissjóð mjög alvarleg útgjöld eftir á, því að það eru ekki lítil hlunnindi, sem þessum félagsskap eru áskilin úr ríkissjóði, enda væri ástæðulaust að setja slík l. sem þessi, ef ætlazt er til, að þeir hagnýti sér það ekki. Ég álít, að menn hefðu átt að láta sér nægja veðdeild Landsbankans og styrkja hana heldur. Það er að vísu rétt hjá hv. þm., að bak við veðdeildarlánin stendur ábyrgð ríkissjóðs, en það er þó alls ekki sambærilegt við byggingarsamvinnufélögin, því að ábyrgð veðdeildarinnar nær aldrei til meira en 40% af matsverði eignanna, en hjá byggingarsamvinnufélögum nær ábyrgðin til 80% af matsverðinu. Og ekki er nóg með það, heldur má heita, að með l. þessum hafi félögunum verið veitt fjárveitingarvald og yfirráð yfir ríkissjóðnum. Hverjir 15 menn, sem koma sér saman um myndun svona félags, fá þar með þau réttindi, sem l. veita, og þau réttindi eru ákaflega mikil. Ef breyt. þær, sem hér er farið fram á, næðu samþ., þá þarf að vísu staðfestingu atvmrh. á samþykktum félaganna, en þegar því er lokið, stendur leiðin opin í ríkissjóðinn. Ég verð því að segja, að ég álít ekki eins og hv. frsm., að hér sé farið inn á mjög heppilega braut og mjög tryggilega frá öllu gengið. Ég vildi þvert á móti segja, að hér sé mjög ótryggilega frá gengið, og er enginn vafi á því, að ríkissjóður muni á sínum tíma hafa mikla ábyrgð og áhættu af þessu öllu saman. Hv. frsm. lagði mikið upp úr því, að bannað væri að veðsetja þessi hús samvinnufélagsmanna fyrir meira en 80% kostnaðarverðs. Ég verð að segja það, að ég sé ekki mikið samband milli þessa og ábyrgðar ríkissjóðs. Ég vil leyfa mér að benda hv. frsm. á, að þótt hús, sem veðdeildarlán hvíla á, séu veðsett fyrir tvöfalt fasteignamat, þá kemur ábyrgð ríkissjóðs í gegnum veðdeildina alls ekki til í því sambandi. Slíkt eykur alls ekki ábyrgð ríkissjóðs og myndi ekki auka, þótt veðsett væri fyrir allt, sem hægt væri. — Hv. frsm. segir, að veðdeildin sé ekki til eftirbreytni. Sú eftirbreytni verður a. m. k.

ekki til tjóns meðan ekki er gengið lengra en veðdeildin gerir.

Ég varð stórlega undrandi, þegar hv. frsm. sagði, að veðdeildin væri yfirleitt ekki notuð til þess að koma upp nýjum byggingum, heldur hafi fé hennar mestmegnis farið í gömul hús. Ég get ekki séð, að þetta sé neitt ásökunarefni á Landsbankann fyrir meðferð hans á fé veðdeildarinnar. Og ég skil ekki annað en að hann sé mér sammála, ef hann athugar það nánar, að það er ekkert ásökunarefni, þó að veðdeildin láni út á eldri hús, þegar þau eru vel veðhæf. Byggingarsamvinnufélög eru ætluð til þess, segir hv. frsm., að koma upp ódýrum byggingum og hentugum. Og að svo miklu leyti sem þetta er aðaltilgangur l., svipað eins og um verkamannabústaðina, þá er það innan takmarka, sem mætti tala um. En þegar á að víkka svo verksvið þessa samvinnufélags, að skylt sé ríkissjóði að ábyrgjast 80% af lánum til félagsmanna, hvað stór hús sem þeir vilja byggja, þá er a. m. k. komin ástæða til að ætla, að hér sé komið inn á hættulega braut. Það var líka eftirtektarvert, að í fyrsta skipti, sem átti að hagnýta þessi l., þá kemur strax í ljós, að það eru ekki þeir menn, sem hugsa sér að hagnýta sér l., sem þurfa á smærri íbúðum að halda og geta látið sér nægja það, sem l. ákveða, heldur menn, sem þurfa stórar íbúðir með mörgum herbergjum og íburðarmiklum, og þeir þurfa svo strax að fá l. breytt, til þess að þessir ágætu borgarar, efnaðir menn, sem vilja hafa stórar og góðar íbúðir, geti komizt inn undir þessi l. og orðið á þann hátt þeirra miklu fríðinda aðnjótandi, sem þau hafa nú að bjóða. Hv. frsm. lagði mikið upp úr því skilyrði, að þeir ættu að eiga dálítið sjálfir, sem stofnuðu þessi samvinnubyggingarfélög. Ég verð nú að álíta, að það skipti löggjafann engu, hvort maður kemur upp yfir sig sínu húsi og á ⅕ part af andvirðinu eða ekkert, ef hann getur fengið lán og borgað það smátt og smátt af eigin tekjum. Ég get ekki gert greinarmun á þessu. En það kemur strax í ljós, þegar á að framkvæma þessi l. hér í Rvík, — og sennilega verða þau aldrei framkvæmd nema hér í Rvík, — að þeir menn, sem ætla að hagnýta sér þessi lög, gera meiri kröfur en þeir, sem upphaflega var ætlað að hjálpa. Þeir sjá, að það eru stórkostleg hlunnindi, sem þeir verða aðnjótandi, ef þeir komast inn undir þessi l., hlunnindi, sem að mínu áliti enginn borgari á að verða aðnjótandi, nema allir viti, að það sé verið að gefa honum, að hann sé að þiggja gjöf frá ríkissjóði og hann sé verðugur þeirrar gjafar.

En með þessum l. er verið að reyna að draga dul yfir það, að hér sé verið að gefa fáum mönnum hlunnindi, sem ekki geta allir fengið að njóta, og því verra verður þetta, sem þeir eru betur efnum búnir og þurftarfrekari, sem hlunnindanna ætla sér að njóta, og sérstaklega fyndist mér það óviðeigandi, að þingið og ríkissjóður fari að hjálpa þeim til að byggja yfir sig dýr og vönduð hús, sem alls ekki þurfa á slíkri hjálp að halda.

Ég sagði við 1. umr., að þetta væri ekki rétt braut, sem hér væri komið inn á, og spurði, hvort nú væri meining löggjafarvaldsins að hætta að aðstoða þá, sem þurfa að fá fasteignalán í gegnum veðdeildina, en taka upp fyrir þá, sem lakar eru settir, fyrirkomulag eins og nú er á samvinnufélagi verkamannabústaðanna, og að þeir, sem betur eru settir, geti komið undir ákvæði byggingarsamvinnufélaga. Þetta hvorttveggja gæti verið gott, ef í nægilega stórum mæli væri framboðið af ríkissjóði og þingi. Þá játa ég, að ekki væri þörf fyrir veðdeildina. Og ég spurði þess vegna, hvort meiningin væri að loka fyrir veðdeildina, hætta að aðstoða gegnum hana, þar sem allir eru jafnfrjálsir að fá sín fasteignalán, en taka upp þetta í staðinn. Ég held, að þetta sé varhugaverð leið, og þess vegna tók ég til máls og benti á þetta.

**Tryggvi Þórhallsson:** Ég vildi segja nokkur orð út af þeirri bendingu, sem hæstv. ráðh. (ÞBr) kom með um það, að það þyrfti að setja eitthvert hámark í sambandi við breytingar á l., sem hér eru á ferðinni, og vil ég undirstrika það frekar, sem hæstv. ráðh. lét koma fram, og teldi ég jafnvel ástæðu til, að það kæmi fram annað hámark og víðtækara en hæstv. ráðh. benti á, þar sem hann talaði um að setja hámark að því er snertir rúmtak íbúðanna, miðað við 500 tenm.

Það verður að vera hugsunin með löggjöfinni, að ekki verði veitt sérstök hjálp þeim, sem ekki þurfa á hjálp að halda. Ég vil minnast á hliðstæð dæmi, þar sem ríkissjóður veitir aðstoð til að reisa hús. Ég hefi á hendi sem starfsmaður Búnaðarbankans framkvæmdir á l. um byggingar- og landnámssjóð. Hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir því, að þessar hámarksíbúðir kostuðu 22 þús. kr. í Rvík. Ég vil nú segja þessu til samanburðar, að það hefir verið tekin ákvörðun af stjórn byggingar- og landnámssjóðs, að hámarkslán til húss sé 6 þús. kr. Ég álít, að ráðstafanir til að styrkja byggingar megi ekki verða til þess að halda uppi óeðlilega háu verðlagi. Ég vil þess vegna leyfa mér að skjóta þeirri spurningu til n., hvort hún fallist ekki á, að jafnframt þessum breyt. á l. sé sett hámark, og ég fyrir mitt leyti álít, að það hámark að því er fjárhæð snertir eigi að vera töluvert lægra en það, sem hæstv. ráðh. benti á. Meðan ríkið veitir ekki nema 6 þús. kr. á hús út til sveitanna, þá álít ég ekki koma til mála, að íbúðum í kaupstöðum, sem reistar eru af þessu félagi, séu veittar ferfalt til fimmfalt hærri upphæðir. Ég get nefnt annað dæmi, og það eru prestssetrin. Hámarksupphæðin, sem ríkið veitir til þeirra, er 12 þús. kr.

Ég óska, að n. taki þetta til athugunar, og vona, að hún geti komið með till. um þetta.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég skal ekki lengja umr. mikið. Hv. 4. þm. Reykv. viðurkenndi, að það væri ekki um beinan styrk að ræða úr ríkissjóði til byggingarsamvinnufélaga, en hann var að tala um, að hér væri að ræða um fjárstyrk, sem kæmi eftir á, að ríkissjóði yrði að blæða vegna ábyrgðanna, sem hann tæki á sig vegna byggingarsamvinnufélaganna. Ég benti á í ræðu minni áðan, að hér væri svo tryggilega frá gengið, að lítil hætta mundi á því vera, og hv. þm. (PHalld) benti ekki á neitt atriði í l. til þess að hrekja, að svo væri, enda er ekki neitt, sem gæti bent til þess, að um hættu væri að ræða fram yfir ábyrgðir ríkissjóðs vegna veðdeildar og annara fasteignalána.

Ég hygg líka hæpið að benda á það, þar sem aldrei má veðsetja eign fyrir meira en 80% af kostnaðarverði hennar, að það muni vera um mikla hættu að ræða hvað það atriði snertir.

Það er nú ekki svo, eins og hv. þm. virtist halda fram, að hér væri allt opið fyrir félagsmenn og að þeir séu eftirlitslausir um þær byggingar, sem þeir reisa. Það er síður en svo. Atvmrh. verður að samþ. byggingauppdrætti, sem byggja á eftir. Ráðh. á og að leggja samþykki sitt á, hvar húsin skuli reist, og yfirleitt hafa öruggt eftirlit um allt, er byggingar þessar snertir.

Hv. þm. áleit, að það kæmi málinu ekki við, sem ég hafði haldið fram, að það væri nokkurs virði, að vissa væri fyrir því, að þeir, sem byggðu, hefðu eitthvað sjálfir fram að leggja. Ég álít það mjög mikils virði. Mér er sagt af kunnugum mönnum hér í Rvík, að það sé alsiða, að þeir, sem byggja og fá lán í veðdeild, verði að fá afganginn í einhverskonar okurstofnunum hjá einstökum mönnum. Lánin verða óeðlilega dýr, jafnvel mun ekki einsdæmi að menn verði að greiða 50% eða meira í afföll og vexti af slíkum lánum. Afleiðingin af þessu verður sú, að húsin verða óeðlilega dýr. Ég held því fram, að mjög mikið öryggi sé í því fólgið, að þeir, sem byggja, geti sjálfir lagt fram nokkurn hluta af stofnkostnaði og losni á þann hátt við að lenda í klóm okrara, sem þeir seint eða aldrei losna úr aftur. Ég sagði aldrei, að veðdeildin lánaði einungis út á gamla húsaskrokka, eins og hv. þm. hafði eftir mér. **(PHalld:** Ég viðhafði ekki þessi orð). Ég sagði aðeins, að hún myndi m. a. lána út á gömul hús og hús, sem búið væri að sprengja upp úr öllu eðlilegu verði. Tel ég það ekki hlutverk veðdeildar að lána út á gömul hús, aðeins til þess að hækka þau í verði fram yfir það, sem eðlilegt er. Ég hygg, að það megi færa sönnur á, að þetta sé rétt. Eftir þessa ræðu hv. 4. þm. Reykv. sannfærðist ég um það, að hann mundi ekki hafa fundið snögga bletti á þessari löggjöf, því aðfinnslur hans voru næsta léttvægar.

Út af því, sem hv. þm. Str. sagði, þá skal ég játa, að það er rétt hugsun, sem kemur þar fram, að ríkissjóður ábyrgist aðeins takmarkaða fjárhæð til þess að

reisa ódýr en hentug hús. En vitanlega má ekki í því efni eingöngu miða við byggingar í sveitum. Það er ekki til neins að ganga framhjá því, að byggingarkostnaður verður hér í Rvík alltaf meiri. Ég er hinsvegar fús til að athuga, hvort ekki ætti að setja hámark um ábyrgð ríkissjóðs til hverrar íbúðar. En ég hygg, að það, sem hæstv. atvmrh. heldur fram, að ákveða rúmtak í byggingum, verði það, sem miða verður við í þessu efni. Hvað það snertir, sem hv. 4. þm. Reykv. heldur fram, að hér sé svo miklu lengra gengið heldur en með veðdeildarábyrgð, þá má ekki miða við það, að veðdeildin lánar út á 40% af matsverði, en byggingarsamvinnufélögin 80% af kostnaðarverði. Hlutföll milli kostnaðarverðs og matsverðs munu vera mjög breytileg á ýmsum tímum og standa í sambandi við verðsveiflur og verðlagsbreytingar. Á undanförnum árum hefir matsverð bygginga stundum verið margfalt á við kostnaðarverð. Þess vegna mun það svo, að oft er lánað úr veðdeild hlutfallslega á móts við það, sem til er ætlazt, að ábyrgð ríkissjóðs nái til í byggingarsamvinnufélögunum, og stundum meira.

Þetta átti nú ekki að vera nema stutt aths., og ég sé heldur ekki ástæðu til að fara frekar út í þau ummæli, sem fram hafa komið við þessa umr. Að því leyti hafa þessar aðfinnslur hv. 4. þm. Reykv. verið óþarfar, að það var einmitt meining n. að hafa hámark á stærð þessara bygginga, og að því leyti erum við sammála. En það er þá hitt, sem má deila um, hvar það hámark eigi að vera, hvort eigi að miða við fjögurra herbergja íbúð eða hvort eigi að ákveða ákveðið rúmtak, eins og hæstv. ráðh. benti á. Þetta er hlutur, sem hægt er að ræða um. En það er enginn meiningarmunur um það, að það eigi að setja eitthvert hámark á slíkar byggingar.

**Jón Auðunn Jónsson:** Út af því, sem hv. frsm. hélt fram, að hér væri ekki um áhættu að ræða fyrir ríkissjóð, þá vildi ég segja það, að öllum er vitanlegt, að hús, sem byggð voru fyrir 6—7 árum, eru ekki seljanleg nú fyrir 75% af byggingarkostnaði. Ég get t. d. bent á hús, sem byggt var fyrir 11 þús. kr. lán úr byggingar- og landnámssjóði, var veðsett með fyrsta veðrétti og maðurinn varð að borga yfir 5 þús. kr. úr eigin vasa til þess að koma húsinu upp. Byggingarkostnaðurinn varð því í raun og veru 16 þús. kr., það er ekki hægt nú að selja þessa jörð með húsinu fyrir 11 þús. kr., m. ö. o., þó að jörðin sjálf væri gefin, þá er ekki hægt að selja hana fyrir meira, með húsinu, en sem svarar 60% af byggingarkostnaði hússins.

Hv. frsm. minntist á veðdeildina, og það er auðséð, að hann er mjög ókunnugur starfsemi hennar. Hann sagði, að þar væri ekki lánað meira en 40% af virðingarverði, en þó væri lánið stundum eins hátt og allur byggingarkostnaður hefði verið. En það er nú svo í veðdeildinni, að þar eru fastar reglur bundnar við stærð húsanna og ásigkomulag, svo og á hvaða stað þau standa. Sérfróðir menn fara yfir allar virðingar, sem lán eru veitt út á, og er ekkert tillit tekið til virðingarfjárhæðarinnar, ef það er ekki í samræmi við álit hinna sérfróðu manna. Það er því tryggt, að veðdeildin lánar aldrei meira en eignin er auðseljanleg fyrir, enda hefir hún aldrei tapað á lánum. Ég hefi oft séð, að veðdeildin hefir lánað aðeins 20% af virðingarverði, og stundum minna. Fagmenn eru látnir yfirfara virðinguna, og þegar þeir sjá, hvað húsin eru stór, hvaða efni er í þeim og hvernig viðhaldið er, þá færa þeir virðingarverðið niður. Það er ekki kontrollaust lánað 40% af virðingarverði, síður en svo.

Það gladdi mig, sem hv. þm. Str. sagði, að stjórn byggingar- og landnámssjóðs hefði tekið þá ákvörðun að lána ekki meira en 6 þús. kr. til íbúðarhúsbygginga í sveitum. Það hefir satt að segja mörgum bændum verið til bölvunar, að þeir hafa getað fengið há lán og þeim fyrirskipað að byggja stærra og dýrara en þörf þeirra krafði og þeir höfðu getu til að ávaxta.

Hv. frsm. virðist alltaf miða við krónuupphæð og segir, að það sé jafnvel lánað meira út á gömul hús en þau kostuðu. Hv. þm. gleymir því, að hús, sem reist voru fyrir verðfall krónunnar, kostuðu helmingi meira að krónutali en nú. Það eru engin rök, að segja, að t. d. hús, sem

kostaði 12 þús. kr. fyrir stríð, eða 1916—1917, það sé uppsprengt verð, þó að það sé nú selt fyrir 20 þús. kr. Það má ekki miða eingöngu við pappírspeninga, þegar um fasteignir er að ræða, heldur verður að miða við einhvern ákveðinn hlut, eins og t. d. gullkrónu.

Ég held, að ríkissjóður ætti sérstaklega að styrkja þá, sem erfiðast eiga og verða að sætta sig við alveg ófullnægjandi og kannske heilsuspillandi íbúðir, en ekki færa hámarkið upp, til þess að þeir, sem betri getu hafa, geti notið þessara hlunninda, sem vissulega geta orðið og sennilega verða til talsverðra fjárútláta fyrir ríkissjóð.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki vera langorður og ekki heldur fara út í undirstöðuatriði, sem ræða má mikið um í þessu sambandi, hvort það princip, sem þessi löggjöf byggist á, sé rétt eða rangt.

En þar sem hv. frsm. talaði um, að mikil trygging lægi í því fyrir ríkissjóð, að ráðh. er ætlað að líta eftir þessu, þá verð ég að segja fyrir mitt leyti, að mér finnst sú trygging vera sáralítil, því að ráðh. hefir sáralítil völd samkv. þessum lögum. Það mun koma í ljós, þegar farið verður að framkvæma þessi lög. Ráðh. er skyldugur til að staðfesta félagið og gera það löglegt, ef 15 menn óska að njóta þessara kjara, og hann er skyldugur til að taka ábyrgðarlán fyrir þessa menn. Hann hefir bara dálítið vald til þess að skipta sér af, hvaða fjárhæð hvert skuldabréf, sem gefið er út, hljóðar upp á, en hann ræður ekki, hvort það er í ísl. kr. eða erlendri mynt. Honum er skylt að láta gera fyrirmyndaruppdrætti að slíkum húsum, og hann má neita að samþ. lóðir, ef honum lízt ekki á þær, og svo skipar hann endurskoðanda félagsins. Ég fæ ekki séð, að vald hans sé mikið meira en þetta. Mér virðist hann vera alveg á valdi þessa félagsskapar, þegar hann er stofnaður, um margt og mikið, og næstum því allt, sem félagsskapurinn vill samkvæmt þessum lögum. Hv. frsm. sagði, að engin áhætta stafaði af þessum 80%, og mér finnst hann leggja mikið upp úr því, að enginn megi fá veð á eftir. Ég get ekki skilið, að hann haldi því fram í alvöru til lengdar, að það hafi veruleg áhrif á ábyrgð ríkissjóðs, hvort einhver á veðskuld á eftir. (StgrS: Félagið hefir sameiginlega ábyrgð). Það er alltaf svo, þegar veðskuldir hvíla á hver á eftir annari, að þá hefir sá, sem á fyrri veðskuldina, betri tryggingu en sá, sem á síðari veðskuldina.

Mig langar til að spyrja hv. frsm. að einu. Hann segir, að af þessum 80% stafi engin áhætta. Getum við þá ekki verið sammála um að hækka heimildina um veðdeildarlán og láta það duga? Við skulum segja t. d. að hækka heimildina upp í 60%. Ef engin áhætta fylgir 80%, þá ætti lítil áhætta að stafa af 60%.

Ég held, að það sé betri aðferð til þess að styrkja menn í þessu efni en slík löggjöf, sem hér er um að ræða, ef hægt væri að hækka veðdeildarlánin. Ég skil heldur ekki, þegar hv. frsm. er að tala um, að veðdeildin láni út á hús, sem búið er að sprengja upp úr öllu valdi, því hún tekur ekkert tillit til þess, hvað húsin eru sprengd upp; þar kemur aðeins til greina mat veðdeildarinnar.

Ég vil benda á það, að hv. frsm. sagði, að hér væri kostnaðarverð látið ráða, en ekki matsverð. En í þessu tilfelli er það oftast nær það sama, svo að slíkt getur aðeins munað mjög litlu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 135 tekin aftur.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr. felld með 11:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JónasÞ, LH, MG, StgrS, SvÓ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, HStef.

nei: HJ, HV, IngB, JAJ, JÓl, ÓTh, PHalld, TrÞ, BSt, BKr, JörB.

SvbH, GÍ greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (HG, MJ, PO, BÁ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 173, 214, 221).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Hæstv. atvmrh. óskaði eftir því við 2. umr. málsins, að allshn. tæki til athugunar, hvort ekki væri hægt að takmarka stærð íbúðanna við rúmtak í stað herbergjafjölda, eins og var í l. frá í fyrra. N. hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta mundi vera rétt og hæfileg stærð á þessum grundvelli mundi vera 500 tenm. fyrir hverja íbúð, eða þá hvert hús, ef byggt er í smábyggingum. Samkvæmt þessu leggur n. til, að sett verði sú hámarksstærð íbúða í hús, sem reist eru eftir þessum l. Hv. þm. Str. hefir flutt brtt. á þskj. 221 viðvíkjandi þessu atriði, og ætla ég ekki að koma inn á efni hennar fyrr en hv. flm. hefir mælt fyrir henni. Þetta var rætt rækilega við 2. umr., og því ekki ástæða til að fjölyrða um það nú.

**Tryggvi Þórhallsson:** Það er í beinu framhaldi af því, sem ég kom að við 2. umr. málsins, að ég hefi borið fram brtt. á þskj. 221. Ég lít svo á, að brtt. n. á þskj. 214, sem flutt er samkv. tilmælum hæstv. atvmrh., sé til bóta, þar sem rúmtak íbúða er ákveðið 500 tenm., en ég lít svo á, að þar að auki beri að ákveða þá hámarksupphæð, sem ríkið komi til með að ábyrgjast fyrir hverja íbúð. Ég hefi nefnt hér 15000 kr., og það þýddi, að hámarkskostnaður við hverja íbúð mætti verða 18000 kr. Til samanburðar má geta þess, að eftir upplýsingum um verkamannabústaðina, þá hafa stærri íbúðirnar kostað 11600 kr., en þær smærri 8400 kr. Ég vil þess vegna líta svo á, að það sé mjög ríflega til tekið hámarkið, sem ég hefi borið fram í minni till., og ég get fallizt á að hafa það hámark nokkuð þrengra, því að ég lít svo á, að ekki komi til greina, að ríkið fari að ábyrgjast í stórum stíl íbúðir fyrir menn, sem hafa ráð á því að reisa dýrari hús en hér er gert ráð fyrir. Ég bar þetta undir hv. frsm., og geri ég ekki ráð fyrir, að lagt verði á móti till. úr þeirri átt.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Það er eins og hv. þm. Str. sagði, að hann minntist á þetta við mig áður en till. kom fram, og ég hefi ekkert á móti því, en held, að hún sé til bóta að því leyti, að þar sem ábyrgðin er miðuð við þetta hámark, hlýtur hún að verða spori á þá, sem að þessu standa, og stuðlar að því, að verðið fari ekki langt fram úr þessu. Það er aðeins óvissan um verðgildi peninganna, sem gæti gert það varhugavert að samþ. eitthvað ákveðið, sem gæti svo reynzt of hátt eða lágt, ef verðgildi breyttist mikið frá því, sem nú er. En þetta eru þó ekki fullgild mótmæli, því að hámarkinu má alltaf breyta. Ég get tekið það fram, að byggingarfræðingar, sem ég hefi leitað álits hjá um þetta efni, telja, að hægt sé að byggja 500 tenm. íbúð fyrir 15—18 þús. kr., og nokkuð minna, ef um stórar sambyggingar væri að ræða, svo að þetta kemur mjög vel heim við hámark rúmmálsins. Allshn. hefir ekki athugað till., en ég fyrir mitt leyti leyfi mér að mæla með henni.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil þakka hv. allshn. fyrir, að hún hefir tekið þetta atriði til athugunar og komið fram með þessa till. Ég tel hana til mikilla bóta og nauðsynlega til tryggingar því, að ekki verði veitt ríkisábyrgð fyrir íbúðum, sem fara fram úr því, sem talizt geta hæfilegar meðalíbúðir. Ég get líka verið samþykkur till. hv. þm. Str. um hámark að því er verðið snertir. Ég tel þetta hvorttveggja til tryggingar því, að l. verði ekki misnotuð. Leyfi ég mér að mæla með því, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.
Brtt. 214 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 221 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 33. fundi í Ed., 24. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 238).

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Þetta frv. hefir nú gengið gegnum hv. Nd. og verið samþ. þar með örfáum breyt.

Frv. er borið fram vegna þess, að þegar l. frá síðasta þingi um byggingarsam-

vinnufélög áttu að koma í framkvæmd, reyndust nokkur ákvæði þar ekki svo heppileg sem skyldi, sérstaklega þó þau ákvæði, að öll lán, sem slík félög tækju, skyldu teljast í einum flokki. Þetta þótti varhugavert vegna þess, að þá þóttu litlar tryggingar fyrir því, að þessi félög næðu nokkrum þroska, heldur þvert á móti gætu þessi ákvæði leitt til þess, að þegar slíkt félag væri búið að taka lán, þá mundi það loka að sér og ekki kæra sig um að taka á sig sameiginlega ábyrgð fyrir þá, er síðar vildu koma. Ennfremur er svo ákveðið í þessum l., að ábyrgðin sé sameiginleg, bæði fyrir þá, sem þegar hafa fengið lán fyrir stuðning félagsins, og einnig fyrir þá, sem ekki enn hafa fengið slík lán. Þetta þykir munu valda misræmi og óánægju meðal félagsmanna innbyrðis, er félagshlunnindi og félagsskyldur fylgjast eigi að. Þess vegna er nú farið fram á þá breyt. í þessu frv., að í hvert skipti, sem slíkt samvinnubyggingarfélag tekur lán til starfsemi sinnar, skuli það teljast einn lánsflokkur með samábyrgð allra félagsmanna, sem lán fá úr þeim flokki, en ekki samábyrgð allra félagsmanna, hvort sem þeir eru þegar farnir að njóta félagshlunninda eða ekki, eins og nú er í lögum. Jafnframt er það ákvæði sett í frv., að ekki megi vera færri menn en 15 í hverjum flokki, og á það ákvæði að veita sömu tryggingu og það ákvæði, sem er í núgildandi l., að ekki þurfi nema 15 menn til að stofna samvinnubyggingarfélag. Ennfremur eru hér nokkrar smærri breyt., svo sem að leita skuli staðfestingar atvmrn. á samþykktum hvers félags. Árlegt gjald í hverju félagi er ekki fastákveðið eftir þessu frv., heldur gerir hvert félag samþykktir um það efni fyrir sig. Það getur verið mismunandi, hvað gjöldin eiga að vera há í einstökum félögum, og því erfitt að fastákveða það í l. áður en reynsla er fengin.

Þá er og sú breyt. í þessu frv., sem á að tryggja það, að félögin byggi ekki dýrar og stórar íbúðir, þar sem tiltekið er, að rúmmál hverrar íbúðar skuli ekki vera meira en 500 teningsmetrar. Ennfremur er það tiltekið, hvað 1. veðréttur ásamt ríkisábyrgð megi nema miklu fyrir hverja íbúð. Er svo til ætlazt, að þessi ákvæði komi í veg fyrir misnotkun á þeim hlunnindum, sem l. veita hlutaðeigendum.

Ég legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 238, n. 438).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Við 1. umr. málsins hér í deildinni gerði hæstv. atvmrh. grein fyrir þeim breyt., sem frv. þessu er ætlað að gera á gildandi lögum um byggingarsamvinnufélög. Sé ég því ekki ástæðu til að endurtaka það nú.

Allshn. hefir haft frv. til athugunar og orðið sammála um að leggja til, að það nái fram að ganga. Hún ber þó fram eina brtt. við 3. gr. þess. Eins og gr. nú er orðuð liggur næst að skilja hana á þann veg, að ríkissjóður skilmálalaust skuli bera ábyrgð á þeim lánum, er byggingarsamvinnufélag tekur. N. telur hinsvegar sjálfsagt, að það sé komið undir áliti fjmrh. í hvert sinn, hvort rétt sé, að ríkið taki ábyrgð á slíkum lánum, og hefir því lagt til, að frvgr. verði breytt í það horf. Með þessari einu breyt. vil ég fyrir h. n. leggja til., að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 438 samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 478).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 61. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 478).

Á 63. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 516).

## 16. Stjórn vitamála og vitabyggingar.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um stjórn vitamála og um vitabyggingar** (stjfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Sjútvn. Nd. flutti tillögu á þinginu 1930 um, að skipuð væri nefnd til þess að athuga vitamálin. Í samræmi við þetta var svo nefnd skipuð í þessi mál, og mun hún hafa afhent sjútvn. tillögur sínar í frumvarpsformi. Sjútvn. Nd. flutti síðan á vetrarþinginu 1931 frv., sem dagaði þá uppi vegna þingrofsins. Á sumarþinginu 1931 eða þinginu í fyrra var frv. ekki flutt, en stj. hefir nú þótt ástæða til að flytja frv. að nýju.

Þegar sjútvn. flutti þetta mál 1931, mun hún hafa breytt nokkuð frv. því, sem henni hafði verið afhent. Það frv., sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir frv. sjútvn., en þó eru breyt. gerðar á fáeinum atriðum, og er gerð grein fyrir þessu í aths. við frv.

Frv. þetta má kalla starfsáætlun í vitamálunum. Sumum kynni þá að virðast, að á tímum eins og nú standa yfir sé til lítils að gera slíkt, en með talsverðum rétti má segja, að einmitt þessir tímar eigi að notast til þess að leggja niður fyrir sér, hvað gera á þegar rofar til. Annars er það vitaskuld, að um framkvæmdir í þessum efnum verður ekkert gert nema þingið ákveði.

Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 177, 215).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Tildrög þessa frv. eru rakin í aths. þeim, er því fylgja. Það er hliðstætt l. um vega- og brúamál, og held ég, að enginn ágreiningur verði um það, að rétt sé að setja slík l. Sjútvn. hefir athugað frv. og þau rök, sem fram hafa komið á Alþ. í þessu máli, og er niðurstaðan sú, að n. leggur til, að upp í frv. verði teknar tvær eða þrjár greinar úr frv. því, sem sjútvn. Nd. flutti á þinginu 1931 um þessi mál.

Ástæðan til þess, að n. vill bæta þessum atriðum inn í frv., er fyrst og fremst sú, að hún telur þessa viðauka vera til bóta, og í annan máta telur hún líklegra, að frv. nái frekar fram að ganga með þeim en án, sökum þess að hv. sjútvn. Nd. lagði allmikla áherzlu einmitt á þessi atriði á þinginu 1931. — Ég vil þá víkja nokkrum orðum að brtt. n., sem eru fjórar. 1. brtt. fer fram á, að upp í frv. verði tekin ný grein, sem að efni til er shlj. grein, sem var í frv. sjútvn. Nd. 1931. Efni hennar er það, að vitamálastjóri geri árlega í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og forseta Fiskifélags Íslands, tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála næstkomandi ár.

Það vakti fyrir n., að þótt hún vilji á engan hátt gera lítið úr trausti því, sem vitamálastjóra er sýnt, þá verði að líta svo á, að varla sé hægt að búast við því, að hann sé svo kunnugur staðháttum alstaðar á landinu, að ekki sé tryggara, að ráða fleiri manna njóti við. Þetta tefur ekkert störf vitamálastjóra, en er öruggara fyrirkomulag, sem tryggir það betur en áður hefir verið, að raddir fólksins utan af landi verði teknar til greina. N. vonar, að þessi brtt. mæti engri mótspyrnu, því að hún felur ekki neinn kostnað í sér.

2. brtt. fer líka fram á það, að tekin verði upp í frv. grein úr frv. sjútvn. Nd. frá 1931, og hljóðar hún svo:

„Verja skal árlega, ef ástæður ríkis-

sjóðs leyfa, álíka upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu vita þeirra, er ræðir um í 9. gr., ennfremur ef þurfa þykir til sjómerkja, sbr. 11. gr.“.

Það er ekki ástæðulaust að fá þessa grein inn í l. Aðalástæða n. var sú, að nokkurrar óánægju hefir orðið vart, bæði meðal íslenzkra og erlendra sjómanna, um það, að vitagjaldið væri of hátt. En þegar bent hefir verið á, hvað mikið hefir verið unnið að vitamálum síðustu áratugina, og hvað þörfin sé brýn á áframhaldandi starfi á þessu sviði, og að vitagjaldinu sé eingöngu varið til vitamála, hefir dregið úr þessari óánægju. N. álítur ekki rétt, að þetta gjald renni beint í ríkissjóð, því að þá er ekki hægt að benda á, að það renni beint til vitamála. En n. fellst á það, að nauðsynlegt sé að veita undantekningar frá þessari reglu, og því hefir n. bætt inn í þessa grein úr frv. frá 1931 orðunum: „ef ástæður ríkissjóðs leyfa“. Er það gert með hliðsjón af núv. ástandi, og taldi n. það vítalaust, þó að stj. sæi sér ekki fært á eins erfiðum tímum og nú eru að nota allt vitagjaldið til vitamála, og vonar hún, að með þessu hafi hún gert frv. svo úr garði, að stj. megi við una og sjái ekki ástæðu til þess að leggjast á móti þessari brtt.

3. brtt. er um það, að inn í frv. verði bætt einum nýjum vita, að Loftsstaðahól. Er það gert samkv. bendingu frá hv. 2. þm. Árn. og óskum þaðan að austan. Ég held, að menn muni verða á eitt sáttir um þessa brtt., því að á þessu svæði er þörf miklu meiri lýsingar en þar er nú. Í handriti n. var fyrir aftan orðið Loftsstaðahól langt band, sem átti að merkja ljósvita. Þetta hefir fallið úr í prentuninni, en mun verða sett inn við endurprentun frv., því að það var meining n., að þarna yrði settur ljósviti.

4. brtt. er eins og 1. og 2. brtt. tekin upp úr frv. frá 1931. Efni hennar er á þá leið, að eftir till. vitamálastjóra geti ráðh., eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis. Þetta held ég, að sé tvímælalaust til bóta.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. N. leggur mikla áherzlu á, að það nái fram að ganga og hefir hagað brtt. sínum eftir því.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það er rétt, sem hv. frsm. n. tók fram, að stj. hefir ekki ástæðu til þess að vera á móti brtt. hennar. En ég vil út af orðalagi 1. brtt. benda á, að þegar talað er um „till. og áætlanir um fjárveitingu úr ríkissjóði til vitamála næstkomandi ár“, getur þetta „næstkomandi ár“ ekki staðizt. Undirbúningur fjárl. er alltaf byrjaður fyrir nýár ári áður, svo að byrjað er á fjárl. fyrir 1934 á árinu 1932. Ég veit, að hv. n. muni verða fús á að orða þetta öðruvísi, og mætti t. d. taka till. aftur til 3. umr.

Ég skil þá tilfinningu hjá hv. sjútvn., að hún vilji láta sem mest af vitagjaldinu renna til vitamála aftur. Það er rétt, að þetta gjald á ekki að vera skattur til ríkissjóðs, en það hefir verið svo undanfarin ár, að meira hefir verið innheimt af vitagjaldi en eytt hefir verið til vitamála, og það hlýtur að verða svo enn um sinn. En annars vil ég þakka hv. N. góða afgreiðslu þessa máls.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Aths. hæstv. ráðh. um 1. brtt. er fullkomlega réttmæt. Þó tel ég óþarft að taka till. aftur, en n. mun milli umr. athuga þær nauðsynlegu breyt. á orðalagi, sem gera þarf.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. n., hvort ákvæðið í 2. gr. um skipun vitamálastjóra sé ekki nýtt, eða hvort þessi embættismaður sé nú skipaður af konungi. Hvað snertir brtt. n., þá hygg ég, að þær séu heldur til bóta. Þær eru í þeim anda, sem verið hefir hér uppi í þinginu, um það, að verja sem mestu af vitagjaldinu til byggingar og viðhalds á vitum. Þó er í brtt. sleginn sá varnagli, sem mun gera lítið úr þessu í framkvæmdinni, en það eru orðin „ef ástæður ríkissjóðs leyfa“. Viðvíkjandi afgreiðslu 1. till. finnst mér óviðkunnanlegt að samþ. hana eftir að búið er að benda á, að hún geti tæplega staðizt hvað orðalag snertir. Mér fyndist eðlilegast, að málið væri tekið af dagskrá, eða a. m.

k. að till. væri tekin aftur til 3. umr., svo að n. geti athugað þetta betur.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Út af spurningu hv. 2. landsk. um ákvæði 2. gr. um skipun vitamálastjóra, þá get ég svarað því, að ég veit ekki betur en að þetta ákvæði sé nýtt. En skipun ýmsra hliðstæðra starfsmanna ríkisins er í höndum konungs, og n. sá ekki ástæðu til annars en að þessi starfsmaður væri skipaður eins samræmis vegna.

Hvað snertir 1. gr., þá sé ég ekki ástæðu til þess að taka hana aftur, og sé ekkert athugavert við það, þó brtt. sé samþ. við 2. umr., og eitthvað þurfi að laga orðalag hennar síðar. En n. er áhugamál, að þessar brtt. komist inn í frv. Ég ætla, að það sé fullkomlega þinglegt, enda hygg ég, að fordæmi verði fundin fyrir því, að brtt. séu samþ. við 2. umr. og síðan athugað í n. til 3. umr., hvort ástæða sé til að bæta till. að einhverju leyti eða orða hana betur.

**Jakob Möller:** Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort hann mundi ekki geta skorið svo úr, að orðin „næstkomandi ár" í brtt. n. séu prentvilla, því að þótt svo sé ef til vill ekki beinlínis, þá er þó hér um „lapsus" að ræða, sem svo er kallað, og mega þessi orð að skaðlausu falla niður. Mætti þá lagfæra þetta í prentun.

**Jón Baldvinsson:** Það er eins og mönnum gleymist það í sambandi við þetta atriði, sem hér er um að ræða, að það er stj., sem eftir sem áður undirbýr fjárl., enda þótt samþykkt fjárl. sé á valdi Alþings, og það er lítill vafi á því, að stj. dregur úr þeim framkvæmdum, sem þingið þó ætlast til, að gerðar séu, einmitt með þessum röksemdum, sem koma fram í 2. brtt. n., að ástæður ríkissjóðs leyfi ekki framkvæmdirnar eins og standi. Það, sem ég hefi sagt um þetta atriði, er því allt rétt, og miða þessar till. að því að auka vald stj. í þessum efnum og gera vald hennar meira en vald þingsins.

Út af „prentvillunuum", sem upplýst er, að brtt. n. úa og grúa af, vildi ég beina því til hæstv. forseta, hvort hann gæti ekki fallizt á að taka málið af dagskrá nú, til þess að n. gæfist kostur á að leiðrétta þær. Þyrfti n. alls ekki að þykkjast af því, þótt henni væri gefinn kostur á þessu.

**Forseti (GÓ):** Út af ummælum hv. 2. landsk. vil ég lýsa yfir því, að ég mun ekki taka málið af dagskrá, nema n. sjálf óski eftir því, enda sýnist helzt til mikið fyrir því haft, ef fara á að taka málið af dagskrá nú, til þess að leiðrétta þessar tvær prentvillur, sem í nál. eru.

**Magnús Torfason:** Ég skal leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 177, þess efnis, að orðin „næstkomandi ár" falli niður. Orðin eru óþörf, hvað sem öðru líður, og ætti þessu mikla deilumáli hér í d. þá að geta verið lokið með þessu. (**JBald:** Setningin verður nokkuð snubbótt). Hún er góð og gild, og fallegri eftir en áður. — Að því er snertir bandið á eftir Loftsstaðahól, þá get ég borið um það eftir eigin sjón, að það stóð í handriti n. af brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá MT (sjá þskj. 215) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JónÞ, MT, PHerm, BSn, GL, HSteins, IP, JakM, JóhJ, GÓ.

nei: JónasJ, JBald.

EÁrna greiddi ekki atkv.

Einn þm. (PM) fjarstaddur.

3.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 215 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 177,1, svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.

— 177,2 samþ. með 8:3 atkv.

— 177,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 177,4 samþ. með 8:3 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 216, 228).

**Einar Árnason:** Í 1. gr. er tekið fram, að ráðh. hafi yfirstjórn allra vitamála á hendi, og er sú stjórn bundin við lög á hverjum tíma. En þar sem ráðh. ber alla ábyrgð á vitamálunum, er eðlilegt, að hann sé að öllu leyti óbundinn í úrskurðum sínum um vitamál. En mér virðist mega skilja orðalag frv. á tveim stöðum þannig, að ráðh. geti ef til vill ekki alltaf að fullu komið vilja sínum fram, heldur hafi vitamálastjóri meiri ráð. Ég geri ekki ráð fyrir, að árekstrar milli þessara manna muni eiga sér stað að öllum jafnaði, en þó hefir mér þótt rétt að breyta því orðalagi 6. gr., að ráðh. skipi vitaverði „eftir tillögum" vitamálastjóra, og komi í stað þess að fengnum tillögum. Eins og orðalagið er nú, er ráðh. bundinn við till. vitamálastjóra. En sé sú tilætlun, eins og ég býst við að sé, að ráðh. hafi hér óbundnar hendur sem yfirmaður vitamálanna, tel ég rétt að orða þetta þannig, að það orki ekki tvímælis. Ennfremur legg ég til, að samskonar orðalagi síðar í frv. sé breytt á sama hátt. Vænti ég þess, að hv. deild fallizt á þessar breyt.

**Jakob Möller:** Ég verð að telja, að orðalag frv. sé heppilegra en orðalag brtt. Ég held, að enginn vafi getið leikið á, að heppilegast sé að vitamálastjóri ráði vitaverðina og beri ábyrgð á þeim, þar sem hann hefir miklu betri aðstöðu en ráðh. til að meta hæfileika þeirra. Ef svo vill til hinsvegar, að ráðh. sé kunnugur í þessum efnum, er enginn vafi á því, að hann getur haft áhrif á veitinguna. Ráðh. yrði einnig þægilegra, að vitamálastjóri réði vitaverðina, því að með þeim hætti væri hann leystur undan allskonar kvabbi.

**Einar Árnason:** Ég geri nú ekki ráð fyrir, að þau dæmi yrðu mörg, þar sem ágreiningur yrði milli ráðh. og vitamálastjóra. Þó getur slíkt komið fyrir, og þá finnst mér eðlilegt, að sá maður, sem hefir yfirstjórn vitamálanna, hafi þar æðsta úrskurðarvald. Hann ber ábyrgðina, og því er ekki rétt, að hann geti velt henni yfir á vitamálastjóra, ef illa tekst um val á vitaverði. Annars mun ráðh. venjulega hafa það traust á þeim mönnum, sem vitamálastjóri bendir á, að hann geti vísað frá sér öllu kvabbi. Þótt úrskurðarvaldið sé í höndum ráðh., yrði hitt vitanlega aðalreglan, að farið yrði eftir till. vitamálastjóra. Má benda á margt hliðstætt, og með þessum brtt. er ekki verið að gefa í skyn, að forstöðumaðurinn sé ekki fullkomlega trúverðugur.

**Jakob Möller:** Það er misskilningur, að ráðh. geti afsakað sig, ef illa tekst um val á vitaverði hjá vitamálastjóra, þar sem ráðh. er yfirmaður hans. Hinsvegar stendur ráðh. mjög illa að vígi gagnvart vitamálastjóra, ef maður, sem hann ræður sjálfur, reynist illa. Vitamálastjóri á að bera ábyrgð gagnvart ráðh. (**JónÞ:** Ætli ráðh. eigi ekki að ráða vegaverkstjórana líka?).

ATKVGR.
Brtt. 228,1 samþ. með 7:5 atkv.
— 228,2 samþ. með 7:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JónJ, MT, PHerm, PM, BSn, EÁrna, HSteins, GÓ.
**nei:** JakM, JBald, JónÞ, JónasJ, GL.
Einn þm. (IP) fjarstaddur.
Frv. afgr. til Nd.

---

Á 36. fundi í Nd., 25. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 239).

Á 37. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 28. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta mál er hingað komið frá hv. Ed., og fékk það þar greiðan framgang. Það mætti e. t. v. segja, að á tíma eins og þessum sé næsta undarlegt að vera að samþ. lagabálk eins og þennan, sem fjallar m. a. um vita, sem eftir er að byggja. En það er nú einmitt svo, að á tímum eins og þeim, sem nú eru, er mikið vit í því að búa til starfsáætlanir fyrir betri tíma. Og sú er meiningin með þessu frv., sem þó ekki er nýr gestur hér. Það hefir komið til umr. á Alþingi áður og fengið góðar viðtökur. Man ég ekki betur en

búið væri að samþ. það í þessari hv. d. 1931 í svipuðu formi eins og það nú er flutt í.

Legg ég svo til, að málinu verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 239, 292, n. 353).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** N. hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Hún hefir athugað um alla þá vita, sem þarna eru samþ., og eftir því, sem henni virðist, mun hafa verið tekið tillit til hinna helztu þarfa um vitabyggingar og sömuleiðis hins, sem búast má við, að hægt verði að framkvæma á næstu árum.

Það komu fram raddir innan n. um það, að þörf væri að auka við vitum á stöku stöðum fram yfir það, sem frv. gerir ráð fyrir. N. mun taka þetta til athugunar, ef till. koma frá þeim dm. um þetta við 3. umr., sem sérstaka staðþekkingu hafa á einstökum stöðum. Fyrr sá n. ekki ástæðu til að gera sérstakar till. um þetta.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég varð þess ekki var, að hv. frsm. nefndi brtt. á þskj. 292, um það, að í upptalningu í 9. gr., á eftir „Glettinganesi .... hljóðviti" komi „Brimnesi við Seyðisfjörð .... ljósviti". Ég hygg, að það hafi verið aðgæzluleysi, þegar frv. var samið, að þessi viti var ekki talinn með. Það stendur nákvæmlega eins á þar og um vitann á Hellisnesi við Norðfjörð. Hvorirtveggja eru innfjarðavitar, en samt nokkuð notaðir af skipum, sem sigla með ströndum fram. Ég hefi rætt þetta við nokkra sjútvnm., og nefndu þeir helzt, að þetta yrði tekið með, enda hefir enginn móti því mælt. Ég hefi minnzt á þetta við vitamálastjóra, og hann áleit, að eins standi á um þennan vita og vitann á Hellisnesi við Norðfjörð.

**Sveinn Ólafsson:** Í framhaldi af því, sem hv. flm. brtt. á þskj. 292 tók fram, vil ég bæta því við, af því að ég er staðkunnugur þarna, að þessi viti hefir fallið undan við samningu frv. vegna þess, að viti er þarna starfandi að nafninu til. En hann er orðinn gamall og lélegur og varla hæfur til að koma að gagni, og þarf þess vegna að byggja hann upp. Hann er búinn að standa á þriðja tug ára. Upphaflega var hann einkaeign, en nú er hann eign Seyðisfjarðarkaupstaðar. Það er í alla staði réttmætt, sem hv. þm. Seyðf. fer fram á, að þessi viti verði talinn með öðrum þeim vitum, sem þarf að byggja og ríkissjóður kostar.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég vil geta þess um brtt. hv. þm. Seyðf., að n. ræddi hana lítilsháttar og kom ekki nein andstaða fram hjá n. gegn henni. N. tók þó ekki ákvörðun með henni, en hugsaði sér að bíða átekta og sjá, hvort fleiri brtt. kæmu frá einstökum þm., og taka frekari afstöðu til þeirra fyrir 3. umr. Vil ég því mælast til þess, að hv. þm. Seyðf. taki þessa brtt. aftur til 3. umr.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég verð við tilmælum hv. frsm. um að taka aftur brtt. til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 292 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—12. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 239, 292).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég vil leyfa mér að óska þess fyrir hönd n., að málið verði tekið af dagskrá, þar sem flm. brtt. er fjarverandi, en n. þarf nauðsynlega að ræða málið við hann.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég verð að endurnýja ósk mína frá því síðast, er

þetta mál var tekið út af dagskrá hér í d., af því að flm. brtt. við frv. er fjarverandi. N. mun leggja á móti þeirri breyt., en ég kann ekki við að gera það að flm. fjarverandi.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vil einungis styðja till. hv. þm. Mýr. um, að málið sé tekið út af dagskrá, sérstaklega þar sem ég heyrði, að n. er á móti brtt. þeirri, sem flutt er á þskj. 292. Ég hygg, að ekki verði svo langt þangað til hv. þm. Seyðf. kemur, að málinu sé nein hætta búin, þó umr. sé frestað þangað til.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., 1. maí, var frv. enn tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 4. maí, var frv. enn tekið til 3. umr.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég hefi engu við það að bæta, sem ég sagði við 2. umr. málsins. Brimnesvitinn er, jafnframt því sem hann er innsiglingarviti, notaður við strandsiglingar og stendur því nákvæmlega eins á með hann eins og suma þá vita aðra, sem teknir hafa verið upp í frv., eins og t. d. Hellisfjarðarvitinn. Hann er bæði innanfjarðarviti og strandsiglingarviti. Vænti ég því, að hv. d. geti fallizt á að gera Brimnesvitann líka að ríkisvita.

**Jóhann Jósefsson:** Mér virðist hv. frsm. n. ekki vera viðstaddur, en ég get skýrt frá því, að um þetta hefir verið rætt í sjútvn., en n. hefir ekki getað fallizt á þessa till. Hv. flm. hafði mælzt til þess við mig, að ég legðist ekki á móti þessu máli, en síðan hefi ég fengið þær upplýsingar, að það stæði nokkuð sérstaklega á um þennan vita, svo að mér og n. virðist ekki rétt að taka hann upp í frv. Þessi viti er nokkurskonar privatviti kaupstaðarins. Nú stendur svo á, að Seyðisfjarðarkaupstaður þarf mjög litlu að verja til hafnarmála, höfnin er þar svo góð frá náttúrunnar hendi. Seyðisfjarðarkaupstaður hefir byggt vitann, og þeim ætti ekki að veitast það erfitt að halda honum við, enda lætur næst, að þessi viti sé beinlínis innsiglingarviti til Seyðisfjarðar.

Ég vildi aðeins láta álit n. koma fram, þar sem hv. frsm. er ekki viðstaddur.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég verð að taka undir það með hv. sjútvn., að það er ekki ástæða til þess að taka þennan vita upp.

Þessi viti er, eins og hv. þm. Seyðf. viðurkenndi, innsiglingarviti fyrir Seyðisfjörð. En þó skiptir það mestu máli, að hann er byggður af Seyðisfjarðarkaupstað og rekinn af honum En vegna lélegs viðhalds er hann nú orðinn ónýtur. Það hefir staðið í stímabraki út af þessu milli vitamálastjóra og Seyðisfjarðarkaupstaðar, og ef ríkið ætti nú að taka við þessum vita, þá yrði að byggja hann upp að nýju þegar í stað. Ég skal ekkert um það segja, hvort hægt sé að finna vita, sem líkt stendur á um, en Seyðisfjarðarkaupstaður hefir sýnt í verkinu, að hann telur vitann sinn vita. Kaupstaðurinn lét byggja hann 1908 og hefir annazt rekstur hans síðan. Af þessum ástæðum leggst ég á móti því að gera hann að ríkisvita og tek alveg í sama strenginn og hv. sjútvn.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég fæ ekki séð, að það skipti máli, þó að Seyðisfjarðarkaupstaður hafi byggt vitann á sínum tíma og rekið hann til þessa. Það er vitanlega ekki rétt að láta hann gjalda þess, að hann hefir byggt vita fyrir ríkissjóð. Það kemur ekkert þessu máli við, hvort Seyðisfjarðarkaupstaður þarf að verja miklu fé eða litlu til hafnarbóta. Og þar sem bæjarfélagið nú hefir borið útgjöldin bæði við byggingu vitans og rekstur hans til þessa, þá er ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt, að ríkið taki nú við.

Það vita allir, sem eitthvað þekkja til, og það veit hv. 1. þm. S.-M., að það stendur nákvæmlega eins á um þennan vita eins og vitann á Hellisfirði, sem nú á að gera að ríkisvita. Hann er innsiglingarviti, en um leið notaður í strandsiglingum. Og sama er að segja um ýmsa aðra vita. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að það þarf að gera við vitann á Brimnesi, en það er engu að síður rétt að taka hann í tölu ríkisvitanna.

Hv. þm. Vestm. sagði, að efnahagur

Seyðisfjarðarkaupstaðar væri svo góður, að hann ætti auðvelt með að standa straum af þessum útgjöldum. Þetta má vel vera, að rétt sé, en það kemur ekkert þessu máli við, og mér virðist engin ástæða til þess að taka þennan vita undan af þeim sökum.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vil biðja hv. þdm. að athuga það, að það skiptir ríkissjóð miklu máli, hvort frv. verður að lögum eða ekki, því að ef það verður samþ., þá er skylda ríkisins að byggja vitann upp. Nú hefir þingið ráðstafað fjárveitingum fyrir þetta ár, og því ekkert fé fyrir hendi til þess að ráðast í þetta. Bæjarstjórnina er vitanlega ekki hægt að skylda til þess að byggja vitann upp; það er hennar einkamál, sem ekki kemur öðrum utan bæjarins við. Hún getur byggt hann upp eða látið hann drafnast niður, eftir því sem henni sýnist.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég er sammála hæstv. ráðh. um, að ekki sé hægt að skylda bæjarstj. til þess að byggja vitann upp, og þess vegna er ég líka hræddur um, að hann falli alveg niður, ef ekki verður farið með hann á sama hátt og aðra vita. Ég held, að hér sé ekki um neina stóra fjárhæð að ræða og er ekki viss um, að það þurfi að byggja hann upp alveg að nýju.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég hlýt að fara eftir því, sem vitamálastjóri hefir sagt um þetta, en hann telur kostnaðinn verða talsvert mikinn. Bæjarsjóðurinn á heldur ekki að geta heimtað það af ríkissjóði, að hann taki við þeim bagga, sem bæjarstjórn hefir bundið sjálfri sér með því að byggja vita eða annað.

ATKVGR.

Brtt. 292 felld með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HG, HV, IngB, SvbH, SvÓ, VJ, ÞorlJ, BJ, BKr.

nei: GÍ, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, PHalld, StgrS, TrÞ, BSt, JörB.

Sjö þm. (HJ, JónasÞ, LH, ÓTh, PO, ÁÁ, BÁ) fjarstaddir.

Alþt. 1933. B. (46. löggjafarþing).

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 522).

## 17. Leiðsaga skipa.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um leiðsögu skipa** (stjfrv., A. 33).

Á 10. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Eftir því sem skipagöngur hér við land vaxa — og það gera þær ár frá ári —, vex þörfin fyrir löggjöf um leiðsögu skipa. Hingað til hafa ekki verið nein lög um þetta hér á landi, en þó hafa verið skipaðir leiðsögumenn á sumum stöðum, en ekki er mér kunnugt um, að til sé önnur heimild fyrir þessu en gömul venja, sem eflaust hefir skapazt af nauðsyn.

Að sjálfsögðu er það nauðsyn fyrir þá, sem hér sigla, að geta aflað sér leiðsögu þar, sem þeir eru ekki nauðkunnugir. Þessi leiðsaga verður að vera ábyggileg. Það getur beinlínis haft áhrif á flutningsgjöld héðan og hingað, að skipstjórar eigi víst, að geta fengið hér ábyggilega leiðsögumenn. Til þess að svo megi verða, sýnist það vera öruggasta leiðin, að hið opinbera taki þessi mál í sínar hendur og að þess sé krafizt, að leiðsögumenn uppfylli ákveðin skilyrði til tryggingar þeim, sem aðstoð þeirra nota.

Það er vitamálastjórinn, sem hefir lagt til máttarviðina í þetta frv., og er það mjög sniðið eftir tilsvarandi löggjöf Norðurlanda.

Með frv. er ekki lögð leiðsöguskylda á skip. Þar er ekki gengið lengra en að heimila ráðh. að fyrirskipa hana á ákveðnum svæðum. Á höfnum er þó gert ráð fyrir, að hafnastjórnir ráði þessu, eins og nú er. Tilgangurinn er að skipta landinu í leiðsögusvæði, og hafi hver leiðsögumaður einkarétt á sínu svæði, því að ella mundi á sumum stöðum ómögulegt að fá leiðsögumenn.

Fyrir ríkissjóð verður ekki kostnaður af frv., þó að lögum verði.

Að þessari umr. lokinni óska ég, að málinu verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 21. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 33, n. 121).

**Frsm. (Magnús Torfason):** Eins og mönnum er kunnugt, eru til ýms sérlög um hafnsögumenn og skyldur þeirra fyrir einstakar hafnir, einkum kaupstaðina. Þetta frv. fer í þá átt að koma einum allsherjarlögum yfir þessa leiðsögu umhverfis land allt. Þó er ekki svo að skilja, að þessi l. komi í stað þeirra sérlaga, sem fyrir eru, að öllu leyti. Ég vil benda á það, þessum skilningi til stuðnings, að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ráðh. skipi leiðsögumenn og víki þeim frá, en þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra hafnsögumanna, sem skipaðir eru fyrir sérstakar hafnir eftir sérlögum. Svæði þessara l. verður því nokkuð takmarkað, en ég geri ráð fyrir því, að eftir að þessi l. eru komin á, verði samdar reglugerðir fyrir einstakar hafnir í samræmi við þau. En margt í þessum l. er þannig, að sjálfsagt er, að það gildi um leiðsögu yfirleitt. Eins og getið er um í aths. við frv., er það byggt á alþjóðareglum þeim, sem nú gilda um þessi mál. — N. leggur til, að frv. verði gert að l. svo að segja óbreytt. Þær brtt., sem n. ber fram, miða að því, að tilætlun frv. komi betur að notum. Á stöku stað er málið lagað, þar sem n. þótti ekki hjá því komizt. Ég vil geta þess um brtt. við 13. gr., að ákvæðið um það, að leiðsögumenn skuli ávallt hafa gjaldskrána með sér, þegar þeir séu að lögsögustarfi er komin áður í 6. gr., og því óþarft í 13. gr. Í 14. gr. virðist vera prentvilla. Þar stendur „komi" fyrir „komizt" og verður látið laga það í endurprentun.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vil aðeins þakka hv. n. góða afgreiðslu þessa máls, og hefi ég ekkert við brtt. hennar að athuga og álít þær allar til bóta.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil mælast til þess við hv. n., að hún sendi hafnarstjóranum í Reykjavík þetta frv. til athugunar, núna á milli 2. og 3. umr. Mér skilst á aths. við frv., að það hafi ekki verið borið undir hann, en þar sem hann hefir haft umsjón stærstu hafnar landsins um langt skeið, álít ég sjálfsagt, að leitað sé umsagnar hans um slíkt frv. og þetta. Það sést á aths., að frv. hefir verið sent skipamiðlarafirma hér í bæ til umsagnar, og ætti þá ekki síður að fá álit hafnarstjórans á málinu. Frv. má gjarnan ganga til 3. umr., en ég óska, að n. hafi fengið umsögn hafnarstjórans áður en það er endanlega afgr. frá þinginu.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég býst ekki við, að n. hafi neitt á móti því að láta hafnarstjórann í Reykjavík athuga frv.

ATKVGR.
Brtt. 121,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 121,2.a—b samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn 1. kafla samþ. án atkvgr.
5.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 121,3.a—b samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn 2. kafla samþ. án atkvgr.
11.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 121,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
14.—18. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 121,5 samþ. með 10 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn 3. kafla samþ. án atkvgr.
22.—26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn 4. kafla samþ. án atkvgr.
27.—28. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn 5. kafla samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Ed., 16. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 143).

**Ingvar Pálmason:** Samkv. ósk frá hv. 2. landsk. sendi sjútvn. frv. þetta til umsagnar hafnarstjóranum í Rvík. Umsögn hans hefir n. ekki borizt ennþá, og fyrir þær sakir fékk hún málið tekið út af dagskrá síðast. Þar sem nú mál þetta á að öllu leyti eftir að ganga gegnum hv. Nd., þá sé ég ekki ástæðu til þess að fara að tefja það nú, vegna hinnar vantandi umsagnar hafnarstjórans. Þær aðfinnslur, sem hafnarstjórinn kann að bera fram, getur Nd. því tekið til athugunar. Legg ég því til, að mál þetta verði afgr. frá d. nú.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 143).
Á 30. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Frv. þetta hefir gengið í gegnum hv. Ed. og verið athugað þar af hv. sjútvn. Tilgangur þess er sá, að koma leiðsögu skipa í eitt ákveðið kerfi umhverfis allt land. Hingað til hefir það verið svo um leiðsögumenn skipa, að þeir hafa verið skipaðir hingað og þangað eftir beiðnum, sem fram hafa komið, án annarar lagaheimildar en gamallar venju. Nú er það svo, að skipaferðir aukast mjög hér við land, og því er meiri og meiri þörf á að hafa ábyggilega leiðsögumenn sem víðast við strendur landsins. Það hefir jafnvel brytt á því, að skip hafi kvartað undan, að ekki væri hægt að fá löggilta leiðsögumenn þar sem þörf væri á, og af þeim ástæðum talið tormerki á að sigla hér við land. Með þessu frv. á þetta að vera fyrirbyggt, og þannig getur það beinlínis haft áhrif á siglingar hér við land.

Frv. er sniðið eftir tilsvarandi löggjöf annara þjóða, og vona ég, að því verði eins vel tekið í þessari hv. d. eins og í Ed. Legg ég til, að málinu verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 143, n. 527).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég vil skýra frá því, að sjútvn. hefir fallizt á að mæla með því, að frv. gangi fram óbreytt. Frv. þetta er lagt fyrir af stj. og samið af vitamálastjóra. Hefir sjútvn. ekkert við það að athuga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
11.—21. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
22.—26. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
27.—28. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 590).

---

## 18. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga (stjfrv.).

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga** (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þetta frv. er shlj. frv., sem var, eins og alkunnugt er, rætt á síðasta þingi og þá afgr. sem lög fyrir yfirstandandi ár. Nú fer stj. þess á leit, að þingið framlengi þau lög fyrir árið 1934. Ástæðurnar fyrir flutningi frv. eru hinar sömu og voru á síðasta þingi, þar sem ekki er sýnilegt, að ríkissjóður geti verið án þeirra tekna á næsta ári, er það veitir. Ég vænti því, að hv. þdm. taki þessu frv. vel, og óska, að það verði að lokinni umr. látið ganga til fjhn.

**Jón Baldvinsson:** Um þetta mál urðu miklar umr. á þinginu í fyrra, en ég finn ástæðu til þegar við þessa umr. að rifja upp nokkur atriði málsins, er þá var allmikið deilt um, en það er í sambandi við 3. lið í 1. gr. frv. Á þinginu 1931 voru samþ. lög um tóbakseinkasölu Íslands fyrir sameinað fylgi. Alþfl. og Framsóknarfl. Voru það þá samningar milli þessara tveggja flokka, að verja skyldi rekstrarágóða þessarar stofnunar til styrktar tveimur öðrum stofnunum, sem flokkarnir höfðu borið fyrir brjósti, sem voru byggingarsjóður verkamannabústaða í kaupstöðum og byggingar- og landnámssjóður. Var þetta sett í lögin um tóbakseinkasöluna auk þessa af þeirri ástæðu, að þá þóttu minni líkur til þess, að Sjálfstæðisfl. tækist síðar að granda einkasölunni, vegna þess hve það væri óvinsælt verk að svipta nefndar stofnanir þessum tekjum. En ári síðar en þetta gerðist kemur svo frá Framsfl. og Sjálfstfl. sameiginlega sú till. að svipta stofnanirnar þessum tekjum. Auðvitað er hér um að ræða fullkomna brigðmælgi frá hendi Framsfl. Óneitanlega er það nauðsyn fyrir ríkissjóð að fá þessar tekjur, en nauðsyn stofnananna er engu minni. Hér er því vandi á báða bóga. Síðan tóbakseinkasölulögin voru samþ. hafði engin breyt. orðið í þessu efni önnur en sú, að Framsfl. og Sjálfstfl. höfðu tekið höndum saman um stjórnarmyndun. Nú þykir mér undarlegt, að hæstv. fjmrh. skuli enn halda hina sömu braut í þessu máli, þar sem hann gerði þó þá linkind í fyrra að fallast á, að þessi ákvæði skyldu ekki gilda nema fram að 1. júlí þ. á., en arðurinn eftir það renna til verkamannabústaðanna og byggingar- og landnámssjóðs síðari hluta þessa árs, og eftir ummælum hæstv. forsrh. á síðasta þingi, sem ég skal lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta: „En ég ber fram þessa brtt. til þess að sýna mína fyrirætlun í þessum efnum", verður að ganga út frá því, að honum hafi verið það ríkt í hug, að hér væri aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem ekki ætti að gilda nema yfir fyrri hluta yfirstandandi árs. En nú er til þess mælzt af hæstv. fjmrh., að arðurinn af tóbakseinkasölunni skuli óskiptur renna í ríkissjóðinn árið 1934, og má vera, að frv. eigi einnig að fela það í sér, að þangað færi einnig ágóðinn seinni hluta ársins 1933, en ekki til stofnananna. Það er a. m. k. ekki öruggt eftir orðalagi frv., að ágóðinn skuli renna til þeirra, og ef til vill kemur fram seinna á þinginu skýrari till. um það, að tileinka ríkissjóði allan arðinn. Ég verð að segja það út af þessum 3. lið 1. gr. frv., að mér kemur hann næsta óvart eftir ummælum hæstv. ráðh. í fyrra.

**Jónas Jónsson:** Ég get að vísu trúað því, sem hæstv. forsrh. sagði, að ríkissjóði sé engin vanþörf á þeim tekjum, sem þetta frv. á að veita honum, fremur en öðrum þeim tekjum, sem tiltækilegar kunna að þykja handa ríkinu, en ég vil taka það strax fram við 1. umr. þessa máls, að það er ekki alveg sjálfsagt mál með alla þessa sjö tekjuliði frv. Ég vil t. d. benda á, að það er alveg rétt, sem hv. 2. landsk. minntist á um samningana milli Framsfl. og Alþfl. á þinginu 1931. Breyt. sú, sem á varð í fyrra, var gerð út úr neyð og málið afgr. í mesta flýti, en nú höfum við allt þingið framundan. Ég vil auk þessa vekja athygli á því, að hér er um fremur óheppilega leið til tekjuöflunar að ræða, vegna þess að búast má við, að þessar tekjur eti sig upp að miklu leyti sjálfar. Fyrir utan það, að þörfin fyrir byggingarnar, bæði í kaupstöðum og ekki síður í sveitum landsins, er mjög brýn, þá er á það að líta, að renni tekjur tóbakseinkasölunnar til þeirra eins og lög standa til, skapast við það atvinna,

sem full þörf er fyrir, ekki sízt í kaupstöðunum, og ég vil vekja athygli á því, að það virðist dálítið athugaverð ráðstöfun að taka fé frá þörfum og nytsömum framkvæmdum til þess að þurfa að láta það í atvinnubótavinnu, t. d. við að moka snjó á götunum hér í Rvík og aka honum burt úr bænum á bifreiðum.

Ennfremur í sambandi við 7. lið 1. gr. vil ég benda á það, að þar er farið fram á að rýra styrk til þeirrar stéttar í þjóðfélaginu, sem vafalítið er fátækust allra stétta. Ég býst við því, ef á það verður fallizt að veita mikla hjálp til atvinnulausra verkamanna, þá fari illa á að rýra hjálpina til skálda og listamanna, því sú stétt á áreiðanlega við erfiðari kjör að búa heldur en allur fjöldi verkamanna.

Ég hefi nú sýnt fram á, að það er ekki svo sjálfsagt að samþ. þetta frv. án breyt. á þann veg, sem ég hefi nú bent á.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Á síðasta þingi var allmikið rætt um samkomulag Framsfl. og Alþfl. á þinginu 1931, og hirði ég ekki að endurtaka þær umr. hér að þessu sinni. Mín ætlun var þá sú, að komast hjá því að svipta stofnanirnar þessum tekjum. Ég flutti þá frv. um verðtoll á tóbaki, sem var fellt hér í hv. d. af því það fékk ekki fylgi hv. 2. landsk. En þegar þetta frv. var fallið, sá ég mér ekki annað fært en að fallast á þessa till. í hv. Nd. Hv. 2. landsk. má því að nokkru leyti sjálfum sér um kenna, hvernig fór á síðasta þingi í þessu máli.

Ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er aftur tekið upp nú, eru þær, að þörf ríkissjóðs fyrir þessar tekjur er sízt minni en í fyrra. Það er alveg ljóst, að þetta þing kemst ekki hjá því að afla aukinna tekna handa ríkissjóði. Hinsvegar get ég tekið það fram út af ræðum hv. 2. og hv. 5. landsk., að ég get hugsað mér, að eitthvað lítið eitt yrði dregið úr einstöku tekjuliðum og er reiðubúinn að eiga samtöl um það við fjhn. Ég vil þó í sambandi við 3. lið benda á það, að verð á tóbaki hefir verið hækkað frá því í fyrra, í því augnamiði að hækka tekjurnar af einkasölunni. Sú krafa, að þær eins og þær eru nú renni allar til stofnananna, hefir því ekki að öllu leyti við samtöl fortíðarinnar að styðjast. Þó að lögin um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga væru að síðustu afgr. í flýti á síðastl. þingi, þá var samt gott tækifæri til þess að ræða frv. í Ed. Frv. kom ekki seint fram og fékk því allgóðan undirbúning. Menningarsjóður slapp allvel. Það virðist naumast hægt að taka minna en fjórðapart af tekjum hans, úr því að eitthvað er tekið. Ég sé mér ekki fært að verða við óskum um að draga alveg til baka einstaka liði í frv. Það er fram borið til þess, að frekar verði hægt að standa straum af nauðsynlegustu aðgerðum til þess að létta undir með vinnandi fólki í landinu.

**Jón Baldvinsson:** Frv. um verðtoll af tóbaki var fellt hér í d. í fyrra, eins og hæstv. ráðh. segir, en það frv. hefði orðið mjög til þess að draga úr tekjunum af tóbakseinkasölunni, og ég verð að segja, að það frv. var því ekki í samræmi við samkomulag flokkanna 1931. Ég vék lítilsháttar að því í ræðu minni áðan, hvort ætlazt væri til, að frv. yrði skilið þannig, að umræddar tekjur tóbakseinkasölunnar fyrir seinni hluta ársins 1933 skyldu einnig renna til ríkissjóðs, og beindi þeirri spurningu til hæstv. ráðh., en henni hefir hann ekki svarað. Eftir orðalagi frv. er þetta ekki alveg ljóst, og vildi ég gjarnan heyra skoðun hæstv. ráðh. um þetta.

**Jakob Möller:** Ég vildi aðeins hreyfa aths. út af 2. lið 1. gr. frv., þar sem ræðir um skemmtanaskattinn. Eins og kunnugt er, er hér í smíðum vandað þjóðleikhús, sem búið er að mestu leyti að byggja hið ytra; þó vantar það á, sem óhjákvæmilegt er, að framkvæmt verði í næstu framtíð, en það er húðun hússins utan, og til þess mun þurfa 20 til 30 þús. kr., og þar sem byggingarsjóður hússins hefir ekki fé þetta fyrir hendi, sé ég ekki betur en að ríkissjóður verði hér að koma til hjálpar, ef skemmtanaskattinn á framvegis að taka af leikhúsinu. Þá er það og auðskilið mál, að verði svo, hlýtur bygging hússins að öðru leyti að stöðvast, og þar með verður það fé, sem þegar er búið að leggja til hússins, óarðbær eign í næstu framtíð, í stað þess ef skemmtanaskatturinn gengi til leikhússins, eins og lög standa til, að þá yrði þó a. m. k. hægt að fullgera húsið það mikið, að hægt yrði að nota það fyrir

kvikmyndasýningar. Ég hygg því, að það sé algerlega misráðið að stöðva byggingu hússins, en hitt væri betra, að gera það nothæft sem kvikmyndahús. Það hefir sýnt sig, að slík fyrirtæki eru arðsöm og gefa vissar tekjur. Hér er því alls ekki um neina áhættu að ræða, heldur þvert á móti.

Ég geri ráð fyrir, að stjórn sjóðsins leiti til fjvn. um aðstoð til þess að geta haldið áfram byggingunni og lokið henni að þessu leyti, hvort sem niðurstaðan kynni að verða sú, að skemmtanaskatturinn yrði tekinn aftur til þess, eða þá að einhver önnur leið yrði fundin til þess að bjarga þessu við Ég vildi hreyfa þessu nú þegar við þessa umr. málsins, svo að hv. n. tæki til athugunar, á hvern hátt mætti sjá þessu máli borgið. Ég tel engan vafa á því, að hægt væri að fá lán til þess að fullgera leikhúsið sem kvikmyndahús, lán, sem leikhúsið gæti staðið undir sjálft og endurborgað á tiltölulega skömmum tíma, en auðvitað þyrfti ábyrgð ríkissjóðs.

Það er ekki aðeins fjárhagslegur skaði að láta þessa byggingu standa ónotaða og arðlausa, heldur er það einnig hneisa fyrir landið að láta það standa þannig ár frá ári.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. 2. landsk. verð ég að svara því um 3. tölul. 1. gr., að samkv. þessu frv. á allur ágóði af tóbakseinkasölunni, einnig fyrir þetta ár, að renna beint í ríkissjóð, því að í 2. gr. frv. stendur, að þessi lög öðlist gildi þegar í stað.

Annars vil ég endurtaka það, sem ég sagði áðan um möguleika til samtals um það, að einhver hluti af þessum tekjum fari til þeirra framkvæmda, sem upphaflega var til ætlazt.

Um skemmtanaskattinn er það að segja, að það eru lífsnauðsynjar, sem verða að ráða í þessu efni, og þá er skemmtanaskattur og annað slíkt eitt af því, sem helzt er gripið til til þess að létta undir með ríkissjóði sjálfum. Annað mál er það, að þegar húsið er hálfgert, þá verður að forða því frá skemmdum, en það má þá helzt ekki kosta nema lítið að koma því í það horf. Það eru nú þeir tímar, að fé er ekki aflögu til að verja til byggingar yfir leiklist þjóðarinnar.

**Jón Baldvinsson:** Það var gerður samningur um þetta á þingi 1931 milli Framsfl. og jafnaðarmanna. Og í fyrra var gerður samningur á milli hæstv. forsrh. og okkar jafnaðarmanna, samningur, sem hann sjálfur bar fram till. um, sem sé, að tekjur tóbakseinkasölunnar skyldu renna til þessara sjóða frá 1. júlí 1933. Nú kemur hæstv. ráðh. og segist ætla að taka þetta aftur, en vera þó til viðtals um þessa hluti. M. ö. o., að hann vill nú ganga inn á nýtt samkomulag. Þetta getur ekki kallazt annað en að margselja sama hlutinn. Hann gerði þennan samning fyrst á sumarþinginu 1931, brigðar hann síðan á þingi 1932, og nú 1933 vill hann enn fara að gera samninga í þessu efni.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það eina, sem um var talað á síðasta þingi, var, hvað standa skyldi í l. þeim, sem þá voru afgr., en ekkert um hitt, hvaða till. skyldi bera fram á næsta þingi. Ég tel því, að ég sé ekki á neinn hátt bundinn, enda gat ég ekki samið fyrir þingið.

Alþingi verður á hverjum tíma að ráða sínum ákvörðunum, og ég vil ráða hv. 2. landsk. að gera yfirleitt ekki þá samninga, sem eiga að gilda um alla framtíð, við aðra en þingið sjálft. **(JBald:** Er þetta ekki stjfrv.?). Jú, það er stjfrv., það er borið fram af stj. í þessari mynd, en þó boðið samtal til samkomulags í þessu efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 425).

**Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég er að hugsa um að biðja hæstv. forseta að fresta þessu máli eða taka það út af dagskrá, ef hv. 1. landsk. kemur ekki. Hann er einn í fjhn., og ég hygg, að hann hafi ætlað að flytja brtt. við frv., sem geti skipt máli, að málið gangi fram. **(IP:** Hv. 1. landsk. er hér). — Ég fell frá þessari ósk, að málinu verði frestað, af því að sá þm., sem ég hélt, að væri ekki við, er við-

staddur, og ég býst við, að hann komi með brtt. við 3. umr. — N. hefir orðið sammála um að mæla með nokkrum hluta, meiri hlutanum af þessu frv. óbreyttum, en um nokkra einstaka liði, sem eru tilteknir í nál., hefir ekki orðið samkomulag, svo að nm. hafa óbundin atkv. um þá. Ég get sagt a. m. k. fyrir mína hönd, að á flestar af þessum frestunum líta menn sem neyðarúrræði, sem menn vona, að vari sem skemmst, og til sumra hluta álíta menn, að ekki sé einu sinni forsvaranlegt að láta frestunina ná. Ég ætla ekki að fjölyrða neitt um það, sem við erum sammála um, 1., 4., 5. og 6. lið frv., af því að þar greiðir öll n. atkv. með stjfrv., en ég ætla að segja fáein orð um 2. og 3. liðinn. Það er þá fyrst liðurinn um þjóðleikhús og skemmtanaskatt. Ég býst við því, að annaðhvort verði af einhverjum eða fleiri en einum komið með brtt. við 3. umr., svo framarlega sem sá liður verður samþ., um það, að láta nokkurn hluta skattsins renna til þess að verja bygginguna frá skemmdum. Ég fer ekki frekar út í það að þessu sinni, af því að það er gerð ýtarleg grein fyrir því í bréfi frá leikhúsnefndinni, hvernig hún lítur á þetta mál. Því hefir verið haldið fram af mörgum, að það væri ekki neitt bjargráðafyrirtæki að halda áfram að byggja leikhús. Það getur þó verið atvinnubót, því að smiðir og verkamenn hafa ekki síður atvinnu af því en hverju öðru. Í öðru lagi er það fullvíst, að þessi bygging muni gefa mikið af sér fyrir landið, þegar hún er upp komin, því að þar er hægt að reka kvikmyndahús, fyrir utan aðaltilganginn, og það er öllum kunnugt, að kvikmyndahús er einhver sú mesta gróðalind, sem hægt er að hafa í þessum bæ. Það er enginn vafi á því, að ef prívat maður ætti húsið, yrði reynt að hafa einhver ráð til að fullgera það, a. m. k. áhorfendasalinn, til þess að græða á því. Um þetta mál ætla ég ekki að fjölyrða nú, af því að ég býst við, að það verði tekið af öðrum sérstaklega.

Um 3. liðinn, tóbakseinkasöluna, erum við hv. 2. þm. S.-M. alveg samdóma, að þann lið eigi að fella, og það kemur af því, að við búumst ekki við, að ríkið hafi nokkra þörf, þó að þær séu margar, sem sé nauðsynlegri og réttlátari en að auka dálítið byggingar á húsum yfir erfiðismenn í sveitum og kaupstöðum. Það er rétt, sem sagt er í fskj. frá Alþýðusambandinu, að það var beint tekið fram, að þessi kaupmannsgróði á tóbakinu, sem hefði alls ekki runnið í landssjóð, ef einkasalan hefði ekki komizt á, átti að ganga til nauðsynlegra hluta, að bæta húsakynni hins stritandi fólks í landinu. Þar sem verður að veita þúsundir og tugi þúsunda króna í atvinnuleysisvinnu, sem hlýtur að fara og fer til hluta, sem ekki gefa neitt af sér, en er aðeins gert til þess að veita atvinnu, þá virðist vera nær að slá ekki niður þessa nauðsynlegu starfsemi, sem bæði er mikil atvinnubót, þó að það sé ekki fyrsta atriðið, og líka heilsubót og bjargráðabót fyrir fólkið í landinu. Ég get ekki hugsað mér, að þm. komi ánægðir heim af þinginu, hvorki til kjósendanna í kaupstöðum eða sveitum, ef þeir hafa verið með að samþ. þennan lið frv. — N. hefir að vísu orðið sammála um að mæla með því, að 6. liðurinn verði samþ., en ég verð að segja, að í raun og veru er ég sáróánægður yfir því og ætla að nota tækifærið til þess að segja frá því, að frá mörgum beztu eftirlitsmönnunum úti um land hefi ég fengið vitneskju um, að þessi starfsemi hefir orðið til bóta, þar sem hinir vanræktu farkennarar hafa getað haft stuðning af áhugasömum mönnum, sem hafa meiri æfingu og reynslu en þeir. Ég veit, að þetta hefir ekki mikil áhrif á atkvgr. hér, en vegna framtíðarinnar vil ég segja þetta um þennan lið.

Þá kemur að síðasta, 7. liðnum, sem tveir nm. a. m. k. eru mótfallnir, að fella niður ¼ af tekjum menningarsjóðs. Það liggur fyrir ýtarleg grg. frá stj. sjóðsins, sem ég þykist vita, að hv. þm. hafi lesið, og ég vil bæta því við, að þetta fé, sem hér um ræðir, er ekki stór upphæð, en er sennilega betur varið en flestum öðrum þeim tekjum, sem landið hefir og sem það borgar fyrir einhver störf, og það er vegna þeirrar þrískiptingar, sem er á þessum sjóði, til bókaútgáfu, listamanna og náttúrufræðinga. Þessir menn eru langverst settir af öllum andlegum starfsmönnum hér á landi, og ég get rökstutt það með því að segja, að það eru margir ágætir menn í þessum hóp, sem þykir það fagnaðarefni, ef þeir fá 5—6 hundruð kr.

fyrir vinnu sína úr þessum sjóði, og vita margir, hve lítið er lagt upp úr því af þeim, sem hafa hærri tekjur, og það er síður en svo, að þessi vinna sé eins þýðingarlaus eins og margir vilja vera láta; því þegar landið vill láta til sín taka, a. m. k. af öðrum þjóðum, þá er leitað til þessara manna. Í sumar, þegar sýning var í Stokkhólmi, þá voru það listamennirnir okkar, þessir fátæku og illa settu andans menn, sem héldu uppi heiðri landsins. En það er mála sannast, að það, sem rithöfundar, listamenn, vísindamenn og skáld hafa fengið, hefir alltaf verið hungurskammtur. En það, sem var gert til þess að hjálpa þeim, þó það væri ekki stórt, bar þó mikinn árangur og hjálpaði til þess að halda við okkar andlega lífi.

Ég held þess vegna, þar sem um svona litlar tekjur er að ræða, að það sé enginn hagur að því að vera að klípa af þeim. Þegar það er athugað, að þessir menn eru verst staddir fjárhagslega af öllum mönnum í landinu, og að sumir þeirra a. m. k. eru menn, sem mestum ljóma kasta yfir landið, þá er þetta óheppileg ráðstöfun. Vona ég því, að 7. liður verði felldur.

**Ingvar Pálmason:** Mig greinir að vissu leyti dálítið á við meðnm. mína um þetta mál. Að því er snertir 2. tölul. þessa frv. hefi ég ekki getað orðið samferða meðnm. mínum um að gera á honum breytingu. Það má vel vera, að nauðsynlegt sé að eitthvert fé verði fyrir hendi til þess að fullgera utan þessa byggingu, þjóðleikhúsið, sem komin er nú nokkuð á veg. En ég get ekki séð, að það sé nein ástæða til þess að hverfa frá þeirri braut, sem horfið var inn á í fyrra með þessum lögum. Og meðan sakir standa eins og nú um erfiðleika ríkissjóðs, þá er réttmætt, að þessar tekjur renni í ríkissjóðinn. En hinsvegar geri ég ráð fyrir því, að til þess að verja þessa byggingu skemmdum, þá muni vera hægt að komast af með tiltölulega litla upphæð, 25 til 30 þús. krónur. Og ef það er rétt, sem sumir halda fram, að þetta muni verða mikið gróðafyrirtæki, þá munu verða einhver ráð til þess að fá fé á einn eður annan hátt til þess að fullgera þessa byggingu. Það, sem mig greindi aðallega á við meðnm. mína, var það, að ég hefi enga trú á því, að þetta verði fjárhagslegt gróðafyrirtæki. Hve mikil andleg verðmæti það kann að skapa, skal ég ekki segja, en fjárhagslegar tekjur hugsa ég, að verði litlar. Mér virðist litlu sleppt, þó að frestað verði framkvæmdum með þessa byggingu, meðan sakir standa eins og nú um fjárhag ríkisins.

Þá þykir mér rétt að taka fram, að ég get ekki verið með því, að haldið verði áfram með það, að tekjum af einkasölu ríkisins á tóbaki verði varið til annars en lög mæla fyrir. Það er af tveimur ástæðum. Eins og hv. d. rekur minni til, þá var ég talsvert riðinn við þau lög, þegar þau gengu fram hér á þingi. Ég kannast fullkomlega við það, að frá minni hendi var fullt samkomulag við alla aðila, sem þar áttu hlut að máli, að tekjunum yrði varið á þann hátt, sem þá var ákveðið. Af þeim ástæðum fyrst og fremst get ég ekki réttlætt það, að leggjast nú á móti því, að þessu fé verði varið eins og lög mæla fyrir, sérstaklega þegar þannig stendur á, að búast má við, að það þurfi að verja allmiklu fé til aukinnar atvinnu, og það ekki sízt hér í Rvík. Ég held, að atvinnubótavinna vilji oft lenda í þeim fyrirtækjum, sem lítinn arð gefa. En að því er snertir byggingu verkamannabústaða, þá held ég, að sú vinna og peningar, sem í það væri varið, mundu bera eftirkomendunum ávöxt, mjög líkt og byggingar- og landnámssjóður sveitunum. Ég lít svo á, að öðru máli gegni um þetta fé en það, sem ætlað er til þess að fullkomna þjóðleikhúsið. Ég álít, að þetta skipti ríkissjóðinn ekki eins miklu máli eins og í fljótu bragði sýnist, því að það má búast við, að ríkissjóður þurfi að sjá fyrir talsvert miklu fé í svipuðu augnamiði og hægt er að nota þetta fé til. Og það er engin bót að því, að þetta fé falli til framkvæmda, sem þjóðinni í heild er ekki eins hagkvæmar eins og þær, sem lög um tóbakseinkasölu ríkisins mæla fyrir.

Í þriðja lagi þykir mér rétt að taka fram, að ég sé ekki ástæðu til þess, þó að erfitt sé hjá ríkissjóði, að vera að ásælast þær tekjur, sem menningarsjóður á að fá. Það er tiltölulega lítil upphæð og enginn vafi á því, að það er þörf fyrir féð til hagsbóta fyrir þá menn þjóðfélagsins, sem nú eru mjög illa staddir (listamenn-

ina). Ég mun því greiða atkv. á móti þessum lið.

Ég taldi rétt að láta þetta koma fram við þessa umr., á hverju ég byggi atkv. mitt.

**Jón Baldvinsson:** Þegar þetta mál var til 1. umr., benti ég á atriði í þessu frv., sem færi í bág við samkomulag og samþykktir fyrri þinga. Ég á þar við 3. lið frv., um tekjur af tóbakseinkasölu ríkisins, sem eftir þeim lögum á að ganga til verkamannabústaða í kaupstöðum og byggingar- og landnámssjóðs. Hv. 5. landsk. hefir nú minnzt á þetta lítilsháttar, en ég skal ekki segja, hvernig n. í heild sinni lítur á þetta, en það er að sjá af nál., að þessi liður sé ekki meðal þeirra liða, sem n. vill mæla með, að verði samþ. A. m. k. eru ekki allir nm. sammála um það.

Ég held, að þó að ríkissjóði sé þörf á fé til rekstrar á ríkisbúskapnum, þá sé misráðið að taka þessar tekjur frá þessum byggingarsjóðum, vegna þess að ef þessir sjóðir halda tekjum sínum, þá verða fyrir þeirra fé gerðar þær litlu framkvæmdir, sem verða af hálfu þess opinbera. Því að nú er dregið úr framlagi til verklegra framkvæmda í fjárl. fyrir næsta ár, og hæstv. stj. og flokkar hennar hafa ennþá ekki viljað fallast á það, að inn í fjárlagafrv. komi verulegar upphæðir til þess að halda uppi atvinnubótavinnu í landinu, ef þörf er á, sem því miður er útlit fyrir, að verði. Þess vegna er ennþá meiri ástæða fyrir þingið að samþ. ekki þessa takmörkun á framkvæmdum þess opinbera, auk þess sem ég tel Framsfl. sérstaklega skylt að standa á móti því, að þessi liður verði samþ., vegna samkomulags þess, sem hann hefir áður gert í þessu máli við Alþfl. og við sjálfan sig.

Hæstv. forsrh., sem í fyrra átti hlut að því að taka fá frá þessum sjóði á þessu ári, þó það yrði ekki til fullnustu, lét þess getið í ræðu sinni þá, að því er mér skildist, að hann ætlaði ekki að hafa tekjur af þessum sjóði nema síðari hluta árs 1934. En eftir þessu frv. er engin miskunn hjá Magnúsi. Því að nú á að taka tekjur einkasölunnar frá áramótum til ársloka 1934. Þetta er að mínu viti fyrst og fremst þvert ofan í samkomulag Framsfl. við Alþfl., og þvert ofan í það, sem bæði ég og aðrir ætluðum, að væri meiningin hjá hæstv. ráðh. á síðasta þingi. Þess vegna vil ég gera fastlega ráð fyrir því, að hv. d. felli þennan lið.

Þá vil ég víkja því fastlega til hæstv. forseta, að hann beri upp þessa liði 1. gr. frv. hvern í sínu lagi, á sama hátt og forseti Nd. úrskurðaði, að með þá skyldi fara á þinginu í fyrra, því að hann bar upp liðina hvern fyrir sig.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta við þessa umr., því að ég hefi áður tekið fram það, sem máli skiptir, hve veigamikið þetta er fyrir atvinnu landsmanna og fyrir bætt húsakynni verkalýðsins og sveitafólksins, að láta þetta fé ganga til þess, sem því var upphaflega ætlað að ganga. Um hina liðina kemur afstaða mín í ljós við atkvgr.

**Fors-. og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Eins og komið hefir fram, eru ýmsir nm. óbundnir um nokkra liði. Ég tel, að 7. liðurinn skipti litlu máli í samanburði við hina liðina, þó að í fyrra hafi verið sæmilega hlíft menningarsjóðnum, þar sem hann hélt eftir ¾ hlutum af sínum tekjum. Það hefir því minna verið gengið á hann en aðra sjóði, og að því leyti er ekki nein sérstök ástæða til að hlífa honum nú. Þó skiptir það minna en um 2. og 3. lið.

Í 2. lið er um að ræða tekjur, sem gera má ráð fyrir, að nemi um 80 þús. kr. á ári. Ég hygg, að þetta þing endi ekki svo, að það sjái sig ekki til neytt að auka þennan skemmtanaskatt um 100%, til þess að standa undir þeim ráðstöfunum, sem gerðar verða vegna kreppunnar. Nú mun ekki leika á tveim tungum, hvað sem menn annars álíta um þjóðleikhús, að í slíku árferði sé ekki hægt að leggja fram sérstakan skatt til þess að byggja slíka stofnun. Það má að vísu segja, að einhverjir geti trúað því, að þetta þjóðleikhús verði gróðafyrirtæki, þegar búið er að koma því á stofn, en það mun sýna sig, að það verður aukinn kostnaður fyrir ríkið, því að þegar það er komið upp, þarf að halda því í gangi. Það er sök sér að óska þess í þessu sambandi, að gert sé svo við þá byggingu, sem upp er kom-

in, að hún liggi ekki undir skemmdum. Hv. 2. þm. S.-M. taldi, að til þess mundi ekki þurfa nema 25 til 30 þús. kr. Ef svo er, má tala um þann möguleika, en hitt er ábyrgðarlítið gagnvart hag ríkissjóðs, að láta allan skemmtanaskattinn af öllu landinu ganga til leikhúsbyggingar á þessum erfiðu tímum.

Líkt er að segja um 3. lið, sem er aðalliður þessa frv., um tekjur af einkasölu á tóbaki. Þegar það var ákveðið, að þessar tekjur rynnu í ríkissjóð, þá var álagningin aukin. Upphaflega var gert ráð fyrir, að tekjur af einkasölunni yrðu 200 þús. kr., en nú er útlit fyrir, að þær verði í ár á milli 400 og 450 þús. kr. Þetta eru peningar, sem ríkissjóður getur ekki séð af. Það kann að vera, að sumir segi, að þetta skipti ekki miklu fyrir ríkissjóðinn, þar sem því minna þurfi að leggja fram til atvinnubóta. Ég býst við, að þessir peningar myndi ekki mikla vetraratvinnu, heldur sumaratvinnu. Ég veit ekki til, að það sé sá hugur á byggingum í sveitum, að sérstök þörf sé á því að leggja bygginga- og landnámssjóði fé umfram það, sem hann hefir nú yfir að ráða. A. m. k. í fyrra var sæmilegt samkomulag við Búnaðarbankann um það, að þessum tillögum yrði sleppt um stund. Um verkamannabústaðina er það að segja, að til þeirra var aukið framlag úr ríkissjóði á síðasta ári um helming. Ef nú ætti að taka þessi 400 þús. kr. til þessara hluta, þá væri ekki um það að ræða að halda uppi því, sem áður hefir tíðkazt, heldur stórum aukna viðbót við það, sem hefir verið áður. Atvinnubótavinnu fyrir almenning á að framkvæma að vetrinum, þegar lítið er um byggingar, en ég býst við, að kröfur um slíka vinnu yrðu engu minni, þó að meira yrði byggt í kaupstöðunum en ella, því að atvinnubótavinna er ekki aðallega vegna atvinnuleysis smiðanna. Þeir hafa, þó örðugt sé, margir hverjir getað komizt af án hennar. En hún er vegna þeirra, sem stunda stopula vinnu og ekki geta misst af vinnu viku eða mánuði lengur.

Það er nú svo ástatt með hag ríkissjóðs, að þó að allir skattar, sem nú gilda og eiga að gilda áfram, og þar með taldar þær auknu tekjur, sem ríkið á að hafa eftir þessu frv., að lítil von er um, að það verði minna en milljón króna greiðsluhalli á yfirstandandi ári. Það verður ekki bætt með því að taka 400 þús. kr. til sérstakra byggingarsjóða, og svo peninga til leikhúsbyggingar. Það þarf ekki að segja mörg orð um þetta. En þeir, sem vilja hugsa um afkomu ríkissjóðs, munu fallast á að láta þessi lög framlengjast í öllum aðaldráttum. Hafi verið ástæða til þess í fyrra, þá er hún ekki minni nú, þar sem hlaðið er á ríkissjóð stórum auknum útgjöldum vegna væntanlegra kreppuráðstafana. Þó að ríkissjóður verði látinn halda þessum tekjum, þá verður að þrautpína aðra tekjustofna engu síður.

Hv. 2. þm. S.-M. mun hafa fylgt þessum lögum á síðasta þingi og ekki talið sig þá bundinn af fyrri framkomu. Vitanlega hefir hann ætlazt til þess, að þessar ráðstafanir þyrfti ekki til langframa, en ástandið er nú svo slæmt, að óhjákvæmilegt er að framlengja þetta um eitt ár.

En ég gæti átt tal við menn um 7. liðinn. Hann er ekki svo stórfelldur; þó tel ég óþarft að fella hann niður. Og einnig gæti ég átt tal um það, hvað kosta muni að gera þjóðleikhúsið þannig úr garði, að það liggi ekki undir skemmdum. En um fleiri hluti er ekki vert að tala í þessu sambandi, og sízt það, að sú viðbótarálagning, sem framkvæmd er vegna þess að tekjurnar eiga að renna í ríkissjóð, falli öll í annan farveg en til var ætlazt í fyrra.

Ég vil svo vona, að þetta litla frv. verði samþ. sem breytingaminnst. Það er skylda þeirra manna, sem vilja hugsa um það alvarlega ástand, sem nú er, og það sem ennþá er eftir að hlaða á ríkissjóðinn.

**Jakob Möller:** Ég skal ekki tefja hv. d. lengi. Vil þó sérstaklega út af ummælum hæstv. ráðh. víkja að skemmtanaskattinum. Ég vil vekja athygli á því, að ég efast um, að ríkissjóður fái auknar tekjur af því, þó að skemmtanaskatturinn verði hækkaður um 100%. Það gæti farið svo, að tekjurnar rýrnuðu í stað þess að vaxa. Ég hefi dálítið kynnt mér þetta í tilefni af afstöðu minni til þjóðleikhússins.

Hv. 5. landsk. sagði, að kvikmyndahúsrekstur væri sá mesti stórgróði, sem hér væri um að ræða. Ég veit, að hv. þm. hefir sagt þetta út í bláinn, eða a. m. k. ekki

rannsakað það neitt, hvernig þessi rekstur hefir gengið þessi síðustu ár. Það er að vísu svo, að þessi rekstur heitir að bera sig nokkurn veginn, en það er tæpast hægt að segja meira. Ég hefi athugað þetta út af því, að talað hefir verið um þann möguleika að ljúka byggingunni þannig, að hægt verði að reka þar kvikmyndahús, sem svo gæti unnið fyrir sér og jafnvel aflað sér ágóða, sem gæti gengið til þess að halda áfram byggingunni. Það var í ráði að fara fram á það við Alþingi og hæstv. stj. að veita ríkisábyrgð fyrir láni til þessa fyrirtækis. Og ég geri ráð fyrir því, að þess verði farið á leit. En hvað sem menn segja um þessa byggingu, þá er enginn ágreiningur um það, að henni verði að ljúka og henni verði lokið samkv. þeim tilgangi, sem byrjað var á henni. Það dettur engum í hug að hætta við að byggja leikhúsið; það er aðeins spurningin, hvenær það verður framkvæmt, en ekki hvort það verði framkvæmt.

Mér virðist það hæpið af hæstv. stj. að halda því svo fast fram, að þessi tekjustofn verði lagður undir ríkissjóð, vegna þess að hann er ekki svo stór, að það muni öllu fyrir ríkissjóð, þó að hann missti hann. En þar sem verið er að tala um að taka tekjur frá ríkissjóði og leggja til annara hluta, þá er það að snúa við málefninu, því að sannleikurinn er sá, að þessi tekjustofn hefir verið tekinn frá öðrum hlutum og lagður undir ríkissjóð. Þessar tekjur voru ætlaðar þessari stofnun þegar lögin voru sett, og þær voru alls ekki teknar frá ríkissjóði. Þótt stj. hafi ætlað sér að hækka skattinn til þess að fá auknar tekjur af honum með því móti, er þó hugsanlegt, að þjóðleikhússjóðurinn fengi einmitt að halda sínum tekjum, en ríkissjóður fengi hinsvegar í sinn hlut þann aukningarmismun, sem kemur fram við það, að skatturinn er hækkaður. Ríkissjóður þarf því ekki að verja hreiður sitt af svo miklum áhuga og hæstv. ráðh. gerði, því að ekkert er þessu til fyrirstöðu, að tekjuaukningin verði áskilin til handa ríkissjóði. Ég býst þó ekki við því, að því fáist framgengt, að skatturinn renni aftur til þjóðleikhússins, og ég er svo lítillátur, að ég er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir hans góðu ummæli um það, að svo muni verða gengið frá þjóðleikhúsinu, að það liggi ekki undir skemmdum vegna veðra. Lætur nærri, að sjóðinn vanti ekki nema 30 þús. kr. til þess að hægt sé að ganga svo frá þjóðleikhúsinu, eins og hv. 2. þm. S.-M. sagði, og ég hefi heldur aldrei efast um, að stj. mundi sjá sér fært að leggja í þennan kostnað, hvort sem skatturinn rennur áfram í ríkissjóð eða ekki, og ég þarf auðvitað ekki að taka það fram frekar en ég hefi gert, að mér þætti æskilegast, ef fært þætt, að skatturinn rynni algerlega til þjóðleikhússins aftur.

Enda þótt það kunni að þykja illa fallið, að ég mæli á móti því, að 3. liður frv. verði felldur niður, vegna afstöðu minnar til 2. liðs, sem ég hefi lýst, verð ég þó engu að síður að gera þetta. Hér er um miklu meira fjárhagsatriði að ræða fyrir ríkissjóð en samkv. 2. lið, og hagur ríkissjóðs skerðist meira og tilfinnanlegar við niðurfelling liðsins en þótt hann væri sviptur skemmtanaskattinum. Það er og vitanlegt, að framkvæmdirnar samkv. þessum lið, að því leyti, sem húsbygginga r í kaupstöðum snertir, verða aðallega hér í Rvík, því að hér lendir aðalupphæðin. Hinsvegar er síður en svo, að horfur séu á, að húsnæðisskortur sé hér yfirvofandi, því að til þess eru þvert á móti meiri líkur, að bærinn yfirbyggist og húsnæði verði hér yfirfljótandi í náinni framtíð. Það verður því að telja óheppilegt í meira lagi að vera að ausa fé til bygginga hér í bænum. Ef safna á fé með sköttum og tollum til að byggja fyrir, er og farið út fyrir tilgang l. um verkamannabústaði, því að svo var ráð fyrir gert upprunalega, að sjóðir, sem stofnaðir yrðu samkv. þeim l., störfuðu fyrir lánsfé. Framlag ríkissjóðs átti að renna til þess að borga vaxtamismun. Frá þessari grundvallarreglu er horfið, ef fara á að skattleggja þjóðina í því augnamiði að byggja íbúðarhús handa einstökum flokkum þjóðfélagsins. Er mikill munur á því og að létta undir með þeim, sem erfiða aðstöðu eiga í þessum efnum, með því að veita þeim heppilegri lánskjör en þeir ella hefðu getað fengið. Sama er að segja um byggingar- og landnámssjóð að því er þetta snertir. Hinsvegar vita allir, að erfitt er að fá slíkt lánsfé, sem ætlazt er

til, að verði aðalstarfsfé þessara sjóða, og mundi því starfsemi sjóðanna af þeim ástæðum stöðvast að meira eða minna leyti á næstu tímum, nema þessi nýja stefna sigri, sem hér hefir brytt á, að skattleggja landsmenn til þess að kosta byggingar handa sérstökum flokkum þjóðfélagsins.

Mér finnst það hálf leiðinlegt fyrir hv. 2. landsk. að vera alltaf að minna sína fyrri samherja á hrossakaupin, sem hann gerði við þá út af þessu máli 1931. Hrossakaup eru þess eðlis, að þau eru ekki sérstaklega til þess fallin, að þeim sé hampað, eða að alltaf sé verið að klifa á því, að standa þurfi við þessa gömlu samninga. (**JónasJ:** Á að svíkja hrossakaup?). Það er hvorugum aðilja þessara samninga til sóma að hafa látið hinn aðilann kaupa sig til samninganna. Samkv. áminningum hv. 2. landsk., sem alltaf er að minna framsóknarmenn á þennan gamla samning, keypti hann Framsfl. til þess að koma á tóbakseinkasölunni, en að hinu leytinu á Framsfl. að hafa keypt hv. 2. landsk. til þessa sama. Áður hafa þessir aðilar haldið því fram, að þeir hafi gert þetta af hreinum „princip"-ástæðum, en það kemur nú upp úr kafinu, að þetta var flokkslegt hagsmunamál og ekkert annað.

**Jón Baldvinsson:** Út af þessu frv., sem er eitt af mörgum tekjufrv., sem stj. ber fram, vil ég beina því til Sjálfstfl., hvort það sé orðið samkomulag milli flokksins og stj. að láta öll tekjufrv. stj. ganga fram, svo að þingið missi alls halds á stj. í tekjumálunum. Form. Sjálfstfl. hefir áður gefið yfirlýsingar um það, að flokkurinn mundi binda samþykkt tekjufrv. við lausn stjskrmálsins, en nú heyrist ekkert frá form. Sjálfstfl. um þetta, hvort sem það á að taka sem óbeina yfirlýsingu af flokksins hálfu eða ekki, og enda þótt hv. 1. landsk. eigi sæti í þeirri n., sem fjallaði um þetta mál, en hinsvegar hefir hv. 1. þm. Reykv. tekið að sér að mæla með samþykkt frv., og þó sérstaklega að mæla með því að svipta byggingafélög verkamanna og byggingar- og landnámssjóð þeim styrk til starfsemi sinnar, sem þeim var ákveðinn með l. um einkasölu á tóbaki 1931. Virðist og næsta vel til fallið, að hv. 1. þm. Reykv. taki að sér að firra stj. vanda og óvinsældum út af þessum gripdeildum, því að Reykvíkingar eru mestu sviptir, ef þetta nær fram að ganga. Til verkamannabústaðanna hér rennur mest fé, en hv. 1. þm. Reykv. liggur auðvitað í léttu rúmi, þótt verkamenn séu sviptir þessu. — Hv. þm. lýsti yfir því í þessu sambandi, að hér væri nóg húsnæði og að bærinn væri að yfirbyggjast. Kann hv. þm. að hafa eitthvað fyrir sér í því, að minni eftirspurn sé nú eftir húsnæði hér en venja er, en hv. þm. er ekki vel kunnugur í bænum, ef hann heldur, að verkamönnum og handiðnaðarmönnum gangi vel að fá íbúðir sér við hæfi, því að hér er mikill skortur einmitt á slíkum íbúðum, tveggja herbergja íbúðum með eldhúsi og einhverjum helztu þægindum. Hitt má vera, að eitthvað sé hér til af dýrum íbúðum og að leigan á þeim hafi fallið eitthvað, en ég get hugsað mér, að hv. 1. þm. Reykv. mundi komast að raun um það, ef hann athugaði þetta ofan í kjölinn, að mjög er erfitt að fá hér hæfilegar, ódýrar og góðar íbúðir fyrir hinar vinnandi stéttir í bænum. Hér er því hin brýnasta þörf á, að komið sé upp húsnæði með það fyrir augum, að það það verði ekki of stórt, heldur við hæfi þeirra, sem ekki hafa úr miklu að moða, eins og einmitt verkamannabústaðirnir eru.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði um hrossakaupin, sem stundum tíðkast hér í þinginu, eins og honum væri mjög illa við þau. Var eins og hv. þm. hefði aldrei verið við neina slíka hluti riðinn á æfinni, og halda þó sumir því fram, að hann muni ekki ókunnugastur þeim þætti stjórnmálanna, og ekki hefir það heldur farið dult, að flokkur hv. þm. er reiðubúinn til að gera hrossakaup við stj. út af stjskrmálinu. Annars má hv. 1. þm. Reykv. gjarnan kalla það hrossakaup, að þetta samkomulag varð á milli Framsfl. og Alþfl. á þinginu 1931 um að samþ. tóbakseinkasöluna, en binda tekjur hennar með það fyrir augum, að íhaldsfólkið ætti erfitt með að afnema einkasöluna, ef það skyldi komast til valda aftur, og hún gæti lengi staðið. En þetta breyttist eins og annað eftir að Framsfl. tók upp samvinnu við Sjálfstfl., og má vel vera, að Frams-

fl. jafnvel fallist á það að afnema einkasöluna, ef íhaldið óskar eftir, því að Framsfl. hefir, að ég held, brotið hvern einasta lið í stefnuskrá sinni, svo að þetta væri ekki nema eftir öðru. (**PHerm**: Hefir Alþfl. ekki brotið alla liði í sinni stefnuskrá líka?). Ég skil ekki í þessum brjóstheilindum hjá hv. sessunaut mínum.

Hæstv. forsrh. gat þess, að tekjurnar, sem einkasalan mundi gefa af sér, mundu verða miklu meiri en þingið hefði ráð fyrir gert, ca. 400 þús. þetta ár, í stað 200 þús., sem upphaflega var áætlað. Skal ég ekkert um það segja, hvort þessar auknu tekjur eru að þakka aukinni álagningu, sem þingið samþ. í fyrra, eða einkasalan hefir aukið söluna frá því, sem áður var, svo að meiri ágóði fáist af verzluninni beint. Út frá þessu, að einkasalan gefur meiri tekjur en upprunalega var ætlazt til, sýnist sem ríkissjóður ætti að standa sig við að láta a. m. k. þessar 200 þús. kr. renna til sjóðanna, sem áskilið var, enda skildist mér það jafnvel á hæstv. ráðh., þrátt fyrir allan móðinn, sem í honum var, að hann mundi geta fallizt á, að sjóðirnir yrðu ekki sviptir öllu framlaginu.

Hæstv. ráðh. lét svo um mælt, að menn mættu ekki búast við, að það fé, sem veitt yrði til byggingar verkamannabústaðanna, yrði til að bæta úr atvinnuleysinu, af því að vinnan við byggingu þeirra kæmi út sem sumarvinna, en ekki vetrarvinna. Vil ég út af þessu beina því til hæstv. ráðh., að það, sem gera á í atvinnuleysismálunum, er að framkvæma mikla vinnu, þegar eitthvað verður úr vinnunni, en ekki alltaf að vera að hugsa um þessa vetrarvinnu, sem bæði er þeim mönnum, sem vinnunnar njóta, og því opinbera til minna gagns. Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að atvinnubótavinna þurfi óhjákvæmilega að vera vetrarvinna, og að mínum dómi á að fella niður eitthvað af vinnunni þann hluta ársins, sem erfiðast er um framkvæmdir.

Þá sagði hæstv. ráðh., að iðnaðarmenn og smiðir hefðu hingað til komizt af án atvinnubóta, en sannleikurinn er sá, að byggingar hafa minnkað mjög mikið, svo að fjölmargir iðnaðarmenn, trésmiðir og steinsmiðir, hafa lítið sem ekkert að gera, en hafa bætzt við í hóp atvinnuleysingjanna á eyrinni, og að iðnaðarmenn taka að sér algenga verkamannavinnu, sýnir, hve atvinnuleysið á meðal þeirra er orðið mikið. Það er því ekki rétt, sem hæstv. ráðh. segir um þetta, eins og sjá má af því, sem ég hefi þegar bent á og ekki verður mótmælt.

Hæstv. ráðh. sagði, að ríkissjóður mætti ekki missa af þeim tekjum, sem af bráðabirgðabreyt. leiddi, m. a. vegna væntanlegra kreppuráðstafana, sem myndu hafa stórum aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Nú er að vísu verið að útbýta stóru, miklu frv. frá kreppun. Nd., sem sjálfsagt fer fram á mikil útgjöld úr ríkissjóði, en til þessa hefir kreppumálunum verið heldur dauflega tekið hér á Alþingi. Er langt síðan þm. Alþfl. í Nd. báru þar fram frv. um miklar atvinnubætur auk annara nauðsynlegra kreppuráðstafana, og var frv. vísað til kreppun., sem kosin var með þessi mál fyrir augum. En n. hefir ekkert látið til sín heyra um þetta síðan, svo að enn er ekki sýnilegt, í hverjar ráðstafanir ríkissjóður þarf að leggja þessar háu fjárhæðir, sem hæstv. ráðh. var að tala um. Þær ráðstafanir liggja a. m. k. ekki fyrir í því formi, að hægt sé að tala um þær nú, því að ég geri varla ráð fyrir, vegna hinna daufu undirtekta, sem frv. okkar Alþflmanna hefir fengið, að hæstv. ráðh. eigi við þær ráðstafanir, sem það áformar, þótt ég neiti því ekki, að mér væri gleðiefni, ef svo væri.

Ég skal ekki segja, hvernig fer um þennan 3. lið 1. gr. við atkvgr. Ég býst þó við því, að samfylkingin hér í d. sé búin að koma sér niður á eitthvað til að samþ., en ég vænti þess, að hæstv. ráðh. verði til viðtals, eins og hann stundum segir, um það, hvort hann muni ekki geta a. m. k. fallizt á að láta eitthvað af tekjum einkasölunnar ganga til verkamannabústaðanna og byggingar- og landnámssjóðs, og þá helzt ekki lægri upphæð en upprunalega var gert ráð fyrir, 200 þús. kr. Fengi ríkissjóður þá að sínu leyti meira en gert var ráð fyrir upphaflega, en sjóðirnir væru ekki með öllu sviptir því fjárframlagi, sem þeim var áskilið. En um þetta má tala frekar við 3. umr., ef svo skyldi fara, að liðurinn yrði ekki felldur niður úr frv., eins og ég fastlega vona, að verði.

**Jakob Möller:** Þegar ég stóð upp áðan, var það ekki til annars en að gera grein fyrir atkv. mínu, og er það því hreinn misskilningur hjá hv. 2. landsk., ef hann heldur, að á bak við þessi fáu orð, sem ég sagði, hafi staðið einhver dýpri pólitík, eða um samband á milli þeirra og einhverra samninga í stjskrmálinu gæti verið að ræða. Ég er vanur að taka afstöðu til hvers máls eins og það liggur fyrir við hverja umr. um sig, án þess að taka tillit til, hvernig um málið kann að fara við lokaatkvgr. við 3. umr.

Þar sem ég hefi lýst afstöðu minni til 2. liðs, þótti mér rétt að gera einnig grein fyrir atkv. mínu um 3. lið, því að ég þóttist vita, að sú afstaða mín myndi sæta gagnrýni af hv. 2. landsk. og hans líkum. Hann tók líka svo til orða, að ég væri hér að slá hendi á móti vænni visk handa Reykjavík, og myndi fá óþökk kjósenda að launum. En hann gætir þess ekki, að þeir, sem verða að borga þessa vænu visk, eru Reykvíkingar sjálfir. Ef ríkið er svipt þessum tekjustofni, verður að afla fjárins annarsstaðar, og fá þá Reykvíkingar að greiða bróðurpartinn, ef að vanda lætur. Spurningin er því aðeins sú, hvort það sé heppileg aðferð að leggja fé í sjóð til að byggja hús, sem ekki er þörf fyrir, og verða svo á eftir að íþyngja þrautpíndum gjaldendum með nýjum skattaálögum. Ég vil svara því neitandi. Hv. 2. landsk. vefengdi, að rétt væri, að húsnæðisskortur væri að hverfa úr sögunni hér í Reykjavík. Hann hélt því fram, að hér væri enn skortur á vissri tegund íbúða, tveim herbergjum og eldhúsi. Á þeim íbúðum taldi hann algerðan skort. Mér er kunnugt um, að þessi staðhæfing er algerlega röng. Ég hefi náið samband við þá menn, sem eiga að sjá allra fátækasta fólkinu í bænum fyrir húsnæði, að þeir telja engin tormerki á því að fá slíkar íbúðir. Mér er líka kunnugt um það af sambandi mínu við blað það, sem mest flytur af húsnæðisauglýsingum, að framboð á slíkum íbúðum er mjög mikið nú orðið. Hv. 2. landsk. þýðir ekkert að mótmæla þessu. Ef nóg er af stórum íbúðum, verða þær ekki lengi látnar standa auðar, heldur breytt í smærri íbúðir. Fjármálaspeki hv. 2. landsk. er sú, að leggja fé í sjóð til óþarfra hluta og ganga svo að gjaldendunum, til að afla ríkissjóði tekna í staðinn. Þessu get ég ekki fylgt, sízt sem þm. Reykv.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég hefi ekki mörgu að svara. Ég hefi sýnt fram á, að ríkissjóður þarf þessar tekjur vegna ríkisrekstrarins sjálfs. Allar þær sömu ástæður og voru fyrir þessu í fyrra, eru fyrir hendi nú, svo að þeir, sem töldu rétt þá, að ríkissjóður nyti þessara tekna, hljóta að vera á sömu skoðun nú.

Hv. 2. landsk. hafði enga ástæðu til að segja, að Framsóknarflokkurinn væri búinn að semja um afnám tóbakseinkasölunnar. Ég tók einmitt fram, að ríkið gæti ekki verið án þeirra tekna, sem þessi stofnun gefur af sér. Hv. þm. sagði, að atvinnubótum ætti að haga svo, að sem mestur arður yrði af þeim. Þetta er alveg rétt, en þess er að gæta, að hér horfir þetta mál öðruvísi við en í iðnaðarlöndunum. Hér er atvinnuleysið einkum bundið við eina árstíð, veturinn, að þá verður að hjálpa þeim, sem bágast eiga, jafnvel þótt vinnan gefi ekki fullan ágóða í aðra hönd. Hitt er varhugavert, að keppa við atvinnuvegi landsmanna með atvinnubótum á sumrin, þegar atvinnuleysið er lítið eða ekkert í landinu. Atvinnubótavinna er jafnan neyðarúrræði, sem hverri stj. er skylt að halda niðri, ef slíkt má verða án tjóns fyrir þjóð og einstaklinga. Ég hefi ávallt verið hlynntur nauðsynlegum atvinnubótum, en ég get ekki fylgt því á slíkum vandræðatímum að fleygja fé úr ríkissjóði vegna hluta, sem vel geta beðið.

**Ingvar Pálmason:** Hæstv. fjmrh. sagði, að ég og aðrir, sem hefðu greitt atkv. með því í fyrra, að tekjur tóbakseinkasölunnar rynnu í ríkissjóð, hlytu að gera hið sama nú. Ég er á öðru máli. Í fyrra var um það eitt að ræða, að tekjur þessar rynnu í ríkissjóð frá 1. júlí 1932 og fram á þetta ár, og séð fyrir því, að hlutaðeigandi stofnanir misstu ekki tillögin nema að nokkru leyti. En nú lítur út fyrir, að eigi að stefna að því, að þessar tekjur renni framvegis að öllu leyti í ríkissjóð. Þetta tel ég ekki vera rétt, því að ég álít í fyrsta lagi, að hér sé verið að ganga á samkomulag þeirra flokka, er samþ. tóbakseinkasöluna, og í öðru lagi af því,

að ég álít, að stofnanirnar þurfi teknanna við. Ég get því alls ekki fallizt á, að ég sé bundinn við að greiða þessum lið atkv. nú, þótt ég gerði það í fyrra, þar sem gengið er töluvert lengra í þessu frv. og allt bendir til þess, að hér sé um framtíðarráðstöfun að ræða.

Ég skal ekki blanda mér inn í deiluna um það, hvort hætta sé á húsnæðisskorti í bænum eða ekki. En þeim mönnum, sem koma hingað og dvelja hér stuttan tíma, kemur ástandið svo fyrir sjónir, að framboðið geti ekki verið mjög mikið. Við þm. munum t. d. fæstir borga undir 60 kr. fyrir eitt herbergi. (**JakM:** Það er svona þrefalt meira en hægt er að fá herbergi fyrir). Ekki þykir mér það trúlegt, því að ég veit dæmi þess um persónur, sem ætla bráðum að stofna heimili, að lægsta leigutilboð í húsnæði, sem þau hafa getað fengið, er 90 kr. á mánuði fyrir eina stofu og eldhús. Og ég veit um aðra fjölskyldu, sem hefir svipaða sögu að segja. Svona lítur þetta út í augum ókunnugra, og ég veit, að áþekk dæmi er hægt að fá staðfest með vitnisburði manna hér í þingsalnum.

Mér þótti leiðinlegt að heyra það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um hrossakaup. Hann kallaði þau óheiðarlega verzlun. Í eiginlegri merkingu hafa þau jafnan verið talin heiðarleg, og hvað sem um þau má segja í óheiðarlegri merkingu, hefir þó ávallt þótt heiðarlegt að standa við þau. Ég mun því verða varfærinn í slíkri verzlun við hann, en ég skammast mín ekkert fyrir að segja það, að þegar ég hefi lofað einhverju máli stuðningi *mínum*, tel ég mig bundinn við það loforð, jafnvel þótt það sé kallað hrossakaup. En ég vona, að hv. 1. þm. Reykv. hafi ekki meint þetta, því að vel getur verið, að hann lendi í einhverri verzlun hér á þinginu.

**Jón Þorláksson:** Það hefir verið spurt um mína afstöðu til málsins. Hún er sú, að ég mun greiða atkv. með öllum liðum 1. gr. til 3. umr., en hefi þá óbundnar hendur. Ég álít sjálfsagt, að lagt verði fé til að fullgera þjóðleikhúsið að utan, ekki vegna þess, að hér sé um gróðafyrirtæki að ræða, heldur af því, að húsið liggur að öðrum kosti undir skemmdum. Ég skal játa, að það er mikil freisting fyrir okkur sjálfstæðismenn að greiða atkv. gegn 3. lið 1. gr. Þegar tóbakseinkasalan var stofnuð, voru þau rök, sem raunar voru röng, færð fyrir þeirri ráðstöfun, að þetta ætti að vera ríkissjóði til tekjuauka. Þessi rök voru röng af því, að það hafði sýnt sig, að tollur í frjálsri verzlun hafði reynzt ríkissjóði miklu tekjudrýgri. En áður en frv. um tóbakseinkasöluna verður að lögum, setja stuðningsmenn þess inn í það ákvæði, sem raunverulega sviptir ríkissjóð þessum tekjum. Lögin leiddu því til mikillar skerðingar á tekjum ríkissjóðs, og það er engin von til þess, að nokkur fjmrh. uni því, að þessi samningur Framsfl. og Alþfl. verði haldinn. Ef þingið héldi áfram að neita ríkissjóði um þessar tekjur, hlyti það óhjákvæmilega að leiða til þess, að tóbaksverzlunin yrði lögð niður. Það er því hörð freisting fyrir Sjálfstæðisfl. að segja nei, þegar stj. fer fram á að gefa tóbakseinkasölunni líf með því að rjúfa hinn gamla samning, sem tóbakseinkasalan er fædd og skírð upp á. Ég sé þó ekki ástæðu til að nota þetta tækifæri til að knýja fram afnám tóbakseinkasölunnar, því að ég veit, að heilbrigð skynsemi á svo skammt til sigurs, að þetta endemisfóstur verður bráðlega lagt í sömu gröf og systir þess, gamla tóbakseinkasalan.

**Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég held, að hv. 1. þm. Reykv. geri ráð fyrir meiri sljóleika hjá hv. þdm. en sæmilegt er, er hann heldur því fram, að ekki sé gróðavegur að reka hér kvikmyndahús. Stórhýsin tvö, sem kvikmyndir eru sýndar í hér, hafa borgað sig upp á fáum árum, enda er það ljóst, þegar litið er á aðsóknina og verð á aðgöngumiðum, að hér er um gróðafyrirtæki að ræða. Brtt. *mín* miðar að því, að þjóðleikhúsið megi einnig græða nokkurt fé á þennan hátt og auk þess fullnægja skemmtanaþörf borgaranna.

Hér hefir verið mikið rætt um 3. liðinn. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þær tekjur, sem þar ræðir um, hefðu verið teknar af ríkissjóði með hrossakaupum. Þetta er ekki rétt hjá þessum hv. þm., því að hér liggur fyrir lögfest samkomulag, staðfest af kónginum. Annarsvegar eiga tvær

stéttir starfandi manna í landinu hlut að máli og hinsvegar ein stétt, sem hafði ágóða af því að verzla með tóbak, sem hún hefði getað byggt „villur" fyrir, ef hún hefði fengið að halda honum. En hvarvetna annarsstaðar mun litið svo á, að réttara sé að reisa hús yfir starfsfólkið í landinu heldur en dýrar stórbyggingar yfir einstakar fjölskyldur ríkra manna. Ríkissjóður hefði orðið jafnfátækur, þótt kaupmennirnir hefðu tekið gróðann af tóbaksverzluninni, en það er ekki annað en hann, sem ganga á samkv. lögum til bygginga yfir fátækt iðjufólk í landinu.

Út af ummælum hæstv. fjmrh. vil ég segja það, að enginn ber brigður á, að ríkissjóður þurfi peninga við og muni þurfa meiri, en það er enginn sem segir, að þessa peninga megi ekki fá á annan hátt en þennan. Hverskonar óhóf í landinu mætti skattleggja, en um það hefir hæstv. ráðh. ekkert frv. borið fram, heldur kemur tekjujöfnuðurinn fram á þeim fátækustu, sem búa í hálfhrundum bæjum í sveitum og kjallaraholum og þakherbergjum í Reykjavík, heilsu og menningu til niðurdreps, meðan ríku mennirnir í „villunum" lifa í óskattlögðu óhófi. Hæstv. stj. og hennar vinir mega vera þess viss, að það kemur hljóð úr horni, ef svipta á fólk þeim endurbótum á húsakynnum, sem heilsan krefst og lofað hefir verið með lagasamþykkt.

Við vorum hér í gær að samþ. við 2. umr. frv. um að hjálpa háskólanum til þess að fá peninga upp í byggingarkostnað af vissri óhófseyðslu. Ég álít það þarft og gott verk að ráðstafa þannig til gagnlegra hluta innanlands því fé, sem annars færi að miklu leyti út úr landinu. En þó þörf háskólans á byggingu sé mikil, þá mun engu síður vera þörf á að byggja yfir starfsfólkið í landinu. Það mun ekki hallast á um ómöguleikann á því að komast hjá því að bæta úr húsnæðisþörfinni, hvort sem litið er til háskólans, verkalýðsins við sjóinn eða bændanna.

Ef það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að hér í Rvík sé ekki þörf á að byggja smáíbúðir, vegna þess að svo mikið húsnæði sé laust í bænum, þá hlýtur mjög mikil breyt. að hafa orðið á síðan þetta mál var rannsakað síðast. Þá var einn þriðji af öllum þeim íbúðum, sem starfsfólkið í bænum bjó í, þannig, að þær urðu að teljast ómögulegar. Það getur verið, að það sé rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að menn séu komnir í vandræði með eitthvað af stóru íbúðunum. En ég hefði gaman af að sjá, hvað margar smáíbúðir eru lausar, íbúðir, sem eru svipaðar íbúðum verkamannabústaðanna. Ég býst við, að það yrðu nokkuð margir lysthafendur, ef jafnódýrar íbúðir og þar eru væru á boðstólum. En hv. 1. þm. Reykv. telur sig e. t. v. þm. fyrir „villu"hverfin fyrst og fremst, og er það sennilega rétt, að þar vanti ekki íbúðir. Hv. þm. telur líklega, að sér komi ekki bændur né verkamenn mikið við nú sem stendur. Það er ekki nema liðugt ár síðan hann vildi í hinu heiðraða blaði sínu setja viðskiptabann á bændur hér austanfjalls, ef þeir höguðu sér ekki eins og „villu"eigendurnir vildu. Sem betur fór varð ekkert úr því, en uppástungan sýndi, að ekki var sterkur samúðarstrengur þarna á milli.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. þm., sem nú lauk máli sínu, er vel kunnugt um það, að stj. ætlaði a. m. k. í lengstu lög að láta ógert að flytja ný tekjuaukafrv. vegna ríkisrekstrarins, þó erfiðlega horfi nú, önnur en þau, sem flutt eru í sambandi við kreppuráðstafanirnar. Þau eiga að fylgja hinum kreppufrv. og mun verða útbýtt á morgun, þeim sem ekki koma í dag.

Veitingaskatti er stj. hlynnt, og vill þó hafa hann hærri en gert er ráð fyrir í í frv. hv. þm.

Það er ekki um það að ræða hérna, að taka þessa tóbakspeninga frá óhófi eða óþarfaeyðslu og setja þá til annars. Það má segja, að þeir séu teknir af óþarfaeyðslu, en þeir renna ekki í neinn óþarfa eða óhóf, þó þeir renni í ríkissjóð. Þeir renna til þeirrar höfuðnauðsynjar, sem fyrst og fremst verður að hafa í huga nú, að gera sem minnstan tekjuhalla ríkisins. Ég hygg, að ekki sé hægt að segja, að þeir menn séu á móti verkamönnum og bændum, sem eitthvað hugsa um þá miklu þörf alþjóðar.

**Jón Baldvinsson:** Hv. sessunautur minn (JakM) sagði, að það væri rangt,

sem ég hélt fram, að það væri skortur á vissri tegund íbúða hér í bænum. Ég fullyrði engu að síður, að það vantar íbúðir, sem eru við hæfi tekjuminnsta fólksins, verkamanna, sjómanna og fátækra iðnaðarmanna, enda játaði eiginlega hv. þm. í lok ræðu sinnar, að svo væri. Hann sagði fyrst, að hvergi væri skortur á neinni tegund íbúða. En hann bætti svo við, að það væri verið að breyta stórum íbúðum í smærri íbúðir. Í því felst játning á því, að það vanti smáíbúðir. Enda er það svo, því flest hús, sem hér hafa verið byggð á undanförnum árum, hafa verið sniðin til íbúðar handa einni fjölskyldu. Hafa í hæsta lagi eitt eða tvö herbergi verið ætluð til að leigja einhleypingum. Húsum, sem upphaflega eru ætluð einni fjölskyldu, verður ekki auðveldlega né haganlega breytt í margar smærri íbúðir. Og þó það sé gert, verður það alltaf mjög klúðurslegt, og á þann hátt fást aldrei eins ódýrar og hentugar íbúðir eins og ef húsin eru upphaflega byggð með það fyrir augum, að þau séu við hæfi verkalýðsins. Enda hefir komið fram við þessa umr., að erfiðleikar geta verið á því að fá hentugar smáíbúðir, m. a. af því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði um það, hvað einstakir menn þyrftu að borga fyrir herbergi. Hann er gestur hér í bænum, og sagt er, að glöggt sé gests augað. Mun hann því hafa séð betur en sumir aðrir, að hér er einhverju ábótavant. Held ég, að hv. 1. þm. Reykv. standi mjög höllum fæti í þessu máli.

**Jakob Möller:** Mér þykir vænt um, að við hv. 2. landsk. erum orðnir sammála um það, að ekki sé skortur á neinni tegund íbúða hér í bænum. Hv. þm. gekk nefnilega alveg inn á þetta í síðustu ræðu sinni. Hann hélt aðeins fram, að þessar tveggja herbergja íbúðir, sem verið væri að gera úr stærri íbúðum, væru ekki eins hentugar eins og hægt væri að gera smáíbúðir í nýjum húsum. Það kann að vera rétt. En ég held því fram, að á slíkum tíma sem nú er sé það beinlínis „luxus", ef ríkissjóður fer að leggja fé í sjóð til þess að byggja íbúðir, sem nóg er til af áður, aðeins vegna þess, að þær gömlu eru ekki eins hentugar. Slíkt er „luxus", sem við höfum ekki efni á eins og nú standa sakir. Ef hægt er að komast af með þær íbúðir, sem til eru, mun þingið eitthvað þarfara hafa að gera við fé ríkissjóðs heldur en kasta því í þann óþarfa að byggja íbúðir, sem nóg er til af.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. talaði um, að glöggt væri gests augað, hefi ég ekki annað að segja en það, að ég treysti nú betur augum þeirra manna, sem hér eru þaulkunnugir, hafa alltaf samgang við fólkið í bænum og þekkja leigumálana, heldur en jafnvel hinu glögga gestsauga hv. 2. þm. S.-M.

ATKVGR.
1. gr. 1 samþ. með 10:1 atkv.
1. gr. 2 samþ. með 10:3 atkv.
1. gr. 3 samþ. með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónJ, MT, PHerm, PM, BSn, EÁrna, GL, HSteins, JakM, GÓ.
nei: JónasJ, IP, JBald.
Einn þm. (JónÞ) fjarstaddur.
1. gr. 4 samþ. með 10:1 atkv.
1. gr. 5 samþ. með 10:1 atkv.
1. gr. 6 samþ. með 11:1 atkv.
1. gr. 7 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónJ, MT, PHerm, PM, EÁrna, HSteins, GÓ.
nei: JónasJ, BSn, GL, IP, JakM, JBald,
Einn þm. (JónÞ) fjarstaddur.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 5, 469).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 469. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég hefi leyft mér að flytja brtt. við síðasta lið frv. og leggja það til, að minnka þann hluta, er renni í ríkissjóð af tekjum þeim, er ræðir um í l. um menningarsjóð. — Það var reyndar auðheyrt við 2. umr. þessa frv. hér í hv. deild, að þdm. voru því velviljaðir, að ekki yrði gengið mjög hart að menningarsjóði um gjöld í ríkissjóð.

En síðan hefir þó komið fram nýtt atriði, sem er þess valdandi, að ég flyt þessa brtt. Hæstv. kennslumálaráðh. hefir verið að undirbúa það, að stjórn menningarsjóðs keypti náttúrugripasafn Guðmundar heitins Bárðarsonar. En stjórn sjóðsins telur sig ekki geta það vegna fjárskorts. Það er upplýst, að tekjur menningarsjóðs hafa minnkað mjög, eða um helming, niður í 30 þús. kr., og því er svo skv. l. skipt í þrjá staði. Ég hefi því leyft mér að bera fram þessa till., er hækkar tekjur sjóðsins, en að jafnframt sé sjóðnum lögð sú kvöð á herðar að kaupa umrætt náttúrugripasafn. Ég hygg, að safnið sé gott og að mikils virði sé fyrir ríkið að eignast það. Að sögn hafa útlendingar augastað á að eignast safnið. Hefi ég heyrt, að British Museum hafi spurzt fyrir um það. Ef till. mín verður samþ., mun sjóðsstjórnin fús að taka til athugunar kaup á safninu. Ég hefði að vísu helzt óskað, að menningarsjóður mætti njóta tekna sinna óskertra. En þótt svo sé, þá hefi ég samt ekki viljað ganga lengra en till. þessi ber með sér.

**Jakob Möller:** Ég vil leyfa mér að lýsa fyrir hv. þdm. brtt., es ég mun bera fram. Fyrst hv. 5. landsk. hefir borið fram brtt. við 7. lið og lækkað um helming tillagið til ríkissjóðs, þá þykir mér rétt að stíga skrefið til fulls og leggja það til, að tekjurnar renni óskiptar til menningarsjóðs, enda ekki um svo mikið að ræða, að það taki að skipta því. Ég leyfi mér því að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. þess efnis.

**Forseti (GÓ):** Mér hefir borizt svohljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 1. þm. Reykv.

„Við 1. gr. 7. tölul. Liðurinn falli niður".

Þessi till. er skrifleg og of seint fram komin. Vil ég því leita afbrigða um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 475,II) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Jón Baldvinsson:** Ég vildi líka koma með brtt., en þetta mál gengur svo röskleg áfram, að það er dag eftir dag til umr. Sú till., sem ég vildi koma með, er við 3. lið. Þetta efni var nú rætt allýtarlega við 2. umr., og skildist mér þá á hæstv. fjmrh., að við hann mætti tala um slíka breyt. á þessum lið. Í till. er gert ráð fyrir, að 200 þús. kr. af tekjum tóbakseinkasölunnar renni svo sem áður var til byggingar- og landnámssjóðs og byggingarfélags verkamanna, 100 þús. kr. til hvors. Vil ég vænta þess, að deildin leyfi þessari till. að komast að og að hæstv. fjmrh. gangi inn á hana.

**Forseti (GÓ):** Mér hefir borizt svohljóðandi skrifl. brtt. frv. hv. 2. landsk.:

„Við 1. gr. 3. tölul. Aftan við liðinn bætist: Þó skulu 200 þús. krónur af tekjum tóbakseinkasölunnar renna árið 1933 og 1934 til sjóða þeirra, er um ræðir í 4. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, 100 þús. kr. til hvors.".

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 475,I) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það liggur í hlutarins eðli, að ég get ekki stutt brtt. hv. 2. landsk. Þessar upphæðir muna of miklu fyrir ríkissjóðinn til þess að hægt sé að sleppa þeim. Ég held því fast við það, sem ég sagði um þetta atriði við 2. umr. Hinar brtt., sem hér liggja fyrir, eru svo smáar, að ég sé ekki ástæðu til þess að gera þær að umtalsefni.

ATKVGR.

Brtt. 475,I felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JónasJ, GL, IP, JBald.

**nei:** JónÞ, MT, PHerm, PM, BSn, EÁrna, HSteins, JakM, JónJ, GÓ.

Brtt. 475,II felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JónasJ, PHerm, PM, BSn, IP, JakM, JBald.

**nei:** MT, EÁrna, GL, HSteins, JónJ, JónÞ, GÓ.

Brtt. 469 samþ. með 8:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 476).

Á 62. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 476, n. 551).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

---

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Ég vísa til nál. á þskj. 551 um það, að n. mælir með, að frv. sé látið ganga fram, enda þótt hún sé ekki allskostar ánægð með einstök atriði þess.

Ég skal geta þess, sem menn hafa sjálfsagt tekið eftir, að aðeins 4 nm. hafa skrifað undir nál., og er það af því, að einn nm. var forfallaður sökum veikinda, og hefir hann því að sjálfsögðu óbundið atkv. um frv.

Annars þarf ég ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Það er að mestu leyti eins og frv., sem var samþ. af Alþingi í fyrra, en náði þá aðeins til þess líðandi árs, en hér er farið fram á framlengingu til eins árs.

Frv. var borið fram í Ed. og var samþ. þar óbreytt að mestu leyti, aðeins gerð sú breyt. á 7. tölul., að í staðinn fyrir ¼ af tekjum menningarsjóðs — eins og ákveðið var í fyrra — skuli nú aðeins ⅛ renna í ríkissjóð. Einnig var því bætt við, að sjóðnum sé skylt að kaupa náttúrufræðisafn Guðmundar Bárðarsonar eftir mati þriggja manna, er stj. tilnefnir.

Það, sem fjhn. hafði helzt að athuga við frv., var það, að nm. þótti ekki full ástæða til eins og nú er komið að samþ. 5. tölul. frv., sem er þess efnis að fresta framkvæmd 12. gr. l. um breyt. á jarðræktarlögunum, en það er styrkur til garðræktar. Það er dálítið hjáleitt að fresta slíkri framkvæmd á sama tíma og verið er að reyna að efla landbúnað á allan hátt og gera hann sem fjölbreyttastan. N. þótti ekki heldur full ástæða til að draga undan svo mikið sem gert er í 7. tölul. frv., virtist jafnvel of langt gengið í því í fyrra.

En þótt n. sé ekki fyllilega ánægð með þessi 2 atriði, þá telur hún að svo komnu ekki ástæðu til að hefja ágreining um málið, en einstakir nm. hafa óbundnar hendur um breyt. á einstökum atriðum þess, ef brtt. koma fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:1 atkv.

2. gr. samþ. með 17:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

---

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 616).

---

## 19. Lántaka til vega- og brúargerða.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir** (stjfrv., A. 24).

Á 4. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Það kann að þykja nokkur nýjungagirni, að bera fram breyt. við brúarlögin, er sett voru í fyrra. En frá ýmsum héruðum hafa borizt eindregnar óskir um, að veitt sé heimild um lántöku til brúargerða, eins og gert var 1919, til að byggja nýjar brýr. Hér er farið fram á, að ríkissjóði sé heimilt að taka að láni hjá sýslu- og sveitarfélögum allt að 60 þús. kr. á ári í fjögur ár, með vöxtum er séu ½% hærri en hæstu innlánsvextir í Landsbankanum. Áður voru þessir vextir 6%, en réttara hefir þótt að binda þá við

vexti Landsbankans á hverjum tíma, og hafa þá þó nokkuð hærri, vegna þess að lánin eru bundin í nokkur ár. Ef þetta frv. nær ekki fram að ganga, hlýtur að koma afturkippur í brúargerðir, þar sem augljóst er, að ríkissjóður er nú ekki megnugur að leggja fram neitt svipað og undanfarið í því skyni. Hinsvegar má vænta lánsframboða frá sýslu- og sveitarfélögum í peningum, og þó einkum vinnu, sbr. Þverárbrúna og loforð til brúar á Markarfljót. Ég vil jafnframt benda á, að beinn sparnaður getur verið að því, að stj. hafi slíka heimild. Það kemur oft fyrir, að Alþingi sér sér ekki fært að veita fé nema til einnar brúar í héraði, en hún kemur ekki að fullum notum fyrr en önnur brú er byggð á sama veginum, þótt ekki sé fé fyrir hendi í ríkissjóði, eða fjárveiting til þess að gera báðar brýrnar samtímis. Lántökuheimild gæti orðið til þess, að báðar brýrnar yrðu byggðar samtímis, og yrði að því bæði vinnu- og efnissparnaður. Sama timbrið mætti þá nota við báðar brýrnar, afgangar nýttust betur og ferðakostnaður sparaðist.

Vil ég mælast til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 13 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 388).

**Frsm. (Halldór Steinsson):** Þetta frv. er stjfrv., og með því á að heimila stj. að taka lán hjá sýslu- og sveitarfélögum, með ábyrgð ríkissjóðs, allt að 60 þús. kr. á ári í 4 ár, 1933—1936, og verja þeim upphæðum til brúargerða.

Tilefni þessa frv. mun vera það, að í 2 síðustu ár hefir vegna fjárskorts ríkissjóðs mun minna verið unnið að brúargerðum eins og öðrum framkvæmdum heldur en undanfarin ár. Hinsvegar er þörf fyrir slíkar framkvæmdir mjög aðkallandi, enda er áhugi manna í sumum héruðum svo mikill, að þeir hafa sjálfir lagt fram talsvert mikið fé til brúargerða. Má segja, að á síðasta þingi hafi verið gengið inn á þessa braut, þar sem þá var samþ. að taka að láni allmikið fé, sem Rangæingar höfðu safnað til brúargerðar á Þverá, og nú munu þeir hafa safnað allmiklu fé til að brúa Markarfljót. Og það er víðar en í Rangárvallasýslu, sem menn hafa áhuga fyrir þessum málum, og er þar víða fé fyrir hendi, sem stj. gæti fengið að láni til þessara framkvæmda, ef hún aðeins hefði heimild til þess.

N. virtist þess vegna að þetta frv. stefndi í rétta átt, en virtist aðeins, að það gengi ekki nógu langt, og leggur því til að heimila stj. að taka að láni allt að 300 þús. kr. í 3 ár.

Önnur aðalbreyt., sem n. vill gera á frv., er sú, að stj. megi einnig taka slík lán til vegagerða. Það má segja, að mjög svipað standi á um brúargerðir og vegagerðir. Þessar framkvæmdir haldast víða í hendur, og er víðast þörf fyrir þær jöfnum höndum. Og í nokkrum stöðum hér á landi hefir verið hafin fjársöfnun í þessu skyni, eftir því sem vegamálastjóri hefir tjáð n. N. álítur því, að rétt sé, að stj. fái einnig heimild til að taka slík lán til vegagerða.

Þá þótti n. ekki rétt að binda þessi lán við sýslu- eða sveitarfélög, heldur aðeins við það, að lánin séu innanlandslán. Það getur oft staðið svo á, að sveitar- eða sýslufélag geti ekki veitt lán í þessu skyni, en aftur á móti séu einhverjir aðilar innan eða utanhéraðs, sem gjarnan vildu leggja þetta fé fram.

Í frv. stendur, að vextir af þessum lánum skuli vera ½% hærri en hæstu innlánsvextir í Landsbankanum, en n. vill fastákveða, að þeir skuli vera 5½%. N. þótti tryggara, að vextirnir væru fastákveðnir, til þess að þessi lán fremur fengjust. Hinsvegar getur þetta ekki vermikil áhætta fyrir ríkissjóð, þar sem lánin eiga að endurgreiðast á svo stuttum tíma.

Þá leggur n. til, að fyrirsögn frv. verði breytt, og leiðir það af sjálfu sér, ef hinar brtt. verða samþ.

Þá vil ég að lokum fyrir hönd nefndarinnar óska þess, að frv. verði samþykkt með þeim breyt., sem n. hefir borið fram við það.

ATKVGR.
Brtt. 388,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 388,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um heimild til lántöku til vega- og brúargerða.**

---

Á 52. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 414).

**Jón Jónsson:** Á þessu frv. urðu, að till. samgmn., talsverðar breyt. við 2. umr. Bæði var lántökuheimild ríkissjóðs hækkuð upp í ½ millj. kr., 200 þús. til vegagerða og 300 þús. kr. til brúargerða. Hefir það sjálfsagt verið meining n. að ýta undir framkvæmdir sveitamanna á þessu sviði. En jafnframt var því slegið föstu, að vextir af þessum lánum skyldu vera 5½%. En í frv. stj. hafði verið tiltekið, að þeir skyldu vera ½% hærri en hæstu innlánsvextir í Landsbankanum. Mér finnst nú, að með þessari breyt. á frv. sé gengið inn á nokkuð athugaverða leið. Að vísu má telja það æskilegt, að framkvæmdir á þessu sviði geti orðið örar. En þó er vafasamt, hversu langt á að ganga að auka skuldir ríkissjóðs á þennan hátt. Miklu æskilegra en stofnun nýrra skulda er það, að ríkissjóður geti lagt fram hæfilega upphæð til þessara hluta í hvert sinn, einkum þar sem töluvert mikið hefir verið gert á þessu sviði. Ég játa að vísu, að það er mikil freisting að gera sem fyrst það, sem ógert er. En mér finnst þó ekki ósanngjarnt, að þau héruð, sem njóta þeirra framkvæmda, sem heimilast með þessum l., leggi fram fé með sæmilega góðum kjörum. Nú er það svo, að atvinnuvegunum er brýn þörf á því, að vextir lækki, ef rekstur þeirra á að geta borið sig. Er frv. um það fyrir þinginu og ætlunin sú, að það komist í framkvæmd. Er því ekki rétt að samþ. neitt, sem fer í bága við þá stefnu, enda var þessa gætt í frv. stj. Vildi ég færa þetta til hins fyrra horfs og leyfi mér því að bera fram skrifl. brtt., sem ég mun afhenda hæstv. forseta. Ég hefi þá gengið það á móti n., að í stað þess að í stj.frv. var ákveðið ½%, þá hefi ég lagt til, að vextirnir séu allt að 1% hærri en venjulegir innlánsvextir í Landsbankanum.

**Forseti (GÓ):** Mér hefir borizt svohljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 3. landsk.: (Sjá þskj. 424).
Þessi brtt. er skrifleg og of seint framkomin, og verður því að leita afbrigða fyrir hana.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Frsm. (Halldór Steinsson):** Tilgangur samgmn. með því að fastákveða vexti af þessum lánum 5½% var sá, að örva menn í héruðum landsins að veita lán til þessara framkvæmda. Ef upphæð vaxta yrði mjög á reiki næstu árin, eins og útlit er fyrir, þá óttaðist n., að það mundi draga mjög úr því, að menn lánuðu til þeirra framkvæmda, sem hér er gert ráð fyrir, og að það mundi draga mjög úr gagnsemi l., ef ekki væru fastákveðnir sæmilega háir vextir á þessum lánum. Ég get heldur ekki séð, að þetta mundi muna ríkissjóð miklu, þar sem um lán til einungis 6—8 ára er að ræða, þótt einhverju litlu munaði frá því, sem ákveðið var í stj.frv. Og enn minna munar það þó eftir brtt. hv. 3. landsk., sem ákveður vextina 1% hærri en Landsbankavexti. Ég held því, að hér sé orðið um þá smámuni að ræða, að ekki taki að breyta frv. þess vegna, en hinsvegar aðgengilegra fyrir þá, er lána fé, að eiga von fastákveðinna vaxta. Ég segi þetta þó eingöngu fyrir mig. N. hefir enga aðstöðu haft um að taka afstöðu til skrifl. brtt. Teldi ég því réttara, að hæstv. forseti tæki málið út af dagskrá að þessu sinni, svo n. gæfist kostur á að taka þetta atriði til nýrrar yfirvegunar.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég get verið samþ. þeirri breyt., sem frv. hefir tekið, að hækka lánsheimildina og ákveða hana með heilum og rúmum tölum, þar sem á bak við liggur jafnhliða samgöngubótum, að þetta verði einskonar kreppuráðstöfun í atvinnuleysinu. Ég álíti þetta

fyrirkomulag að því leyti hentugra og heppilegra en eins og það var í stj.frv. En hinsvegar verð ég að taka undir með hv. 3. landsk. um það, að ég kann betur við, að upphæð vaxtanna af lánum þessum verði miðuð við almenna innlánsvexti í landinu. Nú er frv. fyrir þinginu, sem miðar að því að lækka vextina. Er þá eðlilegt, að það sama þing geri ekkert það með öðrum l., er fari í aðra átt, heldur miði við þá vaxtapólitík, er kemur fram í þinginu. Það má rétt vera, sem hv. þm. Snæf. sagði, að þetta muni ekki miklu. En þótt það muni nú ekki meiru en ½% eða svo, þá getur vaxtataxtinn breytzt svo á 6—8 árum, að það muni talsverðri upphæð fyrir ríkissjóð. En það, sem ég legg áherzlu á, er að ekki sé brugðið fæti með þessu frv. fyrir annað það, sem Alþ. er að gera. Og þótt rétt og þarft sé að örva þessar framkvæmdir, þá álít ég ekki rétt, að verið sé að hlaupa í kapp við bankastofnanir landsins um lánsfé til þessara hluta.

**Frsm. (Halldór Steinsson):** Ég vil aðeins endurtaka þá ósk mína, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá að þessu sinni og veiti n. tækifæri til að taka þetta til athugunar, sem ekki er hægt nú, þar sem einn nm. er veikur.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Ed., 24. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 414, 424).

**Frsm. (Halldór Steinsson):** N. hefir því miður ekki átt kost á að ræða um brtt. þá, sem hv. 3. landsk. hefir borið fram við þetta frv., þar sem einn nm. hefir verið veikur og er fyrst á fundi nú í dag. Við hinir nm. höfum átt tal um till., og get ég lýst því yfir fyrir okkar hönd, að við leggjum ekki mikla áherzlu á, hvort hún verður samþ. eða felld. Hér er aðeins um það að velja, hvort vextir af þessum lánum skuli ákveðnir 5½% eða 1% hærri en innlánsvextir á hverjum tíma. N. gerir því enga till. um þetta, heldur vill hún láta d. skera úr málinu.

ATKVGR.

Brtt. 424 samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JakM, JBald, JónJ, MT, PM, BSn, GÓ.

nei: HSteins, JónÞ, PHerm, EÁrna, GL.

Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 57. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 433).

Á 58. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 556).

**Frsm. (Sveinn Ólafsson):** Fyrir hönd samgmn. hefi ég ekki önnur skilaboð að flytja en þau, sem felast í nál. á þskj. 556. Svo sem kunnugt er, voru brúarl. frá 1919 endurskoðuð á síðasta þingi, og var þá felld niður heimild fyrir stj. um lántökur vegna brúarbygginga. En því er þetta frv. fram komið, að stj. gerir ráð fyrir að þurfa að taka 60 þús. kr. lán vegna væntanlegra brúarbygginga. En í hv. Ed. hefir frv. tekið allmiklum stakkaskiptum, svo að það er nú líka látið ná til nokkurra vegagerða auk brúargerðanna, sem fyrirhugaðar eru næsta ár, en ríkissjóður þykist tæplega geta sinnt að öðrum kosti. Úr upphaflegu 60 þús. kr. heimildinni er nú orðin heimild fyrir hálfri milljón. En þar sem þau héruð, er hlut að eiga, hafa safnað talsverðu fé í þessu skyni og hafa heitið að leggja það fram til þessara framkvæmda, lítur n. svo á, að rétt sé að mæla með þessari heimild. Ekki sízt er þörfin brýn, þar sem búast má við miklu atvinnuleysi á næsta sumri, og því full þörf atvinnubóta. Ég þykist ekki þurfa að fara um þetta fleiri orðum, en vísa til nál. á þskj. 556.

**Hannes Jónsson:** Ég hefi skrifað undir nál. samgmn. með fyrirvara, og þykir rétt að láta það koma fram, í hverju sá fyrirvari er fólginn. Með þessu frv. er gengið inn á þá braut, að ríkissjóður lætur byggja ýmsa vegi, sem ekki eru teknir upp í fjárl., á þann hátt, að hlutaðeigandi héruð leggi fram til bráðabirgða fé að láni. En sé gengið inn á þessa braut, verður að láta heimildina ná til fleiri vega en taldir eru upp í frv. Þetta hefir ekki staðið til boða fyrr en nú, en mér þætti ekki ótrúlegt, að fleiri héruð vildu reyna að fara þessa leið, ef hún stæði opin áfram. Annars er þessi aðferð ekki sem heilbrigðust. Þau héruð, sem bezta hafa aðstöðuna til þess að ná í lánsfé, geta komið vegum sínum áfram meira en eðlilegt er. En þau héruð, sem ekki eiga greiðan aðgang að bönkum eða öðrum lánstofnunum, verða þarna útundan. Af þessu hlýtur að skapast misrétti milli héraðanna. En fari svo, að þau héruð, sem verri aðgang eiga að lánstofnunum, gætu samt lagt fram eitthvert fé, þá tel ég sjálfsagt, að þau komi eins til greina og þau héruð, sem hér eru nefnd í frv.

Mér dylst það ekki, að t. d. í mínu héraði er svo mikil þörf á að leggja suma af þeim vegum, sem nú eru í þjóðvegatölu, en ólagðir, að ef nokkur ráð væru til að útvega slík lán, sem hér um ræðir, þá yrði það gert, jafnvel þó að menn með því yrðu fyrir tapi.

Hinsvegar er það ekki nema gott, ef ríkissjóður er fær um að taka á sig slíkar skuldbindingar sem þessi lán eru, en hingað til hefir mér fundizt fullerfitt að inna af höndum greiðslur þeirra vega, sem sjálfsagðastir eru vegna heildarkerfis þjóðvega og vegamálastjóri vill láta sitja í fyrirrúmi, eins og eðlilegt er.

Ég vil því vænta, að hæstv. stj. taki vel í málaleitanir í þessu efni, ef þær skyldu koma frá mínu héraði.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Þegar þetta frv. var borið fram, vakti það sérstaklega fyrir stj., að í mörgum tilfellum mætti koma við meiri verkhyggni og vinnusparnaði, ef slík heimildarlög væru sett, sérstaklega þar, sem svo stæði á, að þörf væri á að byggja 2—3 brýr á sömu vegalínu, en ekki veitt fé í fjárl. til að byggja nema eina. Þá væri augljós hagnaður að því, ef hægt væri að byggja hinar brýrnar samtímis. Bæði væri þessu samfara hentugri vinnubrögð og eins sparnaður í sambandi við kaup og flutning á uppsláttartimbri. Þetta voru þær ástæður, sem fyrst og fremst lágu til þess, að þetta frv. var borið fram.

En svo, þegar frv. var tekið til meðferðar í Ed., komu fleiri sjónarmið til greina, og þá sérstaklega að rýmka þannig ákvæði frv., að slík lán yrðu notuð til atvinnubóta, og var því þá skotið inn í frv., að ríkissjóður mætti taka slík lán einnig til vegagerða. Í ýmsum byggðum landsins hefir þetta vakið almenna ánægju, og hafa nú þegar komið allmargar beiðnir um þetta. Hafa þær ekki enn þá verið teknar til athugunar og rannsóknar nema að nokkru leyti, en ég býst við, að ef frv. verður samþ., þá verði þessi heimild notuð áður en langt líður, a. m. k. að því er brúargerðir snertir.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Húnv. minntist á, hvort sveitir í hans kjördæmi kæmu til greina, ef beiðni kæmi frá þeim, þá skal ég taka það fram, að ég fer ekki í nein hrossakaup um þessi mál. Hinsvegar get ég sagt honum það, að slíkar beiðnir úr hans kjördæmi munu verða teknar til vinsamlegrar athugunar engu síður en beiðnir frá öðrum.

**Hannes Jónsson:** Hæstv. atvmrh. er víst gefinn fyrir hrossakaup, fyrst hann heldur, að allt sé hrossakaup hér í þessari d. Ég var ekki að bjóða upp á nein hrossakaup, heldur kom ég bara með sanngirniskröfu, og ég vil vita hvort hæstv. ráðh. vill taka þessar kröfur til greina, ef þær koma fram, eða hvort hann vill telja þær einhverja annarsflokksvöru.

Hæstv. ráðh. heldur, að ekki sé mikil atvinnuþörf í Húnavatnssýslu, en ég get sagt honum, að sú þörf er þar alveg eins mikil og í hverju öðru héraði á landinu. Fólk fer þaðan í atvinnuleit í ýmsar áttir, og það svo að tugum skiptir. Menn fara t. d. í vegavinnu og fleira bæði suður til Borgarfjarðar og Hvalfjarðar, og menn fara þaðan í atvinnuleit norður á Siglufjörð. Mér finnst því ekki nema sanngjarnt, að stj. líti á þarfir héraðsins,

þegar svo stendur á, að þar bíða mörg aðkallandi óleyst verkefni og þörf er fyrir atvinnu og héraðsbúar bjóða fram slík lán, sem stj. vill með þessu frv. fá heimild til að taka. Eða heldur hæstv. ráðh. kannske, að í Húnavatnssýslu séu engir þjóðvegir, sem nauðsyn sé að byggja sem allra fyrst? Ég vil þá bara benda honum á, að árið 1907 taldi landsverkfræðingurinn, Jón Þorláksson, að nokkur hluti þjóðveganna í Vestur-Húnavatnssýslu ætti að koma til greina fyrst af öllum þjóðvegum. Og 1924, þegar Geir Zoëga vegamálastjóri skrifaði um það, hvaða vegi væri mest þörf á að leggja, þá var það þessi sami kafli, sem hann áleit, að fyrst ætti að koma til greina. Þessi kafli er ólagður enn, og enn er þar sama þörfin og var þar fyrir 20 árum. Aftur á móti hafa annarsstaðar verið byggðir vegir fyrir hundruð þúsunda, vegir, sem komu ekki til greina að áliti þessara manna, þegar þeir skrifuðu álit sitt.

Hvers vegna má þá ekki taka þetta fé til bráðnauðsynlegra framkvæmda og jafnframt til atvinnubóta, ef við getum lagt það fram sjálfir. Það verður ekki gert að gamni sínu og mun ekki reynast neinn hægðarleikur að útvega þetta fé. Við höfum ekki aðgang að bönkunum eins og bændurnir í sveitunum hér í kring. Við verðum að bjargast upp á eigin spýtur, ef á að lyfta þessu bjargi, og þá viljum við láta stj. lita með sanngirni á þarfir okkar.

Ég get ekki skilið þá undanfærslu, ef hæstv. ráðh. getur ekki sagt afdráttarlaust, að við eigum hér að njóta sama réttar og aðrir. Hvers vegna er þá ekki tekið fram, til hvers þessu fé verði varið og hverjir þeir séu, sem stj. ber helzt fyrir brjósti og eiga að fá einhverja séraðstöðu samkv. þessari sanngirnispostillu hæstv. ráðh.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég tek nú ekki þennan lestur hv. þm. mjög hátíðlega. Ég vil bara taka það fram, að ég álít, að óþarft sé að hefja opinberar umr. um það, í hvaða vegarspotta eigi að leggja þetta fé. Það hafa þegar komið óskir um þetta úr mörgum héruðum, og verður það allt athugað í stjórnarráðinu, og að því loknu verða þessar beiðnir afgr. þar, en ekki hér í miðjum umr. En að endingu get ég sagt hv. þm. V.-Húnv. það, að ég býst ekki við, að annarskonar réttlæti verði látið gilda um Vestur-Húnavatnssýslu en önnur héruð landsins.

**Hannes Jónsson:** Ég óska bara eftir svari við því, hvort búið er að ráðstafa þessu fé. **(Atvmrh.:** Það er búið að athuga sumar beiðnirnar). En er þá ekkert búið að ákveða? **(Atvmrh.:** Nei, ekki enn). En það er þó til sá möguleiki, að þær beiðnir, sem síðar koma fram, standi þar ekki vel að vígi. Annars væri fróðlegt að vita, hvað það er, sem alltaf er verið að rannsaka í þessu máli. Er verið að rannsaka þörfina, hvar hún er mest? Er verið að rannsaka, hvað þær fyrirhuguðu framkvæmdir á hverjum stað kosta, eða er verið að rannsaka, hverskonar lán það eru, sem um er að ræða í hverju tilfelli?

Það liggur í augum uppi, að þörfin getur verið alveg eins mikil hjá þeim sveitum, sem ekki hafa gefið sig fram enn, eins og þeim, sem nú þegar hafa borið fram óskir sínar, og ég óska eftir að fá að vita, hvort þeir, sem síðar koma, verði verr settir en þeir, sem fyrri urðu til, eða hvort eigi eins að taka tillit til þess, sem þeir beiðast, ef þeir sanna, að þeir hafi sömu þörf fyrir þessar framkvæmdir.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég sé ekki annað en að þessi aðköst séu alveg óþörf. Ég sagði áðan, að ekki yrði látið gilda annarskonar réttlæti um Vestur-Húnavatnssýslu en önnur héruð landsins. Ég hygg því, að hv. þm. sé óhætt að taka þessu með ró og dálítið meiri stillingu, og vil ég vísa frá mér öllum stóryrðum í þá átt, að hér eigi að beita ranglæti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 631).

## 20. Fjárþröng hreppsfélaga.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga** (stjfrv., A. 34).

Á 9. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það hefir komið í ljós hin síðari árin, að það var mikil þörf á að fé löggjöf um, hversu með skal fara, þegar bæjarfélag eða hreppsfélag lendir í fjárþröng. Það hefir sem sé komið fyrir hvað eftir annað, að hreppsfélög hafa gefizt upp og ekki getað innt af hendi skuldbindingar sínar.

Í löggjöf vorri eru engin ákvæði um þetta. Þeir hreppar, sem hefir rekið á sker, hafa annaðhvort látið reka á reiðanum eða snúið sér til þings eða stj. um hjálp, en með misjöfnum árangri. Ég hefi og fyrir satt, að það hafi komið fyrir, að sýslufélag hafi hjálpað hreppi, sem var kominn í þrot. Ég hefi og orðið þess var, að sumir líta svo á, að sýslufélögum beri skylda til að hjálpa hreppsfélögum, hverju á sínu svæði. Ekki þekki ég þó nein ákvæði í íslenzkri löggjöf, sem þetta geti stuðzt við, og frv. þetta byggir ekki, nema þá að mjög litlu leyti, á þessari skoðun.

Það er nú tilgangur þessa frv. að reyna að fylla í þá eyðu í löggjöfinni, sem ég gat um. Fjárvandræði hreppa eru kannske ein af fyrirbrigðum kreppunnar og nýundangenginnar heimsstyrjaldar, en þótt svo sé, þarf engu að síður löggjöf um þessi mál.

Þegar einstaklingur eða félag lendir í þrotum, þá eru í lögum vorum ýtarleg fyrirmæli um, hversu með skal fara. Þessar reglur mæla m. a. svo fyrir, að eignir hlutaðeigenda séu teknar og þeim skipt milli kröfueigenda eftir settum reglum. Það getur nú í fljótu bragði virzt, að ekki sé annar vandinn í þessu efni en að viðhafa þessar reglur um hrepps- eða bæjarfélag. En svo er ekki. Á sveitarfélögum og félögum einstakra manna er einn höfuðmunur, og hann er sá, að aðaltekju- eða eignarliður sveitarfélags er gjaldþol íbúanna. Þetta veldur því, að það er ekki auðskorið úr því, hve mikið má heimta af sveitarfélagi. Um einstaka menn og félög þeirra liggur þetta venjulega opið fyrir. Hér er því um höfuðmun að ræða, sem taka verður fullt tillit til, er löggjöf er sett um þessi efni.

Þegar einstakir menn eða félög þeirra verða gjaldþrota, er eignunum skipt milli skuldheimtumanna eftir settum reglum. Þeir, sem ekki fá greiðslu, tapa því, sem þeir áttu hjá hlutaðeiganda, sem reyndar ber ábyrgð enn á hinu ógreidda, en sú ábyrgð er venjulega einskis virði. Þessar reglur virðist vera hægt að yfirfæra að mestu á gjaldþrot sveitarfélaga, og það er gert í þessu frv. Sveitarfélögin verður að skoða eins og venjulega skuldunauta. Ef þau geta ekki staðið í skilum, verður sá að tapa, sem á hjá þeim.

Mér er ekki við þessa umr. leyfilegt að ræða einstök atriði frv., en ég get sagt það, að við samning þessa frv. var lögð hin mesta alúð við að tryggja það, að rétti skuldheimtumanna væri ekki misboðið með frv., og þó ekki gengið svo langt í að vernda rétt þeirra, að um of sé. Í frv. er gert ráð fyrir, að þegar skuldir sveitarfélags eru gefnar eftir, skuli ríkissjóður og eftir atvikum sýslusjóður leggja nokkuð af mörkum. Þetta á að vera nokkurskonar uppbót til skuldheimtumanna fyrir það, að þeir missa alveg rétt til hinna eftirgefnu krafna, eða hluta þeirra, og jafnframt er þetta hugsað sem hemill á eftirgjafir að nauðsynjalausu.

Ég tel, að nauðsyn sé á lögum um þetta efni og vona, að hv. d. athugi frv. með velvilja.

Ég legg til, að málinu verði vísað til hv. allshn., þegar þessi umr. er á enda.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 301).

**Frsm. (Magnús Torfason):** Það er vitanlega engin sérstök ánægja að þurfa að burðast með frv. eins og þetta, en um það má segja, að þörfin rekur á eftir, og sú þörf verður ríkari með hverjum deginum, sem líður. Það er víst, að fréttir hafa borizt víða að til n., síðan hún settist á rökstóla, um getuleysi sveitarfélaga, og þær sýna, að þetta getuleysi er miklu átakanlegra en búizt var við. Það eru ýmsar ástæður, sem valda því, en síðasta fréttin, sem n. hefir haft viðvíkjandi þessu, bendir á það, að þetta getuleysi sveitarfélaganna mun a. m. k. sumstaðar stafa af því, að það er blátt áfram komin óáran í mannfólkið. Að öðru leyti er það aðallega tvennt, sem veldur því, að þörf er á slíkri lagasetningu sem þessari. Annað er það, að sveitarfélög hafa of litla tekjustofna. Það er treyst svo mikið á þennan eina tekjustofn, sem flest sveitarfélög verða að notast við, að hann er alls ónógur. Hinsvegar er það vitanlegt, að byrðarnar liggja misþungt á sveitarfélögum. Ef því ætti að stinga á sullinum, þá lægi vitanlega beint fyrir að snúa sér að þessu tvennu, auka tekjustofnana og koma meiri jöfnuði á byrðarnar. En stj. hefir ekki séð sér fært að stinga á sullinum, enda er það sjálfsagt vandamál mikið og erfitt að komast að réttri niðurstöðu á þessum miklu byltinga- og breytingatímum, sem nú standa yfir. Stj. hefir nú samt viljað sinna þessu máli og reyna að bæta nokkuð um, og verð ég, eftir því sem við horfir, að vera þakklátur fyrir það. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þennan inngang lengri, einkum þar sem ég veit, að þetta mál hefir komið svo við alla hv. þdm., að ég er ekki í vafa um, að þeir hafa gert sér grein fyrir því og athugað frv. með fullri nærgætni.

N. hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að láta frv. ganga fram að mestu leyti óbreytt. Þær breyt., sem n. hefir stungið upp á, að gerðar verði, eru ýmist til samræmis eða þá til að ganga lítið eitt lengra en gert er í stjfrv. Ég held satt að segja, að hefði frv. verið samið nú, hefði stj. komizt að þeirri niðurstöðu, að full þörf sé á að taka dýpra í árinni en gert hefir verið í frv. hennar.

Ég skal sérlega geta þess, að aðalatriðið í þessu frv. er það, að sveitarfélag verði ekki gert gjaldþrota, og ég álít, að það sé ekki einungis vel farið, heldur einnig sjálfsagt. Það verður að finna önnur ráð til að lagfæra það, sem laga þarf, ef sveitarfélag kemst í fjárþröng, heldur en að fara gjaldþrotaleiðina. Þetta ákvæði er svo mikils virði, að þótt það sé sýnt, að þetta frv. ráði alls ekki fulla bót á vandræðum sveitarfélaga, þá er frv. vegna þessa ákvæðis það mikils virði, að rétt er að samþ. það.

Þá skal ég snúa mér að þeim einstöku brtt. Skal ég þá geta þess, að 1. brtt. mun ekki vera annað en leiðrétting á prentvillu. Það mun hafa verið tilætlunin að vitna þar í 82.—89. gr. skiptal., en ekki 81.—89. gr.

Þá eru brtt. við 10. gr., 2. og 3. málsl. A-liðurinn er að mestu leyti orðabreyt., en í b-liðnum felst aftur á móti sú efnisbreyt., að þegar svo stendur á sem segir í þeirri gr., greiðist hvorki innheimtulaun af söluandvirði né gjöld til ríkissjóðs, þar sem í frv. er aðeins gert ráð fyrir, að ekki skuli greiða innheimtulaun af söluandvirði. Það virðist sjálfsagt, fyrst einstakir menn eiga ekki að fá þessa lögmæltu þóknun sína, þá eigi ríkissjóður ekki heldur að auðgast á þessu. Það er því í fullu samræmi við frv., að þetta falli niður.

Í c-liðnum felst nýmæli frá n., sem er þess efnis, að þegar kemur til þess að selja fasteignir, sem ætlaðar eru til almennra afnota, þá skuli þær virtar af 2 mönnum, og nefni hlutaðeigandi veðhafi annan og sveitarfélagið hinn. Þetta virðist nauðsynlegt til að fyrirbyggja það, að einstakir menn geti hagnýtt sér vandræði sveitarfélags. Ég segi þetta m. a. út af því, að mér er kunnugt um það, að nú liggja fyrir fjárnám í skólahúsi og þinghúsi. Er ljóst, hvað verða á, að viðkomandi maður, sem veðið hefir, ætlar sér að kúga sveitarfélagið til að leigja húsið aftur af sér. Svona lagað fer algerlega í bág við ætlun og tilgang þessa frv. Nú er þetta ákvæði dálítið úr leið frá því, sem venjulega gerist, en það er þó bót í máli, að fái viðkomandi veð-

hafi skuld sína ekki greidda, þá fær hann þó nokkra umbun samkv. 13. gr., þar sem ríkissjóður á að leggja fram nokkurt fé til greiðslu á skuldinni.

Ég hygg, að rétt sé, að þetta ákvæði, sem ég hefi nú minnzt á, verði samþ. Reyndar er mikil helgi á veðkröfum og forgangskröfum hér á landi, en ég vil geta þess, að sú helgi hefir nú rýrnað yfirleitt út um heim, og hefir jafnvel komizt svo langt, að merkir lögfræðingar halda því fram, að veðréttur og forréttindakröfur eigi alls ekki að vera til. Virðist því engin goðgá, þó að reynt sé að koma þessu svo fyrir, að veðréttur í slíkum tilfellum verði ekki til þess að íþyngja sveitarfélögum, og gera þeim jafnvel ófært að nota þessi lög.

Það er líka aðgætandi í þessu sambandi, að þessi sala á fasteigninni á að fara fram áður en til mála getur komið að leita samninga um venjulegar skuldir, svo að þesshättar skuldir geta orðið skilyrði fyrir, að þessar ráðstafanir komist á.

Þá hefir n. samið brtt. við upphaf 11. gr. N. þótti rétt að krefjast ekki frekara en að skuldheimtumenn, sem ráða yfir meiri hluta skulda, samþ. tilboðið. Ástæðan til, að þetta er komið fram, er m. a. sú, að þegar um stofnun er að ræða, sem hefir viðskipti við marga, þá er afarerfitt að ná til manna. Sveitarfélög geta haft skuldaskipti við mýmarga menn. En ef orðalag frv. eins og það er nú ætti að standa, þá gæti það orðið til þess, að viss tala manna, sem ættu ekki nema örlítinn part af skuldunum, sem til greina koma, gæti ráðið þessu. N. leit því svo á, að það væri rétt að rýmka þetta, og vitnar þar til þess, að það ætti ekki að vera hallað rétti þessara manna, þar sem uppbót kemur í staðinn.

Þá eru brtt. við 13. gr., sem eru ekki stórvægilegar, sem sé, að í staðinn fyrir „lögmaðurinn í Reykjavík", sem á að samþ. eftirgjafir, sem ráðh. leggur til, komi „sýslumaður sveitarfélags, er hlut á að". Oss fannst fullt eins eðlilegt, að einhver maður úr héraðinu sjálfu athugaði þetta, og það því fremur, sem það er alls ekki víst nema þetta geti að meira eða minna leyti snert sýslufélagið sjálft.

Þá hefir n. lagt til, að niður falli c-liður í niðurlagi 13. gr., en þar er svo ákveðið, að sýslusjóður skuli greiða jafnmikið og ríkissjóður af hinu eftirgefna. Þessi brtt. er fyrst og fremst borin fram til samræmis, og virðist hún eðlileg í alla staði, því að það er víst, að ef sveitarfélag þarf að notfæra sér þessi l., þá mun ekki vera mikið í handraðanum hjá viðkomandi sýslufélagi, og mundi því yfirleitt vera þar ullar í geitarhús að leita.

Síðasta brtt. virðist sjálfsögð. Í 16. gr. er gert ráð fyrir, að þegar svo stendur á sem í frv. segir, þá megi sveitarfélag ekki inna af hendi önnur gjöld en þau, sem þarf til að halda uppi lögboðinni starfsemi, svo að sæmilegt sé eða samningsbundnar greiðslur af fasteignaveðslánum. Við þetta vill nú n. bæta „og forgangsskuldum". Lítur hún svo á, að þar eigi eitt yfir að ganga. Það er svo með gjaldþrotabú, að ef það er vitað, að þau geta greitt eitthvað upp í almennar skuldir, þá þykir sjálfsagt að greiða forgangsskuldir þegar.

Að svo mæltu vil ég óska þess, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem n. hefir lagt til.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vil leyfa mér að þakka n. fyrir góða afgreiðslu þessa máls, og þó að hún hafi komið með nokkrar brtt., sem ég get að mestu leyti gengið inn á, þá get ég ekki annað sagt en að hún hafi tekið þessu máli vel.

Hv. frsm. fór fyrst nokkrum almennum orðum um vandræði sveitarfélaga, og skal ég ekki fara langt út í það. Í því, að þetta frv. er borið fram, liggur viðurkenning fyrir þessum vandræðum, og í afgreiðslu n. á frv. liggur viðurkenning fyrir því, að n. sé fullkomlega ljóst, að þessi vandræði eru nú fyrir hendi.

En að því leyti, sem hv. þm. minntist á tekjustofna sveitarfélaga og sagði, að þeir væru of litlir, þá er því til að svara, að sveitarfélögin hafa þó þann tekjustofn, sem mest hefir þanþolið, er teygjanlegastur, þar sem þau leggja á menn eftir efnum og ástæðum. Ef á að gera bót á þessu og fá aðra tekjustofna, þá skilst mér, að það yrði að koma frá einhverjum öðrum en hreppsbúum, og

getur komið fyrir, að slíkt sé réttmætt, en þó er það frekar undantekning. Þá eiga þau sveitarfélög, sem treysta sér ekki til að komast af með þennan tekjustofn, sjálf að fitja upp á að fá slíkar tekjur. Þetta hafa sumar sveitir þegar gert. Það getur t. d. verið eðlilegt, að Eyrarbakkahreppur fari fram á þetta, svo að tekið sé eitt einstakt dæmi.

Hv. frsm. minntist á, að það þyrfti að koma meiri jöfnuði á byrðar sveitarfélaga, og getur það verið rétt, en það er erfitt, því að það er ekki eingöngu, að jafna megi niður eftir krónutölu á hvern íbúa, heldur verður að taka tillit til mismunandi gjaldþols, og er svo að segja ómögulegt að gera það með löggjöf. En viðvíkjandi þessu frv., þá er það rétt hjá hv. frsm., að tilgangur stj. er að gera upp beinlínis þau sveitarfélög, sem ekki geta staðið í skilum, á allsvipaðan hátt og gert er ráð fyrir í nauðasamningal.

Það er einnig rétt, að hér er ekki um gjaldþrotaskipti að ræða, því að það er ekki hægt að koma því við, en þessi aðferð, sem hér er stungið upp á, líkist ákaflega mikið nauðasamningum.

Um brtt. hv. n. mun ég fara fáum orðum. Við 1. brtt. geri ég enga aths., hún er alveg rétt. Þar er aðeins að ræða um leiðréttingu á ritvillu eða prentvillu. Sama er að segja um a-till. við 10. gr., ég hefi ekkert við hana að athuga. Við b-liðinn hefi ég heldur ekki neitt að athuga, en mér virtist, þegar ég samdi þetta frv., að hér væri um svo lítið að ræða. Ég man nú í svipinn ekki eftir öðrum gjöldum, sem í ríkissjóð renna og heyra undir þetta, en 5 kr. gjaldi fyrir árangurslaust uppboð (MT: 10 kr.). Ég segi þetta ekki af því, að ég sé á móti brtt., en ástæðan til, að ég tók þetta ekki með, var sú, að þetta er svo lítið, að það skiptir engu máli.

Þá er c-liðurinn. Við hann er ég dálítið hikandi. Tilgangur frv. er sá, að það veð, sem hvílir á þessum eignum, sem hér um ræðir og ekki verður greitt, þegar eignirnar hafa verið boðnar upp, falli burt. Nú er ég í vafa um, hvort slík veð falla burt, ef farið verður að eins og gert hefir verið ráð fyrir í brtt. Ég þekki ekki ákvæði, sem heimila að strika út veð í fasteignum, þegar framkvæmt er svona mat á eigninni. Segjum, að þetta mat sé fyrir neðan það, sem á eigninni hvílir. Þá hefir hlutaðeigandi embættismaður ekki heimild til að strika út það, sem umfram er. Það getur gengið, ef skuldareigandi vill gefa út nýtt veðbréf og afhenda það gamla, en vilji hann það ekki, heldur veðið áfram að hvíla á, og getur það orðið óþægilegt.

Það kemur í raun og veru ekki þessu máli við, hvað mikil helgi er á veðum, heldur það, hvað hægt er hér að gera eftir gildandi löggjöf.

Þær stofnanir sveitarfélaga, sem reistar eru til almennra nota, ættu ekki að vera veðhæfar. Hér er einkum um skólahús, kirkjur, þinghús og annað þess háttar að ræða, stofnanir, sem eru skilyrði fyrir því, að sveitarfélögin geti haldið uppi lögboðinni starfsemi. Það ætti helzt ekki að vera leyfilegt að veðsetja þær.

Þá leggur n. til, að upphaf 11. gr. orðist á þá leið, að nægilegt sé, að þeir skuldheimtumenn, sem ráða yfir meiri hl. þeirra skulda, sem tillögur aðstoðarmanns ná til, séu samþykkir till. Stj. hafði nú lagt til í sínu frv., að bæði tala skuldheimtumanna og upphæð skuldanna væri miðað við ⅔. Vildi ég gjarnan, að það ákvæði mætti standa, en vil þó ekki gera það að neinu kappsmáli. En mér finnast þó till. n. um þetta dálítið órýmilegar, þegar þær eru athugaðar í sambandi við það ákvæði 11. gr., að þeir skuldheimtumenn, sem ekki hafa komið svari sínu til aðstoðarmanns áður 3 mánuðir eru liðnir frá því hann afhenti till. sínar í póst, teljist samþ. þær. Þetta ákvæði var sett í frv. vegna þeirra örðugleika einmitt, sem hv. frsm. nefndi. Og mér er nær að halda, að þetta ákvæði eitt mundi nægja.

Þá vill n. gera þá breyt. á 13. gr., að kippa lögmanninum í Rvík út úr hinni svokölluðu ráðgjafarn. og setja í hans stað sýslumann þess sveitarfélags er í hlut á í það og það skiptið. — Það, sem fyrir stj. vakti við samningu þessa ákvæðis, var það, að skapa hér óhlutdrægan dómstól. En það er mikill vafi á því, hvort hlutaðeigandi sýslumaður getur talizt óhlutdrægur. Hann er oddviti sýslun. og á margan annan hátt viðriðinn mál

síns héraðs og sveitanna innan þess. Það mætti að vísu hafa það á móti lögmanninum hér í Rvík, að hann á bústað í einu slíku sveitarfélagi landsins. En þess ber að gæta, að hann hefir ekkert með þessi mál að gera hér, enda þótt hugsa mætti sér, að Rvík kæmist undir ákvæði þessara l. Ég hefði því heldur kosið, að þetta væri eins og það er í frv., enda þótt ég geri það ekki að því kappsmáli, að ég vilji fórna frv. þess vegna.

Þá gerir n. till. um það, að síðari c-liður 13. gr. falli niður. Sá liður er um það, að hlutaðeigandi sýslusjóði sé gert að greiða jafnmikið og ríkissjóði af hinu eftirgefna. Þó getur ráðh., að fengnum upplýsingum, ef hann telur fjárhag sýslunnar svo þröngan, að greiðslan verði henni til verulegs hnekkis, gefið sýslunni þessa greiðslu eftir. — Það, sem fyrir stj. vakti með þessu ákvæði, var það, að það væru tveir aðilar, sem skylda bæri til að hjálpa þeim hreppsfélögum, sem kæmust í þrot. Og það væru sýslan og ríkið. Nú er ekki hægt að segja það, að sýslan standi ekki eins nærri að hjálpa sínum sveitarfélögum eins og ríkið. Og ég veit dæmi þess, að sýslufélög hafa talið sér skylt að hjálpa sveitarfélögum, sem komizt hafa í þröng, og gert það. Hér er nú ekki gengið lengra en það, að leggja til, að sýslan leggi fram jafnháan skerf og ríkið, og þó því aðeins, að hún sé svo stæð, að hún geti það. Það getur líka verið, að ríkissjóður eigi erfitt með að leggja fram sinn hluta. Þetta er uppbót til skuldheimtumanna, og þau hlunnindi liggja í þessu, að viðkomandi sveitarfélag geti haft sig upp, orðið sjálfstætt og til styrktar sínu sýslufélagi. Ég lít á þessa till. sem tilraun, kannske eðlilega, til að ýta þessum gjöldum frá sýslusjóðunum og yfir á ríkissjóðinn. En vitanlega verður hver stjórn að standa á móti slíku. Ríkissjóður er oft ekki svo staddur, og einmitt ekki nú, að ástæða sé til að vísa öllum gjöldum yfir á hann. Ég veit að vísu, að sýslusjóðirnir sumir hverjir eru ekki vel staddir. En ég veit líka, að sumir þeirra standa sig prýðilega og miklu betur en ríkissjóður. Er því engin goðgá að skylda slíka sýslusjóði til að hlaupa undir bagga að hálfu leyti, á móti ríkinu, ef 1 eða máske 2 hreppar innan sýslunnar verða illa staddir og þurfa að fá aðstoð þessara l. Ég óska því eftir, að c-liðurinn fái að standa. Ég tel enga sanngirni mæla með því, að hann sé felldur niður.

Þá á ég eftir að minnast á síðustu brtt. n., sem er við 16. gr. frv. Vill n. bæta aftan í gr. orðunum: „og forgangsskuldum". Ég verð nú að segja það, að ég er ekki á því hreina um það, hvaða skuldir n. á við. Hér getur aðeins verið um að ræða lögmæltar forgangsskuldir í eignum sveitarfélaga. Ég veit ekki, hvernig þær eru, og vildi því gjarnan heyra hv. frsm. n. upplýsa það atriði. Skal ég svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Við samningu þessa frv. hefir hæstv. stj., sem eðlilegt er, haft ákveðið og einhliða fyrir augum ástand þeirra sveitarfélaga, sem í fjárþröng komast, svo sem 1. gr. tiltekur. Ákvæði frv. eru svo, sem ekki er heldur óeðlilegt, miðuð við það, sem þá eigi að gera. En ég vil leiða athygli að því, að ákvæði frv. geta, að mér virðist, haft allalvarlegar afleiðingar fyrir sveitarfélög yfir höfuð, sem sé í þá átt að rýra lánstraust þeirra og gera þeim því erfiðara fyrir með ýmsar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru, en svo er háttað, að lánsfé þarf til. Áður var það álit ríkjandi í löggjöfinni á þessu sviði, að ábyrgð sveitarfélaga væri sú bezta trygging, sem hér væri hægt að fá. Sú trygging var einatt sett við hliðina á 1. veðrétti í fasteignum, og þá ⅗ af virðingarverði þeirra. Svo er það í löggjöfinni um flesta eða alla flokka veðdeildar Landsbankans, að ákveðið er, að lána megi gegn 1. veðrétti út á ⅗ virðingarverðs fasteigna og á ábyrgð sveitarfélaga.

Nú má með sanni segja, að eitt af þeim fyrirbrigðum, er nú blasa við, er það, að ábyrgð og borgunargeta sveitarfélaga er ekki eins trygg og 1. flokks fasteignatrygging. Þetta hefir líka verið tekið til greina í löggjöfinni á þann hátt, að í l. um síðasta flokk veðdeildarinnar er ekki heimilað að lána út á ábyrgð sveitarfélaganna eingöngu. Þessu ákvæði er svo hagað að ósk stjórnar Landsbankans, sem áleit ekki ábyrgð sveitarfélaga eins góða og fasteignarveð.

Nú setur þetta frv. upp heilt kerfi af ákvæðum um, ég vil segja rétt sveitarfélaga til að koma sér hjá að greiða skuldir. Sá nýi réttur, sem sveitarfélögunum er hér gefinn, er réttur til að skjóta sér hjá greiðslu á skuldum. Í frv. stj. eins og það enn er, er töluvert hóf og gát haft á því, að ef of langt er farið á þessu sviði, gefið of laust taumhald á þessu, þá verður afleiðingin fyrir sveitarfélögin yfir höfuð lánstraustsspjöll. En till. n. ganga mjög í þá átt að rýra og fella í burt þau ákvæði stj.frv., sem forða mundu alvarlegum og almennum hnekki fyrir sveitarfélögin af slíkri löggjöf. Ég vil minna á það, að þótt ýms sveitarfélög hafi máske ekki aðrar framkvæmdir með höndum en þær, sem almenn löggjöf skyldar þau til, þá er þessu öðruvísi farið með kaupstaðina. Þar verður að leggja í ýmsar framkvæmdir, sem orðið geta til almennra hagsmuna fyrir almenning. Og slíkum framkvæmdum verður ekki komið fram öðruvísi en með lánsfé. Ég vil minna á Rvík. Þar hefir verið komið á fót stórfyrirtækjum, og sumum án allrar lagaskyldu, en sem orðið hafa bænum og öllum almenningi til stórra hagsbóta. Svo er t. d. með gasstöðina, höfnina, vatnsleiðsluna og rafmagnsstöðina. Allt eru þetta nytsöm fyrirtæki, en sem ekki varð komið á fót nema með lánsfé. Dæmi þessu ekki ólík má finna í hinum öðrum kaupstöðum landsins, og jafnvel ekki ólíklegt, að slíkt breiðist út til sumra sveitarfélaga, að þau komi á fót ólögboðnum fyrirtækjum til hagsbóta fyrir almenning.

Ég skal benda á brtt. n. 2. c. t. d. um það, hvað hér er í húfi fyrir þá, sem lána fé til slíkra fyrirtækja og taka sem tryggingu fyrir fé sínu 1. veðrétt í fyrirtækinu auk ábyrgðar hreppsfélagsins. Þeir geta vænzt þess, ef bæjar- eða sveitarfélagið kemst í svo mikil fjárþrot, að það hættir að geta staðið í skilum, að það láti þá fara fram virðingu á veðinu, og skal þá sveitarfélaginu afhent fasteignin fyrir það verð, sem metið er. Að vísu sker ráðh. úr, ef ágreiningur verður. En að þeim úrskurði loknum missir veðhafi allan rétt sinn til eignarinnar. Eins er það, ef uppboð er haldið, þá má leggja sveitarfélaginu út eignina fyrir hæsta boð. Það virðist því svo, og ég get ekki heldur annað skilið á orðum hæstv. ráðh. en að veðhafi tapi að öðru leyti öllum sínum rétti til greiðslu skuldarinnar. Ég get hugsað mér, að það verði nokkuð þungur gangur, eftir samþykkt slíkra l., fyrir kaupstaði að leita eftir nauðsynlegu lánsfé til nytsamra fyrirtækja. Það verður líka að hafa fyrir augum við samning slíkrar löggjafar, að til eru sveitarfélög, sem enn eru ekki í neinni þröng og þurfa að halda áfram að dafna. Hv. frsm. sagði, að ekki væri mikið misst, þó veðrétturinn væri skertur, því til væru lögfræðingar, sem álitu, að veðrétturinn ætti ekki að vera til. Já, það mun vera rétt, að til eru þeir lögfræðingar, eins og ýmsir aðrir menn með annari tegund menntunar. En ég vil segja hv. frsm. það, að þannig líta þeir menn einir á, sem ekki viðurkenna einstaklingsréttinn eða eignarréttinn. Það tvennt hlýtur að fygjast að, eignarréttur og réttur til að veðsetja samkv. honum.

Ég horfi ekki á þetta mál eingöngu frá hagsmunasjónarmiði veðhafa, heldur og frá sjónarmiði þeirra sveitarfélaga, sem eigi eru í fjárþröng. Og er ég lít á þá hlið málsins, þá virðast mér stórir annmarkar vera á þessari lagasetningu. Ég veit nú að vísu, að til eru þau sveitarfélög, sem svo er ástatt um, að ekki mun verða komizt hjá því, að löggjöfin geri einhverjar ráðstafanir þeim til viðreisnar. En mér er ekki kunnugt um, að slík bágindi séu svo almenn, að þau geri það nauðsynlegt að setja almenn l. um þetta efni. Ég hafði haldið, að ástandið væri ekki bágara en svo, að unnt væri að láta sér nægja að gera sérstök l. um þau tilteknu sveitarfélög, er undir slík l. þurfa að komast. Þá væri heldur ekki lánstraust annara sveitarfélaga stórspjallað af slíkri löggjöf. Ég geri þó ráð fyrir, að fyrst bæði stj. og n. eru sammála um, að bágindin séu svo viðtæk, að setja þurfi almenn l. þeirra vegna, þá verði það nú ofan á. En þá er það líka mikilsvert, að haft sé fyrir augum að spilla ekki lánstrausti þeirra, er eftir standa, eins og það er skynsamlegt að ákveða skuldaeftirgjöf þeim til handa, er ekki geta staðið í skilum.

Ég hefi bent á brtt. n. 2. c., sem hæstv.

ráðh. hefir að vísu ekki getað fallizt á. Ég vil segja, að það er mjög athugavert hvað af samþykkt þeirrar brtt. getur leitt fyrir lánstraust sveitarfélaga. Að veðsett eign sé seld hæstbjóðanda er ekkert nýmæli. En að sveitarfélag geti fengið sér eignina útlagða eftir mati og afgangur veðskuldarinnar falli niður, öðlist engan rétt sem almenn krafa í búi skuldunauts, það er algert nýmæli. Af ákvæðum frv. sakna ég þess sérstaklega, að í 16. gr. er ekki, að minni hyggju, tekinn nema annar hlutinn af því, sem þar þyrfti að kveða á um. Greinin segir: „Meðan stendur á ákvörðunum þeim, sem lög þessi ráðgera“ — en slíkt tekur vitanlega oft langan tíma, jafnvel fleiri ár — „ber aðstoðarmanni og sveitarstjórn, að viðlagðri ábyrgð að lögum, að sjá um, að í fjármálefnum sveitarfélags sé ekkert aðhafzt, sem rýri möguleika skuldheimtumanna til að fá greiðslu. Fyrir því má ekki inna af hendi önnur gjöld en þau, sem þarf til að halda uppi lögboðinni starfsemi, svo að sæmilegt sé, eða samningsbundnar greiðslur af fasteignaveðslánum“. — Í þessari gr. er önnur hliðin tekin fyrir, sem er sú, að inna ekki önnur gjöld af hendi en þau, sem nauðsynleg eru vegna lögboðinnar starfrækslu sveitarfélagsins, eða samningsbundnar greiðslur af fasteignaveðslánum. En um hitt eru engin fyrirmæli, sem þó er meiri hætta á, að verði afrækt, en það er að afla sveitarfélaginu þeirra tekna, sem unnt er. Það er ekki mikil hætta á, að sveitarsjóðir, sem komnir eru í þröng, séu látnir inna af hendi gjöld, sem ekki eru óumflýjanleg. En hin hættan blasir við, að vanrækt verði að afla tekna eftir því, sem frekast má. Ég álít það vöntun, að ekki er að þessu vikið í frvgr.

Ég ætla ekki að segja mikið meira um þetta að svo stöddu. En ég er ákaflega hræddur um, að afleiðing slíkrar löggjafar sem þessarar verði nokkuð tilfinnanleg fyrir sum bæjarfélögin, svo sem Rvík, sem er þó komin það langt áleiðis með sín málefni, að hún hefir unnið sér nokkurt sjálfstætt lánstraust, sem enn hefir eigi verið misnotað, þótt öruggara þyki að vísu, þegar lengra í burtu er leitað um lán, að ábyrgð ríkissjóðs sé til staðar. Ég álít verr farið, ef þessi l., sem gerð eru vegna þeirra sveitarfélaga, sem í vandræði hafa komizt, verða til þess að skerða lánstraust annara sveitarfélaga fram úr hófi, þannig að kaupstaðir og kauptún, sem enn eiga þó nokkurt ónotað lánstraust, fengju hér eftir ekki lán nema gegn ábyrgð ríkisins. En ég er hræddur um, að svona löggjöf mundi verka í þá átt.

Ég vil enn víkja að einni brtt. n., þeirri 3., sem gengur út á það, að breyta upphafi 11. gr. frv. Ég tel þá breyt. alveg óhæfa. Í þeirri gr. hefir stj. stungið upp á því, að ákvæði þau, er gilda um nauðasamninga, fyrir því að niður falli ákveðinn hluti allrar skuldarinnar, og sem eru þau, að ⅔ hlutar skuldheimtumanna samþ. tillögurnar, skuli gilda um þessi tilfelli. Í þessu ákvæði er sæmileg trygging fyrir því, að nauðasamningarnir verði ekki misnotaðir hvað þetta snertir. En nú stingur hv. allshn. upp á því að fella niður ákvæðið um tölu skuldheimtumannanna, og leggur til, að ekki þurfi annað en samþykki skuldheimtumanna, sem ráða yfir meiri hluta skuldanna. Getur því svo borið til, að aðeins einn maður ráði þessu; þarf ekki annað en hann kaupi skuldirnar eða fái umboð fyrir þær. Ég álít því, að þessi ákvæði komi að litlu gagni fyrir þau sveitarfélög, sem komin eru í þröng, þar sem svo auðvelt er að misnota þetta, að ekki þarf nema einn mann, sem kannske sér leik á borði að gera slíka ákvörðun.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég þakka fyrir lesturinn. Skal ég svo að sjálfsögðu athuga nokkuð þau andmæli, sem fram hafa komið gegn brtt. n. Er þá fyrst að svara hæstv. dómsmrh. Í raun og veru get ég þakkað honum fyrir undirtektir hans undir brtt. Hann var ekki svo mjög fjarri nefndinni. Þó býst ég við, að hann muni sjá það enn betur undir umr. málsins, að n. er á réttri braut. Hæstv. ráðh. talaði um það, að útsvörin hefðu mest þanþol. Þetta má að vísu til sanns vegar færa, ef þanþolið er óskert, en nú er það ekki líkt því óskert. Það er nefnil. öllum vitanlegt, að ríkið hefir sökum sinna þarfa skert þetta þanþol ár frá ári, bæði beint og óbeint. Í þessu sambandi benti

hæstv. ráðh. á, að einstök sveitarfélög ættu að fitja upp á því að fá innleidda fyrir sig nýja skattstofna. Um þetta átti ég tal við hann fyrir nokkru, og fyrir því mun hann hafa drepið á þetta hér. Við þetta er það að athuga, að ég tel ekki heppilegt, að sveitarfélögin eigi sjálf frumkvæðið að því að útvega sér slíka tekjustofna. Í því gæti orðið of mikið ósamræmi í löggjöfinni. Sem dæmi upp á það má t. d. nefna, að hér í þinginu er nú á ferðinni frv. um tekjuauka sveitarfélags, sem brýtur allar þær reglur, sem hingað til hefir verið krafizt að giltu um slíka tekjustofna. Þar er gengið svo langt að leggja byrðar sveitarfélaganna á gesti og gangandi. Það skynsamlegasta í þessu efni tel ég muni verða, að sett yrðu heimildarlög, sem heimiluðu slíka skattálagningu, almenn heimild, þar sem ákveðið væri, hvernig hinir nýju skattar skyldu vera. Gætu svo sveitarfélögin fengið leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda til þess að nota þetta eftir þörfum. Af þessum ástæðum hefi ég hætt við að bera fram frv. um þetta mál. Ég álít líka, að stj. eigi að gera það. Það þarf mikið að vanda til þess, en á því hefir stj. betri tök en einstakir þm.

Þá skal ég snúa mér að því, sem sagt hefir verið um hinar einstöku brtt. á þskj. 301, og er þá fyrst að nefna c-lið brtt. nr. 2, við 10. gr., sem ég sé, að mönnum er mikill þyrnir í augum. Ég skal þá fyrst geta þess, að ég hafði litið svo á, að hvorki ráðuneytið í frv. sínu eða við í brtt. okkar höfum ætlað okkur þá dul að fella niður það af veðskuld, sem umfram væri, þegar búið er að ákveða verð fasteignar, hvort sem það er á uppboði eða á annan hátt. Þvert á móti gat ég um í ræðu minni, að þessir veðhafar fengju nokkra uppbót á þessu, þar sem væri tillag ríkissjóðs. Annars þykir mér merkilegt, að slík skoðun sem þessi skuli koma hér fram; svo fjarri er hún öllu lagi. Hvað snertir heimildina um að strika út af veði það, sem er fram yfir ákveðið andvirði, skal ég geta þess, að þetta á að vera tryggt með ábyrgð sýslusjóðs og í c-lið 2. brtt. okkar. Þá er og ákvæði um það, að sama skilyrði, sem 1. gr. ákveður, gildi einnig þegar ráðh. ákveður veðið. Með öðrum orðum, veðhafi fær betri tryggingar fyrir skuld sinni en hann hafði áður.

Hvað snertir fasteignaveð þau, er sveitarfélögin hafa látið í té, þá eru þau að mestu leyti í húsum, sem sveitarfélögin nota til sinna þarfa og eru óarðberandi, svo sem þinghús, skólahús og slökkviliðshús. Það er aldrei nema rétt, að slíkar eignir hefðu aldrei átt að vera til sem veð, því ef þær ættu að ganga með sannvirði kaupum og sölum, væru þær mjög lítils virði. Eina tangarhaldið, sem veðhafi hefði til þess að bjarga veði í slíkum eignum, væri að loka húsunum, og heimta svo leigu fyrir þau af sveitarfélögunum, því sveitarfélögin geta sem kunnugt er ekki án þeirra verið. Annars gat ég þess áðan, að mér væri ekki ókunnugt um, að fyrir gæti komið, að öðrum fasteignum, svo sem jarðeignum, gæti verið meiri hætta búin í þessum efnum. En það virðist svo, sem margir hafi gleymt því, hvernig jarðir hafa verið spenntar langt upp fyrir sannvirði. Þegar t. d. 5 hndr. kot hafa komizt upp í 20—30 þús., og hafa svo verið sett í eyði af bröskurunum, þegar slíkt stórbrask hefir átt sér stað sem þetta, þá geta menn ímyndað sér, ef jarða- og lánabraskarar kæmust í slíkt æti að ná í jarðir, sem ætlaðar væru til almennra nota, hvort þeir myndu ekki nota sér tækifærið og spenna slíkar jarðir upp úr öllu valdi. Þegar því svo er komið, er ekki nema rétt, að löggjafarvaldið og hið opinbera taki í taumana. En þar skilur á milli mín og hv. 1. landsk., þegar hann heldur, að hið opinbera fari að níðast á einstaklingunum. Fyrir slíku held ég, að engin fordæmi séu hér á landi. Hitt mun algengara, að hallað sé á það opinbera í viðskiptum við einstaklingana, og það mun yfirleitt vera talið rétt lögmál, þegar um er að ræða viðskipti hins opinbera og einstaklinga og stórfélaga og einstaklinga, að haga sér þannig, að einstaklingurinn líði ekki. Ég hefi því ekki látið mér detta í hug, ekki svo mikið sem eitt augnablik, að það opinbera fari að níðast á einstaklingunum í þessu efni. Ég tel þvert á móti engum vafa bundið, að slíkir menn myndu fá meira fyrir veðin en þau væru verð kaupum og sölum. Auk þess aukna tryggingu í

ábyrgð sýslufélagsins. Ég fyrir mitt leyti er því ekkert hræddur við þennan lið brtt. okkar, og ekki heldur neitt hræddur við það, að sveitarfélögin missi lánstraust vegna þessara hluta. Hið almenna lánstraust þeirra byggist fyrst og fremst á því, hvernig þeim er stjórnað. Hvað snertir veðtryggingarnar, þá get ég ekki hugsað mér, að slíkt ákvæði sem þetta myndi gera neina þurrð á lánstrausti sveitarfélaganna frá því, sem þau eiga skilið. Annaðhvort eru þessar tryggingar arðberandi, og þá myndi allt í lagi, eða óarðberandi, og þá er, eins og sagt hefir verið og stj. hefir haldið fram, ekki rétt að veðsetja þær.

Ég þykist nú hafa svarað þessum aðfinnslum svo, að það verði öllum hv. þdm. ljóst, að hér sé engin hætta á ferðum, og að það, sem sagt hefir verið um till., sé meðfram á misskilningi byggt.

Þá hefir verið fundið að brtt. n. við 11. gr., þar sem það er lagt til, að ekki þurfi nema samþykki skuldheimtumanna, sem ráði yfir meiri hluta skulda, í stað meiri hluta skuldheimtumanna, til þess að samþykki þeirra sé bindandi fyrir alla skuldheimtumennina. Út af þessu get ég lýst yfir því, að þessi breyt. er gerð vegna þeirrar reynslu, sem fengin er í þessum efnum. Ég gerði t. d. að tilhlutun Landsbankans nauðasamninga fyrir 3 bændur áður en ég fór til þings í vetur. Undir samningaumleitununum fyrir eitt búið kom það fyrir, að menn, er samtals áttu tæpa 800 kr. kröfu, voru nærri búnir að eyðileggja samningana móti þeim, sem áttu 14 þús. kr. kröfur. Þeim stóð alveg á sama um þetta. Ætluðu bara að nota aðstöðu sína til þess að koma fram hefnd gagnvart þeim, sem samningana leitaði, vegna einhverra smáviðskipta, sem þeim hafði farið á milli. Það er þetta, sem við viljum ekki láta koma fyrir. Það eru líka þeir, sem eiga stóru skuldirnar, sem hafa mest í að missa. Banki, sem á t. d. 50 þús. hjá einu sveitarfélagi, hefir meiru að tapa en hinir, sem kannske eiga 10—20 þús. hjá því. Á hann því að hafa meira að segja um þessa hluti en hinir mörgu, sem litlu upphæðirnar eiga. Stóru skuldirnar eru líka trygging fyrir því, að smáskuldheimtumönnunum verði ekki misboðið.

Þá hefir verið fundið að brtt. við 13. gr., því haldið fram, að hlutaðeigandi sýslumaður megi ekki koma nærri þessum málum. Talið, að hann yrði þar sem ráðunautur. Þetta getur verið rétt og ekki rétt. Ég veit t. d., að í minni sýslu hafa sveitarfélögin samið án þess að mín hafi verið leitað. Í frv. er heldur ekki ætlazt til þess, að til sýslumanna sé leitað. Liggur það þó nærri, þar sem þeir eru oddvitar sýslunefndanna. Við höfum því tryggt það í brtt. okkar, að þeirra ráða skuli leitað. Ég býst líka við, að þeir njóti almennt þess trausts í landinu, að ekki ætti að vera til meins, þó að til þeirra væri leitað í þessum málum.

Eftir orðalagi frv. er svo að sjá, að því sé aðallega ætlað að ná til sveitarfélaga utan kaupstaða. Þó eru ákvæði í því, sem benda í þá átt, að það eigi einnig að ná til bæjarfélaga.

Það er vitanlegt, að Rvíkurbær mun eiga talsverðar kröfur á hin ýmsu sveitarfélög, og að mörg þeirra eru komin í þær kröggur, að þau verða sennilega að leita verndar í þessari löggjöf vegna skulda við Rvík. Það getur því tæplega talizt rétt, að allir þeir, sem úrskurða eiga um þessi mál, séu búsettir í Rvík. Því hefir aftur verið haldið fram, að það yrði til þess að tefja samningana, ef svo væri ákveðið, að það þyrfti að bera þá undir menn búsetta úti á landi. En þar sem nú gengið er út frá því í frv., að aðstoðarmenn sveitarfélaganna ferðist út um sveitirnar til þess að kynna sér hag þeirra, geta þeir með hægu móti leitað til oddvita sýslufélaganna á þessum ferðum sínum. Þarf þetta því ekki að koma að sök.

Það hefir nokkuð verið rætt um það, að síðari c-liður 13. gr. falli niður. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá er þetta lagt til af n. til þess að samræma frv. bæði fyrir bæjarfélög og hreppsfélög, því að svo er til ætlazt, að lög þessi nái líka til bæjarfélaga. En samkv. ákvæðum frv. virðist svo, að þegar um bæjarfélag sé að ræða, þá eigi ríkissjóður að greiða allt, sem greitt verður af hinu eftirgefna fé, en þegar hreppsfélög eigi í hlut, þá eigi sýslusjóður að greiða til móts við ríkissjóð.

Það er sjálfsagt rétt, að einstök sýslu-

félög standa sig vel, en það er þá af því, að þau félög hafa ekki fylgzt með tímanum og eiga nú margt ógert, sem þau vanhagar um, og það er víst, ef vel á að vera, þá þurfa sýslufélögin allra sinna tekna með. Annars er hér ekki um feitan bita að ræða. Í c-lið er tekið fram, að ef ráðh. álítur hag sýslusjóðs svo þröngan, að hann bíði hnekki af þessari kvöð, þá á hann ekki að greiða neitt. Það, sem hér er um að ræða, munar ekki miklu, og samræmisins vegna áleit n., að réttast væri að c-liðurinn í niðurlagi 13. gr. félli niður.

Þá vék hæstv. ráðh. því að mér og spurði, hvaða skuldir það væru, sem ég teldi, að væru forgangsskuldir sveitarfélaga. Það eru í einu orði meiri hlutinn af skuldum samkv. 82. til 89. gr. skiptalaganna, svo sem skattar og gjöld, er koma til útborgunar, t. d. útsvör, sem einn hreppur þarf að greiða í annan hrepp. Ég get sem dæmi upp á slíkar greiðslur nefnt það, að rétt áður en ég fór á þing þurfti Eyrarbakkahreppur að greiða Sandvíkurhreppi á sjöunda hundrað kr. í útsvörum. Eins og kunnugt er, standa hreppsjóðirnir fyrir vegagerðum og þurfa að greiða vinnulaun. Áður fyrr var það siður að borga slíka vinnu út í hönd eða taka hana upp í önnur viðskipti, en nú eru þau æfintýri farin að gerast með þjóð vorri, að jafnvel smáhreppar eru farnir að láta menn vinna upp á það að borga kannske ekki fyrr en löngu, löngu seinna. Þannig eiga einstakir menn sumstaðar mikið fé hjá sínum hreppsfélögum. Þá getur hér verið um að ræða skuldir til lækna og fleiri, svo sem yfirsetukvenna, en ég býst ekki við, að þetta nemi svo miklu, að það sé verulega umtalsvert, en n. setti þetta til varúðar, til þess að sveitarfélög gætu ekki skotið sér undan að greiða þessar skuldir. En hér er sem sagt bitamunur, en ekki fjár.

Hv. 1. landsk. er ekki hrifinn af þessu frv. Hann taldi, að árangur þess mundi verða sá, að hjálpa sveitarfélögum til þess að komast hjá að greiða skuldir sínar. Hér skilur svo mikið skoðanir hv. 1. landsk. og n., að þar er mikið haf staðfest á milli, sem mér er ekki fært að brúa, enda býst ég ekki við að reyna það, en ég held, að það sé ekki rétt hjá hv. 1. landsk., að þessi sé tilgangur frv., og því verði það ekki afleiðing þeirra. Tilætlun frv. er blátt áfram sú, að gera sveitarfélögum kleift að komast að nauðasamningum við sína lánardrottna. Þessi stefna er staðfest af þinginu með lögum um nauðasamninga, er sett voru að mig minnir á þinginu 1924, og ég hygg, að hv. 1. landsk. hafi þá knésett þau lög. Og ég fyrir mitt leyti get ekki séð þann eðlismun, sem geri það af verkum, að sveitarfélög eigi síður að fá tækifæri til að gera nauðasamninga um sínar skuldir heldur en einstakir menn, og þetta er ekki eingöngu nauðsyn sveitarfélaganna, heldur og ekki síður skuldheimtumannanna, að sveitarfélögin fái rétt til að gera nauðasamninga. Og skuldheimtumenn standa hér betur að vígi en í nauðasamningum. Það má vel líkja þessu við það, þegar maður býður náunga sínum, sem er í kröggum, hjálp með því að leggja fram nokkurt fé til þess að greiða skuld hans. Slíkt er drengilega gert, og við vitum mörg dæmi slík, og afleiðingin hefir oft orðið sú, að þeir, sem hjálpina þágu, hafa vaxið að áhuga og dugnaði og orðið fyrir hjálpina betri borgarar en áður. Alveg sama virðist gilda um sveitarfélögin. Því er ekki að neita, að til eru sveitarfélög, sem sjá ekki fram úr skuldum; sum þeirra hafa þegar lagt árar í bát. Það er tilgangur frv. að hjálpa slíkum sveitarfélögum, vera þeim hjálp til sjálfshjálpar og vekja hug og vilja innan þeirra til þess að standa undir þeim álögum, sem þeim er fært. Þessum sveitarfélögum er alveg eins farið og einstaklingum. Við vitum um menn, sem eru skuldunum vafnir, sem eru sokknir. Þessir menn eru ekki að spara, þeir eru ekki að fara varlega, þeir láta vaða á súðum og sjóða á keipum. Þetta eru menn, sem hafa enga von. En við þekkjum mýmörg dæmi þess, þegar slíkum mönnum er hjálpað til þess að snúa frá villu síns vegar, þá hafa þeir orðið nýtir borgarar. Þetta er tilgangur þessara laga. Og þessi lög koma sannarlega ekki af fljótt, — ef nokkuð er, þá koma þau of seint.

Í sambandi við þetta var því skotið fram af hv. 1. landsk., að þessi hjálp til sveitarfélaga mundi verða til þess, að þau vanræktu að afla sér tekna. Nú er svo

fyrir að þakka, að einmitt í þessum lögum eru ákvæði, sem fyrirbyggja þetta. Áður en hjálp er veitt er einmitt ákveðið, að stj. eða aðstoðarmaður hennar skal fara í grafgötur um leiðir fyrir viðkomandi sveitarfélag til þess, ef unnt er, að bjargast á annan hátt. Það segir í 5. gr. „Aðstoðarmaður sveitarstjórnar, sem um ræðir í 4. gr., skal kynna sér nákvæmlega allan hag sveitarfélags og athuga nákvæmlega í samráði við sveitarstjórn, hvort fjárhagsörðugleikunum verði af létt með því að draga úr gjöldum eða auka tekjur eða hvorutveggja". Það er beinlínis boðið í 5. gr., að þetta sé gert, og svo er haldið áfram: „Telji aðstoðarmaður það fært, án þess að vanræktar séu skyldur sveitarfélags eða íbúum þess íþyngt um of, skal hann bera málið undir sveitarstjórn og senda það síðan ráðh. ásamt till. sínum og sveitarstjórnar". Ráðherra hefir svo æðsta úrskurðarréttinn um það, hvað gera skuli. Þetta er fyrsta ráðið, sem lögin bjóða, og ég get ekki svarað hv. 1. landsk. öðru en því, að ef okkar þjóðfélag er svo spillt, að stj. og aðstoðarmanni hennar er helzt ætlandi að ala upp í sveitarfélögunum þá tilhneigingu að komast undan að greiða sín gjöld, þá er ekki til neins að gera yfirleitt nokkrar ráðstafanir. En hér skilur okkur hv. 1. landsk. Ég hefi ekki trú á, að þjóðin sé orðin slíkur skríll, ég hygg að stj. og aðstoðarmaður hennar muni þvert á móti knýja sveitarfélögin fram með ráðum og dáð. Ég held þess vegna, þegar á allt er litið, að þetta frv. sé ekki aðeins nauðsynlegt, heldur að það væri um stórskaða að ræða, ef það yrði ekki samþ. á þessu þingi.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég skal ekki vera langorður að þessu sinni, því umr. eru þegar orðnar nokkuð langar um þetta mál. Ég ætla þó aðeins að svara þeim hv. frsm. og hv. 1. landsk. nokkrum orðum. Viðvíkjandi því, að ríkið skerði gjaldþol sveitarfélaga, þá er það rétt að því leyti, að eftir því sem ríkið heimtar meir og meir aukin framlög frá borgurunum, þá verkar það þannig á sveitarfélögin, en ástæðan til þess er fyrst og fremst auknar kvaðir, sem þingið leggur á ríkissjóð. Hér er því að ræða um sök þingsins og að nokkru leyti stj. Ég lít svo á, að ef einstök sveitarfélög geta ekki klárað sínar skuldir, þá eigi þau að snúa sér til stj. og óska eftir að fá nýja tekjustofna. Þetta hefir áður verið gert, og stj. hefir látið bera fram frv. um aukinn skatt handa þessum sveitarfélögum, og hefir slíkum málum verið yfirleitt tekið vel á þingi. Ég get tekið það fram, að ég hefi ekki skipt um skoðun af því að hlusta á ræðu hv. frsm. Þó vil ég taka undir það með honum út af c-liðnum í brtt. n. við 10. gr., að ég tel hana réttmæta, það sem hún nær, en það vantar að taka það fram, að það, sem veðsett eign kann að verða metin hærra en það veðlán, sem á henni hvílir, á að koma til greina sem greiðsla á almennum skuldum. Að því leyti er ég ósamþykkur hv. 1. landsk., en sammála hv. frsm., en það, sem ég sagði, var, að ég áliti ekki heimilt að fella niður veðrétt, sem skráður er í veðmálabókum, þó að skuld sú, er á veðinu hvílir, sé strikuð út.

Viðvíkjandi 4. brtt. n., um það, að setja sýslumann viðkomandi sveitarfélags í stað lögmannsins í Rvík til þess að dæma um það, hvort sveitarfélagið getur greitt sínar skuldir eða ekki, þá vil ég taka fram, að ég álít þá brtt. ekki miða í rétta átt. Tilgangurinn með þessari þriggja manna nefnd, sbr. 13. gr., er einmitt sá, að fá þarna hlutlausan dómstól í málinu. Það er talsvert alvarlegur hlutur, að ákveða það, að skuldir skuli falla og verða aldrei afturkræfar. Ég get verið hræddur um, að hlutaðeigandi sýslunefndaroddviti kunni að hafa óafvitandi tilhneigingu til þess að leggja til, að sveitarfélagið fái meira eftir gefið en góðu hófi gegni. Ég er ekki hér að saka sýslunefndaroddvitana um hlutdrægni, en ég held, að það gæti hent sig, að þeir óafvitandi yrðu hlutdrægir, og ég held það sé tæplega rétt að leiða þá í slíka freistni, heldur beri hér að taka þann mann inn í dómstólinn, sem öll skilyrði hefir til þess að vera hlutlaus, lögmanninn í Rvík. Það held ég, að sé viturlegri ráðstöfun. Þessari n. þarf að gefa sem mest vald. Ráðh. má ekki fara lengra en n. verður sammála um að leggja til, enda getur það hent, að pólitískur ráðh. líti ekki heldur óhlutdrægt á það mál, hvort fella skuli niður skuldir á einu

sveitarfélagi eða ekki. Hér er því spurningin aðeins um það, hvort tveir menn í dómnefndinni, sem hafa skilyrði til þess að vera hlutlausir, skuli ráða till. n., eða hvort sá vandi á aðeins að hvíla á einum manni.

Viðvíkjandi þeim dæmum, sem hv. frsm. kom með um forgangsskuldir í búum hreppsfélaga, þá vil ég taka fram, að það er hvergi ákveðið, að slíkt séu forgangsskuldir í þessu tilfelli. Í skiptalögunum eiga ákvæði um þær skuldir, sem hv. frsm. nefndi, aðeins við um einstaka menn. Ég hefi nú fengið skýringu á því, hvað hann átti við með forgangsskuldum sveitarfélaga, og ég álít, að þær séu ekkert hættulegar, en ég álít réttara að tiltaka í lögunum, hvaða skuldir átt er við. Ef ég væri skiptaráðandi, mundi ég verða í vandræðum með það, hvort mætti nota þetta ákvæði „analogiskt“ eins og það er.

Þá áttu sum þeirra dæma um forgangsskuldir sveitarfélaga, sem hv. frsm. nefndi, alls ekki við. Ef þarf að vitja yfirsetukonu eða læknis og þurfalingur getur ekki borgað, þá er hér vafalaust ekki um neina forgangskröfu að ræða.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. 1. landsk. sé farinn af fundi, en þó verð ég að svara honum nokkrum orðum.

Hann hélt því fram, að frv. rýrði lánstraust sveitarfélaga, en ég er á öðru máli. Það er rétt, að áður fyrr voru sveitarfélögin álitin einmitt beztu lántakendurnir, en nú er þetta gerbreytt; nú mætti frekar segja, að þau væru einhverjir verstu lántakendurnir. Það er því ekki svo hætt við, að lánstrausti þeirra verði spillt. Það er þegar búið að spilla lánstrausti sveitarfélaga með óvarkárni í lántökum, og ég sé raunar ekkert eftir því, þó að sveitarfélögum verði eftirleiðis erfiðara að taka lán heldur en verið hefir. Það er auðséð, að lánsstofnanir hafa oft sýnt sveitarfélögum of mikið traust í þessum efnum. Aftur á móti er ég ekkert hræddur við það, þó að vel stæð sveitarfélög fái lán, enda er engin hætta, að á því standi. Hin hafa ekkert með það að gera að fá lán, og það er ekki nema rétt að vara lánstofnanir við slíkum sveitarfélögum, sem þær kannske halda, að sé ágætur lánþegi. Hluturinn er sá, að mörg sveitarfélög eru nú í svo miklum vandræðum, að þau sjá engin ráð til þess að bjargast hjálparlaust frá þeim skuldum, sem þau hafa verið að safna um mörg ár, og það eru til sveitarfélög, sem eru alveg hætt að borga, eins og hv. frsm. sagði, og hafa alveg lagt árar í bát. Ég veit, að slík sveitarfélög eru mörg á landinu. Þau skipta tugum. Seinast í morgun var staddur hjá mér einn oddviti sveitarfélags á Vesturlandi, sem taldi, að hag þess sveitarfélags væri þannig komið, að engin leið væri til þess, að það gæti staðið í skilum. Þetta frv. er mjög varlega orðað. Það er gengið ákaflega ríkt eftir því, að þeir, sem eiga hjá sveitarfélögum, fái allt það, sem þeir geta fengið. Það er ekki tilgangur frv. að stofna nokkurn nýjan rétt fyrir þá, sem eigi hjá sveitarfélögum. Frv. er byggt á þeim grundvelli, að skuld, sem er töpuð, verði strikuð út, en heldur ekki meira.

Þá var hv. 1. landsk. að tala um það, að í 16. gr. vantaði ákvæði, er tryggði það, að sveitarfélagi verði séð fyrir nægilegum tekjum til þess að standast óhjákvæmileg gjöld sveitarfélagsins meðan stendur á ákvörðunum eftir þessum lögum, en það liggur víða í frv., að út frá því er gengið, að umsjónarmaðurinn sjái um, að lagt sé á gjaldendurna eins og hægt er án þess að íþyngja þeim um of.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég þarf aðeins litlu að svara hæstv. ráðh. Að því er snertir það, að strika skuldir út úr veðmálabókum, þá er það alveg rétt, að n. hefir ekki sérstaklega tekið það atriði til athugunar, og gleymdi ég áðan að minnast á það. Að því er snertir þessar skuldir, þá er það hvorttveggja, að viðkomandi fær bætta tryggingu í ábyrgð sýslufélagsins, og í öðru lagi fær hann ekki aðeins aukinn rétt hjá sveitarfélögunum, heldur miklu meira. — Þess vegna hélt ég, að þetta væri ekki praktiskt, en n. mun athuga þetta atriði fyrir 3. umr., og þá er hægurinn hjá að bæta úr því, er þurfa þykir.

En hvað skiptal. snertir, þá segir hér í 9. gr. þessa frv. svo: „Í tillögunum skal farið eftir 82.—89. gr. skiptalaga 12. apríl 1878 að því leyti, sem þær eiga við“. Nú skal ég ekki bera brigður á það, að skiptal. eigi fyrst og fremst við viðskipti

einstaklinga, en með þessu frv. er farið fram á, að reglur þeirra um skuldir gildi einnig um sveitarfélög. Ég veit ekki, hvernig þessum l. hefir verið beitt í einstökum tilfellum í Danmörku, en yfirleitt munu skiptal. hafa verið látin gilda víðar en um einstaklinga.

En hvað snertir gjald til yfirsetukvenna, þá er tekið fram í c-lið 83. gr. skiptal., að skuldir til lækna og yfirsetukvenna skuli vera forgangsskuldir.

Það er skoðun mín, að þetta frv. komi þá fyrst að notum, ef brtt. n. verða samþ. Og ég vil minna á það, að ekki er hlaupið að því að nota þessi l. Það er ekki hægt nema að ráði hinna þriggja aðstoðarmanna sveitarfélaganna, sem eiga að hafa kynnt sér allt, sem að þessu lýtur, og með samþykki ráðh. Þetta álít ég fulla tryggingu fyrir því, að l. verði ekki misbeitt.

Að því er sýslumanninn snertir, þá hefir mér þótt réttara, að einhver maður kæmi þarna að fyrir hönd sveitarfélaganna, og m. a. af því að víða er svo, að sveitarfélögin eiga ekki kost á miklu úrvali manna til stjórnar, og getur hagur sveitarfélaganna oft oltið á því, hver stjórnina hefir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 301,1 samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 301,2.a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 301,2.b samþ. með 8 shlj. atkv.

— 301,2.c samþ. með 7:2 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 301,3 samþ. með 7:2 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 301.4.a samþ. með 7:2 atkv.

— 301,4.b felld með 7:5 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

14.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 301,5 samþ. með 8 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

17.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

**Jón Þorláksson:** Ég hefi samið brtt. við þetta frv., sem því miður er ekki alveg tilbúin. Ég veit ekki, hvort ég má fara fram á það við hæstv. forseta að taka málið af dagskrá.

**Forseti (GÓ):** Ég get orðið við þessum tilmælum hv. 1. landsk. og tek málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 324, 338, 346, 373).

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv., á þskj. 338, og í henni felst það eitt, að þessi löggjöf skuli ekki ná til bæjarfélaga, heldur eingöngu til hreppsfélaga. Það eru ekki svo margir kaupstaðir eða bæjarfélög hér á landi, að nokkur ástæða sé til að setja um þetta almenna löggjöf þeirra vegna. Ég tel, að það væri ofviða fyrir löggjafarvaldið að gera sérstakar ráðstafanir með lögum, ef eitthvert bæjarfélag þyrfti að gefast upp eða gæti ekki staðið í skilum við sína lánardrottna. Jafnframt skal ég taka það fram, að það er auðséð á ýmsum atriðum frv., að það er upphaflega eingöngu sniðið með hreppsfélögin fyrir augum, og skal ég benda á dæmi því til sönnunar. Í niðurlagi 5. gr. frv. stendur: „Ráðherra sker þá úr, hvort fylgja skuli tillögum aðstoðarmanns að nokkru eða öllu leyti eða hvort hreppnum skuli látin í té frekari aðstoð eftir lögum þessum“. Ef frv. væri samið jöfnum höndum fyrir hreppsfélög og bæjarfélög og hvorttveggja höfð fyrir augum, þá hefði auðvitað átt að standa þarna: hreppum og bæjarfélögum.

Annað dæmi skal ég nefna, sem ég tel þó þýðingarmeira, í 13. gr. frv., þar sem talað er um eftirgjafir til sveitarfélaga, og hlutaðeigandi sýslufélagi er gert að greiða jafnmikið og ríkissjóði af hinu eftirgefna. Mér skilst, að um það gæti ekki

verið að ræða, ef í hlut ætti bæjarfélag, sem ekki telst til sýslufélags.

Ég hefi lesið allt frv. með tilliti til þess, að brtt. mín verði samþ., og get ekki séð, að hún raski neitt efni þess, nema á tveimur stöðum í 1. og 2. gr., þar sem ég legg til, að orðin: „Bæjarfélag eða“ og „bæjarstjórnar eða“ falli burt.

Höfuðástæða mín fyrir flutningi þessarar brtt. er sú, sem ég tók fram við 2. umr., að ég er hræddur um, að ef svona almenn löggjöf er látin ná til bæjarfélaga, þá muni það fremur spilla lánstrausti þeirra og rýra álit þeirra og tiltrú í augum lánveitenda. En kaupstaðirnir mega ekki við því, þar sem þeir þurfa sífellt á mikilli fjáröflun að halda til stofnunar og rekstrar stórra fyrirtækja. Bæjarfélög eru venjulega bundin margvíslegri viðskiptaflækjum við lánsstofnanir heldur en sveitarfélög. Og þess vegna er nauðsynlegt, að löggjöfinni sé þannig háttað, að lánardrottnar þurfi ekki að líta bæjarfélögin tortryggnisaugum að óreyndu. En slík löggjöf gerir hreppsfélögum miklu minni óþægindi. Ég vona, að hæstv. dómsmrh. og hv. þd. geti fallizt á þessa brtt. mína, sérstaklega þegar á málið er litið frá því sjónarmiði, að löggjafarvaldinu sé ekki ofvaxið að setja sérstök lagaákvæði í einstökum tilfellum, ef til þess kæmi, að einstök bæjarfélög þyrftu á því að halda.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þegar frv. þetta var undirbúið, var tilgangurinn sá, að það næði bæði til sveitarfélaga og bæjarfélaga, af því að svipaðar líkur þóttu vera fyrir því, að hvortveggja gætu lent í fjárþröng. En ef það er virkilega svo, að umboðsmenn bæjarfélaganna álíti, að það sé betra fyrir þau að standa utan við verndarákvæði þessara laga, þá hefi ég ekkert á móti því. En ég hygg, að talsvert hafi bólað á fjárhagsvandræðum hjá sumum bæjarfélögum hér á landi, sem þeim getur stafað hætta af. En vitanlega er hægt að setja svipaða löggjöf fyrir kaupstaðina út af fyrir sig, þó ég álíti eðlilegast, að sömu lög nái yfir sveitarfélög og bæjarfélög í þessu efni. Ég geri það samt ekki að neinu kappsmáli.

Hvað það snertir, að þetta frv. geti spillt lánstrausti bæjarfélaga, þá geng ég ekki inn á það. Og út af því, sem hv. 1. landsk. benti á við 2. umr., að bæjarfélög mundu ekki njóta sömu aðstöðu og áður gagnvart lánardrottnum, ef þetta frv. yrði að lögum, þar sem bæjar- og sveitarfélög hefðu jafnan verið talin í 1. flokki ásamt fasteignatryggingum, þá vil ég benda á, að sú sök liggur hjá sveitar- og bæjarfélögunum sjálfum. Þau hafa sjálf rýrt sitt traust með því að fara ekki nógu varlega, og af því að þau hafa í einstökum tilfellum misnotað það traust, sem þau höfðu. En þetta frv. rýrir hvorki lánstraust bæjar- eða sveitarfélaga fremur en lögin um gjaldþrot og nauðasamninga rýra álit eða lánstraust einstakra manna. — Þó að hv. allshn. hafi ekki enn mælt fyrir brtt. sinni á þskj. 346, skal ég lýsa því yfir, að ég er henni samþykkur, og vil ég benda á það, sem þar er tekið fram, að það vantaði í frv. heimild til að strika út í veðmálabók það fasteignarverð, sem eftir mati er umfram veðskuldir, er á eigninni hvíla. Ég vil taka það skýrt fram, að meiningin er sú, að það, sem verður afgangs samkv. mati á eigninni, eins og það er ákveðið eftir fyrirmælum frv., það kemur til greina sem almenn skuld. (**JónÞ:** Það stendur hvergi í frv.). Jú, það stendur þar óbeinlínis, þar sem tekið er fram, að það skuli fara fram sala á veðinu áður en aðstoðarmaðurinn býr til yfirlit sitt og gerir till. um samninga eða eftirgjöf skulda.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég ætla að leyfa mér að mæla með brtt. allshn. á þskj. 346, sem hæstv. dómsmrh. hefir nú minnzt á og lýst yfir, að hann væri samþykkur.

Það var réttilega tekið fram af hæstv. ráðh., að það þarf ekki sérstakt ákvæði í lögin um, að það, sem eftir verður af matsverði hinnar veðsettu fasteignar samkv. 10. gr. frv., falli ekki niður sem almenn krafa; þegar af þeirri ástæðu, að þá þyrfti vitanlega að taka það sérstaklega fram. En hér er aðeins um undantekningarlög að ræða, og verða þau því aldrei talin víðtækari en það, sem liggur beinlínis í þeim. — Ég skal geta þess, að n. hefir sérstaklega falið mér að lýsa þeirri skoðun sinni, að hún lítur svo á,

að afgangurinn geti alls ekki fallið niður sem almenn skuld.

Út af brtt. hv. 1. landsk. skal ég lýsa því yfir, að n. getur ekki fallizt á að taka hana til greina. Fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að það er alls ekki víst nema einhver bæjarfélög þurfi á þessum ráðstöfunum að halda, jafnvel áður en langt líður. Og svo mikið er víst, að til eru þau bæjarfélög hér á landi, sem eiga langt í land með að láta eignir sínar hrökkva fyrir skuldum. Hv. 1. landsk. gat þess, að fjárhagur bæjarfélaga væri miklu viðtækari og fjölþættari en hreppsfélaga, og þess vegna þyrfti að ráða fram úr örðugleikum þeirra með sérstökum lögum. Ég geri ekki ráð fyrir, að svo sé um bæjarfélögin yfirleitt. En það má vel vera, að ef höfuðborgin, Reykjavík, þyrfti á nauðasamningum að halda, þá yrði að gera það með sérstökum lögum.

Sum bæjarfélög eru ekki stærri en sveitarfélög, og gæti þessi löggjöf því a. m. k. orðið góður undirbúningur fyrir bæjarfélög áður en sérstök lög yrðu sett þeim til handa. Ef það á að þjaka einstökum bæjarfélögum með kröfum og málssóknum, gætu bæjarstjórnir látið þau skríða undir þessi lög þangað til frekari ráðstafanir verða gerðar, og bjargað þeim þannig í bili. Það er öllum vitanlegt, að fjárhagur þjóðanna yfirleitt, og ekki sízt okkar litlu þjóðar, er talsvert á hverfanda hveli, fyrir utan það, sem landbúnaðarkreppan sverfur nú að í sveitunum. Og því ber ekki að neita, að í þeim orðum, sem ég lét falla í ræðu við 2. umr. þessa máls um óáran í mannfólkinu, þá átti ég fremur við kaupstaðabúana en sveitafólkið. En ég neita því ekki, að þessi óáran er líka að læðast upp í sveitirnar. Það getur vel verið, að ýms bæjarfélög þurfi áður en varir að nota þann rétt, sem þessi lög veita. Það mun rétt vera, að n. hefir skotizt yfir, að í niðurlagi 5. gr. er aðeins talað um hreppa, en eigi bæjarfélög. Og út af þeirri bendingu hv. 1. landsk. vil ég leyfa mér að leggja fram skrifl. brtt. við 5. gr., að í stað „hreppnum“ komi: sveitarfélaginu. Vil ég svo afhenda hæstv. forseta þessa till., með óskum um, að þetta frv. verði samþ. með brtt. allshn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 374, I) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Það væri ekki mikil ástæða til þess fyrir mig að hafa á móti því, að frv. þetta verði lögfest á þann hátt, að það nái einnig til kaupstaðanna, ef rétt væri það, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að frv. rýri ekki meira gjaldþol og lánstraust kaupstaðanna heldur en gjaldþrotalögin lánstraust einstaklinganna. En þetta er bara ekki rétt hjá hæstv. ráðh., og skal ég gera grein fyrir því, að svo er.

Það eru þá fyrst og fremst mörg ákvæði frv., er gera það að verkum, að skuldheimtumanni verður erfiðara að innheimta skuld, er hann á hjá sveitarfélagi, heldur en hjá einstökum manni. T. d. að eignir sveitarfélaga verða samkv. frv. ekki teknar til gjaldþrotaskipta. Svo er um fleira. Ég sé mér því ekki fært að greiða atkv. með þessu frv., vegna þeirra takmarkana, sem það setur um veðrétt í fasteignum sveitarfélaga, sem ætlaðar eru til almenningsnota og stofnaðar með það fyrir augum. Til þess að gefa hv. d. dæmi um þetta, skal ég nefna rafmagnsveitu Rvíkur. Hún er byggð á þann hátt, að til hennar hafa verið tekin tvö lán, sem hvíla á 1. og 2. veðrétti í fyrirtækinu sjálfu, ásamt öðrum tryggingum, og búast má við, að þetta fyrirtæki þurfi að stækka, og þá á þann hátt, að lán verði tekið með veði í fyrirtækinu sjálfu. Ekki verður um það deilt, að fyrirtæki þetta er til almenningsnota, því almenningur fær rafmagn hjá rafmagnsveitunni. Þegar nú farið verður að leita eftir láni til þessa, þá munu þeir, sem líklegir væru til að lána fé, líta á ákvæði þessa frv., ef það verður gert að l., og þá sjá þeir, að þeir kostir, sem veðhafa eru gerðir, ef kaupstaðurinn stendur ekki í skilum, eru þeir, að mat skal fara fram á eign þeirri, sem bundin er í fyrirtækinu, og það mat fer svo fram, að kaupstaðurinn nefnir einn mann, en veðhafi annan til að framkvæma það. Verði svo ágreiningur um matsverðið, sker ráðh. úr. Og fyrir það verð, sem þannig verður ákveðið, fær svo kaupstaðurinn veðið, en afgangur skuldarinnar verður strikaður út. Enginn

mundi lána upp á þessi kjör, nema undanþága frá þessu ákvæði væri sett með l. Þetta er alveg óvanalegt ákvæði, og það er ekki rétt, að nokkur einstaklingur fái slíkan rétt, sem sveitarfélögin fá með þessu ákvæði, hvorki með gjaldþrotal. eða á neinn annan hátt. Ég veit, að ákvæði þessa frv. eru ekki hugsuð þeim kaupstöðum til meins, sem ekki eru í fjárhagsvandræðum. En enginn getur vitað, hvort þau kunni ekki að lenda í slíku einhverntíma. Og lánveitandi, sem fyrst og fremst hugsar um að tryggja fé sitt, verður að fá þær tryggingar, sem nægi, ef kaupstaðurinn lendir í vandræðum einhverntíma síðar. En slíka tryggingu fær hann ekki í fyrirtækinu sjálfu á venjulegan hátt, ef frv. þetta verður lögfest. Önnur ákvæði frv. þessa eru og svo vaxin, að þau veita skuldheimtumanni minni tryggingu fyrir að fá skuld sína greidda frá sveitarfélögum heldur en almenn löggjöf um gjaldþrot og nauðasamninga veitir þeim gagnvart hverjum einstaklingi. Svo er t. d. um ákvæði 11. gr., þar sem einfaldur meiri hl. bindur aðra skuldheimtumenn við till. aðstoðarmanns.

Ég álít því, að eðlilegast sé að undanþiggja kaupstaðina þessum l., en gera um það sérstaka löggjöf, ef þá ber upp á sker, heldur en að rýra stórlega og jafnvel kippa algerlega fótum undan því, að kaupstaðirnir geti veðsett þær fasteignir, sem þeir eru að koma upp hjá sér vegna hagsmuna almennings. Fyrst hv. 2. þm. Árn. hefir komið fram með brtt. við 5. gr. frv. um að í stað orðsins „hreppnum" komi: sveitarfélaginu, vil ég spyrja hann, hver meiningin sé með því ákvæði í 13. gr. c-lið, þar sem sýslusjóði er gert að skyldu, ef ráðh. telur fært, að greiða jafnt og ríkissjóður af því, sem eftir er gefið? Hvaða sýslusjóður er það t. d., sem á í hlut, ef Hafnarfjörður gefst upp, svo ég nefni eitthvert dæmi? — Ætli ekki hefði þurft skrifl. brtt. við það líka?

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Viðvíkjandi 13. gr. er ekki annað en það að segja, að þau ákvæði, sem hv. 1. landsk. vitnaði í, verða vitanlega þýðingarlaus þegar um kaupstað er að ræða, en ekki hrepp, sem er partur úr sýslufélagi, sem hefir sameiginlegan sýslusjóð.

Það er algerð vangá, að hreppur er nefndur í 5. gr. í stað sveitarfélags, og viðurkenni ég, að þörf er á að leiðrétta það.

En það, sem deilan stendur um, er það, hvort ákvæði þessa frv. rýri lánsmöguleika kaupstaðanna. Ég get ekki séð, að svo verði. Það er rás viðburðanna, sem rýrt hefir gjaldþol sveitarfélaganna yfirleitt. Og þeir, sem veita lán, verða að athuga, hvort sveitarfélagið er góður lánþegi eða ekki. Áður var litið svo á, að sveitarfélögin væru góðir lánþegar. En nú mun vera litið svo á af lánsstofnunum, að sveitarfélögin séu ekki 1. flokks skuldunautar. Þetta á alveg eins við um kaupstaðina eins og hreppsfélögin, enda mun ekki ofmælt, að sumir kaupstaðirnir séu í kröggum nú. Ég á vitanlega erfitt um að svara hv. 1. landsk. til varnar atriði, sem inn kom í frv. við 2. umr., þar sem ég var því mótfallinn. En þótt svo væri, tel ég þau atriði ekki svo stór, að ég vilji þess vegna fella frv. Mér þykir t. d. verra, að það var sett inn í frv., að einfaldur meiri hl. skuli duga til samþykkis till. aðstoðarmanns. En ég vil þó ekki fórna frv. þess vegna.

Hv. 1. landsk. sagði, að skuldheimtumenn væru verr settir í viðskiptum sínum við sveitarfélög eftir þeim reglum, sem settar eru í frv. þessu, en þeir væru gagnvart einstökum mönnum eftir þeim reglum, er þar um giltu. Það má vera, að svo sé að sumu leyti, en að sumu leyti er það áreiðanlega ekki. Þegar frv. þetta var búið til, var það haft fyrir augum að vernda rétt skuldheimtumannsins svo sem fært þótti. Og því var það ákvæði m. a. sett, að ríkissjóði var gert að skyldu að bæta honum upp, sem ekki er þó vani þegar um einstaka menn er að ræða. Og svo ströng eru skilyrðin um eftirgjafir til sveitarfélaganna, að ég get ekki hugsað mér, að þetta verði misnotað. Þau eru miklu strangari en þau, sem gilda um nauðasamninga til einstakra manna. Þar er ekki nærri því eins vel um þetta búið.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég skal snúa mér að því, sem hv. 1. landsk. hafði á móti sniðinu á lagafrv. þessu. Og ég get sagt það, að ég sé enga ástæðu til að breyta því. Í kaupstöðunum er vitanlega

eins ástatt og í öðrum tilfellum, að undanteknu því, að sýslumaður kemur þar ekki til greina. Þá verða það skrifstofustjórinn í atvinnumálaráðuneytinu og hagstofustjórinn, sem úrskurðinn gera. Þetta leggur sig sjálft.

Hvað snertir takmörkin á tölu þeirra skuldheimtumanna, sem gefa verða samþykki sitt til, að till. þær, sem fram eru komnar, öðlist gildi, þá er það fyrirkomulagsatriði. Ef elta þarf marga menn, sem kröfu eiga til smárra upphæða, eins og oft getur verið með skuldir sveitarfélaga, þá getur það orðið að vandræðum. Ég benti á dæmi á dögunum, sem fyrir mig kom í sambandi við nauðasamninga, er óskað var eftir, þar sem margir menn, með smáar upphæðir hver, höfðu rottað sig saman í því skyni að fella nauðasamningana. En yfirleitt finnst mér, að mótbárur hv. 1. landsk. botni í því, að hann hefir svo lítið traust á því opinbera, og minna en ég og aðrir þeir, sem fylgja frv. Hann er hræddur um, að allt fari í vitleysu í kaupstöðunum. En ég veit engin dæmi þess, þar sem hið opinbera hefir farið með slík mál, að níðzt hafi verið á einstaklingum eða félögum. Þarna er svo rammlega um búið, að ég fæ ekki skilið, að neinn flaustursúrskurður verði felldur um þetta.

Dæmi það, sem hv. 1. landsk. tók um rafveituna, var ekki sem heppilegast valið. Hv. þm. ætti að vita það manna bezt, að um slíkar framkvæmdir verður að gera sérlög og að þær eru ekki leyfðar, nema samþykki þess sveitarfélags, er í hlut á, komi til.

Ég hygg, að flestir þekki til þess, að lánstraust sveitarfélaga innanlands fer eftir því, hvernig fjárhag þeirra er stjórnað. Og þegar um lánveitingar er að ræða, þá verður meira á það litið heldur en ákvæði þessara l. Um lán erlendis til sveitarfélaga mun vart vera að ræða, nema með ábyrgð ríkisins.

Að því er c-liðinn snertir, þá vil ég aðeins minna á, að það er ekki mér að kenna, að hann er í frv.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Það er dálítið erfitt að tala um þetta mál. Hæstv. dómsmrh. reyndi ekki að hnekkja með einu orði því, að síðasta málsgr. 10. gr. frv. muni gera kaupstöðunum það alveg ómögulegt að byggja upp framfarafyrirtæki sín með eigin lánum gegn tryggingu í fyrirtækinu sjálfu. Hæstv. ráðh. segir bara: Það er ekki mér að kenna, að þetta stendur í frv. Og hv. 2. þm. Árn. segir hið sama um annað atriði þess. En ég verð nú að ræða frv. eins og það er. Og þótt hæstv. ráðh. segi, að það sé ekki tilgangur frv. að rýra lánstraust sveitarfélaganna, þá er þó ómögulegt að loka augunum fyrir því að sjá, að ekki verður hægt vegna ákvæða frv. að veðsetja hús, sem ætluð eru til almenningsþarfa, fyrir lánum til sveitarfélaga. Lögin hafa áreiðanlega komizt út fyrir tilgang sinn, því með þeim er verið að hnekkja þeim bæjarfélögum, er standa sig vel og eru sjálfstæð, til að koma í framkvæmd nauðsynlegum fyrirtækjum. Það verður ekki hrakið, að það er ekki lengur neinn veðréttur í eign, ef einn maður getur sagt við lánardrottnana: Þetta fáið þið og ekki meira. Nú getur veðhafi, ef sveitarfélag kemst í þrot með rafmagnsveitu eða önnur slík fyrirtæki, látið leggja sér eignina út og þá tekið fyrirtækið til rekstrar og látið það bera sig. En samkv. þessu frv. er það ekki hægt, og er það alveg ótækt ákvæði. Hv. 2. þm. Árn. sagði, að ég hefði of litla trú á því opinbera. Þetta er nú alveg hið sama og að segja: góðan daginn og axarskaft. Það, sem ég segi, er það, að kaupstaðir, sem eru á framfarabraut, eiga að fá að vera í friði fyrir svona ákvæðum.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Mér þykir nú gerast æðivandlifað, ef manni er fundið það til foráttu að mæla ekki með því við 3. umr., sem maður hefir mælt í gegn við 2. umr. Ég mælti þá á móti sumu af því, sem þá var samþ. En mér þótti það þó eigi svo stórvægilegt, að ég fyrir þá sök vildi fella frv. En hv. 1. landsk. ætlast víst til þess, að ég geri það. (**JónÞ:** Ég sagði, að mótbárum mínum hefði ekkert verið hnekkt). Ég held, að hv. þm. geri of mikið úr þessu. Ég held, að ekki sé verra fyrir lánardrottna, að metið sé, ef það er gert af sanngirni, heldur en að fram fari nauðungaruppboð. Það er líka hægt að verða fyrir réttindamissi í sambandi við uppboð, t. d. með

því að veðhafi viti ekki af því. Ég hefði getað hugsað mér þá verkaskiptingu, að ég hefði mælt með frv. eins og það var upphaflega, en að n. hefði mælt með því, sem hún fékk breytt í frv.

Það er rétt, að leiðrétt verði í 5. gr., eins og brtt. fer fram á. Og síðari a-lið 13. gr. hefði einnig þurft að leiðrétta.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég skal fyrst svara hæstv. dómsmrh. Ég vissi ekki til, að ég hefði látið nein orð falla í hans garð í umr. þeim, sem orðið hafa um frv. Mín skoðun er sú, að ef það er galli, að sýslumaður sé tilnefndur í síðari a-lið 13. gr., þá sé það ekki síður galli, að síðari c-liður sömu gr. sé látinn standa í frv. Mér finnst standa líkt á þarna. Og hv. 1. landsk. virðist vera búinn að gleyma því, að n. lagði til, að c-liðurinn í niðurlagi gr. félli niður. Ósamræmið, sem í þessu felst, tekur því ekki til mín.

Ég vík aftur að því, sem skilur milli mín og hv. 1. landsk. í þessu máli, sem er það, að hann trúir ekki á, að menn í opinberri stöðu vinni þetta verk réttlátlega. En ég geri það. Þessir menn eru til þess kvaddir að sjá um, að veðhafar fái sinn rétt. Og réttur veðhafa er sennilega betur tryggður með þessu ákvæði en verið hefir. Ég hefi bent á, að það er ekki nokkur vörn gegn manni með veðrétt móti því, að verðið sé sprengt upp. Og þegar slík vandræði steðja að, verður vitanlega eitthvað undan að láta.

Ég hefi annars ekki tekið till. hv. 1. landsk. alvarlega, vegna þess að hann er á móti frv. yfirleitt. Hann sagði við 2. umr. málsins, að þetta frv. væri fram komið til þess að losa sveitarfélög við að greiða skuldir sínar, og er þá von, að hann taki sárt til bæjarfélaganna.

**Pétur Magnússon:** Hv. 1. landsk. hefir haldið því fram við 2. umr. og nú aftur við þessa umr., að frv. gæti spillt lánstrausti sveitar- og bæjarfélaga. En þó að sett séu ákvæði um það, hvernig skipta skuli eignum á milli skuldheimtumanna, ef um gjaldþrot er að ræða, þá getur það ekki orðið til þess að spilla lánstrausti. Það gerir vitanlega enginn ráð fyrir því, að öll bæjar- og sveitarfélög komist í fjárþröng. Ef það væri rétt, sem hv. 1. landsk. heldur fram, þá ætti hið sama að gilda um einstaklinga og privatfélög: ákvæðin um gjaldþrot einstakra manna og félaga ættu að rýra lánstraust þeirra. En slíkt nær engri átt. Ég held, að hv. 1. landsk. hafi ekki bent á nema tvö atriði í frv., sem gætu orðið skuldheimtumönnum óhagstæð, það eru ákvæðin í 10. og 11. gr.

Hvað það atriði snertir, að einfaldur meiri hluti skuldheimtumanna ráði úrslitum, þá sé ég ekki, að þetta verði til spillis fyrir skuldheimtumenn. Ráðh. hefir úrskurðarvald og auk þess fer eftirgjöf því aðeins fram, að 3 aðrir traustverðir menn leggja það til. Ég sé því ekki, að í þessu ákvæði sé nein hætta falin. Um hitt atriðið, matið á fasteignum, gildir öðru máli. Og ég játa fúslega, að ég álít, að löggjöfin megi ekki fara inn á þá braut að rýra veðgildi fasteignanna. Ég gekk inn á matsákvæði í n., af því að ég leit svo á, að hér væri um algert undantekningarákvæði að ræða. Verð ég að játa, að eftir þær bendingar, sem hv. 1. landsk. hefir gefið í málinu, þá lít ég nú öðruvísi á þetta heldur en ég gerði eftir lauslega yfirvegun í n. Það hefir stórvægilega þýðingu, að ekki sé rýrt það traust, sem skuldheimtumenn geta borið til trygginga í fasteignum.

Fyrir mér vakti, þegar ég gekk inn á þessa brtt., eins og hv. 2. þm. Árn. tók fram, að skuldheimtumenn gætu sprengt upp verð á skólahúsum og öðrum þeim húsum, sem sveitarfélögin eru neydd til að halda í. Þó að húsið sé gamalt og í sjálfu sér mjög lítils virði, þá getur það verið alveg ómissandi fyrir sveitarfélagið. Svo gætu skuldheimtumenn notað sér neyð sveitarfélaganna til þess að sprengja verðið upp úr sannvirði. Mér hefir dottið í hug að bæta úr þessu með brtt., sem ég legg hér fram, með leyfi hæstv. forseta, með tilmælum um, að hann leita afbrigða um hana, svo hún megi koma til atkvæða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 374, II) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að bera af mér sakir, sem á mig hafa verið bornar. Ég hefi aldrei sagt við fyrri

umr., að með þessu frv. væri löggjöfin að gera hreppunum auðvelt að komast hjá skuldagreiðslu. (**MT:** Ég skrifaði þessi ummæli hv. 1. landsk. niður orðrétt um leið og hann talaði þau). Ég hefi aldrei sagt þetta og veit betur, hvað ég hefi talað, en hv. 2. þm. Árn. Það er alveg rétt hjá hv. 4. landsk., að ákvæði 10. gr. verða þyrnir í augum skuldheimtumanna. Þau eru alveg ótæk fyrir kaupstaðina. En ef á að fara að gera greinargerð eftir fasteignamati, þá er það alveg óviðeigandi. Fasteignamat á húsi er enginn mælikvarði á verðmætið í heild. Ég þykist samt skilja, hvað vakti fyrir hv. n. Hún hefir ekki haft fyrir augum atvinnufyrirtæki, heldur aðeins skóla og aðrar húseignir sveitarfélaga. En n. hefir ekki tekizt að orða þetta á réttan hátt. Væri að mínu áliti betra að breyta orðalagi frv. heldur en að koma með viðaukatillögur.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég stend upp aðeins til þess að bera fram brtt. við brtt. hv. 4. landsk., um að í stað „20 þús." komi: 30 þús. Eftir því eiga uppboð að fara fram, ef um stórvirki er að ræða. Þá ætti hv. 1. landsk. að vera fullnægt. Hann sagði, að ég hefði rangfært orð hans. Ég skrifaði þau niður um leið og þau voru töluð og verð því að líta svo á, að hv. 1. landsk. vilji nú ekki standa við það, sem hann áður hefir sagt, og get ég verið honum samþykkur í því.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 375) leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

**Páll Hermannsson:** Ég vil aðeins benda á, að þetta er orðið svo flókið, að full ástæða virðist til þess að taka málið út af dagskrá, svo að þm. geti betur áttað sig á öllum þessum brtt., vatill. og brtt. við brtt., sem fram hafa komið. (**Forseti:** Til þess ætti að vera nóg að fresta atkvgr.).

**Halldór Steinsson:** Það er ekki nóg, eins og hæstv. forseti vill, að fresta atkvgr. Það verður að taka málið út af dagskrá og fresta umr., svo að tækifæri gefist til þess að breyta orðalagi á breytingartillögunum.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Ed., 10. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 324, 338, 346, 373, 374, 375).

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég er nú steindauður við þessa umr. (**Forseti:** Hv. þm. fær að gera aths., svo að hann er ekki steindauður). Það er gott, að hæstv. forseti vill lífga mig við. Ég stend upp m. a. til að taka aftur brtt. mínar á þskj. 374 og 375, þar sem hv. 4. landsk. hefir lýst því yfir, að hann muni og taka aftur sína brtt. á þskj. 374.

Þá vil ég f. h. n. kynna mönnum brtt. n. á þskj. 373. Þar er lagt til að gera þá breyt., að sýslusjóðir skuli leggja fram helming móts við ríkissjóð, en í frv. stendur, að þeir skuli leggja fram jafnmikið. Ennfremur hefir n. til viðbótar við till. hv. 1. landsk. komið með breyt. við fyrirsögn frv., að þar standi „hreppsfélaga" í staðinn fyrir sveitarfélaga, því að hv. 1. landsk. leggur til, að þessi ákvæði eigi aðeins að ná til hreppsfélaga, en ekki kaupstaða. Ég skil vel, að hv. 1. landsk. samkv. stöðu sinni vill gjarnan, að höfuðborgin sé undanþegin þessum ákvæðum; það er metnaðarmál fyrir hann að nokkru leyti. Hann hefir það til síns máls, að það er vitanlegt, að ef sú ógæfa kæmi fyrir, að Rvík þyrfti á slíkum l. að halda, þá yrði bænum auðvitað hjálpað með sérstökum l. En hvað hina kaupstaðina snertir, þá er ekki svo að skilja, að ég líti svo á, að ekki geti að því rekið, að þeir þyrftu eftirgjafar við. Það er vitanlegt, að þeir kaupstaðir eru til, sem þyrftu mikillar eftirgjafar við, jafnvel svo hundruðum þúsunda skipti, hvernig sem hægt verður að skipa þeim málum. Ég vænti þess, eftir að ég hefi gefið þessa yfirlýsingu, að fulltrúar kaupstaðanna líti svo á, að við sveitakarlarnir megum vera nokkurnveginn einráðir um, hvernig eigi að haga þessum l. að öðru leyti en þessu, að þau verði ekki öðrum að tjóni.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég heyri, að hv. n. hefir kúvent í þessu máli og hefir nú gengið inn á það, að þessi lög eigi ekki að gilda fyrir kaupstaði. Mér líkar þetta ekki vel, því að mér finnst, að yfirleitt eigi sama löggjöfin að

gilda um bæjarfélög og um hreppsfélög, en ég býst ekki við, að mikið þýði að deila um þetta, því að þegar heil n. hefir komið sér saman um eitthvað, þá þýðir ekkert um það að ræða. (MT: Það var ekki ófyrirsynju gert). Það var þá merkilegt, að n. skyldi ekki geta fyrr komið auga á þetta. Það er eins og gert sé ráð fyrir, ef þessi ákvæði verða lögfest, þá fari öll sveitarfélög á hausinn. En ég get ekki séð meiri ástæðu til að ætla, að svo verði, fremur en að einstaklingar fari á höfuðið, ef sett eru l. um gjaldþrot. Hér er ekki um annað að ræða en hjálp handa þeim sveitarfélögum, sem hjálpar þurfa, en þau sveitarfélög, sem þess þurfa við, verða hvorki fleiri né færri, þó að þessi l. verði sett. Auk þess eru sumir kaupstaðir miklu minni en stór kauptún, t. d. er Norðfjörður minni en Akranes. Er mjög skrítið að láta aðrar reglur gilda um slíka kaupstaði heldur en sveitarfélög. Af þessum ástæðum álít ég sérstaklega óheppilegt að samþ. þessa brtt.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég vil þakka n. fyrir það, að hún hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að undanskilja kaupstaðina í þessari löggjöf. Ástæður mínar fyrir því, að rétt væri að gera svo, eru ekki þaðan runnar, að mér sé þetta metnaðarmál fyrir hönd Rvíkurbæjar, heldur aðeins þær, að ég álít óhentugt fyrir kaupstaðina, að þessi löggjöf verði látin ná til þeirra. Ég get ekki fallizt á, að það sé rétt hjá hæstv. dómsmrh., að lögin gildi eingöngu um þau sveitarfélög, sem komin eru í þrot, því að l. gilda að vissu leyti um sérhvert sveitarfélag, með því að þau koma til framkvæmda strax og sveitarfélagið er komið í þrot, en við allar lánveitingar t. d. af hálfu fjársöfnunarstofnana eins og tryggingarfélaga, er það föst regla, að félögin láta rannsaka, hver ákvæði löggjafarinnar koma til greina, ef skuldunautur getur ekki staðið í skilum. Hlýtur svo að verða litið á, að þessi löggjöf nái einnig til kaupstaðanna, af því að fyrir þá getur komið það ástand, sem lætur l. koma til framkvæmda, og álít ég það varhugavert, að kaupstaðirnir verði settir undir sérlöggjöf, sem sviptir lánardrottna þeirra og veðhafa þeim réttindum, sem þeir hafa samkv. almennri löggjöf. Það er og heldur ekki rétt, að kaupstaðir og hreppsfélög séu hliðstæð, þótt þau séu það að sumu leyti, því að kaupstaðirnir eru viðtækari og hliðstæðari sýslufélögunum, sem ekki eru tekin upp í frv., svo að það er ekkert ósamræmi í því, þótt kaupstöðunum væri sleppt líka.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson)**: Það er rétt, að þessi l. koma til með að gilda um hvert sveitarfélag, sem kemst í þrot, en þar fyrir geta l. ekki spillt lánstrausti sveitarfélaganna meðan þau eru ekki komin í þrot, frekar en löggjöfin um gjaldþrotaskipti spillir fyrir lánstrausti einstaklinga. Hér er líka um almenna löggjöf að ræða, en alls ekki neina sérlöggjöf. (**JónÞ**: Sýslufélögin eru þó undanskilin). Það er rétt, og þótt kaupstaðirnir hafi að sumu leyti svipaða aðstöðu og sýslufélögin, skil ég ekki, að það geti spillt fyrir lánstrausti þeirra né sveitarfélaganna, þótt slík löggjöf sé um þá sett. Hinsvegar get ég ekki séð neina ástæðu fyrir því, að önnur löggjöf eigi að gilda fyrir Akranes, ef það kemst í þrot, en fyrir Norðfjörð eða Seyðisfjörð, þar sem Akranes auk þess hefir miklu fleiri íbúa. Eini munurinn, sem hér er á, er sá, að annað heitir kauptún, en hitt kaupstaður.

**Ingvar Pálmason**: Út af síðustu orðum hæstv. dómsmrh. vil ég vekja athygli á því, að hvað sem mannfjölda á Akranesi og Norðfirði líður, er aðstaðan allt önnur. Akranes heyrir þannig undir sýslufélag, en Norðfjörður og Seyðisfjörður ekki. Þessi aðstöðumunur gerir það að verkum, að ég álít rétt að aðskilja þetta. Bæjarfélög hafa venjulega viðtækari starfsemi með höndum en hreppsfélögin, enda starfa þau undir öðru fyrirkomulagi. Þarf að taka þetta til greina, því að það á að ráða skiptingunni, en ekki mannfjöldinn.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson)**: Í frv. er aðeins um að ræða, hvað gera á, þegar fjárþröng ber að höndum, og gildir það jafnt um hreppsfélög sem kauptún, að þau geta ekki sótt um fjárstyrk til

sýslufélaganna. (IP: Frv. skyldar sýslufélögin til að hjálpa). Nei, þvert á móti. Frv. er einmitt skýr vottur þess, að sýslufélögin eru ekki skyldug til að hlaupa undir bagga með hreppsfélögunum.

ATKVGR.

Brtt. 338,1 samþ. með 8:3 atkv.
— 338,2—3 samþ. án atkvgr.
— 346 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 374 teknar aftur.
— 373,1 samþ. með 8:3 atkv.
— 373,2 samþ. án atkvgr.
— 375 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 50. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 392).

Á 51. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta mál er komið frá Ed. og hefir tekið þar nokkrum breyt. Upphaflega var ætlazt til, að það tæki bæði til hreppsfélaga og kaupstaða, en var breytt þannig í Ed., að það næði aðeins til hreppsfélaga. Ég verð að segja, að ég tel ekki rétt að gera þennan greinarmun á hreppsfélögum og kaupstöðum, en þar sem ekki er hægt að neita því, að það er meira aðkallandi að fá svona löggjöf fyrir hreppsfélög, vil ég í bili sætta mig við það, en getur verið, að ekki verði langt þangað til þarf að búa til svipuð l. fyrir kaupstaði.

Það er vitað, að mörg hreppsfélög eru nú í svo miklum fjárhagsvandræðum, að óhjákvæmilegt er að koma fjárhag þeirra á þann grundvöll, að þau geti starfað áfram og rækt skyldur sínar. Sum hreppsfélög eru nú það illa komin, að þau eru hætt að sinna þeim skyldum, sem á þeim hvíla, og er það af því, að þau finna, að þessar skyldur eru svo þungbærar, að þau geta ekki lengur staðið undir þeim öllum, og þá verður með þau eins og marga einstaklinga, að það kemur í þau kæruleysi, svo að þau hætta jafnvel að inna af hendi það, sem þau þó gætu.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, nema sérstakt tilefni gefist til, en aðeins óska, að frv. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

**Jóhann Jósefsson:** Þetta frv. hefir orðið fyrir þeirri breyt. í Ed., að samkv. ákvæðum þess eiga kaupstaðir ekki að geta notið þess, eins og til var ætlazt í upphafi. Ég tók eftir, að hæstv. ráðh. sagði, að ef til vill yrði ekki langt þangað til setja yrði l. lík þessum til viðreisnar kaupstöðum. Út af þessu vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort taka eigi orð hans þannig, að stj. ætli að fara að undirbúa, eða hafi undirbúið fyrir næsta þing eða þetta, eitthvert skipulag til hjálpar kaupstöðum. Það er hverjum manni vitanlegt, að ýmsir kaupstaðir berjast nú mjög í bökkum, og fjárhagsvandræði sveitarfélaga lenda oft að talsverðu leyti á kaupstöðunum, m. a. þannig, að ekki fæst greiddur sveitarstyrkur þurfamanna, sem eiga heima í kaupstöðum, en framfærslusveit í einhverjum hreppi úti á landi. Þetta ástand er orðið óþolandi, og er eðlilegt meðan svo gengur, að þeim röddum fjölgi, sem vilja gera allt landið að einu framfærsluhéraði. Ég er ekki þar með að segja, að það sé gallalaust fyrirkomulag, en það er þó a. m. k. skárra en það, sem nú viðgengst, því að nú er svo komið, að það er ekki einu sinni svo, að ýmis sveitarfélög geti ekki borgað þessa framfærslustyrki, heldur eru þau líka hætt að svara bréfum og fyrirspurnum

En það er ekki aðeins að þessu leyti, sem bæjarfélögin eiga erfitt nú á þessum krepputímum. Eins og kunnugt er, hefir atvinnuleysi stóraukizt, og nú er heimtað, sérstaklega af jafnaðarmönnum, að bæjarfélögin haldi uppi atvinnubótum, hvort sem nokkrir möguleikar eru til þess eða ekki. Þetta allt hefir orðið þess valdandi, að fjárhagsörðugleikar bæjarfélaga hafa aukizt óskyggilega mikið, svo að nú eru þeir meiri en nokkru sinni áður.

Ég þykist vita, að það sé hvorki einum né öðrum kappsmál að hafa afskipti af þessum málum fyrr en í fulla hnefana. Það kostar sennilega ríkissjóðinn fjárútlát og yfirvöldin erfiði og umhugsun að

finna þau úrræði, sem helzt megi duga. Ég vil þó benda á, að í flestum tilfellum mun verða hægara fyrir ríkið að hjálpa bæjarfélögunum áður en þau eru alveg komin í kútinn heldur en að koma þá fyrst þeim til hjálpar, þegar allt er komið í kalda kol. Ég tel því nauðsynlegt, að þing og stjórn geri nú þegar ráðstafanir til að hjálpa þeim bæjarfélögum, sem allra erfiðast eiga.

Ég hefi heyrt, að í Noregi, þar sem staðhættir eru einna líkastir því, sem er hér á landi, hafi ríkið gert mikilvægar ráðstafanir til að hjálpa bæjarfélögum. Ef til vill gætu Íslendingar lært eitthvað af Norðmönnum í þessu efni.

Þar sem ekki á að hjálpa bæjarfélögum með þessari löggjöf, sem hér á að setja, þá vil ég leggja áherzlu á það, hver nauðsyn er að hjálpa þeim nú á þessum vandræðatímum. Og ég þykist vita, að þegar hæstv. dómsmrh. sagðist telja líklegt, að bráðlega yrði að gera slíkar ráðstafanir, þá hafi hann þar haft eitthvað víst í huga. Þætti mér vænt um að fá nánari upplýsingar um það nú við þessa umræðu.

**Halldór Stefánsson:** Ég get ekki látið hjá líða að benda á, að það ástand, sem er þess valdandi, að þetta frv. er borið fram, nefnilega fjárhagsvandræði sveitarfélaga, það er, þótt illt sé til að vita, að miklu leyti óheppilegri löggjöf að kenna. Ég á hér við þau ákvæði fátækralöggjafarinnar, sem lúta að fátækraframfærslu, því að það eru þau, sem hafa orðið þess valdandi, að byrðarnar hafa lagzt mjög misþungt á hreppsfélögin, svo að sum þeirra geta nú ekki lengur risið undir þeim. Ég hefi bent á þessa ástæðu hér á þingi fyrr og vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því einu sinni enn. Það er nauðsynlegt að gera meira en enn hefir verið gert — ég á hér við þá ófullnægjandi jöfnun á framfærslubyrðinni, sem gerð var í fyrra — til að nema burt orsökina til þess, að einstök sveitarfélög komast í fjárþrot, með því að jafna sem allra mest byrðarnar, sem stafa af framfærslu þurfamanna. Hefir verið bent á tvær leiðir til þess. Önnur er sú, að gera allt landið eitt framfærsluhérað, og hin að hafa framfærsluna bundna við heimilisfang. Þriðja leiðin er sú, sem farið var inn á í fyrra, aðeins er jöfnunin ekki nægilega mikil.

Ég mun ekki mæla á móti þessu frv., því að ég tel líklegt, að full þörf sé á að hjálpa þeim sveitarfélögum, sem verst eru stödd. Og það er því skyldara, þar sem það er að miklu leyti ranglátri löggjöf að kenna, að svona hefir farið fyrir þeim. Hitt er þó víst, að heppilegasta og réttlátasta leiðin til að leysa þessi vandræði, er sú, að taka fyrir orsakirnar, eins og oft áður hefir verið bent á.

**Pétur Halldórsson:** Ég hjó eftir því hjá hv. síðasta ræðumanni, að aðalástæðan fyrir hinni illu afkomu ýmissa hreppsfélaga væri fátækraframfærið, sem lægi svo misþungt á hreppsfélögunum. Út af þessu vil ég beina því til hæstv. stj., hvort stj. gæti ekki, áður en frv. kemur til 2. umr., gefið upplýsingar um það, hvernig hag þessara sveitarfélaga er komið og af hvaða ástæðum. Ég álít, að fátækralöggjöfinni verði ekki kennt þetta fyrst og fremst, a. m. k. ekki fyrr en fram á það hefir verið sýnt með órækum tölum. Að því er Reykjavík snertir má segja það, að fáir hreppar á landinu hafa goldið meira afhroð í þessum efnum, því að það er jafnvel hrein undantekning, ef bæjarfélagið hér hefir fengið endurgreitt það, sem það hefir lagt til þurfamanna úr öðrum sveitarfélögum. Yfirleitt held ég, að óhætt sé að segja, að sveitarfélögin taki ekki meira tillit til þessara skulda sinna við Reykjavík en þótt þær væru blátt áfram ekki til. Mér þykir því rétt, að það verði upplýst, hvernig á þessum erfiðleikum sveitarfélaganna stendur í einstökum tilfellum. Ég er og hræddur um það, að slík löggjöf sem þessi verði til að gefa hreppsfélögunum undir fótinn með að fara ekki eins gætilega með fjármálin og ella. Það ætti að vera töluvert aðhald í því fyrir hreppsfélögin að því er fjármálin snertir, að ef illa er stjórnað, kemur það niður á öllum gjaldþegnunum, unz ekki er meira af þeim að hafa, en hér er hinsvegar gert ráð fyrir, að ábyrgð þeirra vegna verði mjög takmörkuð. Ég held því, að það sé töluvert satt í því, sem sagt hefir verið í sambandi við þetta frv., að það muni verða til að spilla tiltrú og

lánstrausti þeirra sveitarfélaga, sem undir löggjöfina koma.

Ég vildi aðallega taka þetta fram í sambandi við frv. Að endingu vil ég svo aðeins endurtaka þau tilmæli mín til hæstv. stj., að stj. gefi þinginu upplýsingar um það, af hvaða ástæðum svo er komið sem komið er fyrir sveitarfélögunum. Það má ekki fullyrða, að þetta sé fátækralöggjöfinni að kenna, nema jafnframt séu færðar fram beinar tölur því til sönnunar.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Hv. 4. þm. Reykv. óskaði eftir upplýsingum um það, af hverju vandræði sveitarfélaga stöfuðu, og er því til að svara, að ástæðurnar eru margar og margvíslegar í hinum einstöku tilfellum, en allt stendur þetta í sambandi fyrst og fremst við kreppuna, sem nú ríkir, því að þótt það hafi að vísu áður komið fyrir, að hreppsfélag kæmist í vandræði, hefir það þó aldrei orðið jafnalmennt og nú er, vegna hins almenna ástands í landinu. — Ef leita á að fyrstu orsök þessa meins, verður erfitt að svara, og þótt fátækraframfærið sé að vísu þungur baggi á flestum sveitarfélögum, eru margir gjaldaliðir aðrir, sem ekki eru betri. Sum sveitarfélög hafa t. d. komið upp hjá sér dýrum stofnunum eins og raforkuveitum, á dýrum tímum, sem gerir það að verkum, að þau geta ekki selt rafmagnið einu sinni fyrir kostnaðarverði nú vegna verðfallsins, og er þetta sumstaðar aðalástæðan fyrir vandræðum sveitarfélaganna, sem þau hafa komizt í. En það út af fyrir sig skiptir raunar engu máli, af hverju vandræði sveitarfélaganna stafa. Aðalatriðið í þessu sambandi hlýtur að verða það, að bæta úr vandræðunum, sem sveitarfélögin þannig eru komin í. Með þessu frv. hefir sú leið verið farin í þessum efnum, sem svipuð er nauðasamningaleiðinni fyrir einstaklinga, sem komast í þrot. Sveitarfélögin verða ekki tekin og seld á uppboði. Þeirra aðaleign er gjaldþolið, sem ekki er gott að meta. Þótt hægt sé að gera skuldirnar upp, verður ekki hægt að gera eignirnar upp á móti og úthluta þeim meðal skuldheimtumannanna. Þetta gerir það að verkum, að sveitarfélögin verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta. Af þessum ástæðum var leið nauðasamninganna valin, og er frv. á henni reist, með þeim einum breyt., sem af því leiddi, að hér er um löggjöf að ræða, er gildi um sveitarfélög, en ekki einstaklinga.

Ég get ekki séð, að þessi leið geti orðið til að gefa sveitarfélögunum undir fótinn með ógætilega fjármálastjórn. Þessi löggjöf, sem hér er farið fram á að lögleiða, gefur sveitarfélögunum ekki frekar undir fótinn um slíkt en löggjöfin um nauðasamninga gerir það að því er einstaklinganna snertir. Og sama er að segja um lánstraustsspjöllin, sem þessi löggjöf á að hafa í för með sér fyrir sveitarfélögin. Hér fyrr meir voru hreppsfélögin að vísu álitin beztu skuldunautar, sem völ væri á, og talin hliðstæð fyrsta veðrétti í fasteign. En nú er þetta liðin tíð, og hreppsfélögin ganga nú ekki lengur fyrir með lán, nema síður sé sum þeirra. Ef um er að ræða spjöll á lánstrausti, eru þau því þegar orðin, svo að þau geta því ekki orðið af völdum þessarar löggjafar. Og aðalatriðið í þessu sambandi er, eins og ég áður sagði, að bæta úr vandræðunum, sem þegar kreppa að sveitarfélögunum. Verður að kippa þessu í lag, hvort sem í hlut eiga einstaklingar, félög eða opinberar stofnanir, sem hreppsfélögin að vissu leyti eru. Og fyrst ekki eru peningar fyrir hendi til að greiða skuldirnar, verður að gera þær upp og strika út, eftir því sem athugun á því bendir til, hverjar líkur eru til, að skuldirnar verði greiddar. Og ég tel það einn af beztu kostum frv., hvað varlega er farið einmitt í þessu efni.

Hv. 1. þm. N.-M. fór nokkrum orðum um vandræði sveitarfélaganna, og er satt, sem hann sagði, að það var ekki í fyrsta skiptið nú, sem hann vék að því, hve fátækraframfærslan kemur misjafnt niður. Hv. þm. hefir oft vikið að þessu máli áður og fært rök að þessu. Út af þessu vil ég minna á það, að þingið í fyrra samþ. að hlaupa undir bagga með þeim sveitarfélögum, sem harðast verða úti í þessum efnum. Stj. hefir ekki hugsað sér að fara lengra í þessu en þá var gert, að svo komnu máli, en sjá, hvað reynslan segir um þetta. Það frv., sem hér liggur fyrir, er og um allt annað efni en þetta, enda mun það ekki hafa verið meiningin hjá hv. þm. N.-M. að blanda þessum tveimur

málum saman, þótt hann leiddi að þessu athygli í þessu sambandi. Liggur og í augum uppi, að enda þótt fátækralöggjöfinni verði breytt, verður engu að síður að gera ráðstafanir til viðreisnar þeim sveitarfélögum, sem þegar eru komin í þrot.

Hv. þm. Vestm. spurðist fyrir um það, hverjar ráðstafanir stj. hefði hugsað sér að gera viðvíkjandi kaupstöðunum, ef þeir kæmust í þrot. Þessu er því til að svara, að stj. ætlaðist upphaflega til, að frv. næði einnig til kaupstaðanna, en umboðsmenn kaupstaðanna í Ed. lögðu á móti þessu, og var það fellt úr frv. samkv. tilmælum þeirra. Ég áleit þetta ekki rétt, m. a. af þeirri ástæðu, að sumir kaupstaðir, eins og Norðfjörður og Seyðisfjörður, eru minni en sum kauptúnin, sem falla undir þessa löggjöf, eins og er um Akranes. Er erfitt að sjá, hvers vegna gera á greinarmun í þessum efnum eftir því, hvort í hlut á kaupstaður, kauptún eða hreppur. Samkv. þessu hafði stj. hugsað sér, að sömu ráðstafanir gengju yfir kaupstaðina, ef þeir kæmust í þrot, eins og yfir hreppsfélögin, og að skuldirnar væru látnar falla sínum herra, úr því að ekki eru peningar til að greiða þær. Kvartanirnar ganga á báða bóga. Sveitirnar kvarta yfir því, að fólkið þyrpist í kaupstaðina, lendi þar á vonarvöl, svo að sveitirnar fái ekki risið undir fátækraframfærinu, en kaupstaðirnir kvarta hinsvegar yfir því, að þeir fái ekki endurgreitt það, sem þeir af þessum ástæðum verði að leggja út vegna sveitanna til fátækraframfærslunnar. Kvartanir hvorratveggja, bæjanna og sveitanna, hafa sjálfsagt við rök að styðjast að meira eða minna leyti.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. N.-M., að þetta frv. ber vitni um ömurlegt ástand, en frv. er, eins og fleiri frv. á þessu þingi, bein afleiðing þeirra tíma, sem við lifum á — tilraun til að draga úr ástandinu, því að sjálfu ástandinu er ekki á okkar valdi að létta af.

**Tryggvi Þórhallsson:** Það er ekki vafi á því, að það er full þörf á löggjöf um það efni, sem hér liggur fyrir, en ég efast hinsvegar um, að frv. taki inn á eins mörg svið og það þarf að gera. Frv. gerir þannig, samkv. 2. og 11. gr., aðeins ráð fyrir skuldum og eignum hreppsfélaganna í þessu sambandi, og er þó vitað, að um margt fleira er að ræða. Það er t. d. orðið mjög útbreitt í seinni tíð, að hreppsfélögin gangi í ýmiskonar ábyrgðir, að vísu oftast með einni eða annari baktryggingu. Vil ég beina þeirri aths. til hæstv. ráðh. og þeirrar n., sem málið fær til meðferðar, að það getur ekki komið til mála að lögleiða þetta frv., nema þessi hlið málsins hafi einnig áður verið ýtarlega rannsökuð, sem að ábyrgðum hreppsfélaganna veit. Bendi ég á það í þessu sambandi, að það er tilvalið fyrir n. að snúa sér til Búnaðarbankans um upplýsingar viðvíkjandi þessari hlið málsins.

Út af lánstraustsspjöllunum, sem þetta frv. hafi í för með sér og hv. 4. þm. Reykv. drap á, vil ég segja það, að ekki getur leikið minnsti vafi á því, að l. loka fyrir ábyrgðir hreppsfélaganna í stórum stíl.

**Halldór Stefánsson:** Ég vil taka undir það með hv. 4. þm. Reykv., að stj. gefi þinginu sem fyllstar upplýsingar um ástæðurnar fyrir hinum misjafna efnahag sveitarfélaganna. Ég sagði ekki, að fátækraframfærið væri eina orsök þessa, heldur að það væri stærsta orsökin. Hv. þm. sagði, að enginn mundi verða harðari úti að því er þetta snertir en Rvík, af því að Rvík fengi nú ekki endurgreitt það, sem hún legði út vegna hreppanna til framfærslu þurfalinga. Það má vera, að þetta sé svo nú — ég rengi ekki það, sem hv. þm. segir —, en hitt er þá og jafnframt kunnugt, að mörg sveitarfélög hafa átt um sárt að binda vegna fátækrastyrks til manna búsettra í Rvík. Þetta þarf heldur ekki að koma í bág við mína skoðun; það sýnir þvert á móti, að hrepparnir eru nú komnir í greiðsluþrot.

Ég vil út af orðum hv. þm. benda á það, að ýtarlegar skýrslur liggja fyrir í þessu efni frá þinginu í fyrra. Eins og hæstv. dómsmrh. drap á, samþ. þingið í fyrra breyt. á fátækral., og fylgdi því frv. skýrsla um framfærslukostnað sveitarfélaganna 1930. Hv. 4. þm. Reykv. sat ekki á þingi í fyrra, svo að þetta kann að vera honum ókunnugt. Samkv. þessari skýrslu var mismunurinn á fátækraútgjöldum

kaupstaðanna 1930 í hlutfallstölum frá 1,59 upp í 7,02, miðað við 100 kr. skattskyldar tekjur, sem er meira en fjórfaldur munur á þeim kaupstaðnum, sem sveitarþyngslin liggja þyngst á, og þeim, sem þau koma léttast niður á. Fyrir sveitirnar er mismunurinn frá 0 upp í 49 kr., miðað við sama stofn. Samanburður á kaupstöðunum annarsvegar og hreppunum hinsvegar sýnir hlutfallstöluna 2,07 fyrir kaupstaðina á móti 4,43 fyrir hreppana, miðað við sama stofn, 100 kr. skattskyldar tekjur. — Ég hirði ekki að fara frekar út í þessar skýrslur, enda vakti aðallega fyrir mér að benda á, hve miklar upplýsingar þær hafa að geyma um þetta efni. Ég neita því ekki, að sú breyt., sem þingið í fyrra gerði á fátækralöggjöfinni, hafi verið til bóta, en ég undirstrika það enn, að jöfnunin var á engan hátt fullnægjandi.

**Pétur Halldórsson:** Út af orðum hæstv. dómsmrh. vil ég segja það, að mér sýnist það ekki hliðstætt, annarsvegar nauðasamningar einstaklinga og hinsvegar nauðasamningar hrepps eða bæjarfélaga, svo að þetta tvennt verði borið saman, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að hrepparnir eða bæjarfélögin hljóta eftir eðli málsins að hafa margvíslegri skilyrði til þess að greiða hverjum sitt á endanum en einstaklingar hafa, sem illa er komið fyrir. Nú er þess líka að gæta, að það er stórt atriði, hve misjafnlega er gengið að gjaldþegnunum í hinum einstöku bæjar- og sveitarfélögum. Á þetta ber að líta, enda er gert ráð fyrir því í frv., að athugað sé, hvort hagnýttur sé til hlítar gjaldstofn sveitarfélaganna, eða um of. En það, sem ég vildi einkum benda á, er það, að ósambærilegt er að vera kröfuhafi einstaklings eða sveitarfélags, sem telur hundrað eða þúsund einstaklinga, þótt þröng geti orðið þar í bili. Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að sameiginlegt gjaldþol þessara einstaklinga fer eftir árferði, en þótt illa líti út um tíma, getur vel komið fyrir, að þetta sameiginlega gjaldþol aukizt svo, þegar batnar í ári, að hver geti fengið sitt eftir 2—3 góð ár. Á þessu hafa kröfuhafar sveita- og bæjarfélaga byggt, og ég tel það varhugavert að frv. skuli draga úr því trausti.

Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að munurinn á framfærsluþunga hinna einstöku sveitafélaga væri mikill, og það er vafalaust rétt. En skyldi það ekki vera nokkuð komið undir því, hvernig þessum málum er stjórnað í hverju hreppsfélagi? Mér skildist á honum, að hann ætti við, að þessi þungi færi eftir því, hve mikið hreppsfélögin yrðu að gjalda með þeim þurfamönnum, sem í kaupstöðum dvelja, því þar er framfærslan auðvitað miklu dýrari en í sveit. Ef þetta hefir verið meiningin hjá hv. þm., vil ég benda honum á, að sveitafélögunum hefir ekki stafað mikill þungi af Reykjavík í þessum efnum á síðustu árum, þar sem framlag til þurfalinga sveitafélaganna í Reykjavík mun hvorki vera talið með í skuldum þeirra né reiknað með því við álagningu útsvara.

Þegar hv. 1. þm. N.-M. ætlar nú að bera saman þennan þunga eftir framtöldum tekjum manna í bæjum og sveitum, ber á það að líta, hver munur er á framtali í bæjum og sveitum. Hjá okkur verður framfærslukostnaðurinn 2 krónur á hverjar 100 kr. af skattskyldum tekjum. En hér kemst naumast ein króna undan framtali, og okkar tekjur eru allar í krónum, en sagt er manna á milli, að ekki sé gengið eins ríkt eftir framtali annarsstaðar á landinu, enda ekki eins auðvelt, að reikna út tekjurnar í beinhörðum krónum. Þetta veldur því, að framfærsluþunginn virðist koma léttara niður í R-vík en mörgum öðrum sveita- og bæjarfélögum.

Það verður ekki til sanns vegar fært, að fátækralöggjöfin sé að öllu leyti orsök í fjárþröng sveitafélaganna. Ég þykist þess fullviss, að við rannsókn kæmi margar aðrar orsakir fram. Hæstv. dómsmrh. nefndi rafveitur. Ég gæti hugsað mér að byggingar, t. d. skólabyggingar og fleiri slíkar framkvæmdir, oft framkvæmdar á dýrustu tímum, ættu sinn þátt í því, hvernig komið er.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

**Halldór Stefánsson:** Ég kvaddi mér hljóðs, þegar þetta mál var tekið af dag-

skrá við fyrri hl. þessarar umr. Það, sem sérstaklega kom mér til að kveðja mér hljóðs, voru ummæli frá hv. 4. þm. Reykv., sem ég gat ekki skilið öðruvísi en svo, að hann áliti framtal til tekju- og eignarskatts óábyggilegra í sveitum en í kaupstöðum. Slíkt álit kemur oft fram í kaupstaðablöðunum og víðar, og vil ég ekki láta því ómótmælt. Ég er þessu talsvert kunnugur, og er það sannfæring mín, að þessi skoðun sé með öllu ástæðulaus og ómakleg. Má benda á það, sem fram kom hérna í Rvík þegar skattstjóraskiptin urðu og sýndi, að skattaframtöl eru sízt áreiðanlegri hér í höfuðstaðnum en annarsstaðar. Í sveitum er það svo, að þar þekkir hver annars hag, svo að því nær ómögulegt væri að draga þar undan, þótt menn vildu. Ástæðan fyrir því, að ég stóð upp, var eingöngu sú, að ég vildi ekki láta þessari nokkuð almennu skoðun hér í Rvík ómótmælt.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Hv. þm. Str. tók fram, að það þyrfti að athuga ábyrgðir þær, er sveitarfélögin stæðu í, þegar tekin væri ákvörðun um þetta mál. Það er alveg rétt, og fyrir þessu er líka séð í frv., sbr. 2. og 4. gr. Er gert ráð fyrir því, að hafður sé trúnaðarmaður til þess að rannsaka hag hvers sveitarfélags og gera sínar tillögur. Hv. þm. sagði líka, að það myndi fara fækkandi þeim tilfellum, að hreppsfélög gengju í ábyrgð, og má það vel vera rétt, því að lánsstofnanir hafa þegar rekið sig mjög á það, að sveitarfélög eru enganveginn tryggir aðilar í því efni. Verða þær nú að fara að athuga betur fjárhag þeirra sveitarfélaga, er þær ætla að veita lán.

Út af orðum hv. 4. þm. Reykv. vil ég benda á það, sem ég áður tók fram, að það verða að gilda aðrar reglur um sveitarfélög en einstaklinga, enda byggist frv. á því. Reglur um nauðasamninga einstaklinga voru reyndar hafðar talsvert til hliðsjónar, en þó var þeim ekki fylgt út í æsar. Á auðvitað ekki að fara lengra í eftirgjöfunum en nauðsynlegt er. Ég vil ekki neita því, að það kunni að vera rétt hjá hv. þm., að misjafnlega hart sé gengið að ýmsum meðlimum sveitarfélaganna. En þau sveitarfélög, sem komast í vandræði og standa í miklum skuldum, sljóvgast og verða skeytingarlaus, þegar skuldirnar vaxa þeim yfir höfuð. Er þá bezta leiðin að gera þeim á einhvern hátt mögulegt að borga. Sá, sem á skuld hjá öðrum, sem ekki getur borgað, verður venjulega að tapa henni. Er ekkert við því að segja, þótt því sé slegið föstu, að féð sé þá tapað. Það, sem hv. 4. þm. Reykv. virðist halda fram, er það, að þótt aðili geti ekki borgað að svo stöddu, þá gæti vel verið, að hann verði fær um það síðar. En frv. tekur einmitt tillit til þessa. Ríkissjóði er gert að leggja fram allt að 10% af þeim skuldum, er afskrifaðar eru, og hlutaðeigandi sýslusjóður greiði helming á móts við ríkissjóð, ef fjárhagur hans leyfir. Þetta fá eigendur sem uppbót á þeirri von, að þeir kunni að fá eitthvað síðar meir. Er hér gengið eins langt og hægt er í því að tryggja rétt skuldheimtumanna. Þegar nauðasamningar eru gerðir, strikar það opinbera alveg yfir þennan möguleika, en hér er það ekki gert.

Um framtöl í sveitum og kaupstöðum er ég sammála hv. 1. þm. N.-M. Er það gömul trú, að verr sé fram talið í sveitum en hér, en ég held, að þetta sé ekki rétt. En þótt svo væri, þá kæmi það ekki þinginu við að öðru leyti en því, að það gæti þá skorað á stj. að kippa því í lag. En lagabreyt. þyrfti ekki til í því efni, því að l. gera öllum jafnt undir höfði um þetta. Fyrstu árin, sem l. um þetta voru í gildi, eftir 1921, gat þetta ekki verið í góðu horfi, en það kemst nú í betra horf um allt land frá ári til árs.

**Pétur Halldórsson:** Ég ætlaði ekki með orðum mínum við fyrri hl. þessarar umr. að fara að segja nein stóryrði um framtöl í sveitum, en hv. 1. þm. N.-M. virtist þó hafa tekið þessi orð mín illa upp. En ég get ekki látið hjá líða að benda á það, að ekki er hentugt að leggja tekjuskatt til grundvallar um skyldu til fátækraframfæris, þegar heilt hreppsfélag greiðir ekki hærri tekjuskatt en lítill gjaldandi í Rvík, eins og ég tók eftir að átti sér stað fyrir fáum árum. Ef miða á getu hreppsfélags til fátækraframfæris við skatt þann, sem kemur úr hreppnum, þá er það valtur grundvöllur. Held ég ekki, að því verði haldið fram, að heilt hreppsfélag geti ekki fremur séð fyrir þurfalingum

sínum en einn skattborgari í Reykjavík. En það, sem aðallega réð því, að ég stóð upp, var það, að mér þykir sú hugsun ótrúleg, að svo geti farið fyrir hreppsfélagi, að það geti alls ekki lengur staðið við skuldbindingar sínar. Hreppsfélögin lifa undir eftirliti ríkisins, og ætti það að taka í taumana áður en svo væri komið.

Mun ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta við þessa umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það er ekki hægt að segja, að hreppsfélögin séu undir eftirliti stj. Það eina eftirlit, sem fram fer, er það, að þau senda sinn árlega reikning til hagstofunnar. Stj. getur ekki haft eftirlit með fjárreiðum allra sveitarfélaga á landinu. Það er alveg víst, að ýms sveitarfélög geta ekki staðið í skilum. Eru þegar liðin 10 ár síðan fyrsta sveitarfélagið kom til þingsins með hjálparbeiðni. Hefir þingið síðan oftsinnis hlaupið undir bagga með þurfandi sveitarfélögum. En eins og nú er ástatt, er ekki hægt að hjálpa þeim öllum. Ætti heldur ekki að gilda annað um sveitarfélög, sem ekki geta greitt skuldir sínar, en aðra skuldunauta. Ef fé lánardrottnanna er tapað, þá verða þeir að sætta sig við það. Er ekki rétt að fara að gefa þeim fé, þótt þeir eigi eitthvað inni hjá sveitarfélögum. Vandinn er aðeins sá, að ekki verði í þessu efni gengið lengra en hæfilegt er, og hygg ég, að þetta frv. tryggi það.

**Halldór Stefánsson:** Mér skildist á hv. 4. þm. Reykv., að hann vildi vefengja það, að framtöl til tekju- og eignarskatts væri nothæfur grundvöllur til samanburðar á getu hinna ýmsu sveitarfélaga um fátækraframfæri. Hann tilnefndi dæmi um það, að jafnvel einn skattborgari í Rvík hefði greitt eins mikinn skatt og heilt hreppsfélag, en væri þó vitanlega ekki fær um að bera fátækrabyrðar heils sveitarfélags. Getur þetta vel verið rétt, það sem það nær, en það sýnir bara allt annað en hv. þm. vildi vera láta. Það sýnir það, að ef einn — aðeins einn — skattborgari í Rvík hefir jafnmiklar skattskyldar tekjur og heilt sveitarfélag, sem út af fyrir sig getur verið álitamál, hvað mundi þá, ef lagðar eru saman tekjur allra reykvíska skattborgara. Því aðeins væri réttur samanburður um þetta efni, að borin væri saman heild við heild. Það hefir lengi verið talið, að tekjur og eignir væru „breiðasta bakið" til að bera opinber gjöld, og sýnir þetta þá ekkert annað en það, sem alkunnugt er, að bæjarbúar eru tekjumeiri heldur en sveitamenn og færari um að bera hærri útgjöld.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 74. og 75. fundi í Nd., 15. og 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 392, n. 663).

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Allshn. hefir orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. eins og hv. Ed. hefir gengið frá því.

Það er kunnugt, enda þótt eigi liggi fyrir um það skýrslur, að mjög mörg hreppsfélög hér á landi eru í fjárþröng, sum svo, að þau mundu verða gjaldþrota, ef að þeim væri gengið. Í slíkum tilfellum eiga gjaldþrotalögin mjög illa við, og er í raun og veru óhugsandi að nota þau gegn fjárþrota hreppsfélagi. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa ákvæði um það í lögum, þegar slíkt ber að höndum, hverja meðferð skuli hafa. Ég býst við, að ákvæði frv. um aðstoðarmann við samninga við skuldheimtumenn kæmi hreppsfélögunum að nokkru liði. Hinsvegar er rétt að geta þess, að í þessu frv., eins og reyndar víðar í nýrri löggjöf, er fullangt gengið, í því að fá úrskurðarvaldið í hendur framkvæmdavaldinu eins og 13. gr. ber með sér, þar sem ráðh. er gert að úrskurða um, hvort skuldir skuli eftir gefnar að nokkru eða öllu leyti, eða þeim frestað, og í þriðja lagi, hvort vextir skuli falla niður. En hér er þó talsvert vel um hnútana búið, þar sem heimtað er, að skrifstofustjórinn í atvmrn., sýslumaður viðkomandi hreppsfélags og hagstofustjórinn séu allir sammála um, hve mikið skuli eftir gefið. En eins og sakir standa, þá virðist ekki verða hjá því komizt að

ganga frá þessu máli, vegna fjárhagsvandræða ýmsra sveitarfélaga.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég stend aðallega upp til þess að þakka hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu þessa máls. Ég tek undir það, sem hv. frsm. sagði, að það er mikil þörf á þessum lögum. Það er ef til vill of mikið sagt, að það komi á hverjum degi kvörtun frá hreppunum, en það líður tæpast sú vika, að ekki komi kvörtun út af fjárhagsvandræðum.

Út af ummælum hv. frsm. um ákvæði 13. gr. vil ég taka það fram, að mér virðist, að um þær eftirgjafir sé svo vandlega búið, að það verði ekki á annan hátt betur gert. Því að það er sett að skilyrði, að þeir 3 embættismenn, sem tilteknir eru, skuli allir vera sammála um eftirgjöfina, og þegar þeir eru það, þá fyrst er ráðh. heimilt að gefa eftir af skuldunum samkv. áliti þeirra. Vona ég því, að þetta sé svo tryggilega útbúið, að ekki verði gengið á rétt nokkurs manns.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 736).

---

## 21. Vegalagabreyting.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924** (stjfrv., A. 23).

Á 4. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Það er ekki ný bóla, þó að fram komi frv. um breyt. á vegalögunum, þar sem heita má, að slík frv. hafi komið fram á hverju þingi, einkum þó út af viðhaldi sýsluvega. Var slíkt og eðlilegt, meðan sýslusjóðirnir höfðu ekki sérstakan gjaldstofn í þessu skyni, en úr því var bætt með lögum 1923, er þeim var heimilaður sérstakur gjaldstofn ásamt verulegu tillagi úr ríkissjóði.

1930 voru þær breyt. gerðar á vegalögunum frá 1924, að bætt var í þjóðvegatölu vegaköflum, er námu 350 km. En síðan hafa komið fram raddir á Alþingi um frekari breyt. í þessa átt, og var því máli vísað til stj. í fyrra.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að vegaköflum að lengd 636 km. sé bætt inn í þjóðvegakerfið, en hinsvegar felldir niður úr því 54 km. Skv. þessu verða þjóðvegirnir alls 3100 km. Ég mun ekki fara nákvæmlega út í þær breyt., er í frv. felast, enda fylgir því ljós grg. frá vegamálastjóra. Breytingarnar á 1. fl. laganna frá 1924 eru um 20 samtals. Þar, sem því hefir verið við komið, hefir verið reynt að færa veg af hálendi niður í miðja byggð, sbr. Axarfjarðarheiði og Berufjarðarskarð. Kostnaður af þessum breyt. yrði eftir reikningi vegamálastjóra alls um 250 þús. kr. En þess er að gæta, að ríkissjóður borgar þessa upphæð ekki í einu, heldur smám saman. Brýr á þessum vegaköflum nema 280 þús. kr., en í brúarlögunum er gert ráð fyrir 200 þús. kr. í þessu skyni, og verður kostnaður af þessum lögum því 330 þús. kr. alls.

Ég vil geta þess, að tölur hafa færzt til í prentuninni á 6. bls. í grg. Vegur C. 1. yfir Reykjaheiði er ekki talinn bílfær, en er nú fær bifreiðum, og sama er að segja um C. 6. (Hofsósveg).

Þá er og ákveðið í frv., að ráðh. skuli úrskurða, hvar þjóðvegur endar. Kaupstaðir ná sumstaðar út fyrir hinar gömlu verzlunarlóðir, en ekki þykir ástæða til, að þjóðvegur nái lengra en þangað, sem talið verður eðlilegt, að götur taki við.

Í 2. kafla er kveðið nánar á um yfirumsjón vegamálastjóra með sýsluvegum, og er það ákvæði eðlilegt, þegar þess er gætt, hve framlag ríkissjóðs til sýsluvega er orðið hátt. Hefir og reynslan sýnt, að þetta ákvæði er nauðsynlegt.

Á 3. kafla eru smávægilegar breyt. Þar

er kveðið fastar að um þá stefnu, að þjóðvegir **skuli** gerðir akfærir. Eins og áður er gert ráð fyrir, að Alþingi geti skyldað sýslufélög og sveitarfélög til að leggja fram nokkurn hluta kostnaðar við þjóðvegakafla, er nauðsyn þykir á að gera akfæra, en hinsvegar er það framlag ekki lögfest, heldur gert ráð fyrir, að það verði samningsatriði í hvert sinn milli héraðanna og Alþingis eða ríkisstj. Ennfremur er gert ráð fyrir, að stjórn vegamálanna ákveði, hvaða fjallvegi skuli gera akfæra.

Þá er sú breyt. í frv., að þyki vegamálastjórninni ástæða til að halda akfærum þjóðvegarkafla með snjómokstri að vetrarlagi, skuli telja þann kostnað með viðhaldi vegarins.

Ég býst við, að einstökum héruðum þyki hér e. t. v. of skammt gengið, en öðrum, sem líta á hag ríkissjóðs, kannske fulllangt. Ég mun þó eigi ræða hér um einstaka vegi, en hefi beðið vegamálastjóra að gefa samgmn. og einstökum þm. allar upplýsingar. Óska ég, að málinu verði, að lokinni umr., vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 23, 48, 75, 80, 85, 87, 154, n. 326).

**Frsm. (Einar Árnason):** Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. af hálfu samgmn. Afstaða n. til frv. er tekin fram í nál. á þskj. 326, og sé ég ekki ástæðu til að taka upp við þessa umr. það, sem í nál. er sagt. N. hefir sem sé komizt að þeirri niðurstöðu, að réttast sé að samþykkja frv. óbreytt að mestu að efninu til. Hún hefir ekki getað fallizt á þær einstöku brtt., sem bornar hafa verið fram, og sjálf flytur hún aðeins fáeinar smábreyt., sem eru að mestu leyti orðabreyt. 2 fyrstu brtt. eru gerðar samkv. till. vegamálastjóra sjálfs og eru aðeins lagfæringar á orðalagi. 3. brtt. n. er um að rýmka nokkuð um það bann, sem sett er í 7. gr. frv. Samkv. frv. á að banna með öllu að festa upp auglýsingar meðfram vegum. N. fellst í raun og veru á efni gr., en vill þó leyfa að setja upp opinberar auglýsingar og eins að mönnum, sem búa við alfaraveg, sé leyft að auglýsa þar atvinnurekstur sinn. Eins og menn vita, eru sumstaðar gististaðir meðfram vegum og telur n., að auglýsingar um slíkt eigi að leyfa.

Ég vil t. d. geta þess áður en til atkv. er gengið, að þeir samgmnm., sem flytja brtt. við þetta frv. um að bæta nýjum vegum inn í þjóðvegakerfið, munu taka till. sínar aftur til 3. umr., þar til séð verður um afdrif brtt. frá öðrum hv. þm.

**Ingvar Pálmason:** Hv. frsm. lýsti því yfir, að brtt. nm. væru teknar aftur til 3. umr., þar til séð yrði, hver úrslit yrðu um aðrar brtt. við frv. Ég geri ráð fyrir, að aðrir dm. ætli sér að fara að dæmi n. og taka aftur sínar till., af því að enginn þeirra kvaddi sér hljóðs. En ég skal lýsa því yfir, að ég vil ekki láta brtt. mínar lognast þannig út af, að ég taki þær aftur, hvað sem aðrir hv. þm. gera við sínar till.

Ég vil þó áður en ég vík að brtt. mínum fara nokkrum orðum um frv. sjálft. Í frv. er tekið allmikið af vegum inn í þjóðvegakerfið, sem náðu ekki að komast inn í vegal. 1924 eða síðan. Þetta er mjög gott, en það virðist svo, sem allstórir landshlutar hafi orðið allmjög útundan við þessa endursamningu vegal. Þar til vil ég sérstaklega nefna Austfirði og Vestfirði. Virðist einkennilegt að hafa þannig að olnbogabörnum þá útkjálka landsins, sem allra verst eru settir með samgöngur. Það virðist ekki hafa verið uppi sú stefna í vegamálum, að leggja mesta áherzlu á að leggja vegi út frá hafnarstöðunum og út um byggðirnar. Aðalstefnan hefir verið sú, að koma einum aðalvegi hringinn í kringum allt land, og þá byrjað út frá Reykjavík, sem er eðlilegt, en þeir vegir, sem fengizt hafa út um einstök héruð landsins, hafa fengizt með talsverðri togstreitu. Ég skal að þessu sinni ekki fara neitt út í þá stefnu, að leggja svo mikið kapp á að koma aðalþjóðvegi hringinn í kringum land um óbyggðir, fjöll og firn-

indi, en ég verð þó að líta svo á, að notadrýgstir verði þeir vegir, sem lagðir eru um byggðirnar.

Nú er svo komið, að telja má líklegt, að eftir nokkur ár verði Austurland komið í vegasamband við Rvík, og í nál. er þess getið, að þá fái Austfirðingar langþráða ósk uppfyllta. Ég ber ekki brigður á þetta, en hinu held ég fram, að það hafi engu síður verið langþráð ósk Austfirðinga, að bættar verði þær erfiðu samgöngur, sem eru þar innan héraðsins. Það er almennt viðurkennt, að samgöngur séu eitt af því allranauðsynlegasta fyrir afkomu manna, og því virðist mér það full sanngirniskrafa, þegar nú er verið að breyta vegal., að reynt sé að tengja Austfirði við Fljótsdalshérað. Það má að vísu segja, að Fagradalsbrautin sé slíkur tengiliður, en sá vegur nær aðeins til Reyðarfjarðar. Einnig mætti benda á Fjarðarheiðarveginn, þegar honum er lokið, en allt ber þar að sama brunni, því að sá vegur getur ekki gilt nema fyrir þann eina fjörð, því að samgöngur frá honum til nærliggjandi fjarða eru algerlega útilokaðar. Hinsvegar hagar svo til, að við Fagradalsbrautina má tengja alla Austfirði nema Borgarfjörð og Loðmundarfjörð. Við Austfirðingar lítum svo á, að það sé mesta ástæða fyrir okkur að keppa að því að fá slíkt samband innan héraðs, svo að menn geti, ef svo mætti að orði kveða, skipzt á andlegum og líkamlegum verðmætum, því að það eru mikil höft á andleg viðskipti Austfirðinga, ekki síður en þau verklegu, hvað samgöngur allar eru erfiðar. Þess vegna er það eðlilegt, að við Austfirðingar viljum heldur fá þetta innanhéraðssamband en að geta farið í bíl til Rvíkur, ef okkur langar til að leika okkur, því að það vita allir, að ef menn eiga nauðsynjaerindi til Rvíkur, þá verða skipaferðirnar heppilegastar, þó að þær séu strjálar. Og ég geri varla ráð fyrir, að sjúkraflutningur til Rvíkur verði landveg, en það eru þau helztu viðskipti, sem Austfirðingar verða að hafa við Rvík.

Ég skal þá fyrst drepa á a-lið brtt. minnar. Ég hygg, að það hafi verið 1931, sem við Austfirðingar fengum því framgengt, að vegarstæði og vegarlengdir eystra væru mældar af því opinbera, en til þessa hefir þó ekkert heyrzt um þessar mælingar, svo að helzt lítur út fyrir, að lítið hafi verið unnið úr þeim enn. Ég stend því lakar að vígi með að lýsa þessum brtt. mínum en ella, ef fengizt hefði unnið úr þessum mælingum. Í a-lið brtt. minnar er ekkert tekið fram um það, hvar vegurinn, sem þar er áformaður milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar, skuli liggja, og ástæðan er sú, sem ég áður nefndi, að mér er ekki kunnugt, hvað mælingarnar segja í því efni, svo að ég vil ekki slá neinu föstu um það. Verða fagmenn að sjálfsögðu að segja til um það, hvar vegurinn á að liggja. Ég skal þó aðeins geta þess, að hér er um tvær leiðir að velja, en vegarlengdirnar eru þó misjafnar. Önnur leiðin mun vera nálægt 18½km., frá Eskifirði og inn á verzlunarlóð Neskaupstaðar, en eftir sveitinni inn frá Neskaupstað hefir verið lagður vegur, sem má kalla sæmilegan á löngum kafla, og er þessi vegur, sem búið er að leggja, um 8 km. fullir, svo að segja má, að ekki þurfi að leggja nema 10 km. af nýju, ef þessi leið yrði valin, en leiðin liggur að vísu yfir háan fjallgarð, og verður þar erfitt með vegarlagningu á ca. ½ km. stykki, en að öðru leyti er vegarstæði þarna gott, þannig, að auk þessara 8 km., sem þegar eru lagðir, kæmu 5 km. eftir sléttlendi, eftir dal, sem liggur lítið eitt hærra en sveitin sjálf. Það væri ekki geigvænlegt, þótt þessi vegarspotti væri tekinn í þjóðvegatölu, og við það ynnist, að fjölmennasta kaupstaðarbyggðin á Austurlandi kæmist í vegasamband fyrst og fremst við það innanhéraðssamband, sem þegar er til, en auk þess við vegakerfi landsins. — Hin leiðin, sem þarna er um að ræða, er 35 km., og af henni liggja 9 km. eftir byggðinni Reyðarfjarðarmegin, en þessi leið hefir þann kost fram yfir styttri leiðina, að fjallgarðurinn er lægri, en hinsvegar er vegarstæðið víða gallað t. d. yfir tvennar skriður að fara, sem töluvert erfitt er að leggja veg yfir, og önnur skriðan er auk þess ekki alveg hættulaus. Ég hefi viljað lýsa þessum leiðum fyrir hv. dm., til þess að þeim yrði ljóst, að hvortveggja þessi leið er fær, en ég ætlast á engan hátt til þess, að Alþingi ákveði hvort vegarstæðið eigi að velja, eins og ég áður tók líka fram.

Þá kem ég að b-lið till. minnar, sem er ákveðnari, því að þar er kveðið á um það, hvar veginn skuli leggja og vegarstæðið ákveðið, frá Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Hrossadalsskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði. Þessi leið var mæld 1931, eins og ég drap á áður, og sá, sem leiðina mældi, taldi sjálfsagt, að einmitt yrði farið yfir Hrossadalsskarð, vegna þess, hve auðvelt er að leggja veg yfir skarðið, og vil ég jafnframt taka það fram, að hann athugaði fleiri möguleika í þessu sambandi. Annars má geta þess, að eftir því, sem sunnar dregur á strandlengjunnni eystra, lækka fjallgarðarnir og ganga ekki stæltir í sjó fram eins og norðar, heldur liggur nes fyrir framan, svo að hægt er að leggja vegina meðfram sjónum út fyrir fjallsendana. — Ég þori ekki að segja neitt upp á vist um það, hvað þessi vegarlengd er mikil, en ég ætla þó, að hún verði eitthvað yfir 30 km. Vegarstæðið er víða gott og alstaðar sæmilegt, og er ekki minnsta vafamál, að ef vegarlagningar hér á landi eiga nokkra framtíð fyrir sér og Austfirðir koma til með að njóta svipaðrar aðstöðu og aðrir landshlutar í þeim efnum, sem maður verður að telja, að verði með tímanum, þótt ekki hafi verið til þessa, verður þessi vegur áreiðanlega tekinn í þjóðvegatölu, því að hann er byrjunin að því að tengja syðri firðina við vegakerfi landsins. Er auðvelt að leggja veg frá Búðum yfir Víkurheiði til Stöðvarfjarðar, og þá er ekki eftir, til þess að vegasambandið komist á, nema leiðin yfir Kambanes til Breiðdalsvíkur, sem yrði nokkuð dýr vegarlagning á stykki. Þess ber þó að gæta í þessu sambandi, að ekki verður talin brýn þörf á að leggja veg þar í milli, þegar þjóðvegurinn yfir Breiðdalsheiði út til Breiðdalsvíkur er kominn á. Slitnaði vegasambandið þá milli þessara tveggja fjarða, sem mætti una við.

Það verður ekki fram hjá því gengið, að annaðhvort liggur fyrir að koma Austfjörðum í samband við vegakerfi landsins með vegum eða að hafna þessari leið og hverfa að hinu, að koma Austfjörðum í samband við Fagradalsbrautina með nógu þéttum strandferðum. Yrði að því horfið, er gefið mál, að vegurinn yfir Fjarðarheiði er þar með orðinn óþarfur, því að ef strandferðirnar eru hafðar nógu þéttar, þarf ekki nema einn tengilið á landi til þess að tengja Austfirði við vegakerfi landsins. Nú er hinsvegar ekkert útlit fyrir, að að þessu verði horfið, heldur mun talið sjálfsagt af öllum, að haldið verði áfram í þá átt að tengja Austfirði við vegakerfi landsins með vegum, og samþykkt þessarar till. er því ef til vill fyrst og fremst vitnisburður um það, hvert Alþingi ætlast til, að stefnt verði í þessum málum í framtíðinni.

Þá á ég aðeins eftir c-lið till. minnar, sem fjallar um það, að vegur verði lagður frá Fagradalsbraut við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Mjóafirði. Þessi fjallgarður, Mjóafjarðarheiði, er annar lægsti vegurinn milli Héraðs og Fjarða, nokkuð hærri en Fagridalur, og nokkuð lægri en Fjarðarheiði. Á þessari leið eru ekki miklar torfærur við vegalagningu, nema Mjóafjarðarmegin. Þar er brött brekka, sem taka verður sneiðinga í. Að öðru leyti er þarna gott vegarstæði, eftir hallalitlum dölum héraðsmegin og rennsléttum dal eftir að ofan af heiðinni kemur. Eins og ég tók fram í upphafi, hefir enn ekki verið unnið úr mælingum þarna eystra frá 1931, og get ég því ekkert um það sagt, hvað þessar vegalagningar mundu kosta, enda tel ég það ekki skipta neinu máli í þessu sambandi, vegna þess að ekki er um það að ræða, að fé verði varið til þessara framkvæmda á næstu árum, heldur þýddi samþykkt till. nánast það, að Austfirðir ættu jafnan rétt sem aðrir landshlutar til að komast í samband við vegakerfi landsins, og að þótt þeir komi seinna, eigi þeir þó líka að koma, enda tek ég það svo, ef Alþingi fellir þessar till. mínar, sem Alþingi vilji með því lýsa yfir, að það líti svo á, að Austfirðir geti séð um sig sjálfir í þessum efnum, svo illa sem þeir þó eru settir frá náttúrunnar hendi um samgöngur og yrði slíkt svar frá Alþingi þó enn kaldranalegra, þegar litið er til þess, að í ýmsum héruðum, t. d. hér í nágrenni Rvíkur, liggur eitt samfellt veganet um allar sveitir, svo að kalla má, að hver bær geti haft beint bílsamband við Rvík. Ég þykist því mega vænta þess, að hv. d. taki þessum till. mínum með velvild, meiri velvild en þær hafa að

fagna hjá hv. n., og samþ. þær, enda þótt slíkt yrði til þess, að eitthvað af þeim till., sem dm. hafa tekið aftur til 3. umr. kæmist inn í frv. áður en það verður afgr. héðan úr d. — Ég get búizt við því, að dm. reyni að afsaka sig með því, að þessa vegi megi gera að sýsluvegum, en slíkt er ekkert svar, m. a. af þeirri ástæðu, að sú stefna er ekki uppi að láta sýslurnar sjá um sína vegi á eiginn kostnað. Ef hinsvegar svo væri, væri ekki miklu hér til að svara. Í flestum sýslum landsins norðan og sunnan, að Vestfj. undanteknum, liggja nú þjóðvegir eftir endilöngum sýslunum. Svo verður ekki í Múlasýslu, því að svo má kalla, að þjóðvegurinn, sem þar er ákveðið að leggja, komi til með að liggja að miklu leyti þvert yfir sýsluna. Er að vísu nokkur bót ráðin á þessu, ef álman fæst tekin upp í vegalögin út frá aðalveginum, en mikið þó enn óunnið til þess, að sæmilegt megi teljast. Er það að vísu ekki furðulegt, því að það er eðlilegt, að það taki marga áratugi að koma vegakerfi landsins í sæmilegt horf, svo að flestir fái vel við un. ) sinn hlut. Undanfarið hafa verið mjög miklar framfarir í vegamálum okkar og meira framkvæmt en nokkru sinni áður á því sviði. Má búast við, að minna verði um framkvæmdir á næstunni, en vegamálastjóri gerir þó ráð fyrir, að eftir 6 ár verði lokið að leggja þá vegi, sem eru undir 1. lið í gildandi vegal. Þar sem ég geri ráð fyrir, að d. taki þessum till. mínum vel, sé ég ekki ástæðu til að tala frekar fyrir þeim að svo stöddu, en ef þær koma til með að sæta sérstökum andmælum, mun ég skýra þær frekar en ég hefi gert, ef mér virðist ástæða til.

**Guðmundur Ólafsson:** Ég er svo óheppinn að eiga tvær brtt. við frv., því að n. virðist vera einhuga um það, að leggja á móti öllum brtt. frá dm., og hafa þó 2 af 3 nefndarm. komið með brtt. við frv. Frsm. n. hefir a. m. k. lýst yfir því, að n. sé á móti því nú, að nokkrar breyt. verði gerðar á frv., a. m. k. í bili, og virðist n. þannig vera sammála vegamálastjóra um það, að frv. sé svo vel úr garði gert, að bezt sé að samþ. það óbreytt eins og það kom frá hans hendi. Ef svo færi engu að síður, að einhverjar brtt. við frv. næðu samþykki d., skilst mér þó, að n. hafi ekki meiri trú á réttlæti vegamálastjóra en svo, að hún muni til með að bera sjálf fram brtt. við frv. við 3. umr.

Þegar litið er á þetta frv. og athugað, hverjar breyt. það felur í sér á núgildandi vegal., ætla ég, að flestir muni sjá, að frv. er ekki samið af neinni yfirvættis sanngirni. Ef sýslurnar eru bornar saman, kemur í ljós, að við sumar sýslur er bætt mörgum nýjum vegum, en nokkrar sýslur verða hinsvegar með öllu útundan t. d. Húnavatnssýsla, Skaftafellssýsla, Mýrasýsla og Kjósarsýsla. Hinsvegar fær t. d. Rangárvallasýsla samkv. frv. framlengingu á þjóðveginum þar, sem þegar er kominn upp í Fljótshlíð, alla leið upp til Hlíðarenda. Ég get því ekki skilið, af hverju n. getur hvorki unnað okkur þm. né heldur sjálfri sér að gera brtt. við frv., enda er betra að ganga svo frá vegal. í hvert skipti, að ekki þurfi árlega að vera að gera breyt. á l., og taka þá heldur fleiri vegi inn í l. í einu. Ég skil og ekki, hvað n. er að fara, þar sem hún segir í nál., að það sé mjög vafasamt, „að þeim héruðum, sem vegina ættu að fá, væri það nokkur greiði, þar sem óvíst er, að vegirnir yrðu fyrr byggðir en ella“, — og ennfremur: „Gagnið af lögfestingu fleiri þjóðvega nú fyrir hlutaðeigandi héruð myndi því verða lítið eða ekkert“. Fæ ég ekki séð, að héruðin eigi að þurfa að bíða lengur eftir þessum vegum, þótt þeir séu teknir upp í vegal., nema ef síður væri, enda er nú svo gott að vita, að sumir þeirra vega, sem hér hafa verið gerðar till. um, að teknir væru upp í vegal., eru þegar lagðir, svo að aðeins er um að ræða, að viðhald þeirra komi yfir á ríkissjóð.

Eins og ég tók fram í upphafi, ber ég fram tvær brtt. við frv. Annar vegurinn, sem þar er um að ræða, Svínvetningabraut, frá Blönduósi að Svínavatni, er nýlagður að heita má, og því aðeins um að ræða, að viðhaldið komi yfir á ríkissjóð. Hafa Svínhreppingar lagt mikið á sig til að koma þessum vegi upp, og ekki nema sjálfsagt að ríkið sjái við þá þessa virðingarverðu viðleitni þeirra og taki að sér viðhaldið á þessum vegi. Meiningin er að leggja þennan veg lengra fram eftir sveitinni. En landslagi er svo háttað þarna, að

leggja verður tvo vegi fram sveitina vegna Svínavatnsins, eins og hv. frsm. mun kannast við, því að hann er nokkuð kunnugur á þessum slóðum. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þessi vegarspotti, sem ég þannig geri till. um, að verði tekinn í þjóðvegatölu, á mikinn rétt á sér í því efni, og a. m. k. meiri rétt en ýmsir vegir, sem lagt er til, að verði teknir upp í vegal.

Hin till. mín fjallar um það, að Vatnsdalsvegur, frá Vatnsdalshólum að Undirfelli, verði tekinn í þjóðvegatölu sömuleiðis. Þessi vegur er að vísu ekki lagður nema að litlu leyti, spotti og spotti, en flestir lækir brúaðir, þannig, að ekki er eftir að brúa nema eina smáá, Kornsá. Vegurinn hefir þó verið nokkurn veginn fær á sumrin í seinni tíð, og síðan hann varð það, hefir umferðin um veginn verið æðimikil af utanhéraðsmönnum, enda þykir Vatnsdalur með fegurstu stöðum á þessu landi, og fýsir því marga þangað að koma til að njóta þar náttúrufegurðarinnar.

Ég vænti þess, að hv. n. sjái sig um hönd og fallist á að gera nauðsynlegustu breyt. við till. vegamálastjóra í frv., enda hefir n. sjálf flutt brtt. við frv., þótt ekki skipti þær miklu máli í sjálfu sér, og ég geri ekki ráð fyrir, að n. hafi flutt þær till. af gamansemi eða til þess eins að sjá þær á prenti. Ég held því, að vegamálastjóri hafi hlunnfarið nefndina og gert of mikið úr sínu eigin frv. (**PHerm**: Þetta er stjfrv.). Annars er ekki furða, þótt n. sé farin að gerast vegamálastjóra „undirdánug" eftir að hann er búinn að sitja yfir henni í fullar 8 vikur samfleytt.

En n. er auðsjáanlega óánægð. Það sést bezt á því, að tveir nm. sjálfir, þeir hv. 2. þm. Eyf. og hv. þm. Snæf., flytja brtt. Ég hafði þó haldið, að þessir menn væru meiri hl. n. Ég þekki þessa menn þá illa, ef þeir verða ekki með brtt., eftir að ég er búinn að sýna fram á, hve Húnavatnssýsla hefir verið látin mæta afgangi. Ég hefi líka hlustað á hv. 2. þm. S.-M. og fannst hann hafa mikið til síns máls, og þykist líka vita, að hann kunni að meta brtt. mínar. Það verður ekki lakara að hafa mig með till. nm. við 3. umr. Þeir verða ekki of margir samt.

**Frsm. (Einar Árnason)**: Ég átti von á því, að þeir, sem flytja hér brtt., mæltu fyrir þeim, enda hafa sumir gert það, en ekki allir. Ætla ég nú að gera grein fyrir þessum brtt. af hálfu n., hvort sem talað hefir verið fyrir þeim eða ekki. Ég vil þá fyrst taka það fram, að samgöngumn. lítur svo á, að í frv. felist svo mikilsverðar umbætur á vegakerfi landsins, að nauðsynlegt sé, að frv. gangi í gegn á þessu þingi. En n. álítur, ef bætt er inn í frv. mörgum till. um þjóðvegi skipulagslaust, að það geti orðið til að hindra framgang málsins, og eru þá hv. þdm. ekki betur settir en þó að þeir taki brtt. sínar aftur.

Við hv. þm. Snæf. höfum því lýst yfir því, að við tökum brtt. okkar aftur. Við sýnum með því sjálfsafneitun, sem aðrir hv. þdm. ættu að taka sér til fyrirmyndar. Okkur er auðvitað ekki síður annt um okkar brtt. en þeim um sínar, en við viljum sýna, að okkur sé alvara með að koma frv. fram. En þeim, sem leggja alla áherzlu á að pota fram sérstökum brtt. frá sjálfum sér, getur tæplega verið mikil alvara með það.

Vík ég þá að brtt. Brtt. hv. 5. landsk. hafa verið teknar aftur til 3. umr., og get ég því sleppt þeim.

Þá vík ég að þeim brtt., sem hefir verið mælt fyrir, og þá fyrst að brtt. frá hv. þm. A.-Húnv. um Vatnsdalsveg og Svínvetningabraut. Vatnsdalsvegur er 12 km. langur, en akfær og þarf lítilla umbóta við. Hann kostaði lítið, er lítið uppbyggður og vegarstæði gott. Viðgerð á veginum fór fram fyrir fáum árum, og lagði ríkissjóður þá fram helming kostnaðar. Þá er Svínvetningabraut. Hún er sýsluvegur, 24 km. langur, sem liggur út frá aðalþjóðveginum. Nú er um það deilt, hvort taka eigi slíka vegi í tölu þjóðvega. Verði slíkt gert hér, er hætt við, að slíkt yrði að gera víðar, en vandséð, hve miklu skipulag eða sanngirni ræður, ef þetta verður ýmist fellt eða samþ. eftir brtt. einstakra manna. Nú ganga 15% af bílaskatti til sýsluvega, og léttir það viðhaldið. Hv. flm. þessara brtt. var gamansamur og bauð okkur tveim í samgmn., sem brtt. fluttum, upp á hrossakaup. Ef brtt. hans verða samþ., ætlar hann að greiða okkar brtt. atkv. við 3. umr. Var á honum að heyra,

að þetta væri sérstakt veglyndi, en á venjulegu máli heitir þetta hrossakaup.

Hv. þm. A.-Húnv. hnaut um ummæli í nál., þar sem talað er um, að gagn af lögfestingu nýrra þjóðvega sé lítið eða ekkert. Ég held, að ef þetta er skoðað niður í kjölinn, sé þetta á rökum byggt. Nú geta sýslur fengið helming kostnaðar til sýsluvega. Ef svo stæði nú á, að sýsla væri hálfnuð við sýsluveg, sem gerður væri að þjóðvegi, hætti sýslan auðvitað að leggja af mörkum til vegarins. En hinsvegar eru lítil líkindi til þess, að ríkissjóður geti lagt fram mikið af vegabótafé næstu árin. Þetta gæti því orðið til þess að tefja hreint og beint fyrir vegalagningunni. Ella hefði sýslan brotizt í framkvæmdunum.

Þá átti hv. 2. þm. S.-M. brtt. og mælti fyrir þeim. Hann sagði, að Austfirðir væru olnbogabörn ríkissjóðs, og þá víst sérstaklega um vegi. Í nál. er skýrsla um skipulag þjóðvega. Af þessari skýrslu sést, að Suður-Múlasýsla og Norður-Múlasýsla eru næsthæstar um þjóðvegalengd. Aðeins Árnessýsla ein er hærri. Ef brtt. hv. 2. þm. S.-M. verða samþ., verða þær hæstar á landinu. Með þessu er ég ekki að segja, að Suður-Múlasýsla hafi lengsta akfæra vegi. Þetta eru fyrirhugaðir vegir. En það sýnir aðeins, að þótt vegur sé í vegalögum, kemur hann ekki að gagni strax. Og svo hygg ég, að yrði hér, þótt brtt. yrðu samþ. Vík ég þá að þessum brtt., hverri fyrir sig. Verður þá fyrst fyrir Norðfjarðarvegur. Hv. þm. skýrði allgreinilega frá öllum ástæðum. Hann er að vísu kunnugri þarna en ég. En ég þekki þó það til á Austfjörðum, að ég veit, að þessi vegur verður að liggja yfir lítt kleif fjöll og getur ekki verið fær nema stuttan tíma ársins, eða aðeins á sumrin. Þetta vegarstæði á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar hefir verið rannsakað og vegamálastjóri látið það álit í ljós, að vegna legu sinnar geti vegurinn ekki orðið nema sumarvegur. Ég hefi engu við þetta að bæta, og vera má, að hv. 2. þm. S.-M. geti gert aths. við þetta, en n. hefir ekki annað en þetta fyrir sig að bera. Þá er það Fáskrúðsfjarðarvegur. Sá vegur er 34½ km. á lengd, og telur vegamálastjóri, að megi gera óvandaðan bílfæran veg fyrir 50 þús. kr., en þó yrðu óbrúaðar smáár og lækir. Þessi vegur er með suðurströnd Reyðarfjarðar, en þar er byggð strjál.

Þá er Mjóafjarðarvegur, 42 km. á lengd. Þessi vegur yrði fyrir Mjóafjörð einan, en þar búa 170 manns. Vegurinn liggur yfir heiði, 550 metra háa, og er þar snjóþungt, svo að vegurinn gæti ekki orðið nema sumarvegur.

Ég hygg, að þótt þessir vegir yrðu allir teknir í þjóðvegatölu, þá yrði gagnið að því ekki eins mikið og menn ætla. Alla þessa vegi er erfitt að byggja og nota vegna snjóþyngsla. Ég neita því ekki, að þeir geti orðið til þæginda, þegar þeir eru komnir í kring, en ég held, að þess yrði langt að bíða, þótt þeir kæmust inn í frv.

Eftir frv. á nú að bæta 586 km. í þjóðvegatölu og eftir brtt. 454 í viðbót, eða samtals yfir 1000 km. Nú eru þjóðvegir samtals 2500 km., og yrðu því eftir þessu 3500 km. Ef ríkissjóður tekur mikið af sýsluvegum í tölu þjóðvega, hlýtur framlagið að vaxa og þá lamast geta ríkissjóðs til að leggja nýja vegi. Því er vafasamt, að nokkuð vinnist við að fá slíka vegi inn í frv. Ég vil vekja athygli á því, að tekjur af bílaskatti til sýsluvega nema 45 þús., sem verja á til viðhalds miðað við bílferðir á veginum og hag sýslusjóðs. Þessar tekjur hljóta að geta létt undir svo að um munar.

Ég tel vafasamt, eins og ég hefi þegar sagt, að það flýti fyrir vegagerðum, að umráðarétturinn yfir sýsluvegum sé fluttur yfir til löggjafarvaldsins frá sýslunefndunum, svo að þær hætti að hafa yfir því að segja, hvaða vegir eru lagðir. Ég held, að betur fari á, að sýslunefndir ráði þessu eins og verið hefir og fái þann styrk frá ríkissjóði, sem hægt er að veita.

**Ingvar Pálmason:** Ég vil þakka hv. frsm. fyrir að hafa sýnt brtt. mínum þá viðurkenningu að ræða um þær. Ég vil líka þakka fyrir það, sem hann hefir upplýst. Vegamálastjóri hefir eitthvað unnið úr mælingum þeim, sem gerðar voru á þessu svæði nú fyrir skömmu. Hv. frsm. vildi álasa okkur flm. brtt. fyrir það, að við kæmum með þessu skipulagsleysi á vegamálin ef brtt. þær, sem fyrir liggja, væru teknar inn í l. án athugunar. Ég vil minna á það, að n. hefir haft brtt. okkar til meðferðar í 8 vikur, og ég hefði ekki tekið

illa upp fyrir n., þótt hún hefði lagfært þær, því að vel má vera, að gallar séu á þeim. En það hefir n. ekki gert. Ég get ekki sýnt þá sjálfsafneitun að falla frá brtt., með því móti brygðist ég því trausti, sem mínir kjósendur, og líka þeir, sem ekki hafa kosið mig, bera til mín. Þessar brtt. hafa fylgi í mínu kjördæmi, og ég á ekki lakara með að standa við það, að það sé almenn ósk Austfirðinga, að þessir spottar verði teknir inn í l. heldur en n. að standa við þá langþráðu ósk Austfirðinga að fá veg yfir Möðrudalsöræfi. Hv. frsm. sagði, að við mættum ekki sýna það alvöruleysi að spilla þessu frv. með till. okkar, svo að það yrði því að bana. Það hefir verið bent á, að við nytum góðs af þeim brtt., sem þegar væru komnar inn í frv., og ég veit, að við njótum einhvers góðs af þeim. En ég lít svo á, að ekki sé nema örlítið af því, sem til framkvæmda kemur á þessu ári, og ég hefi þá reynslu í vegamálum, að því meir sem menn nudda við að koma sínu fram, því meiri verði árangurinn, og ég get ekki talið það afskaplegan skaða, þótt afleiðingin yrði sú, að frv. gengi ekki fram nú. — Þá ætlaði nú hv. frsm. alveg að rota mig með því, að Suður- og Norður-Múlasýslur væru með þeim sýslum, er mesta hefðu þjóðvegalengd. Það er auðvitað rétt, og þó má benda á Árnessýslu, er hefir lengri þjóðvegi, en á samt að fá viðbót í þessum l., og er ég ekki að telja það eftir. En það verður að gá að því, þegar talað er um lengd þjóðveganna, hver aðstöðumunurinn er. Ég held, að um þetta valdi nokkuð ókunnugleiki, eins og hv. frsm. viðurkenndi líka. Og án þess að lá vegamálastjóra, þá vil ég halda því fram, að ef honum hefði verið eins tíðförult um þessa vegaspotta, sem ég fer fram á, að teknir verði upp í frv., eins og um vegina hér í kringum Rvík, þá hygg ég, að hann fyndi til þess, að kröfurnar eru ekki framkomnar að ástæðulausu. Það er eðlilegt, að menn finni lítið til þess, sem ekki snertir þá sjálfa neitt. Ég er óhræddur um, að hver, sem kynnir sér stærð Suður-Múlasýslu undrist ekki, þótt hún hefði lengsta vegi, svo að það út af fyrir sig, hve mikið er komið af þjóðvegum á pappírinn í þessari sýslu, hefur ekki mikið að segja, því að enginn skýrði frá því, hve mikið er búið að leggja af þessum vegum. Þeir hafa komið inn í vegalögin á seinni árum. Póstleiðin gamla liggur yfir Breiðdalsheiði, út Breiðdal og yfir Berufjarðarskarð. Við þetta sat lengi, en nú er ætlað að færa veginn á þá leið, sem auðvelt er að leggja bílveg, og ég hygg, þótt ég sé ekki alveg viss um það, að sú viðbót, sem við eigum að fá, liggi mest í því, að póstvegurinn er færður út fyrir hjá Stræti, og verður að telja það einungis lagfæringu ríkissjóði í hag. — Þá gaf hv. frsm. nokkra lýsingu af þessu vegarstæði, eftir vegamálastjóra, og skal ég hvorki rengja vegalengd né hæðarmælingar. Mig brestur gögn til þess. En í 700 m. hæð hefur Oddsskarð ekki verið talið hingað til. Ég skal þó ekki neita því, því að sjálfur hefi ég ekki mælt það og hef ekki fyrir mér svo ugglausa mælingu, að ég geti staðhæft, að þessi mæling sé of há. En grunur minn er sá, að þar sé heldur bætt við en dregið úr. En hvað sem því líður, þá hefi ég fyrir mér orð verkfræðings, sem hér á sæti í d. og hefur orðið mér samferða yfir Oddsskarð, um það, að engir tekniskir ómöguleikar væru á því að leggja veg yfir Oddsskarð. Hinu lét hann ósvarað, hvað það myndi kosta. Það, að vegurinn verði ekki fær nema að sumrinu til, er að miklu leyti rétt. En hve mikið af okkar þjóðvegum er fært bæði sumar og vetur. Ég er hræddur um, að þeir styttist æðimikið, ef miðað er við það, hvort þeir séu færir árið um kring eða ekki. En það, sem ég gat sem meðmæla með Oddsskarði, er vegamálastjóri telur nú óhagstæða leið milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, að þar eru 12—15 km. bílfærir svona oftast allan veturinn, og við erum svo nægjusamir þarna austur frá, að við teljum það mjög mikið hagræði, ef við getum af þessari vegalengd, sem er um 20 km. frá Nesi til Eskifjarðar, farið um helminginn í bíl flesta tíma árs, þótt við verðum að fara hinn hlutan öðruvísi. Við erum vanastir því Austfirðingar að láta fæturna hafa það. En ég skal ekki nokkurn hlut um það deila, og það má vel vera, að þessi vegur frá Eskifirði til Ness sé betur kominn ytri leiðina. Hann verður miklu dýrari, en það er sá kostur við hann, að hann verður miklu lengur fær, því að þótt minnzt væri

á Víkurheiði sem fjallgarð, þá er hún lágur fjallgarður og snjó leysir þar snemma á vorin og leggur seint á haustin. Snjór liggur lengur á Oddsskarði, en beggja megin við skarðið getur verið bílfært löngu áður en leysir af háskarðinu, og býst ég við, að Eskfirðingar og Norðfirðingar myndu ekki telja eftir sér að moka af því, svo að það yrði fært e. t. v. mánuði eða þrem vikum fyrr en ella. Þetta verður að taka með í reikninginn. Hæsta hæð fjallsins er einungis hryggur, en norðanmegin dalur, sem liggur lágt, og sunnan megin lækkar mjög fljótt. Ég ætla ekki að gera það að neinu ágreiningsatriði, hvor leiðin verður valin, og skal ég alls ekki deila um það, en mér þótti það dálítið einkennilegt í umsögn vegamálastjóra, að hann skyldi taka það fram, að báðir vegirnir, bæði Fáskrúðsfjarðar og Norðfjarðar, lægju eftir strjálbýlum héruðum. Ég veit ekki betur en að aðalstefnan hafi verið sú, að leggja þjóðvegi yfir óbyggðir. Ég hefi ekki farið um Möðrudalsveginn. Þó held ég, að meðfram honum sé næsta strjálbýlt og á köflum líklega ekki öllu þéttbýlla en við vegarspottann minn. Þetta gefur mér bendingu um, að öll atvik séu hér ekki athuguð eins og þarf, og held ég sem sagt, að nokkru valdi ókunnugleiki vegamálastjóra um aðstöðu á þessu svæði — miklu fremur en að hann vilji spyrna á móti aðalrökum og kröfum þessa héraðs. — Að því er snertir þessa lauslegu áætlun vegamálastjóra um kostnað við vegalagninguna, þá vil ég taka það fram, að ég hefi ekki orðið var við, að hann hafi gefið n. nokkrar upplýsingar um kostnað við vegalagningu frá Eskifirði yfir Oddsskarð. En hann nefndi upphæðir við báðar hinar vegalagningarnar, þó hann sagði, sem að líkindum mun vera rétt, að ytri leiðin frá Eskifirði að Nesi myndi vera um 40 km. Reyndar var þetta mælt áður af manni, sem er í trúnaðarstöðu hjá vegamálastjóra, og honum reiknaðist til, að það myndu vera 35 km., en mér þykir sennilegra, að tala vegamálastjóra sé rétt, og taldi hann, að þann veg mætti leggja fyrir 150 þús. kr., fyrir utan það að brúa Norðfjarðará, en hún kemur hvor leiðin sem valin er. Þess ber þó að gæta, að eftir áliti vegamálastjóra verður brúin 13 þús. kr., verði þessi leið valin, en óhætt mun að fullyrða, að sá kostnaður yrði miklu minni, ef hin leiðin yrði valin. Um veginn frá Búðareyri við Reyðarfjörð að Búðum í Fáskrúðsfirði gerði vegamálastjóri ráð fyrir því, að gera mætti hann færan fyrir 50 þús. kr. Þetta virðist mér sanna það, sem ég hefi haldið hér fram, að yfirleitt sé þessi leið ekki mjög óhagstæð til vegalagningar. Ég held því, að þessar upplýsingar, sem koma frá vegamálastjóra, en því miður eru of litlar, hnigi í þá átt, að þessi vegarspotti ætti að takast upp í þjóðvegatöluna. Að því er haldið fram, að þessi vegur sé aðeins fyrir ferðafólk, stafar einungis af ókunnugleika. Mætti e. t. v. frekar segja slíkt um veginn yfir Möðrudalsöræfi og ekki myndi þar verða flutt kjöt eða fiskur. En þegar litið er á Norðfjörð og Fáskrúðsfjörð, sem eru stærstu fiskiverin á Austurlandi, myndi það verða til stórra hagsbóta að fá þennan tengilið, er kæmi þeim í beint samband við Fljótsdalshéraðið, sem skortir alveg fisk, a. m. k. á meðan ekki gengur meira með klakið í Lagarfljóti. En frá Fljótsdalshéraðinu fengju kaupstaðirnir aftur nýtt kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir. Getur því enginn sagt, að þetta sé fyrir „sport". En þarna er höggið of nærri þeirri stefnu, sem hefir komið fram hér í d. Aðalþörfin fyrir þessa vegi er einmitt í sambandi við Fljótsdalshéraðið, til þess að geta komið á hagkvæmu sambandi við kaupstaðina. Ég get þess þó, að úr þessu mætti bæta með því að láta haganlegan bát ganga milli fjarðanna a. m. k. einu sinni í viku. En stefnan virðist ekki vera sú. Það er hreinasti misskilningur, sem ég vil kveða niður hér, að þessi vegur eigi að verða til þess að leika sér á. Það liggur og í augum uppi og þarf ekki nema lauslegt yfirlit yfir atvinnureksturinn í þessum tveim stöðum til þess að sjá undireins tilgang þessa vegar. Þetta myndi að vísu ekki koma að fullum notum á vetrum til flutninga, en það stendur svo á hjá okkur Íslendingum, að því miður getum við ekki notað okkar akvegi á vetrum, a. m. k. ekki nema á litlum hluta landsins. Ég er sem sagt þakklátur hv. frsm. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir gefið í þessu máli, því að þær hníga allar að því, að

þessi vegarkafli verði tekinn í þjóðvegatölu.

*Ég skal einungis minnast á þriðju brtt.*, um veg frá Fagradalsbraut niður í Mjóafjörð. Það getur e. t. v. orðið til þess að gleðja hv. frsm., að þessi vegur hefir verið í tölu fjallvega, svo að þar er ekki verið að létta neinu af sýslunum, og ég veit, að stundum hefir komið fyrir, að til hans hefir verið varið af fé til fjallvega, en sá vegur liggur bara ofan til Mjóafjarðar, og verður þeim firði ekki á annan hátt komið í samband við aðra firði landleiðina. En nákvæmlega sama er að segja um Seyðisfjörð, og veit ég ekki til, að það hafi verið haft sem andmæli gegn vegi yfir Fjarðarheiði. (**EÁrna:** Fleira fólk þar). Já, nú sem stendur, en það eru ekki mörg ár síðan eins margt fólk var í Mjóafirði, og Mjóifjörður hefir sýnt, að þar *eru mikil skilyrði til útgerðar.* Hann er síldarsælasti fjörður Austurlands. Það geta orðið knýjandi ástæður til að gefa Mjóafirði samband við upphéruðin, þótt nú séu þar ekki nema 170—200 íbúar. Ég held því, að við, sem að þessum till. stöndum, en það eru miklu fleiri en ég, þótt þær eigi ekki fleiri formælendur í d. en mig, og vænti ég, að ég megi reikna þar með hv. 2. þm. N.-M., því að hann hefir svipaðra hagsmuna að gæta, getum vænzt þess, að þótt svo fari, að þessir spottar fáist ekki inn í l. nú, þá líði ekki langur tími unz það verður, sérstaklega ef þetta mál verður ekki látið ganga fram á þessu þingi. Þess vegna er það, að ég mun tvímælalaust og án þess að kveinka mér greiða atkv. gegn þessu frv., verði brtt. felldar. *Því að ég er viss um, að það flýtir fyrir*, að þessar till. komist fram, og ég tel ekki neitt stórvægilegt í hættu þótt þær umbætur, sem frv. þetta felur í sér, yrðu að bíða næsta þings, því að ég hygg, að það verði ekki stórvægilegt, sem framkvæmt verði af þeim umbótum í sumar.

**Guðmundur Ólafsson:** Það eru einungis fáein orð, sem ég þarf að segja, og verð ég að segja, að hann gerði mér það ekki auðveldara næsti ræðumaður á undan, því að hann var svo voðalega kurteis og þakkaði víst einum tvisvar sinnum fyrir undirtektirnar. Ég get ekki fundið, að hann hafi nokkuð að þakka, heldur gæti skeð, að ég hefði ástæðu til að þakka, því að frsm. n. var ekki viss um, hvort ég ætlaði að sýna veglyndi eða hrossakaup. Ef hann ætlar mér, að ég sýni veglyndi, þá hefi ég ástæðu til að þakka, en hrossakaupin hafa nú aldrei verið álitin neitt sérstaklega heiðarleg verzlun í þeirri merkingu, sem venjulega er höfð um þau hér, og get ég ekki þakkað það, ef ég á að vera mikið við þau riðinn. — Ég skal svo fara nokkrum orðum um þessa vegaspotta, sem ég er með. Hann fór réttum orðum um það, að það væri nýbyggður vegur eystri vegurinn — Svínvetningabrautin —, og þá sagði hann, að allmikið hefði verið að Vatnsdalsveginum gert fyrir fáum árum. Í allmörg ár hefir verið gert við hann á hverju ári og vegurinn er góður, þegar þurrt er. Annars er hann nú ekki góður. *En svo segir hann*, þegar hann er búinn að tala um mína vegarkafla, að þetta sé innanhéraðsvegur og ekki víst, hvort rétt sé að taka slíka vegi inn í vegalögin og gera að þjóðvegi. En hvaða vegir eru það, sem lagt er til í frv. að teknir séu í þjóðvegatölu? Eru það ekki innanhéraðsvegir, Laugardalsvegur, Gnúpverjavegur, Hafnarfjallsvegur og yfirleitt flestir þessir vegir, sem taka á inn? Það er ekkert sérstakt við þá og þeir eru samskonar þeim, sem ég legg til, að teknir verði í þjóðvegatölu, svo að það er nú hlutdrægni að mæla með sumum, en á móti öðrum, á þeim grundvelli. Þessi ummæli voru það einkum, sem komu mér til að standa upp aftur, en það er til lítils að vera að tala um svona hluti langt mál. Þeir deildarmenn, sem eru inni, skilja þetta og langrar útlistunar þarf ekki við.

Þá taldi hv. frsm., að það væri óheppilegt að taka sýsluvegi upp í tölu þjóðvega, af því að vegamálastjóri réði þá mestu um byggingu þeirra og hvenær farið yrði að vinna að þeim.

Hvað snertir Svínvetningabraut, frá Blönduósi að Svínavatni, þá ber ég nú ekki svo mikinn kvíðboga fyrir þessu, af *því að það er nú búið að leggja þá braut.* Þar er því aðeins um viðhald að ræða. Nokkuð öðru máli gegnir um Vatnsdalsveginn, frá Vatnsdalshólum að Undirfelli, sem að litlu leyti er lagður vegur, og þar

vantar nauðsynlega brú á smáá, sem oft er ill yfirferðar.

En það var sérstaklega eitt atriði í ræðu hv. frsm., sem ég kunni ekki við, þar sem hann sagði, að n. legði á móti því, að innanhéraðsvegir væru gerðir að þjóðvegum. Ég sé ekki betur en að fjöldinn af þeim vegum, sem hér verða bornir undir atkvæði, bæði í frv. og í brtt. einstakra þdm., séu innanhéraðsvegir. Ég er ekki klókur í því fyrirfram, hvaða afstöðu hv. þdm. ætla að taka. Mér skilst, að ýmsum brtt. verði frestað til 3. umr., en líklega hljóta þær að koma þá undir atkvæði. (**EÁrna:** Það er ekki víst). Ja, ég verð nú að segja, að ég met það ekki sérlega mikils, þó að 2 hv. nm. segist ætla að fórna sínum brtt., ef þeir geta með því fellt brtt. allra annara þdm. Ég ætla mér ekki að þakka hv. n. þá hugulsemi, en hv. 2. þm. S.-M. má gera það, ef honum sýnist.

**Frsm. (Einar Árnason):** Ég ætla aðeins að fara örfáum orðum um það, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði um innanhéraðsvegina. Hann gat þess, að ýmsir af þeim vegum hefðu verið teknir upp í þetta frv. Það er vitanlegt, að þjóðvegirnir eru líka í mörgum tilfellum innanhéraðsvegir. Hv. þm. gat um nokkra vegi, er væru hliðstæðir þeim, er hann flytur brtt. um: Hafnarfjallsveg, Fljótsheiðarveg o. fl. Ég skal t. d. nefna Hafnarfjallsveg í Borgarfjarðarsýslu, sem er innanhéraðsvegur. Það er ekki sanngjarnt, að sýslan kosti að mestu lagningu þess vegar, því þess ber að gæta, að þar er mjög mikil umferð langferðamanna. Sama má segja um Fljótshlíðarveg. Þessi viðbót, sem þar er um að ræða, er aðeins tæpir 3 km. inn að hinum fornfræga stað, Hlíðarenda í Fljótshlíð, sem margir útlendir og innlendir langferðamenn vilja gjarnan heimsækja og skoða. Hinsvegar ber einnig að gæta þess um Hafnarfjallsveg, að þó hann liggi eftir miðri sveit, þá er hann einn kafli í hinum langa og fjölfarna Norðurlandsvegi. Þess vegna hlýtur hann að verða tekinn í þjóðvegatölu, og á því ekkert skylt við þá vegi, sem hv. þm. A.-Húnv. flytur till. um.

Annars vil ég taka það fram aftur fyrir hönd n., að hún telur rétt, að frv. sé samþ. óbreytt, þó að hún hinsvegar leggi ekkert kapp á það að fella allar brtt. einstakra þdm. Hún vill aðeins benda á, að það muni vera mjög varhugavert að bæta öllum vegaköflunum, sem einstakir þdm. flytja brtt. um, inn í frv., af því að það getur valdið hinu mesta reiðuleysi í vegamálunum og tafið fyrir því, að þetta frv. verði að lögum.

**Páll Hermannsson:** Hv. 2. þm. S.-M. hnaut um eina setningu í nál. á þskj. 326, þar sem komizt er þannig að orði, að ef akfærum sumarvegi verði komið frá Reykjavík norður um land til Reyðarfjarðar, sé með því fullnægt langþráðri ósk allra Austfirðinga. Ég verð nú að viðurkenna það, að ég hafði sjálfur ekki veitt þessu orðalagi sérstaka eftirtekt, þegar ég skrifaði undir nál. Ég undrast það ekkert, þó að hv. 2. þm. S.-M. hnyti um þessa setningu; honum er sjálfsagt vel kunnugt um það eins og mér, að það mun heldur sjaldgæft, að Austfirðingar hafi allir eina sameiginlega ósk í vegamálunum. En þó hygg ég, að þetta sé sú umbót á vegasambandinu, sem einna flestir Austfirðingar verði sammála um. Það liggur í hlutarins eðli, að fyrsta sporið á að vera það, að komast í fullkomið samband við aðalvegakerfi landsins og geta ferðast þegar þörf krefur með bílum á akfærum vegum. Ekki sízt þegar strandferðum fækkar og samgöngur á sjó við Austurland fara versnandi.

Ég á enga brtt. við frv., en það stafar ekki af því, að ég hafi ekki fullkomið tilefni til þess, eða að kjósendur mínir hafi ekki óskað eftir því, heldur stafar það eingöngu af því, að ég álít, að frv. eigi að verða að lögum á þessu þingi, helzt óbreytt, og að í því felist gagngerð umbót frá því, sem nú er. Ég hygg, að ef allar óskir kjósenda í þessum efnum yrðu teknar til greina, eða samþ. meira eða minna af brtt. hv. þdm., þá sé mjög hæpið, að frv. gangi fram á þessu þingi. — Ég hefi lengi verið þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegast, að stj. láti að undangenginni rannsókn undirbúa starfsplan fyrir ríkið í vegamálunum, og þær breyt., sem á vegalögunum eru gerðar, eigi ætíð að vera vel undirbúnar og gerðar að fullkomlega yfirlögðu ráði, en að brtt. frá

einstökum þm. séu ekki samþ. án slíkrar athugunar. Þessari reglu hefir verið fylgt um undirbúning frv.

Ég er sammála hv. 2. þm. S.-M. um það, að sumar af brtt. hans eru mjög nauðsynlegar, og væri heppilegt, að sumir vegakaflarnir yrðu þegar teknir inn í þjóðvegalögin. En hinsvegar er ég á annari skoðun en hann um það, hversu líklegt sé að það flýti fyrir framkvæmdum á vegalagningum, án þess að sæmilegur undirbúningur sé tryggður fyrir því, og án þess að verulegar líkur séu til þess að fé verði til í ríkissjóði á næstu árum til þjóðvegalagninga svo nokkru nemi.

Í nál. höfum við gefið yfirlit um það, hvað þjóðvegirnir eru langir í einstökum héruðum samkv. gildandi lögum og hvað viðbótin nemur miklu samkv. stjfrv., og ennfremur hversu mikið er búið að leggja af þeim þjóðvegum, sem nú eru lögbundnir. Á bls. 8 í nál. má t. d. sjá það, að á Austurlandi verður lengd þjóðvega samkv. lögum og frv. því, sem fyrir liggur, 632,2 km., en af því eru 481 km., sem ekki teljast akfærir. Þegar litið er á vegamálin frá sjónarmiði Austf., þá vantar þar ekki fyrst og fremst lögákveðna þjóðvegi. En það, sem vantar, eru peningar til þess að gera þjóðvegina akfæra.

Ég lít svo á, að við þm. Austfirðingafjórðungs eigum nægilegt verkefni fyrir höndum að útvega fé til þess að gera þá þjóðvegi, sem nú eru á Austurlandi, að akvegum, þó að ekki sé bætt miklu við þá. Ég skal að vísu játa, að það stendur þannig á um vegarkaflann á milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar í Norðfirði, að hann á meiri rétt á sér en flestir hinir vegarkaflarnir, sem brtt. eru fluttar um. En þó hefði ég talið það viðfelldnara, að það mál væri betur undirbúið, áður en sá vegur væri tekinn í tölu þjóðvega. Það er óviðkunnanlegt að vita ekki, hvort vegurinn á að vera 20 eða 40 km. langur, eða m. ö. o. hvar hann á að liggja. Mér finnst eðlilegra, að það sé fyrst rannsakað, hvar vegurinn á að liggja og hvað hann muni kosta, áður en hann er gerður að þjóðvegi, og að þeim undirbúningi loknum verði reynt að útvega fé til þess að byrja á veginum. Því að þeir vegir, sem taldir eru þjóðvegir án þess að vera byggðir upp, eru lítils virði.

Á þinginu 1930 var bætt við þjóðvegi á Austurlandi 50 km. löngum vegarspotta, sem er allur í byggðu héraði og gæti komið mörgum að notum. En hvernig gengur að fá fé til þess að leggja hann? Það má vel vera, að þar megi um kenna ódugnaði okkar hlutaðeigandi þm., hvað lítið hefir áunnizt um fjárútvegun til þessa vegar. Inn í fjárlög síðasta árs var kúgað 10 þús. kr. framlag til hans, en í fyrra sumar var ekki unnið fyrir meiru en ca. 3600 kr. Hverju erum við svo nær, þó að þjóðvegirnir verði lengdir, ef framkvæmdirnar eru þessu líkar?

Í þessu fjárlfrv., sem nú er að berast hingað til okkar í deildina, er enginn eyrir ætlaður til þessa vegar. (IP: Við eigum nú eftir að bæta úr því). Ég veit, að hv. 2. þm. S.-M. er mér sammála um, að mikil nauðsyn sé á þessum vegi. Þó að ég flytji hér enga brtt. við frv., þá hafði ég ríka tilhneigingu til þess, enda hefir verið beint til mín óskum um það frá kjósendum mínum; en ég ætla ekki að gera það á meðan nokkur von er um að koma frv. fram lítið breyttu. Og ég geri ráð fyrir, að ef samþ. verða allar þær brtt., sem kjósendur kynnu að óska eftir, þá eigi frv. langt í land til þess að verða að l.

**Ingvar Pálmason:** Ég veit það ofurvel, að okkur hv. 2. þm. N.-M. ber ekki mikið á milli um þessar vegamálatill., er snerta Austurland, enda er það skiljanlegt, þar sem hann er eini maðurinn í þessari hv. þd., auk mín, sem er kunnugur þar austur frá, þó að hann þekki ekki nægilega til um afstöðu sumra af þeim vegum, sem ég flyt brtt. um. En það, sem okkur greinir á um, er þetta: að hann segir, að á meðan ekki sé búið að leggja nema ⅓ hluta af þjóðvegum í Múlasýslum, sem nú eru lögákveðnir, þá sé ekki ástæða til að bæta við þá eða lengja. En hér ber mikið á milli. Ég álít, að það sé fyrsta sporið í áttina að koma vegunum inn í þjóðvegakerfið; þá fyrst má það koma til álita, hvaða vegir séu nauðsynlegastir og eigi að sitja fyrir, þegar til framkvæmda kemur. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að vegurinn á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar verður lagður innan fárra ára. Og verði valin lengri leiðin (þ. e. ytri leiðin), ber á það að líta, að vegarbót þeirri, sem

gerð er heima í héraði, verði hagað þannig, að hún sé í fullu samræmi við það, sem þjóðvegurinn verður lagður síðar og falli inn í hann. En þá kemur fyrst og fremst til greina, hvar brúin á að liggja yfir Norðfjarðará. Á því er nokkur vafi, en ef til vill verður hún ekki byggð fyrr en búið er að ákveða, hvar þjóðvegurinn skuli vera. Hv. 2. þm. N.-M. taldi, að þetta vegarstæði væri of lítið rannsakað, og það er að vísu rétt. Það hefir reynzt erfitt að fá slíka rannsókn gerða af mönnum, sem treysta mætti til þess. En árið 1931 tókst okkur þm. S.-M. að fá vegamálastjóra til að lofa því að senda mann austur til að mæla fyrir veginum, og það var gert um sumarið. En svo hefir sáralítið verið unnið úr þeim mælingum, annað en þetta hrafl, sem kemur fram í nál. samgmn., eða fskj. vegamálastjóra við það. Og það tel ég sök þeirra, sem hafa stjórn vegamálanna með höndum, því mér er óhætt að segja, að við höfum gengið eftir þessum mælingum. En þó að vegamálastjóri kunni að vera því mótfallinn, að þessir vegir verði teknir upp, þá legg ég áherzlu á það, fyrst og fremst, að vegirnir milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og Reyðarfjarðar og Búða verði teknir inn í þjóðvegalögin, og hinir líka, því að þá fyrst kemur það til greina, að farið verði að athuga þá og undirbúa byggingu þeirra. — Ég er sannfærður um, að þegar búið er að ákveða þjóðveg á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, þá líða ekki mörg ár þangað til farið verður að leggja hann.

ATKVGR.

Brtt. 80,a samþ. með 7:5 atkv.
— 80,b samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, GL, IP, JBald, JónJ, JónÞ, JónasJ, GÓ.
**nei:** PHerm, BSn, EÁrna, HSteins, JakM, Einn þm. (MT) fjarstaddur.
Brtt. 87,a samþ. með 9:1 atkv.
— 87,b samþ. með 8:1 atkv.
— 87,c samþ. með 7:3 atkv.
— 48, 75, 85, 154 teknar aftur.
— 326,1—2 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 326,3 (ný 7. gr.) samþ. með 7:1 atkv.
8.—12. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 52. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 415, 48, 75, 85, 154, 430).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 430. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Frsm. (Einar Árnason):** Eins og hv. þdm. muna, lagði samgmn. til við 2. umr., að frv. væri látið ganga fram að mestu leyti óbreytt, og þess vegna tóku nm. aftur þær till., sem þeir báru þá fram. En hv. d. vildi ekki fallast á þetta og samþ. þær brtt., sem lágu fyrir við 2. umr., að ýmsir vegakaflar skyldu teknir í þjóðvegatölu. Út af þessu vil ég taka það fram, að n. mun enga afstöðu taka til þeirra brtt., sem nú liggja fyrir, en telur sig hafa óbundin atkv. um þær.

Ég flutti brtt. við 2. umr., en tók hana aftur þar til séð yrði, hvort nokkrar breyt. yrðu gerðar á frv. Þar sem brtt. hafa nú verið samþ., þá sé ég enga ástæðu til annars en að halda fram brtt. minni, sem er þess efnis, að tekinn verði í þjóðvegatölu vegur frá Hofsósi til Siglufjarðar, sem heiti þá Siglufjarðarvegur. Ég vil vænta þess eftir þeim undirtektum, sem aðrar till. fengu hér í d. við 2. umr., að henni verði vel tekið. Um Siglufjörð er það að segja, að þangað liggur enginn sæmilegur vegur. Þarna er að vísu erfitt um vegalagningar, en eigi að síður er Siglufjarðarbæ og sveitunum þar í kring mikil þörf á akvegasambandi. Fyrst og fremst er það Siglufirði til mikils gagns, því að þá er hægt að koma þangað landbúnaðarvörum úr nærsveitunum á ódýrari hátt, svo að kaupstaðarbúar geta þá fengið þær með lægra verði. Einnig yrði það þessum sveitum til mikils gagns að geta þannig komið vörum sínum á markað, því að þar er hafnleysisströnd og samgöngur erfiðar á sjó. Þessi vegur liggur að miklu leyti um Skagafjarðarsýslu, frá Hofsósi um Sléttuhlíð og Fljót og þaðan til Siglufjarðar.

Ég tel svo ekki þörf á að fjölyrða frekar um þessa till. Ég þykist viss um, að hv. þdm. sjái, að það er engu minni þörf á að bæta samgöngur við Siglufjörð heldur en aðra staði á landinu.

**Halldór Steinsson:** Þegar þetta mál var til umr. í samgmn., leit n. svo á, að með stjfrv. væri ráðin mikil bót á þeim misrétti, sem hingað til hefir ríkt í einstökum héruðum landsins um þjóðvegi. N. þótti líklegt, að ef allar þær brtt., sem þá lágu fyrir, yrðu samþ., þá mundi það hindra framgang málsins. Þess vegna var það, að n. lagði til, að frv. yrði samþ. óbreytt, og þess vegna tóku nm. till. sínar aftur til 3. umr. En eins og kunnugt er, þá voru samþ. við 2. umr. allar þær brtt., sem þá voru bornar upp, og þegar svo var komið, sáum við enga ástæðu til að kippa till. okkar til baka fyrir fullt og allt, þar sem þær eiga eins mikinn eða meiri rétt á sér en sumar þær till., sem samþ. voru við 2. umr. A. m. k. hefir vegamálastjóri látið það uppi viðvíkjandi tveimur af þessum vegum, sem nú eru bornar fram till. um, að svo framarlega, sem nokkrar breyt. eigi að gera á frv., þá séu þessar till. réttmætar.

Ég hefi nú borið fram till. um að taka 2 vegakafla í þjóðvegatölu. Annar er Eyrarsveitarvegur, frá Kerlingarskarði um Eyrarsveit að Búlandshöfða. Hinn er Skógarstrandarvegur, frá Skildi í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum. Viðvíkjandi Eyrarsveitarveginum vil ég taka það fram, að ætlazt er til, að hann liggi um endilanga Eyrarsveit, sem er langfjölmennasta sveitin á öllu Snæfellsnesi, að kauptúnunum undanskildum. Sú sveit liggur mjög vel við að því leyti, að segja má, að þar megi hafa jöfn not lands og sjávar, enda lifa hreppsbúar á því hvorutveggja jöfnum höndum. En það hefir verið sveitarbúum mjög til baga, að þeir hafa orðið að hafa mestalla aðdrætti á sjó. Aðallega hafa þeir haft viðskipti við Stykkishólm, og þar er einnig héraðslæknir þeirra, og hafa þeir oftast orðið að sækja hann sjóleiðis. Og þó að sjóferðirnar geti verið góðar, þá eru þær það þó engan veginn alltaf, því að þegar veður eru vond, þá getur mönnum legazt í Stykkishólmi allt að því vikutíma. Er því mjög bagalegt, að ekki skuli vera neinn sæmilegur vegur þarna, svo að hægt sé að ferðast þar jafnt á sjó sem landi.

Um Skógarstrandarveginn má í rauninni segja alveg það sama. Þar eru aðalviðskiptin við Stykkishólm, og mestallar ferðir þaðan verða að fara fram á sjó, af því að vegir eru þar svo slæmir. Þess vegna er það einnig bráðnauðsynlegt fyrir þessa sveit að fá þennan veg. Ég skal geta þess, að Eyrarsveitarvegurinn er 53 km., en Skógarstrandarvegurinn 68 km., og þar af eru 50 km. í Snæfellsnessýslu, en 18 í Dalasýslu. Vegamálastjóri hefir látið þess getið, að þetta væri tiltölulega ódýr vegur, af því að á stórum svæðum væri aðeins um ruðningu að ræða. Ég tel því bráðnauðsynlegt, að þessar sveitir fái þá vegi, sem hér um ræðir, svo framarlega sem þær eiga ekki að verða út úr um allar framfarir, en það teldi ég mjög illa farið, því að þær eru búnar meiri gæðum en flestar aðrar sveitir sýslunnar.

Þá vil ég aðeins minnast á till. hv. 5. landsk. á þskj. 75 að því, er snertir vegi á Snæfellsnesi. Þar leggur hann til, að í staðinn fyrir það, sem nú stendur í frv., að þjóðvegur skuli vera „frá vegamótum Stykkishólmsvegar austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur“, skuli koma: „Frá vegamótum Stykkishólmsvegar austan Straumfjarðarár um Staðarsveit og Breiðavík til Hellissands“. Ég skyldi ekkert hafa á móti því, að þessi vegur yrði lagður frá Búðum til Hellissands. Við hann yrði sérstaklega sá kostur, að hann lægi um byggð og að því leyti greiðari en vegurinn yfir Fróðárheiði, að þar á heiðinni er ekki fært nema að sumri til, en aftur á móti yrði hann miklu dýrari. Þessi leið er 67 km., og kostnaður er áætlaður 200 þús. kr., en vegurinn frá Búðum til Ólafsvíkur er ekki nema 21 km. og kostar því margfalt minna.

Það er auðvitað gott, að báðar þessar leiðir komi í tölu þjóðvega. En það, sem mér finnst sérstaklega að athuga við þessa till., er það, að samkv. henni fellur Fróðárheiði alveg úr frv., en ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir ætlazt til þess. Eins og menn vita, er Fróðárheiðin fjallvegur og viðhald vegarins kostað af ríkissjóði, svo að nú síðustu ár hefir verið bílfært

yfir heiðina. Beggjamegin heiðarinnar er þjóðvegur, og finnst mér því ófært að fella þennan kafla úr þjóðvegakerfinu. Ég vil því mælast til, að hv. þm. taki þessa till. aftur, en vilji hann það ekki, þá mun ég bera fram brtt. um, að þessi vegarkafli verði ekki felldur burt.

**Magnús Torfason:** Að ég ekki bar fram neina brtt. við frv., var af þegnskap við ríkissjóð. Ég hafði litið svo á, að heppilegast væri að láta þetta frv. fara út úr d. eins og það liggur fyrir, a. m. k. með sem minnstum breyt. Þetta hefir ekki orðið, og lítur þvert á móti út fyrir, að margar brtt. verði felldar inn í frv. Hafa sumar þessar brtt. minni rétt á sér en margir vegir í mínu kjördæmi, svo fremi sem það er rétt, að við ákvörðun þjóðvega eigi að fara eftir því, hvað vegirnir eru fjölfarnir og hversu margir hafa þeirra not, og að hinu leytinu eftir því, hvernig umferðar er. Frá þessu sjónarmiði eru a. m. k. 2 vegir í Árnessýslu, sem hafa meiri rétt á að komist inn í frv. en nokkur af þeim vegum, sem hér liggja nú fyrir till. um. Ég mun þó ekki flytja brtt. nema um einn veg að þessu sinni, ásamt hv. 5. landsk., og þar sem nú er ekki annars kostur en að flytja hana skriflega, skal ég leyfa mér að gera það. Till. er svo hljóðandi:

„Við 1. gr. A. 2. Nýr liður: Gaulverjavegur: Frá vegamótum Flóavegar að Gaulverjabæ".

Skal ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa till.

**Jónas Jónsson:** Ég hafði flutt nokkrar brtt. við þetta frv. við 2. umr., sem ég tók aftur þá, en flyt nú aftur, og skal ég leyfa mér að gera grein fyrir þeim með nokkrum orðum. Áður en ég kem að mínum eigin till., vil ég þó styðja með nokkrum orðum 2 brtt., sem mælt var hér fyrir í dag, frá hv. þm. Snæf. og hv. 2. þm. Eyf.

Sumir hv. þm. halda því fram, að samþ. eigi þetta frv. óbreytt, og byggist þessi skoðun á því, að vegamálastjóri hafi náð út yfir allt það, sem ástæða og þörf var til að setja í vegalögin að þessu sinni. Nú hlýtur það þó alltaf að vera vafamál, hvaða vegur á að vera þjóðvegur og hvaða vegur á að vera sýsluvegur, og eins hvaða vegir eiga að bíða utan vegal. enn um stund, en hvaða vegir að koma strax. Brtt., sem fram hafa verið bornar við frv., sýna áþreifanlega, að vegamálastjóra hefir hinsvegar ekki tekizt að fullnægja þeim þörfum og kröfum, sem kjördæmin gera í þessum efnum. Eftir eðli sínu eru vegalögin aðeins áætlun um það, hvernig vegakerfi landsins á að vera í framtíðinni, enda geyma vegal. ekki fjárveitingarheimildir til þeirra vega, sem teknir hafa verið upp í l., heldur verður hver vegur að bíða, þar til Alþingi veitir fé til að leggja hann með sérstakri fjárveitingu í fjárl. Þar sem vegamálastjóri leggur á móti þeim till., sem hér liggja fyrir, hlýtur það nánast að stafa af því, að honum er ekki ljóst, hvert er hið eðlilega takmark vegal. Vil ég taka það fram, að till. hv. 2. þm. Eyf., sem fer fram á að tengja Siglufjörð við Skagafjarðarsýslu, er einmitt hugsunarrétt af því, að hér er um að ræða einn af stærstu kaupstöðum landsins, sem miklu skiptir að komast í bílsamband við landið. Að fella þessa till. er sama og að synja Siglufirði um fræðilega viðurkenningu á því, að hann eigi að fá þennan veg, og getur ekki verið nein meining í því að vera á móti því, að þessi viðurkenning fáist. Annað mál er það, að þessi vegur kemur ekki til með að vera uppi nema yfir sumarið.

Þá vil ég bæta nokkrum orðum við það, sem hv. þm. Snæf. sagði fyrir sínum till. Báðir þeir vegir, sem hann gerir till. um, eru sjálfsagðir, og Skógarstrandarvegurinn er að kalla sjálfgerður, vantar aðeins að leggja kafla og kafla, sem heldur sveitinni niðri, að látið er ógert, því að Skógstrendingar mundu fá ágætt samband við Stykkishólm, ef til vill allt árið, með þessum vegi, sem auk þess tengir saman Dalaveginn og Stykkishólm á þann hátt, að ferðamönnum frá Búðardal t. d., sem nú þurfa að krækja til Dalsmynnis og þaðan ofan í Borgarnes, til þess þannig að komast til Stykkishólms, verður þetta ekki steinsnar, eftir að þessi vegur er kominn á. Þessi vegur er því þjóðvegur í eðli sínu, og því þá ekki að viðurkenna það.

Þá kem ég að mínum eigin till. á þskj. 75. Fjallar fyrsta till. mín um það, að Fljótshlíðarvegurinn, sem samkv. frv. á að ná til Hlíðarenda, verði lengdur og látinn ná að Múlakoti. Hagar svo til í

þessum parti Fljótshlíðarinnar, sem kæmist í vegasamband með þessu móti, að þar er sá hluti landsins, sem flestir ferðamenn sækja til. Árlega koma þarna svo skiptir þúsundum af ferðamönnum, þ. á m. útlendir gestir, en þarna vantar 2—3 km. veg. Sérstaklega er þó erfitt yfir klifið hjá Hlíðarenda, en eftir að því sleppir, má heita sjálfgerður vegur inn eftir. Verða menn því nú, meðan enginn vegur er þarna, að fá sér hesta í Hlíðarenda eða ganga. Þetta er því þjóðvegur í eðli sínu, og sjálfsagt að viðurkenna það. Vil ég ennfremur minna á það í þessu sambandi, að þessi kafli veldur því, að bændur í Fljótshlíðinni eru afskornir frá því að vetrinum til að koma mjólk sinni á markaðinn í rjómabúin í Flóanum og Ölfusinu, og mundi það því gerbreyta búskapnum þarna, ef vegur verður lagður yfir klifið. Er og enginn vafi á því, að þessi vegur kemur, og er það því ekki hugsunarrétt hjá vegamálastjóra að vilja ekki viðurkenna þennan veg strax.

Önnur brtt. fer fram á það, að lagður verði nýr vegur, Þykkvabæjarvegur, frá Ægissíðu að Hábæ í Þykkvabæ. Þykkvabærinn er eina sveitarþorpið, sem til er hér á Íslandi, og ef það væri sjóþorp, er lítill vafi á, að þangað væri kominn þjóðvegur fyrir löngu. En við Íslendingar erum óvanir sveitarþorpunum, og því hefir þetta gleymzt. Vegurinn er að vísu slarkfær eins og er, en hann þarf að vera opinn allt árið, og til þess vantar viðgerð á honum. Þykkvabæingar byggja sína lífsafkomu fyrst og fremst á því, að koma mjólkinni, sem þeir framleiða, í mjólkurbúin í Ölfusinu, og fólksfjöldinn, sem að þessum vegi liggur að öðru leyti, réttlætir það fullkomlega, að viðurkenning á þessum vegi fáist á þennan hátt.

Þá legg ég til, að Borgarfjarðarbraut verði ákveðin yfir Kláffossbrú um Reykholtsdal að Lambá, í stað þess að liggja yfir Hvítárbrú á Kálffossi, eins og frv. segir. Vegurinn um Reykholtsdal er mjög fjölfarinn, sérstaklega af Reykvíkingum, en til þess að hann geti notið sín, þarf að gera upp kafla af Kaldadalsveginum, kaflann frá Húsafelli upp að þeim eiginlega fjallvegi; er þessi kafli um 5 km., mestmegnis grundir, sem ófærar verða í rigningum. Er því full ástæða til að taka þennan kafla upp í frv.

Við hv. þm. Snæf. erum ekki fyllilega sammála um fyrirkomulagið á einum vegarspotta í kjördæmi hans, Snæfellsnesbraut. Vil ég láta þennan veg liggja eftir láglendinu sunnan á nesinu, um Staðarsveit og Breiðavík til Hellissands. Stjfrv. gerir hinsvegar ráð fyrir, að þessi vegur hverfi úr byggðinni sunnan á nesinu norður yfir fjallgarðinn yfir Fróðárheiði til Ólafsvíkur, og verði þaðan lagður um Ennisdal til Hellissands. Byggist þetta ekki á réttri hugsun. Fróðárheiði er viðurkenndur fjallvegur, og enda þótt upphlaðinn vegur verði gerður yfir heiðina, liggur hann undir snjó mestallan veturinn, og eru sjóþorpin norðan Fróðárheiði þannig lokuð frá öllu vetrarsambandi við Borgarfjörðinn, ef vegurinn verður hafður svona. Hinsvegar hefir Fróðárheiði verið rudd nú fyrir nokkrum árum, svo að heiðin er akfær yfir sumarið, og að því leyti stendur eins á um Fróðárheiði og Siglufjarðarskarð og Fjarðarheiði, að yfir heiðina getur aðeins verið um sumarveg að ræða. Þótt till. vegamálastjóra verði samþ., breytir það engu í þessu efni. Fróðárheiði verður lokuð um veturna eftir sem áður. Það er því enginn ávinningur fyrir Ólsara og Sandara, þótt það verði gert, nema síður sé, því að ríkissjóður verður að halda við veginum, sem er yfir heiðina, af fjallvegafé eða fé því, sem inn kemur vegna bifreiðaskattsins, svo að vegurinn verði fær yfir sumarið. Mér þótti vænt um það, að jafnkunnugur maður á þessum slóðum sem hv. þm. Snæf. skyldi viðurkenna, að leiðin kringum nesið meðfram sjónum er mjög snjólétt, enda mikil umferð um hana allan veturinn. Hinsvegar óttaðist hv. þm. Snæf., að slíkur vegur kringum nesið yrði nokkuð dýr, því að leiðin er nokkuð löng, sem um er að ræða. Liggur fyrst fyrir að gera veg yfir Breiðavíkina, sem er auðug sveit, og enda ekki minnsti vafi á því, að bæði Breiðavíkin og Staðarsveitin komast á næstu árum í daglegt flutningasamband til Borgarness á mjólk og rjóma. Og eftir að Breiðavíkinni sleppir, er aðeins um að ræða lítinn kafla, sem gera þarf við. Og það er heldur enginn vafi á því, að þetta verður gert. Í kringum Sand eru ein-

hver beztu fiskimiðin hér við land, og láta Sandarar og Ólsarar ekki bjóða sér það til lengdar, að það sé útilokað jafnvel fræðilega, að þeir fái sæmilegar samgöngur við landið. Till. vegamálastjóra í þessu efni er því ef til vill verri fjarstæða en gamli Þingvallavegurinn yfir Mosfellsheiði var á sínum tíma, sem síðar varð að lagfæra, og kostaði sú lagfæring landið 300 þús. kr., og átti enda að geta legið í augum uppi, að ekkert vit gat verið í því að leggja veg yfir óbyggða heiði, sem aldrei gat orðið nema vetrarvegur. Ég vona því, að hv. þm. Snæf. tengi ekki nafn sitt við það, að þetta gamla hneyksli með Þingvallaveginn verði endurtekið jafnvel á enn hærra stigi, en ég þarf ekki að taka það fram, að það gerir mér ekkert persónulega, þótt brtt. mín um þetta efni verði felld, og ég er jafnsannfærður um það eftir sem áður, að þetta verður á sínum tíma leyst þannig, að vegurinn verður eftir sléttlendinu með sjónum, þar sem byggðin er, en ekki yfir heiðina.

Þá flyt ég till. um það, að lögfesta leiðina um Köldukinn til Húsavíkur sem þjóðveg. Get ég verið stuttorður um þá till. Gamli þjóðvegurinn liggur um Fljótsheiði, og þótt sú heiði sé að vísu ekki há, er hún samt nógu há til þess, að hún er ófær á vetrum vegna snjóa. Hinsvegar liggur Kaldakinn opin við, þegar komið er yfir Ljósavatnsskarð, enda hefir þetta verið viðurkennt með brúnni, sem ákveðið hefir verið að setja á Skjálfandafljót einmitt vegna þessa vegar. Hér stendur því svipað á og um till., sem ég talaði um næst á undan, að um það er að ræða að lögfesta þá leið, sem eðlilegust er allra hluta vegna, eða leið yfir heiði, sem yrði ófær á veturna. Ef þessi leið hinsvegar væri farin, yrði bílfært allan veturinn frá Húsavík að Vaðlaheiði, og síðar alla leið til Akureyrar, þegar vegurinn frá Svalbarðseyri hefir verið lagður allur.

Loks flyt ég svo till. um það á þskj. 154, að Mývatnssveitarvegur verði tekinn í þjóðvegatölu. Eins og stendur er hluti af Mývatnsheiði viðurkenndur sem fjallvegur, og hefir kafli og kafli af heiðinni verið veglagður sumpart fyrir fjallvegafé og sumpart með framlögum úr hrepps- og sýslusjóði. Er svo skemmst frá að segja, að eftir að þannig hefir verið gert slarkfært yfir heiðina af þessum aðilum, hefir ferðamannastraumurinn þarna um vaxið alveg geipilega, svo að þetta er orðinn með fjölförnustu vegum á landinu, sem hundruð bíla fara um, einkum héðan úr Reykjavík. Hlýtur það að vera óviðkomandi litlu sveitarfélagi, sem telur, að ég held, 30 bændur, að halda við fullfærum fjallvegi fyrir hundruð bíla, sem þangað koma vegna „túristadraumsins". Þetta er því þjóðvegur í orðsins fyllsta skilningi, og getur aldrei annað orðið. Er það fullkomið ranglæti að láta viðhaldskostnaðinn af þessum fjallvegi, enda þótt hann sé ekki mikill, lenda á hlutaðeigandi sýslu- og hreppsfélagi, og veit ég, að þeir allir eru mér sammála um það, sem sammála eru um það, að vegal. eigi að vera hugsunarrétt plan í vegamálunum í framtíðinni, sniðið eftir eðlilegum þörfum landsins og héraðanna.

**Jón Baldvinsson:** Smátt og smátt eru að koma nýjar og nýjar brtt. við vegalagafrv., og ætla ég að auka þar við og bera fram 2 nýjar till.

Svo leit út í upphafi þessarar umr., sem n. mundi verða andvíg því, að fleiri brtt. kæmu til greina við frv. en samþ. höfðu verið við 2. umr., en mér skilst, að hér muni koma fram fleiri till. og verða samþ., og eiga þær að vísu fullan rétt á sér flestar, en mínar till., sem ég ætla hér að leyfa mér að bera fram, eiga það í tvennum skilningi. Fyrst og fremst fjalla þær um vegi á Vestfjörðum, en þar hefir verið lagt minna af vegum en í öðrum héruðum landsins, að Austfjörðum einum ef til vill undanskildum, og líklega þó ekki. Á Vestfjörðum er og erfitt um vegarlagningar, og munu Vestfirðingar yfirleitt seilast til að nota sjó til flutninga, en það hefir þó sýnt sig, að flutningarnir eru öruggari og ódýrari, ef hægt er að koma þeim við á landi eftir veg milli þorpanna. Væri t. d. vegur milli Ísafjarðar og Bolungavíkur, væri ódýrara að flytja á bifreið milli staðanna en að manna út mótorbát í þessu skyni.

Ég hefi því leyft mér að bera fram svo hljóðandi brtt.:

„Við 1. gr. B. 12. a. Nýir liðir:

1. Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.

2. Frá Ísafirði kringum Skutilsfjörð til Súðavíkur".

Þessi þrjú þorp, sem hér er farið fram á að tengja saman með veg, eru allmannmörg.

Síðari brtt. gengur í þá átt, að tengja saman Ísafjörð og Súðavík. Í Súðavík hefir mjög aukizt útgerð á seinni árum, og því mikið hagsmunamál, að samgöngur séu gerðar þar á milli, einnig á landi. Enda ætti svo að vera, að Ísafjörður gæti tengzt við vegakerfið úr Dalasýslu, að Arngerðareyri sunnan við Djúpið, eins og tengja á Reykjavík við Austfirði. Það væri mjög eðlilegt, að svo væri gert, þegar þess er gætt, hve miklar tekjur ríkissjóður fær úr þessum landshluta, Vestfjörðum, og hve spart ríkið hefir þó jafnan verið á framlög til verklegra framkvæmda þar, jafnvel þótt brimbrjóturinn í Bolungavík sé reiknaður með. Vænti ég því þess, að deildin veiti þessum brtt. fyrst og fremst afbrigði frá þingsköpum og samþ. þær því næst, því að ég hygg, að þær eigi meiri rétt á sér en margar aðrar brtt., sem hér hafa verið bornar fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá 2. þm. Árn. og 5. landsk. (sjá þskj. 440,I) og frá 2. landsk. (sjá þskj. 440,II) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Halldór Steinsson:** Ég held, að nokkurs misskilnings hafi gætt hjá hv. 5 landsk., er hann talaði um veginn yfir Fróðárheiði. Hann sagði, að vegur þessi væri fjallvegur, og yrði ekki annað. Rétt er það, að fjallið lækkar ekki héðan af, en þetta er engin sönnun fyrir því, að vegurinn sé ekki þarfur og nauðsynlegur. Víða stendur líkt á, t. d. um Holtavörðuheiði, Vaðlaheiði og fleiri fjallvegi, en út í það hefir hv. 5. landsk. ekki fett fingur. Ég ætla, að ýms héruð yrðu þjóðvegalaus, ef ekki má gera fjallvegi að þjóðvegum. Hitt er rétt, að ef vegur fengist fyrir Jökul, væri það að mörgu leyti þægilegra vegna þess, að vegurinn lægi þá um byggð, en sú leið yrði bæði lengri og dýrari. Viðvíkjandi brtt. hans um Snæfellsnesbraut er það að segja, að hún er aðeins orðamunur við frv., svo að hann getur tekið hana aftur. En til að gera hv. 5. landsk. eitthvað til geðs, vil ég þó flytja skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 75, og verði hún samþ., hefir hv. 5. landsk. fengið allt, sem hann fer fram á.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 441) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Páll Hermannsson:** Ég á hér brtt., sem fer fram á að taka í þjóðvegatölu veginn frá Lagarfljótsbrú að Brekku í Fljótsdal. Þessi vegur liggur um tvær fjölbyggðar sveitir, Fellnahrepp og Fljótsdal, og notin af honum eru því fyrir þessar sveitir báðar og auk þess efri hluta Jökuldals og Hrafnkelsdal. Auk þess er almenn umferð töluvert mikil. Fljótsdalur hefir orð á sér fyrir fegurð, enda hefir verið töluverð umferð yfir Fljótsdalsheiði, sem er ofar en Brekka. Landflutningar á þessa staði munu vera lengri en víðast hvar annarsstaðar á landinu, eða 100—120 km. Þessi leið er nálægt 40 km. Nálega ⅓ er lagður vegur af sýslu- og hreppssjóðum með framlagi ríkissjóðs. Miðparturinn, eða ⅓ leiðarinnar er ólagður, og geri ég ráð fyrir, að sá kafli verði að vera upphleyptur að nokkru leyti. Kaflinn í Fljótsdal, eða um þriðjungur vegarins, er hinsvegar þannig, að víðast þarf ekki nema aðeins að ryðja hann. Kostnaðaráætlun um veg þennan liggur ekki fyrir, enda er svo um fleiri vegi, sem brtt. hafa verið fluttar um að taka upp í frv. En óhætt er að fullyrða, að þessi vegagerð er ódýr í samanburði við það, sem almennt gerist á Austurlandi. Bæði byggðinni og ferðamönnum myndi verða hið mesta hagræði að þessari vegabót, enda býst ég við, að vegurinn yrði lagður, hvort sem hann er tekinn í þjóðvegatölu eða ekki, en ég álít að þessi leið eigi engu minni rétt á sér en margar aðrar, heldur mun meiri. Ákveðnar óskir hafa komið fram frá héraðsbúum um að fá veg þennan tekinn í tölu þjóðvega, enda hafa áður verið bornar fram brtt. um þetta á Alþingi. Ég hefi þá skoðun, að þótt vegalögin séu aðeins áætlun um það, hvaða vegi skuli byggja, eigi sú áætlun ekki að ná yfir lengri tíma en maður sér út yfir. Ég geri ráð fyrir, að margir aðrir vegir gangi á undan þess-

um. En hv. deild virðist álíta, að þessi áætlun eigi að ná langt fram í tímann, og því tel ég rétt, að þessi vegur sé einnig tekinn upp í frv., og vona ég, að hv. d. taki þessari till. vinsamlega.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Mér skilst, að sá meiningamunur, sem hér er, sé einkum um það, hvort miða eigi þessa áætlun við nokkur næstu ár eða óralangan tíma. Frá hinu síðara sjónarmiði eru brtt. fram komnar, en það er mjög erfitt að semja áætlun fyrir mjög langan tíma um þessar framkvæmdir. Og ég held, að það verði engum til góðs að semja lög um vegi, sem engin kostnaðaráætlun er til um og sumstaðar ekki einu sinni lengdarmælingar eða rannsókn á vegarstæðum. Ég hefi þá skoðun, að betra sé að miða áætlunina við stuttan tíma og endurbæta hana síðan eftir þörfum. A. m. k. þurfa að fara fram rækilegri rannsóknir og athuganir á öllu vegakerfinu og nákvæmari kostnaðaráætlanir en enn eru gerðar, áður en hrapað er að því að ákveða með lögum, að allir þeir vegir skuli gerðir að þjóðvegum, sem hv. þdm. bera fyrir brjósti. Ég held því fram, að lögin ein séu ekki einhlít til að leggja vegina. Austurland hefir nú á 6. hundrað km. í vegalögum, en vegi, því miður, ekki að sama skapi. Því gæti ég trúað því, að það drægist að leggja suma þá vegi, sem brtt. hljóða um, t. d. veginn til Mjóafjarðar.

Einn sýslunefndaroddviti hefir tjáð mér, að ef brtt. um þjóðvegi í hans sýslu verði allar samþ., sé stefnt til vandræða um vegamál sýslunnar. Verði allir sýsluvegir gerðir að þjóðvegum, kippa sýslurnar að sér hendinni og framlag ríkissjóðs fellur burt. Það getur því hreint og beint orðið til að tefja fyrir vegagerðum að taka þessa vegi upp í frv.

Hér eru margar brtt. um fjallvegi, sem hefir verið hugsað til að leggja fé til úr ríkissjóði án nýrrar löggjafar. Til eins sýsluvegar, sem mikil umferð er um, hefir verið lagt meira fé en lög áskilja. Og með því að taka sérstakt tillit til slíkra vega fæst betri lausn fyrir báða aðila en með því að taka þá í þjóðvegatölu. Þó get ég viðurkennt, að í sumum brtt. eru vegir, sem öll sanngirni mælir með að taka upp í frv. Vil ég sérstaklega nefna veginn yfir Siglufjarðarskarð, sem opnar samband við upplandið og yrði til hagsbóta bæði fyrir kaupstaðinn og héruðin, sem þá fá aðstöðu til þess að notfæra sér markaðsmöguleika í Siglufjarðarkaupstað. Með þessari brtt. vildi ég því mæla, einkum þar sem búið er að samþ. brtt. um veg til Norðfjarðar.

Ég skal ekki fara út í einstakar brtt. Þær hafa ekki verið bornar fram í samráði við stj. eða vegamálastjóra. Þess hefir því ekki verið kostur að láta sérfræðing gera þar um neina athugun, og því síður áætlanir. En af hliðarálmunum tel ég mesta sanngirni mæla með álmunni til Þykkvabæjar. Þar er stórt þorp, sem lifir mest á mjólkurframleiðslu, og mælir öll sanngirni með því, að þessum mönnum sé veitt hjálp til að koma vörum sínum á markað.

Ég vænti þess, að hv. d. miði atkv. sín við það, að fá sem bezta lausn í bili, en geri ekki þær breyt. á frv., að því sé stefnt út í þær öfgar, að það nái alls ekki fram að ganga á þinginu.

**Jónas Jónsson:** Út af brtt. minni um veginn á Snæfellsnesi vil ég segja það, að með henni vil ég sýna, að fyrir mér vakir, að munur sé gerður á sumarleiðum og þeim vegum, sem opnir eru allan veturinn. Hv. þm. Snæf. minntist á Holtavörðuheiði og Vaðlaheiði. En á þeim leiðum er ekki annars kostur en fjallvega, og vegirnir myndu ekki verða lagðar þar, ef láglendi væri rétt við hliðina. Það liggur í málvenju, að „fjallvegir" séu sumarvegir, en þjóðvegir þeir, sem færir eru allt árið. Út af skrifl. brtt. er það að segja, að samkv. henni yrðu tveir þjóðvegir á Snæfellsnesi, annar um Fróðárheiði, en hinn að sunnan. Ég væri ekki á móti þessu, ef Fróðárvegurinn spillti ekki fyrir hinum. En ef því er nú slegið föstu, að Fróðárheiði sé aðalleiðin, verður farið að leggja fé í hana, þótt víst sé, að hitt verður framtíðarleiðin. Þó mun ég ekki greiða atkv. á móti brtt. hv. þm. Snæf.

Út af ræðu hæstv. atvmrh. um langa og stutta áætlun vil ég taka fram, að ég get ekki orðið honum sammála. Vegalögin eiga að ákveða aðallínurnar. Og margar brtt. við þessa umr. eru byggðar á auk-

inni þekkingu á samgöngum m. a., og sérstaklega bílasamgöngum.

ATKVGR.

Brtt. 440,I felld með 7:4 atkv.
— 75,1.a felld með 7:3 atkv.
— 75,1.b felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JónasJ, MT, PHerm, PM, IP, JBald.
**nei:** BSn, EÁrna, GL, HSteins, JakM, JónJ, JónÞ, GÓ.
Brtt. 75,2.a felld með 7:3 atkv.
— 441, felld með 8:4 atkv.
— 75,2.b felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JónasJ, PHerm, HSteins, JBald, GÓ.
**nei:** MT, PM, BSn, EÁrna, GL, IP, JakM, JónJ, JónÞ.
Brtt. 75,2.c tekin aftur.
— 48,1.a felld með 7:6 atkv.
— 48,1.b felld með 7:5 atkv.
— 440,II.1 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JBald, JónasJ, MT, PHerm, GL.
**nei:** HSteins, IP, JakM, JónJ, BSn, EÁrna, GÓ.
JónÞ,[1]) PM[2]) greiddu ekki atkv.
Brtt. 440,II.2 felld með 8:4 atkv.
— 75,3 felld með 7:2 atkv.
— 85 samþ. með 8:2 atkv.
— 154 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JónasJ, PHerm, EÁrna, JBald, GÓ.
**nei:** JónÞ, MT, PM, BSn, GL, HSteins, IP, JakM, JónJ.
Brtt. 430 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HSteins, IP, JBald, JónasJ, MT, PHerm, PM, EÁrna, GL.
**nei:** JakM, JónJ, JónÞ, BSn, GÓ.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 57. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. útþýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 442).

Á 58. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útþýtingu frv.

1) **JónÞ:** Ég veit ekki, hvort hægt er að leggja veg þarna, og greiði því ekki atkv.

2) **PM:** Af sömu ástæðum og hv. 1. landsk. greiði ég ekki atkv.

— Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 442, 532, 547, n. 555, 560, 568, 582, 587, 588, 593).

Of skammt var liðið frá útþýtingu brtt. 587, 588 og 593. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Hæstv. stj. lagði þetta frv. fram í byrjun þings, og hefir það nú gengið í gegnum Ed. Tók það þar allverulegum breyt., því að þar var allmörgum vegaköflum bætt í þjóðvegatölu. Þeir liðir, sem bætt var inn í frv., eru 4., 5. og 7. liður 1. gr. c., sem sé Vatnsdalsvegur, Svínvetningabraut og Siglufjarðarvegur. Þá var og bætt inn í frv. 4., 8., 9. og 10. lið 1. gr. D., en það er Upphéraðsvegur, Norðfjarðarvegur, Fáskrúðsfjarðarvegur og Mjóafjarðarvegur.

Ef þessar breyt. eru athugaðar, þá sést, að vegirnir, sem bætzt hafa í frv. í Ed., eru aðallega í tveimur landshlutum, sem sé Austurlandi, og mest í Múlasýslum, og svo í Norðlendingafjórðungi, og mest í Húnavatnssýslu. N. átti tal við vegamálastjóra um þessa viðauka. Hann taldi, að þarna væri fulllangt gengið, og óskaði í raun og veru eftir, að flestir þessara viðauka væru teknir út aftur. N. sá sér ekki fært að breyta frv. mikið frá því, sem Ed. gekk frá því, ef líkindi ættu að vera til, að frv. gæti gengið fram á þessu þingi, en til þess áleit n. vera knýjandi þörf. Þess vegna fór hún þá leið, í stað þess að taka út viðauka Ed., sem hæpið verður að teljast, að séu þar réttmætir, að leggja til, að nokkrum liðum yrði bætt inn í frv., til að jafna það misræmi, sem orðið var á frv. eins og það kom frá Ed.

Þessir liðir, sem n. leggur til, að bætt verði inn í frv., eru prentaðir ásamt nál. á þskj. 555. Er þar fyrst Þykkvabæjarvegur, frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir vestan Ægissíðu að Hábæ í Þykkvabæ. Það virðist alveg eins rétt, að þessi

vegur teljist með þjóðvegum eins og t. d. vegurinn niður á Eyrarbakka og Stokkseyri, sem tengir heil þorp við þjóðvegakerfi landsins. Þarna er fjölmennt þorp, sem hefir blómgast á síðari árum. Þarna er því mikil flutningaþörf og því brýn nauðsyn að fá þennan vegarspotta sem fyrst. Þessi vegur er aðeins 16 km. að lengd.

Þá er Bolungavíkurvegur, frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur. Það er ekki mikið um þjóðvegi í Ísafjarðarsýslu eða Vestfjörðum yfirleitt, því að þar er yfirleitt mjög slæm aðstaða til vegalagninga. Það virðist því fullkomlega réttmætt, að leiðin milli þessara fjölmennu kaupstaða, Ísafjarðar og Bolungavíkur, sé tekin í tölu þjóðvega, þar sem vegarstæði er líka talið sæmilegt á þessari leið.

Þá er 3. brtt. n., Miðfjarðarvegur, frá vegamótum sunnan Melstaðar að Litlu-Tungu. Þessi till. er einkum borin fram til jöfnunar milli Vestur- og Austur-Húnavatnssýslna, þar sem hv. Ed. tók 2 vegi í austursýslunni inn í frv., sem alveg eru hliðstæðir þessum vegi í vestursýslunni. Væri órétt að afgr. frv. þannig, að bætt væri við tveimur hliðstæðum vegum í austursýslunni, en engum í vesturSýslunni.

4. brtt. n. er um að Mývatnsvegur frá Breiðamýri að Skútustöðum verði tekinn í þjóðvegatölu. Ég hygg, að það hafi frekar verið gleymska en ásetningur hjá stj., þegar hún lét semja frv., að þessi vegur skyldi ekki vera tekinn með, því að með honum er fjölmenn sveit tengd við vegakerfi landsins. Einnig er þess að gæta, að nú orðið fer mjög margt fólk þessa leið í skemmtiferðum að sumarlagi, og er það alltaf að færast í vöxt. Ég hygg, að það sé sérstakl. þessi vegur, sem sjálfsagt sé að taka upp í frv. eins og það er nú orðið.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég vekja athygli á prentvillu, sem er í nál. Þar stendur, að vegir þeir, sem Ed. hefir bætt inn í þjóðvegatölu, og þeir vegir, sem samgöngumálan. Nd. leggur til að bætt verði við, séu samtals 380 km. að lengd, en á að vera 280 km. Þetta er líka auðséð á því, að í nál. er það tekið fram, að þeir vegir, sem Ed. bætti inn í frv., séu 180—190 km., en þeir vegir, sem n. leggur nú til, að bætt verði við, séu um 100 km.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég á 2 brtt. við þetta frv., og eru þær skráðar á þskj. 587. Í fyrri brtt. er farið fram á það, að þjóðvegurinn, sem nú liggur af Borgarfjarðarbraut upp að Kláffossbrú, verði lengdur upp að Lambá, sem er skammt fyrir framan Húsafell.

Eins og kunnugt er, þá er Kaldadalsleiðin nú akfær, og hefir mikil bílaumferð verið á þeim vegi. T. d. fóru meira en 600 bílar yfir Kaldadal síðasta sumar. Þessi leið, frá Kláffossbrú um Reykholtsdal og Hálsasveit, er sýsluvegur, og hefir viðhaldskostnaður á þeim vegi aukizt mikið við þá stórauknu umferð, sem þar hefir orðið, síðan bílar fóru að fara um Kaldadalsveginn.

Ég hefi áður flutt brtt. í þessa sömu átt, og þar á meðal á síðasta þingi. Samgmn., sem hafði þá það mál til meðferðar, leitaði álits vegamálastjóra um þennan veg, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp það álit hans. Það hljóðar þannig:

„Með því að Kaldidalur er nú orðinn mjög fjölfarinn á sumrin, er sýsluvegurinn um Reykholtsdal orðinn alfaraleið milli landsfjórðunga, og sýnt, að svo muni verða í framtíð. Þykir mér því eðlilegt að taka hann í þjóðvegatölu".

Mér þykir ekki þurfa að bæta fleiru við, þar sem vegamálastjóri hefir viðurkennt réttmæti þess, að þessi vegur verði tekinn í þjóðvegatölu.

Þá er hin brtt., og er þar lagt til, að Lundarreykjadalsvegur, frá Götuási á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi, verði tekinn í tölu þjóðvega. Nú er búið að leggja upphleyptan veg nokkuð fram eftir Lundarreykjadal, en í öllum fremri hluta dalsins er ruddur vegur, sem er fær bæði vögnum og bílum, svo að ekki er eftir að leggja veg á þessari leið nema um miðbik dalsins. Hefir verið gerð athugun að tilhlutun vegamálastjóra, hvað kosta mundi að gera akfæra leiðina yfir Uxahryggi. Sú rannsókn hefir leitt það í ljós, að það væri tiltölulega kostnaðarlítið að ryðja akveg þessa leið yfir Uxahryggi á Kaldadalsveginn skammt frá Biskupsbrekku. Hér er því ekki um mikinn kostnað að ræða, en hinsvegar yrði mikið hagræði að þessum vegi, ekki aðeins fyrir menn úr þessu héraði, heldur

einnig fyrir langferðamenn, þar sem þetta er stytzta leiðin, sem hægt er að fá suður á bóginn úr Borgarfirði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessa brtt., en vona, að þetta nægi til þess að sannfæra hv. dm. um, að réttmætt sé að taka þessa vegi upp í tölu þjóðvega. — Um málið almennt vil ég segja það, að þetta hefir nú legið fyrir 4—5 undanförnum þingum, og er full ástæða til að breyta ýmsu í vegalögunum. Síðan síðasta breyt. á vegalögunum var gerð, hafa orðið breyt. á vegunum, þannig að þær leiðir, sem áður voru ekki farnar nema af innanhéraðsmönnum, eru nú farnar af almenningi. Þetta hefir þær breytingar í för með sér, að Alþingi verður að taka tillit til sanngjarnra krafna í þá átt að gera þessa vegi að þjóðvegum. Um þessa vegi hafa nú á síðustu árum aukizt bílaferðir til annara héraða og landshluta, og er því í fyllsta máta ósanngjarnt, að viðkomandi hérað beri uppi viðhald á þessum vegum. Mér virðist málið horfa þannig við, að ekki sé með nokkru móti unnt að komast hjá því að breyta vegalögunum, ef tekið er tillit til breyttra staðhátta. Og þó að ef til vill ekki sé hægt að sigla fram hjá því, að ýmsir vegir slæðist inn í þjóðvegatölu, sem ekki eiga þar heima, þá má ekki hefta það, að þeir vegir, sem virkilega eru orðnir alfaraleið, verði gerðir að þjóðvegum. Við verðum heldur að brjóta þá upphaflegu reglu um þrískiptingu veganna í hreppsvegi, sýsluvegi og þjóðvegi, en að sýna einstökum héruðum ósanngirni í þessu efni.

Í nál. er bent á, að með 5. gr. frv. sé fenginn hemill á freklegar kröfur um fé til einstakra vega, þar sem heimilað er að krefjast af héruðunum, að þau leggi fram til vegagerðanna. Mér finnst ekki ná nokkurri átt að skírskota til þessarar greinar, þar sem um alþjóðarveg er að ræða. Þetta ákvæði er sett aðeins með tilliti til þess, að inn í vegalögin slæðist innanhéraðsvegir, og alls ekki um vegi, sem eru alfaraleiðir. Ég vildi aðeins taka þetta fram, af því að nál. skírskotar sérstaklega til þessa ákvæðis í vegalögunum, sem ekki er rétt í þessu sambandi, enda er betra þó að horfið sé frá fyrri stefnu um skiptingu veganna heldur en ef gengið er hraparlega á rétt þeirra vega, sem orðnir eru alþjóðaleið.

**Ingólfur Bjarnarson:** Ég á 3 brtt. við þetta frv. Hin fyrsta er á þskj. 532 og er í tveimur liðum. 1. liðurinn lýtur að breyt. á Norðurlandsveginum, þannig, að úr því kemur austur fyrir Ljósavatnsskarð, þá skuli þjóðvegurinn liggja norður Köldukinn yfir fyrirhugaða brú á Skjálfandafljóti, sem ákveðin er í brúalögunum, norðan við svonefndan Núp, fram hjá Garði. Leiðin, sem hér um ræðir, er um 27 km., en lengd þjóðvegarins eins og nú er, yfir Fljótsheiði, er 33 km., eða 6 km. lengri en verða mundi, ef hann lægi hina leiðina. Þetta er tekið upp eftir skýrslu vegamálastjóra, svo að ég hygg, að þetta muni vera rétt.

Annað er það líka, sem ynnist við þessa breyt., að vegurinn lægi alltaf á láglendi fyrir norðan endann á Fljótsheiðinni, norðan undir svonefndum Núp. En nú liggur leiðin, eins og mönnum er kunnugt, yfir Fljótsheiði, sem oft er illur farartálmi fyrir bíla að vetrarlagi og fram eftir vori vegna snjóþyngsla. Ætti það að vera auðskilið öllum, að ólíkt er að leggja vegi og halda þeim við uppi á heiðum eða niðri á láglendinu.

Ég vil geta þess, að vegamálastjóri og starfsmenn hans, sem starfað hafa að brúagerðum og vegagerðum þar nyrðra, hafa lýst því yfir við mig og aðra, að þeir teldu sjálfsagt, að vegurinn lægi þarna í framtíðinni, en vegamálastjóri hinsvegar tekið það fram, að fé væri ekki fyrir hendi sem stæði til þess að byrja á þessum framkvæmdum, og að meðan ekki væri komin brú á Skjálfandafljót þarna, kæmi vegurinn ekki að gagni. Leiðin frá Krossi og að Skjálfandafljótsbrúnni fyrirhuguðu er 17 km., óvegur sem stendur og ekki fær bílum. En þaðan og á brautina hjá Garði, sem er um 10 km. leið, er nú þegar kominn bílfær vegur. Nú finnst mér, þegar verið er að ákveða framtíðarskipulag þjóðvegarins, æði andkannalegt, ef ekki yrðu strax ákveðnir þeir vegir, sem sjálfsagðir eru taldir í framtíðinni. Og er sjálfsagt við endurskoðun vegalaganna að taka upp það skipulag, sem á að ríkja, og sem tryggir, að framkvæmdir á þessu sviði

komi ekki í bága við framtíðarskipulagið. Hinsvegar er hér ekki farið fram á, að þessi vegur sé strax byggður, enda legg ég ekki til, að sá þjóðvegur, sem nú er ákveðinn, falli niður, en mér þykir líklegt, þegar búið er að leggja þennan nýja veg, sem hér um ræðir, þá megi fella Fljótsheiðarveginn úr tölu þjóðvega og gera hann að fjallvegi. Þetta er mestmegnis gamall vegur, góður á sumrin, þegar þurrt er um, en eigi nægilega upphækkaður, svo hann er slæmur að vetrarlagi. Það væri því óskynsamlegt, að byggja þennan veg upp og máske leggja í hann stórfé með það fyrir augum, að þjóðvegurinn yrði svo lagður allt annarsstaðar. Ég hélt þessu fram í samtali mínu við vegamálastjóra, og viðurkenndi hann, að þetta væri alveg rétt og var mér samdóma um, að það bæri að taka þennan veg upp í vegalögin síðar meir sem þjóðveg.

Þá kem ég að 2. lið á sama þskj., um að taka upp í þjóðvegatölu hinn svonefnda Mývatnsveg. Samgmn. hefir tekið vel undir þetta og lagt það til. Þessi vegur liggur frá Breiðamýri fram Reykjadal upp að Mývatnsheiði. Er sú leið um 13 km. Þarna er lagður vegur mjög vandaður og fullgerður fyrir nokkru. Vegurinn yfir Mývatnsheiði frá Máskoti að Helluvaði er um 10 km. Þetta er fjallvegur, sem ríkið kostar nú hvort sem er.

Nú stendur svo á, síðan Mývatnsheiði varð bílfær á sumrum, að um þennan veg er óslitinn ferðamannastraumur 1—2 mánuði á sumri hverju. Þennan tíma fara oft fleiri tugir bíla um veginn á dag. Ég læt þetta nægja, en tek undir það, sem hv. þm. Borgf. tók fram í ræðu sinni, að það er ekki sanngjarnt að ætla héruðunum að viðhalda vegum fyrir langferðamenn. Í þessu tilfelli hefir héraðið lagt fram mikla fjárhæð til að byggja myndarlegan veg, svo að hér er aðeins um viðhald að ræða. Þar sem hv. samgmn. hefir tekið það fram um þennan veg, að hann væri sérstaklega maklegur til þess að verða tekinn upp í þjóðvegatölu, þá sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta meira, en vænti, að hv. d. geti fallizt á till. n. í þessu efni. Ég get að endingu bent á það, að vegamálastjórnin telur sýnilega rétt, að ríkið taki að sér viðhald á skemmtiferðavegum, eins og t. d. upp að Geysi, upp í Hreppa, austur í Fljótshlíð o. s. frv., og hér stendur alveg eins á um þennan veg.

Þá á ég till. á þskj. 588, um að ákveðinn sé þjóðvegur frá Veigastöðum gegnt Akureyri út með ströndinni norður að Grenivík. Vegalagafrv. hefir tekið miklum breyt. frá því það var lagt fram í efri deild, og ég býst við, að í þessari hv. d. verði fleiri nýir vegir teknir upp. Er það meðfram tilefni þess, að ég ber fram þessa till., því hún á sannarlega rétt á sér, eftir þeirri stefnu, sem virðist koma fram í þessu máli hjá þingi og stjórn. Ég vil benda á til samanburðar till. um að taka veginn vestanmegin fjarðarins upp í þjóðvegatölu, sem hæstv. stj. hefir borið fram. Mér er satt að segja ekki almennilega ljóst, hver munur er á þessum vegum austanmegin fjarðarins og vestan. Austanmegin fjarðarins er mjög þéttbýlt; þar búa 12—13 hundruð manns. Mér virðist þessir íbúar austanmegin hafa jafnan rétt til stuðnings frá ríkinu til vegagerða eins og þeir, sem vestanmegin búa. Ég vildi gjarnan heyra rök, sem mæltu í móti því, frá hæstv. stjórn. Ég flyt þessa till. samkv. ósk þeirra héraða, sem hlut eiga að máli og þykist óréttí beittur, ef ríkið tekur að sér vegagerðina vestan fjarðarins, en ekki að austan.

Eins og nú standa sakir, þá er búið að leggja veg að mestu leyti frá Grenivík að Fnjóskárbrú. Sömuleiðis eftir Svalbarðsströndinni út að sveitamörkum, en sá vegur er ekki fullkominn, enda þótt bílfært sé að sumarlagi. Ég veit ekki, hvað þessi leið er löng; það er ekki hægt að sjá af skýrslum vegamálastjóra. Þar er þessa vegar ekki getið, enda þótt þar séu nefndir margir innsveitavegir. Finnst mér þetta benda til þess, að ekki sé hugsað mjög um vegaþörf þarna. Ég gæti gizkað á, að leið þessi væri um 35 km. a. m. k., og tel það vera knýjandi nauðsyn fyrir héraðsbúa að fá þarna góðan veg. Höfðahverfið er mannmargt, en hefir slæmar hafnir, og því valt að byggja á sjóleiðina. Enda fyllsta réttlæti, að þjóðvegur sé ákveðinn þarna, í samanburði við ýmsa vegi, sem þegar eru komnir í frv. og augsýnilega hafa stórum minni rétt. — Ég sé svo ekki þörf að orðlengja þetta, en vil bæta því

við um brtt. mína á þskj. 588, að hún er nýkomin fram, og hefir hvorki hv. samgmn. né vegamálastjóra gefizt kostur á að kynna sér hana. Ég tel því réttara, ef n. óskar eftir því, að taka hana aftur til 3. umr. Ég legg ekki kapp á, að hún komi til atkv. nú við þessa umr., ef hv. n. æskir eftir því að fá að athuga hana betur.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 442, 532, 547, n. 555, 560, 568, 582, 587, 588, 593, 608, 626).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 626. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Lárus Helgason:** Ég á eina brtt. við þetta frv., á þskj. 560, um að taka einn nýjan veg í þjóðvegakerfið. Þessi vegur liggur frá eina verzlunarstaðnum, sem er á svæðinu milli Skeiðarársands og Mýrdalssands, og þangað sækir meiri hluti búenda í fjórum næstu hreppum sína verzlun. Lengd vegarins er um 25 km. alls. Þar af er ⅓ sandar, sem aldrei verður neitt gert við, en sem er sæmilegur bílvegur mestan hluta árs. ⅓ vegarins liggur um vallendi, sem verður sæmilega akfært með lítilli viðgerð, og loks er ⅓ vegarins um mýrlendan jarðveg, sem er illfær yfirferðar eins og stendur, þó þar sé farið. Þessi hluti vegarins kemur til að þurfa talsverðra viðgerða með, ef hann á að verða sæmilegur yfirferðar. Ég er sannfærður um, að það eru margir vegakaflar í frv., sem sízt eiga meiri rétt til þess að vera teknir í tölu þjóðvega en þessir.

Ég hefi þegar bent á, að þessi vegur liggur frá eina verzlunarstaðnum, sem er á þessu svæði, og þess vegna gefur að skilja, að hér er um mikla nauðsyn að ræða fyrir þá, sem þarna eiga hlut að máli. Þess er einnig að gæta, að um Vestur-Skaftafellssýslu liggur ekki nema ein þjóðvegalína yfir sýsluna, og út frá þeirri álmu liggur engin aukalína, sem er þjóðvegur, nema þessi, ef brtt. verður samþ. En í flestum sýslum landsins má benda á ýmsar aukaálmur, sem eru þjóðvegir. Ég býst ekki við, að það þýði neitt að fjölyrða um þennan veg. Ég hefi nú skýrt í aðaldráttum þær ástæður, sem að því lúta, að brtt. mín er réttmæt, og ég vænti þess, að hv. þd. verði það ljóst af því, sem ég hefi nú sagt, og vænti, að hún viðurkenni það með því að samþ. þennan veg í þjóðvegatölu.

Ég veit, að nú liggur fyrir svo mikið af till. um nýja þjóðvegi, bæði í frv. og brtt., sem vel getur verið, að þurfi rækilegrar athugunar við áður en þær eru allar teknar góðar og gildar, en ég hygg, að hvenær sem þessi vegur verður athugaður, þá komi það í ljós, að fyllsta sanngirni mælir með því, að hann verði tekinn í þjóðvegatölu.

**Bergur Jónsson:** Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 582 um að bæta í þjóðvegakerfið tveimur vegum. Hinn fyrri er um framlengingu á Vestfjarðavegi yfir á Barðaströnd. Eins og nú er, liggur vegurinn á milli Patreksfjarðar og Barðastrandar, yfir Kleifarheiði, en sú heiði er brött, illa löguð til akvegarlagningar og vafasamt, að hún verði gerð akfær fyrir bíla. Í brtt. minni er lagt til, að valin verði önnur leið og skemmri. Í stað þess að vegurinn liggur yfir heiðina, á að leggja hann frá Vestfjarðavegi á Mikladal, styttri leið um Miðvörður að Haga á Barðaströnd. Þessi vegur hefir verið athugaður og er álitið af kunnugum, að hann muni verða framtíðarvegurinn milli Patreksfjarðar og Barðastrandar. Hann mun vera nálægt 20 km. á lengd. Þess er rétt að geta, að vegur þessi er fjallvegur, sem ríkið þarf hvort sem er að kosta. Hvað það snertir, get ég því notað sömu rök honum til meðmæla og hv. samgmn. hefir notað um ýmsa þá vegarspotta, sem líkt stendur á um og hún vill að gerðir séu að þjóðvegum.

Hinn vegurinn er nýr vegur, Fossheiðarvegur, sem á að liggja frá Bíldudal yfir Fossheiði og á Vestfjarðaveg einhversstaðar á Barðaströnd, ekki nákvæmlega ákveðið hvar. Ef Vestfjarðavegur yrði tekinn í þjóðvegatölu alla leið til Barða-

strandar, eins og ég legg til, og væri gerður akfær (bílfær), myndu menn, til þess að komast akfæra leið á milli Bíldudals og Barðastrandar, verða að krækja niður í Mikladal hjá Patreksfirði, en það er óhæfilega langur krókur. Þessi nýi vegur er áætlaður að vera 25 km. að lengd. Hér er því um að ræða vegi, sem nema 45 til 50 km. í mesta lagi. Ef maður athugar skýrslu frá vegamálastjóra, sem fylgdi áliti hv. samgmn. Ed., þá sést þar, að Barðastrandarsýsla, sem er ein af lengstu sýslum landsins, er sú sýsla, sem langskemmsta þjóðvegi hefir. Þetta nær vitanlega ekki neinni átt, þar sem hér er sýsla, sem er mjög erfið yfirferðar, og má segja, að hér sé um algert ranglæti að ræða. Barðastrandarsýsla á að búa við þjóðvegakerfi, sem er minna heldur en ýmsar þær sýslur hafa, sem eru miklu minni en hún. Má þar sem dæmi nefna Dalasýslu, sem hefir 113 km. í þjóðvegum, en Barðastrandarsýsla ekki nema 54 km. Að vísu er í frv. bætt meira við Barðastrandarsýslu af þjóðvegum heldur en sumar aðrar sýslur, en þó er hún eftir sem áður lægri en þær. Kjósarsýsla og Gullbringusýsla eru lægri að vísu. Kjósarsýsla hefir 71 km. og Gullbringusýsla 74 km. En réttast er í þessu tilfelli að telja þær sem eina sýslu, þar sem þær eru eitt lögsagnarumdæmi, og þá hafa þær talsvert miklu meira en Barðastrandarsýsla.

Næstar eru Húnavatnssýslur, en þó hefir hvor um sig miklu lengri þjóðvegi en Barðastrandarsýsla, og það er engin sanngirni í því, að hún sé lægri en þær, því hún er miklu lengri en hvor þeirra um sig.

Eins og menn sjá, hefir talsvert verið bætt við frv. í Ed. frá því það kom frá stj., og það er talsvert eftirtektarvert, að við það hefir verið bætt aðeins vegum í þeim héruðum, sem fulltrúa eiga í Ed. Það má heita, að sagan endurtaki sig um till. samgmn. þessarar d. Þar er 4 vegum við bætt, líklega til þess að jafna misfellur þær, sem n. hefir þótt verða á frv. í Ed. Hv. samgmn. hefir hér valið þá leið að bæta við, í stað þess að fella niður það, sem bætzt hefir við frv. í Ed. En úr því n. gekk út á þessa braut, virðist það hefði verið eðlilegt, að hún hefði leitað eftir þörfinni í fleiri héruðum en þessum fjórum, sem orðið hafa fyrir náð hennar. Ein breytingin er um nýjan veg í Rangárvallasýslu, en hún á tvo fulltrúa í n. Önnur breyt. er um veg í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem sömuleiðis á fulltrúa í n. Loks á Vestur-Húnavatnssýsla fulltrúa í n., og þar er bætt við einum vegi, Miðfjarðarvegi. Að vísu er fjórði vegurinn í Suður-Þingeyjarsýslu, sem engan fulltrúa á í n. Ég skal ekki segja, fyrir hvað þessi vegur er tekinn, en vera má, að n. hafi þótt heppilegt að hafa samkomulag um sínar brtt. við fulltrúa þeirrar sýslu, sem eins og vitanlegt er er form. fjvn. Það getur verið, að hér sé aðeins um tilviljun að ræða, en ég verð að segja, að mér þykir það mjög einkennileg tilviljun, að ekki skuli finnast þörf á því að bæta við þjóðvegum í öðrum sýslum en þessum, úr því það ráð var tekið að bæta við fremur en fella niður breyt. Ed. A. m. k. er það ákaflega áberandi tilviljun, að eingöngu er bætt við vegum í kjördæmum hv. nefndarmanna. Að form. n. hefir ekki fengið neinum vegi við bætt fyrir sína sýslu, sýnist stafa af því, að Múlasýslur munu hafa farið einna bezt út úr því í Ed.

**Steingrímur Steinþórsson:** Við þm. Skagf. flytjum brtt. á þskj. 593. Sú brtt. er um það, að tekinn verði í tölu þjóðvega vegurinn frá eystri Héraðsvatnabrú fram héraðið austan við Vötnin, um Víðvíkursveit og Blönduhlíð og Héraðsvatnabrú á Grundarstokk. Vegur þessi liggur um breitt og frjósamt hérað, og það verða ekki deildar meiningar um það, að hér sé um þarfan veg að ræða. Hitt getur aftur verið álitamál, hvort réttara sé að gera þennan veg að þjóðvegi nú eða að það sé látið bíða. Það, að við flytjum nú till. um þennan veg, ber fyrst og fremst að skoða í sambandi við þær mörgu brtt. Ed. og hv. samgmn. þessarar d. við frv. Við vitum, að þessi vegur á ekki síður rétt á sér og miklu fremur en margir þeir vegir, sem þegar er búið að taka inn í frv. Ef þær brtt., sem nú liggja fyrir, ná samþykki hv. d., þá álítum við, að það verði að taka þennan veg með, því að hann mun eiga meiri rétt á sér en flestir þeir vegir, sem brtt. fjalla um. Mér er það fyllilega

ljóst, að það nær náttúrlega ekki nokkurri átt, að allar þær brtt., sem komið hafa fram við frv. hér í þessari hv. d., verði samþ., og ég vil taka undir það með hv. þm. Barð., að það hefir verið gert of mikið að því að bera fram till. um nýja vegi, einkum í Ed., og það er talsvert áberandi, hvernig þeir skiptast í kjördæmin. Þó vil ég viðurkenna, að ýmsir þeirra eru sjálfsagðir, svo sem Siglufjarðarvegur og Norðfjarðarvegur, því að það er enginn vafi á því, að þessir vegir eiga meiri rétt á sér en flestir aðrir vegir í frv. Það er fyrst og fremst skylda ríkisins að tengja stærstu kaupstaði og hafnarstaði við þjóðvegakerfið. Ég get því yfirleitt verið þakklátur fyrir þá afgreiðslu, er frv. hefir fengið hingað til, þó nokkur mistök hafi orðið á meðferð þess og skiptar séu skoðanir um einstök atriði þess.

Að síðustu vil ég endurtaka það, að þessi vegur, Blönduhlíðarvegur í Skagafirði, á að mínum dómi miklu meiri rétt á sér heldur en margir þeir vegir, sem komnir eru í frv., að ég ekki tali um marga þá vegi, sem teknir eru fyrir með þeim brtt., sem komnar eru fram hér í hv. þd.

**Halldór Stefánsson:** Ég á eina brtt. við þetta frv., sem ég á óhægra með að gera grein fyrir vegna þess, að enn er ekki búið að útbýta henni hér í hv. þd. Þetta er brtt. við Austurlandsveginn, 1. gr. frv. D.1., um það, að fyrir orðin „hjá Möðrudal um Möðrudalsöræfi um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum“ komi: hjá Möðrudal, og tengiálma þaðan um Vesturárdal við Vopnafjarðarveg, um Jökuldalsheiði til Skjöldólfsstaða um Jökuldal.

Það er tvennt, sem felst í þessari brtt. Annarsvegar leiðrétting á orðalagi frv., þar sem talað er um Möðrudalsöræfi í frv., en í stað þess er lagt til, að komi um Jökuldalsheiði. Möðrudalsöræfi heitir hálendið frá Möðrudal suður til jökla, en ekki heiðin á milli Möðrudals og Jökuldals. Hér er því að ræða um rugling á orðalagi, sem stafar af ókunnugleika þess, er samið hefir frv. Heiðin milli Jökuldals og Möðrudals er ýmist kölluð Jökuldalsheiði eða Möðrudalsheiði, eftir því frá hvorri hönd hún er farin, þannig, að þegar farið er frá Jökuldal til Möðrudals, þá er hún oft kölluð Möðrudalsheiði, en þegar farið er frá Möðrudal til Jökuldals, þá er hún kölluð Jökuldalsheiði.

Að hinu leyti er brtt. um viðbót við vegakerfið, sem liggur í því að tengja fjallveginn við strandveginn með því að leggja aukaálmu frá honum hjá Möðrudal um Vesturárdal í samband við Vopnafjarðarveg. Ástæðan fyrir þessari till. er sú, að ekki er talið hægt að gera bílfært yfir Hellisheiði milli Vopnafjarðar og Héraðs. Þannig verður því sambandslaust austur á bóginn, frá þjóðveginum sem liggur um byggðirnar að norðan til Vopnafjarðar sem framhald af Norðurlandsvegi, og eru þar með Vopnafjörður og nokkur hluti Norður-Þingeyjarsýslu slitinn úr beinu bílvegasambandi við Fljótsdalshérað og Austfirðina.

Þessi leið er valin í samráði við vegamálastjóra, og hefir hann látið athuga hana og fleiri leiðir til þess að tengja Vopnafjarðarveg við fjallveginn, og hefir hann fallizt á, að sú leiðin sé heppilegust, sem hér er stungið upp á. Þó skilji enginn orð mín svo, að ég beri þessa brtt. fram í samráði við vegamálastjóra eða eftir áskorun frá honum, en ég hefi borið orðalag till. undir hann, og hann er henni samþykkur í raun og veru. Hér er um nokkuð mikla vegalengd að ræða, en vegarstæði er mjög gott, eins og annarsstaðar á fjöllunum; 15 til 18 km. af þessum vegi liggja eftir endilöngum dal, sem er byggður og er á þeim parti þegar nokkur stofn til akvegar.

Ég vil loks geta þess, að það liggur fyrir þinginu áskorun frá nýafstöðnum sýslufundi í Norður-Múlasýslu um að taka þennan veg í tölu þjóðvega nú þegar, svo að ekki þurfi að gera breytingu á vegalögunum þegar fært þykir að leggja fé til hans. Ég veit ekki, hvort þessi áskorun frá sýslufundinum hefir verið lögð hér fram í lestrarsal þingsins, en hún var tilkynnt í útvarpinu nýlega. Ég hefi þá reynt að greina frá þeim ástæðum, sem eru til þess, að vegur þessi á að verða þjóðvegur, svo að það ætti að duga, ef hv. þdm. fylgjast með máli mínu og vilja skilja, hvað hér er um að ræða. Hinsvegar þykir mér ekki ástæða til að fara út í almennar umr. um frv. eða þær mörgu brtt., sem fyrir liggja.

**Jónas Þorbergsson:** Ég á brtt. á þskj. 547 um nýjan veg frá Vesturlandsvegi í Miðdölum um Skógarströnd að Skildi í Helgafellssveit. Ástæðan fyrir því, að ég flyt þessa till., er í fyrsta lagi sú, að ég hefi fengið ýtarlegar áskoranir frá sýslubúum um að koma þessari breyt. inn í vegalögin, og í öðru lagi einnig sú ástæða, að hér er um það að ræða, að tengja heila sveit við aðalvegakerfi landsins í tvær áttir, og verður það að teljast sanngjörn krafa. Hv. þm. Barð. minntist á það, að Dalasýsla hefði langa þjóðvegi, samanborið við Barðastrandarsýslu. Þetta er að vísu rétt, en sú ástæða er fyrir þjóðvegunum í Dalasýslu, að í gegnum hann er verið að tengja tvær aðrar sýslur við vegakerfi landsins, en það eru Strandasýsla og Barðastrandarsýsla og svo raunar allir Vestfirðir. Af þessu stafar það, að við lagningu þjóðveganna um Dalasýslu var litið á þetta heildarsamband eigi síður en þörf Dalasýslu sjálfrar. Eins og kunnugt er, liggja tvær höfuðæðar vegakerfisins norður frá Reykjavík. Liggur önnur um Borgarfjörð og Holtavörðuheiði til Norðurlands, en hin um Bröttubrekku og Dali til Vestfjarða. Þriðja æðin liggur svo um Mýrasýslu til Stykkishólms og Snæfellsness. Vestasta sveit í Dalasýslu, Hörðudalur, og svo Skógarströndin á Snæfellsnesi eru algerlega vegalausar og afskornar um samgöngur bæði á sjó og landi, þar sem á aðra hönd eru óbrúaðar og illfærar ár, sem hefta samgöngurnar í austur, en í hina áttina vegleysur einar og hafnleysi á ströndinni. Ég hygg, að fáar sveitir eigi erfiðari aðstöðu en þessar um samgöngur á sjó, og er af þeirri ástæðu enn meiri nauðsyn að bæta úr samgönguörðugleikunum á landi.

Þessi brtt. á nokkra forsögu hér á Alþingi. Hún var fyrst borin fram af þm. Snæf. á sumarþinginu 1931 í Ed. Að vísu lagði hann til, að vegurinn yrði hafinn Snæfellsnessýslumegin, en ég tel eðlilegra, að hann vaxi út frá Vesturlandsveginum í Miðdölum út Skógarströndina og þaðan í samband við Snæfellsnesvegina. Sú till. náði samþykki í hv. Ed., og er ástæða til að taka það til greina nú, þó að vegalögin strönduðu þá, og eins þó þau næðu ekki heldur fram að ganga á þinginu 1932. Enn eru sömu rök fyrir þessari till. Þörfin er enn hin sama og þá. Ég vil því fastlega vona, að hv. d. líti á nauðsynina fyrir þessum samgöngubótum og taki till. með vinsemd og fullum skilningi.

**Jörundur Brynjólfsson:** Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við 9. lið 1. gr. A. í þessu frv. Í frv. er ætlazt til, að tekinn sé í þjóðvegatölu vegurinn frá vegamótum Skeiðavegar sunnar Laxár um brú á Kálfá að vegamótum hjá Þjórsárholti. En í till. minni er farið fram á, að þessi liður orðist svo:

Gnúpverjavegur: Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá og norðan Skaftholtsmúla að Ásólfsstöðum. Frv. gerir ráð fyrir, að þjóðvegurinn á þessari mjög fjölförnu leið nái ekki nema að Þjórsárholti. Umferðin að þessum stað er ekki nema að nokkru leyti fyrir skemmtiferðafólk, því að þessi vegur nær ekki nema fram í miðjan dalinn. En nú er orðinn mjög mikill ferðamannastraumur í Þjórsárdal, en hann fer yfirleitt lengra inn í dalinn en ætlazt er til, að þessi þjóðvegur nái. Það er aðallega um helgar á sumrin, að fólksstraumurinn er mestur, og fara þá stundum tugir bíla fullir af fólki innst inn í dal. Frá Þjórsárholti inn í dalinn eru þetta 20—25 km., en till. mín fer ekki fram á, að tekinn sé í þjóðvegatölu lengri vegarkafli en að Ásólfsstöðum, og mun það vera um 12 km. lengra en nú er ætlazt til í frv. Ég ætlast ekki til þess, að byggður sé vegur austur að ferjustaðnum Þjórsárholti, heldur sé veginum haldið áfram upp með Þjórsá, allt að Ásólfsstöðum. Frá Skaftholtsmúla að Ásólfsstöðum mun vera um 15 km., en með því að samþ. brtt. mína sparast vegurinn austur að ánni. En þar sem þetta er svo mjög fjölfarin leið, er sýslufélaginu ekki almennilega kleift að halda veginum við sem skyldi. Og mér finnst sjálfsagt, að þessi vegarspotti verði tekinn í þjóðvegatölu, fyrst verið er að gera breyt. á vegal. á annað borð, sérstaklega af því að svona stendur á, að vegurinn er eiginlega að litlu leyti í þágu sveitarinnar. Það eru ekki nema 2—3 bæir þarna inni í dalnum, sem gagn hafa af þessari þjóðvegaviðbót, — en hann er í þágu þeirra mörgu veg-

farenda, sem þarna eiga leið um, og þeirra bílaeigenda, sem stöðugt senda vagna sína í þessar ferðir. Ég vænti þess, að þeir, sem hafa heyrt mig skýra frá þessari brtt., hvað þetta er lítil viðbót, en þó nauðsynleg, geti fallizt á hana. Ég skil það vel, að það muni reynast ærið erfitt fyrir þessa hv. d. að samþ. allar þær brtt., sem fram eru komnar, en ef aðrir tillögumenn gætu orðið ásáttir um að taka brtt. sínar aftur til 3. umr. og freista þess, hvort ekki væri hægt að komast að sanngjarnri lausn þessa máls, væri ég fús til að taka mína brtt. aftur líka. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál, þar eð ég mun ekki gera brtt. annara að umtalsefni.

**Hannes Jónsson:** Ég á eina brtt. við frv. þetta, og er hún á þskj. 568. Ýmsir hv. dm. hafa nú talað fyrir brtt. sínum, og eins og að líkindum lætur, hafa ýms rök verið færð fyrir þeirri nauðsyn, sem ber til að samþ. þær. Og ég býst við því, að erfitt verði að skera úr, hverjir af þessum vegarspottum, sem hér eru taldir upp, hafi mestan rétt á því að komast í þjóðvegatölu, eða hvort þeir hafi meira eða minni rétt til þess en ýmsir þeir vegir, sem hv. Ed. hefir nú bætt inn í frv. Ýmsir hafa drepið á það, að ósamræmi ríkti milli héraða, hvað löggjöf þessa og till. snertir, þar á meðal hv. þm. Barð. og hv. þm. Dal. Út frá þeim forsendum er ég ófeiminn að mæla með brtt. minni. Séu lagðar til grundvallar þær röksemdir hv. þm. Dal., að vegir í Dalasýslu séu flestir þannig í þjóðbraut, að þeir komi öðrum sýslum ekki síður að notum, þá eigi þær ekki síður við mitt kjördæmi, Vestur-Húnavatnssýslu. Þar eru nær allir vegir einmitt hlutar af slíkum langvegum. Og af þjóðvegum í Vestur-Húnavatnssýslu eru ekki nema einir 18 km., sem ekki tilheyra Norðurlandsveginum, — akveginum, sem tengir saman Akureyri og Rvík. Og þó að brtt. mín yrði samþ., ykist þessi vegalengd ekki nema um 1. km., svo að hv. dm. sjá, að hér er ekki um neitt stórt stykki að ræða. Þessi till. mín er um veg frá Reykjum að skólahúsinu á Reykjatanga. Með brtt. hv. Ed. og hv. samgmn. er öðrum héraðsskólum séð fyrir sambandi við aðalvegakerfið, og því finnst mér eðlilegt, að Reykjaskóli verði sömu hlunninda aðnjótandi. Nú sem stendur eru samgöngur á landi erfiðar fyrir skólann, svo að hann verður að mestu leyti að nota samgöngur á sjó. En það er þó sérstaklega eitt, sem mælir með þessari brtt. Reykjaskólinn er nefnilega sérlega góður gististaður fyrir langferðamenn. Yfirleitt þykir mönnum of langur áfangi að aka alla leið til Blönduóss. Venjulega er komið fram á kvöld, þegar bílar frá Reykjavík fara þarna um Hrútafjörðinn, og þeir bílstjórar, sem ég hefi átt tal við og eru vel kunnugir á þessari leið, telja, að það mundi verða stórmikill kostur á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar að eiga þarna aðgang að góðu gistihúsi.

Þó að ég viti, að óþarfi sé að minnast á brtt. n., þá vil ég þó segja, að það er alger misskilningur hjá hv. þm. Barð., að n. hafi verið hlutdræg í till. sínum. N. gerði áreiðanlega sitt bezta til þess að vera óhlutdræg, en vegna breyt. þeirra, sem gerðar voru á frv. í Ed., var auðvitað ekki hægt að samþ. það óbreytt hér. Ég ætla ekki að fara að tala um till. n. almennt, aðeins geta þess, að sá vegur í Vestur-Húnavatnssýslu, sem þar er tekinn upp, er aðeins 8 km. á lengd. Mig hefði langað til þess, að n. hefði tekið upp annan veg í kjördæmi mínu, sem er um 100 km. á lengd og nauðsynlegt að leggja fyrr eða síðar. Héruðin hafa þegar lagt stórfé í þennan veg, en mikið er þó eftir ógert. En þarna var beðið um nokkuð mikið, og vildi ég ekki nota mér þá aðstöðu mína, að ég var í n. til þess að koma honum á till. n., einmitt til þess að hún skyldi ekki verða sökuð um hlutdrægni. Mér duldist það ekki, að þessu máli varð Nd. að fara mjög gætilega fram, ekki síst vegna afgreiðslu málsins í hv. Ed.

En ég vænti þess fastlega, að þeir, sem hafa hlýtt á mál mitt, verði hliðhallir brtt. minni um Reykjatangaveginn.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Hér eru komnar fram brtt., sem fara fram á það, að 19 vegum verði bætt við í þjóðvegatölu. Samanlögð lengd þessara vega mun vera um 650 km. Ég þykist þess viss, að verði allar þessar brtt. samþ. nú við 2. umr., þá komi það mikið hik á þingið áður en mál þetta kemur til 3. umr., að frv.

verði ekki afgr. á þessu þingi. Ég get skilið það, að hv. dm. hér hafi ekki verið fyllilega ánægðir með afgreiðslu hv. Ed. á þessu frv., einkum hvað snertir 3 vegi, sem Ed. bætti inn í það. En ég hefði álitið betra, að hv. samgmn. hefði tekið til athugunar, hvort ekki bæri að fella þessa vegi niður, til þess að kalla ekki fram jafnmargar nýjar brtt. og hér eru komnar fram. Ég tel, að það sé að biðja um nýjar brtt., að hrófla ekki við afgreiðslu Ed., heldur bæta bara við. Ég held, að hv. þdm. hafi ekki gert sér fyllilega ljóst, hvað aðstæður eru nú breyttar á þessu sviði frá því, sem áður var. Mismunurinn á sýslu- og þjóðvegum hefir minnkað mjög mikið. Samkv. l. um bílaskatt má gera ráð fyrir, að hér eftir renni árlega 45000 kr. af þessum skatti beint til viðhalds á sýsluvegum. Þegar þetta bætist við þá upphæð, sem Alþ. veitir í fjárl. til lagningar sýsluvega, þá er augsýnilegt, að aðstaða sýslufélaganna til að viðhalda vegum sínum og endurbæta þá hefir batnað mjög á síðustu árum. Ég held, að það geti orðið vafasamur vinningur fyrir sýslufélögin að fá mikið af þeim vegum, sem verið hafa sýsluvegir, tekið upp í þjóðvegatölu. Vitanlegt er, að ekki kemur til greina að veita fé á næstu árum nema til lítils hluta af þessum vegum. Menn ættu að gera sér það ljóst, að það er ekki nóg að gera vegina að þjóðvegum á pappírnum. Eftir því, sem þjóðvegakerfið stækkar verður sífellt minni sú upphæð, sem hægt er að veita árlega til nýbyggingar vega, sökum þess hvað viðhaldið étur mikið upp af því fé, sem ríkissjóðurinn er fær um að leggja fram. Það gæti því blátt áfram tafið fyrir með lagningu nauðsynlegra vega, að þeir væru teknir í þjóðvegatölu. Það er ef til vill ekki ástæða til þess að rekja allar þær brtt., sem fram eru komnar, lið fyrir lið, en ég get þó ekki látið hjá líða að lýsa afstöðu minni til nokkurra þeirra.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 532, um Köldukinnarveg. Vegamálastjóri áætlar, að sá vegur muni kosta um 100 þús. kr., þ. e. a. s. kaflinn vestan Skjálfandafljóts. Kaflinn austan Skjálfandafljóts er bílfær á sumrum, en mun þó þurfa mikillar endurbótar við. Auk þess þarf að byggja dýra brú yfir Skjálfandafljót, ef leið þessi á öll að verða akfær. Ég er efins um það, að nokkuð sé fengið við það nú í bráðina að fá þennan veg upp í vegal., en þó tel ég rétt, að þessi vegur komi til greina næst þegar breyt. verður gerð á vegal. Vegurinn yfir Fljótsheiði er allvel fær nú þegar, og tel ég, að menn verði að notast við hann í bráð.

2. brtt. á þessu sama þskj. er um Mývatnssveitarveg. Af þessum vegi munu 10 km. vera í fjallvegatölu. Ég held, að það yrði hagkvæmara fyrir héraðið að hafa þennan kafla áfram í fjallvegatölu, og reynt yrði að veita fé til hans sem slíks eins fljótt og unnt er. Og þegar á þessu ári mun reynt að taka tillit til vegaþarfar þessa hluta Mývatnssveitar. Og þar sem fjallvegum fækkar nú heldur, ef frv. verður að lögum, þá má ætla, að meira komi framvegis í hvern stað af því fé, sem ætlað er til endurbóta og viðhalds á fjallvegunum. Tel ég því, að una megi í þessu efni þeirri skipun, sem nú er.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 547, um Skógarstrandarveg, er það að segja, að engin áætlun liggur fyrir um það, hvað sá vegur muni kosta. Þarna er að ræða um 70 km. veg, sem ekki er bílfær á þessu svæði, og á leiðinni þarf að brúa 6 stórar ár og margar smærri. Ég er því hræddur um, að löng verði biðin eftir verulegu framlagi til þeirrar vegagerðar, jafnvel þótt vegurinn kæmist í þjóðvegatölu. Ég álít, að það væri betri leið, ef viðkomandi sýslufélög byðu fram sinn hluta til brúargerðar á einhverju af þessum ám, og fengju framlag úr ríkissjóði á móti, sem gæti numið allt að ¾ kostnaðar. Hitt er annað mál, að ég hefði talið rétt að samþ. brtt. í þá átt, að vegarálman frá Vesturlandsbraut yfir Hörðudalinn hefði verið samþ., með því að sú sveit hefir ekki svo teljandi sé aðstöðu til samgangna að sjó, en er hinsvegar oft á tíðum afskorin frá samgöngum á landi, þegar Miðá og Hörðudalsá eru ófærar, og er það sérstaklega til ógurlegs baga og stórmikils tjóns í sláturtíð á haustin.

Viðvíkjandi brtt. hv. n. á þskj. 555 skal ég taka það fram, að ég tel nokkra sanngirni mæla með því, að Þykkvabæjarvegur verði gerður að þjóðvegi. Þetta er 16 km. langur vegur, að nokkru leyti bílfær nú þegar, og þar eiga hlut að máli

menn, sem ekki geta komið aðalframleiðsluvöru sinni frá sér, nema þeir fái þennan veg vel bílfæran. Að vísu eru það ekki nema 175 menn, sem þetta snertir aðallega, en þar eru svo góð skilyrði til jarðræktar, að ég efast ekki um, að fólki fjölgi þar á næstu árum.

Um brtt. n. á sama þskj. um Bolungavíkurveginn er það að segja, að þar vantar alveg undirbúningsrannsókn og kostnaðaráætlun. Og ég minnist þess að hafa heyrt fyrrv. landsverkfræðing láta sér þau orð um munn fara, að ekki væri víst, hvort hægt væri að gera veg á þessari leið.

Um Miðfjarðarveginn er það sama að segja, að þar vantar alla kostnaðaráætlun til þess að byggja á. — Reykjatangaveginn hefir verið gerð áætlun um, og er talið, að hann muni kosta 10000 kr. Ég held, að þessi vegur mundi koma fyrr, ef viðkomandi sýslur, Strandasýsla og Húnavatnssýsla, legðu fram ¼ kostnaðar hvor, móti helmings framlagi ríkissjóðs með sérstökum breytingum í fjárl. Þá væri komið að líkri niðurstöðu og þó að vegurinn væri tekinn nú í þjóðvegatölu. En ég tel ekki fært að fara að leggja þennan veg án tillags frá sýslunum.

Hvað snertir brtt. hv. þm. Barð., þá hygg ég, að 2 vegirnir, sem hann minntist á, séu í fjallvegatölu. Og mér er óhætt að fullyrða, að fullt tillit muni verði tekið til þeirrar sýslu um framlag til fjallvega.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 587 vil ég taka það fram, að allmikill hluti Reykholtsvegar mun vera í fjallvegatölu, og mun reynt að halda þeim hluta við af fjallvegafé. En hvað snertir þann kafla vegarins, sem er í sveit, væri hugsanlegt að viðhafa þá aðferð, sem einu sinni áður hefir verið höfð í líku tilfelli, sem sé að taka sanngjarnt tillit til þess slits, sem vegurinn verður fyrir af langferðafólki, og veita til hans dálítinn viðbótarstyrk.

Hvað viðvíkur Uxahryggjaveginum, þá held ég, að ekki komi til mála að eyða í hann stórfé, eftir að almennt hefir verið hallazt að leiðinni inn fyrir Hvalfjörð.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 588, um Grenivíkurveg. Hv. þm. S.-Þ. mælti allkröftuglega fyrir henni. Ætlazt er til, að vegur þessi liggi frá Grenivík um Höfðahverfi yfir brú á Fnjóská hjá Laufási um Svalbarðsströnd á Norðurlandsveg hjá Veigastöðum. Þessi vegur liggur að vísu um allþéttbyggða strönd. En ég get þó ekki kannazt við, að sú sveit með Höfðahverfi og Grenivíkurþorpi eigi jafnmikinn rétt á þjóðvegi sem sveitirnar vestan Eyjafjarðar út að Dalvík. Ég þykist mega fullyrða, að þorpið Grenivík sé ekki nærri eins fjölmennt og Dalvíkurhverfið. Höfðahverfi er heldur ekki eins fjölmennt og Svarfaðardalur, sem svo mjög þarfnast vegasambands við Akureyri, og um Flateyjardalinn upp af Höfðahverfi veit ég ekki betur en að sú byggð sé því sem næst eða með öllu komin í eyði vegna burtstreymis fólksins úr þeirri harðindasveit.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 593 get ég sagt, að í þessu frv. hefir verið tekið mjög mikið tillit til þeirra, sem hlut eiga að máli, og ég held, að mín kæra sveit, Skagafjörðurinn, megi vel við una, þótt þessi vegur verði látinn bíða um stund.

Viðvíkjandi Gnúpverjaveginum verð ég að segja það, að þó að ég sé gamall Árnesingur, þá held ég ekki, að Árnessýsla sé afskipt í þessu frv. og tel ég mega vel við una. Viðvíkjandi álmu af Norðurlandsfjallvegi til Vopnafjarðar þá er hér um 75 km. vegalengd að ræða, og ég held líka, að Vopnfirðingar megi við una að hafa þann vegarkafla í fjallvegatölu fyrst um sinn.

Ég hefi á þessu tímabili, sem frv. hefir legið fyrir þinginu, fengið tilmæli frá tveim sýslunefndaroddvitum á þá leið, að þeirra sýslu sé sízt betur borgið þó að þeirra vegur væri strax tekinn í þjóðvegatölu. Því að þegar svo væri komið, að flestallir sýsluvegirnir væru á pappírnum orðnir að þjóðvegum, þá mundu sýslunefndir hætta að skipta sér af vegunum eða viðhaldi þeirra, og endirinn yrði sá, að vegagerðir allar mundu nær stöðvast í sýslunni. Það er ekki nóg, að vegir séu komnir á pappírinn sem þjóðvegir. Það þarf mikil og stöðug fjárframlög til þess að sú lagasetning komi að notum. Og ég sé ekki, að svo ári nú fyrir ríkissjóði, að hann geti næstu árin tekið á sig að auka vegakerfið verulega fram úr því, sem frv. gerir ráð fyrir.

**Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Fyrir hönd nefndarinnar hefi ég ekki mikið að segja um tillögur þessar, sem fram eru komnar. Fyrir þeim liggur víst öllum nokkur sanngirni og eflaust mikil þörf, og ég efast ekki um, að framgangur þeirra skipti nokkru máli fyrir sýslur þær, er hlut eiga að máli, og það undrast ég ekki, þó að hv. þm. sýni áhuga fyrir velferð héraða sinna, með því að reyna að sjá sem bezt borgið hagsmunum þeirra við afgreiðslu þessa frv., því að ég er sannfærður um það, að samgöngurnar eru þeim öllum eitt hið þýðingarmesta velferðar- og framtíðarmál. Hinsvegar verður því ekki neitað, að inn í frv. er komin mjög mikil viðbót frá því, er var í upphafi, og verður eflaust meiri, ef taka á upp allt, sem til fulls jafnaðar horfir; og því álítur n., að frekari viðbót muni mjög hefta framgang málsins, og mun hún yfirleitt mæla gegn viðbótartill., þótt hún reyni að meta tillögurnar og að sýna þar á fulla sanngirni. Ég ætla ekki að fara sérstaklega inn á hinar ýmsu tillögur, en þó vil ég benda á það, sem mælt hefir verið fyrir ýmsum till., t. d. þegar hv. þm. Borgf. talaði fyrir sinni till., um að Reykholtsvegur yrði tekinn í þjóðvegatölu vegna þess, að um hann færi svo mikill ferðamannastraumur mestan hluta sumars. Þetta er alveg sama og hv. þm. Árn. lét um sína till. mælt. Þetta er að vísu rétt, en það eru nú fleiri sveitir, og þær ekki svo fáar, sem eiga slíka vegi, sem mikið eru notaðir af ferðafólki á sumrum, en sveitirnar standa þó að öllu leyti undir þeim einar. Sú röksemdafærsla mundi óhjákvæmilega hafa í för með sér mjög mikla aukningu. Um það hnútukast til n., að hún hafi nokkuð freklega séð um hlut sinna héraða, eins og hv. þm. Barð. sagði, þarf ég ekki að fjölyrða. **(ÓTh:** Já, það var víst nokkuð ómaklegt!!). Ég gat um þær breyt., sem gerðar hafa verið til þess að jafna það misrétti milli héraðanna, sem nú er, og er vonandi, að hv. d. láti þær ná fram að ganga. Ég skal til skýringar benda á þá skrá, sem vegamálastjóri hefir látið fylgja till. sínum. Af henni kemur greinilega í ljós, hve misskipt er milli einstakra héraða við þá aukningu, sem upphaflega er tekin inn í frv. Ég vil t. d. benda á, að í Borgarfjarðarsýslu hafa verið teknir upp nýjir vegir, 64 km. að lengd. Í Snæfellsnessýslu 70,6 km. og í Barðastrandarsýslu 27 km., sem hefir þó hér verið kvartað um, að hafi verið útundan. Í V.-Ísafjarðarsýslu 15 km., Skagafjarðarsýslu 25 km., Eyjafjarðarsýslu 34,8 km., Norður-Þingeyjarsýslu 122 km., Norður-Múlasýslu 97 km. og Suður-Múlasýslu 48 km. og Árnessýslu 38,4 km. Og hefir Ed. bætt við sumar þessar tölur allverulega. Ef nú er litið á þær sýslur, sem útundan hafa orðið, þá sézt, hve hörmulegt misréttið er. Í Rangárvallasýslu er aukningin 2,5 km., Norður-Ísafjarðarsýslu ekki neitt, Vestur-Húnavatnssýslu ekkert, Suður-Þingeyjarsýslu 22 km. Ég get ekki séð, að um nokkra hlutdrægni sé að ræða af n. hálfu, þótt hún leggi til að jafna þetta lítið eitt. Hér er beint gengið út frá skýrslum, sem fyrir lágu. Ég bendi á það líka, að í Skaftafellssýslu er engin aukning. En þar er svo fyrir komið frá náttúrunnar hendi, að sú eina lína þjóðvegar, sem þar er, liggur eftir hverjum hreppi þverum, að undanteknum 2 í V.-Skaftafellssýslu. Ég vænti þess, að hv. þdm. sjái það ljóslega af tölum þeim, er skýrslurnar sýna, að n. er alls ekki að draga sinn hlut, enda liggur í augum uppi, að nauðsynlegt er að viðhafa gætni og varfærni, ef málið á að ná afgreiðslu. Hæstv. ráðh. talaði um að fella niður brtt. **(Atvmrh.:** Ekki allar, bara 3). Já, það get ég ekki láð hæstv. ráðh., þótt hann óski þess, að frv. gangi í gegn eins og frá því var gengið af honum sjálfum, en vegamálastjóri hefir þegar viðurkennt, að nokkrir af þessum vegum eigi fullan rétt á að vera teknir upp í frv. Og það er alls ekki óeðlilegt, að hv. þm. þekki fullt svo vel þörf sinna héraða til vegabóta sem hæstv. stjórn og geti frekar bent á það, sem bæta þarf í þeim efnum. En það mun alveg rétt, að aukning verður allmikil á frv., og er fyllsta þörf á því, að gerðar verði rannsóknir til þess, að betra samræmi náist ef taka ætti til greina einhverjar af till. hv. þm. En ég býst við, að þar sem liðið er á þingið, þá verði nokkur tvísýna um afgreiðslu málsins, ef annað á að taka en till. samgmn., og þar eð þær hafa mest til síns máls, þá er sjálfsagt, að þær gangi fyrir. En það er náttúrlega ekki úr vegi,

að hitt verði tekið upp síðar, og þessir vegir verði teknir í þjóðvegatölu á næstu árum. Ég vil því f. h. n. ráða hv. deild til að samþ. frv. með viðaukum nefndarinnar, ef það er á annað borð ætlun hv. þm. að fá afgreiðslu á málinu að þessu sinni.

**Ingólfur Bjarnarson:** Ég heyrði, að hæstv. atvmrh. fór með þær mótbárur gegn Kinnarveg, að kostnaðurinn, sem hann hefði í för með sér, væri svo mikill, og auk þess væri þá brúargerð yfir Skjálfandafljót. Ég kannaðist við það í fyrri ræðu minni, að þetta yrði alldýrt fyrir ríkissjóð og að ekki yrði hægt að vænta framkvæmda í bráð, en hinsvegar taldi ég sjálfsagt, að vegurinn væri settur inn í lögin sem viðurkennt framtíðarskipulag. En ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. var því samþykkur, að vegurinn kæmist inn við næstu endurskoðun laganna, og tel ég þá yfirlýsing mjög til bóta. Og þótt ég vænti þess, að hv. d. líti svo á við atkvgr., að réttara sé að gera breyt. þessa nú þegar, þá tel ég mikið unnið við, að hæstv. ráðh. hefir viðurkennt breytinguna réttmæta, þótt hann vilji láta hana bíða í bili. Hæstv. ráðh. sagði um Mývatnsveginn, að honum virtist ótryggara fyrir héraðsbúa, að hann væri gerður að þjóðvegi, af því að ríkið legði meira til viðhalds fjallvega, — ef ég hefi þá skilið hann rétt. En ég held, að ekki sé minni trygging fyrir viðhaldi þjóðvega en fjallvega, og sízt minna handbært fé til þeirra hluta. Það, sem hæstv. ráðh. hafði á móti Grenivíkurveginum, var á mjög veikum rökum byggt, að ég ekki taki dýpra í árinni. Vegur þessi hefir fullan rétt á sér sem þjóðvegur, þótt miðað sé við fjölda annara þjóðvega úti um land. Og í samanburði við ströndina vestan Eyjafjarðar hygg ég, að ekki muni svo miklu um mannfjölda að austanverðu, að gerandi sé upp á milli. Ég ætla ekki að eyða að þessu fleiri orðum, en vil aðeins benda á til athugunar út af því, sem hv. frsm. sagði, að Þingeyjarsýsla hefði fengið 21 km. af þjóðvegum með frv., að sá vegur, sem þar um ræðir, liggur austan við byggð í sýslunni, til N.-Þingeyjarsýslu og kemur því ekki sýslubúum að neinum notum, heldur langferðafólki. Og er því ekki hægt að meta það svo mjög sem viðbót fyrir sýsluna.

ATKVGR.

Brtt. 608 felld með 12:7 atkv.
— 560 felld með 15:7 atkv.
— 555,1 felld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IngB, JAJ, JÓl, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, BKr, HJ, HG, JörB.

**nei:** JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, TrÞ, VJ, BJ, BSt, BÁ, GÍ, HStef.

Þrír þm. (JJós, ÁÁ, HV) fjarstaddir.

Brtt. 587,a felld með 13:4 atkv.
— 587,b felld með 15:2 atkv.
— 547 felld með 14:2 atkv.
— 582,1 felld með 15:7 atkv.
— 555,2 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, BKr, HJ, HG, HV, IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, PO, JörB.

**nei:** TrÞ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, GÍ, HStef, JJós, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld.

Einn þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 582,2 felld með 14:6 atkv.
— 555,3 samþ. með 16:5 atkv.
— 532,1 felld með 16:9 atkv.
— 568 felld með 15:4 atkv.
— 532,2 felld með 17:4 atkv.
— 555,4 tekin aftur.
— 593 felld með 15:5 atkv.
— 588 felld með 16:5 atkv.
— 626 felld með 14:3 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:3 atkv.
2.—12. gr. samþ. með 16 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 638, 648).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 648 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 74. fundi í Ed., 17. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 704).

Á 77. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 754).

---

## 22. Sóttvarnir gagnvart útlöndum.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands** (stjfrv., A. 16).

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Tilgangur þessa frv. er að safna í eina heild gildandi fyrirmælum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins, og jafnframt breyta og bæta við því, sem undir núv. kringumstæðum telst nauðsynlegt og réttmætt. Hin gildandi fyrirmæli eru í fernum lögum, og er tilgangurinn að nema þau öll úr gildi, ef þetta frv. finnur náð fyrir augum þingsins. Þessi lagabálkur er nokkuð fyrirferðarmikill, en nýmæli eru ekki í honum að sama skapi. Um það, hver þessi nýmæli eru, er handhægast að vísa til aths. við frv., sem hv. dm. væntanlega kynna sér eða hafa kynnt sér.

Landlæknir hefir gengið frá þessu frv., eins og aths. bera með sér, en hann hefir óskað, að frv. væri stjórnarfrv., og með því að stjórnin gat fellt sig við frv., þótti rétt að verða við þeirri ósk. Síðan þetta frv. kom fram hefi ég heyrt raddir um það, að það muni ganga of nærri sumum héraðslæknum, sem hafa tekjur af skipakomum. Ég verð að segja eins og er, að ég er ekki vel kunnugur þeim málum, en að sjálfsögðu hlýtur landlækni að vera kunnugt um það, og ég man, að er við ræddum um frv. og flutning þess, þá var því hreyft, að héraðslæknirinn í Reykjavík mundi eiga sanngirniskröfu á bótum á einhvern hátt, ef frv. verður að lögum eins og frá því er gengið.

Ég legg til, að þegar þeir hafa tekið til máls, sem þess óska, við þessa umr., þá verði málinu vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 35. og 37. fundi í Nd., 24. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 16, 61, n. 208).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Allshn. vill mæla með því, að þetta frv. verði samþ. með nokkrum smábreytingum. Að vísu hafa tveir hv. nm., hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm., skrifað undir nál. með fyrirvara, en sá fyrirvari hygg ég, að snerti ekki þær brtt., sem liggja fyrir frá n., heldur um viss atriði í frv. sjálfu. Ég mun því ekki gera fyrirvara þeirra að neinu umtalsefni í þeim fáu orðum, sem ég segi hér f. h. n.

N. lítur svo á, að það sé nauðsynlegt og sálfsagt að samræma löggjöf í þessu efni. Löggjöfin er gömul, frá 1902, með ýmsum breyt. og viðaukum, sem síðar hafa verið gerðar. L. eru ekki miðuð við þær kröfur, sem nú eru gerðar, og aðstaða öll önnur nú en þá, þá var hér enginn sími, engir möguleikar um loftferðir, samgöngur við útlönd strjálar við það, sem nú er, og fleira mætti telja. Þetta eru allt hlutir, sem verður að taka til yfirvegunar og hefir áhrif á löggjöf, sem sett verður um þetta efni.

N. hefir einnig haft til athugunar brtt. frá hv. þm. Ísaf. á þskj. 61, og fallizt á þær með lítilsháttar breyt. Fyrsta brtt. n. á við fyrstu brtt. hv. þm. Ísaf. og er aðeins orðabreyt. Það þykir betur fara að segja, að þegar héraðslæknir hefir rannsakað skip, úrskurði hann, að heilbrigðisvottorð megi gefa, en skipi ekki fyrir um það, eins og í brtt. stendur, því að vald læknis nær ekki lengra en að úrskurða, að óhætt sé að gefa heilbrigðisvottorð.

2. brtt. er að leggja til, að niðurlag 1. brtt. á þskj. 61 verði fellt niður, þar sem svo er ákveðið, að ef skipstjóri vill held-

ur leggja frá landi, en ekki bíða þar til úrskurðað hefir verið um heilbrigðisástand, þá sé honum ekki meinað að fara. Þetta ákvæði er algerlega óþarft, því að vitanlega þarf ekki að taka það fram í lögum, að skipstjóra sé slíkt heimilt; slíkt geta engin lagaákvæði hvorki veitt eða bannað.

Þá leggur n. til, að 17. gr. frv. sé felld niður. Þar er svo ákveðið, að ef skipstjóri lýsir yfir, að hann sé eingöngu kominn til að afla sér kola og vista eða annara nauðsynja, þá geti hann heimtað skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það eftirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja til tryggingar því, að erlend sótt berist ekki á land úr skipinu. N. áleit enga þörf þessarar undanþágu, einkum með tilliti til þess, að hér í þessu frv. er ekki að ræða um eins margar sóttir, sem ströngum sóttvörnum er beitt gegn, eins og gert er samkv. hinni gömlu löggjöf. Þar til má nefna bæði mislinga og skarlatssótt.

4. brtt. er í raun og veru ekki annað en afleiðing af niðurfellingu 17. gr., því að b-liður í 25. gr. er í sambandi við 17. gr., og það er sá liður, sem 4. brtt. fer fram á, að felldur sé niður.

Fleiri brtt. hefir n. ekki gert og fellst á frv. að öðru leyti óbreytt.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég get þakkað hv. n. fyrir góða afgreiðslu þessa máls. Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði mikill ágreiningur út af þessum brtt., sem hér liggja fyrir. En ástæðan til, að ég kvaddi mér hljóðs, var eiginlega sú, að síðan þetta frv. var lagt fram, hefi ég orðið þess var, að nokkrir læknar verða talsvert fyrir barðinu á þessu frv. Þeir missa talsvert miklar aukatekjur. Þó að ég telji ekki, að það sé út af fyrir sig neitt við því að segja, að löggjöf geri breyt. á launakjörum, þá er athugandi, ef einn maður missir rúmlega helming af tekjum sínum við breyt. Þetta er bæjarlæknirinn í Reykjavík. Þetta kemur að því leyti harðar niður á honum en öðrum, að auk þess sem upphæðin er nokkuð há, þá er búið með l. í fyrra að taka af honum heimild til þess að sinna læknisstörfum almennt í bænum. Ég geri þess vegna ráð fyrir, að fram komi krafa af hans hálfu um bætur, og vildi ég láta þess getið, að þá tel ég stj. heimilt að bæta honum eitthvað úr þeim sjóði, sem myndaður er með þessum gjöldum, sem ræðir um í frv. Ég skoða það vera samþ., ef ekki koma nein andmæli fram. Ég geri ráð fyrir, að reynt verði að útvega þessum manni eitthvað annað að gera, sem geti komið upp í þetta, svo að ekki verði um miklar bætur að ræða. Ég vil taka fram, að ég hefi rætt um þetta við læknirinn og við landlækni, og ég hygg, að ég geti komizt að fullu samkomulagi á þessum grundvelli.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Það var einmitt út af því atriði, sem hæstv. dómsmrh. minntist á, sem voru dálítið skiptar skoðanir í n. Það er enginn vafi, að nokkrir læknar missa nokkuð af tekjum vegna þeirra breyt., sem gerðar eru í frv. um eftirlit með aðkomuskipum. En það virðist engin skynsamleg ástæða þess vegna að skirrast við að ákveða það fyrirkomulag, sem betra er í raun og veru, vegna þess eins, að einstöku menn missi við það nokkrar tekjur. Ráðherra nefndi sérstaklega bæjarlækninn í Reykjavík í þessu sambandi. Það má vera, að hann verði alveg sérstaklega hart úti, en ég kann ákaflega illa við, ef á að fara að greiða honum ákveðna upphæð úr þessum sjóði. Hlutverk sjóðsins er ákveðið það í l., að halda uppi sóttvarnarhúsi í Reykjavík, og er óviðkunnanlegt að veita einstökum lækni upphæð úr sjóðnum fyrir það, sem ekkert kemur því máli við. Ef bæta þarf launakjör hans, er eðlilegast að gera það á annan hátt. Ég skal þó taka fram, að ég hefi ekkert umboð fyrir n. hönd til að láta í ljós þessa skoðun; það er aðeins mín eigin skoðun.

**Jóhann Jósefsson:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Snertir hann að vísu ekki þær brtt., sem fram eru komnar, heldur eiginlega málið í heild sinni.

Ég skal nú að vísu kannast við, að það mun víða í útlöndum vera farið þannig að með sóttvarnareftirlit með skipum eins og frv. gerir ráð fyrir. En hinsvegar er hér mjög mikið vikið frá því, sem Alþingi hefir áður talið nauðsynlegt. Hér hafa gilt hingað til mjög ströng ákvæði

um skyldu til þess að láta lækni skoða skip, sem koma frá útlöndum, í hvert skipti, sem þau taka hér land. Það er ekki sama viðhorf á öllum höfnum landsins, heldur mjög misjafnt. Ekki er heldur það sama viðhorf gagnvart millilandaskipum, póstskipum eða ýmsum útlendum fiskiskipum, að því er mér virðist. Ég verð að telja, að það muni stafa miklu meiri hætta af fiskiskipum en póstskipum, sem geta með loftskeytum gert viðvart, ef nokkur sjúkdómur er á skipinu. Að vísu hafa mörg skip loftskeytatæki, en ekki nándar nærri öll, og svo er oft talsvert kæruleysi ríkjandi hjá þeim mislita hóp manna, sem berst að ströndum landsins á fiskiskipum ýmissa þjóða. Vegna þessa er ég ekki viss um, að rétt sé að leggja til, að lækniseftirlitinu, sem hingað til hefir átt sér stað, verði kippt burt. Þar sem veðrabrigði eru skjót, t. d. í Vestmannaeyjum á vetrum, þar sem veður getur breytzt mjög á einum til tveim tímum, álít ég, að það hafi verið heppileg ráðstöfun að gera að reglu, að læknir færi út í skipið, hvaða erindi sem það ætti, því að [illegible] tekur afgreiðslan svo stuttan tíma. Þetta er m. a. það, sem gerir mig mjög hikandi við að breyta til. Ég sé hinsvegar ekki neina brýna þörf á að breyta þessari löggjöf. Hæstv. ráðh. minntist á það, að einn læknir mundi missa meginpart tekna sinna, ef þetta frv. yrði að l. Ef svo er, þá mundi ég álíta skylt að bæta honum það, ef ekki úr þessum sjóði, sem gert er ráð fyrir að stofna með þessu frv., þá á annan hátt. En það eru fleiri en þessi vel metni læknir, sem mundu missa tekjur. T. d. veit ég, að héraðslæknar úti um landið, á einstaka höfnum, missa mikið af tekjum sínum, a. m. k. héraðslæknirinn í Vestmannaeyjum, þegar þetta skipaeftirlit er algerlega tekið af honum. Hve mikill hluti það er, veit ég ekki með vissu. Mér er að vísu ekki kunnugt um, hve mikið af tekjum þessa læknis er til komið á þennan hátt, en það mun þó vera allverulegur hluti þeirra. Ennfremur er víst, að fleiri læknar, t. d. læknarnir á Austfjörðum, verða fyrir þungum búsifjum af þessu frv., ef að lögum verður. Ég tel því sjálfsagt, að lækum þeim, sem verða fyrir tekjumissi af þessum ástæðum, sé bættur hann af því opinbera, og þá fyrst og fremst héraðslækninum í Rvík, Vestmannaeyja lækninum og svo öðrum héraðslæknum á hafnarstöðum.

Ég hreyfði því í n., að ég teldi heppilegra að hafa sérákvæði fyrir þær hafnir, sem fjölsóttastar eru. Þessi till. mín fékk ekki byr, og því skrifaði ég undir nál. með fyrirvara, og geri ekki ráð fyrir að geta greitt því atkv. út úr deildinni, nema þær umbætur verði gerðar á því, sem ég hefi þegar vikið að, þ. e. að læknum, sem harðast verða úti, sé bættur tekjumissirinn. Annars er ég í vafa um, hvort frv. í heild er annað en bjarnargreiði við fjölsóttar hafnir, og hvort núv. fyrirkomulag veitir ekki meira öryggi í raun og veru heldur en það, sem frv. mælir fyrir um.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Það er ekki annað sýnna en að hinn nýi landlæknir okkar hafi vegið og léttvægt fundið allt það heilbrigðismálafyrirkomulag, sem viðgekkst, er hann tók við embættinu, því að síðan hefir heilbrigðismálafrumvörpum rignt niður eins og skæðadrífu, og það heilum lagabálkum, þó að um smábreytingar einar hafi verið að ræða efnislega. Ég held, að hér kenni hégómagirni ekki alllítillar hjá landlækni, og dýrt myndi það verða, ef hver nýr yfirmaður gerði þvílíkt að metnaðarmáli.

Það er nú svo um þessa heilbrigðismálalöggjöf sem marga aðra, að erfitt er fyrir leikmenn að átta sig á henni. Nefndir geta að vísu borið breytingarnar saman við eldri lög, en hafa í raun og veru litla aðstöðu til að dæma um, hvort þær eru til bóta eða ekki. Ég hefi látið þessi mál afskiptalaus undanfarið, af því að ég hefi talið, að heilbrigðismálastjórnin hefði betri aðstöðu til að sjá heppilegustu leiðirnar heldur en ég og aðrir einstakir þm. En nú hefi ég hnotið um þetta frv., og það vekur grunsemdir hjá mér um, að eitthvað fleira hafi verið skrítið í Harmóníu um lagasetningar af þessu tæi undanfarið.

Það, sem mig undrar mest í þessu máli, er það, að landlæknir, nefnd og ráðherra skuli hafa getað orðið sammála um slíkt frv. sem þetta. Ég skal nú ekki fara út í neinar smábreytingar, en víkja þegar

að aðalbreytingunni, sem frv. gerir á núgildandi löggjöf, sem er hvorki meira né minna en sú, að taka eftirlitið af læknunum sjálfum og leggja það í hendur tollvörðum og lögregluþjónum. Það má vel vera, að þetta sé í samræmi við yfirlýstar skoðanir landlæknis um getuleysi lækna. En ég tel þessa breytingu stórvarhugaverða og draga úr öllu öryggi. Mér er ekki kunnugt um, hversu þessu eftirliti er háttað í öðrum löndum, og varðar heldur ekki um það, því að ég tel, að með núv. löggjöf okkar sé eðlilega og tryggilega um búið. Læknir fer um borð í hvert skip, tekur á sig alla ábyrgð á því, að næmir sjúkdómar berist ekki í land. Þetta er einfalt, látlaust og tryggt, og á þennan hátt bera skipin sjálf uppi dálítið af kostnaðinum. En nú á eftir frv. að haga þessu svo, að tollvörður fari um borð, fái yfirlýsingu skipstjóra um, að ekki séu næm veikindi í skipinu, og þar með búið. Skipstjóri á að hafa kynnt sér, hvort næmir sjúkdómar hafi gengið í þeim löndum er hann siglir frá. Það er nú ekki ótrúlegt, eða hitt þó heldur, að skipstjórar á einhverjum fraktdöllum geti gefið skýrslu um það, hvaða sjúkdómar hafi gengið t. d. í Miðjarðarhafslöndunum, er þeir létu þaðan úr höfn. Hinsvegar myndi héraðslæknirinn í Rvík að jafnaði fylgjast með því, hvaða sjúkómar ganga í löndum í kring, og sjá. hvort þeir væru á skipunum. Ég fæ ekki betur séð en að þessi breyt. verði til aukins öryggisleysis fyrir landsfólkið og til aukinna óþæginda fyrir skipin. Þótt ekki sé nema um smákvilla að ræða, er mjög líklegt, að ólæknisfróður en samvizkusamur sóttgæzlumaður geri úlfalda úr mýflugu og láti skipið bíða eftir því, að læknisskoðun fari fram. Mér þykir því ljóst, að skipin kjósi heldur að greiða hið litla gjald fyrir læknisskoðun, eins og nú, en eiga slíkar tafir yfirvofandi. Mér er ekki kunnugt um, að neinar kvartanir hafi borizt yfir þessu gjaldi, og sé því ekki ástæðu til að vera að létta því af skipunum óumbeðið. Að vísu ætlast frv. til, að þetta gjald hálft eigi að renna í sóttvarnarsjóð framvegis. En þegar þess er gætt, að sá sjóður yrði ekki nema helmingur þess, sem þyrfti að bæta læknum fyrir tekjumissi, ef nokkur sannngirni er við höfð, virðist sá sjóðstofn vera hæpinn búhnykkur fyrir ríkið.

Það, sem vakti athygli mína á þessu frv., var það, að hafnarnefnd hefir haft á prjónunum ráðagerðir um að fá háseta, sem ekki eru haldnir af svonefndum næmum sjúkdómum, undir læknisefirlit, og eru nú á leiðinni áskoranir til okkar þm. Rvíkur frá bæjar- og heilbrigðisstjórn um að koma málinu áleiðis á þinginu. Hér í frv. er gengið í þveröfuga átt, og því þóttist ég ekki geta annað en varað við þeim breyt., sem í því felast, áður en það fer út úr deildinni.

**Vilmundur Jónsson:** Mér er kunnugt um, að þetta frv. hefði gengið fram alveg ágreiningslaust, ef einn maður missti ekki nokkuð af tekjum sínum við lögfestingu þess. Það er lítið atriði til að gera úr mikinn ágreining, þegar annarsvegar er um að ræða nauðsynlegar endurbætur á sóttvarnarlögum landsins.

Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann taldi, að ég hefði gert of mikið að því, að endurskoða heilbrigðislöggjöfina. Ég veit ekki betur en að það sé sameiginlegt álit allra þeirra, sem þar á kunna bezt skil, og a. m. k. hefir sú skoðun lengi verið uppi í Læknafélaginu, að löggjöf þessa þyrfti að endurskoða frá rótum. Löggjöfin, sem hér er um að ræða, er um 30 ára gömul, og það er hár aldur á lögum. Það er líka misskilningur hjá þessum hv. þm., að réttara sé að fella nauðsynlegar breytingar inn í yfirgripsmikil gömul lög, með sérstökum lögum, en að semja lagabálkana um og bera þá fram í heilu lagi. Sú aðferð gerir einmitt málin einfaldari og ljósari yfirlits, bæði fyrir löggjafana og síðan fyrir almenning.

Annars minntist hv. 3. þm. Reykv. ekki á neitt, sem hann væri óánægður með í hinni nýju heilbrigðislöggjöf, sem samþ. hefir verið eða er nú á döfinni, nema þá breyt., sem felst í þessu frv., að færa á sóttvarnareftirlitið með aðkomuskipum í sama horf hér og tíðkast hvarvetna í nágrannalöndunum: að tollvörður fari fyrst út í skipin, ábyrgðin hvíli yfirleitt á skipstjóra, en í vafa-

atriðum öllum sé þó kallað á lækni til rannsókna og úrskurðar.

Þessi skipun var hér á áður og reyndist vel. Hinsvegar hefir eftirlitið samkv. lögum frá 1923 ekki náð tilgangi sínum að neinu leyti betur, en aftur orðið skipunum til verulegra tafa og bakað þeim tilfinnanlegan kostnað að óþörfu.

Hv. 3. þm. Reykv. þótti undarlegt, hve gott samkomulag hefði orðið um frv. hér á þingi. Það er víðar en hér á þinginu, sem gott samkomulag hefir orðið um það. Ég get nefnt einn aðila enn, sem er mér sammála um öll höfuðatriði þess, og það er sjálft Læknafélag Íslands. Hv. þm. minntist á lítilsháttar skoðanamun um læknamálefni á milli mín og Guðm. Hannessonar próf. Þessi skoðanamunur er nú raunar minni en margur hyggur, og kemur a. m. k. þessu máli ekkert við. Um það er enginn skoðanamunur okkar á milli. Ég held m. a. s. að mér sé óhætt að fullyrða, að einmitt próf. Guðm. Hannesson hafi minnzt á það við mig að fyrra bragði, að hann vildi láta afnema læknisskoðunina eins og hún er nú framkvæmd, og víst er um það, að fyrrv. héraðslæknir í Rvík hefir látið þá skoðun í ljós við mig að fyrra bragði. Steingrímur Matthíasson hefir fyrir löngu fordæmt eftirlitið eins og því er fyrir komið samkv. lögunum frá 1923 og kallað það hlægilegt kák. Hefir hann sagt, að ég mætti bera sig fyrir því, að sú skoðun sín væri óbreytt enn. Og fleiri merka lækna gæti ég nefnt, sem líta hér öldungis eins á.

Rétt er, að ég geti þess, að ég hefi ekki skjallega í höndum umsögn Læknafél. um frv. Ég sendi því öll heilbrigðismálafrv. mín, sem liggja fyrir þinginu og hefi fengið umsögn þess um þau öll nema þetta eina frv., sem mun stafa af því, að stjórnin treysti sér ekki til að mæla á móti ákvæðunum um skipaskoðunina, en kunni ekki við að mæla beinlínis með þeim, af því að félagið er starfsmannafélag og frv. snertir einmitt að þessu leyti persónulega hagsmuni eins eða fleiri meðlima þess. Formaður félagsins hefir hinsvegar, eins og ég gat um áður, tjáð mér, að hann væri persónulega samþykkur þessum ákvæðum frv. Þá má geta þess, að læknadeild háskólans hafði frv. til umsagnar. Engin mótmæli bárust þaðan gegn því. Að vísu hliðraði deildin sér hjá að láta í ljós álit sitt um hið umdeilda atriði, skipaskoðunina, með því að um stjórnarfarslegt atriði væri að ræða, en ekki fræðilegt, en persónulega og hver í sínu lagi drógu háskólakennararnir enga dul á, að þeir álitu breytinguna sjálfsagða og á fullum rökum byggða.

Það er fjarstæða að tala um, að öllu lækniseftirliti með aðkomuskipum verði lokið, ef frv. nær samþ. og verður að lögum. Lækni á aðeins ekki að kalla til, þegar það liggur í augum uppi, að á því er engin þörf. En í hvert einasta skipti, sem nokkur grunur leikur á að eitthvað sé varhugavert, á að kalla á lækni. Það á ekki að ómaka lækni í öllum tilfellum, eins og nú er gert að skyldu, jafnvel þegar selveiðaskip kemur norðan úr ísnum eftir tveggja til þriggja mánaða útivist og án þess að nokkur sótt hafi komið upp í því. Slík skip og önnur, sem líkt stendur á fyrir, eru látin bíða jafnvel tímum saman algerlega að þarflausu eftir lækni, sem ef til vill er í ferð eða önnum kafinn við störf, sem ekki verður hlaupið frá. Annað eins á engan rétt á sér, með því að það veitir heldur alls ekki þá auknu tryggingu, sem til er ætlazt, og er jafnvel þvert á móti ekki laust við að vera hættulegt, vegna þess, að þegar læknir er kallaður e. t. v. í 9 tilfellum af 10 öllum vitanlega að þarflausu, þá er hætt við, að hann hafi ekki fullan andvara á sér í þau fáu skipti, sem nauðsyn væri á nákvæmri skoðunargerð. Ég þekki þetta af eigin reynd. Sjálfur hefi ég verið læknir þar sem allmikið var um siglingar, og aðeins í örfá skipti var ástæða til að kalla á mig til þessa eftirlits. Flestar ferðirnar voru farnar fyrir siðasakir einar, og fyrirfram vitað, að svo væri. Þetta hefi ég bent á í grg. frv., og hefði hv. 3. þm. Reykv. vel mátt taka eftir því.

Nokkuð er til í því, sem hv. þm. Vestm. gat um, að fyrir sérstaka staðhætti í Vestmannaeyjum má vel vera, að erfiðleikum sé bundið að hafa það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir. Þó hygg ég, að það þurfi ekki að koma að sök, því að vitanlega er útgerðarmönnum

heimilt að hafa gamla fyrirkomulagið, ef þeim þykir það hagkvæmara og tilvinnandi. Það er erfitt og dýrt að fara út í skip í Vestmannaeyjum og skipstjórar mega auðvitað alltaf eiga á hættu, ef þeir kalla fyrst á sóttgæzlumann en ekki lækni, að þeir þurfi að gera tvær ferðirnar. En ekkert er hægara fyrir skipstjóra eða útgerð en að leggja svo fyrir, að læknir sé alltaf látinn koma með sóttgæzlumanni út í skipið, og það mundu og flestir gera, ef það reyndist borga sig betur fyrir þá. Ég vil biðja menn að taka vel eftir því, að í þessu frv. er ekkert, sem bannar, að kallað sé alltaf á lækni. Annars skal ég geta þess viðvíkjandi Vestmannaeyjum, að mér hafa borizt kvartanir þaðan um, að þetta læknisefirlit, eins og því nú er fyrir komið, sé til tilfinnanlegs trafala samgöngum þar. Læknirinn geri sér auðvitað að skyldu að fara út í hvert einasta skip, og neiti mönnum um far með sér, þó að vita megi, að um enga hættu sé að ræða. Ég segi þetta ekki lækninum til lasts. Hann mun skoða það skyldu sína að haga eftirlitinu þannig. En eins og hv. þm. Vestm. sagði, þá getur skipt um veður á einni klst., og getur það komið hart niður á fólki, ekki síður með því fyrirkomulagi, sem nú er haft, en með hinu, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég verð að játa, að þegar ég tók fyrir að endurskoða þessa löggjöf, þá leiddi ég ekki svo mjög hugann að því, þótt nokkrir læknar, að vísu ekki mjög margir, yrðu fyrir lítilsháttar fjárhagslegum skaða af þessari breytingu. Ég áleit og álít enn, að það megi ekki skipta máli í þessu sambandi. Þegar á að setja l. fyrir almenning, má ekki líta á það, þótt nokkrir embættismenn bíði af því dálítinn halla. Annað mál er það, að ef embættismaður verður fyrir tilfinnanlegum halla, eins og t. d. héraðslæknirinn í Rvík óneitanlega verður í þessu tilfelli, að stj. líti til þess, og bæti honum það upp, eftir því sem unnt er. Ég hefi þá trú, að með góðum vilja heilbrigðisstj. verði ekki vandkvæðum bundið að hlynna svo að þessum eina lækni, að hann megi vel við una. Sérstaða hans er mjög áberandi, þar sem praksis hans er takmörkuð með lögum, sem ekki á sér stað um aðra héraðslækna. Mætti bæta honum þetta upp með því að fá honum önnur nauðsynleg störf og án þess að það þurfi að kosta sóttvarnarsjóðinn nokkuð verulegt, og ætti raunar alls ekki að kosta hann neitt. En því fer fjarri að aðrir læknar eigi kröfur á ríkið, ef þessi l. verða samþ. Ég játa raunar ekki, að héraðslæknirinn í Rvík eigi eiginlega kröfu til uppbótar, heldur aðeins nokkra sanngirniskröfu, vegna þess hve skipaskoðunin er mikill hluti af tekjum hans, og vegna þess hverjar hömlur eru á honum að stunda venjuleg læknisstörf, og verður hvorugt borið saman við það, sem á sér stað um aðra lækna.

Ég hefi heyrt því fleygt, að hafnarn. í Reykjavík hafi haft á prjónunum tillögur um aukið eftirlit með aðkomuskipum, en þær munu hafa gengið í þá átt að reisa frekari skorður við útbreiðslu kynsjúkdóma úr skipunum. Það kemur ekki þessum l. við. Við höfum sérstök kynsjúkdómalög, og þeim ætti þá að breyta, ef einhver strangari ákvæði yrðu sett hér að lútandi. Ég vil þó í þessu sambandi upplýsa hv. þm. um það, að læknisefirlit með kynsjúkdómunum í skipum er mjög erfitt og mér er óljóst, hvernig þar má ná nokkru því, sem öryggi getur heitið, nema þá með því að hindra að meira eða minna leyti farmenn og jafnvel farþega frá að hafa samneyti við land. Menn geta verið með hættul. smitandi kynsjúkdóma, þótt lækni sé ómögulegt að komast að því með venjulegri rannsókn. Þarf iðulega til þess blóðrannsókn, sem tekur langan tíma, jafnvel marga daga. En ef slík ákvæði væru sett í lög, hvort sem það væri í l. um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins eða í kynsjúkdómalögin, væri það ekki í samræmi við það, sem tíðkast með erlendum þjóðum og yrði þess vegna óvinsælt af þeim og sennilega óframkvæmanlegt.

Ég vil taka það fram, að það fer fjarri, að ástæða sé til, að við höfum hér á landi miklu strangari fyrirmæli um sóttvarnir en gilda erlendis. Í raun og veru erum við betur settir í sóttvarnarlegu tilliti en flestar aðrar þjóðir. Skip, sem hingað koma frá hættulegum stöðum erlendis, koma að jafnaði við á höfnum í

nágrannalöndunum, þar sem þau eru vandlega skoðuð, og má segja, að hið hættulegasta grugg sé síað frá áður en hingað kemur. Þessi l., sem hér er stungið upp á, eru engu að síður mun strangari en í flestum nágrannalöndunum, ef ekki öllum, og má þar vel við una.

Loks skal ég geta þess, að við nánari athugun ber ég nokkurn kvíðboga fyrir því, að til 1. jan. 1934 — en þá er l. ætlað að ganga í gildi — reynist of stuttur tími til þess undirbúnings, sem hafa þarf undir framkvæmd þeirra. L. þarf að þýða á ýms tungumál og útbýta þeim til annara ríkja. Vildi ég því með leyfi, hæstv. forseta, bera fram skrifl. brtt. við seinustu gr. frv. þannig, að lögin öðlist gildi 1. júlí 1934. Þetta þing kann að dragast lengi, og liggur jafnvel í loftinu, að því verði frestað, En ef því yrði frestað til hausts, er stuttur tími til að leysa af hendi þýðingarnar og dreifa l. þangað, sem þeim á að dreifa.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vildi segja nokkur orð út af umr. þeim, sem hér hafa orðið, og þá fyrst viðvíkjandi hv. 3. þm. Reykv. Það er eins og hv. þm. furði sig á því, að þessi löggjöf sé endurskoðuð, og þó er hún orðin 30 ára gömul. Það er vitað, að á þessum tíma hafa svo miklar breyt. gerzt, að ekki er undarlegt, þótt eitthvað þurfi að endurnýja; aldur l. er yfirleitt ekki svo mikill, hvað þá meiri. En þegar hann furðar sig á því, að ég hafi samþ. till. landlæknis um þessa skipaskoðun, þá get ég lýst yfir því, að ég sá enga ástæðu til annars en að gera það, enda tel ég skylt að fara eftir hinum „fag"fróðu ráðunautum landsstj. Auk þess sagði landlæknir mér, að læknar yfirleitt væru þessu algerlega samþykkir. Þess vegna sé ég ekki neitt út á það að setja, þótt þessi till. komi fram, og það er ekki hægt að ámæla neinni stj., þótt hún fari eftir till. fagmanna um atriði, sem hún sjálf hefir ekki neina sérþekkingu á. Ég tek það fram, að ég legg auðvitað ekki neinn dóm á, hvort betra er hið fyrirhugaða fyrirkomulag eða hið gamla, því að ég er ekki neinn fagmaður á þessu sviði, en ég reiði mig á það, sem fagmennirnir segja. — Viðvíkjandi sóttvarnarsjóðnum sagði hv. þm., að hann myndi ekki hrökkva. Ég tók það fram, að ekki væri nema einn einasti læknir, sem ætti slíka kröfu, og það er bæjarlæknirinn eða héraðslæknirinn í Rvík, og þó að ætti að veita honum uppbót, myndi sjóðurinn áreiðanlega hrökkva til þess. Hv. þm. Ísaf. sagði, sem sjálfsagt er rétt, að engin rödd mundi hafa komið fram gegn þessu frv., ef það væri ekki vegna bæjarlæknisins í Rvík, sem yrði fyrir barðinu á l., og ég vildi þá rifja dálítið upp viðvíkjandi þessum manni. Fyrst er hann bæjarlæknir hér og hefir þá þessar aukatekjur sem slíkur. Svo losnar héraðslæknisembættið hér, og þá er honum gert að skyldu að taka við því gegn hálfum launum og jafnframt er honum bannað að hafa á hendi almenn læknisstörf úti um bæinn. Þetta þýðir, að ef þessar tekjur eru líka af honum teknar, þá hefir hann svona 5000 kr. í tekjur. Í þessu sambandi má minna á, hvað gerðist hér í þinginu í fyrra viðvíkjandi læknum landsspítalans, og er ég þá að svara hv. samþm. mínum. Í fyrra var um það deilt, hversu mikil laun þessir læknar skyldu hafa, og var samþ., að þeir skyldu hafa 14—15 þús. kr. og þar að auki leyfi til að gegna praksis, hafa læknisstofu, en ekki vitja sjúklinga. Er þá sanngirni, að einn maður úr sömu stétt hafi 5000 kr., en hinir 15000? Þetta finnst mér vera hin mesta ósanngirni, og ég vil berjast fyrir, að þessi maður fái einhverja bót á þessu. Hann á heimtingu á því, það er sanngirniskrafa og ég held, að hann geti fengið sinn skaða bættan með málssókn. Það er ekki hægt fyrir ríkið að fara svona að við einn starfsmann, og tel ég, að rétt sé að bæta honum þetta upp. Ég býst við, að hann kunni að hafa einhverjar tekjur af þessum skipum framvegis, en hve mikið veit enginn, og því verður það að vera óafgert nú, hverja uppbót þessi maður á að fá. Ég hefi rætt allmikið um þetta við landlækni, og hann viðurkenndi í sinni ræðu að mestu leyti það, sem ég sagði, en hann er bjartsýnni á, að hægt verði að útvega þessum manni bætur á einhvern annan hátt. Ég skal ekkert um það segja, en ég vantreysti landlækni ekki í því efni. Þó er það eðlilegt, að sá embættismaður, sem verður

fyrir þessu, vilji ekki láta sér nægja, þótt yfirmaður hans hafi þá trú, að hægt verði að bæta úr þessu og vilji auðvitað hafa vaðið fyrir neðan sig. Hv. samþm. minn sagðist vera á móti því, að uppbót væri greidd úr þessum sjóði, en kvaðst ekki mæla það fyrir n. hönd, en ég vildi fá frá honum sem frsm. n. upplýsingar um, hvað n. segir um þetta, við 3. umr. — Ég ætla, að það hafi ekki verið fleira, sem ég þurfti fram að taka í þessu sambandi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá þm. Ísaf. (sjá þskj. 332) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Það, sem ég sagði áðan um þessa víðtæku heilbrigðislöggjöf, var ekki beinlínis viðkomandi þessu frv., og auk þess ekkert stórvægilegt, en ég verð að segja, að þótt löggjöfin aldrei sé nema 30 ára, þá er það engin sönnun fyrir því, að henni þurfi að breyta. Það yrði kostnaðarsamt, ef einhverjar misfellur koma fram, að taka þá alla þessa bálka upp og breyta í þeim smáatriðum. Það hefir verið reynt að komast af með þær breyt., sem nauðsynlegar eru. Það eru dálítil óþægindi af því, en aðeins eitt af þeim mörgu óþægindum, sem menn taka á sig. Annars gat ég um þetta í sambandi við þetta frv. vegna þess, að það hefir gert mig dálítið hræddan við, hve lítils virði er meðferð þingsins á svona málum, sem ganga meira og minna í gegnum þingið eftir till. fagmanna. Ráðh. sagði, að hann færi eftir sínum ráðunautum, en ég verð að álíta, að ráðh. eigi að beita sinni dómgreind um það, sem fagmennirnir segja. En mér virðist, að í þessu efni hafi það, er hv. þm. Ísaf. sagði, ekkert raskað minni skoðun á því atriði, að hér er um afturför að ræða. Það er ómögulegt að sannfæra nokkurn mann um það, að læknar séu allra manna minnst dómbærir um sjúkdóma og meiri trygging sé í því að láta tollverðina athuga, hvort sjúkdómar séu, heldur en jafnvel hinn andvaralausasta lækni. En ætli tollverðir verði þá ekki eins andvaralausir og læknar á því að fara oft út í skip? Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki minnzt á annað en að allt læknaeftirlit með skipum ætti að hverfa úr sögunni. Mér er vel kunnugt, að ef sóttgæzlumaðurinn verður var við, að eitthvað sé á seyði, þá á hann að sækja lækni, og með því er lækniseftirlit komið. En fyrst úrskurðurinn er hjá tollverði um það, hvort skip skuli látið laust eða ekki, þá er ekkert lækniseftirlit með þeim skipum, sem slept er lausum. Það, sem ég hefi á móti því að láta ólæknisfróða menn skoða skipin, er, að annaðhvort verður eftirlitið of mikið eða of lítið. Það er hér um bil ómögulegt, að slíkir menn hitti á það, hvenær læknir á að koma. Ef tollverðirnir eru andvaralausir, þá verður eftirlitið of lítið, ef skipstjórinn á annað borð hefir ekki eftirlit. En í afarmörgum tilfellum, sennilega miklu oftar, er eftirlitið of mikið og verður til trafala. Hv. þm. Ísaf. taldi upp fjölda tilfella, sem gætu komið fyrir, að einhver lasleiki væri í skipinu og væri þá ekki annað en sækja lækni. En ef læknirinn væri við hendina, þá gæti hann sjálfsagt komið í veg fyrir að tefja skipið. Eftir þessu verður sóttgæzlumaðurinn, ef hann grunar eitthvað, að tefja skipið með því að ná í lækni og baka enn meiri kostnað með því. Það er þessvegna svo fjarri, að ég telji þetta verða til þess að létta trafala af skipunum, að það er líklegt til að baka þeim trafala í mörgum tilfellum. Hv. þm. vitnaði auðvitað í það, hvernig þetta væri haft annarsstaðar. Ég heyri það nú, að á Norðurlöndum sé eftirlitinu hagað eins og hér er gert ráð fyrir. Hv. þm. gat sjálfur um það, að við hefðum að nokkru leyti sérstöðu í þessu efni og að okkur væri minni hætta búin en öðrum. Hann tók þar reyndar dæmi, sem ekki sannfærði mig, sem sé, að skipin væru búin að síast í svo mörgum höfnum áður en þau kæmu hingað. En geta þau nú ekki alveg eins tekið sjúkdóma í þessum höfnum? Okkar öryggi stafar að mínu áliti af því, hve langt er síðan skip þau, er hingað koma, fóru úr erlendum höfnum. Og þetta öryggi gefur okkur möguleika til að hindra ýmislegt það, sem aðrar þjóðir reyna alls ekki að hindra. Það gefur okkur tækifæri til að hindra, að þeir sjúkdómar berist hingað, sem koma

fram skömmu eftir smitun, enda er kunnugt, að við getum haldið frá okkur ýmsum sjúkdómum, sem eru að verða landlægir annarsstaðar. Þetta finnst mér réttlæta það, að við höfum önnur og strangari ákvæði um okkar eftirlit og getum með því náð þeim árangri, sem aðrar þjóðir geta ekki reynt að ná. Það er erfitt fyrir mig að ræða þetta mál við hv. þm. Ísaf., sem er fagmaður, en ég algerður leikmaður og verð bara að beita hér mínu venjulega borgaralega viti, en það hefir stundum reynzt vera betra en fagmanna vitið í einstökum tilfellum. En það er einmitt í þessum tilfellum, þegar um er að ræða varnir gegn næmum sjúkdómum, að leikmannavitið fer réttari leiðir en fagþekkingin. Þetta hefir komið fyrir hér á landi.

Í spönsku veikinni 1918 vildi almenningur, að allt væri gert, sem kostur væri á, til varnar því, að veikin bærist hingað til lands. En heilbrigðisyfirvöldin sögðu, að þetta væri ekkert nema venjuleg innflúensa og töldu þýðingarlaust að gera nokkuð til varnar, enda var það ekki gert, svo sem kunnugt er. En það kostaði líka fjöldamörg mannslíf og mikið fé. Þá hefði það verið heillavænlegra, að vilji fólksins hefði fengið að ráða yfir fagviti læknanna, því að þá hefði verið hægt að sporna við þeim ósköpum, sem yfir þjóðina dundu.

Ég er ekki viss um, að ég hafi heyrt rétt það, sem hv. þm. Ísaf. sagði. Hann var eitthvað að tala um þann trafala, sem af því leiddi, að fyrst yrði læknirinn að fara einn út í skipið, og aðrir ekki fyrr en hann væri aftur kominn í land. En á það ekki að vera eins samkv. þessu frv.? Ég get ekki betur séð en að þessi eftirlitsmaður eigi fyrst að fara einn um borð í skipin. Ég á erfitt með að skilja, að það fylgi sá kyngikraftur þessum ólæknisfróða eftirlitsmanni, að aðrir menn geti ekki smitazt, ef þeir fara með honum um borð og ef veikindi kunna að vera í skipinu. Nei, hann verður náttúrlega fyrst að fara einn með tollmanninum.

Ég er ekki kunnugur umsögnum læknastéttarinnar að því er snertir þetta frv. — Það stendur ekkert um það í grg. frv. — og ég trúi því, sem hv. þm. Ísaf. segir sem landlæknir, að læknarnir séu þessu fylgjandi og að þeir muni beygja sig undir það. En ég get ekki trúað því, að læknar telji sig ófæra til að gegna þessu starfi, og ég sannfærðist ekki um, að þetta frv. batni neitt við það, þó að læknar séu því fylgjandi.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að einu læknarnir, sem væru á móti þessu frv., væru þeir, sem misstu tekjur við það, að þetta frv. yrði að lögum. En það þarf ekki að vera vegna tekjumissisins, heldur getur það stafað af því, að þeir eru kunnugri þessum efnum en aðrir. Hv. þm. minntist á héraðslækninn á Akureyri, Steingrím Matthíasson, og taldi, að hann mundi verða af miklum tekjum við það, ef þetta frv. yrði gert að lögum, og þó væri hann því hlynntur. Það kann að vera svo. En ég skil ekkert í því, að það komi svo mörg skip til Akureyrar beint frá útlöndum, þó þau kunni að vera nokkur. Annars finnst mér, að ummæli Stgr. Matt., eftir því sem hv. þm. Ísaf. hefir flutt þau, séu ekki verulega ákveðin. Hann segir að vísu, að þetta læknaeftirlit sé kák. En það er rétt að drepa á fleira. Hvað á að segja um eftirlit læknanna með skólunum? Er það ekki líka kák? En ég álít það nú samt mikils virði, þó að læknirinn geri ekki annað en líta yfir nemendahópinn í bekknum, og slái því svo föstu, að þeir séu heilsuhraustir, ef honum finnst, að þeir séu með hraustleikablæ. Ég gæti því alls ekki léð því atkv. mitt að afnema lækniseftirlitið í skólunum og setja einhverja óvalda tollmenn þangað, til þess að dæma um heilsufar nemenda.

Eftir því sem landlæknir flutti álit Stgr. Matt. á þessu máli, þá mun hann telja lækniseftirlitið lítils virði með skipunum eins og það er nú framkvæmt. En þá tel ég, að rökrétt afleiðing af þeirri umsögn sé sú, að það eigi að bæta eftirlitið, en ekki hið gagnstæða. Annars held ég, að hv. þm. Ísaf. taki nokkuð misjafnt tillit til vitnisburða Stgr. Matt. Og vænti ég, að hann taki hann ekki sem óskeikulann ritningarstað í bannmálinu!

Hv. þm. sagði, að það væri beinlínis óþarfi fyrir lækna að fara um borð í sum skip, t. d. í selfangara, sem kæmu hingað beina leið norðan úr íshafi. En það gæti

nú bara komið fyrir, að eitthvert millilandaskip þættist vera selfangari og að slíkt skip hefði innanborðs bæði ólöglegt áfengi og sjúka menn. Nei, það er sjálfsagt, að læknir fari um borð í öll skip, hvort sem það kunna að vera selfangarar eða önnur skip. Læknirinn verður að skoða skipshöfnina, taka skýrslu af skipstjóranum, láta skipið greiða lítilsháttar gjald fyrir skoðunina, og þá er það frjálst ferða sinna.

Þegar þetta fyrirhugaða nýja eftirlit er komið í framkvæmd, þá er ég viss um, að útkoman verður í mörgum tilfellum sú, að fyrst kemur hinn ólærði eftirlitsmaður fram í skipið og tefur fyrir því góða stund, og ef nokkur grunur er um lasleika í skipinu, þá verður aftur að sækja lækni í land. Það sjá allir, að þetta hlýtur að valda skipinu miklu meiri trafala. Hv. þm. Ísaf. sagði, að læknum yrði náttúrlega ekki bannað að fara um borð í skipin til eftirlits. Mikið var. Venjulega munu þau vænta læknis í þeim erindum, og þetta fyrirkomulag kostar þau lengri bið í flestum tilfellum.

Ég er sammála hv. þm. Ísaf. og hæstv. dómsmrh. um það, að það sé ekkert aðalatriði í þessu máli, þó að einhverjir læknar kunni að tapa tekjum við þessa breyt. á eftirlitinu, og að það muni ekki koma tilfinnanlega niður á öðrum en héraðslækninum í Reykjavík, enda verði að greiða honum bætur fyrir það. En þegar lög eru sett til verndar almenningsheill í landinu, þá held ég því fram, að það geti ekki horft til almenningsheilla, ef eftirlitið verður ótryggara og verra samkv. þessu frv. en það áður var. Það er um þessar forsendur, sem ég er ósammála hv. þm. Ísaf. og hæstv. ráðh. Eins og lögin eru nú, þá er lækni skylt að fara um borð í hvert skip, sem frá útlöndum kemur, til eftirlits; þá væri jafnframt, auk hinnar almennu skoðunar, hægt að láta hann rannsaka aukreitis ýmsa kynsjúkdóma og gera blóðrannsóknir. Ég efast ekki um, að það yrði allerfitt, en þó eru líkur til, að með því mætti útiloka áberandi tilfelli, a. m. k. mætti fækka þeim smitberum, sem fara í land úr skipum og sýkja út frá sér. Vitanlega yrði ekki hægt að útiloka slíka smitun, en það ætti að mega draga mikið úr henni, og það byggist einmitt á því, að læknir fari um borð í skipin til eftirlits. Okkur hv. þm. Ísaf. greinir á um það, sem hann segir í grg. frv.: að höfuðatriðið í þessu efni sé það, að skipstjórinn finni til þeirrar ábyrgðar, sem á honum hvílir. Ég treysti meira á læknaeftirlitið og árvekni heilbrigðisstj. í landinu en ábyrgðartilfinningu ýmsra erlendra skipstjóra, sem koma máske einu sinni eða tvisvar hingað til lands á skipi sínu og vilja hraða ferðum sínum, án þess að hugsa sérstaklega um heilsufar fólks hér á landi. Það er þetta, sem skiptir mestu máli og okkur greinir á um.

**Jóhann Jósefsson:** Ég hygg, að það stafi af einhverjum misskilningi, sem kom fram í ræðu hv. þm. Ísaf., viðvíkjandi framkomu héraðslæknisins í Vestmannaeyjum. Hann sagði, að það hefðu komið þaðan kvartanir um, að læknirinn færi jafnan einn út í skipin og farþegar fengju ekki að komast með, og gætu ekki farið fyrr en í annari ferð. Ég vildi leiðrétta þetta, af því að ég veit, að hann sem landlæknir segir ekki vísvitandi rangt frá þessu.

Læknirinn fer auðvitað í fyrsta bát um borð í skipin, og það er engum meinað að fara með honum í þeim bát. Venjulega er því þannig háttað, að læknirinn fer fyrst upp í skipin, en farþegarnir bíða í bátnum við skipshlið, á meðan hann er að fullvissa sig um, hvort nokkur sótthætta sé í skipinu.

Það er vitanlega alveg laukrétt, sem hv. 3. þm. Reykv. benti á, að hér verður að fara eins að, þó að tollgæzlumaður eða einhver annar hafi þetta eftirlit á hendi. Hann verður að fara fyrstur í skipin og getur ekki látið fólkið þyrpast um borð á undan sér. Í hvorutveggja tilfellinu verða farþegarnir að bíða á meðan eftirlitið fer fram.

Mér er ekki kunnugt um, að komið hafi fram neinar kvartanir út af því, hvernig héraðslæknirinn í Vestmannaeyjum beitir þessu eftirliti, og furðar því mjög á þessari umsögn hv. þm. Ísaf. Ég veit ekki betur en að héraðslæknirinn gegni starfi sínu trúlega og af samvizkusemi, einnig að því er snertir skipaeftirlitið. Ég þykist því mega fullyrða, að

engar slíkar kvartanir hafi borizt frá þeim, sem skipta mest við hann í þessum efnum, en það eru afgreiðslumenn póstskipanna. En úr því að þetta hefir nú verið sagt opinberlega hér í þd., þá væri gott, að hv. þm. Ísaf. vildi upplýsa, hvaðan slíkar kvartanir hafa borizt til landlæknis. Hér er um valinkunnan sómamann að ræða, sem mér er annt um, að njóti sannmælis, og sem hv. þm. Ísaf. sennilega vill vissulega ekki, að neinn skuggi falli á. Þetta ætti því að upplýsast.

Ég hefi ekki haldið því fram, að það ætti að bæta læknum upp tekjumissinn af því, ef breytt verður um skipaeftirlitið, eða að þeir ættu nokkra kröfu til þess. En ég taldi sanngjarnt, að það væri gert, fyrst og fremst gagnvart héraðslæknunum í Reykjavík og jafnvel 1—2 héraðslæknum úti á landi, sem verða fyrir mestum tekjumissi af því, að þetta eftirlit er af þeim tekið.

Ég er algerlega sammála hv. 3. þm. Reykv. um það, að breyting, sem gerð verður á skipaeftirlitinu með þessum lögum, getur ekki orðið réttlætt með því, að hún horfi til almenningsheilla, þegar hún er borin saman við ákvæði gildandi laga um þetta efni. Það verður tæplega hjá því komizt að álykta sem svo, að með ákvæðum frv. um eftirlit með næmum sjúkdómum er farið niður í lágmark þess, sem forsvaranlegt er til verndar almenningsheill í landinu. Og ég álít mjög vafasamt, að rétt sé að fara niður í það lágmark.

**Vilmundur Jónsson:** Ég get byrjað á að geta þess út af því, sem hv. þm. sagði, að því fer fjarri, að ég hafi farið niðrandi orðum um embættisrekstur héraðslæknisins í Vestmannaeyjum. Mér hafa alls ekki borizt kvartanir undan framkomu hans sem sóttvarnarlæknis, enda er hann því starfi vanur, heldur hefir af sumum verið fundið að fyrirkomulaginu á þessu eftirliti. Og um það gat ég. Annað eða meira átti það nú ekki að vera, enda er það ekki sú fyrirmynd, að ástæðulaust sé undan því að kvarta. Ég efast ekki um, að þessi héraðslæknir hafi hagað sér eftir lögum og reglum í þessu efni, og tel það öldungis víst.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þetta frv. mundi vera lítið athugað og illa undirbúið. En það er ekki rétt. Ég get gjarnan skýrt frá undirbúningi frv. Annars hefir hann tæplega ástæðu til að finna mikið að frv., þar sem hann heldur því einnig fram, að í því sé sama sem engin breyting á núgildandi löggjöf, sem hann vill halda fast við og engu um breyta. Um undirbúning frv. er það að segja, að ég hefi samið það. Svo hefir það verið nákvæmlega athugað af embættismanni, sem sökum æfingar í meðferð þessara mála ætti að hafa bezt vit á því, sem frv. fjallar um, en það er skrifstofustjórinn í dómsmrn. Þá hafa prófessorar læknadeildar háskólans sagt álit sitt á því, og um höfuðbreytingarnar, sem í frv. felast, var læknadeildin á sama máli og ég, og hefi ég það skjallegt um öll hin fræðilegu atriði. Í fjórða lagi hefir frv. legið hjá stjórn læknafélags Íslands í tvo mánuði, og er það ekki komið þaðan enn. Ég skil það svo, að Læknafél. hafi ekkert við það að athuga, og veit það raunar með vissu af samtali, sem ég hefi átt við form. fél. Við það atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. hefir mest rætt um, hafði form. Læknafél. m. a. ekkert að athuga. Hv. andmælendur frv. hafa gert allt of lítið úr þeim trafala, sem skipin hafa af þessu eftirliti víðsvegar um land. Þess gætir máske ekki mikið í Reykjavík og Vestmannaeyjum, af því að læknir er þar ávallt til taks. En víða er það svo, að skip þurfa að bíða á höfnum tímum saman, af því að erfiðleikum er bundið að ná til læknis. Venjulega eru þessar biðir alveg óþarfar. Það kemur t. d. oft fyrir, að togari, sem kemur beint frá útlöndum, verður að bíða 5—6 klst. eftir lækni og má ekki hafa samband við land. Læknirinn er e. t. v. ekki á staðnum eða bundinn við önnur störf. Og enga undantekningu má gera, þó öllum sé ljóst, að skipshöfnin sé alheilbrigð og ekkert sé að óttast. Slíkur hégómaskapur elur á andvaraleysi hjá þeim, sem hlut eiga að máli.

Þegar ég var héraðslæknir, leið ég oft önn fyrir þessar heimskulegu reglur og sjálfan mig, sem þurfti að fara eftir þeim, og gat nærri gremju skipverja og farþega, er urðu að bíða eftir því, að ég

kæmi út í skipin til að fullnægja þessari hégómlegu skyldu.

Hv. 3. þm. Reykv. hefir alveg misskilið, hvernig þetta eftirlit er venjulega framkvæmt. Það er oftast aðeins í því fólgið, að læknir hefir lauslegt tal af skipstjóranum á þilfari eða frá bryggjusporði og fær stutta skýrslu frá honum. Ef skipstjórinn gefur falskar upplýsingar, þá geta allir orðið sviknir, læknir jafnt og aðrir, og eftirlitið reynzt gagnslaust. En á því er ekki mikil hætta. Erlendir skipstjórar eru venjulega mjög samvizkusamir í þessum efnum. Þeir eru aldir upp við það, að á þeim hvíli ábyrgðin. Þetta lærist einnig okkar skipstjórum. Þeir verða síður andvaralausir þegar þeir vita, að ábyrgðin hvílir á þeim og að þeir geta ekki varpað henni að öllu leyti af sér yfir á herðar læknisins. Það er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm., að nú sé fyrirkomulagið það, að læknir skoði skipshafnirnar og alla farþega í skipum, sem koma frá útlöndum. Og hitt er einnig að mestu leyti hjátrú, að læknir geti ábyrgzt það, að farsóttir berist ekki í land úr skipi. Ef skipstjórinn gefur honum ekki nógu glöggar upplýsingar, getur t. d. innflúenza komið upp á morgun í því fólki, sem læknirinn sá ekkert á í gær, þegar skipið kom til landsins.

Ég ætla, að með þessu nýja eftirliti sé engu tapað af því er sóttvarnaröryggi snertir. Skipstjórinn verður látinn skrifa undir drengskaparyfirlýsingu um heilbrigðisástandið í skipinu. Eftirleiðis veit hann, að ábyrgðin á að mestu leyti að hvíla á honum, eins og hún gerir nú, en honum er miklu síður ljóst. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að eftirlitið sé verra, ef læknir fer út í skipin. Ég tel það aðeins óþarft í flestum tilfellum. Það skiptir líka nokkru máli fyrir sjávarútveginn, að í hvert sinn, sem togari fer til Englands, verður hann að borga 20 kr. fyrir læknisefirlit, og þó hitt meiru, að auk þess verður hann að bíða heila og hálfa daga eftir því að fá lækni um borð. Þó að ekki hafi verið kvartað mikið undan þessu opinberlega, þá hafa hlutaðeigendur fundið til þess, hvað þetta er óþarft og stundum mjög bagalegt.

Ég held, að hv. 3. þm. Reykv. hafi ranghermt það eftir mér, að á móti þessu frv. væru aðeins þeir læknar, sem misstu tekjur fyrir breytinguna á eftirlitinu. Ég talaði um, að læknar væru yfirleitt fylgjandi frv. Ég hygg, að ég hafi aðeins sagt það, að þetta frv. hafi ekki mætt mótspyrnu fyrir annað en það, að nokkrir læknar, e. t. v. aðeins einn læknir, gerir ráð fyrir tekjumissi af völdum þess. Annars hefði frv. gengið hljóðalaust gegnum þingið. Ég vænti, að málið hafi nú skýrzt svo, að umr. styttist úr þessu.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég skal ekki lengja þessar umr. eða blanda mér inn í deilur þeirra hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf. En ég vil gera stutta aths. við það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að allshn. hefði litla sérþekkingu á þessu máli eða kunnugleik. Ég skal fúslega viðurkenna það. En n. hefir stuðzt við þau rök, sem landlæknir og læknadeild háskólans hafa látið fylgja þessu frv., og hinsvegar er það vitað, að flestir læknar á landinu eru því fylgjandi.

Ég hygg, að hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki heldur neina sérþekkingu til þess að dæma um þessa hluti, en hann hefir þó sett sig á þann háa hest að berjast við þessa sérþekkingu, sem ég hefi nefnt í þessu sambandi.

Þá var það aðeins út af því, sem hæstv. dómsmrh. mælti hér áðan. Ég vil fyrst slá því föstu, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að hann teldi, að það væri aðeins um einn lækni að ræða, sem kröfu gæti átt til uppbótar vegna þeirrar tekjurýrnunar, sem frv. þetta hefði í för með sér fyrir suma lækna. Mér þykir vænt um, að hæstv. ráðh. lítur svo á. Ég tók það fram í minni fyrri ræðu, að ég ætlaði ekkert um það að dæma, nema það gæti verið réttlátt að bæta héraðslækninum hér í Rvík að einhverju leyti upp þann tekjumissi, sem hann yrði fyrir vegna þessa. Ég sagði, að það gæti vel verið, og ég mun ekkert hafa á móti því, að hans laun verði hækkuð, svo að þau verði sambærileg við það, sem aðrir læknar hafa á því sviði. Ég mun að sjálfsögðu styðja hæstv. dómsmrh. í því, að þessi læknir verði gerður hliðstæður við aðra tilsvarandi starfsmenn.

Hitt nær ekki nokkurri átt, að fara að greiða honum launauppbætur úr sérstökum sjóði, sóttvarnarsjóði. Ég sé ekki, að það sé á rökum byggt. Mér skildist á hæstv. ráðh., að ekki væri hægt að vita fyrirfram, hve miklar tekjur læknirinn mundi hafa, og mér skildist, að það ætti að reikna eftir á, hve mikið hann hefði fengið fyrir að hafa læknaeftirlit með aðkomuskipum, og svo ætti að greiða honum úr þessum sjóði það, sem tekjurýrnuninni næmi. Þetta finnst mér ekki geta komið til greina. Eina rétta leiðin í þessu máli er, ef þarf að bæta þessum lækni upp tekjurýrnun vegna frv., þá á beinlínis að hækka laun hans. Það er sú leið, sem mér sýnist rétt í þessu máli, og engin önnur. Ég skal að vísu sjá um það skv. ósk hæstv. ráðh., að það verði athugað fyrir 3. umr., hvað allshn. segir um þetta atriði. Það atriði út af fyrir sig hefir aldrei verið rætt í allshn.; en ég get þegar tekið það fram hvað sjálfan mig snertir, að ég get ekki fallizt á þá ráðstöfun, af því að mér finnst hún svo óeðlileg og einkennileg. — Ég held, að það sé svo ekki ástæða til að lengja umr. frekar hvað þetta snertir.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það er náttúrlega engin þörf fyrir mig að gera ágreining út af þessu við hv. frsm. Hann viðurkennir, að það sé rétt að bæta bæjarlækninum upp eftir þeim upplýsingum, sem hafa komið fram. (StgrS: Gæti verið rétt). Þá er bara um það að ræða, hvernig eigi að gera það, en það er bara aðferðarspursmál, sem ekki þarf að vera að deila um hér. Hann hafði misskilið dálítið það, sem ég sagði viðvíkjandi bótunum til læknisins. Ég vil miða þær við meðaltal undanfarinna ára og vil taka tillit til, hvað verði mikið, sem hann hefir upp úr skipunum hér eftir. Það er ekki mín meining, hvað hann mundi hafa eftir skipakomu næstu ára, heldur hvað hann hafi skv. þessum l., ef af þeim verður, svo það er um þennan mismun að ræða; en hér er eitt atriði, sem er óvíst um, og það er, hverjar tekjur læknirinn kemur til að hafa framvegis, þegar þessi l. eru komin í gildi. Ég get vel ímyndað mér, að þær verði talsverðar, því að ég býst við, að það verði ekki svo sjaldan, sem læknis verði vitjað til aðkomuskipa þrátt fyrir ákvæði frv., og á þennan eina hátt er hægt að bæta þetta upp með sanngirni. Einmitt vegna þess er erfitt að taka nokkuð fram um hans laun og hvernig þau skuli ákveðin. Enginn getur sagt um, hve mikil þau eru, fyrr en reynslan hefir skorið úr, og að það sé óvenjuleg aðferð að taka úr þessum sjóði, sem myndaður er til að hægt sé að hafa þessa skoðun, það sé ég ekki. Úr því að sjóðurinn er myndaður fyrir það fé, sem fellur til, þá finnst mér ekki nema eðlilegt, að úr þeim sjóði sé bætt upp þeim manni, sem verður fyrir barðinu, ef læknisvitjunin fellur burt. Ég þarf svo ekki að fjölyrða meira um þetta.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. leggur nokkuð mikið upp úr þeim trafala, sem nú sé að þessu eftirliti, þó að hann álíti það vera humbug. En þetta hlýtur að vera misskilningur hjá honum. Það er ekki trafali að þessu móts við þann trafala, sem á að verða eftir frv., því að það er ekki læknir, heldur annar maður, sem á að fara um borð í skipin. Ég vil aðeins taka dæmið, sem þeir voru að tala um, hv. þm. Vestm. og hann (VJ). Í Vestmannaeyjum fer bátur um borð í skip. Eftirlitsmaðurinn, sem nú er læknir, fer upp í skipið, og það má enginn koma upp í skipið fyrr en hann er kominn þaðan og hefir lokið sínu eftirliti. Þegar hann kemur aftur þaðan og allt er öruggt, þá er orðinn greiður aðgangur að skipinu. Við skulum hugsa okkur, að þetta sé ólæknislærður en samvizkusamur maður, sem fer upp í skipið og verði var við einhvern mann lasinn. Af því að hann er ekki læknir, þorir hann ekkert að úrskurða um þennan mann. Báturinn fer aftur til þess að ná í lækni, í staðinn fyrir að læknir hefði getað skoðað manninn og sagt strax: það er allt öruggt. Ég er sannfærður um, að í mörgum tilfellum verði meiri trafali að þessu fyrirkomulagi, af því að ólæknislærður maður og samvizkusamur vill ekki úrskurða fyrir sitt leyti, að skipið sé öruggt.

Ég skil ekki það, sem hv. þm. Ísaf. var að tala um, að læknar verði á þessu svo

andvaralausir. Hvað er þá að segja um andvaraleysi skipstjóranna, sem alltaf eru sisiglandi og allaf eru að gefa þessar skýrslur? Þegar litið er á það, að læknir fer hundrað sinnum um borð í skip og í .99 tilfellum finnst ekkert að, þá er þetta eins og vátrygging. Menn borga vátryggingu af hundrað húsum og innbúum alla sína æfi. Þetta er ekkert humbug, þó að aldrei brenni. Þeir borga þetta sem tryggingu, ef það skyldi koma fyrir. Þegar einhver hætta er á ferðinni, þá trúi ég betur læknislærðum manni en ólærðum. Það er sá munur, að hann er í 10 af þessum 100 tilfellum búinn að tefja skipið vegna þessarar skoðunar, og það er ennþá meira humbug. Ef verið væri að losa land og þjóð við einhverja ógurlega plágu, kostnað eða þesskonar, þá væri öðru máli að gegna; en um það er ekki að ræða. Hér hefir aldrei heyrzt ein einasta rödd um það, að þetta eftirlit væri nokkur plága í þjóðfélaginu. — Hv. þm. Ísaf. sagði, að skipstjórarnir væru ekki andvaralausir; það væri sín reynsla. Ég býst við, að skipstjórarnir mundu seinast af öllu auglýsa sitt andvaraleysi fyrir lækninum meðan hann er um borð. Ég hygg, að þeir reyni að þykjast vera ákaflega öruggir einmitt rétt á meðan læknirinn er að tala við þá. Nei, hér er ekki um annað að ræða en einskonar sparnaðarfrv. Það er laukrétt, sem hv. þm. Vestm. sagði, að hér væri verið að lækka eftirlitið niður í eitthvert lágmark. Þetta er dálítið ódýrara fyrir skipin, og það má kría ofurlitla peninga af þeim í þennan sjóð, fyrir það að hafa eftirlitið lakara. Mér finnst þetta vera niðurstaðan af okkar umr. hér.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég sé, að það er þó nokkuð, sem okkur hæstv. dómsmrh. ber á milli, því að hann lítur svo á, að það verði að miða þessar bætur við það, að héraðslæknirinn hafi nákvæmlega sömu laun eftirleiðis eins og hann hefir hingað til haft. Það er ekki mín skoðun, að svo þurfi endilega að vera. Ég veit ekki, hve miklar tekjur þessi starfsmaður hefir, en ég get hugsað mér, að þær tekjur séu svo miklar, að mér þyki ekki ástæða til að hann héldi þeirri launaupphæð áfram. Hæstv. dómsmrh. hefir viðurkennt, að læknar almennt eigi ekki kröfu til að fá bætur fyrir það, sem tekjur þeirra rýrna vegna þessa frv. Þá hlýtur hið sama að ganga yfir bæjarlækninn hér í Rvík, að öðru leyti en því, að það mun hafa verið tekið meira tillit til þess, þegar laun hans voru ákveðin, að hann hefði þessar tekjur, og frá mínu sjónarmiði á að bæta honum þetta upp, en ég vil taka það skýrt fram, að þar fyrir þarf ekki endilega að vera, að hann hafi sömu laun áfram eins og hann hefir haft hingað til. Ég veit ekki, hvað þessi læknir hefir miklar tekjur; við skulum segja 20 þús. kr. á ári, og ég sé ekki annað en að þær mættu lækka dálítið. Hæstv. dómsmrh. þótti ekkert óeðlilegt að greiða úr sóttvarnarsjóði einhvern hluta af launum læknisins hér í Rvík um ófyrirsjáanlega langan tíma. Ég held, að það geti ekki heyrt undir verksvið sjóðsins skv. ákvæðum þessa frv. Mér finnst skrítið, ef á að fara að skylda þennan sjóð til þessara hluta. Mér finnst, að þá mætti eins skylda þennan sjóð til einhverra annara hluta, sem ekki eru fjær hans hlutverki en að greiða einhvern hluta af launum einhvers læknis. Ég held fast við það, sem ég sagði, að mér finnst það mjög óeðlilegt.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Hv. frsm. sagði, að ég hefði sagt, að ég vildi, að læknirinn hefði nákvæmlega sömu laun eins og hann hefði haft undanfarið. Ég hefi sagt, að hann ætti að fá bætur, af því að það mundi vera skorið svo mikið af hans launum. Ég sagði ekki, að hann hefði haft 20 þús. kr. í tekjur, en ég hygg, að hann hafi upp undir það, sem ákveðið var á þinginu í fyrra, að læknarnir við landsspítalann hefðu í laun. Ég hygg, að það væri hægt að skaffa honum eitthvað annað að gera, sem hið opinbera þarf að borga fyrir hvort eð er, og þess vegna er ekki til annars ætlazt en að þessi sóttvarnarsjóður sé í þessu efni einskonar varaskeifa. — Ég hefi alls ekki viðurkennt, að bæjarlæknirinn ætti enga kröfu; þvert á móti. Ég hefi tekið hann út úr og sagt, að hann ætti kröfu. (StgrS: Það var sem ég sagði). Mér skildist hv. frsm. bera

brigður á það. Ég sló því föstu áðan, að hann ætti í öllu falli sanngirniskröfu. Ég vil benda á aðferðina gagnvart þessum lækni. Hann er látinn taka við öðru embætti en sínu eigin með hálfum launum og síðan eru teknir af launum hans kannske h. u. b. ⅔. Að þessu athuguðu skilst mér, að enginn vafi geti verið á því, að hér sé um sanngirniskröfu að ræða, og þegar þessi sjóður er myndaður að nokkru leyti með því fé, sem annars hefði til þessa manns runnið, þá get ég ekki séð, að það sé óeðlilegt að greiða honum eitthvað úr þessum sjóði, þangað til hið opinbera hefir séð honum fyrir uppbót á þessum tekjumissi. Mér finnst það ákaflega eðlilegt.

**Vilmundur Jónsson:** Ég kann ekki við að heyra hæstv. dómsmrh. segja tvisvar, að á þinginu í fyrra hafi verið ákveðin laun yfirlækna landsspítalans. Ég ætla, að þingið hafi aldrei ákveðið neitt um laun þeirra. Það var gerður samningur við þá af landsstj. fyrir 2—3 árum, en af þinginu hafa laun þeirra ekki verið ákveðin.

Úr því að ég stóð upp, get ég ítrekað það, sem ég hefi sagt, að það er engan veginn lítill trafali, sem siglingar hér við land hafa af þessu lækniseftirliti, sem svo oft er óþarft. Ég man það, síðan ég var héraðslæknir á Ísaf., að þá kom oft fyrir, að skip biðu eftir mér heila og hálfa daga. Stundum var ég í læknisferðum, e. t. v. í öðrum fjörðum. Í önnur skipti var ég við læknisverk uppi í sjúkrahúsi eða ég sat yfir sængurkonum. Þetta gerist auðvitað ekki eingöngu þar, heldur líka víða um land, og þegar hægt er að losa siglingarnar við þennan óleik og kostnað af sóttvarnareftirlitinu því að skaðlausu, er skylt að gera það.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það getur verið, að ég hafi ekki komizt rétt að orði, að laun lækna landsspítalans hefðu verið ákveðin á þingniu í fyrra, en hér er þó mjótt á milli, því að þingið í fyrra samþ. raunverulega þá samninga, sem við þessa lækna höfðu verið gerðir um launakjörin. Ég veit, að hv. þm. Ísaf. man vel eftir þessu, og þá var vel sýnt fram á, hver laun væri um að ræða, og þau eru eins og ég sagði.

**Vilmundur Jónsson:** Þetta hefir ekki mikla þýðingu, en má þó vera rétt með farið. Mig minnir ekki betur en að landsspítalinn tæki til starfa í desember 1930. Þá voru yfirlæknarnir ráðnir og þá voru gerðir samningar við þá um laun þeirra. Ég ætla, að það hafi hvorki verið á þinginu né um þingtímann, sem laun þeirra voru ákveðin. Þetta kemur ekki þessu máli við og er óþarfi að vera að lengja umr. út af því.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þá ætti hv. þm. Ísaf. ekki að vera að tala um þessi læknalaun. Fyrir þinginu í fyrra var frv. um að gera einn af þessum læknum að prófessor. Út af því var rætt um þessi launamál, launin við landsspítalann, og þá kom í ljós, hvað þeir höfðu í laun, og það var mikið um þetta rætt og þegjandi samþ. af þinginu, hver þau væru. Þess vegna er það, að þó að þetta hafi kannske ekki beinlínis verið samþ. af þinginu, þá hefir það verið gert með vitorði þingsins og þegjandi samþykki þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 208,I.1—2 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 61,1, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 61,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 61,3 samþ. með 17 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 208,II.1 (17. gr. falli burt) samþ. með 16 shlj. atkv.

18.—23. gr. (verða 17.—22. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

24. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 208,II.2 samþ. án atkvgr.
— 61,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
25. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 61,5 (26. gr. falli burt) samþ. með 17 shlj. atkv.
— 61,6.a—b samþ. með 19 shlj. atkv.
27. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
28.—31. gr. (verða 26.—29. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 332 (ný 32. gr., verður 30. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

---

Á 46. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 333).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Hæstv. dómsmrh. óskaði eftir því við 2. umr. þessa máls, að allshn. athugaði, hvort hún gæti ekki fallizt á, að bæjarlæknirinn í Reykjavík fengi nokkra uppbót á laun sín vegna þess tekjumissis, sem hann yrði fyrir ef frv. yrði samþ. Hæstv. ráðh. benti helzt á, að þessi uppbót yrði veitt úr þeim sjóði, sem stofna skal samkv. frv. N. hefir athugað þetta og lítur svo á, að þetta atriði heyri alls ekki undir verksvið n. og vill engin afskipti af því hafa, telur, að það verði að útkljást á öðrum vettvangi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 333).
Á 47. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Frv. þetta er komið frá Nd. og olli þar miklum ágreiningi. Þau einstöku atriði, sem deilt var um þar, hirði ég ekki að fara hér út í að svo stöddu, en vildi mælast til þess, að n., sem málið fær til meðferðar, vildi leyfa mér að koma á fund sinn til að skýra þessi atriði, sem aðallega var deilt um í Nd. — Frv. þetta lá fyrir allshn. í Nd., og óska ég, að það verði látið ganga til sömu n. hér.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 333, n. 610).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Frsm. (Jónas Jónsson)** [óyfirl.]: N. hefir komið sér saman um að mæla með þessu frv. Þó er það þannig, að hv. 4. landsk. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir sinni afstöðu.
Þær breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., eru mjög smávægilegar orðabreytingar og efnisleiðréttingar, sem ekki mun verða deilt um.
Viðvíkjandi efni frv. get ég sagt það, að það eru gerðar nokkrar breytingar á sóttvörnunum, þannig að samkv. því er ekki gerð sú krafa, að læknir fari í öllum tilfellum fyrstur út í skip, heldur annar maður, sem ekki er jafn dýr. En þegar eitthvað er að, þá er gert ráð fyrir mun meiri læknisskoðun heldur en nú er.
Þessar breytingar verða til nokkurs léttis fyrir skipin, ekki sízt fiskiskipin, sem hafa af þessu talsverðan tilkostnað, sem læknar og heilbrigðisfræðingar telja, að ekki þurfi að vera, og fullyrt er af landlækni, að þetta skipulag sé fullt eins strangt eins og nokkursstaðar í nágrannalöndunum.
Ennfremur er gert ráð fyrir, að með þessu ísparist bæði mikill kostnaður fyrir skipin og að hægt verði að koma við hér í Rvík sóttvarnareftirliti og sóttvarnarfyrirkomulagi, sem verði mun betra en þó ódýrara en nú er.
Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Það er vel undirbúið og ýtarlega athugað í n. í báðum deildum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 610,1 samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 610,2 samþ. með 7 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 610,3 samþ. með 7 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 6 shlj. atkv.
Brtt. 610,4 samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 610,5 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
20.—22. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 610,6.a—b samþ. með 8 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 610,7 samþ. án atkvgr.
25. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 610,8 samþ. án atkvgr.
26. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 610,9 samþ. með 8 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
28.—30. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

---

Á 71. og 73. fundi í Ed., 13. og 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 18. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 657, 715).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 715. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Ég hafði skrifað undir nál. með fyrirvara, en var ekki viðstaddur, þegar málið var tekið til 2. umr., og gat því ekki gert grein fyrir, í hverju fyrirvari minn væri fólginn, en nú hefi ég leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 715, sem skýrir þetta.

Lög nr. 31 20. júní 1923 mæla svo fyrir, að áður en aðkomuskip hleypir manni í land, skuli fara fram læknisskoðun á skipverjum. Þetta er sett til tryggingar því, að næmir sjúkdómar berist ekki til landsins. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að sú breyt. verði gerð á þessu, að í stað héraðslæknis verði það sóttgæzlumaður, sem hafi þetta eftirlit með höndum. Og í 5. gr. frv. er sagt, að sýslumaður skuli vera sóttgæzlumaður, eða umboðsmaður hans. Í kaupstöðum myndu það verða lögregluþjónar, en annarsstaðar hreppstjórarnir, sem yrðu látnir annast þetta.

Till. þessi er ekki rökstudd með því, að það felist meiri trygging í því, að næmir sjúkdómar berist ekki til landsins, með því að fela þetta eftirlit sóttgæzlumönnum heldur en láta héraðslæknana hafa eftirlitið með höndum, eins og verið hefir. Heldur er því haldið fram, að hætta geti verið á því, að skip tefjist, ef það hittir svo á, að héraðslæknir sé fjarverandi í læknisvitjunarferð þegar það kemur að landi. Ég skal alls ekki neita því, að þetta geti komið fyrir, að skipin þurfi stundum eitthvað að bíða, þar sem héraðsl. hefir mikið að gera. En í Rvík og Vestmannaeyjum hagar þannig til, að slíkt á ekki að koma fyrir. Þar hafa héraðslæknarnir ekki annað umdæmi, og hljóta þeir því alltaf að geta verið til taks, eða umboðsmenn þeirra. Nú vill svo til, að þannig stendur á um þessa tvo staði, að þangað leita fyrst hafnar langflest skip, sem koma frá útlöndum, og er því mest hætta á, að þangað berist sjúkdómar frá öðrum löndum.

Þar sem nú það orkar ekki tvímælis, að meiri trygging sé fólgin í því, að læknir rannsaki sjúkdóma en ólærður maður eða ólærðir menn, og í öðru lagi að það er tryggt, að það geti ekki orsakað tafir fyrir skip að bíða eftir héraðslækni eða umboðsmanni hans á þessum tveim stöðum, Vestmannaeyjum og Rvík, þá hefi ég flutt brtt. um, að ákvæði laganna frá 1923 haldist að því er snertir þessa tvo kaupstaði.

Það, sem sérstaklega mun verða haft á móti því að láta þessa skipun haldast

á þessum tveimur stöðum, er það, að dýrara sé að fá lækni um borð í skipin en sóttgæzlumenn. Þetta má vel vera rétt. En þó er kostnaðurinn ekki meiri en það, að hann myndi aðeins nema örfáum hundruðum fyrir þau togarafélög, sem flest skip eiga og hafa tíðastar skipakomur hingað frá útlöndum.

Þá ber og þess að gæta, sem kom fram undir umr. um málið í hv. Nd., að svo hagar til hér í Rvík, að héraðslækninum er veitt embættið með þessum aukatekjum. Ef nú á að svipta þessa lækna tekjum með samþ. þessa frv., þá verður ekki komizt hjá því að bæta þeim þann tekjumissi á annan hátt. Fyrir ríkissjóð mundi það því ekki skapa nein aukin útgjöld, þó þessi brtt. yrði samþ., en þetta væri þægilegri aðferð fyrir ríkisvaldið til að sleppa við þann vanda, er það kæmist í gagnvart héraðslækninum í Rvík. Ég vænti því, að hv. þdm. líti á þann kost brtt., að hún gefur nokkuð aukna tryggingu fyrir því, að næmir sjúkdómar bærust ekki út frá skipum, heldur en gefin er með frv., og að þeir fallist því á, að það sé mikið réttara að samþ. þessa brtt.

**Frsm. (Jónas Jónsson)** [óyfirl.]: Það urðu litlar umr. um þetta frv. hér við 2. umr., sem m. a. stafaði af því, að hv. 4. landsk. var þá ekki viðstaddur. Ég ætla þess vegna að koma dálítið inn á þau rök, er meiri hl. n. færir fyrir því, að hann getur ekki fallizt á brtt. hv. þm.

Ég ætla þá fyrst að benda á, að það er dálítið óviðkunnanlegt að vera að breyta sóttvarnarlögunum þannig, að þau gildi ekki eins fyrir allt landið. Ef það er nauðsynlegt, að einungis læknar hafi þetta eftirlit, þá á ekki að breyta lögunum. Ég vil taka til dæmis Austfirði; þangað koma mörg skip beint frá útlöndum, svo að þar er hættan sýnilega mikil, og ætti því að vera engu minni ástæða að gera þar undantekningu heldur en í Reykjavík og Vestmannaeyjum.

Þá er það annað, að læknar þeir, sem þetta mál hafa haft til umsagnar, eru á gagnstæðri skoðun við hv. 4. landsk. Það er þá fyrst landlæknir, sem ber þetta frv. fram. Auk þess hefir hann, eins og sjá má á bréfi frá honum, er fylgir frv., borið það undir læknadeild háskólans. Hún hefir að vísu hliðrað sér hjá að svara þessu, en aðeins af þeirri ástæðu, að hún telur það snerta launamál sinnar stéttar. Aftur á móti hafa prófessorar læknadeildarinnar, þeir Guðmundur Hannesson, Guðmundur Thoroddsen og Jón Hjaltalín, játað það persónulega, að gildandi lög í þessu efni ættu ekki rétt á sér, af því að þau svari ekki til þeirrar tryggingar, sem til er ætlazt í þessu efni.

Þá hefir landlæknir ennfremur lagt þetta frv. ásamt öðrum frv., er hann hefir borið fram og snerta heilbrigðismál, fyrir Læknafélag Íslands. En Læknafélagið hefir líka hliðrað sér hjá því að mæla með því, af því það snertir hagsmuni lækna. Ennfremur segir landlæknir, að Steingrímur Matthíasson héraðslæknir hafi í skýrslu sinni dæmt harl núverandi ákvæði um sóttvarnir, og hefir hann nýlega fallizt á ákvæði þessa frv.

Af till. lækna má því ráða, að þeir telji frv. í heild sinni gagnlegt og að læknisskoðun í skipunum, eins og hún er nú framkvæmd, sé ekki þarfleg eða nauðsynleg. Ennfremur er það vitanlegt, að ef eitthvað reynist grunsamlegt við skip, þá á eftir frv. að skoða skipshöfnina miklu nákvæmar en nú er gert. Þess vegna verða rök hv. 4. landsk. gegn frv. heldur veigalítil. Ég held, að hann líti aðallega á það, að þessi breyt. verði óþægileg fyrir tvo lækna, sem hér eiga hlut að máli, af því að hún rýri tekjur þeirra, sem sennilega er rétt. Hann hefir því með brtt. sinni hugsað sér að rétta hlut þessara tveggja héraðslækna, í Reykjavík og Vestmannaeyjum, en ég hygg, að þingið geti tæplega gert slíkar ráðstafanir aðeins vegna hagsmuna einstakra manna. Þessi sama löggjöf verður að sjálfsögðu að gilda jafnt um allt land, og ætti því fremur að fella frv. en gera á því nokkrar undantekningar.

Móti ástæðum hv. þm. fyrir nauðsyn á undantekningum fyrir Reykjavík má geta þess, að það er einmitt gert ráð fyrir því í lögunum, að sóttvarnarhúsið hér verði gert miklu fullkomnara en það er nú, og á þann hátt verði hægt að gera móttöku næmra sjúkdóma fullkomnari en verið hefir og öruggari fyrir

landsmenn. Í sambandi við ástæðuna fyrir því, að bæta þurfi héraðslækninum upp, það sem hann kann að tapa fyrir þessa breyt., má geta þess, að hann hefir nú hálf önnur læknislaun. Hann er eini læknirinn á landinu, sem hefir slíka aðstöðu. Þetta er svo af því, að gert er ráð fyrir, að hann sé allmikið upptekinn af því að gera skýrslur um heilbrigðismál og ýmislegt þar að lútandi, svo að hann geti ekki sinnt almennum læknisstörfum. (**PM:** Hann má ekki sinna almennum læknisstörfum). Já, þess vegna hefir verið bætt við hann hálfum launum. Ennfremur skilst mér, að heilbrigðisstjórnin og landlæknir hafi undirbúið það, ef þetta frv. verður að lögum, að hann fái tvennskonar aukastörf og aukatekjur vegna breytinganna, þar sem hann á að hafa yfirumsjón með sóttvarnarhúsinu og eftirlit með útlendingum. Ég hygg því, að það sé fyrir því séð af heilbrigðisstj., að af persónulegum ástæðum vegna einstakra manna þurfi ekki að gera vanskapning úr frv.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Eins og sést á bréfi landlæknis, sem hv. 5. landsk. vitnar í, þá hefir heilbrigðismálanefnd Reykjavíkur skorað á bæjarstj. að beina þeirri ósk til þm. Reykjavíkur, að þeir beiti sér fyrir að varna því, að horfið verði frá læknisskoðun skipa eins og hún hefir verið og er lögum samkvæmt. Bæjarstj. hefir að vísu ekki gert neinar sérstakar ráðstafanir út af þessu erindi heilbrigðismálanefndar, en ég get fullyrt, að þó bæjarstjórn hafi ekki tekið afstöðu til málsins, þá hefir hafnarstjórn Rvíkur haft eina hlið þessa máls til athugunar áður en frv. þetta kom fyrir þingið, og hennar skoðun er í þá átt, að það sé fremur nauðsynlegt að skerpa heilbrigðiseftirlit með skipum heldur en að fella það niður. Það hefir verið hreyft í hafnarstjórn ákveðnum till. um skerping eftirlitsins, og þó það mál sé ekki komið lengra þar, þá er ég viss um, að það er skoðun þeirrar stofnunar, að um verulega afturför sé að ræða, ef læknis-eftirlitið verður fellt niður. Og ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að meðal bæjarbúa muni sama álit vera uppi í þessu máli. Menn skoða læknis-eftirlitið þá tryggingu, sem nauðsynleg sé á þessu fyrsta stigi varnarinnar gegn því, að erlendar farsóttir berist til bæjarins. Ég er viss um, að bæjarbúar skilja það ekki, að það sé réttmætt að fela ósérfróðum tollþjónum eftirlitið í stað læknanna, til þess eins að spara skipunum að greiða 10 kr. í hverri ferð, en mér skilst, að mismunurinn sé sá, að þar sem læknir fær 20 kr. fyrir að skoða hvert skip, þá eigi ólæknisfróður maður að fá 10 kr. fyrir sömu skoðun. Ég held, að í augum almennings vegi það ekki upp á móti þessum sparnaði skipanna, þó lofað sé fullkomnara farsóttahúsi í bænum, því ég veit, að almenningur óttast það mest, að farsóttir sleppi í land og breiðist út áður en ráðstafanir eru gerðar til þess að einangra þær, og menn óttast, að veikindaberarnir sleppi fremur í land, ef skoðun skipa er framkvæmd af ólæknisfróðum mönnum heldur en af læknum. Það hefir verið viðurkennt, að í Reykjavík mundi þurfa að kosta nokkru af opinberu fé til þess að koma á þessari breyttu skipan, með því sem sé að greiða héraðslækninum bætur fyrir atvinnumissi. Það, sem hér er verið að gera, er í raun og veru ekki annað en að spara skipunum að greiða nokkur gjöld, sem svo lenda á ríkissjóði. Við þetta væri ekkert að athuga, ef það leiddi af sér umbætur á eftirlitinu, en það verða allir að viðurkenna, að það er þvert á móti. Ég er þess vegna alveg fullviss um það, að ég tala máli kjósenda í Reykjavík, þegar ég legg til, að hv. þdm. samþ. brtt. Það eru sérstakar ástæður hér og í Vestmannaeyjum fyrir því, að læknar ættu að skoða skipin, og þar sem þeir eru alltaf við hendina, er þess vegna erfitt að koma auga á réttmæta ástæðu fyrir því, að gengið sé framhjá þeim og aðrir teknir í staðinn. Ég get ekki hugsað mér, að þetta 10 kr. gjald eigi hér að ráða úrslitum. Ég get heldur ekki viðurkennt þá ástæðu gegn brtt., að það sé ófært að taka þessa tvo staði út úr, vegna þess að það er ekki ástæða til að láta frv. gera neina breyt. á eftirlitinu að því er Rvík og Vestm.eyjar snertir.

ATKVGR.

Brtt. 715,1 borin undir atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JónÞ, PHerm, PM, GL.
nei: IP, JBald, JónJ, JónasJ, EÁrna, GÓ. BSn, HSteins greiddu ekki atkv.
Einn þm. (MT) fjarstaddur.

**Forseti (GÓ):** Ég verð að krefjast þess, að hv. þdm. færi fram ástæður fyrir því, ef þeir greiða ekki atkv.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Ég er í vafa um, hvort þessi brtt. er til bóta eða ekki, en ég vil ekki taka afstöðu til neinnar breyt. á frv., af því að ég er á móti því í heild sinni og ætla að greiða atkv. samkv. þeirri skoðun minni.

**Forseti (GÓ):** Ég tek til greina ástæðu hv. þm. Hafnf.

**Halldór Steinsson:** Ég færi enga ástæðu fram fyrir því, hvers vegna ég greiði ekki atkv., og læt hæstv. forseta sjálfráðan um það, hvort hann beitir þingvítum.

**Forseti (GÓ):** Brtt. 715,1 skoðast felld með 6:5 atkv., þar sem hv. þm. Snæf. telst ekki hafa fært fram neina ástæðu fyrir sinni afstöðu og skoðast því ekki atkvæðisbær um þessa brtt.

Brtt. 715,2 tekin aftur.
Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónJ, JónasJ, PHerm, EÁrna, HSteins, IP, JBald, GÓ.
nei: JónÞ, PM, BSn, GL, JakM.
Einn þm. (MT) fjarstaddur.
Frv. endursent Nd.

---

Á 77. fundi í Nd., 18. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 657).

Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 657,747).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 747. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Jóhann Jósefsson:** Ég lét það í ljós í upphafi, að ég teldi þá breyt., sem hér er farið fram á að gera á sóttvörnunum, allvafasama að því er snertir breyt. á skipaskoðuninni, sérstaklega þó fyrir þær hafnir, sem mest aðstreymi er að af útlendum skipum. Í grg. frv. er því hinsvegar haldið fram, að þetta nýja fyrirkomulag, sem í frv. felst, sé jafngott og betra, af því að það sé í flestum tilfellum óþarft að senda lækni út í skipin, og kann þetta rétt að vera í sumum tilfellum. Eftir því sem ég hefi athugað þetta mál betur, hefir mér þó orðið það ljósara og ljósara, að hentugast er að halda því fyrirkomulagi, sem er, að því er snertir læknisskoðun á aðkomuskipum, sérstaklega þó fyrir Vestmannaeyjar og Rvík. Samkv. gildandi l., nr. 31 frá 1923, er þeirri reglu fylgt í þessum efnum, að læknisskoðun er framkvæmd áður en farþegar fara í land, og hefi ég áður sýnt fram á það, að heppilegast er, að læknir fari út í hvert skip, og þeir, sem þessar ferðir kosta, þurfa ekki að kvarta undan þessu fyrirkomulagi, því að í því tilfelli, að læknis þurfi með, sparar þetta aðra ferðina, eins og ég benti á. Aðalatriðið í þessu máli er þó það, að því verður ekki réttilega haldið fram, að nægileg trygging sé fólgin í athugun heilbrigðisástands skips, ef framkvæmd er af ólærðum manni, heldur sé þetta að sjálfsögðu gert af lækni. Þetta er aðalatriðið í mínum augum, að það sé tryggt, að á helztu höfnunum sé þessi skoðun framkvæmd af kunnáttumönnum. Því hefir að vísu verið borið við, að svo geti staðið á, að ekki náist til héraðslæknis á stundinni, svo að skip verði að bíða þess, að til hans náist, og má þetta rétt vera, en að því er snertir bæði Rvík og Vestmannaeyjar, er það víst, að hægt er að ná til héraðslæknis strax að kalla, og orkar það þannig ekki tvímælis, að þetta fyrirkomulag er öruggara bæði hér og í Vestmannaeyjum, og auk þess hagkvæmara að ýmsu leyti. Í Ed., kom og fram till. í þessa átt, að undanskilja þessar hafnir, þannig að um þær gildi áfram ákvæði l. nr. 31 frá 1923, um læknisskoðun aðkomuskipa, en þessi till. féll með eins atkv. mun, og þar sem telja má álitamál, hvort þm. hér muni ekki geta fallizt á að setja slíkt ákvæði inn í frv., hefi ég leyft mér að bera hér fram till. í þá átt. Þá er og rétt að geta þess, þótt það sé að vísu aukaatriði, að báðir læknarnir á

þessum stöðum verða fyrir verulegum tekjumissi, ef ákvæði frv. í þessu efni haldast óbreytt, og finnst mér sem það atriði beri líka að taka til greina, auk þess sem ég lít svo á, að því verði ekki á móti mælt, að sjálfsagt sé að fela sóttvarnarskoðunina fagmönnum á þessum höfnum, sem flest skip sigla á erlendis frá allra hafna hér á landi.

**Vilmundur Jónsson:** Það má deila um það, hvort heldur eigi að hafa gamla fyrirkomulagið á sóttvarnaeftirlitinu eða hið nýja, sem hér er stungið upp á, en um hitt er varla hægt að deila, að fyrirkomulagið eigi að vera eitt og hið sama um land allt. Að halda eigi gamla fyrirkomulaginu á 2 höfnum, en hafa það nýja alstaðar annarsstaðar á landinu, er fjarstæða ein, sem auðveldlega gæti leitt af sér hættulegan misskilning í mörgum tilfellum. Hvernig eiga skipstjórar að átta sig á því, að önnur sóttvarnarl. gildi á Patreksfirði en í Vestmannaeyjum, eða að hér í Rvík gildi önnur l. í þessum efnum en í Hafnarfirði? Ef betri trygging þykir í gamla fyrirkomulaginu, er auðvitað rétt að breyta frv. í það horf. Nú hefir þingið þegar tekið afstöðu til málsins, bæði hér og í hv. Ed., og fallizt á, að upp skuli taka hið nýja fyrirkomulag á skipaskoðuninni. Því er aðeins ósvarað af hálfu þessarar hv. deildar, sem stungið var upp á í hv. Ed., en fellt þar, hvort eftir atvikum eigi að leyfa, að önnur sóttvarnarl. gildi að þessu leyti fyrir Rvík og Vestmannaeyjar en alstaðar annarsstaðar á landinu. Nú er þetta vitanlega flutt af umhyggju fyrir hagsmunum lækna, en svo mikil fjarstæða sem það er í sóttvarnarlegu tilliti, er það hálfu meiri fjarstæða, ef bera á hag læknanna yfirleitt fyrir brjósti, eins og hv. þm. Vestm. ætti að vera áhugamál, ef hann vill vera sjálfum sér samkvæmur. Þetta starf er vel borgað víðar en í Vestmannaeyjum og hér í Rvík, svo sem í Hafnarfirði, Patreksfirði, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, og þó einkum á Siglufirði. Og það er ekki nóg að taka eigi mikið af skipavitjununum af læknunum á þessum stöðum, og allar hinar auðveldustu þeirra, heldur á líka að borga þeim helmingi minna fyrir sínar fáu en vandlegu skoðanir, hverjum um sig, en borga á læknunum hér og í Vestmannaeyjum fyrir skoðun, sem í flestum tilfellum er ekki í öðru fólgin en því, að heilsa skipstjóranum og kveðja hann.

Þá er það að athuga við form þessarar till., að með henni er, svo langt sem hún nær, gerð gerbreyting á því, hver fer með úrskurðarvaldið í sóttvarnarmálum, frá því, sem er í frv. Samkv. frv. eru bæjarfógetar, sýslumenn eða umboðsmenn þeirra (í Rvík þó tollstjóri) sjálfkjörnir form. sóttvarnan. og jafnframt sóttgæzlumenn. Héraðslæknar eru sömuleiðis sjálfkjörnir í sóttvarnarn. Það er héraðslæknirinn, sem framkvæmir eftirlitið, hann er hinn sérfróði ráðunautur, en hann gefur hinsvegar ekki heilbrigðisvottorðið, heldur sóttgæzlumaður. Sóttgæzlum. „kontrólerar" lækninn, og þeir raunar hvor annan. Í því er mikil trygging fólgin, sem er nauðsynleg, þegar um eitthvað alvarlegt er að ræða. Samkv. brtt. verða læknarnir í Rvík og Vestmannaeyjum jafnframt sóttgæzlumenn og eiga að „kontrólera" sjálfa sig. Getur þetta að vísu vel blessazt, ef góðir menn eiga í hlut, en ef þeir væru kærulausir menn, gæti maður jafnvel átt á hættu, að þeir gæfu út heilbrigðisvottorð e. t. v. án þess að hafa farið um borð í skipið. Auk þess er á það að líta, að þegar skip lætur úr höfn, þarf það að taka skjöl sín hjá hlutaðeigandi yfirvaldi, svo að því er mjög hentugt og ómakslaust að taka um leið sóttgæzluskírteini það, sem frv. gerir ráð fyrir í 25. gr., að sóttgæzlum. láti í té. Ef héraðslæknirinn er sóttgæzlum., þarf þá að leita hann uppi bæði við komu og burtför. Játaði flm. þessarar brtt. í hv. Ed. fyrir mér, að þetta væri athugavert, og þyrfti lagfæringar við.

Því hefir verið haldið fram, að af hinu nýja fyrirkomulagi leiddi, að tvisvar yrði að jafnaði að fara til eftirlits út í aðkomuskip, og kæmi það sér einkum illa í Vestmannaeyjum. En það væri engin breyting frá því, sem nú tíðkast. Þegar skip kemur á höfn, hvort sem það er í Vestmannaeyjum eða annarsstaðar, vita menn sjaldnast, hvort það hefir áður komið við á hérlendri höfn eða ekki. Hafnsögumaður fer því út að skipinu, leitar sér upplýsinga, og sækir síðan

lækni, ef skipið hefir ekki komið á íslenzka höfn áður. Skv. ákvæðum frv. fylgir sóttgæzlum. hafnsögum., og ein eftirlitsferð er nægjanleg í flestum tilfellum.

Því hefir og verið mótmælt, að fyrirkomulag það, sem nú tíðkast, leiði tafir af sér fyrir skip í Vestmannaeyjum eða Rvík. Mér er kunnugt um, að af því hefir oft leitt miklar tafir fyrir skipin í Rvík, þótt læknirinn hafi orð fyrir að vera bæði samvizkusamur og ósérhlífinn. Tollverðirnir hafa sagt mér, að skip, sem koma að nóttu til, verði að öllum jafnaði að bíða þangað til kl. 8 að morgni. Það kemur og fyrir, að héraðslæknirinn er ekki heima, og getur þá orðið leit að lækni, sem gegna á fyrir hann. Hinsvegar eru tollverðirnir alltaf viðstaddir. Þeir eru við alla nóttina, og væri hið venjulega eftirlit falið þeim, þyrfti skipið ekki að tefjast neitt, nema í þeim fáu tilfellum, er sérstök ástæða þætti til læknisskoðunar.

Sannleikurinn er sá, að þetta mál mætir mótspyrnu af þeirri ástæðu einni, að læknar óttast að missa nokkurs í af tekjum sínum við breytingarnar, sem í frv. felst. Sá tekjumissir er þó yfirleitt ekki svo mikill, að ég telji ástæðu til að vorkenna þeim hann. Læknirinn í Vestmannaeyjum gerir mikið úr sínum tekjumissi, en þar stendur svo á, að flest skip koma þangið beinlínis í lækniserindum og út í þau skip fer hann eftir sem áður og hefir miklar tekjur af. Hinsvegar stendur sérstaklega á um héraðslækninn í Rvík. Þangað koma skip í margvíslegri erindum. Laun hans eru tiltölulega lág, með því að „praksis" hans er takmörkuð og miðuð við það, að hann hafi tekjur af skipaeftirliti, sem ekki á sér stað annarsstaðar. En hæstv. dómsmrh. hefir nú lýst yfir því, að hann muni bæta embætti hans, svo að hann missi ekki verulega í, þótt frv. verði að lögum. Með því að brtt. er borin fram af umhyggju fyrir þessum tveimur læknum, en ekki fyrir sóttvörnum, og hagur læknanna er ekki í neinni sérstakri hættu, vona ég, að hv. deild glæpist ekki á henni.

**Jóhann Jósefsson:** Hv. þm. Ísaf. vildi gera það að höfuðatriði hjá mér, að læknar missi ekki tekjur við breytinguna. Ég tók það fram, að þetta væri ekkert aðalatriði fyrir mér, þótt mér fyndist það skipta töluverðu máli. Það kemur fram hér sem víðar, að hv. þm. Ísaf. lætur sér ekkert sérlega annt um fjárhagslegan hag stéttarbræðra sinna (sbr. nýju gjaldskrána). Ég hefi, þótt leikmaður sé, talsvert mikla reynslu í því að taka á móti skipum. Sú reynsla bendir í þá átt, að ákvæði frv. dragi úr örygginu, og því vil ég ekki láta skemma þau nauðsynlegu fyrirmæli um læknisskoðun, sem eru í núgildandi lögum. Till. mín féll með eins atkvæðis mun við 2. umr., og það sýnir, að deildin stendur nálægt þessari skoðun. Vera má, að eftir nýju gjaldskránni verði læknisskoðun skipunum ódýrari en áður. Nú minnir mig, að læknirinn í Vestmannaeyjum fái 12 kr. fyrir að fara um borð í skip, og það lýsir lítilli þekkingu á staðháttum í Vestmannaeyjum að telja þetta of mikið gjald, þegar litið er á það vos og þær hættur, sem slíkum ferðalögum fylgir.

Hv. þm. spurði, hvernig skipstjórar ættu að vita, að sitt fyrirkomulagið væri notað á hverjum stað. Ef þetta er í lögum og skipstjórarnir þekkja þau, virðist málið liggja ljóst fyrir. Skipstjóra ætti ekki að vera vorkunn að þekkja þessi ákvæði.

Hv. þm. sagði ennfremur, að það kæmi fyrir, að héraðslæknirinn í Rvík væri ekki heima. En þó slíkt komi fyrir, veit ég ekki betur en að hann fái jafnan mann til að „vikarera" fyrir sig, svo að þetta er hreint enginn stuðningur fyrir hv. þm. Ísaf.

Hv. þm. segir, að Vestmannaeyjalæknirinn fari um borð eftir sem áður og missi því lítið af tekjum. En ef frv. verður að lögum, fer hann ekki um borð, nema hann sé sóttur. Þar er því mikill munur á.

Það er ljóst, hvað á milli ber. Hv. þm. Ísaf. telur eftirlit tollvarða og lögregluþjóna öruggt og vill ekki, að aðrar reglur gildi um Hafnarfjörð og Rvík en aðrar hafnir. Ég tel læknieftirlitið öruggara og vil a. m. k. undanskilja þessa tvo staði. Sóttgæzlan er greidd af skipunum sjálfum, svo að hér er ekki um sparnað á ríkisfé að ræða.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Mér skilst, að hér séu einkum tvö atriði, sem máli skipta. Hið fyrra er, hvort nægar varnir séu í því, að ólæknisfróðir menn framkvæmi skoðunina, og hið síðara, hvort læknar missi um of af tekjum sínum við breytinguna.

Stjórnin hefir farið eftir till. landlæknis í þessu máli, enda hafa læknar eigi mótmælt fyrirkomulagsbreytingunni. Um verulegan tekjumissi er ekki að ræða, nema hjá héraðslækninum í Rvík. En bæði ég og landlæknir hafa lýst yfir, að honum yrði bættur sá missir, enda myndi ég ekki vilja verða til að setja fram lög, er gerðu nokkrum rangt til. Ég mun því greiða atkv. á móti brtt.

**Vilmundur Jónsson:** Mér þykir það koma í skakkan stað niður að bregða mér um, að hin nýja gjaldskrá, sem ég hefi samið fyrir héraðslækna, sé hörð í garð þeirra. Ég veit ekki betur en að hún hækki ákvæði gömlu gjaldskrárinnar þrefalt, fjórfalt og jafnvel meira en það. Samkv. henni eiga læknar m. ö. o. að fá þrisvar til fjórum sinnum meira fyrir störf sín en þeim var áskilið eftir gömlu gjaldskránni. Ákvæði þessa frv. eru ekki heldur hörð í garð læknanna. Fyrir skoðun skipa undir 60 smálestum er gjaldið 4 kr. og hækkar svo upp í 6 og 10 kr., eftir stærð skipanna. Þetta er að vísu lægra en ákveðið er í l. frá 1923, en samkv. frv. á einnig að greiða þeim fyrir ferðirnar út í skipin samkv. gjaldskrá héraðslækna. Fá þeir því yfirleitt varla miklu minna fyrir hverja eftirlitsferð en áður, og stundum jafnvel meira.

Mönnum er e. t. v. ekki ljós munurinn á heilbrigðisvottorði og sóttgæzluskírteini. Um heilbrigðisvottorð eru óbreytt ákvæði í frv. frá því, sem er í gildandi lögum. Sóttgæzluskírteini er allt annað. Það eru upplýsingar um heilsufar á hafnarstaðnum, sem skipstjórinn á að sýna, er hann kemur til annars lands. Það fær hann hjá sóttgæzlum. og er þá einkar heppilegt, að hann sé sá embættismaður, sem hann þarf að sækja skipsskjöl til hvort sem er.

Hv. þm. Vestm. sagði, að héraðslæknirinn í Rvík hefði staðgöngumann, er hann væri fjarverandi. Þetta er rétt, en þó er það ekki einhlítt, því að sá staðgöngumaður getur verið í lækningaerindum úti í bæ, þegar skip koma í höfn, og eru því meiri líkur til, að hann sé önnum kafinn, er hann á að gegna tvöföldum störfum. Reynslan hefir sýnt, að gamla fyrirkomulagið hefir orðið skipunum óhagkvæmt án þess að vera megnugt að auka öryggi sóttvarnanna. Og það er ekki annað en fjarstæða að ætla að fara að spilla frv., sem ég ætla, að sé nú sæmilega úr garði gert, með því að fella inn í það ákvæði um, að sín sóttvarnarlögin gildi á hverjum stað. Enginn myndi „respektera" slíka löggjöf, sem ekki væri von, því að í henni væri ekki heil brú.

**Jóhann Jósefsson:** Það voru leidd rök að því í Ed., að hér er ekki um neitt ósamræmi að ræða. Rvík og Vestmannaeyjar eru þeir staðir, sem langsamlega flest skip hafa viðkomur á. Hafnarfjörður er t. d. ekki hálfdrættingur á við Vestmannaeyjar. Ég ætla, að ég sé eins kunnugur skipakomum og hv. þm. Ísaf., þótt ég sé ekki læknislærður.

Út af þeim ummælum hæstv. dómsmrh., að aðeins einn læknir tapaði verulega við þessa lagasetningu, vil ég lesa skeyti, sem allshn. hefir borizt frá héraðslækninum í Vestmannaeyjum:

„Vegna frv. til l. um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins, sem afnemur fastar sóttvarnarferðir héraðslækna, óskast aðstaða mín og tekjurýrnun athuguð af nefndinni. Tekjur síðasta ár tæpar 5 þús. kr. fyrir utan praksis, sum árin meira, sum minna síðan mér var veitt embættið.

Héraðslæknir".

Í samtali við skrifstofu Alþingis upplýsti héraðslæknirinn, að skipatekjur sínar næmu 5000 kr. árlega. Enda veit ég, að það er almennt álit manna í Eyjum, að héraðslæknirinn hafi mikinn hluta af tekjum sínum fyrir læknisskoðun á skipum. Ef þetta er ekki veruleg tekjuskerðing, hljóta tekjur lækna yfirleitt að vera hærri en ég hefi ætlað. Ég ætla, að hæstv. dómsmrh. hafi ekki verið þessir málavextir kunnir, er hann flutti ræðu sína áðan.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það er rétt hjá hv. þm. Vestm., að mér koma þessar upplýsingar hans nokkuð á óvart. Ég man ekki betur en að hv. þm. segði í umr. um þetta mál áður, að læknirinn myndi oftast fara út í skipin, enda þótt þetta frv. yrði að lögum. En verði einhverjum gerður fjárhagslegur óréttur með lögunum, tel ég skylt að bæta það. Ég tel nú víst, að læknirinn í Vestmannaeyjum haldi sinni praksis eftir sem áður í skipunum, þó aðrir annist skoðunina. Mér þykir líklegt, að héraðslæknirinn sitji fyrir því starfi.

ATKVGR.
Brtt. 747,1 felld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, JÓl, LH, MJ, PHalld, SvÓ, BJ, HJ.
nei: IngB, JónasÞ, MG, PO, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HG, HV, JörB.
Tveir þm. (ÓTh, ÁÁ) fjarstaddir.
Brtt. 747,2 tekin aftur.
Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 755).

## 23. Sóttvarnir innanlands.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma** (stjfrv., A. 17).

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Gildandi lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma eru frá 1907 og því 25 ára gömul. Aldur laga er tiltölulega sjaldan meiri, og venjulega miklu styttri. Á 25 árum breytist margt, ný sannindi koma í ljós og rás viðburða gerir það nauðsynlegt, sem áður var ónauðsynlegt, eða það ónauðsynlegt, sem áður var nauðsynlegt. Um þessi lög frá 1907 er það að segja, að landlæknir hefir talið, að nauðsynlegt væri að yngja þau upp og breyta þeim að sumu leyti, vegna breyttra kringumstæðna, og hefir hann því samið þetta frv., sem hér er til meðferðar. Í aths. þess er gerð grein fyrir meginbreytingunum, og mun ég ekki rekja þær allar hér.

Í frv. þetta er tekið upp það nýmæli, að einstök byggðarlög megi af sjálfsdáðum reyna að verjast sjúkdómum, sem ekki eru fyrirskipaðar varnir gegn almennt. Um þetta eru engin ákvæði í lögum nú, en þó hefir þetta tíðkazt nokkuð og sumstaðar gefizt vel. Þetta virðist rétt að lögheimila, en þó því aðeins, að þeir, sem sóttvarnirnar vilja hafa, verða sjálfir að greiða kostnaðinn.

Þá eru og í frv. miklu ýtarlegri ákvæði en í gildandi lögum um hina svonefndu smitbera næmra sjúkdóma, þ. e. fólk, sem smitar frá sér án þess að vera sjálft veikt svo að á beri. Slíkt fólk er að sjálfsögðu geysihættulegt, eða getur verið það. Landlæknir telur, að kunnugt sé um eða sterkur grunur á 20 slíkum smitberum í landinu. Þetta fólk verður ríkið að annast að meira eða minna leyti, og hefir þegar verið farið inn á þá braut eftir heimild í lögum nr. 14 31. maí 1927.

Ég bið það athugað, að í 18. gr. frv. er prentvilla. Þar stendur: „lög nr. 24 31. maí 1927“ en á að vera: lög nr. 14 31. maí 1927. Þetta vona ég, að hv. allshn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, leiðrétti.

Ég legg svo til, að þessu máli verði vísað til þeirrar nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, 62, n. 236).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Í n. var lítill ágreiningur um þetta mál, og hafði hún ekki hugsað sér að gera við það nokkrar brtt., en hv. þm. Ísaf., sem líka er landlæknir, gerði við það brtt. á þskj. 62. Þær brtt. voru ræddar í n. og gat n. fallizt á þær og leggur til, að þær verði samþ. — Fleira hefi ég ekki um málið að segja fyrir n. hönd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16. shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 62,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
9.—15. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 62,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 260).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 260).
Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 260, n. 355).

**Frsm. (Magnús Torfason):** N. hefir athugað þetta frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. Þó höfum við nm. borið fram brtt. við frv. Eru það mest orðabreyt., sem miða til þess að færa frv. til betra máls. En þó er 3. brtt., a-liður, dálítið meira en orðabreyting. Upphaf 16. gr. frv. er eins og það er nú nokkuð víðtækt. Þar stendur, að ríkissjóður skuli greiða allan þann kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem gerðar verða samkv. lögum þessum. Þetta er of vítt og gæti valdið misskilningi. Vitanlega geta ýmsir menn orðið fyrir miklu tjóni vegna slíkra ráðstafana, t. d. ef setja þyrfti menn í sóttkví, en það er vitanlega ekki tilætlunin, að ríkissjóður beri það. Þess vegna leggur n. til, að upphaf þessarar gr. skuli orða þannig, að allan kostnað við opinberar ráðstafanir samkv. lögum þessum skuli greiða úr ríkissjóði.

Ennfremur skal ég geta þess, að í 16. gr. er vísað til ýmissa fyrri gr. frv., en þær tilvitnanir eru undantekningarlaust skakkar. Stafar það af því, að nýrri gr. hefir verið bætt í frv., og við það raskaðist greinatalan, en ekki gætt þess, að breyta tilvitnunum um leið. Við litum svo á, að þetta stafaði einungis af óaðgæzlu og höfum beðið skrifstofuna að laga þetta, þegar frv. verður prentað upp eftir þessa umr.

Fleira þarf ég ekki að segja um þetta mál að svo stöddu. Það hefir verið gerð grein fyrir því við 1. umr., og n. lítur svo á, að það horfi til nokkurra bóta að ýmsu leyti og sóttvarnarlöggjöfin verði þar með betri en áður, svo sem líklegt er, þar sem l., sem hér er verið að breyta, eru meira en 25 ára gömul.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 355,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 355,2.a samþ. án atkvgr.
— 355,2.b samþ. með 12 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 355,3.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 355,3.b samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 391).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 391).

Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 756).

## 24. Ríkisborgararéttur.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt: **Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar** (stjfrv., A. 14).

Á 6. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um að veita ríkisborgararétt 3 mönnum, sem þess hafa óskað og sent skilríki, er hafa þótt fullnægjandi. Síðan frv. var samið hefir mér borizt beiðni frá 4. manninum, norskum, og mun ég afhenda þá beiðni með fskj. þeirri n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar.

Ég legg til, að málinu verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 543).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Ég skal aðeins skýra frá því, að allshn., sem hefir haft þetta frv. til athugunar, hefir fengið fullkomin skilríki fyrir því frá þeim manni, sem hér um ræðir, að hann fullnægir þeim skilyrðum, sem venja er að krefjast til þess að hljóta ríkisborgararétt. Hefir n. ekkert við það að athuga og getur fyrir sitt leyti lagt það til, að frv. verði samþ. á þann hátt, sem n. hefir orðað það um á þskj. 543.

ATKVGR.

Brtt. 543 (ný frvgr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 576).

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 576, n. 662, 708).

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Allshn. hefir athugað frv. eins og það kom frá Ed. og breytt því nokkuð. Vantaði að geta um starf og heimilisfang þessara manna, sem hér um ræðir, en það er vanalega látið fylgja og þykir skýrara og gleggra. N. hefir fellt niður einn þeirra manna, sem Ed. hefir samþ. Hann er ekki búinn að vera hér á landi nema síðan 1930, og fannst n. ekki ástæða til að veita honum ríkisborgararétt fyrr en hann hefði dvalið hér a. m. k. 5 ár, enda hefir það ekki verið venjan. Núna í dag barst n. ný umsókn fyrir þann mann, sem getur um á þskj. 708. Knud Olai Jakobsen hefir verið hér á landi í 12 ár samfleytt, svo að ekki er ástæða til annars en að taka umsóknina til greina. Hv. 2. þm. Rang. vildi ekki samþ. suma þá, sem n. lagði til, að veittur yrði ríkisborgararétt-

ur, og gerir hann að sjálfsögðu grein fyrir því.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég gat ekki orðið hv. samnm. mínum samferða um alla mennina, en ég hefi ekki haft enn tíma til að bera fram brtt. við frv., en mun gera það við 3. umr.

Ég tel ekki rétt, að sú braut sé farin, að veita ríkisborgararétt hverjum, sem um sækir, án tillits til þess, hversu lengi hann hefir dvalið hérlendis, og án tillits til þess, hvort hann hefir afsalað sér ríkisborgararétti annarsstaðar, eða hvort hann hefir lært að tala málið og skilja það. Erlendis er ríkisborgararéttur ekki veittur fyrr en viðkomandi hefir dvalið svo lengi í landinu, að hann hafi samið sig að siðum þjóðarinnar og lært málið. Tunga vor verður vart lærð af ómenntuðum almúgamönnum svo að lýtalaust sé á skömmum tíma, enda er það svo um fjöldamarga af þeim útlendingum, sem hér hafa dvalið 3—5 ár, að þeir kunna ekkert í málinu, að undanteknum örfáum. Ég tel 8 ár skemmstan tíma fyrir útlending til þess að læra málið á, svo að hann geti notfært sér það í ræðu og riti, og til þess að semja sig að siðum og háttum þjóðarinnar. Þess vegna mun ég bera fram brtt. við 3. umr. um að veita ekki mörgum þessara manna ríkisborgararétt fyrr en þeir hafa dvalið hér á landi í 8 ár. Ég sé ekki ástæðu til að veita ríkisborgararétt svo mörgum á þessu ári, að lítt rannsökuðu máli.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég vil aðeins geta þess út af ummælum hv. 2. þm. Rang., að allir þessir menn, sem um getur í frv., hafa vottorð um að geta talað og skrifað málið. Það er vitanlega ómögulegt fyrir allshn. að rannsaka þetta í einstökum tilfellum, því að hún hefir ekki mennina við hendina. Þar að auki hafa engir þeirra dvalið hérlendis skemur en 5 ár, og sumir miklu lengur. Þeir eru flestir giftir íslenzkum konum og eiga börn með þeim. Það virðist ekki ástæða til að vera að halda ríkisborgararétti fyrir þessum mönnum, ef þeir eru ekki neitt sérstaklega athugunarverðir. Auk þess hefir það verið regla að veita þeim mönnum ríkisborgararétt, sem dvalið hafa hér 5 ár eða lengur. Það væri því misrétti gagnvart þessum mönnum að neita þeim um þann rétt, sem öðrum hefir verið veittur undir nákvæmlega sömu kringumstæðum.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Eins og kunnugt er, hafa verið búin til eyðublöð, sem þeir menn verða að útfylla, sem vilja öðlast ríkisborgararétt. Þar eiga að koma fram upplýsingar, er sýna allt það, sem krafizt er sem skilyrði fyrir því, að útlendir menn geti öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt. Geri ég ráð fyrir því, að n. hafi gætt þess, að þau skilyrði hafi verið uppfyllt eða séu fyrir hendi. Eitt, sem ónákvæmt er í þeim l., er um þetta fjalla, er það, hve mörg ár útlendingar þurfi að dvelja hér í landi áður en þeir geti öðlazt þennan rétt. Þetta mun vera nokkuð mismunandi hjá hinum ýmsu þjóðum. En það er rétt hjá hv. frsm., að hér hefir 5 ára dvöl verið látin nægja. Tel ég það hæfilegt og naumast réttlátt að heimta lengri dvöl. Þeir menn, sem búnir eru að dvelja hér 5 ár, eru oftast giftir íslenzkum konum, rita og tala íslenzku og munu naumast hverfa héðan aftur. Hvers vegna á þá að vera að neita þeim um þennan rétt? Með ríkisborgararéttinum öðlast þeir kosningarétt hér og framfærslurétt. Ég tel ekki rétt að kippa að sér hendinni um veitingu þessa réttar nú né sanngjarnt að heimta lengri tíma. Ég veit heldur ekki, hvað vakir fyrir hv. 2. þm. Rang. með því að vilja lengja dvalartímann, né heldur hve langan hann vill hafa hann.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég tók það fram áðan, að hæfilegur dvalartími væri sá, sem útlendingar þurfa til að læra málið. Og til þess væri ekki ætlandi minna en 8 ár, sem lágmark þó. — Hvað þeim vottorðum viðvíkur, sem heimtuð eru og gefin eru af ýmsum mönnum, þá vita víst allir, hve ábyggileg þau eru. Ég hygg, að allir hv. þdm. kannist við það, hversu góða íslenzku ýmsir þeir tala og rita, sem fengið hafa þó slík vottorð og vegna þeirra íslenzkan ríkisborgararétt. Flestir þessara manna munu að vísu skilja málið að einhverju leyti, en fæstir

tala það eða skrifa svo nokkurt lag sé á. Það er því nauðsyn að skerpa eftirlitið, fyrst og fremst með innflutningi erlendra manna og þá einnig um, að þeir fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Á þessu hefir áreiðanlega orðið misbrestur hingað til.

Hvað því viðvíkur, sem hv. frsm. sagði, að þessir menn allir hefðu dvalið hér meira en 5 ár, þá mun það vera svo, að 4 af þessum 13 mönnum hafa dvalið hér lengur en 6 ár. En hinir allir eru innfluttir á árunum 1927—1929, að því er ég bezt veit. Það er nauðsynlegt að skerpa eftirlitið með innflutningi útlendinga, og eins að lengja skilyrðin um dvalartíma, því það er ekki á nokkurn hátt rétt og alveg ástæðulaust að veita útlendingum íslenzk borgararéttindi í hópatali.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég get tekið undir það, að lítið eftirlit hefir verið haft með innflutningi útlendinga að undanförnu. En nýlega hafa verið gerðar ráðstafanir til að skerpa þetta eftirlit, og mun það því verða strangara eftirleiðis. Ef þingið vill miða veitingu ríkisborgararéttar við það eitt, hversu umsækjendur tala vel og rita íslenzku, þá eru 8 ár enginn algildur mælikvarði um það. Sumir útlendingar ná þessu aldrei svo vel sé, en aðrir á miklu skemmri tíma. Ég skal t. d. upplýsa það, að nr. 2 í frv., Bjarni Ágústsson, sem fluttur er hingað frá Noregi og hefir dvalið hér 3 ár, talar svo vel íslenzku, að varla er hægt að heyra annað en að þar sé um innfæddan mann að ræða. Hann fullnægir því áreiðanlega því skilyrði, að tala íslenzka tungu, þótt ekki sé hann búinn að dvelja hér lengur en þetta. Hv. þm. taldi, að vottorðin væru óábyggileg. Það er þó ekki hægt eftir öðru að fara fyrir þingið. Og það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að skilríkir menn gefi röng vottorð um þetta efni. Annars er það enginn mælikvarði á það, hversu góður þegn maðurinn er, hversu vel honum gengur að læra málið. Það veitist mörgum útlendingum erfitt að læra okkar mál, svo þeir geti talað það lýtalaust, einkanlega þó Dönum.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að 8 ár er enginn algildur mælikvarði um þann tíma, sem útlendingar þurfa til að læra okkar mál. En það er þó meiri trygging fyrir því, að þeir læri það á 8 árum en t. d. 5 árum, þótt undantekningar séu um, að menn læri það á skemmri tíma. Og mér finnst ekkert óréttmætt, þótt dvalartíminn sé ákveðinn 8—10 ár.

Þótt kallað sé, að vottorð skilríkra manna fylgi, þá eru þess þó mörg dæmi, hversu réttur sá hluti vottorðsins er, sem vottar það, að umsækjandi tali og riti íslenzka tungu. Það er að vísu rétt, að tungumálakunnátta er ekki algildur mælikvarði um það, hversu góður þegn maðurinn er. En það gæti reynzt hættulegt máli voru, ef útlendingum er hleypt takmarkalaust inn í landið og síðan veittur ríkisborgararéttur, áður en hægt er að segja, að þeir geti bjargað sér í málinu. Með því er líka tekið frá þeim það aðhald, sem þeir annars hafa um að læra málið vel. Um þetta eru miklu strangari reglur erlendis, og er ástæðulaust fyrir okkur að vera vægari í þessu efni en tíðkast annarsstaðar.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég vil taka það fram, að enginn þessara umsækjenda, sem n. leggur til, að veittur verði ríkisborgararéttur, hefir dvalið hér skemur en 5 ár. Ég hefi athugað það, með því að fara í gegnum allar skýrslur, er umsóknunum fylgdu, með þetta fyrir augum. Það er að vísu ein undantekning, sem er Brynjólfur Björnsson, sonur Andrésar heit. Björnssonar. Ég hefi nú ekki athugað, af hverju hann hefir tapað sínum réttindum hér, þar sem hann er fæddur af íslenzku foreldri. Er undarlegt, að hann skuli vera að sækja um þetta nú, nema því aðeins, að hann ætli sér að setjast hér að.

ATKVGR.

Brtt. 708 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 662, (ný frvgr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 718, 724).

**Jóhann Jósefsson:** Vegna þess að ég veit, að stjórnarráðið er að láta undirbúa umsókn til allshn. um ríkisborgararétt manns, sem lengi hefir verið í Vestmannaeyjum og hefir sótt um ríkisborgararétt, en ekki á formlegu blaði, vildi ég spyrja hv. frsm. n., hvort hann gæti ekki fallizt á, að málið yrði tekið út af dagskrá að þessu sinni, svo tækifæri gefist til að koma með brtt. um þessa umsókn.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að málið sé tekið út af dagskrá að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Nd., 22. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að þetta mál verði tekið út af dagskrá nú. Það er enn um 2 menn að ræða, sem sækja um ríkisborgararétt, en eru ekki búnir að afhenda skjöl fyrir umsóknum sínum til allshn. Verður það gert á morgun, og tekur n. þau þá til athugunar.

Umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., 23. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 718, 724, 764).

**Sveinbjörn Högnason:** Við 2. umr. skýrði ég frá því, að ég myndi flytja hér brtt., þar sem ég gat ekki orðið meðnm. mínum samferða um afgreiðslu málsins. Það hefir hingað til verið venja að veita mönnum ríkisborgararétt, þótt þeir væru ekki búnir að dvelja hér nema skamman tíma, enda hefir lítið eftirlit verið með innflutningi manna til landsins. En slíkt eftirlitsleysi dugir ekki í framtíðinni, né heldur það, að gefa mönnum ríkisborgararétt, þó að þeir hafi ekki dvalið hér nema fá ár.

Annarsstaðar verða menn að hafa dvalið í landinu mörg ár til þess að geta hlotið ríkisborgararétt. Sérstaklega á þetta við um England.

Einkum verður að gera ráð fyrir því, að menn dvelji svo lengi í landinu, að þeir geti talað málið. Flestir útlendingar eru ekki búnir að læra íslenzkuna fyrr en eftir 8—10 ár. Brtt. mín gengur því út á það, að einungis þeir fái ríkisborgararétt, sem dvalið hafa hér 8 ár. Hefi ég því fellt þar niður hina, sem skemur hafa dvalið hér á landi, af þeim, sem meiri hl. allshn. hefir tekið upp. 3 hafa dvalið hér síðan 1927, 1 síðan 1928 og 1 síðan 1929. Ég held, að meðan ekki er komið á öruggara eftirliti með innflutningi útlendinga, þá sé ekki annað hægt að gera en að ákveða einhvern lágmarks árafjölda. En þegar þetta eftirlit er komið, þá er meiri trygging fyrir því, að nákvæmar upplýsingar fáist um þessa menn, og má þá í hverju tilfelli athuga, hvort ekki er hægt að stytta tímann eitthvað.

**Guðbrandur Ísberg:** Þar sem hv. frsm. er ekki við, þá vil ég hlaupa undir bagga og mæla með brtt. meiri hl. allshn. á þskj. 764. Er þar lagt til að veita ríkisborgararétt Birni Franzsyni, sem er fæddur í Noregi af íslenzkri móður, en norskum föður, og fluttist hingað fjögurra ára gamall. Hann hefir alizt hér upp og fengið menntun sína í íslenzkum skólum og talar íslenzku; hún er hans móðurmál. Þá er á sama þskj. farið fram á ríkisborgararétt handa öðrum manni, Hermannsen vélstjóra, sem er fæddur í Noregi, en fluttist hingað 1926 og hefir dvalið hér í 7 ár. Hann er giftur íslenzkri konu, og eiga þau börn saman.

Það hefir verið venja að amast ekki við því, að útlendingar, sem hér hafa verið í 5 ár og eiga íslenzkar konur, fái ríkisborgararétt. Þykir það hart, ef slíkur maður fellur frá, að konan sé þá ríkisborgari annars lands, þó að hún kunni e. t. v. ekki einu sinni mál þeirrar þjóðar. Þegar maður er búinn að vera hér svo lengi sem þessi, þá sé ég ekki ástæðu til að synja honum um ríkisborgararéttinn. Að því, er snertir aðrar till. n., þá eru þar teknir menn, sem dvalið hafa hér 5 ár eða lengur, en sleppt 2, sem skemur

hafa dvalið, en voru þó teknir með í till. allshn. Ed.

ATKVGR.

Brtt. 724 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JónasÞ, PO, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, BÁ, BKr, JörB.

nei: JJós, JÓl, MJ, PHalld, StgrS, TrÞ, VJ, GÍ, HStef, HJ, HV.

8 þm. (IngB, LH, MG, ÓTh, ÁÁ, BJ, BSt, HG) fjarstaddir.

Brtt. 764,a samþ. með 18 shlj. atkv.

— 764,b samþ. með 14:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., 24. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 773).

Á 81. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 846).

---

## 25. Verðtollur (framlenging).

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

**Frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll** (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég legg til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til fjhn. og 2. umr.

**Jón Baldvinsson:** Það hefir að undanförnu staðið stríð um framlengingu verðtollsins. Á þingi 1931 var frv. haldið föstu í Ed. um nokkurt skeið, en síðan samþ., þegar samkomulag komst á milli Sjálfstæðisfl. og Framsóknarfl. um skipun mþn. í kjördæmaskipunarmálinu, en eins og kunnugt er, þá varð enginn sameiginlegur árangur af starfi þeirrar n. Á síðasta þingi beið þetta frv. um langt skeið óleyst í þessari d., og var það vegna stjórnarskrármálsins. Þegar það var svo loks samþ. af þessum tveimur samvinnuflokkum, Sjálfstæðisfl. og Framsóknarfl., þá sögðust sjálfstæðismenn gera það með því skilyrði, að stj. legði fram á næsta þingi till. um lausn á kjördæmaskipunarmálinu. Af því að það voru tveir flokkar þingsins, Alþfl. og Sjálfstfl., sem stóðu á móti framgangi þessa frv. bæði í fyrra og raunar líka á þingi 1931, þótt ástæðan til þeirrar mótspyrnu væri ekki sú sama hjá báðum flokkunum, þá vil ég nú spyrja, ekki stj., heldur formann Sjálfstfl., hvort von sé til, að stjórnarskrármálið verði leyst á þann hátt, sem krafizt var á síðasta þingi og sett var sem skilyrði fyrir framgangi verðtollsins. Ég spyr þessa nú af því, að þetta frv. kemur svo óvenjulega snemma, á fyrsta fundi, sem d. tekur mál til meðferðar. Það virðist því, að það eigi að hraða frv., en hinsvegar sést ekki enn bóla neitt á frv. um breyt. á kjördæmaskipuninni. Þess vegna vænti ég þess, að hv. 1. landsk. svari þessari fyrirspurn minni.

**Jón Þorláksson:** Ég finn ekki ástæðu til þess beinlínis að svara fyrirspurn hv. 2. landsk. nú á þessari stund, en ég kvaddi mér hljóðs jafnsnemma og hann til þess að skýra frá því, að Sjálfstfl. hér í d. hefir falið mér að bera fram þau ummæli í sambandi við þetta mál, að í því trausti, að stj. leggi á næstu dögum fyrir þingið frv. til breyt. á stjskr., er feli í sér tryggingar fyrir því, að Alþingi verði rétt mynd af skoðunum og vilja kjósendanna í landinu, vill Sjálfstfl. hér í d. greiða fyrir því, að þetta frv. gangi til 2. umr., en geymir sér að öðru leyti óbundna afstöðu til málsins og annara skattamála við síðari umr., þar til séð verður um undirtektir Alþingis í stjórnarskrármálinu.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég vil lýsa því yfir f. h. stj., að í næstu viku verður lagt fram frv. til breyt. á stjórnskipunarlögunum. Um hitt get ég

ekkert sagt, hvort þm. eða þingflokkar verða ánægðir með þær till. Ég lýsti því yfir í lok síðasta þings, að slíkar till. yrðu gerðar af stj. Ég hefi allan huga á því að vinna að farsælli lausn þessa máls, en hvort eða hvenær það tekst, veit ég auðvitað ekki. Ég sagði í fyrra, að ég sæi ekki, hvert samband væri á milli kjördæmaskipunarmálsins og þessara tollalaga, og um það hefi ég sama hugarfar enn, enda hygg ég, að nú sé svo margt aðkallandi, að ekki sé vert að tengja um of saman óskyld mál.

**Magnús Torfason:** Með skírskotun til ummæla hv. 1. landsk. vil ég óska þess, að málið verði látið ganga til 2. umr. nefndarlaust.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þetta frv. hefir oft legið áður fyrir þinginu og er því alkunnugt. Ég get því fallizt á það hjá hv. 2. þm. Árn., að frv. hafi litið erindi í n. að þessu sinni og tek því aftur till. mína um það, að málinu verði vísað til fjhn. (**JónÞ:** Ég legg til, að frv. verði vísað til fjhn.).

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv., Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 7:6 atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Við 1. umr. þessa máls skýrði ég frá því f. h. Sjálfstfl. hér í þd., að við mundum greiða fyrir því, að þetta mál gengi til 2. umr., í því trausti, að stj. legði þá á næstu dögum fyrir þingið frv. til breyt. á stjskr., sem fæli í sér þá tryggingu, að Alþ. yrði rétt mynd af skoðunum og vilja kjósendanna í landinu. En við áskildum okkur að öðru leyti óbundnar hendur um þetta mál, þar til séð yrði um undirtektir Alþ. um stjskrmálið. En nú er ekkert um það séð ennþá. Ég vil aðeins bæta við þessa áður gefnu yfirlýsingu, að við munum ekki leggjast á móti því, að þetta mál gangi til 3. umr., en geymum okkur endanlega afstöðu til þessa máls samkv. því, sem áður var tekið fram og ég nú hefi rifjað upp.

Það komu fram af hálfu hæstv. forsrh. í sambandi við þessi ummæli við 1. umr. þessa máls nokkur orð, sem ég hugsaði mér að svara á sínum tíma, en ég tel það frekar eiga heima við 3. umr. Get því látið það falla niður að þessu sinni.

**Jón Baldvinsson:** Það hafa nú farið fram samningar milli stjórnarflokkanna um að láta þetta mál ganga til 3. umr., eins og auðheyrt var af ræðu hv. 1. landsk. Ég get vitanlega ekkert við því sagt, þó að þeir komi sér saman um það, þó að manni virðist það að sumu leyti koma í bág við það, sem Sjálfstfl. hefir áður látið í ljós um þessi mál. Ætli svo verði ekki samningar um það, að sleppa því til Nd. Og þá hefir stj. það í hendi sér að afgreiða það sem lög frá Alþ., því að þar hefir hún svo öflugan meiri hl., að hún getur látið málið ganga fram þar án aðstoðar frá öðrum flokkum. En að sleppa málinu til 3. umr. skilst mér verði til þess að seinka stjskrármálinu, því að það er æfinlega svo, að þegar fer að líða á þing — og þetta þing er nú orðið nokkuð langdregið og aðgerðalítið —, þá fara þm. að tala um það, að nú sé um að gera að fara að komast heim, og skilja við sem flest mál í ólestri.

Ég get lýst því yfir viðvíkjandi þessu frv., að bæði ég og flokksbræður mínir hér á þingi munum greiða atkv. á móti því, bæði af „princip"ástæðu og eins af því, að við teljum, að stj. eigi ekki að fá slík tekjufrv. meðan haldið er rétti mikils meiri hl. kjósenda þjóðarinnar um að hafa áhrif á stjórn landsins. Það má vel vera, að slík tollastefna, sem felst í þessu frv., hafi meiri hl. Alþ., en þá er eðlilegast, að það sé samþ. af þm., sem væru kosnir af þjóðinni allri, en ekki nokkrum hluta hennar. Mun ég því halda fast við skoðun mína í þessu máli.

Þessi verðtollur verður ekki til annars en að auka dýrtíðina í landinu og viðhalda erfiðleikum þeirra stétta, er nota vöruna, sem þessi tollur er lagður á, og því fremur sem nú kemur aukinn verðtollur, sem nú er í uppsiglingu í Nd., og kemur hingað innan skamms. Það verður til þess að gera ennþá erfiðara þeim, sem nú eiga erfiðast.

Ennþá bólar ekki á því, að þetta fé, sem

stj. á að fá til meðferðar, eigi að nota til þess að styrkja þá stéttina, er mest stendur höllum fæti, nefnilega verkalýðsstéttina, vegna hins gifurlega atvinnuleysis undanfarandi ára, heldur þvert á móti var við umr. fjárl. í Nd. felld till., sem fól í sér fjárveitingu til atvinnubóta handa þeim, sem erfiðast eiga uppdráttar.

Ég vísa aðeins til þess, sem áður hefir verið sagt af okkar hálfu um verðtollinn, og greiði atkv. á móti þessu frv., og eins því, sem næst er á dagskránni í dag (frv. um gengisviðauka).

Að lokum get ég ekki stillt mig um að vísa til ummæla hæstv. forsrh., þar sem hann talaði um, að hann vonaðist eftir því, að stjskrfrv. færi nú að ganga fram, því nú væri verið að vinna að því. En það er sú vinna, sem gengur seint, því að það hefir ekki tekizt á 11 vikum að koma á samkomulagi um málið, og það lítur út fyrir, að það sitji fast þrátt fyrir vinsamleg ummæli hæstv. forsrh. og góðan vilja til þess að koma því áleiðis.

Það virðist svo sem flokkur hans standi þar svo örðugur, að hann fái þar engu um ráðið, nema að það komi til, að ekki séu allir sjálfstæðismenn einlægir í því að halda þessu máli til streitu.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** [óyfirl]: Hv. 2. landsk. finnst nú ganga nokkuð ört og vill nú leggja lið sitt til þess að stöðva mál, sem ekki er hægt að stöðva á þessu þingi, ef sjá á fyrir þörfum ríkisins.

Í sambandi við þetta mál og næsta mál á dagskránni vil ég geta þess, að ekki verður hjá því komizt að framlengja þessa skatta frekar en áður hefir verið. Það ber engin nauðsyn til þess að nota þau til þess að stöðva, því að mörg önnur mál, sem fyrir þinginu liggja, má nota í þeim tilgangi, ef meiri hl. annararhvorrar deildarinnar telur nauðsyn bera til slíks. Ég vil segja, að óheppilegra sé að nota þessi mál til þess að stöðva en mörg önnur nýrri, er á dagskrá hafa komið.

Hv. 2. landsk. sagði, að ekkert bólaði á því, að nota ætti neitt af þessum tolli til þess að styrkja verkalýðinn. Í núgildandi fjárl. er heimild til atvinnubóta, sem verður 330 þús. kr., ef peningar eru fyrir hendi, og lána má önnur 330 þús. bæjar- og sveitarfélögum, ef þau hafa ⅓ til að leggja á móti. Þessar heimildir er ekki hægt að nota nema svona tollar verði framlengdir. Þó er hæpið, hvað miklu fé er hægt að verja til þeirra, þó að stj. væri öll af vilja gerð að nota þessa heimild. Hv. 2. landsk. þyrfti því ekki nema þessa núgildandi heimild til næstu áramóta, til þess að fylgja framlengingu þessara mála, sem hér um ræðir. Með því að leggja lið sitt til þess, að svona tollar falli úr gildi, dregur hv. þm. úr öllum möguleikum til þess, að hægt sé á sínum tíma að nota slíkar heimildir. Að því er snertir ráðstafanir til næsta árs, þá er það vitanlegt, að við sjáum ekki svo langt fram í tímann, að við getum dæmt um atvinnubótaþörf næsta árs. Ég hygg, að ekki sé óheppilegt af þessu þingi að leggja það á vald næsta þings, sem byrja á eftir næstu áramót, því að sú heimild, sem nú er fyrir hendi, gildir til áramóta. Þess vegna er ekki nauðsynlegt að gera slíkar ráðstafanir nema fyrir tímann til næsta þings, í byrjun næsta árs, því að það tekur ákvarðanir um þetta mál.

Með stjskr.málið gengur eins og svo oft með önnur stórmál, sem komin eru í burðarliðinn, að samkomulag fæst ekki fyrr en á síðustu stundu.

Ég mun ekki tala frekar um þetta mál en ég gerði í gær, en ég hugsa, að stj. álíti, að á þessu þingi þurfi að afgr. kreppumál landbúnaðarins, sem fyrir Nd. liggja, og skattafrv., sem eiga að svara til kreppuráðstafananna, ekki eingöngu að fjárupphæðinni til, heldur líka að eðlismun, þannig að skatturinn verði ekki heimtur af þeim, sem á að hjálpa, því að það eru ekki bændurnir frekar en aðrir, sem geta dregið sjálfa sig á hárinu upp úr mýrinni.

Ef þingið lýkur þeim viðfangsefnum, sem fyrir því liggja, þá getur hv. þm. ekki kvartað yfir því, að það hafi verið aðgerðalaust. Með vissu er ekki hægt að segja það á þessu stigi, en ég tel engu minni von nú en svo oft áður, að þingið taki þær ákvarðanir, sem kringumstæðurnar heimta, og geri það með engu minni myndarskap en áður hefir tíðkazt.

**Jón Baldvinsson:** Þegar þetta þing er að fjalla um fjárlög, þá er það að tala um

útgjöld ársins 1934, en ekki um það, sem felst í núverandi fjárlögum. Það, sem gert var í fyrra viðvíkjandi heimild ríkisstj. til þess að leggja fram nokkurt fé í atvinnubótaskyni til að lána bæjar- og sveitarfélögum, þá var það ákvörðun, sem gerð var á Alþ. 1932 fyrir árið 1934. Og því miður eru líkur til, að þá heimild þurfi að nota algerlega í fyllsta mæli, og kannske meira til. Ástandið er þannig, að það eru líkur til þess, að á næsta ári þurfi einnig slíkra ráðstafana við.

Hæstv. ráðh. sagði, að við gætum ekki dæmt um nauðsyn á fjárframlagi til atvinnubóta fyrir næsta ár. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvers vegna honum, hans flokki og sjálfsagt mörgum öðrum finnst nú mikil nauðsyn bera til þess að samþ. frv. um að reyna að ráða bát á landbúnaðarkreppunni, frv., sem á að gilda um fjölda mörg ár fram í tímann. Sér hann betur fram í tímann fyrir bændurna en aðrar stéttir þjóðfélagsins?

Ef þörf er á því að leggja línuna svo langt fram í tímann fyrir bændastéttina, vegna mikilla örðugleika framundan, þá sé ég ekki annað en að þörf sé á því sama vegna verkalýðsstéttarinnar. Því að ef svo er, að bændastéttin standi höllum fæti og að rætist þær verstu spár um erfiðleika landbúnaðarins, þá leiðir það af því, að verkalýðurinn stendur mjög höllum fæti og svipað ástand verður hjá öllum þorra manna og hjá bændum.

Þess vegna álít ég, að Alþ. þurfi að gera slíkar ráðstafanir fram í tímann, og það einmitt í fjárl., sem samþ. verða 1933, en eru fyrir árið 1934, — að þar sé gert ráð fyrir fjárhæðum úr ríkissjóði til þess að mæta því ástandi, sem líkur eru til, að þá verði. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. stj. hafi á þingi 1932 nokkuð séð fyrir tekjum til þess að mæta framlögum þeim, sem samþ. voru á því þingi.

Hæstv. ráðh. sagði um stórmálin, sem fyrir liggja — en hann átti víst við kreppumálin —, að hann vonaðist eftir, að þingið tæki þau þeim tökum, sem ástandið heimtaði, og þá álít ég, að hann eigi á sama hátt að taka atvinnumál verkalýðsins þeim tökum, er ástandið heimtar, því að það er mjög dökkt þar um að litast. Framundan er lítil atvinna, jafnvel hér í Reykjavík á þeim tíma, sem annars er bezti atvinnutími ársins, vetrarvertíðin, að ekki eru nema örfáir dagar, sem allir þeir, er vinnu hafa þurft, hafa komizt að. Þeir eru flestir þeir dagar, sem hundruð manna hafa orðið frá að hverfa.

Ekkert er eins mikið böl — og það játa allir alþm — sem þjóðin hefir við að stríða, eins og atvinnuleysið. Það er ekki einungis fjárhagslegur skaði, heldur líka „móralskt“ tap fyrir þjóðina.

Hæstv. ráðh. gaf það í skyn, að stjórnarskrármálið væri komið í burðarliðinn, og það gengi dálítið erfiðlega fæðingin, eins og oft vildi verða. Ég held að ætti að reyna, hvort hnífurinn mundi ekki duga til þess að losa þetta afkvæmi frá hæstv. stjórn og þingi. Og það væri kannske einmitt það, sem dygði, að stinga hníf í þetta frv., sem hér liggur fyrir, að stjórnin mundi þá geta fætt þetta afkvæmi.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. 2. landsk. þarf engar vonir að gera sér um það, að það lagi neitt fyrir framtíðinni, þó að þetta frv. verði fellt. Það mundi frekar spilla öllum möguleikum heldur en hitt.

Hv. þm. ber saman þær ráðstafanir, sem ætlazt er til að gerðar verði vegna landbúnaðarins samkv. frv. því, sem liggur fyrir Nd., og þær ráðstafanir, sem væntanlega verða gerðar vegna atvinnubóta fyrir verkamenn við sjávarsíðuna. Þetta er alls ekki sambærilegt á þann hátt, sem hv. þm. vildi vera láta. Þær ráðstafanir, sem ætlazt er til, að gerðar verði fyrir landbúnaðinn á næstu árum, eru fyrst og fremst vegna hinna eldri skulda og vaxtabyrði landbúnaðarins. Verkamenn, sem lifa á handafla sínum, hafa engar sambærilegar ástæður fram að bera í þessu efni. Bændurnir eru smákapitalistar, sem þurfa að hafa fjármagn fast í rekstri sínum. Sem smákapitalistar hafa þeir orðið fyrir þeim þungu búsifjum, sem enginn gerði ráð fyrir, að geta ekki staðið hjálparlaust undir hinum gömlu skuldum. Og ástæðan til þess, að ráðstöfunum út af hinum gömlu skuldum er dreift á fleiri ár, er vitanlega sú, að ríkið getur ekki á einu ári innt þessa skyldu af hendi.

Það, sem sambærilegt gæti verið, væri

það, að bændum væri tryggt lágmarksverð fyrir afurðir sínar. Það eitt er sambærilegt við atvinnubótavinnu verkamanna. Ef sú ákvörðun verður tekin að tryggja bændum lágmarksverð fyrir afurðir sínar, verður það ekki gert nema til eins árs eða svo. Og það lágmarksverð, sem nefnt hefir verið, er svo lágt, að sé því deilt niður sem tímakaupi, stappar það nærri stórkostlegu atvinnuleysi hjá bændum. Það er því sízt bærilegra fyrir bændur en þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið vegna verkamanna. Báðum er að vísu fullerfitt. Það skal ég játa. En þær ráðstafanir, sem gerðar eru vegna gamalla skulda landbúnaðarins, eiga ekkert skylt við venjulegar atvinnubætur. Á því tvennu verður að gera glöggan greinarmun.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 7:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

---

Á 75. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 20. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Það mun hafa verið í umr. um þetta mál, að hæstv. forsrh. gat þess, að hann sæi ekki neitt samband milli stjórnarskrármáls og skattamála. Hirti ég ekki að svara þessu þá, og vildi gjarnan geyma það þar til séð yrði, hvort samkomulag fengist annarsvegar milli hans og sjálfstfl. og hinsvegar Framsfl. um frv. til stjórnskipunarlaga, sem nú liggur fyrir þinginu. En nú hefir þetta mál verið sett á dagskrá til 3. umr. áður séð verður, hvor á að láta í minni pokann. Sambandið milli stjórnskipulags og skattamála er tvennskonar. Annarsvegar það, sem alltaf og alstaðar hefir verið þar, sem baráttan hefir staðið milli einræðis, hvort sem það er persónulegt einræði eða grímubúið sem minni hluta vald, og lýðræðis. Hin ástæðan er, þegar taka þarf tillit til þess, hvernig ástatt er um þingskipun, þegar baráttuna fyrir þessu skal heyja. Ég ætla fyrst að gera grein fyrir fyrra atriðinu. Krafan um lýðræðið er í sinni upphaflegu mynd krafa borgaranna í landinu um að mega sjálfir ráða því, hvaða gjöld eru á þá lögð. Ég skal minna hæstv. forsrh. á eitt sögulegt dæmi. Þingræði Englendinga spratt upp af baráttu þeirri, sem gjaldendur ríkisins þurftu að heyja til þess að öðlast vald til að ráða skattaálagningum, í stað þess að það vald lægi allt í höndum konungs eða fámenns lénsaðals, svo sem þar tíðkaðist eins og í fjölda mörgum öðrum löndum. Það þarf ekki annað en að minna hann á alla þessa baráttu til að gera honum skiljanlegt, að hjá Englendingum hefir verið óaðskiljanlegt samband milli skattamálanna og kröfunnar um það, að stjórnarskipun landsins væri hagað þannig að því er snertir kosningar og skipun þingsins, að þetta vald væri í raun og veru í hendi landsmanna sjálfra, alls þess almennings, sem kýs neðri málstofu parlamentsins.

Alveg það sama hefir verið uppi í öðrum löndum. Þarf þar ekki að minna á annað en það, hvernig stjórnarbyltingin mikla í Frakklandi komst af stað. Ástæðan var sú, að konungurinn, sem eftir landslögum hafði óvenju mikið vald, var þó nokkrum takmörkum bundinn frá gömlum dögum að því er snerti vald til þess að leggja skatta á landsmenn. Það var búið að fara allar hugsanlegar krókaleiðir til að komast framhjá þessum gömlu lögum um þennan rétt landsmanna. Þó kom svo, að konungur gat ekki komizt hjá að kalla saman þjóðarsamkomu, sem verið hafði til á pappírnum, en ekki kvödd til fundar því nær 2 aldir. Það, sem svo var barizt um á þessari samkomu, var fyrst og fremst það, hvort atkvgr. á þessari samkomu yrði þannig hagað, að meiri hlutinn réði, eða hvort henni skyldi hagað á annan veg. Upp úr þessari baráttu fulltrúa þjóðarinnar fyrir að varðveita skattaálagningarvaldið, sem þjóðin hafði ofurlítið brot af, spruttu svo allir viðburðir frönsku stjórnarbyltingarinnar.

Ég hirði ekki að nefna fleiri dæmi upp á þetta. Það er svo kunnugt t. d. á Norðurlöndum, að baráttan fyrir lýðræði og almennum kosningarrétti hefir þar fyrst og fremst fylgt sjálfsákvörðunarrétti

þjóðanna um það, hvernig á þær væru lögð gjöld til opinberra þarfa. Baráttan gegn einveldi eða gegn minni hlutanum, til þess að fá þetta vald í sínar hendur, á þess vegna sögulegar rætur, og það er því í algerðu samræmi við söguna, að tvö síðustu árin hefur haldizt í hendur barátttan fyrir jöfnum kosningarrétti og að meiri hlutinn ráði, þegar ágreiningur verður, og hinsvegar barátttan í skattamálum, því að þetta er fyrst og fremst barátta fyrir því, að þjóðin fái sjálf að ráða fjármálum sínum. Sem stendur verður ekki talið, að þjóðin ráði þeim sjálf frekar en öðrum málum, meðan svo er ástatt með kosningarrétt, að réttur manna til afskipta af þjóðmálum er næstum eins misjafn og var í mörgum Evrópulöndum á miðöldunum. Þegar sumir hafa margfaldan kosningarrétt á við aðra, þá er það endurtekning á sama minnihlutavaldinu, er einkenndi miðaldirnar og lýðræði og þingræði 19. og 20. aldarinnar er sprottið upp úr.

Ég veit, að þegar hæstv. forsrh. athugar þessi sögulegu sannindi, sem ég hefi aðeins stuttlega drepið á, getur hann ekki furðað sig á, þó að hér kæmi fram nokkurt samband milli skattamála og baráttunnar fyrir jöfnum kosningarrétti, sem borið hefir verið fram í stjórnarskrárfrv. Hina hliðina á þessu máli hefir hann sjálfur oftar en einu sinni bent á, og hún er sú, að þótt kosningarrétturinn sé orðinn svo ákaflega misjafn eins og hann er orðinn, þá felur núv. tilhögun þó í sér það atriði, að þessi efri deild Alþ. er þó þannig skipuð, að hún verður í nokkuð meiru samræmi við sjálfsákvörðunarrétt kjósenda heldur en neðri d. þingsins eða þingið í heild sinni. Það er því auðvitað krafa kjósenda landsins, að efri deild þingsins noti þá aðstöðu sína, sem þessi réttlátari skipun hennar gefur henni til þess að knýja fram þær kröfur um jafnrétti kjósenda, sem stjórnarskrárfrv. hafa falið í sér, og beiti til þess þeim þinglegu vopnum, sem hún hefir vald á og hefir í hendi sér. Og þá er það eitt af þeim þinglegu vopnum, sem þessi þingdeild hefir í hendi sér til þess að beita í þessu máli, það er einmitt geta hennar til þess að ráða nokkru um skattalöggjöfina. Því miður er jafnrétti kjósenda ekki nægilega sterkt hér í d. samkv. skipun hennar til þess að þessi þd. geti veitt hinum almenna og jafna kosningarrétti ákvörðunarvald um skattamál. Atkvæði standa jöfn, svo að við höfum ekki annað en í bezta tilfelli synjunarvald, ef við stöndum saman, sem saman höfum staðið að kröfum um jafnrétti kjósenda.

Það má því enginn misvirða það við okkur, þó að við beitum því eina þinglega vopni, sem við höfum í öðru eins máli og þessu. Og ef einhverjum þykir það þunghent vopn, þá vil ég biðja þá að renna augunum til veraldarsögunnar og líta á það, hvaða vopnum og tökum hefir þurft að beita til að ná þessu sama marki, sem hér er stefnt að, en það er sjálfur grundvöllur þjóðskipulagsins. Ég vil segja hæstv. forsrh. það í allra mestu vinsemd, og mér er ljúft að taka það fram, að í þessu sambandi eigum við, sem fylgjum jafnréttiskröfunni, minnst útistandandi við hann af þm. þess flokks, sem hann tilheyrir. Hann hefir þó borið fram frv., sem að vísu fullnægir engum þeim kröfum, sem við höfum gert, en fer þó það nærri þeim, að við, sem höfum borið kröfurnar fram, höfum tjáð honum og öðrum, að við getum tekið við því frv. sem grundvelli til samkomulags. Sjálfur hefir hann ekki, svo að ég viti, með atkv. sínu á þingi ennþá hopað af grundvelli þessa frv. En hann hefir haft minna fylgi innan síns flokks en nokkur maður á landinu hefði búizt við til þess að halda fast við það, sem hann sjálfur hefir borið fram. Ég skal ekki fara lengra út í það, hvort hann verður sakaður um þetta fylgisleysi, sem svo átakanlega hefir komið fram; það liggur ekki fyrir hér. En ég vil taka það fram, að þó að ég minnist á þetta mál nú í sambandi við skattamálin, þá er það alls ekki gert sem sérstök ádeila á hann, þó að hann gæfi tilefnið, heldur til að gera hv. þd. grein fyrir, að við höfum sögulegan og siðferðislegan rétt til að beita hér í d. þeim þinglegu vopnum, sem við höfum til að styðja kröfur landsmanna um jafnan kosningarrétt.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég mun hafa látið það í ljós í þessari d., að ég skildi ekki sambandið

milli stjórnarskrármálsins og þessara fjármála sérstaklega, sem eru til umr. hér í dag, gengisviðaukans og verðtollsins. Ástæða mín til að skilja ekki þetta sérstaka samband er sú, að það er vitanlegt, að báðir aðalflokkar þingsins eru fylgjandi þessari skattaálagningu. Fyrst þegar ég greiddi atkv. með verðtollinum, var það til fylgis við hv. 1. landsk., og hann hefir ekki breytt afstöðu sinni til þessa máls síðan, og ég ekki heldur. Og þegar það er vitanlegt, að svona mikill meiri hl. þjóðarinnar stendur á bak við ákveðinn skatt, sem hefir þegar verið í gildi í 8 ár, þá finnst mér ekki mikil ástæða til að tala um misbeiting skattaálöguvaldsins af hálfu minni hl. í því sérstaka sambandi.

Hinu skal ég ekki neita, að það er vitanlega samband milli lýðræðis og skattaálöguvaldsins, eins og hv. 1. landsk. hélt fram, en ég vil bara orða þetta víðtækara en hann. Það er ekki eingöngu samband á milli skattaálöguvaldsins og lýðræðisins, heldur og milli lýðræðisins og allra þeirra mála, sem þingin fá til meðferðar. Það eru ýmis stór þjóðfélagsmál hugsanleg, og þau koma upp öðruhverju, sem þjóðin þolir jafnilla, að ráðið sé til lykta af minni hl. eins og skattamálin. Mér er kunnugt um það frá því að Magna Charta var gefið út á Englandi, að þá var mikil áherzla lögð á þetta samband. Englendingar hafi haldið fast í það alla tíð, að þingið, og nú neðri málstofan, hefði skattaálagningarvaldið. En þetta hefir verið gert gegn konungsvaldinu, að taka þetta vald undir þingið. Mér er kunnugt um það í sambandi við mikla deilu, sem stóð í Englandi um jöfnun kosningarréttarins 1832 og 1862, þegar aðaldeilan mun hafa verið útkljáð, að þá var ekki beitt sérstaklega skattamálunum til að fá sigur í því máli. Ég veit, að bæði í Englandi og öðrum löndum, t. d. Norðurlöndum, hafa lýðveldismál og kosningarréttarmál, þegar þau hafa verið til meðferðar, ekki verið knúin fram með því að beitast á móti skattamálunum. Skattamálin hafa staðið ein út af fyrir sig, og framgangur þeirra hefir ekki verið settur í svona beint samband við þessa lýðræðisbaráttu. Munurinn á því, sem ég og hv. 1. landsk. segjum í þessu efni, er því aðallega sá, að ég fullyrði, að lýðræðið standi í sambandi við meðferð allra mála, en ekkert sérstaklega í sambandi við skattamálin. Auk þess fullyrði ég það, að hið sanna lýðræði sé að setja ekki svo á oddinn neitt mál, að eftir því þurfi öll önnur mál að fara. Ég skal þó játa, að þetta mál horfir nokkuð öðruvísi við en það hefir gert í 2 undanfarin ár. Í síðustu tvö ár virðist hafa verið allmikill skoðanamunur um stjórnarskrfrv. þau, sem legið hafa fyrir, og eru að vísu óleyst enn, en lausnin þó langt komin. Nú er baráttan orðin sú, að sumir þm. virðast halda fast við þingmannatöluna 50, en aðrir virðast ekki vilja hafa þá fleiri en 48. Og hvað sem líður réttlætingu þess, að þvinga fram þessar breyt. með skattamálunum og beita þannig stóru vopnunum, þá er munurinn nú orðinn svo lítill, sviðið, sem barizt er á, svo þröngt, að gjarnan má leggja niður þau stóru vopn.

Ég veit það vel, að í samkomulagstilraun minni lagði ég til, að þingmannatalan væri 50. En eins og ég sagði í framsöguræðu minni í Nd., þá fullyrti ég ekkert um það, að ég hefði þar hitt nákvæmlega á þá tölu, sem samkomulag gæti orðið um, heldur gæti orðið einhver breyt. þar á, sem stæði betur í samræmi við samkomulagsmálaleitunina en sú tala, er ég hafði stungið upp á. En þegar hv. 1. landsk. segir, að þegar ég bar fram þessa till., þá hafi ég reynzt að hafa minna fylgi í mínum eigin flokki en nokkur hefði getað búizt við, þá vil ég leiðrétta þetta og segja honum a. m. k. frá mínu eigin brjósti, að mér finnst minn eiginn flokkur hafa tekið meira tillit til mín um suma hluti í þessu sambandi en ég sjálfur hafði rétt til að gera ráð fyrir. Hér er ekki um það að ræða, að maður hafi hitt á einhvern algildan sannleika, og svo hafi maður ekki annað að gera en láta krossfesta sig fyrir hann. Ég var ekki einu sinni viss um það sjálfur, að ég ætti að leggja fyrir þingið uppástungu um þessa tölu. Þar komu fleiri tölur til greina. En nú, þegar deilan er orðin um þetta, 48 eða 50 þm. eða einhverjar smábreytingar á frv., þá verð ég að standa sem einhver skilningslausasti allra þm. á viðureigninni, þegar sterk rök eru á hvorugan bóginn og viðureignin er eins og á milli barna, vegna þess að flokkabarátta er oft

harla barnaleg. Þar kemur meira fram eðli og hugsunarháttur barna heldur en í mörgum öðrum málum. Þegar baráttan er komin á þetta stig, þá stend ég að nokkru leyti fyrir utan.

Það er minn einlægi vilji, að þetta mál verði leyst, og hverjum sem það verður að kenna, að málið verður ekki leyst þegar svo mjóu munar, og ef það verður báðum aðalflokkunum að kenna, þá vinnur hvorugur flokkurinn fyrir lýðræði. Þeir, sem láta lausn þessa máls, þegar ekki ber meira á milli, standa á sér, vinna meira fyrir, að einræði komi upp í landi okkar heldur en lýðræði.

Það væri hörmulegt, ef baráttan fyrir auknu lýðræði í landinu ætti kannske að verða stærsta skrefið, sem stigið yrði til þess, að lýðræði ætti sér ekki lengur stað í þessu landi.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Það gladdi mig að heyra viðurkenningu hæstv. forsrh. á því sambandi, sem hefir verið og ennþá er milli lýðræðis og skattamála, þar sem kröfurnar um lýðræði þjóðanna hafa verið bornar fram fyrst og fremst í því skyni, að þjóðirnar gætu fengið skattaálöguvaldið í sínar hendur. Hann bætti því svo við, sem verður ómótmælt af mér, að svipað samband væri milli lýðræðiskröfunnar og allra löggjafarmála. Þessu vil ég engan veginn mótmæla, heldur jafnvel undirstrika. En sá sögulegi sannleikur er það, að það eru skattamálin, sem oftast hafa orðið til að hrinda lýðræðiskröfunum af stað.

En svo vill hæstv. ráðh. halda því fram, að skattamálin hafi litið sem ekkert verið notuð í baráttunni fyrir jöfnum kosningarrétti, sem annarsstaðar hefði aðallega snúizt móti konungsvaldinu. Ég vil gjarnan biðja hann að kynna sér ofurlítið sögu endurbótarinnar, sem kölluð er, í Englandi fyrir 101 ári síðan. Þar var sannarlega samband milli skattamálanna og þeirrar kröfu, sem þar var borin fram um jafnan kosningarrétt. Gangur málsins árið, sem málið var loks leyst, 1832, var sá, að snemma á árinu felldi parlamentið þetta frv. til breytinga á kjördæmaskipun og jöfnun kosningarréttarins, og svar þjóðarinnar varð einmitt það, að menn hættu að borga skatta í stóru borgunum, Birmingham og Manchester og mörgum fleiri borgum, sem höfðu ekki fulltrúa á þingi í neinu hlutfalli við fólksfjölda sinn. Ef hann vill lesa í enskum blöðum frá vormánuðunum 1832, þá mun hann finna þar þessa sögu málsins. Þetta var ekki heldur barátta milli konungsvaldsins og þjóðarinnar, því að konungur lýsti því yfir gagnvart íhaldinu í enska parlamentinu, að ef það léti ekki undan, þá mundu verða útnefndir nægilega margir nýir lávarðar til að samþ. þessi nýju lög. Það var fyrst fyrir þessa hótun konungsins, sem þessi þingsamkoma beygði sig undir að samþ. þessa stjórnarbót, sem þá var gerð. Svona var gangur málsins, að það var konungsvaldið, sem fyrst og fremst varð til þess að koma fram þessari stórfelldu réttarbót. Ég held, að þarna hafi ástandið verið ákaflega svipað og það er nú, þannig að skattamálin voru notuð sem vopn í þessari baráttu. En ég vona fastlega, að Alþingi beri gæfu til að leysa þetta mál, áður en til þess þyrfti að koma, að gripið yrði beinlínis til sama vopnsins og enska þjóðin gerði 1832, að neita að borga skattana.

Þá fór hæstv. ráðh. nokkrum orðum um þann ágreining, sem er um stjórnarskrármálið, og taldi, að aðallega væri um það deilt, hvort þm. ættu að verða 48 eða 50, en ég hygg, að þarna sé málum ekki allskostar rétt lýst. Við, sem berjumst fyrir jafnréttiskröfunni, gerum enga till. sérstaklega um tölu þm. Við höfum að vísu talið, að rétt væri að hafa nokkuð rúma heimild í stjórnarskránni að því er snertir tölu þm., eins og verið hefir hingað til og reynslan hefir sýnt, að gagnlegt hefir verið að geta notað sér. En þær till., sem upphaflega voru bornar fram af hálfu Sjálfstæðisfl. og Alþfl., fólu ekki í sér neina slíka fjölgun, sem nú er um að tala. Þess vegna er þetta atriði ekkert kappsmál. En það, sem er barizt um, það er, hve langt ákvæði stjórnarskrárinnar eigi að ganga í þá átt að gera kosningarrétt manna jafnan, hvort sem nú á að kjósa 48 eða 50 þm., og það er það, sem því miður skortir svo mikið á, þegar á að lögleiða 38 þingsæti í sérstökum kjördæmum. Þá er það, sem 10 eða 12 viðbótarsæti nægja ekki til að gera kosningarréttinn jafnan.

Fyrir mitt leyti er ég hvenær sem er fáanlegur til þess að fara með tölu þm. niður, jafnvel niður í það, sem hún er nú, ef það fæst gert á þann hátt, að réttur kjósenda til að velja þessa þm. verður jafn, eins og hann á að vera og allir viðurkenna, að hann eigi að vera.

Ef ekki er um annað atriði að ræða en það, hvort þingið skuli vera 2 mönnum fjölmennara eða fámennara, þá get ég tekið undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, að leggja mætti niður stóru vopnin, en það er ekki það, sem barizt er um, heldur hitt, hvað mikinn afslátt eigi að gefa ranglætinu frá réttlætiskröfunni. Ég vil taka undir það og bæta nokkru við það, sem hæstv. forsrh. sagði um hættuna, sem af því leiddi, ef þetta mál verður ekki leyst á viðunandi hátt. Hættan er sú, að þeir, sem setja sig á móti viðunandi úrlausn á málinu, séu þar með að vinna í hendur nýrrar einræðisstefnu, en ekki að bjarga því minnihlutavaldi, sem nú er verið að berjast við að viðhalda. Það er óvíst, að það verði skjólgarður úr því fyrir það minnihl.vald. Það er eins líklegt, að það verði til þess að gefa nýju einræðisvaldi í landinu byr í seglin. Ég fyrir mitt leyti hefi engar óskir í þá átt, en ég er hræddur um, að umbót á stjskr., sem geri landsmenn ójafna að rétti til áhrifa á löggjöf landsins, verði e. t. v. til þess að blása meir undir þá einræðisstefnu, sem nú er á uppsiglingu hér í álfu, en okkur er hollt. Og ábyrgðin liggur hjá þeim, sem eru of seinir að skilja, að lýðræðið heimtar jafnan kosningarrétt og heimtar hann alveg jafnan, og ef hægt er að ganga framan að hverjum einum og segja, hvenær sem gengið er að kjörborðinu: „þú hefir jafnan kosningarrétt og ég“, þá er ég ekki viss um, að þeir, sem hafa tilhneigingu til einræðis, vilji láta nægja, þótt komið sé til þeirra og sagt: „Þú hefir a. m. k. alltaf hálfan kosningarrétt á við aðra hér í landi“. Ég vil vara hv. þm. Framsfl. við, því að ég er ekki viss um, að þeir viti, hvað þeir eru að gera, þegar þeir á þessum tíma standa svo öndvert gegn þessu máli, sem skemmdarbreyt., er gerð var á frv. stj. í Nd., ber ljósastan vott um. Hvað þetta mál snertir, hefir enginn aðra ósk en þá, að lokið yrði samkomulagstilraunum í stjskrármálinu. Og tilmæli mín til hæstv. forseta eru, að hann, þegar honum þykir umr. orðnar nógu langar, taki þetta mál og 9. mál (frv. um gengisviðauka) út af dagskrá.

**Jón Jónsson:** Ég ætla ekki í þessari ræðu að ræða við hv. 1. landsk. um stj.-skrármálið, því að ég veit ekki til, að það sé hér til umr. En ég get ekki stillt mig um að láta í ljós, að ég kann ekki við þennan blæ, sem er á hans ræðum. Hann er ekki hér að tala um málið sjálft. Það hefir hann margsinnis samþ. áður. En allt þetta tal er hafið til þess að ógna fleiri eða færri þm. til þess að greiða atkv. um stjskr. án tillits til sannfæringar, og ef við gerum það ekki, þá skal þjóðfélagið uppleysast. Hann skorar á menn að neita að greiða skatta og annað slíkt. Mér finnst það líka furðu djarft af hv. 1. landsk. að vera í sinni ræðu að taka frá okkur okkar ráðh. og setja í flokk með þeim, eins og hann sé að berjast við okkur. Ég veit, að forsrh. hefir tekið hér þá drengilegu afstöðu að reyna að koma á sáttum, til þess að leysa málið, án þess að hann sé okkur andstæður. (**JónÞ:** Ég orðaði það þannig, að þeir væru honum ekki nægilega fylgjandi). Þessar ógnanir hv. 1. landsk. finnst mér hróplegar, og að það skuli geta komið fyrir í okkar frjálsa þingi, að ógna eigi þm. til þess að greiða svona eða svona atkv., án tillits til þeirra eigin sannfæringar. Það má ekki krefjast minna en að þeir greiði atkv. eins og þeim finnst rétt. Þeir verða að vinna á löglegan og sæmilegan hátt, en ekki með ógnunum. Slíkir hlutir hafa alveg öfug áhrif við það, sem til er ætlazt. Annars skil ég ekki í því, hvaða sérstök tregða er nú fyrir hv. 1. landsk. með að afgr. fjárl. Það var e. t. v. önnur aðstaða í fyrra um þetta leyti, en nú er ekki hægt að segja annað en að stj., sem hefir meiri hl. þings, hafi um leið meiri hl. þjóðarinnar að baki sér. Og þar sem Sjálfstfl. á nú mann í stj. hélt ég, að hikið ætti að verða minna við að afgr. sæmileg fjárl., og í stjskrfrv. er gengið svo langt, að ef full vissa væri fengin fyrir því, að það yrði samþ. í Nd., yrði öruggt, að meiri hl. kjósenda hefði líka meiri hl. þings. Þess vegna skil ég ekki þetta, sem kemur fram hjá hv. 1. landsk., og finnst það naumast sæmilegt.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég skal ekki rekja meira hið sögulega samband milli skattamála og kosningarréttar. Ég hefi ekki lesið blöð frá 1832. Maður kemst varla yfir að lesa þau, sem nú eru gefin út á voru landi, svo að ég mun ekki fara svo langt aftur í tímann. Má vera, að þá hafi skatt-„strike“ utan þings ráðið nokkru, en ég hefi ekki kynnt mér það. En það skeður sumt annað skrítið, eins og þegar það bar við á Englandi, að þeir, sem barizt höfðu fyrir rýmkun kosningarréttar, greiddu atkv. á móti því, þegar til kom, því að þá voru flokkarnir orðnir of sammála(!) til þess að geta átt samleið. Svona hlutir hafa skeð, að mál, sem flokkar hafa barizt fyrir, skilja þeir við, þegar andstæðingarnir eru búnir að taka þau upp. Og ég er hræddur um, að Sjálfstfl. og jafnaðarmenn telji af flokkslegum ástæðum ekki forsvaranlegt að fylgja þessu máli, þegar annar flokkur er kominn hæfilega langt til móts við þá. Þannig er það, þegar flokksstoltið ræður meiru en öll rök málsins, og lýðræðið getur á hvaða tíma sem er eyðilagt sig á þennan hátt, og ég átti ekki við það, þegar ég talaði um hættuna af þessu máli, að einræði gæti sprottið upp úr því, ef þingið afgreiddi 48 þingsæti, ellegar 10 uppbótarsæti, en ætti að sleppa hjá byltingu og einræði, ef það afgreiddi 12 uppbótarsæti. Ég átti aðeins við hitt, að þegar þingræðið er komið í það horf, að það „fungerar“ ekki lengur, þegar flokkarnir missa skilyrðin til að gera málamiðlun, sem er lífsskilyrði fyrir lýðræðið, og það er ekki einungis kosningarrétturinn, sem hefir verndað lýðræðið í Englandi, heldur hitt, að Englendingar hafa kunnað að gera málamiðlun. Þótt stjskrármálið yrði afgreitt svo, að þeir, sem ýtrastar kröfur gera, sætti sig við, þá er þessi hætta ekki úr sögunni. Í sambandi við hvert stórmál sem er, getur þetta komið fyrir, ef flokkarnir missa hæfileikann til þess að gera málamiðlun á seinasta stigi málsins. Eins og er nú hér og mun verða fyrst um sinn, að enginn einn flokkur hefir hreinan meiri hl., þá sjá allir, að lýðræðinu er hætta búin, hversu jafn sem kosningarrétturinn er. Ég orðaði þetta svo, að það, sem á milli bæri, væri 48 eða 50 þm., nákvæmlega orðað, hvort ætti að vera 10 eða 12 jöfnunarsæti. En það nær alveg yfir aðalatriðið í þessu máli. Nú skal ég játa það, eins og hv. 1. landsk. sagði, að ef einhver fær þá hugmynd, að honum sé ekki sýnt réttlæti nema til hálfs, þá getur þjóðfélaginu verið hætta búin, ef það er öflugur og stór hópur, sem hefir þessa tilfinningu. En að hætt sé við, að stór hópur fái þetta í meðvitundina, getur ekki verið komið undir því, hvort uppbótarsætin eru 10 eða 12. Þá hefir hv. 1. landsk. meiri mátt á að villa mönnum sýn en ég hefi haldið, að hann hefði tilhneigingu og möguleika til. (**JakM:** En 8 og 10?). Það er líka munur á 8 og 10, en þó meiri munur á 8 og 12. (**JakM:** Það er leiðinlegt að hlusta á svona umr.). Það er stigmunur, en ekki meginmunur. Hér er ekki um það rætt, hvort einn sé ranglátur eða annar réttlátur, þar sem komið er svona nálægt hver öðrum, að ómögulegt virðist að koma mönnum saman. Það er hinn einfaldi sannleikur í þeim hlutum. Málið er komið á það stig, að atkv. verða að ráða og hver verður að þola öðrum lög. Lýðræðið heimtar jafnan kosningarrétt. Ég tek vissulega undir þetta með hv. 1. landsk. En ég vil þó heldur orða það svo, að lýðræðið heimti jafna aðstöðu um áhrif og völd í þjóðfélaginu. En hvers vegna er það, að þessi krafa hefir verið gerð með svona miklum krafti? Það er ekki vegna þess, að menn heimti jafna aðstöðu í lífinu í öllum hlutum, og ekki einungis í því, að fá einn dag á hverjum fjórum árum að ganga jafnir til kjörborðsins; og ég vil hlusta á alla þá, sem einungis tala um jafna aðstöðu almennings í landinu, og er fús að gera jafnræði á þessu þingi um allt. Þeir einir geta talað hér um réttlæti og ranglæti, sem þekkja það hvorttveggja í öllum sínum myndum. Og það er margt fleira, sem liggur fyrir þinginu en þetta stjskrármál. Það mál er að vísu stórt, og ég hefi viljað leggja mitt lið til þess, að unnt sé að leysa það. Og þótt óvirðulegum orðum sé e. t. v. um það farið, hvaða áhrif ég hafi meðal minna flokksmanna, og sé hnýtt aftan í þá einhverja, þá veit ég, að talið verður, að ég hafi stigið stórt spor í áttina til að leysa þetta mál. Og það er orðið svo stórt, að

allt tal um stöðvun og stórar áhættur fyrir þjóðfélagið á að vera niður fellt. Ef hér á að verða bylting út af 10 eða 12 uppbótarsætum, þá yrði hún án tillits til þess, hvort einhverjir framsóknarm. ýttu undir eða ekki, því að þá liggur samskonar andi í hugarfarinu sjálfu og myndi koma fram í öðrum málum innan skamms.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. endaði á því, að ef bylting ætti að verða út af 10 eða 12 þingsætum, þá væri ekki fyrir hana girt þótt 12 sæti yrðu samþ. Og mikill hluti ræðu hans gekk út á að sýna, að þetta væri lítilfjörlegt. En finnst hæstv. ráðh., að það sé ekki á hans ábyrgð sem foringja meiri hl., ef hann sprengir samvinnuna út af þessu litla atriði? Það er meiri hl. þingsins, sem ber ábyrgðina, ef allt fer út um þúfur — ábyrgð, sem er þeim mun þyngri, sem ágreiningurinn er minni. Annars stóð ég upp til þess að lýsa yfir því, að það er ekki meining Sjálfstfl. að vera með neinar ógnanir. Flokkurinn gekk til samvinnu á seinasta þingi til þess að fá leyst þetta mál. Ef flokkurinn teldi ekki að sú lausn væri viðunandi, þá liggur í hlutarins eðli, að samvinnunni væri slitið. Það er bara samningur, sem um er að ræða. Ef ekki getur orðið samkomulag um lausnina, þá hlýtur samvinnunni að vera lokið. Um áhuga ráðherrans á lausn málsins getur hann auðvitað talað fagurt. Um það verður hver að trúa því, sem honum þykir trúlegast, og ég er sannfærður um, að ekki þarf nema góðan vilja hjá ráðh., og þar með er Framsfl. kominn að því, sem allir geta vel við unað.

Ég tek undir kröfuna, sem hv. 1. landsk. hefir borið hér fram, um að málið verði tekið út af dagskrá að sinni. Að það hefir verið sett á dagskrá, er ekki hægt að skoða öðruvísi en sem yfirlýsingu um, að nú eigi samningaumleitunum að vera lokið. Ef ekki ber að skoða það svo, þá er útlátalaust að taka málið af dagskrá, því að það hefir ekki verið tekið á dagskrá í d. í fulla tvo mánuði þangað til síðustu dagana. (**Forseti:** Telur ekki hv. þm. það, þegar málið var hér til 2. umr.?).

**Jón Baldvinsson:** Ég hefi lýst afstöðu minni til framlengingar verðtollsins eins og flokksmenn mínir í Nd., að þetta frv. gengur á móti þeirri stefnu, sem við viljum hafa um öflun tekna. Af þeirri ástæðu höfum við greitt atkv. á móti því, og munum einnig gera nú, þegar kemur til atkv. Það er þó ekki af því, að í þessu frv. og í þeim vörum, sem taldar eru upp í verðtollslögunum, séu ekki nokkrar vörur, sem leggja mætti á verðtoll án skaða fyrir landsmenn yfirleitt, en það er nú svo mikið af nauðsynjavörum í frv., að það eitt út af fyrir sig gerir það að verkum, að við erum andvígir frv. og þeirri stefnu, sem það byggist á. Frv. á þó yfirgnæfandi meiri hl. fylgjandi í d., þar sem bæði Framsfl. og Sjálfstfl. eru sammála um þessa stefnu. Sjálfstfl. hefir á stefnuskrá sinni að hækka tolla. Framsfl. hefir það nú að vísu ekki á stefnuskránni, en hann fylgir bara öðru en þar stendur, svo að þeir samþ. þetta báðir. En það, sem hefir stöðvað frv., er afgreiðsla stjskrármálsins, eins og í fyrra og að nokkru leyti sumarið 1931. Og ég tel það réttmætt, að minni hl., sem hefir að baki sér mikinn meiri hl. kjósenda í landinu, noti þetta tækifæri til þess að knýja fram breyt. á stjórnskipunarlögunum, sem miða að því að koma á jafnrétti meðal kjósenda í landinu. Það er skylda þeirra gagnvart þeim kjósendum, sem hafa sent þá á þing og falið þeim að berjast fyrir jafnrétti kjósenda í landinu. Af þessum ástæðum gæti ég vel hugsað mér, að þau tekjuöflunarfrv., sem ég í sjálfu sér gæti samþ. að stefnunni til, fái ekki mitt fylgi, ef svo stendur á sem nú, að með því væri hægt að hrinda fram kröfunum um jafnrétti, a. m. k. svo verulegum kröfum, að mér þætti viðunandi, og þykir mér eðlilegt, að nota verði það tækifæri að stöðva skattafrv. stj., því að í þessum vandræðamálum, sem liggja fyrir þinginu og þjóðinni, er ekki nema rétt og sjálfsagt og líklegt til þess að úrlausn vandamálanna verði betri með því að þjóðin öll sendi fulltrúa sína á þing eftir atkvæðamagni. Þá er minni hætta á, að til þess dragi, sem komið hefir fyrir annarsstaðar, að flokkar, sem ekki hirða um að koma málum sínum fram á þingi, taki það með handafli, sem þeir vilja, ef þeir aukast að fylgi til þess að geta gert þingið valdalaust og tekið stjórn

landsins með ofbeldi. Þetta er hættan, sem við liggur, eins og hv. 1. landsk. benti á, að fyrir gæti komið. Það er rétt, að það er fleira en stjskrárfrv., sem fyrir liggur. Það eru einnig kreppumálin. Það liggja einnig fyrir frv. til atvinnubóta, en þau eru ekki hreyfð. Og það fer í raun og veru eftir afgreiðslu stjskrármálsins um afgreiðslu allra þessara mála, og eftir er að vita, hvort þingið stenzt þá eldraun, sem það virkilega er í. Afstaða mín til þessa máls er ekki breytt, og ég mun greiða atkv. gegn því og tel ekki nema rétt, að málinu sé frestað til þess að hleypa nú ekki öllu í blossa, þegar málin ættu að vera komin að því að ljúkast, nema það sé svo, að hæstv. forsrh. ætli að láta skeika að sköpuðu um frv., sem nú liggur fyrir Nd. og átti að vera til umr. þar, en er aðallega til umr. hér, því að það veit hæstv. forsrh., að er krafa þeirra flokka, sem óskuðu eftir og báru fram breytingar í fyrra og hitteðfyrra, að fá fullkomið jafnrétti með þingflokkunum á Alþ. eins og atkvæðin segja til. En það, sem felst í frv. stj., er ekki nema sem næst því, að í samræmi sé við atkvæðatölu þá, sem greidd er þingmannatölu flokksins, og það er í raun og veru of mikið sagt með þessu „sem næst", því að það er ekki nálægt, að það verði í samræmi við þingmannafjölda flokkanna, ef miðað er við seinustu kosningar. Það er eðlilegt, að það sé sterk mótspyrna á móti því, að ennþá sé dregið úr því, sem hæstv. forsrh. gerði að till. sinni til Alþ. um 12 uppbótarsæti. Það er eðlilegt, að það sé sterk andúð á móti því, því að það var víst það allra minnsta, sem flokkarnir gátu hugsað sér. Þar að auki er þessi stjskr. að ýmsu leyti mjög gölluð í minum augum, og eins og frv. er nú, er það ekki sérlega aðgengilegt fyrir Alþýðufl. — Ég mun því að þessu sinni greiða atkv. á móti frv. og vil gera það, sem ég get, til þess að hindra, að það nái fram að ganga.

**Magnús Torfason:** Við framsóknarm. höfum nú orðið að þola það, að form. Sjálfstfl. og Jafnaðarmannafl. hafi þulið hér, ekki aðeins í vetur, heldur líka í fyrravetur og fyrrasumar, langan og breiðan um þetta blessað jafnréttismál án þess að hinn flokkurinn hafi eiginlega tekið þar neitt til andmæla. Ég fyrir mitt leyti hefi setið undir þessu og átt oft bágt með að hlusta á þetta hjal allt saman. Þó verð ég að játa, að eins og nú er komið málum, finnst mér úr hófi keyra. Ég vík hér sérstaklega að hv. 1. landsk., og um hann má segja það, sem sagt var við visst tækifæri: „Villir hann vísdóm allan, veldur því karl í feldi". Ég sé ekki betur en að allt í þessu hjali sé öfugt við það, sem rétt er, líka við það, sem sagan og sérstaklega þau dæmi, sem hann hefir vitnað til í sögunni, benda til. Það þýðir vitanlega ekki að bera saman ástandið hvað kosningarétt snertir við það, sem var í Frakklandi 1789 og Englandi 1832. Þar er svo langt bil á milli, að það nær ekki nokkurri átt að jafna því saman. Ef ætti að jafna því saman við nokkurn hlut, þá er það, hvernig nú er ástatt í þessum 2 löndum. Við getum borið okkur saman við ástandið í Frakklandi nú. Þar er líkt ástatt og hér. Það er vitanlegt, að efri deildin, öldungaráðið í Frakklandi, er þannig skipað, að dreifðu landsbyggðirnar hafa mun fleiri atkv. en bæirnir. Þetta er gert með ásettu ráði af beztu mönnum þjóðarinnar eftir byltinguna, sem varð 1870. Það skipulag stendur enn og hefir þótt reynast vel. Í Englandi er það ekki komið eins langt eins og hér um það, að menn hafi jafnan rétt til kosninga. — Svo er þess að gæta, að jafnrétti til kosninga í hverju kjördæmi, það er ekkert jafnrétti yfirleitt; ekkert annað en hreint og beint ranglæti. Það er vitanlegt, að jafnrétti nær yfir miklu meira en atkvæðisrétt; það nær til þess að hafa áhrif á þing og stjórn yfirleitt, en það er alveg víst að höfuðborgin, Reykjavík, hefir svo mikil áhrif á þing og stjórn, að það er meira en hún á að réttu lagi, enda hefir verið skorað hvað eftir annað á „réttlætismaurinn" að finna því stoð, að hlutur Reykjavíkur hefði verið fyrir borð borinn. Þeir eiga því ósvarað enn. Það hefir ekki verið reynt. Þess vegna er grundvöllurinn undir þessu hjali öllu saman skakkur. En það er annað, sem er enn skakkara, og það er, að hv. 1. landsk. vill, að Ed. berjist fyrir meira jafnrétti kjósendanna. Ég held, að það sé einsdæmi í sögunni, að efri deild þinganna hafi bar-

izt fyrir meira jafnrétti kjósendanna. Ég þekki ekki til þess, að það hafi nokkursstaðar átt sér stað; þvert á móti. Efri deild þinganna hefir alstaðar verið íhaldsvald, hefir verið sú deild, sem hefir staðið á móti því, að þegnarnir fengi jafna aðstöðu til þjóðmála og þjóðlífs yfirleitt. Þess vegna er það sérstakt, ef okkar Ed. á að fara að berjast sérstaklega fyrir jafnrétti í þjóðfélaginu. Það er ekkert annað heldur en jöfn völd, sem um er deilt og um á að deila, og það er víst, að Reykvíkingar hafa það jafnvel nú, hvað þá heldur, ef meiru verður við þá bætt. Nú er það borið hér fram, að á þessu stigi málsins hafi þessir flokkar meiri hl. kjósendanna á bak við sig. Ef málið líkt því og það stendur nú í Nd. væri borið fram, verð ég fullkomlega að leyfa mér að efast um, að þeir fengju meiri hl. kjósendanna til þess að vera á móti því. (**JónÞ:** Hvort er meira 65 eða 35?). Það var allt öðru máli að gegna, þegar kosningar fóru fram síðast. Ég segi **nú.** Þá var þetta tilboð ekki fyrir hendi. og ég leyfi mér að efast um, að það sé rétt hjá þessum mönnum, að þeir hafi meiri hl. með sér. Þá vil ég sérstaklega í þessu sambandi leyfa mér að benda á eitt atriði, sem hér kemur til greina, og það er, að mér er óhætt að segja, að utan Reykjavíkur sé það álit velflestra manna, að það sé alls ekki rétt að fjölga þm. Ég hefi orðið var við þetta fyrr og síðar frá því ég fór að gefa mig nokkuð við stjórnmálum. Ég er ekki í neinum vafa um það, að mönnum þykir yfirleitt, að það væri nóg að fjölga þm. upp í 48, þó að ekki sé þar meiru við bætt. Þá var lögð áherzla á það, að baráttan hér væri um það, að meiri hl. kjósendanna ætti að fá völdin. — Hvað er það, sem hefir skeð í Nd.? Ekkert annað en með því að bjóða 48 þm. afsalar Framsfl. sér meirihlutavaldinu í þinginu. Ég er ekki í neinum vafa um það, að hann fær enga 24 þm. við þær kosningar, sem eiga að fara fram eftir hinum nýju stjórnarskrárlögum. Ég býst við, að enginn þeirra manna, sem nokkuð þekkja til, sé í neinum vafa um það. Ef þetta er rétt, þá skil ég ekki, um hvað þarf að berjast, því undir eins og þessir flokkar, sem nú eru í minni hl. í þinginu, eru komnir í meiri hl., hafa þeir vitanlega í sínu valdi að breyta þessu eins og þeir vilja hafa það. Hitt er annað mál, að ég gæti vel búizt við því, að þegar samvinnunni milli jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna væri lokið um þetta mál, muni það ekki ganga svo greiðlega að fá þá til samvinnu aftur, og þá blátt áfram af því, að ég held, að ef hv. 1. landsk. ræður í sínum flokki, þá muni hann verða þeirrar skoðunar, að það sé alls ekki vert að halda áfram á þessari braut. (**JónÞ:** En hv. 2. landsk. í sínum flokki?). Hv. 2. landsk. ræður yfir svo fáum mönnum, að jafnvel eftir nýja fyrirkomulaginu verður hann alltaf í miklum minni hl. Þess vegna er hann ábyrgðarlaus; en það er alls ekki víst, að hv. 1. landsk. verði ábyrgðarlaus eftir að farið hafa fram kosningar eftir hinni nýju breyt. á stjskr., og þá skulum við sjá, hvort ekki þýtur eitthvað öðruvísi í skjánum en nú. Hv. 1. landsk. vill láta eins og að nú væru sömu ástæður fyrir hendi eins og voru, þegar samkomulagið varð um stj.; en það er alls ekki. Síðan hefir sú stóra breyt. orðið, að Sjálfstfl. á mann í stj. og hefir stutt hana.

Þá kem ég að því, sem ég hygg, að sé líka einsdæmi, og það er, að einn flokkur neiti þeirri stj., sem hann styður, um nauðsynlega fjármuni til þess að halda við þjóðarbúskapnum. (**JakM:** Það var verið að biðja um að taka málið út af dagskrá). Það verður ekki fyrr en ég er búinn að ljúka máli mínu. — Þetta er líka atriði, sem vert er að athuga og sem er vitanlega á móti öllum þingreglum. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þessir 48 þm., sem flokkurinn hefir boðið til samkomulags, sé fullkomin uppgjöf af hendi Framsfl. Með því afsalar hann sér meirihlutavaldinu og sennilega ákveðið, að hann skuli vera í minni hluta héðan af. Ég segi sennilega. Hitt er vitanlegt, að það geta komið fyrir ýmis kraftaverk, og þá ekki síður vitanlega þau kraftaverk, sem hafa skeð áður. Ég lít svo á, að eitt af þeim kraftaverkum, sem gerzt hafa í þingsögunni, hafi verið einmitt það, þegar hv. 1. landsk., form. meirihlutavaldsins í þinginu, lagði meira hluta þings í hendur Framsóknar. Það var kraftaverk að fara þannig að ráði sínu, — það er ábyggilegt. Lengra hélt ég ekki, að hægt

væri að pína flokk, sem hefir meiri hl. í þinginu, en nú er komið, því að þetta er fullkomin uppgjöf af flokksins hendi.

Þá er líka rétt að minnast enn á eitt atriði, sem sjálfsagt hefir meiri eða minni áhrif í allri þessari baráttu, og það er stjórnarmyndunin. Í fyrra, þegar þessir samningar voru að gerast, ákvað meiri hl. Framsóknar að skila völdunum í hendurnar á hv. 1. landsk. (**JónÞ:** Það hefi ég aldrei heyrt). Jú, jú, jú, jú. Þetta vissu allir. En hvernig fór? Þegar Sjálfstfl. fær vitneskju um þetta, ætlar hann að rifna og vill ekki fyrir nokkurn mun taka við völdunum. (**JakM:** Ætlar þm. að fara að sækja um skáldastyrk?). Ég er nú orðinn svo gamall, að það tekur ekki fyrir mig að gera það héðan af, en þetta mun vera skjalfest samt sem áður hér í bók, hvað sem hv. 1. þm. Reykv. segir um skáldskap. Niðurstaðan af þessu öllu er sú, að það virðist ómögulegt fyrir Framsfl. að gera þessum flokki til hæfis á neinn hátt. Til þess liggja vitanlega ástæður, aðrar en þær, sem beint liggja að stjórnarskrármálinu. Það liggja vitanlega þær ástæður að því, að það á að fara að berjast hér í þinginu til þrautar fyrir hverju einstöku máli með því að neita hverri stj. sem er um það fé, sem þarf til þess að reka þjóðarbúið. Það er þetta, sem verið er að færa inn í þingið, og það, sem er það nýstárlega nú, það er að vera að fitja upp á þessu, jafnvel þó að tveir flokkar standi að stj., sem ráða eitthvað 9/10 hlutum þingsins, eða allt að því. Ég er ekki í neinum vafa um það, að það mun sannast síðar meir, að öll þessi frammistaða hefir sín vondu áhrif á stjórnarfar okkar á sínum tíma. Hinsvegar skil ég það vel, að hv. 1. landsk. sjái þetta ekki, því að það er víst, að frá því hann steig fyrsta sporið á þessari „réttlætisins" braut, sem hann kallar, hefir hann ekki vitað, hvað hann er að gera.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Það er aðeins stutt aths., sem mér er leyft að gera, og ég skal reyna að misnota ekki það leyfi. Ég má til að svara hv. 3. landsk. örfáum orðum. Honum fannst, að ég væri að ógna mönnum til þess að greiða atkv. öðruvísi en þeirra sannfæring byði. Hann taldi, að þetta væri ekki rétt aðferð hjá mér, heldur ætti ég að reyna að vinna þjóðina til fylgis við þann málstað, sem ég bæri fram. Nú vona ég, að hann beri ekki á móti því, að ég hafi lagt fram talsvert verk til þess að vinna þjóðina til fylgis við þann málstað, sem ég ber fram. Ég skal játa, að það er alltaf hægt að heimta meira, en mér finnst ekki vera sérstök ástæða til þess að saka mig um, að ég hafi vanrækt það. Hitt er misskilningur hjá honum, þegar honum finnst ég vera að ógna hv. þm. til þess að greiða atkv. öðruvísi en þeirra sannfæring býður þeim. Ég er aðeins að halda áfram því starfi, sem ég hefi unnið meðal þjóðarinnar til þess að afla þessum málstað fylgis. Ég er að reyna að sannfæra hv. þm. um, að þeir eigi að víkja frá andstöðu sinni gegn þessu máli. Ef hv. þm. finnst kannske málið vera fast sótt öðruhverju, þá verð ég að biðja hann um að líta á aðstöðumuninn. Við, sem berum fram kröfurnar, verðum að sækja á. Hinir, sem standa á móti, sitja í borg, rammlega víggirtri borg og þurfa ekkert annað en að skýla sér með skjöldum sínum og múrgörðum, sem sú gamla stjórnarskipun, sem við höfum, hefir hlaðið í kringum þá. Við verðum þess vegna að beita þeim vopnum, sem til greina geta komið sem árásarvopn, og hv. þm. eiga á engan hátt að misskilja þetta, enda höfum við á engu stigi þessa máls farið á nokkurn hátt út fyrir það, sem heiðarlegar bardagaaðferðir og þinglegar reglur fullkomlega heimila. Þegar ég benti á, hvaða afleiðingar það gæti haft að standa á móti þessari kröfu, að gefa einræðisstefnu þeirri, sem er í uppsiglingu í Norðurálfunni, byr undir vængi hér á landi, þá gerði ég með þeim orðum ekkert annað en að endurtaka og undirstrika það, sem hæstv. forsrh. var búinn að segja um þetta málefni nú á fundinum í dag. Hafi hv. 3. landsk. ekki fundið ástæðu til þess að skoða það sem hótun frá hæstv. forsrh., þá er heldur ekki nein ástæða til þess að skoða þetta sem hótun frá mér. Ég bendi aðeins á staðreyndir, sem vega ekki sem röksemdir hjá hv. þm. Framsóknar við ákvörðun þeirra um þetta mál. Ég get ekki annað gert málinu til framgangs

hér í þinginu en borið fram þær röksemdir, sem mér finnst hníga að því að styðja mitt mál.

Ég þarf eiginlega ekki að svara hæstv. forsrh. neinu. Í hugleiðingum hans um flokksstolt og flokkseinræði fann ég ýmsar gagnlegar áminningar til stærsta flokksins hér í þinginu, sem ég vona, að flokksmenn hans hafi tekið til sín ekki síður en hinir. — Hv. 2. þm. Árn. þarf ég litlu að svara. Það var aðeins skemmtiræða, sem hann hélt hér, og það var ákaflega gagnlegt eftir þessi alvöruþrungnu ummæli, sem höfðu fallið af vörum okkar hæstv. forsrh. og hv. 3. landsk., að fá ofurlitla skemmtun til þess að létta hugann. Ég skildi það þó af ræðu hv. þm., að nú er hann sannfærður um, að kosningar séu í nánd, því að hann er þegar byrjaður á því að reyna að slá upp gyllingum á sér og sínum flokki. Skáldskapur er það að vísu, en það hefir svo oft verið gert áður að nota skáldskapinn til slíkra hluta. Nú á það að vera Framsókn og hv. þm. hennar til framdráttar, að þeir hafi ákveðið að bjóða að skila völdunum í mínar hendur, svo að það sé svo sem ekki þeim að kenna þó að — ég má ekki segja, að illa hafi verið stjórnað, því að ég ætlaði ekki út í neinar deilur við hæstv. forsrh. um þetta, en það má ekki kenna Framsfl. um, þó að eitt eða annað hafi mistekizt í stj. landsins. Framsfl. hafi boðið 1. landsk. að taka við völdunum, en hann vilji það ekki. Þetta mun eiga að vera kosninganúmer í næsta kosningaundirbúningi. Ég skal taka það fram til upplýsingar þeim, sem hér hlusta á, að um þetta tilboð hefi ég aldrei frétt. Ég hygg, að það muni fara sönnu nær, sem hv. 1. þm. Reykv. skaut fram í, að þetta verði að teljast til greina skáldskaparins.

**Jón Jónsson:** Ég skal ekki deila við hv. 1. landsk. um, hve mikið verk hann hafi unnið til þess að sannfæra þjóðina um sinn málstað. Það verða e. t. v. skiptar skoðanir um það, eins og fleira nú á dögum. Það, sem mér finnst hann núna vera að leggja til, er að sannfæra með sleggjunni. (**JónÞ:** Brjóta múra). Brjóta múra, við skulum segja það. En það, sem hann hefir skrifað og talað um stjórnarskrána sjálfa og hvaða fyrirkomulag er heppilegast, hefir miðað til þess að sannfæra þjóðina. Mér finnst, að hann, eins og hver annar góður þegn í þjóðfélaginu, eigi að sætta sig við og bíða, þangað til þjóðin sannfærist um, að hann hafi á réttu að standa. (**JónÞ:** Áskorun frá meira en 20 þús. manns liggur nú fyrir Alþingi, — og hvað viljið þið hafa það meira?). Mér finnst, að eftir því sem hann er sannfærðari um, að sinn málstaður sé réttur, þá ætti hann að vona, að ekki verði langt að bíða, enda er eftir þeim tilboðum, sem fyrir liggja frá meiri hl. þings, öruggt, að meirihl. þjóðarinnar geti fengið meiri hl. þings, og þá ættu ekki að verða vandræði úr því.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ábyrgðin yrði því þyngri í stjórnarskrármálinu, eins og öðrum málum, því minna sem á milli bæri. Ég geri ráð fyrir því, að það sé nokkuð til í þessu. En það verður bara sá stóri munur frá því, að þegar miklu munar um málstað, deilist ábyrgðin jafnt, og það er það, sem orðið er í þessu stjórnarskrármáli. Ágreiningurinn er orðinn svo lítill í þessu máli, að engin afgerandi rök eru til lengur, og sú ábyrgð, sem stafar af mistökum í þessu efni í þinglokin mun deilast á alla, sem að því hafa staðið. Mér er hægara að segja þetta heldur en öðrum, vegna þess að ég stend utan við þessa deilu, sem nú stendur yfir. Þær lausnir, sem nú eru möguleikar á, eru forsvaranlegar, þó að aðrar kunni að vera betri. Og þó að málið verði afgr. með 12 uppbótarsætum, þá er vitanlega til betri lausn, sem einhverjum kynni að detta í hug að halda fram. Hér er eingöngu um stigmun að ræða, en engan eðlismun. Nú er komið svo langt þessum málum, að það verður að láta þau ganga gegnum Ed. og Nd. og sjá, hverjar breyt. kunna að verða gerðar þar á. En þær verða aldrei stórar, ef þær verða einhverjar. Þær verða aldrei svo stórar, að þær orsaki mikinn hita eða miklar afleiðingar.

Annað skal ég ekki segja um stjórnarskrármálið að þessu sinni. En alveg á sama hátt og mér hafa áður borizt óskir um, að verðtollurinn og gengisviðaukinn

væru teknir af dagskrá, þá hafa mér líka borizt sterkar óskir um, að málin væru tekin á dagskrá og látin standa þar. Nú get ég ekki tekið undir ástæður þeirra manna, sem vilja, vegna stjórnarskrármálsins, leggja stein í götu þessara tveggja tollamála, sérstaklega þar sem ég veit, að meiri hl. þings og þjóðar vill halda áfram þessum gömlu tollaálögum. Samkv. gildandi lögum eiga þessir tollar að standa til næstu áramóta. Ef þessir tollar ná ekki samþykki þessa þings, getur orðið hætta á því, að halda þurfi þing fyrir áramót. En það getur ekki verið neitt úrslitaatriði. En vegna þess kapps, sem hefir verið lagt á að taka málin af dagskrá og á dagskrá, og vegna þess, hve nú er langt liðið á þingtímann, án þess að fullnaðarsamningar hafi verið gerðir, þá get ég ekki óskað eftir því, að málið verði tekið út af dagskrá; því verður deildin sjálf að ráða, hvernig hún hagar meðferð þessara mála.

**Forseti (GÓ):** Þá er umr. lokið. — Það hefir verið óskað eftir því af hv. þdm., að þetta mál væri tekið af dagskrá, en þó ég sjái nú ekki beina nauðsyn á því, þá ætla ég samt að verða við þeim tilmælum, og tek það hér með út af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Ed., 24. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 6).

Á 84. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14:1 atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Við Alþýðuflokksmenn munum greiða atkv. á móti þessu frv. nú sem fyrr, og get ég látið mér nægja að vísa til þess, sem áður hefir fram komið í málinu um okkar afstöðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv.

---

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 896).

---

## 26. Iðja og iðnaður.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað** (stjfrv., A. 29).

Á 7. fundi í Ed., 22. febr. var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta stutta frv. er flutt eftir beiðni iðnaðarmanna hér í bænum. Þeir fóru fram á, að lítið eitt fleiri ákvæðum laga nr. 18 31. maí 1927 yrði breytt, en stj. sá sér ekki fært að ganga lengra en hér er gert.

Þær breyt., sem hér eru ráðgerðar, eru annars svo auðsæjar og óflóknar, að það er ekki þörf að skýra þær. Ég læt mér því nægja að óska þess, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til hv. iðnn.

**Jón Baldvinsson:** Hæstv. ráðh. sagði, að þetta frv. væri flutt eftir beiðni iðnaðarmanna hér í bænum. Ég vildi gjarnan vita nánar, hvað hann á við með þessu, hvort það er félag iðnaðarmanna, sem stendur á bak við þessar óskir, eða hvort það eru einhverjir einstakir iðnað-

armenn, sem hafa beðið stj. að flytja þetta frv.

Að öðru leyti vil ég beina því til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að sú breyt., sem ætlazt er til, að gerð verði á l. frá 1927, er, að út úr þeim verði tekið það ákvæði, sem fyrir tilstilli þessarar hv. þd. var þá komið inn í lögin.

Í 1. gr. frv. leggur stj. til, að breytt verði því ákvæði 14. gr. iðjulaganna, að það skuli vera á valdi sveinafélags að ákveða, hverjir skuli teljast iðnaðarmenn hinna ýmsu iðngreina og fá iðnbréf í þeim. Sveinapróf eiga að skera úr um þetta samkv. frv. Ég er ekki viss um, að þessi breyt. fari í réttari átt. Ég hygg, að úrskurðarvaldið í þessum efnum sé betur komið hjá iðnfélögunum heldur en að láta sveinsbréf skera úr í öllum tilfellum. Sveinafélögin mundu telja sér skylt að annast um hagsmuni iðnaðarmanna og gæta þess, að ekki fengju aðrir iðnbréf en þeir, sem væru vel færir í sinni grein, því að félögin hafa hag af því að sporna við offjölgun í einstökum iðngreinum.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það má vel vera, að ég hafi sagt, að þetta frv. væri flutt eftir beiðni iðnaðarmanna hér í bænum. Og má vera, að hv. 2. landsk. þyki það ekki nógu skýrt að orði kveðið. En beiðnin kom frá iðnráðinu. (**JBald:** Mér virðist það ekki liggja ljóst fyrir, hvaða iðnráð það er). Ég get ekki verið að skýra það fyrir hv. þm. (**JónÞ:** Hv. 2. landsk. gerist nú nokkuð ókunnugur hér í bænum). Ég sé ekki ástæðu til að víkja frá þingsköpunum á þann hátt að gera grein fyrir einstökum atriðum við þessa umr.

**Jón Baldvinsson:** Ég hefi oft heyrt hæstv. ráðh. víkja að einstökum atriðum mála við 1. umr., og virtist hann þá eigi vera jafnviðkvæmur fyrir þingsköpunum og nú. En af því að ég er ekki í þeirri n., sem fjallar um þetta frv., þá finn ég ástæðu til að benda henni á að athuga, hvort rétt sé að gefa stj. heimild til að ákveða, hvernig iðnráðin skuli kosin. Ég held það sé réttara að hafa ákvæði um það í lögunum sjálfum, ef nokkrar reglur á um það að setja. Og ég get raunar bætt því við að óska þess, að n. athugi, hvort heppilegt sé að gefa iðnráðum það vald, sem ákveðið er samkv. 3. gr. frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 75. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 706).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Jakob Möller):** Breyt. þær, sem þetta frv. fer fram á, að verði gerðar á núgildandi lögum, eru næsta sjálfsagðar, enda varð enginn ágreiningur um það í meðferð n. Það verður að líta svo á, að það hafi verið fyrir vangá, að ákv. 14. gr. eru orðuð svo sem þar er raun á. Þar segir, að iðnaðarmenn geti fengið iðnbréf, ef þeir aðeins hafi félagaréttindi í sveinafélagi, en ekki er nauðsynlegt fyrir þá að hafa sveinspróf. Líklega hefir meiningin verið, að þetta gilti um þá, sem svona stóð á fyrir áður en þessi tvenn lög gengu í gildi, þ. e. a. s. sem ekki höfðu tekið próf, en nutu þó fullra réttinda; og þetta ákvæði hefir verið sett til þess, að þeir þyrftu ekki að ganga undir próf þá til þess að halda þeim réttindum. Iðnn. hefir nú lagt til, að í stað 1. janúar 1928 komi 1. janúar 1930, og er það vegna þess, að nokkur ágreiningur hefir orðið um þetta atriði. Nokkrir iðnaðarmenn njóta nú fullra réttinda, en það mundi ekki annars vera. Um þessa breyt. eru allir aðilar sammála, bæði iðnaðarnefnd og iðnráð, sem stuðlað hefir að samningu frv., og eins fulltrúar þeirra manna, sem ekki myndu þurfa að taka próf. Ég geri ráð fyrir, að ekki þurfi að vera ágreiningur um þetta atriði. Brtt. við 2. gr. er aðeins í raun og veru orðalagsbreyt., því að svo lítur út, sem þessu undanþáguákvæði hafi verið skeytt aftan við gr. af vangá, því að gr. sjálf hefir inni að halda allt, sem um þetta þarf að segja.

Breyt. við 3. gr. er flutt, eins og í grg. frv. segir, að ósk iðnaðarmanna, og fer fram á, að sett verði á stofn iðnráð, sem gæta hagsmuna iðnaðarmanna í hví-

vetna. N. telur það ekki nema sjálfsagða ráðstöfun og hefir ekkert við það að athuga.

Að endingu vil ég, þar eð liðið er mjög á þingtímann og málið á eftir að fara í gegnum hv. Nd., skjóta því til forseta, að hann hraði afgreiðslu málsins, og vonast eftir, að hann láti veita afbrigði frá þingsköpum til þess að flýta fyrir.

**Jón Baldvinsson:** Ég tók svo eftir, að hv. frsm. hefði látið svo um mælt, að það væri eftir tilmælum iðnaðarmanna, að þessar breyt. eru gerðar á iðnlöggjöfinni. Ég vænti, að það megi skilja svo, sem samkomulag sé milli meistara og sveina um þessi atriði. **(JakM:** Ég skil það svo a. m. k.). Ég sé ekki, að það spilli nokkuð fyrir, þó að 14. gr. verndi rétt þeirra, sem á annað borð eru í sveinafélagið komnir, því að þau félög samanstanda af þeim mönnum, sem útlærðir eru í iðninni, og þeir gæta þess auðvitað, að enginn fái upptöku án þess að hann uppfylli þau skilyrði, sem þar eru sett um kunnáttu í iðngreininni. Sú raun hefir líka orðið á, að því er margar iðngreinar snertir, að erfitt hefir verið að fá sveinsbréf, og því ekki nema sanngjarnt, að það sé látið nægja, að maðurinn hefir verið álitinn hæfur til að fá upptöku í sitt stéttarfélag. Þetta hefir nú raunar eitthvað breytzt með lögum frá 1927 um iðju og iðnað. Ég get ekki séð, að 1. brtt. sé til nokkurra bóta; ég held ekki, að það sé mjög mikilsvert atriði, hvort haft er 1928 eða 1930, hvort markið er fært fram um 2 ár eða ekki. Yfirleitt er ekkert í þessum brtt., sem að gagni kemur svo nokkru nemi, nema helzt 3. liðurinn. En það er þó sá galli þar á, að allt of skammt er farið; ekki neinar reglur settar í lögin um kosningu eða skipun iðnráðs, heldur er það lagt á vald hæstv. ráðh. og hann á að gefa út um það reglugerð. Reyndar hafa áður verið kosin iðnráð eftir reglum, sem hlutaðeigendur settu sjálfir, og án þess að sérstök lagafyrirmæli væri um það að finna. En þess vegna þótti mér alveg sjálfsagt, að nú væri beinagrindin byggð upp í lögunum, og hæstv. ráðh. fyllti svo í eyðurnar með reglugerð.

**Frsm. (Jakob Möller):** Lögin eru vitanlega ónýtt, ef réttindin eru ekki skorðuð við, að menn hafi fengið sveinsbréf, hafi sýnt með því að standast sitt próf, að þeir eigi heimtingu á þeim. Það er ekki nokkur vafi um, að 1. gr. sé til stórra bóta, svo framarlega sem rétt er yfirleitt að setja löggjöf um iðnað, og sérstaklega um iðnnám. Þarna er settur annar möguleiki til þess, að menn geti fengið fullan rétt sem iðnaðarmenn án þess að taka próf. Þess vegna er varla hægt að deila um það, að svo fremi sem hægt er að gera kröfu til þess, að menn hafi lokið námi að fullu, þá verði svo um hnútana búið, að ekki séu þau réttindi veitt öðrum en þeim, sem prófi hafa lokið. Undanþága sú, sem um ræðir í 2. gr., er að veita megi próflausum mönnum stöðu, ef svo stendur á, að iðnaðarmenn vantar í eitthvert hérað; þó er sá varnagli við þessu sleginn, að hann hefir ekki réttindi á öðrum stöðum, og er heldur ekki fær um að kenna öðrum, svo að þeir öðlist réttindi í öðrum héruðum. Þetta er ekki einungis til þess að tryggja mönnum, að þeir fái vinnu, heldur og fullt eins mikið iðnaðinum til tryggingar, og einmitt þessi gr. miðar að því að bæta hag og horfur hans. Viðvíkjandi atriðinu í 3. gr., að lögbjóða eigi fyrirkomulagið um kosningu iðnráðs, vil ég segja það, að aðferðin átti að vera sú, að hæstv. ráðh. legði til grindina og Alþingi fyllti hana síðan út. Það má gera síðar, eftir því sem á horfist.

**Jón Baldvinsson:** Ég álít, að meiri þörf sé á verulegum umbótum á lögum um iðnnám, en það eru ekki þau, sem liggja fyrir að sinni. Hv. frsm. var á þeirri skoðun, að ef ákvæði 14. gr. stæðu áfram, mundu þau gera framkvæmd laganna að engu. En þar eru ýmsar aðrar skyldur og ákvæði um námstilhögunina, sem þyrfti eins að laga. Mér finnst nú, að gera megi samanburð á þessum tveimur atriðum. Í öðru tilfellinu, prófinu, er það dómur fárra tiltekinna manna, sem gildir. Í hinu tilfellinu er það dómur hins fjölmenna stéttarfélags, og dóm þess tel ég ekki minna virði.

ATKVGR.

Brtt. 706,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.

Brtt. 706,2 samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 730).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 730).
Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 370, n. 883).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Það hafa á undanförnum árum komið fram óskir frá iðnaðarmönnum, bæði iðnfélögum og iðnráðinu, um nokkrar smávægilegar breyt. á l. um iðju og iðnað frá 1927. Hefir verið borið fram frv. þess efnis á undanförnum þingum, en þó ekki náð afgreiðslu. Í það frv., sem hér liggur fyrir og gengið hefir gegnum hv. Ed., eru tekin upp þrjú atriði úr óskum iðnaðarmanna, sem öll ganga yfirleitt út á að tryggja betur en áður hefir verið gert, að það séu raunverulega fagmenn, sem fá að starfa sem iðnaðarmenn í hverri grein.

Fyrsta atriðið er um það, að í l. standur, að ekki þurfi annað en hafa félagsréttindi í sveinafélagi til þess að eiga rétt á að fá iðnbréf, en hér er farið fram á, að menn þurfi til þess að hafa verið í sveinafélagi nokkurn tíma. Er það til þess, að menn geti ekki hlaupið inn í félögin á augnablikinu til þess að fá iðnréttindi.

Annað atriðið er viðvíkjandi ákvæði l., að þar, sem skortur er á mönnum í einhverri iðngrein, má lögreglustjóri löggilda menn til að stunda hana, þó þeir uppfylli ekki venjuleg skilyrði, og mega þeir þá stunda þá iðn hvar sem er. Þetta hefir iðnaðarmönnum þótt hart, að menn geti fengið iðnréttindi þar, sem skortur er á iðnaðarmönnum í einhverri grein, og komið svo þaðan þangað, sem strangari kröfur eru gerðar, með iðnbréf upp á vasann og farið að keppa við þá, sem fyrir eru. Því er hér farið fram á, að sá, sem fær undanþágu til þess að reka iðn án þess að uppfylla venjuleg skilyrði, fái iðnbréf, sem aðeins gilda innan þess lögsagnarumdæmis, þar sem þau eru gefin út.

Þriðja atriðið er um það, að skipa skuli iðnráð í kaupstöðum landsins til þess að hafa eftirlit með því, að iðnaðarlöggjöfinni sé fylgt, og yfirleitt hafa með höndum áhugamál iðnaðarmanna hvert á sínum stað. Sýnist útlátalítið að gera þetta.

Iðnn. þessarar d. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 91. fundi í Nd., 1. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 911).

## 27. Skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta** (stjfrv., A. 12).

Á 6. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Í launalögunum frá 1919 er gert ráð fyrir því, að ráðh. ákveði skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta til 5 ára í senn. Þetta hefir þó ekki verið gert síðan lög þessi öðluðust gildi, heldur hefir fé þetta verið ákveðið árlega, og reynslan sýnir, að það hefir farið stöðugt hækkandi. Ástæðan til þess, að vikið hefir verið frá lögunum í þessu efni, mun hafa verið hið hvarflandi gengi krónunnar árin 1920 og 1921. Þeirri venju, sem á er komin í þessu, geri ég ráð fyrir, að erfitt verði að breyta, nema með lögum. Hinsvegar tel ég betra, bæði fyrir þessa embættismenn og stjórnina, að hér sé að föstu að ganga hið ákveðna árabil eins og upprunalega var tilgangurinn. Það vill brenna við, að þingið veitir til þessa lægri upphæð en stjórnin telur nægja, og þess vegna hefir mjög oft verið umframgreiðsla á þessum lið. Þetta er óheppilegt fyrirkomulag og miklu eðlilegra, að þetta sé fastákveðið.

Ég hefi ekki tekið með í frv. skrifstofufé tollstjóra, lögmanns og lögreglustjóra í Rvík, af því að þeir hafa hingað til fengið skrifstofufé eftir reikningi.

Þegar þessi umr. er á enda, óska ég, að frv. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 23. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 737).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Launal. frá 1919 mæla svo fyrir, að skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta skuli ákveða fyrirfram til 5 ára í senn. Þessu ákvæði hefir þó aldrei verið fullnægt, sem stafar af því, að engin stj. hefir séð sér fært að ákveða þennan embættiskostnað fyrir svo langan tíma fyrirfram. Í reyndinni hefir það orðið svo, að þetta skrifstofufé hefir verið ákveðið frá ári til árs, og hefir þá væntanlega verið farið eftir því, hvað raunverulega er greitt í þennan kostnað, en þó mun hafa verið svo, að þessir embættismenn hafi ekki fengið embættiskostnað sinn að fullu greiddan. Stj. hefir sem sagt ekki séð sér fært að ákveða skrifstofufé fyrir þann tíma, sem l. mæla fyrir um, en því má segja, að það sé vafasöm leið að lögbjóða þessar greiðslur í eitt skipti fyrir öll, svo að ekki verði frá vikið. N. var þetta ljóst og var því talsvert hikandi við það að vera með frv. þessu, sem hér liggur fyrir. Að vísu er ýms bót að slíkum l.; stj. er losuð við þann vanda, að þurfa að ákveða þessar greiðslur árlega upp á eigin spýtur. Því hætt er við, að slíkt verði alltaf af handahófi og að þeir embættismenn beri mest úr býtum, sem duglegastir eru til þess að skara eld að sinni köku, og að það ráði meira en sú raunverulega upphæð, sem skrifstofukostnaðurinn hefir numið. L. sem þessi ættu að verða hvöt fyrir embættismenn til þess að halda skrifstofukostnaðinum niðri, þar sem þá er vitað fyrirfram, að engin leið er að fá hærri upphæð sem framlag hins opinbera en nefnt er í l., og gæti það leitt til nokkurs sparnaðar fyrir ríkissjóð. Að þessu athuguðu taldi n. rétt að leggja til, að Alþ. yrði við tilmælum stj. um að setja l. um þetta efni, og mælir því með því, að frv. verði samþ., eins og sjá má af nál. hennar á þskj. 737. Samkv. frv. er skrifstofufé hvers embættismanns ákveðið í 1. gr., og er þar farið sem næst því, er greitt hefir verið til þessara embætta á undanförnum árum. Á yfirliti yfir þennan kostnað, sem fylgir í grg. frv., sést, að þessi kostnaður hefir aukizt stöðugt undanfarin ár. Þetta er eðlilegt, þegar tekið er tillit til þess, að störf við flest eða öll þessi embætti fara vaxandi með ári hverju.

N. er það ljóst, að allmargir af þessum embættismönnum verja meiru fé til skrifstofukostnaðar en gert er ráð fyrir

í þessu frv., að þeir fái greitt. Þó hefir n. ekki séð sér fært að leggja til almenna hækkun á þessum gjaldaliðum. En hún ber fram brtt. við 3 af liðunum og leggur til, að einum sé bætt við. N. hefir borizt erindi frá mörgum sýslumönnum og bæjarfógetum. Flest eru þau kvartanir um það, að skrifstofufé hrökkvi ekki fyrir embættiskostnaðinum. En það er svo gert ráð fyrir í frv., að hlutfallinu milli embættanna sé haldið nokkurnveginn óbreyttu frá því, sem áður var. En það eru sérstaklega tveir bæjarfógetar, sem leitt hafa sterk rök að því, að skrifstofufé það, er þeir hafa fengið, sé ekki nægilegt. Bæjarfógetinn á Akureyri hefir sent n. sundurliðaða skýrslu um embættiskostnað sinn. Hann hefir síðustu árin numið 14500 kr., en þessi embættismaður hefir ekki fengið greiddar nema 11000 kr. upp í þetta. Þó að við þetta embætti séu talsverðar aukatekjur, telur n. enga sanngirni í öðru en að hækka skrifstofufé í þessu tilfelli. Leggur n. til, að skrifstofufé sé hækkað upp í 12000 kr.; það nægir að vísu ekki fyrir kostnaðinum, en af samanburði við önnur embætti sá n. sér ekki fært að leggja til meiri hækkun.

Þá er það sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslum. Þessi maður hefir tvö sýslufélög og þar að auki eitt stórt kauptún undir sinni umsjá. N. taldi sanngjarnt, að skrifstofufé þessa embættismanns verði hækkað um 300 kr.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum hefir sent n. langt erindi, þar sem hann færir sterk rök fyrir því, að skrifstofukostnaður hans fari langt fram úr þeirri upphæð, sem hann hefir fengið í þessu skyni. Hann telur skrifstofukostnað sinn vera 16500 kr. á ári, en til þessa embættis eru ekki veittar nema 9300 kr. Þetta er svo mikill munur, að ekki er hugsanlegt að embættismaðurinn geti borgað hann af tekjum sínum, sem ekki eru sérlega miklar. N. leggur til nokkra hækkun á þessum lið, eða 900 kr. á ári. Lengra treysti n. sér ekki að fara, vegna samanburðar við aðra embættismenn. T. d. hefir sýslumaðurinn á Ísafirði tvær sýslur og einn kaupstað að sjá um, og hann hefir aðeins 13000 kr. í skrifstofukostnað.

N. hefir einnig borizt erindi frá hinum nýja lögreglustjóra á Akranesi, þar sem rök eru færð að því, að ríkið verði að verja nokkru fé til skrifstofukostnaðar við það embætti. Þar er farið fram á litla upphæð og gert ráð fyrir, að kauptúnið leggi fram svipaða upphæð á móti. N. leggur til, að í þessu skyni verði veittar 500 kr. úr ríkissjóði. Ég vil svo f. h. n. mæla með því, að frv. verði samþ. með brtt. okkar.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vil þakka hv. n. afgreiðslu þessa frv., þó að mér þyki hún hafa verið fulllengi með það. En ég skil þann drátt af þeim orðum hv. frsm., að n. hafi verið í vafa um það, hvort hún ætti yfir höfuð að afgreiða málið, og þykir mér vænt um, að sú niðurstaða varð á því, sem nú liggur fyrir. Hv. frsm. hefir tekið svo rækilega fram flest það, sem segja þarf um þetta frv., að ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum. En að því er snertir brtt. hv. n. get ég lýst því yfir, að ég mun ekki verða á móti þeim. Mér er það ljóst, að um ýmsar þær tölur, sem settar eru í frv., getur verið álitamál, hvað rétt sé, — um það er erfitt að dæma. En ástæðan til þess, að skrifstofufé var ekki ákveðið til 5 ára, eins og mælt er fyrir í l., er sú, að árið 1920, þegar launal. gengu í gildi, þótti ekki fært að fastsetja þetta til 5 ára, þar sem svo miklar sveiflur voru á verðgildinu. Þá komst það á að gera þetta á hverju ári. En það er mjög leiðinlegt verk fyrir stj. að þurfa að vera að hnitmiða þetta niður árlega, því að oft er mikill reipdráttur milli embættismanna um það, er þeir bera úr býtum í þessu efni. En verði þetta frv. að lögum, eru þessar fjárgreiðslur festar í eitt skipti fyrir öll til 5 ára, og stj. hefir þá ekki heimild til þess að borga meira. Og það er vafalaust til bóta.

**Jón Þorláksson:** Ég vil beina því til hv. n., hvort hún vilji ekki athuga ákvæði 2. gr. nánar en hún hefir gert. Þar er svo fyrir mælt, að skrifstofufé hækki og lækki eftir því sem gullgildi íslenzkrar krónu hækkar eða lækkar. Ef þetta ákvæði hefði verið lögleitt árið 1931, hefði þetta skrifstofufé hækkað um 50% síðan á því ári, af því að samsvarandi verðfall

varð á íslenzkri krónu móti gulli. En engin tilsvarandi verðbreyting varð í landinu, því að verðfallið á gullinu náði um svo mikinn hluta heimsins. Ef krónan hækkaði aftur á þennan hátt, fylgdi t. d. sterling, sem ekki er talið ólíklegt, ætti þetta að hafa tilsvarandi lækkun í för með sér á skrifstofufénu. Ef svo engin veruleg verðbreyting fylgdi gengisbreytingunni, þá efast ég um, að þetta ákvæði geti staðizt. Ég vil skjóta því til hv. n., að sé á annað borð farið inn á þessa braut, er ekki hægt að gera það á öðrum grundvelli en að fylgja einhverri íslenzkri verðvísitölu.

**Frsm. (Pétur Magnússon):** N. hefir ekki athugað nógu vel afleiðingar slíkra ráðstafana, sem hv. l. landsk. benti á, stórfelldar gengisbreytingar án tilsvarandi verðlagsbreytinga. Samt held ég, að engin veruleg hætta sé bundin við að lögfesta þetta. Færi svo, að miklar gengisbreyt. yrðu án verðlagsbreyt., gæti löggjafarvaldið bætt úr þessum ágalla. En sjálfsagt þótti að taka tillit til gengissveiflna, sem leiddu af sér verðlagsbreyt., í löggjöf sem þessari. En það er þó sjálfsagt, að n. athugi þetta atriði nánar til 3. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég mundi svara aths. hv. 1. landsk. á svipaðan hátt og hv. frsm. n. hefir nú gert. En ég vil benda á það, að bæta má úr þessu, með því að bæta aftan við ákvæðið, er að þessu lýtur, þessum orðum: Enda hafi þessi gengisbreyting áhrif á verðlag í landinu.

ATKVGR.
Brtt. 737,a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 737,b samþ. með 9 shlj. atkv.
— 737,c samþ. með 9 shlj. atkv.
— 737,d samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9:2 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 784, 803).

**Magnús Torfason:** Hv. frsm. er ekki við, en ég tel mér skylt að láta þess getið sem form. allshn., að n. vill mæla með brtt. á þskj. 803. Hún gengur í þá átt, að ekki verði breytt hæð skrifstofufjárins, nema gengisbreytingar hafi veruleg áhrif á þurftarlaun. Brtt. er til bóta, og vænti ég því, að hv. deild samþ. frv. með þessari breytingu.

ATKVGR.
Brtt. 803 samþ. með 8 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 822).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv. er hingað komið frá hv. Ed. Þar sem nú er liðið fast að þinglokum, vildi ég gjarnan mælast til, að mál þetta fengi svo hraða afgreiðslu hér í hv. d. sem við verður komið. Ég er í vafa um, hvort vísa ber frv. til n., og vil helzt ekki gera till. um það. Þó mun ég ekki greiða atkv. móti því, að það fari til n., ef till. kemur fram um það, og ef það verður sett í n. þá ætti það að fara til hv. allshn., því það var athugað í þeirri hv. n. í Ed., en eins og ég hefi þegar tekið fram, vil ég mjög mæla með því, að afgreiðslu frv. verði hraðað svo sem unnt er. **(SvbH:** Ég legg til, að frv. verði vísað til hv. allshn.).

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 13:2 atkv.

---

Á 88. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 822, n. 845).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Steingrímur Steinþórsson:** Frsm. allshn. er ekki viðstaddur, svo ég skal að-

eins fyrir hönd n. lýsa því yfir, að hún hefir fallizt á að afgr. frv. óbreytt, eins og það kemur frá Ed. Að vísu hafa tveir af nm. skrifað undir með fyrirvara, hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. Rang., en mér er ekki ljóst, hvað fyrirvari þeirra þýðir, og mun heldur ekki koma inn á það atriði. Ég get að vísu getið þess, að allshn. hafði í raun og veru engan tíma til þess að athuga frv. og mynda sér sjálfstæða skoðun um það, hvort það ætti að ganga fram í því formi, sem það er. En það varð samkomulag um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir, því ef ætti að gera breyt. á því, mundi það ekki ná fram að ganga á þessu þingi. N. vissi líka, að stj. var það áhugamál, að frv. næði fram að ganga nú á þessu þingi, og vildi því ekki standa í veginum fyrir því.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það er náttúrlega rétt, sem hv. samþm. minn sagði, að það var lítill tími til þess að athuga málið, en eg er n. því þakklátari fyrir að hún vill afgreiða það, því mér er áhugamál, að það nái fram að ganga, því það er leiðinlegt að vera að hnitmiða þetta niður á hverju ári. Ég viðurkenni fúslega, að það geti vel verið, að þessu sé ekki rétt skipt. Og mér er það ljóst, að þó frv. verði samþ., þá muni ekki allir verða ánægðir um þessa hluti. Ég skal geta þess, að einn af hlutaðeigandi embættismönnum hefir látið í ljós við mig hina megnustu óánægju út af þessu, en það verður alltaf um úthlutun eins og þessa, og ég er viss um, að það er betra að hafa 5 ára frið en að taka málið upp á hverju einasta ári.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

---

Á 91. fundi í Nd., 1. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 912).

---

## 28. Lögreglumenn.

Á 15. fundi í Ed., 3. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um lögreglu ríkisins** (stjfrv., A. 88).

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ástæðan til, að þetta frv. er fram komið nú, eru þeir atburðir, sem urðu hér í bænum 9. nóv. síðastl. Ég skal ekki fara neitt út í að lýsa þeim, þeir eru mönnum í svo fersku minni.

Ég vil minna á það, að þótt ekki hafi verið hingað til eiginleg ríkislögregla í venjulegum skilningi, þá er því þó þannig varið, að ríkið kostar sína lögreglu. Það er alkunna, að ríkið greiðir lögreglustjórum og tollgæzlumönnum laun, sem eru náttúrlega ekkert annað en sérstakir lögreglumenn á vissu sviði. En bæjarfógetar, sýslumenn og hreppstjórar eru beinlínis embættismenn ríkisins. En þessi nauðsyn, að setja upp sérstaka lögreglu kemur fram á hverjum þeim stað — eftir því sem ég veit bezt — um heim allan, þar sem margt fólk er búsett á sama stað. Ég þekki ekki eitt einasta land í heiminum, sem hafi komizt hjá þessari ráðstöfun. Það verður að ganga út frá því sem gefnu, að það sé bein skylda ríkisvaldsins að halda uppi þeirri skipun, sem ríkið hefir sjálft sett sér, ella er það tilgangslaust og þýðingarlaust að setja lög og reglur. Ég veit ekki til, að yfirleitt hafi í nokkru ríki verið haft á móti því, að til sé ríkislögregla til að halda uppi lögum og rétti. Hér á landi hefir því verið haldið talsvert fram, að þessa lögreglu ætti að nota í vinnudeilum. Hefir stj. því þótt rétt að taka það beinlínis fram í þessu frv., að það sé ekki meiningin að nota þessa lögreglu til að kúga vinnuveitendur eða vinnuseljendur þegar kaupdeilur standa yfir. En auðvitað er það skylda lögreglu

á hverjum tíma sem er, að halda uppi reglu og friði í landinu, hvort sem vinnudeilur eru eða ekki. Ég skal viðurkenna, að það getur komið fyrir það takmarkaspursmál, sem yrði dálítið erfitt úr að greiða. En slík spursmál verða að mínu viti vart erfiðari en á mörgum öðrum sviðum, sem l. eru sett um.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þetta að svo komnu, en óska þess, að frv. verði vísað til hv. fjhn. að þessari umr. lokinni. Það hefir verið siður að láta fjhn. fara með mál viðvíkjandi opinberum störfum eða nýjum sýslunum, og þess vegna finnst mér þetta mál eigi þar bezt heima.

**Jón Baldvinsson:** Þetta er nú í annað skiptið, sem farið er af stað með þetta frv. um lögreglu ríkisins. Árið 1924, rétt fyrir þinglokin, var laumast á milli þingmanna og þeir beðnir fyrir frumvarpsóburð, sem svo kallaðir „ungir íhaldsmenn" í bænum höfðu látið semja. Það mun hafa verið lagt fram í allshn. Nd. í þinglokin, en ekki varð þó af því, að sú n. eða meiri hl. hennar vildi líta við frv.

Samkv. þessu frv. átti að koma á fót stórri sveit varalögreglumanna í hverjum kaupstað landsins, og voru allir karlmenn á aldrinum frá tvítugu til fimmtugs skyldir til að ganga í þá lögreglu. Íhaldsstj. mun hafa verið neydd til þess af ýmsum ofstækisfullum stuðningsmönnum í bænum að flytja þetta frv. Það var áreiðanlega víst, að þáverandi dóms- og forsrh., Jóni heit. Magnússyni, var ekki ljúft að bera þetta frv. fram. Enda fylgdi hann því slælegar eftir en hann annars var vanur að fylgja málum.

Í því frv. var gengið hreint til verks. Það var sagt frá því, að það ætti að veita ríkisstj. heimild til að koma á fót fullkomnu herbákni. Það átti að skipa „generala", sveitarforingja, eftir þörfum og kaupa hergögn og yfirleitt það, sem nýtízku her útheimtir. Það var mjög sómasamlegt hjá íhaldinu að búa þetta svona greinilega út, að hverjum manni væri auðsætt, hvað fyrir væri ætlazt. Þó að liðin séu nokkur ár síðan þetta frv. kom fram, þá má þó segja, að mönnum sé enn í fersku minni, hvernig þessu máli var tekið hjá þjóðinni og á þingi. Fyrst var það, að mótmæli drifu að hvaðanæfa af landinu, sérstaklega frá verklýðsfélögum, af skiljanlegum ástæðum, því að gegn þeim átti að beita herbákninu. Þetta frv. komst ekki fram á þinginu 1925. Það var tekið af dagskrá fyrir fullt og allt, þegar stj. sá, að það myndi verða steindrepið, til þess að verða sér ofurlítið minna til minnkunar. Stj. iðraðist eftir að hafa flutt þetta frv. Enda er ekkert efamál, að ríkislögreglufrv. frá 1925 var einn stærsti banabiti Íhaldsflokksins eða íhaldsstj. við kosningarnar 1927. Landsfólkið trúði ekki þeim mönnum til að halda áfram að fara með völdin í landinu, sem höfðu gert sig bera að því að vilja koma á fót her hér í landi, og höfðu beitt sér fyrir slíku óheillamáli.

Það urðu um þetta miklar umr. á þingi 1925. Er gaman að rifja upp fyrir sér ofurlítið af því, sem sagt var þá, bæði með og móti. Það er í sjálfu sér lærdómsríkt fyrir þá menn, sem nú styðja hæstv. samsteypustjórn, að rifja upp fyrir sér, hvað þeir þá sögðu, til þess að þeir geti verið betur í samræmi við sjálfa sig. Því að gera má ráð fyrir, að þessir menn hafi haft grundvallaða skoðun fyrir þeim stóru og sterku orðum — og réttmætu, að mínum dómi — sem þeir notuðu í baráttunni gegn frv.

Nú liggur á ný fyrir frv. til l. um lögreglu ríkisins. Það er að því leyti svipað frv. frá 1925, að því er ætlað að vinna sama verk. En sá er munurinn, að þetta frv. er miklu lævíslegar orðað en það gamla, svo að það er jafnvel ætlazt til, að það sé sett á fót stærra bákn heldur en nokkrum datt í hug 1925. Því að þótt þá væri gert ráð fyrir stórkostlegri herskyldu í 30 ár, sem næði til ca. 7 þús. manna í kaupstöðum, þá er þetta víðtækara nú. Samkv. 1. gr. frv. á að taka til ríkislögreglunnar aðstoðarmenn, eftir því sem þurfa þykir. Heimildin er alveg ótæmandi. Það fer eftir vilja og geðþótta ríkisstj. á hverjum tíma, hversu mikið lið er dregið saman. En til þess á hinn bóginn að blekkja landslýðinn, þá er ekki stungið upp á að setja nema tíu fasta menn í ríkislögregluna. (**MG:** Þykir þingmanninum það of lítið?). Mér þykir það of lítið, miðað við það, sem stj. **ætlar** sér að draga saman af liði. Mér þykir það svo

naglaleg lævísi hjá hæstv. ríkisstjórn að tala um að setja á stofn tíu manna lögreglu, en ætla að fá heimild til að draga saman þúsund eða margar þúsundir.

Mér finnst það vel við eigandi að byrja röksemdafærslu á móti þessu ríkislögreglufrv. með orðum húsbónda hæstv. dómsmrh., núverandi forsrh., Ásgeirs Ásgeirssonar. Hann hóf fyrstu ræðu sína um ríkislögreglufrv. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að ekkert væri annað en það, að þetta ríkislögreglufrv. hefir ekki verið borið undir þjóðina áður en það var borið fram á þingi, þá bæri af þeirri ástæðu einni að vísa því frá". Nú hefir þetta ekki heldur verið gert, eins og kunnugt er. Hæstv. stj. hefir laumað þessu frv. inn í þingið án þess að bera það undir þjóðina. En það getur vel verið, að þeir séu svo ráðríkir, samstarfsmenn hæstv. forsrh. í stj., að þeir geti gert allan þremilinn án þess að spyrja leyfis. Það kom a. m. k. fyrir síðastl. haust, að forsrh. og flokksbróðir hans í stj. gátu ekki við neitt ráðið. Þriðji maðurinn í ríkisstj. fór öllu sínu fram og rak mann úr embætti. Hann rak Lárus frá Kleppi og setti Helga Tómasson inn. Þeir eru líklega svona ráðríkir, sjálfstæðismennirnir í ríkisstj., að þeir geta farið öllu sínu fram, og forsrh. ræður ekkert við þá. Því að það er sýnilegt af orðum núverandi forsrh. frá 1925, að hann mundi hafa viljað leggja slíkt mál fyrir þjóðina, og þá sennilega með kosningum. Og það er í rauninni alls ekki óeðlilegt að fara fram á kosningar um það, hvort Íslendingar, sem hingað til hafa ekki verið nein herþjóð og ætla ekki að verða það, þar sem þeir hafa lýst yfir ævarandi hlutleysi, ættu að fara að koma upp her í landinu.

Það verður því helzt að ganga út frá því, þangað til annað heyrist, að hæstv. dómsmrh. geri þetta alveg á bak við hæstv. forsrh., eða hafi farið sínu fram, hvað sem hann sagði.

Síðan 9. nóv. í haust hefir ríkisstj. haft sveit lögreglumanna hér í bænum. Ég mun víkja að því síðar. En hæstv. ráðh. sagði, að aðaltildrög til þessa frv. séu deilurnar, sem urðu 9. nóv. Fyrir þessa lögreglu sína hefir ríkisstj. greitt stórfé. Ég veit ekki gerla, hve margt manna hún hefir haft á mála, en þeir hafa líklega skipt hundruðum — og kannske enn —, og eftir því sem hæstv. forsrh. upplýsti á dögunum í Alþingi, þá hefir ríkislögreglan kostað um 1 þús. kr. á dag. M. ö. o. ríkisstj. er síðan í morgun búin að eyða 5—600 kr. í þessa lögreglu. Ég spyr hæstv. stj.: Hvaðan hefir hún heimild til að eyða þessu? „Hún er að reyna að fá heimild", heyri ég að einn af stuðningsmönnum stj. segir. En hvaðan hefir hún haft heimild fyrir þessu tiltæki sínu síðan í nóv.? Það er ekki gert ráð fyrir í fjárl. né neinum öðrum lögum, að ríkisstj. megi eyða fé í slíka hluti sem þessa. Og kostnaðurinn við þessa ríkislögreglu, sem hæstv. stj. leyfði sér að koma á fót, getur orðið upp undir 400 þús. kr. á ári. Það er hægt að byggja eina stórbrú fyrir þá peninga árlega. Nú er alls ekki sagt, að þessi kostnaður geti ekki orðið meiri en 400 þús. kr. Eftir frv. getur hann eins orðið milljón eða hálfönnur milljón, eða hver veit hvað. Það voru leiddar líkur að því 1925, að ríkislögreglan, sem þá var gert ráð fyrir, mundi kosta hátt á 2. millj. kr. Og ég gæti vel trúað því, að ef ríkisstj. fer að setja á stofn þennan her, þá verði haldið áfram þangað til þetta er orðinn þyngsti útgjaldaliður ríkisins. Það hefir farið svo hjá hverri þjóð, sem byrjað hefir á herbúnaðarvitleysunni, að herkostnaðurinn varð þyngsta byrði þjóðarinnar. Þetta er byrjunin. Hún fer myndarlega af stað, 400 þús. kr. á ári. Það er áreiðanlegt, að þessi hernaðargjöld velta upp á sig; þau vaxa ár frá ári, ef á annað borð er sleppt við stj. heimild til að mynda her.

En hver er svo tilgangurinn með þessum her? Ég get ekki séð, að hann sé annar en sá sami, sem vakti fyrir íhaldinu 1925. 1925 var þáverandi fors.- og dómsmrh., Jón Magnússon, spurður í þaula um það, til hvers ætti að nota herinn. Það var lengi vel lítið um svör. En eina dæmið, sem hann loks vitnaði í, var atvik, sem kom fyrir um veturinn, að verkamenn stöðvuðu einhversstaðar vinnu. Í slíkum tilfellum átti þá að nota herinn.

Nú er þetta frv. lævíslegar orðað en frv. frá 1925, og hæstv. ráðh. gætti þess líka að skýra það lævíslega. Hann þorði ekki að taka orðalagið eins og það var í

frvgr., heldur breytti hann því þegar hann skýrði frá, hvernig ætti að nota herinn. Hann vitnaði í 3. gr. og kvað alls ekki eiga að nota herinn í vinnudeilum; hefði stj. beinlínis sett í frv., að ekki ætti að nota lögregluna til að kúga vinnukaupendur eða vinnuseljendur, þegar vinnudeilur stæðu yfir. En það er dálítið annað, sem stendur í frv. Þar stendur, að það megi ekki nota ríkislögregluna til að kúga vinnukaupendur eða vinnuseljendur í **löglegum** kaupdeilum. Þetta orð er sett inn af einhverjum slyngum „júrista", til þess eins og að benda á mótsetninguna, **ólöglegar** vinnudeilur. Og ráðh. veit, hvernig þetta muni verða túlkað, t. d. í hæstarétti. En hver á upphaflega að úrskurða, hvað séu löglegar vinnudeilur? Það gerir dómsmrh. Og hann getur sagt, að bókstaflega allar vinnudeilur séu ólöglegar. Það eru engin lög til, sem ræða um eða gera ráð fyrir vinnudeilum. Þess vegna mundu allar vinnudeilur verða ólöglegar í augum hæstv. núverandi dómsmrh. Orðalag frv. þýðir því beinlínis, að það **eigi** að nota ríkislögregluna í öllum vinnudeilum, sem fyrir koma. Þannig mundi það verða skilið, þannig **er ætlazt** til að það verði skýrt af þeim, sem frv. hafa samið.

Þá er eitt í frv., sem hæstv. dómsmrh. gat heldur ekki um. Þessi ríkislögregla, sem hér á að setja á stofn, á að standa sérstaklega undir dómsmrh., en ekki undir venjulegri lögreglustjórn. Hinn pólitíski dómsmrh. á að geta sagt fyrir um, hvenær á að nota þessa lögreglu. Hann á að geta beitt henni þegar honum þóknast, þegar hann álítur þörf á að halda uppi „reglu og öryggi" í landinu.

Nú vil ég aðeins benda hæstv. dómsmrh. á það, hverjar afleiðingar það hefði getað haft, ef slík ríkislögregla, sem frv. gerir ráð fyrir, hefði verið komin á fót árið 1931 þegar þingrofið var. Ef þá hefði verið til ríkislögregla, vel búin að vopnum og verjum, og sem auka mátti ótakmarkað, undir stjórn þáv. dómsmrh., hv. 5. landsk., hefði hann getað sagt eitthvað á þessa leið: sjálfstæðismenn og socialistar fara um göturnar með söng og látum, þeir fara heim til forsrh., valda hávaða og óspektum; nú er fullkomin ástæða til að nota ríkislögregluna. Þannig hefði hann getað úrskurðað, og síðan gert hvað sem honum sýndist undir því yfirskini, að verið væri að halda uppi „reglu og öryggi" í landinu. Hann hefði getað látið taka hæstv. núv. dómsmrh. (MG) og hv. 1. landsk. (JónÞ) fasta fyrir að valda óreglu á götunum og efna til ófriðar. (**MT:** En hv. 2. landsk.?). Hann auðvitað sömuleiðis. Hv. 5. landsk. hefði getað beitt ríkislögreglunni bæði gegn sjálfstæðismönnum og jafnaðarmönnum. (**MG:** Ætli hann hefði nú gert það). Það er ekkert líklegra en hann, sem pólitískur ráðh., hefði notað sér valdið yfir þessu herliði, sem hann hefði getað notað eftir eigin geðþótta. Hann hefði getað látið taka fasta þá andstæðinga, sem honum sýndist. Ég veit ekki betur en allar pólitískar fangelsanir, sem fram fara í heiminum, séu gerðar undir því yfirskini, að verið sé að halda uppi „reglu og öryggi". Þess vegna gat dómsmrh. 1931, ef hann hefði verið búinn að fá í hendur þetta ótakmarkaða vald til þess að safna saman og vopna her manns, notað það til að taka fasta alla þá pólitíska andstæðinga sína, sem honum stóð mestur stuggur af. Hann gat fundið fyrir því einhverja ástæðu, eða þá gert það að ástæðulausu, t. d. sagt, að þeir ynnu á móti því, að regla héldist í bænum.

Þetta mikla vald vill núverandi hæstv. dómsmrh. fá í sínar hendur. Hann vill fá vald til að hafa 10 fasta menn í ríkislögreglu, og aðstoðarmenn svo marga, sem **hann** telur þörf á, og þeir menn, sem síðar komast í hans sæti. Mér hefir verið sagt, að hv. þm. G.-K., sem um skeið var dómsmrh., hafi viljað eftir 9. nóv., þegar ríkislögreglan var stofnuð, fá miklu stærri sveit manna heldur en tekin var. Vildi hann hafa eitthvað þúsund manns í liðinu. Nú er það kunnugt, að þennan hv. þm. langar mjög til að setjast aftur í sæti dómsmrh., hvenær sem tækifæri gefst. Hvenær sem hæstv. núverandi dómsmrh. kemur að næsta hnevksli sínu, svo honum ekki verður vært í stj., mun hv. þm. G.-K. fús að taka við stólnum. Mundi hann þá eflaust líta svo á, að hann hefði heimild til að koma upp þúsund manna vopnuðu herliði hér í Rvík. Með frv. þessu er þannig hinum pólitíska dómsmrh. veitt ótakmarkað vald yfir lífi

manna og limum. Vald til að gera hvern þremilinn sem honum sýnist, ef hann bara kallar það að halda uppi „reglu og öryggi“. Svo á ríkissjóður að bera allan „óhjákvæmilegan“ kostnað. Dómsmrh. má taka svo marga menn sem hann vill á laun í þessu skyni, eyða svo miklu sem honum sýnist. Þetta er aðalinntakið í frv. fyrst og síðast.

Hæstv. dómsmrh. segir, að þetta frv. sé borið fram vegna þeirra atburða, sem gerðust 9. nóv. síðastl. Það má vel vera, að hæstv. ráðh. og suma flokksbræður hans hafi gripið svo mikill skelkur út af þeim atburðum, að þeim hafi fundizt óhjákvæmilegt að koma á fót varalögreglu. En ég hélt, að þegar frá liði mundi hræðslan renna svo af þeim, að þeir hættu við þessa vitleysu sína. En það lítur ekki út fyrir, að svo ætli að verða, þar sem þeir fara nú fram á, að varalögreglan verði lögfest. Verður því að víkja dálítið að atburðunum 9. nóv. og frásögn þeirra. Um uppþotið sjálft er ekki hægt að tala án þess að fara nokkuð út í forsögu málsins.

Í byrjun nóv. var ákveðið af meiri hl. bæjarstj. Rvíkur að lækka kaupið við atvinnubótavinnu bæjarins úr kr. 1,36 um klukkutímann niður í eina krónu. Þetta er einhver hin gífurlegasta kauplækkun, sem nokkrir atvinnurekendur hafa farið fram á, að ætla að lækka tímakaupið í einu um einn þriðja hluta. Og um þetta átti ekki einu sinni að semja við verkamenn; bæjarstj. ályktaði aðeins, að þetta skyldu þeir fá og ekki meira. Var nú von, að verkamenn tækju þessu þegjandi, að tekinn væri af þeim meira en þriðja hver króna, sem þeir áður fengu fyrir vinnu sína? Auðvitað hefðu aðrir atvinnurekendur komið á eftir og heimtað samskonar kauplækkun.

Og kauplækkun þessa átti einmitt að framkvæma á þeim tíma, þegar erfiðleikarnir voru mestir hjá verkamönnum, atvinnuleysið mest. Meiri hl. bæjarstj. mun hafa hugsað sem svo, að verkamenn mættu verða fegnir að fá þó ekki væri nema eina krónu um tímann, ef þeir fengju einhverja atvinnu.

Ég veit, að engum einasta verkamanni hefir dottið í hug að mæla þessari ráðstöfun bót. M. a. s. sjálfstæðismenn utan bæjarstjórnarinnar töluðu um það hvar sem þeir hittust, að þetta væru eiginlega óforsvaranlegar aðfarir.

Út af þessu hélt bæjarstj. fund þann 9. nóv. Þangað komu margir verkamenn og létu nokkuð til sín taka. Létu þeir á sér heyra mikla óánægju út af kauplækkunarályktun meiri hl. bæjarstj. Það má vel vera, að einhverjir hafi þar e. t. v. gengið eitthvað lengra en rétt var gagnvart fundarfriðinum. En meiri hl. bæjarstj. hafði líka gert svo mikið fyrir sér, að afsakanlegt var, þó mönnum rynni nokkuð í skap. Hinsvegar er það að segja um bardagann, sem varð eftir að fundi var slitið, að honum mun hafa valdið ógætni lögreglunnar eða stjórnenda hennar, þegar hún réðst í að ryðja húsið, réðst á hóp, þar sem saman voru komin mörg hundruð manna. Ég hugsa, að slíkt tíðkist ekki í nokkru landi, að lögregla ráðist á mannfjölda til þess að dreifa honum. Slíkt er ekki gert nema með herliði eða vopnaðri lögreglu. En það var þessi árás lögreglunnar, sem kom barsmíðunum af stað. Hefði lögreglan ekki gert annað en verja húsið og bæjarfulltrúana, mundi ekkert hafa orðið af neinum barsmíðum í sambandi við fundinn.

Hafi hæstv. dómsmrh. ekki kynnt sér forsögu þessa máls, ætti hann þó að sjá það nú, að ríkinu getur aldrei stafað hætta af róstum eins og þessum. Barsmíðarnar 9. nóv. urðu aðeins af tilviljun, af því að lögreglunni var ógætilega beitt. Það var ekki nein tilraun til að koma af stað byltingu í landinu, sem þar kom fram. Og þegar hæstv. ráðh. og stj. hefir nú fengið ráðrúm til að hugsa allmikið um þessa hluti, og að sjálfsögðu fengið upplýsingar um, hvernig á barsmíðunum stóð, ætti hann að geta fallið frá þeirri vitleysu að koma á fastri ríkislögreglu, og dreift þeim mannsöfnuði, sem ráðinn hefir verið í því skyni.

Ég ætla enn að vitna til yfirmanns hæstv. dómsmrh., hv. þm. V.-Ísf., sem nú er forsrh. Í umr. um varalögregluna 1925 segir hann m. a.:

„Það er illt verk og óþarft að espa sjálfan sig og aðra upp í byltingarótta, þegar ekki einu sinni þeir, sem mesta samúð hafa með þjóðfélagsbyltingu í öðrum löndum, telja neinar líkur til, að

hér geti orðið bylting, nema hún sé á undan gengin í Englandi og á Norðurlöndum. En þess verður langt að bíða, að þar sporreisist þjóðfélögin".

Eftir þessum orðum að dæma hefir það verið gert þvert á móti vilja hæstv. forsrh. að bera fram þetta frv., eins og þegar hv. þm. G.-K. setti Helga Tómasson inn á Klepp móti vilja hans.

Það hefir verið um þetta frv. eins og varalögreglufrv. 1925, að mótmæli gegn því hafa drifið að alstaðar af landinu. Það má segja, að verkamanna- og sjómannastéttin hafi mótmælt því einum rómi. Hún mótmælir því gerræði ríkisstj. að koma á fót herliði, sem ekki verður séð, að eigi að nota til annars en að knýja verkalýðinn til hlýðni þegar kaupdeilur eru.

Ég vil leyfa mér að lesa hér upp nokkuð af þeim mótmælum, sem borizt hafa gegn frv.:

„11. þing Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega undirbúningi ríkisvaldsins til vopnabúnaðar í þeim tilgangi að stofna lögreglulið til þátttöku í vinnudeilum gegn verkalýðnum.

Jafnframt lýsir þingið því yfir, að verklýðssamtökin muni hiklaust beita sér fyrir hvers konar varnarráðstöfunum fyrir verkalýðinn, sem nauðsynlegar kunna að þykja til að afstýra ofbeldisverkunum í nafni réttvísinnar gegn honum, jafnvel þó samtökin verði að búa verkalýðinn samskonar vopnum og ríkisvaldið kann að láta beita í vinnudeilum".

„Sjómannafélag Reykjavíkur skorar á yfirstandandi Alþingi að vinna á móti því, að samþykkt verði lög um ríkislögreglu eða varalögreglu, ef fram kemur frumvarp um það efni. Sömuleiðis mótmælir félagið þeirri heimildarlausu ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að stofna svonefnda varalögreglu í nóvember s. l. og telur, að það fé, er til hennar hefir verið varið, sé í heimildarleysi tekið úr ríkissjóði, enda neiti þingið samþykktar á þeim fjárhæðum sem stjórnin hefir greitt úr ríkissjóði í þessu skyni, og krefji þá greiðslu, er til varalögreglunnar hafa stofnað. Félagið álítur, að stofnun slíkrar lögreglu sé aðeins til þess eins að auka ófriðinn milli hinna andstæðu stétta þjóðfélagsins".

„Sjómannafélag Hafnarfjarðar mótmælir harðlega stofnun hinnar svonefndu varalögreglu og hverri þeirri ráðstöfun, sem borgaraflokkarnir gera til að auka lögregluliðið að óþörfu, og krefst þess, að foringjar hinna tveggja borgaralegu flokka (Framsóknar og Íhalds) greiði allan kostnað þar af leiðandi úr sínum vasa, því að greiða kostnaðinn úr ríkissjóði telur félagið gert í fullu heimildarleysi.

Krefst félagið þess, að fjármálaráðherra greiði engan kostnað, sem leiða kann af þessu hernaðarbramli borgaraflokkanna, og mun stimpla þann ráðherra, er slíkt gerir, sem algerðan óráðvendismann á annara fé".

Þannig samþykkt á fundi 4. jan. s.l.

„V.K.F. Framtíðin í Hafnarfirði samþykkti 12. desember 1932 svohljóðandi tillögu: Um varalögreglu þá, sem sett hefir verið á stofn í Reykjavík og sé stefnt gegn verklýðssamtökunum, vill félagið lýsa því yfir, að það telur slíkt athæfi stórvítavert og hættulegt friðnum í landinu og skorar á ríkisstjórnina að hverfa tafarlaust frá því".

Svohljóðandi tillaga var samþykkt í einu hljóði á fundi Jafnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði 1. des. 1932:

„Fundur haldinn í Jafnaðarmannafélaginu í Hafnarfirði lýsir megnri andúð sinni á varaliði lögreglunnar, sem nú er verið að smala saman í Reykjavík, þar sem vitanlegt er, að liði þessu verður beint gegn verkalýðssamtökunum í landinu. Mótmælir fundurinn harðlega þeim tilraunum, sem kunna að verða gerðar til slíkrar liðsöfnunar í náinni framtíð".

Á fundi verkamannafélagsins „Dagsbrúnar", sem haldinn var í alþýðuhúsinu „Iðnó" föstudaginn 9. des. 1932, var samþ. eftirfarandi tillaga:

„Verkamannafélagið Dagsbrún mótmælir harðlega stofnun ríkislögreglunnar sem beinum undirbúningi þess, að ríkisvaldinu verði beitt gegn alþýðusamtökunum í vinnudeilum, og ákveður, að þeir Dagsbrúnarfélagar, sem taka þátt í þessu liði, skuli sviptir félagsréttindum og felur félagsstjórninni nánari framkvæmdir þess".

Á fjölmennum fundi Verkakvennafélagsins „Framsóknar", sem haldinn var

13. jan. 1933, var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum eftirfarandi tillaga:

„Verkakvennafélagið „Framsókn“ mótmælir harðlega stofnun ríkislögreglunnar, þar sem engar ástæður eru fyrir hendi, sem réttlætt geti slíkar ráðstafanir og þar sem óforsvaranlegt er að eyða fé ríkisins í heimildarleysi á þennan hátt, þegar á sama tíma ekki fæst fé til að bæta úr neyð alþýðunnar. Krefst því félagið þess, að ríkislögreglan verði lögð niður“.

Svofelld mótmæli voru samþykkt einum rómi á fundi jafnaðarmannafélagsins „Þórshamars“ í Vestmannaeyjum 30. des. 1932:

„Jafnaðarmannafélagið „Þórshamar“ í Vestmannaeyjum mótmælir harðlega vígbúnaði yfirstéttarinnar með stofnun varalögreglu. Félagið telur það gerræði við verkalýðinn að eyða peningum í varalögreglu á þessum tímum, þegar alþýða manna sveltur og þjóðfélagið þykist ekki geta að gert“.

Vestmannaeyjum, 6. janúar 1933.
f. h. Jafnaðarmannafélagsins „Þórshamars“.
Þorsteinn Þ. Víglundsson, formaður.
Guðm. Jónsson, ritari.

Á fundi í Verklýðsfélagi Álftfirðinga í dag var samþ. í e. hlj. svo hljóðandi tillaga:

„Verklýðsfélag Álftfirðinga lýsir megnri óánægju sinni yfir þeirri ráðstöfun ríkisstjórnarinnar að setja á stofn fjölmenna varalögreglu, sem kostar offjár, en hefir ekki annað að gera en að vera til taks, til þess að hjálpa atvinnurekendum að reyna að kúga verkalýðinn í kaupgjaldsdeilum þeim, sem fyrir kunna að koma og virða að vettugi þann sjálfsagða rétt verkalýðsins, sem er, að hann hafi íhlutunarrétt um að verðleggja þá einu eign, sem hann á, sem eru starfskraftar hans. Ennfremur samþykkir félagið að banna meðlimum sínum að taka nokkurn þátt í slíkri starfsemi, sem þarna er hafin, hvar sem hún kemur fram“.

Súðavík 11. des. 1932.
f. h. Verklýðsfél. Álftafjarðar, Súðavík
Ásgr. Albertsson,
ritari.

„Verklýðsfélagið „Bjarmi“ Stokkseyri, mótmælir harðlega stofnun varalögreglu eða ríkislögreglu, og telur það verða eingöngu til þess að auka ófrið í landinu, þar sem vitanlegt er, að verkalýðurinn tekur ekki þegjandi mót óverðskulduðum höggum lögreglunnar“.

Þannig samþykkt á fundi dags 20. des. 1932.

Helgi Sigurðsson,
formaður.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt á fundi Verklýðsfélags Stykkishólms þann 3. þ. m.

„Verklýðsfélag Stykkishólms mótmælir harðlega hinni heimildarlausu stofnun varalögreglunnar og krefst þess, að ríkisstjórnin hætti þessu hættulega brölti.

Ennfremur bendir félagið ríkisstjórninni á, að hún gerir þetta í óþökk allrar alþýðu í landinu og að henni væri nær að draga ekki lengur sakamálarannsóknirnar á hendur stjórnar Íslandsbanka, sem allir bíða eftir með óþreyju“.

F. h. Verklýðsfél. Stykkishólms
Jóh. Rafnsson,
form.

Á fjölmennum fundi í Verklýðsfélagi Akraness 9. jan. var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Verklýðsfélag Akraness mótmælir harðlega ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar með stofnun ríkislögreglu og telur það beina árás á samtök verkalýðsins, því eftir því sem frekast verður ljóst um tilgang þessarar stofnunar, er henni ætlað að halda verkalýðnum í skefjum þegar hann gerir kröfur um lífsbjörg sér til handa. Laun ríkislögreglunnar telur félagið, að landsstjórnin borgi út í algerðu heimildarleysi, sem sjálfsagt sé að víta, enda ekki sennilegt, að fé hafi verið fyrir hendi í því augnamiði þar sem síðasta alþingi skar mjög við neglur sér fjárveitingar til allra verklegra framkvæmda, og við opinbera vinnu voru verkamenn látnir vinna fyrir óhæfileg hungurlaun, og það afsakað með fjárskorti. Ennfremur hefir ríkisstjórnin tjáð sig vera févana til þess að veita einstökum héruðum lán eða styrk í atvinnubótaskyni, og lántöku í því augnamiði telur fundurinn afsakanlega sem bjargráð fyrir verkalýðinn á

vandræðatímum, en óafsakanlegt gerræði lántaka til rekstrar ríkislögreglu".

Á fundi verklýðsfél. „Súganda", Suðureyri, sem haldinn var 13. jan. 1933:

„Mótmælir harðlega hinni svokölluðu „varalögreglu" og lítur svo á, að það fé, sem notað er til styrktar henni, sé tekið úr ríkissjóði í algerðu heimildarleysi. Og krefst þess, að hún sé tafarlaust lögð niður.

Suðureyri, Súgandaf. 14. jan. 1933.
Guðm. J. Markússon,
ritari.

Á fundi höldnum í verklýðsfélaginu „Hvöt" á Hvammstanga 27. des. 1932 var samþykkt í einu hljóði svohljóðandi tillaga:

„Fjölmennur fundur haldinn í verklýðsfélaginu „Hvöt" á Hvammstanga 27. des. 1932 mótmælir ákveðið stofnun varalögreglunnar og krefst þess, að hún verði nú þegar afnumin. Einnig átelur fundurinn hina heimildarlausu fjársóun ríkisstjórnarinnar til varalögreglunnar og telur fé ríkisins betur varið til atvinnubóta en til barsmíða á þessum erfiðu tímum.

Hvammstanga, 3. jan. 1933.
f. h. verkalýðsfélagsins „Hvöt".
Björn Kr. Guðmundsson,
formaður.
Sigurður Gíslason,
ritari.

„Fundur í Losunar- og lestunarfélagi Siglufjarðar haldinn 16. des. 1932 krefst þess, að varalögregla sú, sem stjórnarvöld landsins eru búin að koma upp, verði tafarlaust lögð niður, og telur fundurinn það mjög vítavert að eyða fé landsins í algerðu heimildarleysi til að halda uppi varalögreglu.

Sömuleiðis telur fundurinn þetta ráðlag stjórnarvaldanna beina árás á verkalýð landsins og almenn mannréttindi og telur því alla Íslendinga skylda til að krefjast þess, að lögregla þessi verði lögð niður tafarlaust".

Þetta er ekki nema lítill hluti af þeim mótmælum, sem fram hafa komið. Ég get því sagt það með réttu, að ég mótmæli þessu frv. og þeim tilgangi þess, að koma upp her hér á landi, í nafni allrar verkalýðsstéttarinnar. Ég mótmæli því f. h. samtaka hennar, Alþýðusambandsins, en innan þess eru nálega 10 þús. fullorðinna manna. Það mætti segja, að þó ríkisstj. notaði út í æsar þá heimild, sem í frv. felst, þá yrði liðið þó aldrei nógu fjölmennt til að kúga verkalýð landsins í kaupdeilum. Hér í Rvík mundi sú hersveitin ávallt verða sterkari, sem fylgir verkalýðnum að málum. Þó andstæðingar verkalýðsins hafi e. t. v. fleiri kjósendur hér í Rvík sem stendur, þá mundi það sýna sig þegar til handtakanna kæmi, að verkamenn væru betur undir það búnir. Þó að ríkisstj. kæmi upp eins stórri sveit eins og hægt er að safna saman fyrir peninga, þá yrði hún samt undir, a. m. k. þangað til næsta sporið væri stigið, gripið til vélbyssanna og handsprengjanna. Það má vera, að andstæðingum verkalýðsins tækist þá að ná yfirhöndinni í bili, með því að taka slík tæki í sína þjónustu. En herbúnaður hjá öðrum aðilanum leiðir ávallt til þess, að hinn verður að taka upp samskonar tæki. Verkamenn mundu brátt búast sömu vopnum og ríkisherinn. Þetta sýnir reynslan alstaðar annarsstaðar. Við sjáum, hvernig komið er í Þýzkalandi. Daglega berast fregnir þaðan af manndrápum og blóðugum bardögum milli fascista og kommúnista, og fascistarnir hafa einnig knúð jafnaðarmennina til að safna liði til varnar sér. Þannig gætu afleiðingarnar orðið hér af þessu hervaldsbrölti ríkisstj.

Það getur alltaf komið fyrir í einstaka tilfelli, að lögreglan verði undir. Það væri eflaust hægt að benda á mörg dæmi þess, að yfirvöld hafi verið kúguð til eins og annars, án þess að rokið væri í að stofna her. Ég man ekki betur en að Páll Briem sýslumaður væri einu sinni kúgaður til þess af bændum í Rangárvallasýslu að sleppa manni úr varðhaldi, sem hann ætlaði sér ekki að láta lausan. Þó að verkalýðurinn yrði ofan á í róstunum 9. nóv. hefir ekkert verið hafzt að síðan, og sýnir það, að enginn byltingarhugur stóð þar að baki. Að engar óeirðir hafa orðið síðan 9. nóv. sýnir, að þetta var ekki tilraun til byltingar, heldur einungis tilviljun, sem e. t. v. og að mínu áliti var stjórn lögreglunnar að kenna.

Það væri kannske ekki skaðlegt að samþ. frv., þar sem ákveðið væri að skip-

aðir yrðu allt að 10 fastir starfsmenn sem ríkislögregla, ef engin aukaheimild væri á bak við og ef fellt yrði niður það ákvæði, sem miðar til þess að koma á stórfelldum liðsafnaði. Það væri kannske ekki úr vegi, að stj. legði þetta til í lögreglu bæjarins. En ég mundi samt ekki vilja rétta út litla fingurinn til að koma þessu á, því það teldi ég vera að skemmta skrattanum, og jafnvel ekki þó að sjálfur friðarhöfðinginn bæri fram till. um það. Ég ætla því að greiða atkv. móti þessu frv. nú þegar.

Ég hefði talið réttara, án þess ég láti mig það miklu skipta, að málið færi til allshn., ef það á annað borð kemst svo langt, og geri ég það því að till. minni. Hæstv. dómsmrh. vill vísa því til fjhn., af því að hann veit, að þetta felur í sér svo mikla fjáreyðslu. Hann veit, að það nemur hundruðum þúsunda kr., sem þetta hefir í för með sér. (**MG:** Það voru millj. kr. rétt áðan). Til að byrja með eru það hundruð þús. kr., en þegar fram líða stundir, og það fyrr en varir, mun það nema millj. kr., ef samþ. verður. Það hefir hvergi verið komið upp her án þess að þjóðirnar hafi orðið innan skamms að leggja til millj. kr. í kostnað. Að öðru leyti tel ég réttast, samkv. framansögðu, að málinu verði vísað til allshn, ef það á annað borð kemst til nefndar. Þar minnir mig að ríkislögreglufrv. hafi verið 1925.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Mér kom það ekki á óvart, þótt hv. 2. landsk. lýsti því yfir, að hann mundi ekki greiða atkv. með þessu frv. Það hefir svo oft heyrzt úr þessum herbúðum, að manni getur ekki komið það á óvart, að hann sé ekki fylgjandi þessu máli. En ég hafði ekki búizt við því, að hann rangfærði eins ákvæði frv. og sneri út úr þeim. Ég áleit, að hann teldi sig upp úr því vaxinn að fara svo að sem hann gerði. Ég sé ekki ástæðu til að elta allt, sem hann hefir nú sagt í sinni klukkutímaræðu. En ég vil út af byrjuninni segja það, að mér dettur ekki í hug að fara út í forsögu þessa máls að neinu leyti.

Ég fann það á öllu, að hv. 2. landsk. er dálítið vonsvikinn yfir því, að ekki skuli vera hærra risið á þessu frv. Hann talar með fyrirlitningu um þessa 10 menn og finnst það vera of lítið. En það, sem hann hengir hatt sinn aðallega á, eru þessir aðstoðarmenn eftir því, sem óhjákvæmilegt þykir. Hann segir, að það verði hægt að hafa þá svo marga, að skipti tugum þúsunda. Ég verð að segja eins og er, að það er ómögulegt fyrir nokkra stj. að segja nákvæmlega fyrir um, hve marga menn þarf til að halda uppi lögum og reglum í landinu. En ég get sagt honum annað, og það er það, að það er hann og hans flokkur, sem ræður mestu um það, hvað þessir menn þurfa að vera margir. (**JBald:** Þá skulu þeir vera engir). Það er ég fyllilega ásáttur með, ef ekki er þörf á þeim. (**JBald:** Það er engin þörf á þeim). Það verður þá að vera staðreynd. Ég tek ekki gild orð hv. þm. ein út af fyrir sig. Ég endurtek það, að það er á valdi þeirra manna, sem eru á móti þessu máli, hvað mikið hlýtur að felast í þessu ákvæði. En eftir því sem hv. þm. talaði í enda ræðu sinnar, þá finnst mér, að það geti orðið nokkuð mikið, því hann var að hóta því, að það skyldi verða sett upp liðsveit, jafnsterk eða sterkari en ríkislögreglan.

Hv. þm. var eitthvað að tala um tilgang ríkislögreglunnar og að dómsmrh. mundi hafa þar eitthvert óskaplegt vald. Það stendur í 3. gr. frv., að tilgangur ríkislögreglunnar sé að aðstoða lögreglulið bæjarins við að halda uppi lögum og friði. Þetta er nú ætlunarverkið. — Þá sagði hv. þm., að það þyrfti nýjar kosningar þegar ætti að koma upp her. Ég fann það á hv. þm., að honum fannst djúpt tekið í árina, þegar 10 menn ættu að kallast her, því vissa er ekki fyrir því, að það verði fleiri en 10 menn og í frv. stendur: allt að 10 menn. En ég geri nú ráð fyrir því, að það verði 10, en svo fer hitt allt eftir því, hvernig ástandið verður í bænum.

Þá talaði hv. þm. mikið um það, að stj. hefði enga heimild til að greiða kostnað varalögreglunnar. Stj. hefir gert það eitt, sem aðrar stjórnir gera alltaf, að greiða ýmislegt upp á væntanlegt samþykki þingsins. Hv. 2. landsk. ætlar ekki að samþ. þetta, en hann ræður nú ekki einn, þótt hann sé nokkuð breiður. Það er undarleg þessi andstaða móti ríkislögreglunni hér á landi hjá jafnaðarmönnum.

Ég veit ekki til þess, að nokkurstaðar þar, sem jafnaðarmenn eru við völd, detti þeim í hug að afnema ríkislögreglu. Þeir hafa m. a. s. um sig stóran her. Þegar danski forsrh. Stauning ætlaði að minnka danska herinn, þá ætlaði hann að hafa 7 þús. manna lögreglusveit fasta fyrir utan alla bæjarlögregluna. Ekki var hann svona hræddur. Og hvernig var það með MacDonald? Hefir hann afnumið herinn? (**JBald:** Hann er nú genginn í samsteypustjórnina). Hann var nú kosinn á þing af jafnaðarmönnum enn samt. Eins var það með Branting. Hann hafði stóran her og mikla lögreglu meðan hann var forsrh. í Svíþjóð. Og af hverju? Af því hann taldi það vera nauðsyn. Allar þjóðir telja það vera nauðsyn. (**JBald:** Ég skal leiðrétta sögu hæstv. ráðh. á eftir). Svo spyr hann um tilgang með lögreglunni.

Honum finnst sem einhver slunginn lögfræðingur hafi búið til þetta orðatiltæki, löglegar kaupdeilur, og svo muni þessi sami segja, að allar kaupdeilur séu ólöglegar, og þó að frv. segi, að lögreglumenn eigi ekki að nota í kaupdeilum, þá eigi nú samt að gera það. Svona fer hann að því að eyðileggja það, sem stendur í frv., býr til hugsun, sem á að vera bak við meinlaust orðatiltæki og segir, að þetta muni verða notað til þess að strika út það, sem stendur í frv. Ef þetta eru ekki hinar herfilegustu blekkingar, þá veit ég ekki, hvað blekkingar eru.

Auðvitað geta kaupdeilur verið bæði löglegar og ólöglegar. Og þess vegna er alveg sjálfsagt að skilja á milli löglegra og ólöglegra kaupdeilna.

Þá eru óeirðirnar 1931. Hv. þm. sagði, að það hefði verið ákaflega vel hægt að fangelsa bæði mig og hann og fleiri, ef dómsmrh. hefði haft her þá. Ég held, að það hefði verið hægt eftir því fyrirkomulagi, sem þá var, ef lögreglan hefði bara viljað gera það. Það þurfti ekki ríkislögreglu til þess, bara að við hefðum átt það skilið og lögreglan viljað gera það.

Hv. þm. gerði lítið úr því, sem gerðist 9. nóv. En þeir munu vera margir hér í bæ, sem muna, hvað gerðist þá, og það er ekki til neins fyrir hv. þm. að reyna að slá striki yfir það, því það er enn í fersku minni. Hann kennir lögreglunni um það allt. En hann veit, að hann gerir lögreglunni rangt til. Það munu ekki vera margir, sem vilja taka undir það, að lögreglan hafi farið ósæmilega að.

Ég vil spyrja hv. 2. landsk., hvers vegna honum sé svona illa við lögregluna. Mig vantar skýringu á því, því ég tek hann ekki hátíðlega, þegar hann segir, að lögregluna eigi að nota í vinnudeilum, en mig vantar ástæðuna fyrir því, að hann er á móti lögreglunni frekar en aðrir jafnaðarmenn um allan heim.

Ég þykist vita það, að hv. 2. landsk., sem er rólegur maður, ætli ekki að gera neina uppreisn. En því er hann þá á móti lögreglunni? Ég vænti þess að fá fullnægjandi svar hjá honum. Af sparnaðarástæðum getur það ekki verið, því hann er ekki sparsamur á ríkisfé. Það er laust við það. — Hann las upp ósköpin öll af andmælum og skal ég ekkert fara út í það. Það geta allir flokkar safnað undirskriftum, en það er nú einu sinni „speciale" Alþýðuflokksins að gera þetta, en hinir flokkarnir gera yfirleitt lítið að slíku, en það sannar ekki annað en vilja fáeinna manna hér í Rvík, sem standa fyrir slíku.

Hv. 2. landsk. sagði, að það mundi hættulegt fyrir friðinn að hafa lögreglu. Samtímis sagði hann, að síðan 9. nóv. hefði ekki borið á neinum óeirðum. Hvar er þá hættan af lögreglunni?

Ég veit, að það er ekki til neins að fara út í hin síðustu ummæli hv. þm. Það voru ekki annað en hótanir um það, að það skyldi verða tekið upp lið jafnsterkt lögreglunni, og m. a. s. að það væri ekki hægt að hafa svo sterka lögreglu, að ekki væri hægt að brjóta hana á bak aftur. Ef það eru einhverjir í landinu, sem vilja koma á uppreisn, þá ráða þeir því náttúrlega. En ég hélt ekki, að hv. 2. landsk. ætlaði að gerast uppreisnarforingi, og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því. — Ég ætla ekki í bili að segja fleira um þetta frv. eða ræðu hv. 2. landskjörins.

Ég lagði til, að málinu yrði vísað til fjhn., af því að mál svipaðs eðlis hafa jafnan verið látin í fjhn., og þá till. held ég fast við. En ef hv. 2. landsk. ber upp þá till., að málinu verði vísað til allshn., þá verður sú till. náttúrlega borin undir atkv. líka.

**Jónas Jónsson:** Þegar frv. með svipuðu nafni og innihaldi var borið fram í Nd. fyrir 7 árum, þá mætti það mikilil mótspyrnu og ég hygg, að það hafi aldrei komið úr n., því að stj., sem bar það fram, komst að þeirri niðurstöðu, að í því formi, sem málið var þá, mundi það ekki verða sigurvænlegt. Síðan hefir það legið niðri, þangað til óeirðir, sem stafa af nokkuð vaxandi fylgi kommúnista hér í bæ, hafa 2—3 sinnum orðið í sambandi við bæjarstjórnarfundi og leitt til þess, að málið hefir verið tekið upp aftur, en þó að nokkru leyti á nýjum grundvelli. Ég geri ráð fyrir, að þó þetta mál hafi ekki verið tekið ýtarlega fyrir af Framsóknarflokknum, þá séu skoðanir manna þar nokkuð öðruvísi en hjá hinum tveim ræðumönnum, sem hafa talað hér nú. Ég geri ráð fyrir, að Framsóknarfl. vilji styrkja lögregluna í Rvík og vilji hjálpa til þess, að óróaseggir geti ekki hamlað fundum og starfsfriði manna og borgaralegu lífi hér í Rvík og annars staðar. En þó menn geti að þessu leyti verið samþykkir hæstv. ráðh., þá býst ég við, að skilji mjög á um leiðir, um formið. Ég geri ráð fyrir, að það verði hlutverk okkar framsóknarmanna að hafa nokkuð mildari áhrif á báðar hendur í þessu efni, eins og reyndar svo mörgum öðrum. Ég ætla fyrst aðeins að víkja að aðalefni frv. og ætla þá fyrst að taka það fram, að nafnið, sem er á þessari viðbót, verður ekki til þess að auka vinsældir. Fyrir landsmönnum, sem eru utan Rvíkur, stendur það þannig, að uppþot, sem hafa orðið hér nokkrum sinnum upp á síðkastið, séu nokkuð staðbundin við Rvík. Þessi uppþot hafa alltaf stafað af ósamkomulagi milli atvinnurekenda og verkamanna hér í bæ. Engin af þessum uppþotum hafa verið pólitísk, ekki til að kollvarpa þjóðskipulaginu. Þannig er þetta frv. eftir minni hyggju byggt á misskilningi. Það, sem Rvík virðist fyrst og fremst þurfa að gera, er það að styrkja sína eigin lögreglu, svo að hún sé a. m. k. sambærileg við það, sem gerist í öðrum bæjum af svipaðri stærð. Lögregluliðið hér í bæ þyrfti a. m. k. að vera helmingi stærra, þannig að í staðinn fyrir 30 lögregluþjóna yrðu þeir 60. Það er h. u. b. víst, að ef lögregluþjónarnir hefðu verið 60 9. nóv., hefðu þeir klárað sig alveg í uppþotinu, sem þó var það illkynjaðasta, sem fyrir hefir komið hér, af því bæði að kommúnistar reyna alltaf að nota sér slíka atburði til óeirða, og þar að auki var málið illa undirbúið af bæjarstjórninni, með því að hún hafði ekki einu sinni samúð sinna eigin flokksmanna yfirleitt. Það var yfirleitt álitið illt verk, sem meiri hl. bæjarstj. hafði gert. Og það er ómögulegt að neita því, að flokkur sá, sem styður hæstv. dómsmrh., spilaði upp í hendurnar á óróaseggjunum með því fyrst að skapa þetta tilefni, að færa niður kaup þeirra, sem ekki höfðu nema hálfs dags vinnu, í öðru lagi með því að láta hátalara kalla þessar umr. út á torgið, og í þriðja lagi með því, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) hélt hina ósvífnu ádeiluræðu á fátæklinga bæjarins. (**JakM:** Það er tilhæfulaus haugalygi). Allur bærinn veit það. En menn eru náttúrlega ekki hissa á því, þó hv. þm. vilji ekki kannast við það fyrir þinginu. Þetta er einmitt sá þm., sem átti frekastan þátt í þeim hermdarverkum, sem urðu þá um daginn, vegna þess, sem hann sagði til hinna hungruðu í bænum. En meiri hl. bæjarstjórnar lærði það af reynslunni að halda fundi annarsstaðar en á opnum götum eins og hann gerði þá, og það er hyggilegra fyrir margra hluta sakir.

Ég býst við, að fjöldamargir þm. muni kæra sig jafnlítið um að taka málstað kommúnistanna og þeir kæra sig um að taka málstað þeirra manna, sem báru ábyrgðina á því, að þessar æsingar gátu orðið 9. nóv. Það virðist sem þessi framkoma meiri hl. bæjarstj. hafi verið löguð til þess að skapa ófrið, og það varð ekki til þess að auka sæmd meiri hl. bæjarstj. Til þess hafði hún í frammi of mikla ósvífni framan af deginum og of mikið hugleysi síðari hluta dagsins.

Það hvorki á né má kenna frv. við ríkislögreglu, heldur á þvert á móti að koma fram í nafni frv., að hér er eingöngu um það að ræða, að ríkið styðji Rvíkurbæ til að efla lögreglulið bæjarins. Því að það kemur vitanlega ekki til mála, að ríkið fari að taka að sér syndir þeirra manna, sem svo gálauslega fara með málefni Rvíkurbæjar og raun bar vitni 9. nóv. síðastl., enda er það kunnugt, að sumir á-

hugamestu flokksmenn hæstv. dómsmrh. vildu í haust vopna nokkur hundruð manns, og jafnvel nokkur þúsund, að því er mér skildist á hv. 2. landsk. þm., og slíkur liðsdráttur kostar mikla peninga, og er eðlilegast, að sá borgi brúsann, sem ölið kaupir, sem er Rvíkurbær, er hefir verið svo giftulaus að þurfa að hlíta handleiðslu íhaldsins um málefni sín. Landið hefir aðeins einu sinni þurft á her að halda, vorið 1931, þegar íhaldið fór geystu liði hér um götur bæjarins. Þá vorum það við framsóknarmenn, sem urðum fyrir óspektunum, en við sáum þó ekki ástæðu til að taka það hátíðlega og fara að hervæða jafnvel þúsundir manna, þótt þeim rynni í skap, æstustu íhaldsleiðtogunum hér í Rvík. Það er höfuðgalli þessa frv., að frv. er byggt á þeim misskilningi, að ríkið þurfi á slíku herliði mörg hundruð manna að halda, og með tilliti til þess, hvern hug flokkur hæstv. dómsmrh. hefir sýnt löggæzlunni og réttarfarinu í landinu með því að velja hann í dómsmálaráðherrasætið, verður sízt ástæða til þess að fara að heimila stj. ótakmarkaðan liðsdrátt á ríkisins kostnað. Ég álít það heilbrigt og rétt af löggjafarvaldinu, að það hjálpi Rvíkurbæ til að efla bæjarlögregluna sómasamlega, borið saman við lögreglu í jafnstórum bæjum erlendis, en þótt ég líti þannig á, að vel geti komið til mála, að ríkið styðji Rvíkurbæ að þessu leyti, jafnvel svo að nemi ⅙ af kostnaði bæjarins vegna lögreglunnar, sem væri viðráðanlegt og gæti samsvarað kaupi þessara 10 manna, sem frv. tekur til, kemur þó ekki til mála, að fara að veita neinni ríkisstjórn né neinum öðrum vald til þess þannig, að hafa ótakmarkaðan liðsdrátt á ríkisins kostnað, og myndi enda opna dutlungafullum atvinnurekendum leið til þess þannig fyrst að fremja sín ósvífnu verk og síðan að heimta ríkisábyrgð á framferði sínu. Ég álít, að það eigi að vera rannsóknaratriði, hve mikið á að auka lögregluna hér í Rvík fram yfir hina venjulegu lögreglu, sem nú er. Gæti ég ímyndað mér, að sæmilegt væri að stækka lögregluna um helming, upp í 60 manns, og bæri Rvíkurbær ⅚ kostnaðar, en ríkið ⅙ kostnaðar, sem mundi gefa bænum nægilegt aðhald til þess að hafa viðbótarkostnaðinn ekki meiri en nauðsynlegt væri, en ef svo skyldi vilja til einhvern tíma, að fleiri manna þyrfti við, er hægurinn á fyrir hverja ríkisstj. sem er að gefa út bráðabirgðalög um slíka nauðsynlega aukningu á lögreglunni. Ég álít, að það hafi verið skaði, að stj. skyldi ekki gera þetta nú, því að þótt þetta e. t. v. sé ekki fjárhagsspursmál, er hér þó um réttarfarsspursmál að ræða, sem getur verið hættulegt fyrir stj. í þessu efni. Ef einhver stj. undir slíkum kringumstæðum eykur lögregluna langt fram yfir það normala, hefir Alþingi í höndum sér að láta hverja slíka stj. standa reikningsskap af gerðum sínum.

Þeir, sem standa að þessu frv., mega búast við því, að erfitt verði að fá miðflokk eins og Framsfl. til þess að ganga inn á að heimila stj. að hafa ótakmarkaðan liðsdrátt á kostnað ríkisins, sem jafnvel getur orðið ár eftir ár, og ef þeim er alvara að leysa þetta mál á skynsamlegan hátt, eiga þeir að fallast á, að lögreglan hér í Rvík sé aukin, því að þá geta þeir verið vissir um samvinnu við marga úr Framsfl., ef ekki alla þm. flokksins. Því lengra hinsvegar sem gengið verður í þá átt að heimta ótakmarkaðan her og ótakmarkaða eyðslu vegna þessa hers, sem jafnframt mundi leiða til fjölgandi uppþota og óeirða, því meiri verður einnig mótstaðan á móti þessu frv. Spái ég því, að erfitt verði að halda þessu máli til streitu, ef hinar vinnandi stéttir í sveitum og bæjum landsins fylkja sér á móti málinu. Er hyggilegast að fara ekki lengra en svo, að fólkið í landinu, sem ber hita og þunga dagsins, sannfærist um það, að hér sé öllu í hóf stillt og aðeins svo að gert sem nauðsynlegt er að gera.

Ég vil gera nokkrar aths. út af ræðu hv. 2. landsk. þm., sem rakti hér nokkuð gang málanna 9. nóv. síðastl. Býst ég ekki við, að það verði gróði fyrir hv. þm. né flokk hans að ráðast á lögreglu bæjarins út af atburðum þessa dags. Fólk hafði safnazt saman svo þúsundum skipti til að hlusta á bæjarstjórnarumr., sem íhaldsmenn höfðu verið svo óhyggnir að láta varpa með hátölurum út á götu. Var mikill æsingur í mönnum vegna kauplækkunar bæjarstj., og þó ekkert síður vegna

liðsdráttar og æsinga kommúnista, sem notuðu óspart þessa óhyggilegu kauplækkun íhaldsmeirihl. í bæjarstj. til þess að æsa fólkið upp. Varð þetta allt til þess að draga hina mörgu, rólegu og skynsömu verkamenn þessa bæjar út í æsingarnar, og þegar upphlaupsmennirnir ætluðu að ráðast á bæjarfulltrúana og meina þeim að komast burt, skarst lögreglan í leikinn, og geri ég ekki ráð fyrir, að það sé hyggilegt að áfellast lögregluna fyrir það. Lögreglan gat ekki annað gert, fremur en her gefur upp land og þjóð fyrr en hann er sigraður. Og hinni fámennu lögreglu hér tókst að bjarga bæjarfulltrúunum gegnum æsingahringinn. Lögreglan mátti ekki að því spyrja, hvort málstaður íhaldsmeirihl. í bæjarstj. var vondur eða góður. Lögreglan gat ekki yfirgefið bæjarfulltrúana, enda þótt hún fordæmdi málstað þeirra. Lögreglunni bar að vernda bæjarfulltrúana, úr því að þeir þurftu á vernd hennar að halda, og það var ekki lögreglunnar að skera úr því, hvort málstaður þeirra væri góður eða vondur út frá siðferðilegu sjónarmiði. Það er kjósendanna að segja bæjarfulltrúunum sína meiningu í því efni, þegar kosningar verða næst. Að lögreglan hefði átt að bjarga sínu eigin skinni og láta óspektirnar ganga út yfir bæjarfulltrúana er ekki frambærileg ástæða, enda veit ég ekki, hvort hv. 2. landsk. þm. hefir átt við það. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að í þrönginni kringum templarahúsið, sem skipti þúsundum, var a. m. k. helmingurinn vinir og flokksbræður íhaldsmeirihl. í bæjarstj., og hefði ekki verið til mikils ætlazt, þótt að einhver af þessum fjölda stillti til friðar í þrönginni, en svo virðist sem ekki einn maður hafi haft manndóm í sér til að styðja lögregluna í því að vernda bæjarfulltrúa íhaldsins og sýnir það með fleiru, hve málstaður íhaldsmeirihl. í bæjarstj. 9. nóv. almennt var fordæmdur hér í bænum.

Ég vil þá aftur víkja nokkrum orðum að stj., sem ber þetta frv. fram, og vil ég þá fyrst benda á það, að í nálægum löndum er fengin glögg reynsla í þessum efnum. Fyrir nokkrum misserum kom þannig fyrir atvik í norðurhéruðum Svíþjóðar, sem getur verið gott að hafa í huga í sambandi við þetta mál. Það stóð þarna yfir verkfall, og landshöfðinginn kallaði til hermenn til aðstoðar. Varð þetta til þess, að í róstum lenti milli hermanna og verkamanna; gripu hermennirnir til byssunnar og skutu á verkamennina, og féllu nokkrir verkamenn dauðir til jarðar fyrir skotum þeirra. Þetta atvik hafði þau áhrif í Svíþjóð, er mér óhætt að segja, að allir flokkar þar í landi eru sammála um það, að slíkt megi ekki koma fyrir aftur. Sænska þjóðin lítur svo á, að ekki komi til mála að fara svo að verkamönnunum, og þessi niðurstaða Svía ætti að gera okkur enn varkárari í þessum efnum. Áður hafði ekki komið til slíkra átaka í Svíþjóð, enda gripu þessir atburðir djúpt inn í lífsskoðanir og stefnur borgaranna. Hermennirnir höfðu ekkert illt í hyggju, en þeim var skipað að skjóta á verkamennina og gerðu það, og eflaust óhapp að sumu leyti, hvernig fór. Samt er þetta almennt fordæmt í Svíþjóð, en hershöfðinginn, sem gaf hermönnunum þessa skipun, var kallaður morðingi í aðalblaði verkamanna. Ritstjórinn var lögsóttur fyrir meiðyrði. Hann fékk dóm, sem dómsmálastjórnin treystist ekki til að framkvæma, og nú er þessi ritstjóri kirkjumálaráðherra í landinu. — Hvílík fásinna það er, ef Alþingi heldur, að hægt sé að vopna t. d. 600 menn og leggja kostnaðinn af því á alþjóð manna, sést einmitt bezt á þessu, að þjóðirnar, sem hafa herinn, þora ekki að beita honum, af því að slíkt líðst ekki, að verkamenn séu skotnir niður eins og veiðidýr. Þótt ekki sé sagt í frv., að vopna eigi ríkislögregluna með byssum, þarf enginn að ætla, að lögreglan verði látin óvopnuð, og ég óska ekki eftir þeim degi, er stjórnin lætur vopnað lið, t. d. 1000 menn, ráðast að þeim 1000 sjómönnum, sem skapa verðmætin, sem þessi bær lifir af, til þess að berja þá niður, enda býst ég ekki við, að sjómennirnir gefi tilefni til þess, að auðurinn, sem þeir skapa, verði notaður á þennan hátt.

Ég vil að lokum mótmæla því, að frv. verði vísað til fjhn. Frv. er eðlilegt framhald af ríkislögreglufrv. Jóns Magnússonar og á eftir eðli sínu að fara til allsh. eins og það frv. Og ég tel það a. m. k.

hæpið fyrir stj. að halda því fram, að hér sé fyrst og fremst um fjármál að ræða. Ég geri það því að till. minni, að málinu verði vísað til allshn., því að ég dreg ekki í efa, að málið verði látið ganga til 2. umr. og áfram. Það er í frv. viss kjarni, sem ég býst við, að allir séu sammála um, þótt búa þurfi hann öðrum umbúðum en stj. hefir gert.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt að ráði. Aðeins vil ég leiðrétta missagnir í ræðum þeirra hv. 2. og 5. landsk. Þeir staðhæfðu báðir, að málstaður meiri hl. bæjarstjórnar hefði fyrst og fremst átt sökina á óspektunum, sem hér urðu 9. nóv., enda hefði málstaðurinn verið fordæmdur af flokksmönnum meiri hl. úti í bæ. Þetta er gersamlega tilhæfulaus uppspuni. A. m. k. hefi ég ekki orðið var við það af vörum eins einasta flokksmanns, að málstaðurinn væri fordæmdur. Þótt það sé kunnugt öllum, skal ég hér gera nokkra grein fyrir því, hvernig málin stóðu 9. nóv. Þegar búið var að verja h. u. b. öllu því fé, sem upphaflega var ætlað til atvinnubótavinnunnar, svo að ekki var handbært eftir nema 50—60 þús. kr., en þurft hefði 200—300 þús. kr. til þess að halda vinnunni áfram óbreyttri til áramóta, og þetta fé hinsvegar reyndist ófáanlegt, var eina úrræðið, sem til var, að lækka kaupið, og varð þó að útvega 100 þús. kr. til þess að geta haldið vinnunni áfram með óbreyttum mannfjölda, en til þess voru ekki einu sinni neinir vísir útvegir. Vil ég einmitt vekja athygli á því, að á þessum fundi bæjarstj. 9. nóv. var lesið upp neitandi svar frá Landsbankanum við slíkri málaleitan, og voru þær ástæður, sem meiri hl. bæjarstj. hafði til þessarar ráðabreytni, sem hann hvarf að, þess vegna í fullu gildi. Að halda vinnunni áfram, en geta ekki borgað hana, var jafngagnslaust eins og þótt engin vinna væri.

Hv. 5. landsk. kenndi óeirðirnar 9. nóv. ennfremur ósvífni meiri hl. bæjarstj., en þó einkum ósvífni minni, sem hann sagði, að hefði haldið ósvífna árásarræðu í garð atvinnuleysingjanna. Skaut ég því inn í ræðu hv. 5. landsk., að þetta væri tilhæfulaus haugalýgi, að ég hefði flutt nokkra slíka ræðu, og endurtek það nú. Sannleikurinn er sá, eins og öllum Reykvíkingum er kunnugt, að ég hafði aðeins sagt nokkur inngangsorð að ræðu, þegar bæjarstjórnarfundurinn leystist upp, og hafði því ekki einu sinni tækifæri til að halda slíka ræðu, enda voru þau fáu orð, sem ég sagði, algerlega hlutlaus, og gátu ekki gefið tilefni til óspektanna eða hermdarverkanna þennan dag.

Hv. 5. landsk. sagði ennfremur, að meiri hl. bæjarstj. hefði ráðið því, að umr. þennan dag var útvarpað. Sannleikurinn er nú sá, að tilmæli um að útvarpa umr. bárust frá útvarpsráðinu, og bæjarráðið lét það á vald lögreglustjórans, hvort þetta skyldi gera. Meiri hl. bæjarstj. verður því ekki dreginn til ábyrgðar á þessu.

Ég skal svo ekki blanda mér frekar inn í þessar umr. Ég eftirlæt öðrum það að hjálpa kommúnistum til að tefja fyrir þessu máli með málþófi.

**Jón Baldvinsson:** Hæstv. dómsmrh. þóttist hafa farið svo illa með mig, að ekki stæði steinn yfir steini eftir af því, sem ég hefði sagt. Læt ég hv. þdm. um það að dæma, hversu veigamikil rök hæstv. ráðh. voru. Þeir sem kunnugir eru hæstv. ráðh., vita, að það er allajafna pex, útúrsnúningar og hártoganir á einstökum orðum, sem hæstv. ráðh. leggur í ræður sínar.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði rangfært orð 3. gr. frv., en ég skal segja hæstv. ráðh. það, að minn skilningur á orðum þessarar gr. er í fullu samræmi við það, sem færustu lögfræðingar leggja í orðalagið á þessari gr. Þar er aðeins um lævíslegt orðalag að ræða, til þess að stj. geti gripið til ríkislögreglunnnar í hvert skipti, sem atvinnudeilur verða. (**MG:** Til þess að berja á verkalýðnum!). Já, einmitt til þess að berja á verkalýðnum. Efast ég ekki um, að hæstv. dómsmrh. mundi nota lögregluna á þennan hátt, ekki af mannvonzku, því að hæstv. ráðh. er allra bezti maður í eðli sínu, heldur af því, að hæstv. ráðh. lætur brúka sig til alls fjandans.

Hæstv. ráðh. svaraði mér engu um það, með hvaða heimild stj. hefði eytt tugum þúsunda úr ríkissjóði til ríkislögregl-

unnar, enda hafði stj. enga heimild til slíkrar fjáreyðslu, þótt verið geti að vísu, að stj. fái samþykki þingsins á þessu nú eftir á. En hvað nemur það miklu, sem stj. hefir eytt ólöglega til ríkislögreglunnar. Mér er sagt, að forsrh. hafi upplýst það í Nd., að eyðslan vegna ríkislögreglunnar hafi verið 52 þús. kr. til 1. jan. og 94 þús. kr. til 1. marz. Auk þessa hafa svo farið fram stórfelldar breyt. á gömlu símastöðinni vegna ríkislögreglunnar, sem ekki verða undir 20—30 þús. kr. Á nokkrum mánuðum hefir kostnaðurinn vegna ríkislögreglunnar þannig stigið hátt á annað hundrað þús. kr. Hvað mun þá síðar, þegar búið er að lögfesta ríkislögregluna? Þessi lögregla hlýtur að kosta mörg hundruð þúsunda á einu ári eftir því að dæma, sem komið er. Margt mætti gera þarflegra við það fé. Með því mætti draga mikið úr atvinnuleysinu og þá um leið þessari ófriðarhættu, sem menn óttast svo mjög, og er af því, að nú ganga menn þúsundum saman og hafa ekkert að gera. Með þessum 400 þús. mætti draga úr þessari hættu, ef þeim væri varið til að láta menn fá vinnu í staðinn fyrir að verja þeim til að halda úti vopnuðu liði til að auka þá hættu, sem þeir þykjast vilja draga úr.

Hæstv. ráðh. vék að því, að það væri á valdi mínu og annara, sem móti þessu frv. stæðu, hversu fjölmenn þessi lögregla yrði, þ. e. a. s. ef við vildum ganga í lið með þeim að útbúa þennan her, þá mundi hann draga úr því. Ég hefi gefið hæstv. ráðh. það í skyn hálft í hvoru, að ég væri ekki alveg frá því að samþ. þessa 10 manna lögreglu, sem ræðir um í 1. gr. frv., ef það verður þá bundið fast, að stj. hafi ekki heimild til að bæta við eftir því sem henni sýnist. Ég vil taka það til athugunar, hvort ég geti ekki til samkomulags gengið inn á þetta, ef það gæti svo orðið til þess að draga úr þessu herbákni, sem hér á að koma upp og komast hjá þessari ófriðarbliku, sem stj. er nú að ýta undir með stofnun þessa liðs. Ég vil vinna þetta fyrir friðinn, því að friðurinn þykir mér góður. Ég hefi aldrei viljað stofna til þessa ófriðar. Ég var á móti lögreglufrv. 1925, af því að það var ófriðarfrv., og af sömu ástæðum er ég líka á móti þessu.

Hann sagði, að ég hefði hótað að búa út lið á móti þessari lögreglu, og það er satt. Verkalýðsfélögin munu ekki horfa þegjandi á það, að stofnuð sé vopnuð lögregla, sem á að setja til höfuðs þeim. Þau munu búast til varnar. Þetta var engin hótun, ég var þar aðeins að skýra frá staðreyndum.

Hæstv. ráðh. fór að vitna til aðgerða jafnaðarmanna erlendis. Það hefði hann ekki átt að gera, því að hann fer svo flatt á því. Hvað er eitt af stærstu málum Stauningsstjórnarinnar? Veit hæstv. ráðh. það? (**Dómsmrh.**: O-já-já). Þá hefir hann sagt rangt frá. Hún hefir viljað minnka herinn úr 20 þús. niður í 7 þús. Þarna er stefnt í aðra átt en hæstv. ráðh. vill gera hér. Hann vill hér, þar sem enginn her er, fá fyrst 10 manna her, sem má síðan fjölga, eftir því sem stj. telur sig þurfa á hverjum tíma. Sama er að segja um Branting. Hann var einlægur friðarvinur og gerði allt, sem hann gat til að draga úr her í Svíþjóð. Svo kemur hæstv. ráðherra hnakkakertur og ber sig saman við þessa menn, sem vildu draga sem mest úr hernum, hann, sem vill nú fara að stofna her, sem má verða eins fjölmennur og stjórninni þykir þurfa.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði ekki verið hægt að taka neinn fastan út af þeim mótmælum, sem komið var með gegn þingrofinu 1931. En það hefði ekki verið hann, sem hefði þá átt að ákveða það, heldur þáverandi dómsmrh., núverandi hv. 5. landsk. Hann átti þá að ákveða, hvað væri löglegt og hvað ólöglegt. Og hann sagði hér áðan, að aldrei hefði þurft að taka í taumana af öflugri lögreglu nema þá, þegar þessi „Reykjavíkurskríll“, sem stundum hefir verið nefndur svo, óð hér um göturnar. Hv. 5. landsk. lét það þannig ekki lengi bíða hér að koma með yfirlýsingu, sem sannaði þau orð mín, að pólitískir ráðherrar mundu misbeita lögreglunni til að taka fasta pólitíska andstæðinga sína. Og þótt hæstv. ráðh. vildi kannske ekki nota lögregluna þannig, þá væri hætt við, að einhverjir harðsvíraðir flokksmenn hans heimtuðu, að henni væri beitt á sama hátt og hv. 5. landsk. gaf í skyn, að gert mundi hafa verið vorið 1931, nefnilega

til að klekkja á pólitískum andstæðingum sínum.

Þá vil ég beina einni fyrirspurn til hæstv. ráð. Mér er sagt, að „generölum“ varalögreglunnar og fjölda af civilklæddum varalögreglumönnum sé dreift hér víðsvegar í hóp áheyrenda. Til hvers er þetta gert? Það er að líkindum til þess, að þeir geti heyrt lagaskýringar hæstv. ráðh., svo að þeir viti, hvernig þeir eiga að haga sér, þegar þeir eru komnir í starfið fyrir fullt og allt. Eða kannske þeir séu sendir hingað til að ógna þm. Það er þá ekki óþekkt fyrirbrigði hjá fascistum og íhaldsflokkum.

Þá hafa orðið nokkrar umr. um bæjarstjórnarfundinn 9. nóv. milli hv. 5. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. Ég þarf ekki að bæta við það, sem ég sagði áðan, að framkoma bæjarstj. Rvíkur hefði verið fordæmd af öllum bæjarbúum nema meiri hl. bæjarstjórnar. Þetta veit hv. 1. þm. Reykv., að er satt, og þarf því ekki til sönnunar annað en benda á, að jafnvel „Morgunblaðið“ var með snuprur til bæjarstj. fyrir þetta. (**JakM:** Þetta eru tilhæfulaus ósannindi). Ég hefi ekki blaðið hér. (**JakM:** Nei, ætli hann eigi gott með að ná í það), en það væri auðvelt að finna þetta þar, ef íhaldsmenn eru þá ekki búnir að brenna allt upplagið. Svo veit ég líka af viðtali við marga af íhaldsmönnum hér í bæ, að þetta var alstaðar fordæmt. (**JakM:** Þetta er tilhæfulaus lygi frá upphafi til enda. — Forseti hringir). En ég verð að segja það íhaldssamasta þingmanninum, Pétri Halldórssyni, til hróss, að hann stóð við þau orð, sem hann mælti í lok þessa fundar, og þegar hann kom út úr „hættunni“, stóð hann við þau, að kaupið skyldi haldast óbreytt. (**JakM:** Þetta er allt saman rangfærsla). Þetta er rétt, því að sama kvöld lýsti Pétur Halldórsson því yfir f. h. meiri hl. bæjarstj., að kaupið yrði óbreytt og vinnan skyldi haldast áfram.

Hv. 5. landsk. var að hæla lögreglunni fyrir starf hennar 9. nóv. Ég hefi ekki áfellst lögregluna, heldur stjórn hennar, því að þessar barsmíðar urðu eingöngu vegna þess, hve ógætilega lögreglunni var beitt. Það var ekki nema eðlilegt, að barsmíðar yrðu, þegar henni var sagt að ráðast á mannþyrpinguna, sem var þá orðin talsvert æst. Þetta var allt þeim að kenna, sem stjórnuðu lögreglunni, því að þegar henni var skipað að ganga í flokkinn, þá hlaut það að valda ryskingum og ekki nema eðlilegt, að lögreglan hlyti meiðsli, svo fámenn sem hún var, borið saman við mannfjöldann, sem hún átti í höggi við.

Mér þykir vænt um, að hv. 5. landsk. er mér sammála um það, að frv. eigi að ganga til allshn. Þar á það heima, enda hefi ég gert það að till. minni, að því verði vísað þangað, ef það kemst svo langt, að því verði vísað til n., en réttustu meðferðina á því teldi ég, að það væri fellt nú þegar við þessa umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég skal vera mjög stuttorður, því að ég þarf ekki mörgu að svara.

Hv. 5. landsk. lýsti sinni afstöðu til frv., og við það hefi ég auðvitað ekkert að athuga, en ég veit ekki, hvort hann lætur tala aðeins fyrir sig eða í umboði alls Framsóknarflokksins, en frv. er stjfrv., og ekki frá mér einum. (**JBald:** Það er nú nokkuð seint sagt). Það stendur á þskj., að það sé stjfrv., svo að ég hélt, að hv. þm. vissi það.

Ég skal ekki fara að þessu sinni langt út í það, hvort hægt væri að finna eitthvert heppilegra fyrirkomulag, en ég er viðbúinn að ræða um það við þá, sem eru þessari hugsun velviljaðir, en mig grunar, að hv. þm. sé nú að hverfa frá því, sem hann hefir áður látið uppi í sínu blaði, og að það sé nokkurskonar undirbúningur undir skoðanasnúning, sem hann er að gera hér í þessu máli.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. 2. landsk. Hann fór mörgum orðum um 3. gr., hvernig ætti að skilja hana. Vil ég nú lesa hana upp fyrir alla áheyrendur, með leyfi hæstv. fors. Hún hljóðar svo:

„Tilgangur ríkislögreglunnar er að aðstoða lögreglulið bæjarins við að halda uppi lögum og friði eftir nánari reglum, sem ráðh. getur sett. Ríkislögregluna má ekki nota til kúgunar vinnukaupenda eða vinnuseljenda í löglegum kaupdeilum, heldur aðeins til að halda uppi lögum og friði og vernda eignir fyrir órétt-mætum árásum“.

Út úr þessari gr. frv. fær hv. þm. svo það, að lögregluna eigi beinlínis að stofna til þess að berja á verkalýðnum, en eins og hver maður getur séð, þá er það til að snúa því algerlega við, sem í frv. stendur, og ég er viss um, að enginn af þeim, sem á okkur hlusta nú, lætur sér detta í hug að skilja þetta á sama hátt og hv. þm. gerir.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði engu svarað til þess, hvaða heimild væri fyrir fjárgreiðslum til varalögreglunnar. Ég svaraði þessu og sagði hv. þm., að það er engin heimild, heldur hefir stj. greitt þetta upp á væntanlegt samþykki Alþingis, og ég sagði hv. þm., að þótt hann væri breiður, þá væri ekki víst, að hann gæti hindrað, að stj. fái samþ. Alþingis á þessu.

Svo talaði hv. þm. um her Staunings og her minn. Honum fannst það nokkuð annað og verra, að ég hefði 10 lögreglumenn hér á Íslandi en að Stauning hefði 7 þús. menn úti í Danmörku fyrir utan alla bæjarlögreglu. Hv. þm. sagði, að aðalatriðið væri, að ég vildi fjölga, en Stauning vildi fækka. En því vill hann þá ekki afnema herinn með öllu og þar með allan herkostnað? Þessi minnkun á herkostnaði í Danmörku stafar af því, að Stauning vill ekki hafa meiri her en þarf til að halda uppi vörnum og friði innanlands. Allur sá her, sem hann ætlar að halda úti fyrir þessar 20 millj., er eingöngu til að halda uppi friði innanlands. Og svo kemur hv. þm. og segir, að það sé nokkuð annað, sem ég ætli að gera, þar sem ég vilji hafa 10 manna her. (**JBald:** Eiga þeir þá ekki að vera fleiri en 10?). Jú, aðstoðarmenn eftir því sem óhjákvæmilegt þykir, en það eru andstæðingar þessa máls, sem ráða því, hvað þetta „óhjákvæmilegt" þýðir.

Hv. þm. virðist halda, að það sé aðalstarf dómsmrh. að taka menn fasta. Ég veit ekki til, að það sé aðalstarf dómsmrh. að skipa fyrir um það. Lögreglan ákveður það með ábyrgð fyrir dómstólunum á eftir.

Svo vil ég þakka hv. þm. það, að hann gaf mér vottorð um, að ég væri allra bezti maður, ég veit ekki, hvort ég get gefið honum samskonar vottorð. Ég held nú reyndar, að hann sé ekki slæmur, en ég er bara hræddur um, að honum sé ekki síður en mér hætt við að láta misbrúka sig.

**Jónas Jónsson:** Ég þarf ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði í minni fyrri ræðu. Því hefir ekki verið mótmælt, sem ég sagði, að þetta væri mál bæjarins, en ríkið ætti aðeins að koma þar sem stuðningsaðili eftir því sem nauðsynlegt kynni að reynast. Deilurnar eru í bæjunum út af málum bæjanna, og þess vegna á kostnaðurinn fyrst og fremst að greiðast af þeim.

Hv. 1. þm. Reykv. vildi afsaka sig með því, að hann hefði engan þátt átt í því, að óeirðirnar urðu svo grimmar í vetur. Hann um það. Það getur verið, að hann sé búinn að gleyma ræðu sinni að einhverju leyti, eða að hann hafi verið í því ástandi, að hann hafi ekki verið sér þess meðvitandi, hvað hann sagði, en aðrir vita það; bærinn veit, að hann kastaði olíu á eldinn, og þar við situr fyrir hann.

Að ég vilji hjálpa kommúnistum með því að lengja umr. um þetta mál, getur hann sagt, ef hann vill, en það vill nú svo til, að kommúnistar deila á mig meira en hv. þm., svo að við höfum þar þeirra vitnisburð fyrir því, hversu geðþekkur ég sé þeim.

Hann virðist ekki vita, hvernig stóð á þessu útvarpi á fundinum. Ég hefi fengið upplýsingar um þetta frá formanni útvarpsráðsins og útvarpsstjóra, að hér hafi ekki í raun og veru verið um útvarp að ræða, heldur hafi meiri hl. bæjarstj. beðið verkfræðing útvarpsins um áhald, sem mátti nota aðeins til þess að kasta umr. út úr húsinu til þeirra, sem úti á götu voru. (**JakM:** Algerlega rangt!). Þetta er rétt, og ein sönnunin fyrir því, að bæjarstj. bað um þetta áhald, er það, að hún borgaði fyrir lánið á þessu tæki. (**JakM:** Það hefir þá verið gert af misskilningi). Og hvaða meining hefði verið í því fyrir útvarpið að beiðast þess að mega lána þetta tæki? Svo var þetta ekki heldur neitt útvarp, heldur bara nokkurskonar glymskratti, sem íhaldið fékk til að kasta sínum viturlegu ræðum út á götuna.

Hv. 2. landsk. vill enn halda því fram, að lögreglan hafi gengið of rösklega fram

í óeirðunum. Bæjarfulltrúarnir hafa þá á einhvern dularfullan hátt og án aðstoðar lögreglunnar komizt út úr þrönginni, en nú ber öllum saman um, að svo hafi ekki verið, heldur hafi það verið þannig, að lögreglustjóri hafi gengið á undan gegnum þröngina og lögregluþjónarnir á eftir og þannig tekizt að opna leið fyrir bæjarfulltrúana. Þetta var beinlínis sagt í þeim tveim dagblöðum bæjarins, sem annars eru ekki sérlega velviljuð lögreglustjóranum.

Það er þess vegna engum blöðum um það að fletta, að það var tilgangur kommúnista að ná sér þarna duglega niðri á bæjarfulltrúunum og þá fyrst og fremst hv. 1. þm. Reykv., eftir því sem frétzt hefir frá þessari viðureign, og þá vegna þessarar ræðu, sem hann hélt, því að hann er annars svo mætur maður, að enginn hefði haft ástæðu til að vera á móti honum.

Hv. dómsmrh. sagði, að ég væri að hverfa frá minni fyrri skoðun, en það kemur sjálfsagt síðar í ljós, hvað satt er í því. Ég hefi lýst minni skoðun, sem er í samræmi við skoðun míns flokks á Alþingi 1925, að við vildum ef með þyrfti auka föstu lögregluna, en ekki koma upp ótakmörkuðum ríkisher. Alveg sama máli gegnir nú. Það þarf að efla föstu lögregluna, eftir því sem bærinn vaxa og viðfangsefnin stækka, og til þess viljum við hjálpa, en að fara að ganga inn á þennan nýja grundvöll er mjög óráðlegt. Það yrði ekki til annars en að baka ríkinu mikinn kostnað og skapa vandræði, sem hér hafa ekki áður þekkzt.

**Jón Baldvinsson:** Ég gat þess í fyrstu ræðu minni, að mér þætti ótrúlegt, að frv. væri flutt af allri stj. og færði þar til nokkur ummæli, sem hæstv. núverandi forsrh. lét falla á þingi 1925, þegar samskonar mál var til umræðu. Nú segir hæstv. dómsmrh., að frv. sé flutt af stj., og eina skýringin hlýtur því að vera sú, að frv. sé flutt af meiri hl. stj., en hæstv. forsrh. sé ekki með í því að flytja frv. Ég ræð þetta af orðum núv. forsrh. 1925, og jafnframt af orðum þess, sem nú er eitt traustasta reipi samsteypustjórnarinnar, m. a. sökum frændsemi og vináttu við hæstv. forsrh., hv. þm. Str. Orð hans féllu á þá leið 1925, að ótrúlegt er, að sú stjórn, sem hann styður, beri þetta frv. fram. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í fáeinar setningar úr ræðum hans þá. Hann segir m. a. svo (Alþt. 1925, C. bls. 662—664):

„Málið er þegar orðið mikið æsingamál, og þó er aðeins um byrjun að ræða. Af henni verður það þegar ráðið, að úr getur orðið eitthvert mesta æsingamál, sem hafizt hefir á landi hér. Það getur orðið upphaf nýrrar Sturlungaaldar á Íslandi. Og það er sjálf landsstjórnin, sem viðinn ber á bálköstinn.

Æsingaeldurinn logar þegar dátt í kaupstöðunum. Fundarsamþykktir um málið drífur að úr öllum áttum. Fyrir eru í kaupstöðunum harðandstæðir pólitískir flokkar. Er síst bætandi á þann eld, sem er í milli".

Þetta á alveg eins við nú, er fundarsamþykktir til mótmæla gegn ríkislögreglunni drífa að úr öllum áttum.

Hann segir líka:

„Þeir (verkamenn og sjómenn) telja, að þetta lið eigi að verða einskonar pólitískur lífvörður íhaldsins. Þykir mér ekki ólíklegt, að þeir geti hengt hatt sinn á einhver ógætileg ummæli af íhaldsmanna hálfu í þá átt, því að slík ummæli hefi ég einnig heyrt úr þeirri átt. Er ekki að undra þótt blóðið hitni, er menn gera sér slíkar hugmyndir.

Á þessum grundvelli er málið rætt, og verður. Áfram mun stefna eins og nú horfir. Getur engum dulizt, hvað nú er framundan. Og það er landsstjórnin sjálf, sem viðinn ber á bálköstinn".

Þessar sömu ástæður eru enn fyrir hendi, og þykist ég því vita, að hv. þm. Str. haldi þessa sömu ræðu aftur nú á þinginu í þessu máli.

Og enn kvað hann:

„Hér er pólitískri stjórn gefið alveg ótakmarkað vald til að velja svo háa eða lága tölu manna, sem henni gott þykir í þetta lið, og vopna það með þeim tækjum, sem henni gott þykir. Það liggur í augum uppi, að ekkert er því til fyrirstöðu, að slíku pólitísku, vopnuðu úrvalsliði getur hin pólitíska stjórn beitt, eftir því sem henni gott þykir og öldungis eins og henni býður við að horfa. Allar dyr eru opnar fyrir landsstjórnina

að misbeita þessu liði gegn borgurum og stjórnarskipun landsins".

Þessi ummæli hæstv. forsrh. og hv. þm. Str. bera vitni um það, að varla er mögulegt, að hæstv. forsrh. sé meðsekur í flutningi eða tilbúningi þessa frv. Því eru sterkar líkur til þess, að það sé gerræði Sjálfstfl. í stj., sem veldur því, að frv. er fram borið. Þó gæti hugsast, að frv. væri borið fram af meiri hl. stj., þ. e. hæstv. dómsmrh. og þeim ráðh., sem ekki hefir látið skoðun sína um þetta mál í ljós áður, hæstv. atvmrh.

Það kom fram játning um það hjá hæstv. dómsmrh., að þessi bjargráðaráðstöfun, varalögreglan, væri búin að kosta ríkissjóð yfir 90 þús. kr., án nokkurrar heimildar. (**JakM:** Hvað sagði hæstv. fjmrh.?). Ja, ég veit ekki, hversu uppivöðslusamir sjálfstæðismenn eru í ríkisstj., en helzt er svo að sjá, að þeir geti leyft sér þar hvaða ósóma sem er. Annars mun hæstv. fjmrh. hafa verið fjarverandi öðru hvoru, en hvernig sem um það er, hefir hæstv. dómsmrh. komizt í ríkissjóðinn á einhvern dularfullan hátt og varið því, sem hann náði þaðan, í þetta uppbyggilega fyrirtæki.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri undir mér og mínum flokksmönnum komið, hversu mannmargur þessi her íhaldsins yrði. Ég vil svara honum því, að ég tel ekki nema eðlilegt, ef þessar ráðstafanir verða að lögum, að þá búist hinar vinnandi stéttir í landinu til varnar, og afleiðingarnar af hvorutveggju hvíla á herðum þeirra, sem bera fram þetta frv. og samþ. það. En ég vil vænta þess, að til slíks komi ekki, heldur skeri Alþingi þennan óburð niður — helzt þegar við þessa umr.

Ég vil nota tækifærið til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., hversu margir menn séu í varalögreglunni nú, hvort þeir séu 100, 150 eða 200. Ef eitthvað af þessum tölum skyldi standa heima, vill hann þá segja mér, hvort hann telur þessa tíma þeim mun hættulegri en næstu ár, að hann álíti, að 10 manna fast lið dugi eftirleiðis?

Mér fannst það undarlegt af hæstv. ráðh. að bera sig saman við Stauning, þar sem það er á allra vitorði, að Stauning hefir barizt fyrir því að leggja niður danska herinn, en þessi hæstv. ráðh. er að burðast við að stofna her í herlausu og vopnlausu landi.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég þykist ekki vera eins hættulegur og Stauning, því að 10 manna lögregla hér á landi er þó alltaf hlutfallslega minni „her" en 7000 manna lögregla í Danmörku, auk allrar bæjarlögreglu.

Um tölu varalögreglunnar nú er það að segja, að ég ætla að nú séu um 100 manna í liðinu. Margir þessara manna eru alþýðumenn og ýmsir þeirra úr verkalýðsfél. (**JBald:** Nei!). Þeir hafa þá verið reknir þaðan síðan þeir fóru í lögregluna, en þeir voru í þeim og álitu ekki varalögregluna hættulegri en svo fyrir samtök sín, að þeir gátu vel verið þekktir fyrir að ganga í hana.

Ég mun ekki fara út í tilvitnanir hv. 2. landsk. úr ræðum manna um ríkislögregluna 1925. Ég minnist ekki, að ég hafi tekið til máls um það efni þá, og þeir hv. þm., sem hv. 2. landsk. vitnaði í, geta svarað fyrir sig. Hinsvegar vil ég geta þess, að þetta mál er byggt á allt öðrum grundvelli en frv. þá, svo að þeir, sem voru á móti því, ættu að geta fylgt þessu máli, þó að ég segi ekkert um fylgi þeirra hv. þm. við frv. þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PHerm, PM, BSn, GL, HSteins, IP, JakM, JónJ, JónÞ, MT, GÓ.

**nei:** JBald.

JónasJ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (EÁrna) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjhn. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JónJ, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, GÓ.

**nei:** JónasJ, MT, PHerm, IP, JBald.

Einn þm. (EÁrna) fjarstaddur.

---

Á 64. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 502 og 524).

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** F. h. meiri hl. fjhn. þarf ég ekki mikið að segja fram yfir það, sem stendur á þskj.

502. Tel ég þar nógsamlega bent á þá annmarka, sem eru á frv. því, sem hér liggur fyrir, og þeim tillögum lýst, sem eiga að færa þetta til betra vegar. Þar er viðurkennt, að full ástæða sé til þess að gera einhverjar ráðstafanir svo að löggæzlan verði meiri og öruggari í landinu heldur en nú er. Hinsvegar er það ljóst, að þegar breyttir tímar krefjast meiri löggæzlu, þá verður þó að fara að því með allri gætni og varast áhrif frá pólitiskum deilum.

Ég geri ráð fyrir því, að þingmenn utan af landi sjái öllu ljósara þörfina á þessu heldur en þingmenn úr bæjunum, sem rekizt hafa á þá annmarka, sem kunna að fylgja auknu lögreglueftirliti. Úti um land virðist, að stærsti galiinn sé sá, að þau lög, sem Alþingi setur, eru oft slælega framkvæmd. Hitt má vera, að aðrir gallar komi fram í þéttbýlinu, það skal viðurkennt. Til þess að ráða bót á þessu, þá tel ég, að fyrst og fremst beri að gera kröfur til þess að sveitar- og bæjarfélögin geri skyldu sína í þessu efni. Er því sjálfsagt að veita ríkisstj. heimild til þess að ákveða fyrir bæina nægilega lögreglu. En ég tel, að valdið yfir þessu liði sé ekki bezt komið í höndum viðkomandi ráðh., heldur í höndum þeirra sveitar- eða bæjarfélaga, sem hlut eiga að máli.

Um einstakar tillögur meiri hl. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Með þessum breyt. á frv. er ætlazt til, að fengin sé trygging fyrir því, að viðkomandi sveitar- og bæjarfélög uppfylli sjálfsagðar skyldur sínar. Ég tel þetta stórt atriði, því að ef þau ekki gæta skyldu sinnar í þessum efnum, þá getur svo farið, að löggjöfin verði öll framkvæmd með ríkisvaldi. Það mundi ég telja vafasama leið og e. t. v. hættulega, þar sem framkvæmdavaldið líktist hervaldi. En hingað til hefir okkur Íslendingum ekki verið ljúft að ganga inn á hernaðarbrautina.

Ég vil vænta þess, að þeir hv. dm., sem um þetta mál ræða í dag, geri það á þeim grundvelli að reyna að leita að hinni beztu lausn málsins. Og þótt till. okkar meiri hl. nm. séu sjálfsagt ekki alfullkomnar, þá eru þær samdar með það fyrir augum, að finna hina heppilegustu leið. Okkur meirihlutamönnum hefir verið það ekki lítill styrkur, að við höfum fengið töluverðar bendingar um þetta að baki okkar, utan af landi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja þær ástæður eða taka fram sérstök atvik, sem liggja til þess, að þetta frv. er fram komið. Ágreiningur er ekki um það, að styrkja beri lögregluna í landinu.

Get ég svo látið hér staðar numið að sinni, en bið hv. dm., sem til máls taka, að láta í ljós skoðanir sínar um till. okkar. Mun ég svo bíða með frekari umr. um þetta, þar til mér kynni að gefast tilefni til.

**Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson):** Það virðist ekki vera neinn ágreiningur á milli nefndarhlutanna um nauðsyn þess að auka löggæzluvaldið í landinu. Það er ekki heldur neinn ágreiningur um það fyrirkomulagsatriði, að hið fasta lögreglulið þurfi að hafa hæfilega stærð, máske nokkru meiri en tíðkazt hefir hingað til. En að baki þess verður að vera til varalið, sem unnt sé að kveðja til þess að gefa lögregluliðinu aukinn styrk, þegar ástæður krefja. Hvortveggja þessi höfuðatriði felast jafnt í frv. stj., sem ég tel rétt að leggja til grundvallar við meðferð málsins, og líka í till. meiri hl. n., sem þó fer fram á, að frv. verði umsteypt allverulega. Það, sem eiginlega skilur, ef till. er krufin til mergjar, er sá ágreiningur, sem er á milli nefndarhlutanna um það, hver eigi að bera ábyrgð á því á hverjum stað og hverjum tíma, að haldið sé uppi lögum og friði í landinu. Eftir stjfrv. og eftir till. mínum, þá er frumkvæðið að þessu í höndum ríkisstj. Og mér sýnist, að í raun og veru geti það ekki verið annara manna hlutverk í landinu að hafa frumkvæði og forgöngu að nauðsynlegum ráðstöfunum til að halda uppi friði hvar sem er. En með till. sínum vill hv. meiri hl. n. leggja ákvörðunarvaldið um þetta í hendur bæjarstjórnum í kaupstöðum. Meiri hl. n. gerir nú uppástungu um það, að ríkisstj. skuli að vísu hafa vald til þess að setja kaupstöðunum reglur um það, hve fjölmennt fastaliðið skuli vera. Náttúrlega er þetta út af fyrir sig ekkert athugavert. En þegar til þess kemur, að hið fasta lið ekki

nægir til þess að halda uppi lögum og friði í landinu, þá skiljast leiðir, því að þá leggur meiri hl. n. til, að það skuli vera svo, að þegar sérstaklega stendur á, að bæjarstjórn telur það nauðsynlegt fyrir öryggi í bænum, að lögregluliðið sé aukið fram úr þessu fasta, þá geti bæjarfélagið bætt við lögregluliðið, og þá er ríkisstj. aðeins heimilt að greiða helming kostnaðar, sem af því leiðir. Þetta þýðir þá það, að það er lagt á vald meiri hl. bæjarstjórnar í hverjum kaupstað að ákveða, hvort þar eigi að halda áfram að reyna að halda uppi lögum og friði, eða hvort eigi að hætta að reyna það, þegar hið fasta lögreglulið reynist ófullnægjandi.

Ég tel, að þetta sé röng hugsun, en að það eigi að vera ríkisstj. að ráða því, að gerðar séu á hverjum stað og hverjum tíma þær ráðstafanir, sem þarf til þess að halda uppi lögum og friði. Og þó að ég vilji láta kjósendur, meiri hl. bæjarbúa og meiri hl. bæjarstjórna ráða í hverju máli, sem þessum aðilum ber samkv. skipulagi þjóðfélagsins að taka ákvörðun um, þá finnst mér alveg út fyrir það svið komið, sem eðlilegt er í þessu efni, ef bæjarstj. getur gengið til atkv. um það, þegar fyrir liggur spurningin um það, hvort eigi að halda áfram að halda uppi lögum og friði í umdæminu, eða t. d. að sætta sig við, að einhverjir, sem eru sterkari en fasta lögreglan, ráði hvað þar sé framið og hvað þar sé látið viðgangast, og hvort í þessu efni sé farið eftir landslögum eða ekki.

Ef þessi leið verður farin, þá finnst mér í raun og veru verið að stofna til þess, að þetta ríki verði sjálfu sér mjög sundurþykkt. Við vitum, að það stendur svo á, að það getur vel orðið sá uppi, að meiri hl. bæjarstj. í einhverjum kaupstað vilji láta halda uppi lögum á því svæði, sem meiri hl. bæjarstj. í öðrum kaupstað ekki kærir sig um. Þetta getur þýtt það, að minni hl. borgaranna verði í einhverjum kaupstað réttlaus, einnig gagnvart því, að haldið verði uppi lögum og friði.

Mér sýnist till. hv. meiri hl. n. minna ákaflega mikið á forna tíma, þegar landinu var skipt í goðorð, sem voru að miklu leyti sjálfstæð ríki innan sinna endimarka, og gátu innan þeirra talsvert ráðið því, hvað þar var gert og framið. En ég álít þetta algerlega í ósamræmi við réttarmeðvitund nútímans, sem krefst þess fortakslaust, að það sé stj. sjálf, sem eigi að taka ákvörðun um það, hvað gera þarf til þess að halda uppi lögum og friði hvar sem er á landinu. Það er aðallega af þessari ástæðu, sem ég ekki get orðið hv. meiri hl. n. samferða í afgreiðslu þessa máls. Ég legg svo mikla áherzlu á þetta höfuðatriði, skyldu ríkisstj. til þess að sjá um, að lögum og friði sé haldið uppi, að ég get ekki fallizt á þá uppástungu að leggja ákvörðunarvaldið í því efni í hendur neinnar annarar samkomu, hvort þetta verkefni skuli vera rækt á einhverjum stað eða vanrækt og gefið upp.

Á frv. stj. tel ég þann höfuðgalla, að það gerir ekki ráð fyrir því, að ríkislögregla sé til annarsstaðar en í Rvík. Það má að vísu segja, að það leiði af sjálfu sér, enda þótt það sé ekki tekið fram í frv., að ríkið geti beitt sínu lögregluliði hvar sem er á landinu. En frv. gerir ekki fyrir nauðsynlegum ákvæðum í því skyni. Í till. minum á þskj. 524 fer ég fram á, að úr þessu verði bætt þannig, að ákveðið verði, að ríkislögregla skuli vera í Rvík og á þeim stöðum öðrum á landinu, sem ríkisstj. þykir nauðsynlegt. Og þetta verður auðvitað ekki skilið á annan hátt en þann, að það er á valdi ríkisstj., eins og á að vera, að ákveða, hvar nauðsyn er á ríkislögreglu. Það má náttúrlega búast við, að utan Rvíkur verði þetta fyrst og fremst í kaupstöðum.

En það gæti líka auðveldlega borið svo að, að þörf þætti á að beita ríkislögreglu á einhverjum stöðum utan kaupstaðanna, og því hefi ég líka með orðalagi á brtt. minni viljað gera þetta mögulegt. Það má hugsa sér, að slíkt geti komið fyrir í fjölmennum verzlunarstöðum eins og í kaupstöðunum. Því að nú er það orðið svo, að lögreglusamþykkt má setja einnig utan kaupstaðanna, og því er a. m. k. eðlilegt að gera ráð fyrir því, að lögreglu verði beitt á öllum þeim svæðum, sem lögreglusamþykktir eru gerðar fyrir.

Ég hefi nú í sjálfu sér enga ástæðu til að fara mikið út í ummæli meiri hl. n. í

nál. En mér finnst það þó dálítið kynlegt, eð meiri hl. n. skuli telja það fyrsta ágalla stjfrv., að í því er sagt, að stofna skuli ríkislögreglu. Ég verð að segja, að mér þykir þetta dálítið undarlegt, af því að ég þarf ekki að lesa lengra aftur en í 2. brtt. meiri hl. n., og þá er hann kominn inn á alveg það sama. Þar leggur hann til, að „⅙ hluti af lögregluliðinu í Rvík skuli vera sérstök deild og starfa sem lögæzlumenn ríkisins á venjulegum tímum". Ég sé ekki eðlismun á því, að setja lög um að stofna slíka deild, sem skipuð sé löggæzlumönnum ríkisins og að kveða á um að stofna ríkislögreglu. Ég geri ráð fyrir, að mannfjöldinn sé sá sami eftir uppástungu meiri hl. n. eins og eftir frv. stj. Það er sem sé heimilt eftir uppástungum meiri hl. n., að hér í Rvík séu 60 löggæzlumenn og ⅙ þar af, þ. e. 10 menn, eiga að vera löggæzlumenn ríkisins. En það er nákvæmlega sú sama tala, sem gert er ráð fyrir í stjfrv. Ég held, að það sé frekar gert til þess að sýnast, heldur en af því að nokkurt efni sé til, að menn eru að reyna að komast hjá því að nefna ríkislögreglu í lögum, sem sjálf gera uppástungu um nákvæmlega það sama. Ég er ekki feiminn við að nefna ríkislögreglu, sé enga ástæðu til þess. Hún er til í öllum þeim löndum, sem hafa skipulagða þjóðfélagsstjórn. Og hún hefir reynzt nauðsynleg í þeim öllum. Við þurfum þess vegna ekkert að kveinka okkur undan því, þótt svo verði einnig að vera hér.

Það er náttúrlega ekki rétt heldur, sem borið er mál á í áliti meiri hl. n., að það þyki eitthvað athugavert, og að það sé nauðsynlegt að sýna sérstaka varfærni þegar auka á lögregluliðið. Hv. meiri hl. n. andmælir þessu nú bezt sjálfur með till. sínum, þar sem hann leggur nú til, að ríkisstj. verði beinlínis fengið vald í hendur til þess alltaf að auka lögregluliðið eftir því sem mannfjöldi vex á hverjum stað. Það hefir aldrei í neinu þjóðfélagi þótt neitt athugavert annað við að auka lögreglu heldur en kostnaðurinn. Það er auðvitað mál, að á þessu sviði sem öðrum verður hvert þjóðfélag að líta á það að reyna að reisa sér ekki hurðarás um öxl, og muna eftir því, að þarfirnar eru margar, þó að sú þyki oft nauðsynlegust, sem höfð er fyrir augum í það sinn.

Nú fer meiri hl. n. fram á það, að í þessu frv. verði ákveðið að leggja nokkru meira af kostnaðinum á bæjar- og sveitarfélög heldur en segja má, að sé fastákveðið í stjfrv. Því að stjfrv. byggir frekar á því, að það sé samningsmál á milli ríkisstj. og bæjarfélaga, hversu kostnaður af lögregluliði á venjulegum tímum skiptist á milli þessara tveggja aðilja. En ef þetta er haft skipulagt í heild, eins og stjfrv. leggur til, og eins og það yrði eftir till. meiri hl. n., þá held ég, að það sé ómögulegt að færa nein rök fyrir því, að uppástunga meiri hl. n. verði neitt ódýrari en uppástunga stjfrv.

Nú vil ég láta það uppi sem mína skoðun, að það er frekar óeðlilegt að velta miklum hluta af löggæzlukostnaðinum yfir sveitar- eða bæjarfélögin, vegna þess að það er eftir eðli sínu ekki sveitarfélagsmálefni að halda uppi lögum og friði, heldur er það ríkismálefni, fyrsta flokks. Þess vegna tel ég, að uppástunga meiri hl. n. í þessu efni sé svona heldur óeðlilegri heldur en uppástunga stjfrv.

Hér kemur líka annað til greina og það er það, að eins og skatta- og sveitarstjórnarlöggjöf er háttað í landinu, þá er það ákaflega takmarkaður tekjugrundvöllur, sem sveitarfélög hafa á að byggja, mjög lítið annað en beinir skattar, sem eru algerlega hliðstæðir tekju- og eignarskattinum. Það væri kannske fært að auka byrðar sveitarfélaganna eitthvað, ef þau fengju þá að hafa þessa skattstofna svona nokkurn veginn út af fyrir sig. En því fer nú mjög fjarri, að sá andi sé uppi, því að það liggur hér frv. fyrir þinginu, þar sem stj. leggur til, að því er bezt verður vitað, að gengið verði miklu lengra hér á landi í því að draga þessa tekjustofna inn undir ríkissjóðinn heldur en dæmi eru til hjá nágrannaþjóðum vorum. Mér sýnist nú ekki fara vel á því, að hvorttveggja sé borið fram samhliða, till. um að taka að mjög miklum mun þennan tekjustofn frá bæjar- og sveitarfélögum, og jafnframt farið fram á, að þau taki á sig verulegasta hlutann af byrði annars eins alríkismáls eins og löggæzlan í landinu vitanlega er.

Ég þarf svo ekki frekar um þetta að

ræða að sinni. Báðir hlutar n. eru sammála um það, að setja þurfi upp sterka lögreglu, ég vil segja nægilega sterka lögreglu, þegar svo ber undir.

En ég legg höfuðáherzluna á það, að ríkisstj. á að hafa ákvörðunarvald um það, á hverjum stað og hverjum tíma, hvað nauðsynlegt sé að gera til verndar lögum og friði í landinu.

**Jón Baldvinsson:** Ég hélt, að það mundi heyrast hljóð úr horni frá hæstv. ríkisstj. um þetta (**Dómsmrh.:** Það kemur á eftir) fósturbarn hennar, og ég ætlaði að heyra, hvað hún hefði að segja. En það lítur út fyrir, að hún verði með seinni skipunum í umr., og ég get ekki knúið hana til þess að fara að tala um málið strax, eða fyrr en henni sýnist.

Við 1. umr. málsins gerði ég nokkuð ýtarlega grein fyrir afstöðu minni til frv. ríkisstj. um lögreglu ríkisins. En það má gjarnan rifja upp það helzta, því að þetta mál liggur nú hér fyrir til atkvgr., og má þá nokkuð líta á, hvað það er, sem stj. býður þm. upp á að samþ.

Þetta frv. er sennilega eitt af stærstu útgjaldafrv., sem liggja fyrir þessu þingi., og stj. hefir hingað til barizt ákaflega hart fyrir því. Og það lítur út fyrir, að báðir aðalflokkarnir í þinginu séu sammála um að leggja mjög mikið fé í það, að auka nú lögregluliðið í landinu.

Um hitt hafa þeir verið fáorðari hingað til, hvað gera ætti til þess að hjálpa þeim þúsundum manna, sem nú eru á vonarvöl vegna harðæris og atvinnuleysis. Mikill fjöldi af verkafólki hefir haft svo litlar tekjur undanfarin 2 ár, að ef gerðar væru nákvæmar skýrslur yfir það, mundi þingmönnum blöskra að sjá, hve lítið er ætlað til framfæris verkalýðnum í landinu.

Nei, það er þetta mál, sem stj. er meira í hendi að koma áfram, og nú heyri ég sagt, að ríkisstj. hafi fram að þessum degi eytt á þriðja hundrað þús. kr. í ólöglega ríkislögreglu, án heimildar fyrir fé úr ríkissjóði til þessa. Það er hvergi stafur fyrir slíkri heimild í sérstökum l., heldur ekki í fjárl., að stj. megi verja fé til ríkislögreglu. Ráðherrarnir bera beinlínis persónulega ábyrgð á þessum útgjöldum, og þingið gæti í raun og veru krafið þá um þetta fé, vegna þess að heimildin var ekki til fyrir greiðslu þess úr ríkissjóði. Það er ekki lítið fé, á þriðja hundrað þús. kr., sem farið hefir til ríkislögreglunnar. Það er atvinna handa nokkuð mörgum mönnum, sem slík upphæð getur veitt. Og fyrir það hefði sennilega mátt gera allan undirbúning að vegarlagningu vegna virkjunar Sogsins, og kannske meira til. En hverjar eftirtekjur verða af því, að stj. hefir kostað þessa ríkislögreglu. Þær eru nú ekki miklar. Ja, það er kannske ekki neinn afrakstur, en það sjást þó merkin. Með stofnun ríkislögreglu hefir ríkisstj. tekizt að skapa í landinu öfgaflokka, sem gjarnan óska eftir því, að komið sé hér upp her, og sem stuðla að því með ýmsum meðulum nú. Ég á við kommúnista og nazista. (**Dómsrh.:** Voru kommúnistar ekki komnir á undan ríkislögreglunni?). Þessir flokkar gera sýnilega sitt til þess að hræða þingmenn til þess að fara nú að samþ. l. um ríkislögreglu. Það sýnir framferði þessara beggja flokka. En enn sem komið er hefir lögreglunni í Rvík sæmilega tekizt að halda uppi friði og reglu, þegar valdhafarnir hafa ekki gert neitt sérstakt til þess að knýja fram óánægju hjá fólkinu, eins og gert var 9. nóv. í haust af meiri hl. bæjarstj. Rvíkur. Þó nú að lögreglan í einstöku tilfelli verði undir eða komi ekki sínu fram, þá hefir slíkt áður skeð í þessu landi og í öllum öðrum löndum án þess að rokið hafi verið í að auka lögregluliðið eins og hér er farið fram á. Slíka aukningu heimta ekki aðrir en þeir, sem beinlínis vilja stríð. Af stofnun pólitískrar ríkislögreglu leiðir hreint og beint, að þeir flokkar, sem sú lögregla á að beinast gegn, koma sér upp liði til varnar eða jafnvel til árása. Það eitt hefir ríkisstj. upp úr stofnun ríkislögreglu. Slíkar ráðstafanir næra þá flokka, sem beita vilja ofbeldi. Af stofnun ríkislögreglu fitna þeir, eins og púkinn í fjósinu af blótsyrðum fjósamanns, en á sama hátt myndu þeir horast niður og verða að engu, ef engin ríkislögregla væri til.

Ég lýsti því nokkuð við 1. umr. hvernig sú ríkislögregla varð til, sem nú er búið að koma upp. Hún varð til í þeim ótta og þeirri skelfingu, sem greip rík-

isstj. 9. nóv. síðastl., e. t. v. ekki svo mjög vegna þeirra atburða, sem gerðust í sambandi við bæjarstjórnarfundinn í templarahúsinu, heldur munu aðrir atburðir, sem gerðust þann dag, hafa ýtt undir líka. Þeir vildu nota tækifærið með þá hugsun að baki, að e. t. v. gæti svo farið, að þeir þyrftu á slíku liði að halda til þess að ná völdunum af andstæðingum sínum, þó að þeir væru í minni hl. hjá kjósendum. Það er ekkert efamál, að ef stofnuð væri ríkislögregla eins og gert er ráð fyrir í stjfrv., undir yfirstjórn pólitiskra ráðh., þá mætti nota hana, og það er mjög líklegt að hún yrði notuð til framdráttar þeim flokki, sem hefði yfirstjórn hennar. Ég benti á það við 1. umr. þessa máls, að ef til hefði verið ríkislögregla 1931, er ekkert líklegra en að Framsóknarflokkurinn hefði notað hana til þess að taka fasta alla andstæðinga sína í þingrofsmálinu. Ég tel mjög sennilegt, að þáverandi dómsmrh. hefði haft fullkominn hug á að taka andstæðinga sína fasta, ef hann hefði haft til þess ríkislögreglu og hún viljað fylgja honum. Það hefði ekki verið annað en það, sem raunverulega hefir gerzt í ýmsum öðrum löndum, sem ríkisher hafa. Þeir, sem ráða yfir ríkisherunum, eru víða að taka völdin í sínar hendur og eyðileggja þingræði og þjóðræði. Þeir hnekkja lýðræðisflokkunum og setja upp einræði í skjóli hins pólitíska herliðs, sem þeir hafa náð valdi yfir. Þegar búið er að stofna þá pólitísku ríkislögreglu, sem ríkisstj. fer hér fram á að fá, er eins opin leið fyrir slíkar tiltektir hér eins og í Þýzkalandi og öðrum löndum, þar sem ríkisherinn hefir tekið valdið í sínar hendur.

Ég mun, eins og ég hefi áður sagt, greiða atkv. á móti þessu frv. ríkisstj. Um till. hv. meiri hl. fjhn. get ég sagt það, að mér finnst þær í raun og veru gera ákaflega lítið. Því mér skilst, að bæirnir hafi þá heimild, sem í till. felst. Eftir gildandi lögum og lögreglusamþykktum hafa bæirnir heimild til að fjölga lögregluþjónum eftir því sem þeir telja þörf á. Það er einfalt peningaspursmál, hvað langt þeir sjá sér fært að ganga í því efni. Það er aðallega eitt atriði í till. hv. meiri hl., sem er breyt. frá því, sem nú er, og það er ákvæðið um framlög ríkisins til lögreglu bæjanna, til þess að ríkisstj. geti haft þar að einhverju leyti hönd í bagga með. Annars finnst mér þessar till. alveg óþarfar. Bæirnir geta án þeirra gert allt, sem þeim sýnist, í því að auka lögreglu sína. E. t. v. takmarka þær fremur vald bæjanna í þessu efni.

Ég ætla ekki að svo stöddu að hafa orð mín fleiri um þetta mál. Ég hefi áður gert mjög ýtarlega grein fyrir skoðun Alþýðuflokksins á frv., og með atkv. mínu mun ég sýna, hvernig ég tek í brtt. hv. meiri hl. fjhn.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég sé ekki ástæðu til að fara út í miklar umr. um þetta mál. Það er ekki svo mikið, sem skilur, og hv. frsm. hafa skýrt, hvað það er.

En vegna ummæla í nál. hv. meiri hl. vil ég benda á, að það er ekki nein ný saga, að löggæzlumenn séu hafðir hér á landi af hálfu ríkisins. Hvað eru sýslumenn og bæjarfógetar annað en löggæzlumenn ríkisins? Og hvað eru hreppstjórnir annað en einmitt ríkislögregla eða löggæzlumenn ríkisins. Það eru þannig á 3. hundrað manns í landinu nú þegar, sem eru hrein og bein ríkislögregla. Það, sem hér er farið fram á, er ekki annað en það, að bæta þar við 10 starfsmönnum, og svo aðstoðarmönnum eftir því sem óhjákvæmilegt reynist á hverjum tíma. Ég bendi á þetta af því að það lítur út fyrir af nál. hv. meiri hl., að það sé eitthvað alveg nýtt, ef það eigi að vera ríkislögregla hér á landi.

Einnig er í þessu nál. talað um, að frv. um ríkislögreglu hafi komið hér fram áður. Er þar víst átt við frv. frá 1925. En þar var ekki um ríkislögreglu að ræða, heldur varalögreglu. Ég sé ekki annað en hv. meiri hl. hafi blátt áfram villzt á þessum tveimur orðum.

Í upphafi nál. segir hv. meiri hl., að eitthvað verði að gera til þess að efla lögregluna í landinu. En það verði að gerast með gætni og skynsemi. Af framhaldinu lítur svo út, að hv. meiri hl. telji enga skynsemi í því að hafa ríkislögreglu. En svo koma till. hans á eftir, og þar er gert ráð fyrir að koma upp ríkis-

lögreglu. Það á að vísu að nefna hana „löggæzlumenn ríkisins“, en það er gersamlega það sama. Það er aðeins orðabreyt. frá því, sem er í frv.

Það er svo, að allar þjóðir, sem ég þekki, hafa ríkislögreglu. Og svo ætti það að vera eitthvað óskynsamlegt að hafa ríkislögreglu hér líka, og það þó hún í raun og veru hafi verið hér í fjölda mörg ár, jafnvel svo öldum skiptir. Slíkum fjarstæðum og hártogunum vildi ég ekki láta ómótmælt.

Þá finnst mér það vera óvingjarnleg ummæli í garð stj. að vera að tala um, að hún geti haft setulið eins og henni sýnist samkv. frv. Það er mjög óviðeigandi af hv. meiri hl. að geta þess til, að ríkisstj. ætli að koma upp setuliði sér til gamans. (**JónasJ**: Eða sér til gagns). Ég trúi nú engum öðrum en hv. fyrrv. dómsmrh. til þess, að hafa setulið sem dómsmrh. sjálfum sér til gagns. (**JBald**: Það gæti nú e. t. v. orðið bráðum. Er það ekki?) Það þykir mér ákaflega ótrúlegt.

Ég endurtek það, að öllum ummælum hv. meiri hl. um setulið vil ég vísa á bug sem algerlega ósæmilegum aðdróttunum. Ég get ekki séð, hvað meiri ástæða er til að tortryggja lögreglu, sem haldið er uppi af ríkinu, heldur en lögreglu, sem haldið er uppi af bæjunum. Auðvitað eru í báðum tilfellum sömu ástæður fyrir hendi. Bæjarstjórnir skiptast nú orðið í pólitíska meiri hl. og minni hl. Innan þeirra er komin á sama flokkaskiptingin og í þinginu. Ég vil undirstrika það, sem fram kom í ræðu hv. frsm. minni hl., að auðvitað verður það að vera ríkið, sem ákveður, hvað gera á því sjálfu til verndar, en ekki einstök bæjarfélög.

Ég skal svo láta staðar numið með „kritik“ mína á nál. hv. meiri hl., því eins og fram hefir komið í umr. er það eiginlega mjög lítið, sem menn greinir á í þessu máli. Það er eins og hv. meiri hl. hafi aðeins verið að reyna að finna upp eitthvað nýtt, annað orðalag um sömu hugsun, heldur en ekki neitt, til þess að fallast ekki á frv. óbreytt. Þegar svo er, væri undarlegt, ef ekki væri hægt að ná samkomulagi um málið. Það er ýmislegt í till. n., sem ég tel, að betur mætti fara á annan hátt. En ég vildi sjá, hverju fram yndi við þessa umr. og hegða mér eftir því við 3. umr. Kem ég þá sennilega með brtt., sem ekki ætti að þurfa að verða mikill ágreiningur um, ef það er á annað borð meining hv. meiri hl., sem fram kemur í brtt. hans. Samkv. þeim á að skapa svipaða lögreglu og stjfrv. gerir ráð fyrir, og eins sterka eins og ég hafði hugsað mér eftir því. Allar getgátur hv. 2. landsk. þar um eru auðvitað út í bláinn. Ég þarf ekki að svara þeim, því hann veit bezt sjálfur, hvað miklar fjarstæður þær eru.

En ég vildi biðja hv. frsm. meiri hl. að gefa mér örfáar skýringar á þeim brtt., sem hér liggja fyrir. Í 1. brtt. stendur, að ríkisstj. sé heimilt að fyrirskipa bæjum, þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, að hafa allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa. Er meiningin, að þarna sé aðeins átt við kaupstaði, eða á þetta að gilda um kauptún líka, ef þau hafa yfir þúsund íbúa? Á að fara einungis eftir mannfjöldanum í þessu efni, eða hinu, hvort um er að ræða kaupstað eða kauptún?

Í 2. brtt. stendur, að ⅙ af lögreglunni í Rvík skuli vera sérstök deild og starfa sem lögregla ríkisins. Mér finnst, að þessi deild svífi nokkuð í lausu lofti. Hver á að hafa yfirráð yfir henni? Um það finn ég engin skýr ákvæði í till. Ég sé, að þessari d. eru ætluð einhver sérstök verkefni, sem í sjálfu sér er ekkert að athuga við. En það vantar ákvæði um, hver á að stjórna henni. Því í 3. brtt. er talað um, að lögreglustjóri geti heimtað aðstoð þessa lögregluliðs, hvenær sem hann telur þörf á. Mér finnst, að ef ríkisstj. á að hafa eitthvað yfir þessari lögregludeild að segja, þá geti þetta komið ósamræmi í stj. hennar. En ef hún á að vera einungis undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra, þá sé ég ekki, hvers vegna á að vera að hafa hana sem sérstaka deild.

Annars eru þessar brtt. yfirleitt þannig, að það er eins og hv. meiri hl. hafi bara verið að reyna að hafa ekki sömu orðin, sem notuð eru í frv., þó sama hugsun liggi á bak við, og um sömu hugtök sé að ræða.

Í 6. brtt. stendur: „Löggæzlumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunar-

menn ríkisins". Ég geng út frá, að hér sé átt við þann einn sjötta af lögreglunni hér í Rvík, sem á að vera sérstök deild. Annarsstaðar yrði þessi einn sjötti víðast aðeins brot úr manni, og úr því getur varla orðið sérstök deild. En með þessu er þá sennilega ákveðið, að allir þeir menn, sem kvaddir eru til aðstoðar lögreglunni, skuli vera sýslunarmenn ríkisins, ásamt þessum einum sjötta af föstu lögreglunni. Þannig skil ég þetta, en vænti, að hv. frsm. segi, hvað fyrir hv. meiri hl. hefir vakað.

Ég þarf svo ekki í bili að segja meira við hv. frsm. meiri hl. Ég vil aðeins endurtaka það, að mér virðist skoðanamunurinn ekki meiri en svo, að vel sé hægt að ná samkomulagi um málið. Ég skal geta þess, að ég tel til bóta, að heimild laganna nái til alls landsins. Í byrjun hafði ég hugsað mér að láta hana ná til kaupstaðanna, en get vel fallizt á að láta hana ná til landsins alls. Það er of þröngt að takmarka ákvæði l. við Rvík eina, enda er nú komin fram beiðni frá Akureyri um að láta lögin ná til sín.

Hv. 2. landsk. sagði, að það hefði þegar farið mikið fé í ríkislögregluna. Já, hún hefir náttúrlega kostað talsvert. Hann sagði, að mikið hefði mátt gera fyrir það fé, en lítið sæist eftir lögregluna. Ég býst við, að það sjáist ekki vanalega mikill beinn árangur af starfi lögreglumanna. En það er gaman að minna hv. þm. á það, af því að hann er að fjargviðrast út af kostnaðinum við ríkislögregluna hér, að ekki er nema hálfur mán. síðan sá flokksbróðir hans, sem nú er forsrh. í Danm., fór fram á við þingið og fékk samþ. á einni nóttu, að bæta 100 manns við ríkislögregluna þar. Og vegna hvers þótti liggja svo mikið á þessari aukningu? Aðeins af því, að borið hafði á lítilsháttar óeirðum á landamærum Danmerkur og Þýzkalands. Þó var fyrir öflug bæjarlögregla, og auk þess fjölmenn ríkislögregla. (**JBald:** Hvað mannmörg?) Í henni eru mörg hundruð manna, ég veit ekki nákvæmlega hvað hún er fjölmenn. Í þriðja lagi er í Danmörku stór her, sem hægt er að grípa til, ef á liggur. Þegar þessi ráðh. var að ráðgera að leggja niður herinn, áskildi hann, að hafðir væru 7 til 8 þús. menn til þess að halda uppi reglu í landinu.

Af þessu geta menn séð, að það er ekki einsdæmi, þó farið sé fram á að auka ríkislögreglu. Það er annað hér, sem er einsdæmi, og það er, að til skuli vera menn, sem hafa á móti jafnsjálfsögðum hlut og því, sem farið er fram á í þessu frv. Á móti 100 manna aukningu ríkislögreglunnar í Danmörku mælti enginn nema þeir tveir kommúnistar, sem sæti eiga í þinginu.

Það er hlægilegt að heyra hv. 2. landsk. tala um, að ríkislögreglan, sem stofnuð var eftir 9. nóv. í vetur, sé faðir kommúnismans hér. Eins og allir vita, er kommúnisminn nokkurra ára gamall hér á landi, og er því augljóst, hvílík fjarstæða það er, sem hv. þm. lætur sér sæma að halda hér fram. Álika fjarstæða er það, þegar hv. þm. heldur fram, að á bak við þetta frv. liggi eitthvert einræðisbrölt. Það er einungis sjálfsögð skylda, sem allir, er með stjórn fara, verða að inna af hendi, að halda uppi lögum og reglu. Því það er talin fyrsta skylda hvers einasta þjóðfélags að verja sjálft sig.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Ég hefi ekki mörgu að svara. Hv. frsm. minni hl. tók þannig á málinu, að ég sé enga ástæðu til að hefja frekari sókn á frv. heldur en meiri hl. gerir í nál. sínu. En mér virtist kenna nokkurs misskilnings hjá hv. frsm. minni hl. í sumum atriðum. Hann vildi sýna fram á, að ósamræmi væri milli nál. meiri hl. og brtt. hans. Hann sagði, að í nál. teldum við ekki rétt að leggja valdið til að fjölga lögreglumönnum í hendur ríkisstj. einnar, en svo miðuðu brtt. okkar einmitt að því. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum til að mótmæla þessu, því í upphafi ræðu sinnar gat hv. frsm. þess sjálfur, að við með till. okkar vildum draga áhrifavaldið í þessum efnum í hendur bæjanna. Till. okkar eru þannig í fullu samræmi við nál.

Þá er annað atriði í ræðu hv. frsm., sem ég vil víkja að. Hann taldi, að ekki mundi verða minni kostnaður við þá aukningu löggæzlunnar, sem gert er ráð fyrir í till. okkar, heldur en eftir frv.

Það getur vitanlega aldrei orðið annað en spádómur. En ég lít þannig á, að eftir frv. skuli verða sett á stofn ríkislögregla, en eftir okkar till. eigi ekki að gera það fyrr en fullnægt er vissum skilyrðum. Það getur komið fyrir, að þegar búið væri að fjölga bæjarlögreglunni hér í Rvík eins og gert er ráð fyrir í till. okkar, þá verði þörf fyrir meiri lögreglu, og gæti það þá leitt til þess, að ekki reyndist í framkvæmdinni beinlínis fjársparnaður að uppástungum okkar frá því, ef frv. væri samþ. óbreytt. En ef ekki er fullnægt þeim skilyrðum, sem okkar till. gera ráð fyrir, áður en ríkislögregla kemur til sögunnar, leiðir af sjálfu sér, að ríkislögreglan samkv. stjfrv. yrði að vera þeim mun fjölmennari, sem bæjarlögreglan yrði fámennari, og þess vegna hlýtur alltaf að verða sparnaður að því fyrir ríkissjóð, ef till. okkar eru samþ. Hitt er auðvitað rétt, að 60 manna lögregla kostar í sjálfu sér jafnmikið, hvort sem hún er kostuð af bæjarsjóði Rvíkur eða ríkissjóði. En ég lít svo á, að þó það sé rétt, að ríkisvaldið eigi að hafa alla yfirstjórn löggæzlunnar í landinu, þá sé ekki ástæða til að leggja í hendur þess meira af þeim málum en beinlínis þörf krefur. Eftir till. okkar hefir dómsmrh. á hendi æðstu stjórn lögreglumálanna eftir sem áður.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara inn á ræðu hv. frsm. minni hl. Því eins og ég gat um í upphafi, þá vil ég ekki gefa ástæðu til, að umr. fari inn á óhollar brautir. Ég vil, að málið verði rætt með stillingu og gætni, og að þær einar niðurstöður verði framkvæmdar, sem mönnum kemur saman um, að beztan muni gefa árangur.

Að því er snertir aths., sem hæstv. dómsmrh. gerði við nál. meiri hl., þá skal ég segja það strax, að ég finn ekki ástæðu til að fara að pexa við hann um þær.

Í raun og veru gáfu þær aths. ekki tilefni til annars en að pexa um hluti, sem ekki hafa mikla þýðingu. En hvað sem okkur hæstv. dómsmrh. ber á milli að öðru leyti, þá getum við þó verið sammála um það, að engin ástæða sé til þess að tortryggja frekar bæjarlögreglu en ríkislögreglu. Það getur vel verið, að ekki sé ástæða til þess að tortryggja ríkislögregluna, eða hvernig henni verði beitt, en það verður eigi að síður að líta á það, að slíkt hefir komið fram á allgreinilegan hátt. Fyrir því höfum við ljós dæmi, þó það máske sé að ástæðulausu.

Þá lagði hæstv. dómsmrh. fyrir mig nokkrar spurningar viðvíkjandi því, hvernig bæri að skilja ýmsar brtt. okkar meiri hl. Það er fyrst um 1. gr., hvort meining okkar sé, að frv. nái aðeins til bæja eða einnig til kauptúna, sem hafa jafnmarga íbúa, 1000 eða fleiri. Ég skal strax viðurkenna, að þegar við sömdum þessar brtt., þá vakti það fyrir okkur, að frv. næði aðeins til kaupstaða, og þess vegna er orðalagið eins og það er. En ég get getið þess, að ég fyrir mitt leyti er því ekki mótfallinn, að frv. nái einnig til kauptúna, sem hafa þessa íbúatölu, en ég lít svo á, að það verði að vera skilyrði, að lögreglustjóri sé á þessum stöðum. En ég álít, að þetta geti ekki orðið ágreiningsatriði, því það er meining okkar meiri hl. manna, að þetta frv. nái til allra þeirra, sem þörf er á.

Þá spurðist hæstv. dómsmrh. fyrir um það, hver væri meiningin með ákvæðum 2. gr. um þennan ⅓ hluta lögreglunnar, sem hér í Rvík á að vera sérstök deild, og hver hefði umráð yfir henni. Ég tel, að í þessu efni sem öðru, þá sé dómsmrh. auðvitað æðsti yfirmaður lögreglunnar. Hinsvegar álít ég, að það muni verða samkomulagsatriði milli hans og lögreglustjórans í Rvík, hvernig þessi deild starfar á rólegum tímum, en á órólegum tímum, þá mun hún vera undir stjórn lögreglustjórans í Rvík eða hans umboðsmanns. Frv. gerir ráð fyrir, að á rólegum tímum geti stj. notað þennan hluta lögreglunnar til sérstakra starfa, og ég lít svo á, að þegar þessi deild er við slík störf, þá heyri hún undir dómsmrh. Þetta tel ég samkomulagsatriði milli dómsmrh. og lögreglustjóra, enda virðist sem þetta þurfi ekki að valda sérstökum ágreiningi, þar sem öllum er vitanlegt, að lögreglustjórinn í Rvík heyrir tvímælalaust undir dómsmrh.

Þá var hæstv. dómsmrh. með fyrirspurn út af 6. gr., hvernig bæri að skilja hana. Ég verð að segja, að mér finnst hún það ljós, að hún geti tæplega vald-

ið misskilningi. Meiri hl. n. leit svo á, að þeir menn, sem væru kvaddir lögreglunni til aðstoðar, þyrftu að fá vernd. Það er ekkert annað, sem meint er með þessari 6. gr., en það má vel vera, að orðalag gr. sé ekki nógu skýrt. Um það skal ég ekki deila, en mér virðist frá leikmannssjónarmiði, að þetta orðalag sé alveg tvímælalaust.

Ég man svo ekki eftir fleirum fyrirspurnum frá hæstv. dómsmrh., og ég get að öðru leyti látið við þetta sitja að sinni.

Það, sem fram kom í ræðu hv. 2. landk., var ekki þess eðlis, að það gæfi mér tilefni til andsvara.

**Jón Baldvinsson:** Ég minntist ekki áðan á till. hv. 1. landsk., sem hefir komið með umbætur við frv. stj.

Hv. 1. landsk. var 1925 talsvert heitur fyrir því að koma á ríkislögreglu og honum gramdist að geta ekki komið henni á þá. Þó að stj. ætli nú að koma upp ótakmörkuðu liði samkv. 1. gr. og verja ótakmörkuðu fé til þess samkv. 5. gr., þá ætlar hv. 1. landsk. að bæta því við, að einnig verði komið upp sjóher. Hér verður þá bæði komið upp sjóher og landher, ef hans till. ná fram að ganga.

Skipshafnirnar á varðskipunum og tollverðirnir eiga að teljast til lögregluliðsins. Að vísu verður þetta takmörkuð tala, þó maður geti ekki sagt með vissu, hvað margir muni þá teljast í íslenzka sjóhernum. Varðskipin eru nú 3, en það er ekkert því til fyrirstöðu, að stj. kalli strandferðaskipin og vitaskipið Hermóð herskip, og bætist þá nokkur hundruð manna við í sjóherinn íslenzka. En af því að maður getur gengið út frá því, að hvorki Þór, Óðinn né Ægir verði send á móti drekum stórveldanna í stríð, því tæplega verða þau sigursæl í slíkum orustum, þá dettur manni í hug, að þessi skip geti orðið gagnleg í orustum innanlands við vopnlausa landsmenn. Og þess vegna er hv. 1. landsk.'að bæta við frv. stj., þessum nokkrum hundruðum manna. Þá er þetta fullkomnað allt saman. Það kynni þá að vera eftir að koma upp stórskotaliði. En það felst í frv. stj. að mega kaupa öll þau tæki til þess að geta haldið uppi fullkomnum her í landinu.

Ég heyri það á hæstv. dómsmrh., að hann býst við að sitja áfram í dómsmrhsæti, því hann tók alveg fyrir það, að hv. 5. landsk. gæti orðið ráðh.

Þetta þýðir, að samningar hafa verið gerðir um það milli stjórnarflokkanna að halda þessari samsteypustjórn áfram og dómsmrh. verði áfram við völd. (**Dómsmrh.:** Var ég að tala um það?) Það má draga það út úr orðum hæstv. ráðh., sem er sennilegast, að í þeim eigi að felast, og ég þykist ekki hafa dregið meira út úr þeim en ástæða var til. (**Dómsmrh.:** Ég sagði ekki orð um þetta). Hæstv. ráðh. tók fyrir það, að hv. 5. landsk. gæti orðið dómsmrh., og þá hlýtur hann að vita jafnlangt sínu nefi, eins og hann svo oft tekur til orða.

Ég hefi áður talað um hlutverk þessa hers, að það getur ekki annað verið en það sama og játað var á þingi 1925. Þá var verið að eltast við það allt þingið að spyrja stj., hvað ætti að gera við ríkislögreglu. Og síðasta svarið, sem hægt var að toga út úr stj. var, að hana ætti að nota í vinnudeilum. Í frv. stj. er talað um, að ríkislögregluna megi ekki nota í löglegum vinnudeilum. En það verður á valdi stj. að ákveða, hvenær vinnudeilur eru löglegar og hvenær hún álítur ástæðu til að halda uppi lögum og friði í landinu.

Hæstv. ráðh. gerði mikið að því að vitna í Danmörku. Hann hefir stundum gert það við þessar umr. Hann segir rétt frá þessu með forsrh. danska, sem er jafnaðarmaður, að hann beitti sér fyrir því að auka ríkislögregluna um 100 manns. En hugsum okkur, hvílík ódæmi það eru fyrir Danmörku að fá 100 manns, ef við berum það saman við okkar land! Þá ætti, í staðinn fyrir ótakmarkaða ríkislögreglu, 1. gr. frv. að hljóða þannig: Rvík skal hafa ríkislögreglu með 3 mönnum. Þá væri hæstv. ráðh. í samræmi við Stauning. (**Dómsmrh.:** Var ekkert fyrir í Danmörku?).

Hæstv. ráðh. hefir orðað 1. gr. frv. mjög lævíslega: Í Rvík skal vera ríkislögregla, og má skipa allt að 10 fasta starfsmenn í þeim tilgangi og aðstoðarmenn eftir því sem **óhjákvæmilegt** þykir. Þessir óhjákvæmilegu aðstoðarmenn geta orðið þúsund, og þá er komið fram úr því, sem

danska ríkislögreglan var, bæði að tölu, að ég ekki tali um hlutföll. Þessir 100 menn svara til þess, að hæstv. ráðh. kæmi með frv. um það, að gera einhverja 3 menn að ríkislögreglu.

Hæstv. dómsmrh. spyr, hvað margir séu í ríkislögreglunni í Danmörku. Það eru fáein hundruð manna. (**JónÞ:** Og svo herinn.) Það er til her í Danmörku, en Stauning hefir lagt til að minnka hann (***Dómsmrh.:*** *Hvað vill hann hafa hann stóran?*). Hann vildi alveg leggja herinn niður, en hann hefir ekki meiri hl. í báðum d. þingsins. Hann vildi færa herinn niður í 20 þús. manns úr 40 þús. Annars vilja sócialistar afnema herinn alveg.

Og það er ólíku saman að jafna baráttu Staunings í Danmörku fyrir því að leggja herinn niður sem ríkislögreglu og baráttu stj. hér fyrir því að koma henni upp. Það er sá höfuðmunur á stefnu hæstv. dómsmrh. og þess ráðh. í Danmörku, sem hann vitnar svo oft í, að annar er að draga saman þennan ríkisher, sem íhaldsmenn í Danmörku hafa *komið upp og vilja halda við*, en *hinn* er að reyna að koma á fót ótakmörkuðum her. Svo það gefur fyllilega ástæðu til þess að væna hæstv. ráðh. og flokk hans um einræðisbrölt. Þeir treysta sér ekki til þess að ná meiri hl. valdi á þingræðislegum grundvelli, heldur ætla að tryggja sér her, sem getur styrkt þá til þess að taka völdin í landinu á sama hátt og flokksbræður þeirra gera víða annarsstaðar í álfunni, ef kjósendur vilja ekki afhenda þeim það vald. Það er fullkomin ástæða fyrir því, að hér sé um einræðisbrölt að ræða.

***Dómsmrh.* (*Magnús Guðmundsson*):** Ég þarf ekki að svara hv. frsm. meiri hl. neinu. Ég geri mér beztu vonir um, að hægt sé að ná samkomulagi um þetta mál, því mér virðist ekki mikið bera á milli og ég tel það eiginlega gefið, eftir ummælum hv. frsm. meiri hl. En það var viðvíkjandi því, hvort lögreglan ætti heldur að vera ríkislögregla eða bæjarlögregla, og hv. frsm. segir, að ekki sé meining í því, að ríkið setji upp lögreglu í bæina, því þá geti verið, að þeir geri ekki sína skyldu í þeim efnum, ef þeir eiga víst að geta fengið ríkislögreglu. Það er mikið rétt í þessu. En ég hélt, að það þyrfti ekki að gera ráð fyrir því, að nein stj. geti verið svo heimsk, að hún færi að setja upp ríkislögreglu áður en hún teldi, að bærinn væri búinn að inna af hendi sína skyldu.

Í hvert skipti, sem bær eða kaupstaður kæmi til stj. og vildi fá aukna lögreglu, þá mundi stj. rannsaka, hvort næg lögr. væri fyrir og hvort bærinn mundi *inna af hendi þá skyldu, sem á bænum* hvílir. Ég segi þetta ekki út í bláinn, því það var hugsað um þetta atriði áður en þetta frv. var búið til, og ég veit, að hv. 1. landsk. man vel eftir, að það var einmitt rætt um þetta atriði við hann, um skyldu bæjanna til að halda uppi lögreglu. En það er viðurkennt af hv. meiri hl., að það er ekki hægt að leggja þetta allt á bæina eina.

Þá vil ég aðeins segja örfá orð við hv. 2. landsk. Ég vil fræða hann um það, að tollverðir landsins eru náttúrlega ekki annað en löggæzlumenn, lögregla fyrir ríkið. Ég gleymdi að telja þá upp áðan, en það var gott, að hv. þm. *minnti* mig á það. Alveg eins er með áhafnirnar á varðskipunum. Þær eru lögreglulið á sjónum og ekkert annað. Og náttúrlega liggur það út af fyrir sig nær, ef á þarf að halda, að nota þá lögreglu á sjó. En ég býst við, að það muni sjaldan koma til þess og kannske aldrei.

Hv. þm. dró það út úr þeim orðum mínum, að mér þætti ákaflega undarlegt, að hv. 5. landsk. yrði dómsmrh. í bráð, að ég byggist við því að verða ráðh. áfram. Hv. 2. landsk. álítur þá, að ekki sé um aðra að gera en mig, eða hv. 5. landsk.

Þá er þessi deila út af lögreglunni í Danmörku. Þar er því til að svara, að það er rétt, að herinn þar er varalögregla, og það er gripið til hans, þegar í harðbakka slær. Hv. þm. upplýsti sjálfur, að þessi her væri 40 þús. manns. (**JBald:** Ekki fastur her). Ég held mér við þessa tölu hjá hv. þm., að hans flokksbróðir vildi hafa 20 þús. manns, en þá ættum við að hafa 666 manns eftir hans reikningi, 30 sinnum færri. Í Danmörku er hægara að halda uppi lögum, af því að þar er þéttbýlið meira en hér. En ofan á þessar 40 þús. sem varalög-

reglu, og ofan á alla lögreglu bæjanna, vildi Stauning fá 100 manna aukningu á ríkislögreglunni, bara til þess að verja Danmörku gegn Þýzkalandi, þegar fór að bóla á ofurlitlum óeirðum þar.

ATKVGR.

Brtt. 502,1 (ný 1. gr.) samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald[1]), JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, IP, GÓ.

nei: JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM.

Brtt. 524,1 þar með fallin.

— 502,2 (ný 2. gr.) samþ. með 8:5 atkv.

— 524,2 þar með fallin.

— 502,3 (ný 3. gr.) samþ. með 8:1 atkv.

— 524,3 þar með fallin.

— 502,4 (ný 4. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 524,4 samþ. með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, PHerm, BSn, EÁrna, GL, HSteins, JakM, JónJ, JónÞ, GÓ.

nei: MT, IP, JBald.

PM[2]) greiddi ekki atkv.

Brtt. 502,5 (ný 5. gr.) samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JakM, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, GL, GÓ.

nei: HSteins, JBald, BSn.

JónÞ[3]), PM greiddu ekki atkv.

Brtt. 502,6 (ný 6. gr.) samþ. með 9:1 atkv.

— 502,7.a samþ. með 9:1 atkv.

— 502,7.b samþ. með 8:1 atkv.

— 502,8 (ný fyrirsögn) samþ. með 8:4 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, BSn, EÁrna, IP, JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT.

nei: PM, BSn, GL, HSteins, JBald.

Fyrirsögn eftir 2. umr.:

**Frv. til l. um löggæzlu.**

---

Á 67., 69. og 78. fundi í Ed., 9., 11. og 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 23. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 567, 607, 612, 644).

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Ég hefði óskað, að hæstv. dómsmrh. hefði getað verið við þessar umr., en hann er ókominn ennþá, en sennilega væntanlegur áður en langt um líður. Við 2. umr. málsins hér í d. voru samþ. nokkrar brtt. frá meiri hl. fjhn. Af ræðu hæstv. dómsmrh. virtist mega draga þá ályktun, að hann væri ekki andvígur þeim brtt. Hann talaði fremur vingjarnlega í þeirra garð, en gerði við þær nokkrar aths., og virtist mér þær þannig vaxnar, að rétt væri að taka þær til íhugunar til 3. umr. Nú á milli umr. hefi ég leyft mér að bera fram brtt. við frv. á þskj. 644. Þær brtt. eru miðaðar við aths., sem hæstv. dómsmrh. gerði við þær breyt., sem gerðar voru á frv. við 2. umr. Ég hygg, að þar sé tekið tillit til, að svo miklu leyti sem mér þótti fært, aths. frá hæstv. dómsmrh.

Fyrsta brtt. felur í sér þá breyt. eina, að undir l. skuli einnig koma kauptún, sem hafa 1000 íbúa eða fleiri, og það er ein af þeim aths., sem hæstv. dómsmrh. gerði við 2. umr. Meiri hl. fjhn. hafði, áður en ég flutti þessa brtt., flutt brtt. á þskj. 607 og eru það orðabreyt. að mestu leyti. Við nánari athugun taldi ég réttara að taka þessar breyt. upp í till. mínar á þskj. 644 og verða því till. á þskj. 607 teknar aftur. Hin önnur meginbreyt., sem í þessari brtt. felst, er sú, að láta hæstv. dómsmrh. fá íhlutunarrétt um, hvenær auka beri lögregluna, ef sérstaklega stendur á. Þetta var önnur aths., sem hæstv. dómsmrh. gerði við 2. umr., og ég skal taka það fram, að það geta verið þau tilfelli, að nauðsynlegt sé, að ráðh. geti haft slíkan íhlutunarrétt.

Ég hefi þá minnzt á þær höfuðbreyt., sem felast í brtt. á þskj. 644, og vænti

---

1) **JBald:** Ég ætla að greiða atkv. með þessari brtt. á þskj. 502, sem er till. meiri hl. fjhn., vegna þess að hún kemur í veg fyrir, að hægt sé að stofna ríkislögreglu með ótakmörkuðu liði, eins og segir í 1. gr. frv. Og þó mér þyki till. ekki góð, þá ætla ég þó að láta það illa útrýma því verra.

2) **PM:** Ég greiði ekki atkv. um þessar brtt., af því að ég álít frv. einskis virði eins og það er orðið nú.

3) **JónÞ:** Ég tel þessa gr. óhafandi eins og hún er, en vil ekki fella hana, svo að hægt sé að koma með brtt. við hana við 3. umr.

þess fyllilega, að dómsmrh. geti fallizt á þær, því að þær eru fram bornar til þess að fá samkomulag um lausn í þessu máli, og það í þeim anda, sem fólst í brtt. okkar meiri hl. manna, sem samþ. voru við 2. umr.

Hv. 1. landsk. hefir borið fram brtt. á þskj. 612 og skal ég ekki fara um þær mörgum orðum að svo stöddu. Í mörgum tilfellum ber lítið á milli mín og hans, en þó er önnur brtt.'hans gerólík. En sem sagt; ég ætla ekki að minnast á þær að svo stöddu, en vel getur verið, að ég víki að þeim síðar, þegar hv. þm. hefir talað fyrir þeim. Ég læt svo þetta nægja. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. líti yfirleitt svo á, að þetta mál verði að leysa og heldur muni hafa lægt öldurnar um það frá þingbyrjun og að vænta megi lausnar á samkomulagsgrundvelli á málinu.

**Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Ég hefi flutt hér nokkrar brtt. við þetta frv., á þskj. 612. Nokkru eftir að þær komu fram flutti hv. 2. þm. S.-M. brtt. á þskj. 644, sem hann hefir nú lýst, og það er rétt hjá honum, að að sumu leyti er ekki langt bil á milli þessara till. T. d. hefir hv. þm. sýnt mér þann heiður í 6. og 7. brtt. sinni að taka upp 6. og 7. brtt. mína alveg orðrétta. Mér finnst, að vel hefði nú mátt spara þessa prentun, úr því að till. voru komnar á öðru þskj., en efniságreiningur er þó nokkur, og er það þá fyrst, að mér þykir fulllangt farið í 1. gr. og brtt. á þskj. 644, þar sem stj. er gefin heimild til að fyrirskipa bæjum, að þar skuli vera allt að einn starfandi lögregluþjónn á hverja 500 íbúa. Ég hefi velt þessu atriði töluvert fyrir mér og hefi ekki getað sannfærzt um, að rétt væri að fara lengra en að heimila að skipa einn á hver 600 manns. Það má auðvitað fyrst líta hér til höfuðstaðarins, sem hefir nú sem stendur um 30 þús. íbúa, og þá þýðir ákvæði frv., sem hv. 2. þm. S.-M. vill halda óbreyttu að efni, að hér mætti fyrirskipa að hafa 60 fasta lögregluþjóna. Nú sem stendur eru þeir 27, og viðurkennt er, að þetta sé of lítið. En ég álít ekki, að það sé nein nauðsyn og ekki nokkur þörf vegna venjulegra lögreglustarfa á venjulegum tímum að hafa hér fleiri en 50 lögregluþjóna. Mér finnst það algert hámark, sem ekki sé nokkur ástæða til að fara yfir. Jafnvel þótt þrískipt sé verði, eins og nú er tízka, þá má gera ráð fyrir, að af 50 lögregluþjónum komi a. m. k. 15 á hvern vörð, þegar frá eru taldir menn, sem eru að halda sinn vikulega frídag, og þeir, sem hafa vörð á lögregluvarðstofunni. Og þetta er sú breyt. frá því, sem nú er, að ég ætla, að nú séu venjulega 5 og allra mest 6 á verði samtímis, — og sýnist mér ekki ástæða til að stíga stærra spor en að fjölga þeim upp í 50. Er ég sannfærður um, að hér er nægilega langt gengið. Og líti menn á næstu kaupstaðina, sem eru að verða með kringum 4000 íbúa, eins og Hafnarfjörður, Vestmannaeyjar og Akureyri, þá ætti eftir frv. að fyrirskipa þeim að halda 8 lögregluþjóna, en eftir uppástungum mínum væri ekki hægt að skipa venjulega nema 6. Ef litið er á getu lögregluliðsins til þess að halda uppi lögum og reglu, þegar einhver óregla er á ferðum, þá er auðséð, að þessi flokkur lögreglu verður jafnónógur, hvort sem í honum er 6 eða 8 menn. Aftur má segja, að í Rvík geti munað einhverju, hvort lögregla er skipuð 50 eða 60 mönnum, og má ímynda sér, að fasta liðið geti nægt, þótt einhver ofurlítill órói sé, og e. t. v. frekar 60 lögregluþjónar en 50. En í hinum bæjunum hefir þetta enga þýðingu. Þar er fasta liðið ónýtt undir eins og eitthvað verulegt ber út af.

Frá fjárhagslegu sjónarmiði tel ég hentugasta leið í þessu máli að hafa hið fasta lið hvergi fjölmennara eða kostnaðarsamara en nægi öllum daglegum þörfum, en sjáanlegt, að ekki verður komizt hjá því að hafa a. m. k. möguleika til þess að geta fljótlega skipað fram liði. Því fylgir ávallt nokkur kostnaður, og það verður því auðveldara að ráða við þann kostnað, sem minna hefir verið lagt í kostnað við hið fasta lið, sem ávallt verður nokkuð tilfinnanlegur hverjum kaupstað eftir þessu frv. Ég læt þetta nægja til þess að rökstyðja þá till. mína, að ég tel ekki rétt að fara lengra en að heimta einn lögregluþjón á hverja 600 íbúa. — Að öðru leyti en þessu held ég að 1. brtt. mín sé að efni til tekin upp í brtt. hv. 2. þm. S.-M. á þskj. 644.

Brtt. mín við 2. gr. er einungis orðabreyt. og skal ég ekki frekar um hana ræða. Hið sama má í rauninni segja um brtt. mína við 3. gr., en ég tel það sérstaklega athugavert við brtt. hv. 2. þm. S.-M. við 3. gr., að með síðara staflið till. sinnar fellir hann burt heimildina til þess að skipa fulltrúa eða yfirlögregluþjón til þess að stjórna liðinu, ef lögreglustjóri óskar þess. Þetta er að forminu til gert í 3. brtt. minni, en ég hefi tekið þetta ákvæði upp aftur á öðrum stað, nefnilega í niðurlagi 4. brtt. minnar við 6. gr., þar sem það á betur heima, eftir því sem efni þeirrar gr. verður samkv. mínum till. En hv. 2. þm. S.-M. vill nema þetta alveg burt úr frv., og það af þeirri ástæðu, að það má ekki gera ráð fyrir því, að unnt verði að velja lögreglustjóra í alla kaupstaði og kauptún landsins með það fyrir augum, að þeir hafi nægilega liðsforingjahæfileika til þess sjálfir að stýra liðinu, þegar út í einhver vandræði er komið. Í þessar stöður verður að velja lögfræðinga, sem geta verið góðir til að gegna þeim dómara- og umboðsstörfum, sem við þeirra embætti eru tengd, þótt þá bresti hæfileika til þess að vera forystumenn í þeim viðureignum, sem geta komið fyrir milli lögreglunnar og þeirra, sem þarf að stilla til friðar hjá. Ég tel það þess vegna verulega skemmd á frv., ef síðari liður 3. brtt. hv. 2. þm. S.-M. yrði samþ., án þess að 4. brtt. mín næði samþykki. Ég vildi í sjálfu sér gjarnan leita samkomulags um það við hann, hvort hann gæti ekki fallizt á, að þessi heimild fengi að standa í einhverri mynd í frv., annaðhvort þar sem hún er nú eða eins og hún er í 4. brtt. minni.

Þá er 4. brtt. mín við 6. gr. Þar munar ekki mjög miklu á því, sem hv. þm. hefir tekið upp í sína 5. brtt. Það sem á milli ber er aðallega það, að hann heldur því ákvæði frv., að kostnaður við lögregluliðið skuli skiptast milli ríkissjóðs og bæjar- eða sveitarsjóða, og það á þann hátt, að framlag ríkissjóðs sé takmarkað, en bærinn eða sveitin verða að bæta við því, sem til vantar. En ég legg til, þótt það sé ekki tekið fram í þessari till., heldur þeirri næstu, að allur kostnaðurinn við lögregluna greiðist úr ríkissjóði. Ég álít, að með þeim mjög svo takmörkuðu tekjustofnum, sem bæjar- og sveitarfélög eiga yfir að ráða, þá sé búið að gera þeim nægilega hlutdeild í því aðalverkefni að halda uppi lögum og reglum, þegar þeim er gert að greiða ⅚ hluta kostnaðar af hinu fasta lögregluliði, og ennfremur, að þar sem það eftir till. mínum og líka hv. 2. þm. S.-M. er alveg á valdi ríkisstj. að fyrirskipa það, að lögregluliðið skuli stofnað, þá sé rétt, að ríkissjóður beri í því tilfelli eins og öðrum kostnaðinn af ákvörðunum ríkisstj. Ég álít það vera alveg óeðlilegt og óheppilegt fyrir fjárstjórn bæjar- og sveitarfélaga, að ríkisstj. hafi vald til þess, hvenær sem henni sýnist, að gera ákvarðanir, sem skylda þá til útgjalda, sem ekki voru vituð fyrirfram, og þess vegna hafa ekki verið tekin upp í fjárhagsáætlanir yfirstandandi árs hvers sveitarfélags. Það hlýtur að hagga reikningsjöfnuðinum þar og geta sett þau í vanda, en fjárveitingavald ríkisins ætti að áætla í hverjum fjárl. upphæð til þessa þáttar löggæzlunnar, sem stj. grípur svo til sem nauðsynlegra útgjalda við varalögreglu, þegar til hennar þarf að taka.

Þá flyt ég loks eina brtt. Er það sú fimmta á þskj. 612, sem ekki á sér nein tilsvarandi ákvæði, hvorki í frv. sjálfu né í brtt. hv. þm. á þskj. 644. Þar er ákvæði um, að það skuli vera borgaraleg skylda hverjum verkfærum karlmanni að gegna kvaðningu í varalögreglu, nema hann geti fært ástæður, sem ráðh. meti gildar; ennfremur eru viðurlög gegn því, að nokkur maður tálmi því á neinn hátt, að kvaðningu til varalögreglustarfs sé gegnt. Ég álít, að eftir því, sem fram hefir komið, þá verði að telja þetta ákvæði alveg nauðsynlegt, til þess að varalögreglan fái þá aðstöðu í þjóðfélaginu, sem henni ber. Nú stendur þannig á, að hér í Rvík hefir þótt nauðsynlegt að stofna varalögreglu, og hefir það verið gert. Skylda til þess að gegna kvaðningu eins og sú, sem um ræðir í brtt., hefir ekki þótt vera nægilega skýr, a. m. k. ekki í lögum, og henni hefir þess vegna ekki verið beitt. Þess vegna hefir verið farið hina leiðina, að leita eftir því með frjálsum samningi við menn, að þeir taki sér stöðu í varalögreglunni. Þessir menn hafa þá aðstöðu, að það er hægt að segja

um þá, að þeir hafi gengið í þennan flokk án þess að nokkrar nauðir eða borgaraleg skylda hafi rekið þá til. Nú er hér andstaða á móti stofnun og tilveru varalögreglunnar, fyrst og fremst frá þeim flokki, kommúnistum, sem hafa það beint að markmiði að gera upphlaup og taka ráðin yfir þjóðfélaginu í sínar hendur með ofbeldi, og það er algert samræmi í því af hálfu þess flokks, að hann hefir gert allt, sem hann getur til þess að spilla fyrir því, að varalögreglan sé til, og m. a. hefir hann beitt því ráði, að reyna með öllu móti að ófrægja þá menn, sem í varalögregluliðinu hafa valið sér stöðu, fyrir það að hafa gefið sig í það starf. Það hefir borið svo undarlega og óheppilega að, að nokkur hluti Alþýðuflokksins, sem annars vill vera löghlýðinn og borgaralegur flokkur, hefir í þessu máli tekið sér stöðu við hliðina á kommúnistunum, sennilega af ótta við, að einhverjir af flokksmönnum myndu dragast frekar yfir til kommúnista, ef forystumenn flokksins tækju í þessu máli sömu afstöðu og hinir borgaralegu flokkarnir. Þessi hluti Alþýðuflokksins hefir svo orðið ofan á innan flokksins og innan verklýðsfélaganna, og þessir menn hafa beitt sínu afli og áhrifum til þess að hindra það eftir megni, að menn taki stöðu í varalögreglunni og reynt að hrjá og hrekja þá menn á alla lund, sem þrátt fyrir það hafa starfað í lögregluliðinu. Á þessu þarf að verða breyt.; ef núverandi tilhögun er haldið áfram óbreyttri, er ákaflega hætt við því, að þessi byrjunarmótstaða frá kommúnistum og Alþýðuflokksmönnum verði til þess, að sá blær komist á varalögregluliðið, að það sé skipað einhliða mönnum úr öðrum flokkum; en það er óheppilegt fyrir löggæzluna í landinu, að varalögreglan í kaupstöðum og kauptúnum þurfi að fá á sig þann blæ, og til þess að komast hjá því, er hér stungið upp á að gera það að borgaralegri skyldu að gegna kvaðningu í varalögreglu. Þá er framkvæmdarvaldinu innan handar að skipa varalögregluna þannig, að hún fái ekki á sig flokksblæ. Með þessu móti er Alþýðuflokknum opnuð leið til þess að komast út úr þeim ógöngum, sem hann hefir hleypt sér út í með því að taka sér stöðu við hliðina á kommúnistum í því að rísa öndverður gegn tilveru slíkrar varalögreglu. Það er ljóst, að Alþýðuflokkurinn hér eins og í öðrum löndum hlýtur að taka upp þá borgaralegu þjóðfélagsstefnu í þessu máli að vera þess styðjandi, að nægilega sterkt varalögreglulið sé á hverjum tíma og hverjum stað til þess að halda uppi lögum og friði í landinu. — Ég álít, að það sé nauðsynlegt að samþ. 5. brtt. til þess að þessi stofnun fái þá aðstöðu í þjóðfélaginu, sem henni ber. Um tvær síðustu brtt. minar þarf ég ekkert að ræða. Hv. 2. þm. S.-M. hefir lýst fylgi sínu við þær með því að taka þær upp óbreyttar í sínar till.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Mér þykir vænt um að sjá, að í þessu máli virðist ætla að verða sæmilegt samkomulag, því að þó að nokkuð beri á milli eru þó höfuðatriðin þannig, eftir því sem ég fæ bezt séð, að ekki greinir verulega á um þau. Um kostnaðinn af lögreglunni er dálítill ágreiningur, og er það ekki nema eðlilegt í sjálfu sér, að nokkuð séu skiptar skoðanir um það, hvernig kostnaðurinn eigi að skiptast. Ég skal ekki fyrir mitt leyti kveða upp neinn dóm um það, hvort sé réttara, en ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti, að ég get látið mér í léttu rúmi liggja, hvort fyrirkomulagið verður samþ. Samkv. brtt. hv. 2. þm. S.-M. nær heimild ríkisstj. til að fyrirskipa, að allt að tveir starfandi lögregluþjónar skuli vera á hverja 1000 íbúa. Það er ekki þörf á því að nota þessa heimild, þegar ekkert sérstakt er á ferðinni, nema ef hlutaðeigandi bæjarstj. eða hreppsnefnd óskar þess. Ýmsar af þessum brtt. eru mjög svipaðar, og eins og ég tók fram, læt ég mér í léttu rúmi liggja, hverjar af þeim verða samþ., hvort það verða till. hv. 1. landsk. eða hv. 2. þm. S.-M., nema að því er snertir 5. brtt. á þskj. 612. Ég er alveg sammála hv. 1. landsk. um, að það er mjög heppilegt að fá ákvæði um þetta inn í frv., einmitt af þeim ástæðum, sem hv. 1. landsk. gerði svo vel grein fyrir. Ég verð þess vegna að lýsa því yfir, að ég legg mikið upp úr því, að þessi brtt. verði samþ.; og þó að frv. væri viðunandi án þessarar brtt., þá væri ég miklu ánægðari með frv., ef þetta

kæmist inn og legg á það mikla áherzlu. Að því er snertir niðurfellingu 2. mgr. 3. gr., þá get ég ekki gert það að neinu verulegu atriði, vegna þess að það er þegar heimilt að skipa lögreglustjórafulltrúa og ákveða verksvið þeirra. Það er nú svo, að hér í bænum, þar sem slíkt kemur helzt til mála og lögreglan er langfjölmennust, þar er skipaður sérstakur lögreglustjórafulltrúi. Hann og lögreglustjórinn hafa í raun og veru alla yfirstjórn lögreglunnar. Ég hefi vitaskuld ekkert á móti því, að þessi till. verði samþ., en ég tel hana ekki bráðnauðsynlega. Að öðru leyti sýnist mér ekki, að ég þurfi að ræða þessar brtt., en ég endurtek það, að mér þykir vænt um að sjá, hversu tiltölulega lítill munur er á skoðunum mikils meiri hl. hv. dm. að því er þetta mál snertir. Ég þykist vita, að hv. 2. landsk. sé ekki alveg samþykkur frekar en áður, en við það verður sennilega að standa, því að hann er svo langt til hinnar handarinnar í þessu máli, að við hann er sennilega ekki hægt að ná neinu samkomulagi.

**Jón Baldvinsson:** Það er ekki oft, sem hæstv. dómsmrh. dettur ofan á að segja hlutina eins og þeir eru, en hann gerði það nú síðast, því að ég geri ekki ráð fyrir að geta fallizt á þessar till., sem hér liggja fyrir. Það er sýnilega farið að draga eigi lítið úr þeim miklu áhrifum, sem hið stórfenglega þing Framsóknar hafði hér í vetur, þegar bændurnir höfðu látið vanþóknun sína í ljós yfir þeirri stefnu, sem forsrh. Framsóknar og aðrir ráðh. þess flokks og forgöngumenn höfðu látið í ljós og fylgt fram í ríkislögreglumálinu. Flokksmennirnir, sem komu frá hinum dreifðu byggðum, tóku af skarið og vildu breyta um stefnu í því og fara gætilegar um eyðslu á landsins fé en gert hafði verið hingað til. Nú sýnist mér, að áhrif þessarar samkomu séu dálítið farin að dofna hjá framsóknarþingmönnunum, farin að minnka mesta hrifningin, sem varð dagana kringum þetta þing, og þeir eru farnir að ná sér aftur í sinn eiginlega og rétta farveg, að taka upp fullkomna samvinnu við íhaldið, og það er líklega frekar af feimni, að þriðji nm. fjhn. stendur ekki á neinni brtt., en að hann sé ekki samþykkur því, sem nú er fram borið. Við 2. umr. málsins þótti mér eftir atvikum hentara að samþ. nokkrar af till. Framsóknarflokksins, sem fólu í sér meinlausari ákvæði en voru í sjálfu stjfrv., því að í stjfrv. var takmarkalaus heimild handa ríkisstj. til þess að kveðja menn í varalögreglu eftir því, sem hún taldi óhjákvæmilegt á hverjum tíma. Í till. Framsóknar var nokkur takmörkun á þessu, svo sem sjá má á samanburði í frv. því, sem nú liggur fyrir og till. stj. í upphaflega frv., því að í raun og veru er það, sem samþ. hefir verið í 1. gr. frv., sem fyrir liggur, ekki annað en það, sem er í núverandi löggjöf. Ég veit ekki annað en að bæirnir hafi fulla og ótakmarkaða heimild til þess að ráða lögreglu í sína þjónustu, eins og fulltrúar þeirra í bæjarstj. vilja leggja á sig til þess að greiða lögreglunni. Ég held, að það sé enginn hemill á því, að bæjar- eða sveitarstjórnir ráði lögreglu, og það svo fjölmenna, sem þær vilja leggja fé til. Þetta er eingöngu orðið fjárhagsspursmál fyrir sveitarstjórnirnar, og það verða íbúarnir í bæjunum að gera upp við sig, hversu fjölmenna lögreglu þeir vilja hafa á hverjum stað. Því er ekki að leyna, að inn í þetta frv. komust till. frá hv. 1. landsk., sem gera frv. miklu verra en það hefði orðið eftir till. Framsóknarflokksins, þar sem hann m. a. kom því inn í frv., að skipshafnir varðskipanna skyldu teljast til ríkislögreglunnar. Þetta eitt út af fyrir sig gerir það að verkum, að ég get ekki fylgt þessu frv., þó að sum ákvæði þessu séu svo meinlaus, að þau breyti engu frá núverandi löggjöf. Nú vilja þeir fjhn.-mennirnir, annarsvegar hv. 1. landsk. og hinsvegar hv. 2. þm. S.-M., bæta um þetta frv., auka það og efla á ýmsa lund. M. a. er hv. 2. þm. S.-M. kominn inn á þá skoðun, sem sennilega er komin fram eftir samkomulegi við hæstv. dómsmrh., að láta lögregluna einnig ná til kauptúnanna, en eftir skilningi hans við 2. umr. var það ekki heimilt og ekki tilætlunin skv. till. meiri hl. fjhn. Hv. 2. þm. S.-M. tekur nokkuð svipað upp í till. sínar eins og hv. 1. landsk. gerði við 2. umr., um að skylda skipshafnir varðskipanna til þess að ganga í lögregluna. Ætlunarverk

þessara skipa er það að verja landhelgina. Þetta er ekki á neinn hátt herskapur. Íslendingar hafa engan sjóher. Þar eru valdir menn með tilliti til þess, að þeir séu sæmilegir sjómenn og ekki hefir tilætlunin verið önnur; því fráleitara er það, sem hv. 1. landsk. ber nú fram, að tollverðirnir skuli einnig taka þátt í þessari lögreglu, því að þeir eru sennilega ekki valdir með tilliti til þess, að þeir skuli vera varalið lögreglunnar. Ég þarf ekki að ræða mikið um till. þeirra hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. S.-M. Ég get ekki fallizt á neina þeirra, en mér finnst sérstaklega ein till. frá hv. 1. landsk. mjög varhugaverð, till., sem hann leggur mikla áherzlu á og er við 6. gr. frv. Hún er um það, að skylda menn til þess að gegna kvaðningu í lögregluna. Það á að vera skylda hvers manns, hversu óljúft, sem honum er það, að starfa í þessari lögreglu. Þeir, sem kynnu að vilja setja út á þetta, — tálma því, að menn gegni kvaðningu — eins og hann kallar það, geta sætt hegningu frá 100 til 1000 kr. Þessari grein er áreiðanlega beitt gegn verklýðsfélögunum. Hún á að vera hemill á það, að verklýðsfélögin geti tekið andstöðu gegn kvaðningu í lögregluna eins og þau að sumu leyti gerðu í vetur. Það á að varða 100—1000 kr. sekt, sennilega á hvern einstakan mann, sem telur það ekki sæmilegt að vera í vinnuflokki með þeim mönnum, sem hefðu tekið sér starf í varalögreglunni. Út af ummælum hv. 1. landsk. verður að líta á það, hvernig þessi lögregla var stofnuð í haust. Það verður að líta á atburðina, sem gerðust, hvernig til þeirra var stofnað og hver voru aðalatriðin, sem komu æsingunum af stað. Í raun og veru var þetta kaupdeila við bæjarstj. Rvíkur, og verkamenn hér í bænum og víða um land eru svo næmir á þessa hluti, að þeir skildu undir eins, að aðalatriðið í því, sem um var deilt, var um kaupgjaldið. Verkamenn hér í bænum vissu, að það var ætlunin að lækka þeirra tímakaup um þriðjung, og þetta var þungamiðjan í þessu öllu saman. Út af þessu urðu ryskingarnar og út úr ryskingunum varð svo varalögreglan, sem Alþýðuflokkurinn hefir beitt sér gegn og er í samræmi við þá stefnu, sem tekin var 1924. Þá beitti Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, ef ég man rétt, sér gegn ríkislögreglunni, sem þá átti að koma á fót.

Þá fór hv. 1. landsk. nokkrum orðum um lögregluna almennt og um andstöðu einstakra flokka gegn henni. Honum fannst það eðlilegt, að kommúnistar væru á móti henni vegna þess, að þeir vildu ekki hafa neina lögreglu. Þeir vildu með ofbeldi rífa niður núverandi þjóðskipulag og væri þetta því skiljanlegt frá þeirra sjónarmiði. Aftur á móti skildi hv. 1. landsk. það ekki, að Alþýðuflokkurinn gæti verið á móti þessu, því að hann byggði eins og aðrir flokkar með samskonar fyrirkomulagi á því, að breyta núverandi þjóðskipulagi með því að afla sér fylgis kjósendanna og gerði það innan vébanda lýðræðisins. Þetta er réttur skilningur á stefnu Alþýðuflokksins, en þar að auki byggir Alþýðuflokkurinn mikið á stéttabaráttunni. Það er misskilningur hjá hv. 1. landsk., að Alþýðuflokkurinn geti talizt til borgaralegu flokkanna, sem hafa stefnuskrár, sem eru í raun og veru allt milli himins og jarðar. Sumir íhaldsflokkar hafa jafnvel að sumu leyti socialismann á stefnuskrá sinni, framkvæma hann aldrei, en hafa hann aðeins sem ginningar á prógrammi-nu. Það er því skiljanlegt, að Alþýðuflokkurinn, sem heldur uppi vörn fyrir stéttir í þjóðfélaginu, verkalýðsins fyrst og fremst, geti ekki fallizt á það, að komið sé upp liði, sem hinar stéttirnar geti notað sérstaklega til þess að beita gegn stéttasamtökum verkalýðsins. Út frá 9. nóv., sem var kaupdeiludagur, má ganga út frá því, að það myndi verða hlutverk þessarar lögreglu, stundum beint og stundum óbeint, að hafa áhrif á kaupdeilur, þegar þær stæðu yfir eða einhverjar óeirðir í sambandi við þær. Það er þess vegna langt frá því, að Alþýðuflokkurinn sé í nokkrum ógöngum í þessu máli. Hann hefir verið með því hér í bæarjstj. Rvíkur að fjölga lögreglunni á hæfilegan hátt, og ég geri ráð fyrir því, að við munum taka það þar til yfirvegunar og fylgja því, að lögreglan verði nægilega öflug til þess að geta haldið uppi sæmilegri reglu á götum bæjarins. Hitt er taugaveiklun hjá framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum, þegar

þeir eru að hugsa um að hafa á að skipa svo miklu liði, að lögreglan verði alltaf sú sterkasta. Það er annað ráð til við þessu, en að hafa svona öfluga lögreglu, og það er ekkert annað en ef hæstv. stj. vildi gera það að sínu starfi, að stjórna landinu svo vel, að ekki þyrfti til neinnar óánægju að koma. Ef ríkisstj. t. d. vildi leggja sig í líma um það, að bæta úr atvinnuleysinu, þá mundi hún draga úr þeim möguleika, sem þar getur falizt í, að út brjótist óeirðir. En ég vil vona, að hæstv. ríkisstj. vilji fylgja því fram, að reyna að koma í veg fyrir, að svo mikið og svo langdregið verði atvinnuleysið, að mikill fjöldi verkalýðsins í kaupstöðum og kauptúnum landsins fari að líta svo á, að honum sé alveg sama, á hverju velti, af því að hann hafi engu að tapa, en allt að vinna. Og þegar það hugarfar er komið í fjölda manna, þá geta orðið stórir viðburðir. En þá álít ég betra að byggja fyrir meinin í upphafi, svo að þau valdi ekki alltaf stærri og stærri upplausn, heldur en að hugsa um það eitt að láta allt drasla með illri stjórn, en þá að koma upp svo miklu liði til þess að berja niður, þegar út í öngþveiti er komið. Þess vegna álít ég ekki þörf á að samþ. þetta frv., og þeim 400 þús kr., sem á að verja í ríkislögregluna á ári hverju, væri sannarlega miklu betur varið, og hefði meiri áhrif til spekta, ef þeim væri varið til atvinnubótavinnu, heldur en að halda uppi lögreglu til að bæla niður óeirðir, sem upp kynnu að koma vegna ástandsins.

Ég ætla því að greiða atkv. á móti þessu frv., og ég ætla, að fáar af þessum till. séu til bóta, en þær eru þó sumar til að rugla frv., en það gerir ekki mikið til, þó að þurfi að hrófla eitthvað við frv. í Nd.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Hv. 1. landsk. gat þess í upphafi ræðu sinnar, að síðustu brtt. mínar væru orðréttar eftir brtt. hans á þskj. 612. Hann gat þess í þeim tón eins og ég mundi hafa samið þær eftir að hans till. hefðu komið fram, og þá hefði verið óþarft að taka þær upp. En ég get sagt hv. 1. landsk. það hreinskilnislega, að hér var ekki um neitt höfundahnupl að ræða, og stóð þannig á þessu, að ég hafði samið mínar brtt. áður en hans till. var útbýtt, þó að mínum brtt. væri ekki útbýtt fyrr en nokkru seinna. Það var af því að ég vildi tryggja mér það, að mínar brtt. væru ekki í andstöðu við minn flokk. Ég býst við, að þegar hv. 1. landsk. fær þessa skýringu, þá trúi hann orðum mínum, en hins vegar læt ég mér í léttu rúmi liggja, þó að hann áliti, að ég hafi tilhneigingu til að hnupla frá honum.

Að því er snertir mismuninn á brtt. okkar, þá verð ég að segja svipað og hæstv. dómsmrh., að mér finnst hann ekki mikill. En ég skil það aftur vel, að þar sem svo stendur á, að hv. 1. landsk. hefir með höndum stj. þess bæjarfélags, sem þetta mundi valda mestum útgjöldum, vilji hann í lengstu lög draga úr. En hann verður að gæta þess, eins og hæstv. dómsmrh. tók fram, að þetta er heimild, og ég tel sjálfsagt, að þessari heimild verði beitt þannig, að ekki verði um misbeitingu að ræða. En það heyrir undir dómsmálaráðh. að úrskurða, hvort þessi heimild er notuð að öllu leyti. Þess vegna tel ég, að þó að ekki beri mikið á milli um brtt. okkar, þá sé réttara að fylgja brtt. mínum, af því að þær eru meira í samræmi við frv. eins og það var afgr. frá 2. umr.

Þá taldi hv. þm. það galla á mínum brtt., að í þeim væri lagt til, að 2. málsgr. 3. gr. félli niður. Ég þarf ekki miklu að svara þessu vegna þess að hæstv. ráðh. hefir tekið fram, að hann telji, að það hafi ekki mikla þýðingu, því að hann lítur á þetta líkt og ég, að þessarar heimildar sé ekki beint þörf, og að dómsmrh. getur sett lögreglustjóranum fulltrúa, ef þörf krefur, án þess að bein fyrirmæli felist í þessum lögum. Hinsvegar skal ég segja það, að þetta atriði út af fyrir sig er mér ekki svo fast í hendi, og ef alvara er á bak við hjá hv. 1. landsk. þegar hann er að bjóða mér að semja, þá get ég sagt það, að það getur vel komið til mála, að ég láti b-lið 3. brtt. minnar falla niður, ef hann vill gera svipuð skil á sínum brtt.

Þá kem ég að því, sem okkur ber aðallega á milli. Það er í fyrsta lagi kostnaðurinn, hvernig honum á að skipta, og það er fyrir mér eitt aðalatriðið af tveim ástæðum. Fyrst og fremst af þeirri ástæðu,

að ég tel það skyldu mína og allra þingmanna að gæta þess að hlaða ekki á ríkið útgjöldum, sem hægt er með góðu fyrirkomulagi að komast hjá, og sérstaklega þegar það er þannig vaxið, að ef kostnaðurinn af þeirri auknu lögreglu, sem þarf að grípa til undir sérstökum kringumstæðum, er allur lagður á ríkið, þá er það náttúrlega gefinn hlutur, að þar með er hverju bæjarfélagi gefin hvöt til að draga úr sinni lögreglu eins og verða má. Þetta er mjög hættuleg braut. Það má til að vera þessi hemill, svo að ekki verði innan tíðar afleiðingin af þessu lagaákvæði sú, að öll löggæzla í landinu, að frá dregnum embættismönnum, falli á ríkið. Ég tel því, að þetta sé eitt höfuðatriðið í frv., og ég skal geta þess, út af þeim orðum, sem hv. 2. landsk. lét falla í upphafi ræðu sinnar, þar sem hann taldi nú vera komið annað hljóð í strokkinn hjá okkur framsóknarþingmönnum heldur en var á framsóknarþinginu, að með þessum brtt. mínum er hvergi kvikað frá því, sem frams.þingið lagði til í þessu máli, og það atriðið, sem aðaláherzlan var lögð á, var einmitt þetta, að það yrði takmarkaður hluti af kosnaðinum við þessa aukalögreglu, sem á ríkissjóð félli.

Hitt atriðið, sem okkur ber á milli, hv. 1. landsk. og mér er það, að hann vill lögfesta það, að kvaðningin í þessa viðbótarlögreglu sé borgaraleg skylda. Hann taldi aðalkostinn við þetta ákvæði, að því er mér skildist, vera þann, að þeir, sem kvaddir eru, gætu afsakað sig með því, að þeir hefðu tekizt á hendur þetta starf, af því að það væri borgaraleg kvöð, sem ekki væri hægt að skorast undan án fullkominna ástæðna. En að mínu viti er þetta ókostur. Ég lít svoleiðis á þetta, að það sé a. m. k. fremur varhugavert fyrir okkur að lögfesta ákvæði, sem nálgast svo afarmikið herskyldu. Það er tvímælalaust, að þetta ákvæði, þó að það sé með nokkuð öðrum hætti heldur en ákvæði um herskyldu hjá nágrannaþjóðum okkar, er það í áttina, og mjög skylt. Og ég held, að það sé mjög tvísýnt, að þetta ákvæði sé mikill vinningur eins og sakir standa, og í öllu falli vil ég staðhæfa það, að það er nægur tími að koma þessu ákvæði inn í lögin, ef reynslan skyldi sýna að þess væri þörf.

Ég skal svo að síðustu geta þess, að þessar brtt. mínar eru, að svo miklu leyti sem ég get gengið úr skugga um, fram bornar í samráði við flokksmenn mína í deildinni, og ég hygg, að ég megi fullyrða það, að lengra vilji þeir ekki ganga til samkomulags, og það get ég sagt, að ef eitthvað það kæmizt inn í frv. nú, sem stríddi á móti þeirri stefnu, sem Framsóknarflokkurinn hefir tekið í þessu máli, er ekki gott að segja um, hverjar afleiðingar af því yrðu við endanlega afgreiðslu málsins. En mér finnst, að þar sem hæstv. dómsmrh. telur, að við brtt. mínar megi vel una, þá megi vænta þess, að hann stuðli til þess að þær verði samþ. og aðrar ekki, til þess að fá sæmilega lausn á málinu. Ég skil það ofurvel, að það er ekki nema mannlegt af hv. 1. landsk. að standa nokkuð fast á því, að ríkissjóður greiði allan kostnað af þessari viðbótarlögreglu, af því að hann er í þeirri stöðu, að hann hefir með höndum stjórn þess bæjarfélags, sem þetta hlýtur alltaf að verða langmestur útgjaldaliður fyrir. En á hitt ber ekki síður að líta, hvert stefnir, ef inn á þá braut er horfið að leggja þennan kostnað allan á ríkissjóð, því að það kemur sennilega til greina víðar en í Rvík, og ég get vel hugsað, að þessi upphæð, sem hv. 2. landsk. nefndi, 400 þús. kr. á ári, hrykki ekki til. En á hinn bóginn, ef þau ákvæði eru látin standa, sem þegar eru í frv., og ég legg til í brtt. mínum, að ríkissjóður greiði ekki nema ¼ hluta, þá er fengin talsverð trygging fyrir því, að fast lið sé í bæjunum á hverjum stað, og að það verði það öflugt, að örsjaldan þurfi að taka til viðbótarlögreglu.

Ég ætla svo að láta þetta nægja, ég hefi ekki ástæðu til að gera aths. við neitt af því, sem fram kom í ræðu hv. 2. landsk. Það var að því er mér virtist viðleitni til þess að andæfa málinu, og ég geri þess vegna ráð fyrir, að hann taki þessu máli hóflega, og að hann sjái það, að með brtt. mínum er ekki stigið neitt það spor, sem ætla má, að geti verið beint sérstaklega á þann flokk landsmanna, sem hann er fulltrúi fyrir. Hv. þm. minntist á varðskipin. Ég fór ekki fram á að gera skipshafnir varðskipanna að sjóher, en það er alveg rétt, að úr því að sett eru ákvæði

um lögreglu ríkisins, þá er sjálfsagt, að skipshafnir varðskipanna heyri þar undir. Þess vegna er alveg ástæðulaust að firtast við, þó að þau séu sett í samband við þessi lög. Ég vil benda honum á, að 4. brtt. mín heldur fast í það, að telja skipverja varðskipanna til lögregluliðsins, en þar er gerð sú breyt. frá því, sem er í frv., að þar sem tollþjónarnir eru teknir undir það sama ákvæði, þá er í brtt. minni heimilað ráðh. að ákveða það sama með tollþjónana.

Þetta vona ég, að sé mikið til bóta, því að það horfir nokkuð öðruvísi við með tollverðina en skipshafnirnar á varðskipunum.

Ég vona, að málið leysist sæmilega í deildinni, og að þingið geti afgreitt málið, sem ég tel eitt af þeim málum, sem mest nauðsyn er að afgreiða á þessu þingi.

**Magnús Torfason:** Ég skal þegar lýsa því yfir, að ég get fallizt á þetta frv. með þeim breyt., sem hv. 2. þm. S.-M. hefir borið fram á þskj. 694. Annað þarf ég ekki að segja um frv, en get aðeins í því sambandi lýst því yfir, að eins og á stendur nú, sökum þeirra breyt., sem hafa orðið á ýmsu hér í bænum, þá get ég ekki skilið annað en að lögreglan, sem sett er upp með þessu frv. og brtt. við það, muni nægja að því er séð verður.

Það, sem gerir, að ég stend upp, er 5. brtt. á þskj. 612. Ég fyrir mitt leyti tel ekki ráðlegt að samþ. þá brtt. Sem lögreglustjóri er það reynsla mín, að þessi borgaralega skylda, sem þessi hjálp við löggæzlu á að vera byggð á, sé ekki mikils virði yfirleitt. En því er ekki að neita, að fyrir aldarfjórðungi höfðu slík ákvæði í lögreglusamþykkt þó nokkuð að segja, en smátt og smátt hefir dregið mikið úr því gagni, sem af þessari skyldu hafði orðið. Og ég get blátt áfram lýst því yfir, að það sem hefir gert það að verkum, að menn hafa ekki virt þá skyldu eins og hefði átt að vera, eru áfengislögin. Ég fékk þá reynslu, að smátt og smátt dró mjög úr því, að borgararnir vildu hjálpa til að halda þeim lögum uppi, og jafnvel ekki aðeins þeir, sem voru á móti þessum lögum, heldur líka þeir, sem fylgdu þeim lögum og það af fyllstu sanngæringu. Mér vildi reynast það svo, að menn, sem voru miklir bindindis og bannmenn, flúðu í holur hvenær sem á þeim þurfti að halda til þess að halda uppi lögum og reglu, að því er framkvæmd þessara mála snerti, og það ágerðist meir og meir. Þess vegna býst ég við, að þessi borgaralega skylda, sem hér er talað um, muni ekki vera mjög mikils virði. En þó er það annað, sem gerir það sérstaklega að verkum, að ég get ekki fylgt þessari till., þó að hún sé í sjálfu sér af góðum huga gerð, og það er það, að mín trú er, að það þýði ekki að hafa menn í lögreglu, sem eru þvingaðir til þess. Það er mín trúa, að það sé ekki til neins að hafa aðra menn í lögreglu heldur en þá, sem hafa áhuga fyrir starfi sínu og séu sannfærðir um, að það starf, sem þeir hafa tekið að sér, sé rétt og gott. Ef það á að taka menn nauðuga mundi það verða lið, sem ég er ekki í neinum vafa um, að mundi reynast ótrútt, þegar á þyrfti að reyna og ekki koma að haldi. Yfirleitt er það eitt einkenni þessarar þjóðar frá upphafi, að henni er illa við allar þvingunarráðstafanir, og þær þykja óþjóðlegar, og ef menn væru þvingaðir til slíkra starfa mundi það verða til þess, að í meðvitund manna mundi sú lögregla verða heldur illa séð.

Ég hélt, að ef það væri þörf á að bæta lögregluna verulega frá því, sem nú er, þá yrði það varla gert hér á landi með miklu liði, heldur miklu fremur með hinu, að lögreglan væri þannig útbúin og með slíkum tækjum, að hún gæti betur neytt sín, enda er ég ekki í neinum vafa um það, að það ráð mundi vera miklu ódýrara heldur en hitt ráðið, að ætla, að hafa lögregluna á sama hátt og nú er vopnlausa eða vopnlitla, en æði fjölmenna. Vitaskuld er það, að slíkt kemur varla til mála í hinum minni kaupstöðum landsins, en það er vitanlegt, að þessi þörf á lögreglu, sem hér er talað um, á sérstaklega við hér í Rvík.

Ég lýsti því yfir, að ég fyrir mitt leyti gæti sætt mig við þetta frv., sökum þess að ég hefi þá von, eins og nú er komið, að það muni ekki þurfa að gera svo ýkja miklar ráðstafanir, en verð hinsvegar að halda fram, að það muni vera

rétt í þessu máli að gera ekki meira en komizt verður af með á hverjum tíma. Við megum ekki gleyma því, að á slíkum tímum sem þessum, þegar þarf að velta hverjum eyri mörgum sinnum milli handanna áður en hann er gefinn út, þá fellur það vel líka að því er þetta snertir að ganga ekki lengra og veita ekki meira fé til þess en óhjákvæmilegt er. En ef það skyldi nú reka að því, að þetta dygði ekki, þá standa þeir menn, sem vilja auka lögregluliðið, vel að vígi, því að þá er það nauðsyn, sem mundi knýja fram málið, en ég sé ekki, að það sé nein brýn nauðsyn að gera það nú.

Ég skal svo að endingu aðeins geta þess um 1. brtt. á þskj. 612, að í sjálfu sér get ég verið með þeirri brtt. og mun ekki leggja neitt sérlegt kapp á það, hvort hún verður fremur samþ. heldur en 1. brtt. á þskj. 614.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það er tæplega þörf á að vera margorður hér eftir um þetta mál, þar sem ágreiningur er orðinn mjög svo lítill um aðalatriði þess. Ég vil aðeins undirstrika það, sem háttv. 2. landsk. sagði, að nú væri enginn hemill lagður á það, hve fjölmenn lögregla bæjanna mætti vera, og játar hv. þm. því, að hér sé ekki gengið inn á neina nýja braut. Hann segir, að því sé beint gegn borgurunum að leggja þessa skyldu almennt á þá. En það er ekki rétt. Þessi till. er fram komin til verndar þeim, sem starfa í lögregluliðinu, þar sem reynslan hefir sýnt, að þeim hefir verið stjakað frá vinnu. Þessi till. er fram komin til að firra þá þeirri hættu.

Hv. þm. sagði, að enga lögreglu þyrfti, ef nógu vel væri stjórnað. Ég skal nú ekki neita því, að svo geti verið. En þá er líka gerð meiri krafa til þeirrar stj., er nú situr hér, heldur en gerð hefir verið til nokkurrar annarar stj. hér eða annarsstaðar í heiminum. Ég sé á þessu, að hv. þm. hefir — svona í „smug“ — mikið traust á stjórninni hér á landi og meira en þekkist nokkursstaðar annarsstaðar. Hann hefir svona „lumskt“ traust á stjórninni! Þakka ég honum fyrir það, þó það kunni að hafa verið óvart að hann lét það í ljós.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að þetta nálgaðist herskyldu. En það er mesti misskilningur. Það er leitt, að hann skuli standa í þessari meiningu, þar sem hann er að öðru leyti velviljaður þessu máli. Hv. þm. veit, að þetta er til þess að gera löggæzluna ódýrari. Það er því stór kostur að fá þetta í l. Þetta er ekki herskylda frekar en ýms önnur borgaraleg störf, er menn eru skyldugir að vinna. Svo er t. d. um hreppsnefndarstörf. Og hlutfallslega er ekki eins mikið, þótt kallaðir væru í þetta 100 manns hér í Rvík, heldur en að kosnir eru 5 menn í hreppsnefnd í litlum sveitarfélögum. Þetta veit hv þm., því ég hefi talað við hann um það. En hann gat þó ekki sætt sig við þessa brtt. og er því samkvæmur sjálfum sér í sinni skoðun á þessu atriði.

Út af ræðu hv. 2. þm. Árn. vil ég geta þess, að það er ekki meiningin með þessu ákvæði að þvinga neinn. Eins og ég hefi margtekið fram, er þetta gert til þess að firra þá óþægindum, er í varalögregluna ganga. Þetta er hið eina, er bæði fyrir mér og hv. flm. brtt. vakir. Ég hefi þegar reynt það, að vöntun þessa ákvæðis í löggjöfina bakar ríkissjóði útgjöld að óþörfu. Þau útgjöld skiptast að vísu, ef frv. verður samþ. En það er sama, hvar ónauðsynleg útgjöld koma niður. Það er betra að vera laus við þau. En það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það er betra að gera ekki meira að þessu en nauðsynlegt er á hverjum tíma. En öldur þær, sem risið hafa upp í heiminum á hinum síðustu tímum, eru svo háar, að undan þeim er ekki hægt að komast. Og það er ekki hægt að ganga fram hjá þeim óeirðum, sem orðið hafa, einnig hér á landi. Nýjasta dæmi þess er frá Vestmannaeyjum, þar sem fangi var tekinn með ofbeldi út úr fangelsinu. Það sjá allir, að úr þessu verður að bæta.

**Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Ég gæti í sjálfu sér látið mér það í léttu rúmi liggja, þótt úr frv. verði fellt það ákvæði 3. gr. um stj. lögreglunnar, sem nú stendur þar, fyrst hæstv. dómsmrh. hefir lýst því yfir, að þetta ákvæði sé til í l. og haldi áfram að vera til. Ég hefði þó haldið, að hentugra væri að taka þetta ákvæði upp í þessa löggjöf, svo það væri alveg ótvírætt. Ég hygg nú,

að þetta álit hæstv. ráðh. byggist á einhverskonar lögskýringum, því hann vísaði ekki á neinn lagastaf þessu til sönnunar, sem hefði þó verið betra, ef unnt hefði verið og ef þetta ákvæði á að falla burt úr frv. Annars hafa nú umr. snúizt mest um 5. brtt. mína, sem er um að gera það að borgaralegri skyldu að starfa í varalögreglu. Og mér þykja þær ástæður, sem fram hafa verið bornar gegn því, ákaflega veigalitlar. Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að þetta nálgaðist herskyldu. En það er engin röksemd, enda er það ekki meiningin, og hefir hvorki verið orðað af mér né öðrum, að fjölga á sama veg og gert er, þegar kvaddir eru til allir þeir vopnfærir menn í þeim löndum, sem hafa almenna herskyldu. Þetta er aðeins, eins og hæstv. dómsmrh. tók réttilega fram, almenn borgaraskylda, hliðstætt ýmsu öðru, sem nú er í l.

Ekki er heldur sú mótbára, sem hv. 2. þm. Árn. bar fram, mikils virði. Hann taldi l. um skyldu manna almennt til að aðstoða lögreglustjórnina lítils virði og færði söguleg rök fyrir því, að svo væri. En hér gegnir öðru máli. Ég rengi þó ekki frásögn hv. þm. Það er líka svo hér í Rvík, að þótt tugir manna standi á götu og lögreglan æski aðstoðar þeirra, þá eru menn þó tregir til að veita hana. Þetta stafar af því, að hugsunarháttur manna er sá, að sinna sínum eigin störfum, en skipta sér ekki af öðru. En með þessu er ekki meiningin sú, að kalla menn til þessa starfa, hvar sem þeir eru staddir, heldur að fá nokkra, hæfilega marga menn, til þess að taka þetta að sér sem einn hluta af sínu fasta starfi, sem nauðsyn þjóðfélagsins heimtar, að framkvæmt sé. Þetta var gert í fyrra, er vandræði steðjuðu að og þá með sjálfboðaliðum. Ef líkja ætti þessu við herskyldu, sem er að vísu fjarri réttu lagi, þá má geta þess, að í sumum löndum hefir ekki viðgengizt herskylda, heldur hafa menn verið ráðnir á mála. Hefir jafnan þótt betra, að þessi þörf væri upp tekin sem borgaraleg skylda þegnanna, heldur en að ráða málalið fyrir fé. Málaliðið var mjög óvinsælt hér um Norðurálfu, meðan sá háttur var á hafður. Og lýðræðishreyfingar, sem ruddu sér til rúms, voru þess valdandi, að sá háttur var niður lagður, en almenn landvarnarskylda upp tekin í staðinn. Frá þessu sjónarmiði er því ekki hægt að hafa á móti þessu. Að vísu stendur þetta fjarri okkur, en þolir þó vel samanburð, ef það er tekið á þann hátt og saman er borin hermennska vegna þegnskyldu og hermannamálalið.

Hæstv. dómsmrh. bætti einni ástæðu við þær, sem ég nefndi, sem er í sjálfu sér þýðingarmikil, og hún er sú, að með því að gera þetta starf að borgaralegri skyldu, má framkvæma það á kostnaðarminni hátt. Ef þetta er samþ., þá er hægt að ákveða laun fyrir að taka þetta að sér. En annars verður að fara samningaleiðina og hlýtur hún að verða miklu dýrari, ef þeim mönnum, sem við er samið, verður bolað frá allri vinnu. Ríkissjóður hefir nú fengið að súpa seyðið af þessu, það sem af er, vegna skipunar þessara mála. Og svo mun verða áfram, ef ekki er fundin leið til að ráða bót á þessum sérstöku vandkvæðum. Með því að fara þessa leið mun það takast. Og e. t. v. er um fleiri færar leiðir að ræða, en upp á þeim hefir enn ekki verið stungið.

Það er tilætlun mín, að með þessu móti megi fá nægan lögreglustyrk, sem ekki er bundinn við neinn sérstakan flokk eða stétt. Ef ég væri mjög flokksbundinn í hugsun, ætti það ekki að vera neitt óþægileg tilhugsun fyrir mig, að varalögreglan yrði nær einhliða skipuð sjálfstæðismönnum, en við því mætti búast, ef hinu sama fram heldur og nú hefir gert um hríð. En ég tel, að hér sé um svo þýðingarmikið mál þjóðfélagsins að ræða, að ég vil ekki líta á það frá því sjónarmiði. Það verður áreiðanlega haganlegast og farsælast, að enginn flokksbragur sé yfir varalögreglunni, hvorki hér né annarsstaðar. Þetta vona ég að takist, ef brtt. mín verður samþ., enda hefir engin önnur uppástunga komið fram til að tryggja þetta.

Ég vil taka það fram, að ég óska eftir, svo engu öðru verði blandað inn í þetta atriði, að brtt. mín verði borin upp í tveimur liðum, þannig að síðasta málsgr., sem er um það, hver bera skuli kostnaðinn, komi til atkv. sér. Tvær fyrri málsgr. eiga saman. Vil ég mælast til, að hæstv. forseti beri brtt. þannig upp.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég get tekið orð hæstv. dómsmrh. trúanleg um það, að þetta ákvæði, sem um er deilt, verði ekki notað þannig af honum, að menn verði teknir nauðugir í þetta starf. En þótt ég hafi loforð hans fyrir þessu, þá er það nú svo, að þessi leið er þó opin fyrir þá, sem eftir hann koma. En ég vil benda á, að það er fyllilega réttmætt af mér að bera þessa borgaralegu skyldu saman við herskyldu, þegar þessi till. er skoðuð í sambandi við 4. brtt. hv. 1. landsk., sem ákveður, að ríkissjóður skuli bera allan kostnað af þessu. Í þessum brtt. hv. 1. landsk. er enginn hemill á það settur, hvað stór og dýr viðbótarlögreglan má vera. Tel ég mér því hafa verið fyllilega réttmætt að líkja þessu við herskyldu. En það er rétt, að þessu horfir nokkuð öðruvísi við, ef brtt. minar um skiptingu kostnaðarins eru samþ. En sé eingöngu litið á brtt. háttv. 1. landsk., þá er samanburður minn á þessu og almennri herskyldu ekki eins mikil fjarstæða og hann vill vera láta. Og ég vildi aðeins geta þess, áður en umr. væri lokið, að ég hefi alltaf talað um þetta í sambandi við 4. brtt. hans. — Ég fyrir mitt leyti tel það alltaf lakara, ef fyrri hluti 5. brtt. hans verður samþ., en þó enn verra, ef hinar aðrar brtt. hans verða samþ.

ATKVGR.

Brtt. 612,1 felld með 7:6 atkv.
— 644,1 samþ. með 8:1 atkv.
— 644,2 samþ. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PM, BSn, EÁrna, GL, HSteins, IP, JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, GÓ.
nei: JBald.

Brtt. 612,2.a felld með 7:6 atkv.
— 612,2.b tekin aftur.
— 612,3 felld með 8:6 atkv.
— 644,3.a samþ. með 9:1 atkv.
— 644,3.b felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁrna, IP, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, GÓ.
nei: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ.

Brtt. 644,4 samþ. með 9:1 atkv.
— 612,4, fyrri mgr., felld með 7:6 atkv.

Brtt. 612,4, síðari mgr., tekin aftur.
— 644,5 samþ. með 10:1 atkv.
— 612,5, tvær fyrri mgr., samþ. með
— 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GL, HSteins, JakM, JónJ, JónÞ, PM, BSn, GÓ.
nei: IP, JBald, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna.

Brtt. 612,5, síðasta mgr., tekin aftur.
— 612,6 samþ. með 11:1 atkv.
— 612,7 samþ. með 11:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JakM, JónJ, JónÞ, MT, PHerm, PM, BSn, EÁrna, GL, HSteins, GÓ.
nei: JBald.

JónasJ greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. til Nd. með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um lögreglumenn.**

---

Á 82. fundi í Nd., 24. *maí*, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A 779).

Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv. er flutt af stj. og er nú búið að ganga í gegnum Ed. Afdrif þess þar urðu þau, að það var samþ. með 12:1 atkv., en 1 greiddi ekki atkv. Það er því auðséð, að í Ed. var gott samkomulag um þetta mál. Ég skal ekki fara langt út í það að rekja tildrögin til þess, að þetta frv. er fram komið. En ég skal þó benda á það, að það, sem sérstaklega varð til þess, að málið kom fram, voru þær óeirðir, *sem urðu hér 9. nóv. síðastl.* Ég tel mig ekki þurfa að lýsa þeim óeirðum. Það er svo kunnugt mál. Eftir þær óeirðir var lögregla bæjarins að mestu leyti óstarfhæf sökum meiðsla.

Það hefir líka borið á því, að beitt hafi verið ofbeldi, t. d. brottflutningi manna og þeim bönnuð dvöl á vissum stöðum. Einnig urðu hér nokkrar óeirðir 7. júlí síðastl., og fyrir skömmu var lagt bann við afgreiðslu skips á Akureyri, og í Vestmannaeyjum var tekinn út fangi með valdi fyrir fáeinum dögum. Lítur út fyrir, að tilgangurinn hafi verið sá að hindra það, að nokkur réttarhöld gætu farið fram.

Það er auðséð, að ef á að halda uppi ríkisvaldi í landinu, þá getur þetta ekki gengið óátalið, og það verður að finna ráð til þess, að fyrirbyggja slíkt, því það er auðvitað fyrsta skylda ríkisvaldsins að halda uppi lögum og fyrirskipunum, sem það sjálft hefir sett.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir í þeirri mynd, sem hv. Ed. afgreiddi það, er nokkuð öðruvísi en þegar það kom frá stj. Meginbreyt. er sú, að það er látið ná til allra kaupstaða, og get ég ekki séð annað en að það sé mikil bót. Það hefir líka komið fram ósk um þetta frá einstökum kaupstöðum, t. d. Akureyri, eftir þetta afgreiðslubann á skipum, sem ég nefndi áðan.

Mér virðist frv. eins og það kom frá Ed. vera fullnægjandi og get lýst því yfir, að það er ekki af minni hálfu óskað neinna verulegra breyt. á því. En ég skal ekki neita því, að það geta verið einstök atriði, sem mætti breyta, en ég kem ekki auga á neitt sérstakt.

Nú er liðið mjög að þinglokum. Ég geri ráð fyrir, að þinginu verði lokið í næstu viku, og þess vegna ber nauðsyn til þess að hraða þessu máli.

Fari það til n., sem ég geri frekar ráð fyrir, þá verður það fjhn., því þar var það í Ed. og samkv. þingsköpum eiga mál að vera í sömu n. í báðum d.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að jafnaðarmenn eru á móti þessu frv. Mér er kunnugt um ýmsar af mótbárum þeirra, en ég vil ekki fara að svara þeim fyrir fram og læt það bíða þangað til hv. frsm. þess flokks hefir mælt á móti frv. En ég vil bara segja það, að ég er sannfærður um það, að ef jafnaðarmenn væru sjálfir í stjórninni, mundu þeir verða fyrstir manna til að krefjast löggjafar eitthvað í áttina við það, sem hér er. Verði þessu andmælt mun ég sýna fram á, hvernig jafnaðarmenn fara að annarsstaðar, þar sem þeir eru við völd.

Ég skal líka taka það fram af hálfu stj., að það verður að sjálfsögðu viðhöfð hin ýtrasta sparsemi og þarf enginn að óttast það, að eytt verði meiru fé, heldur en nauðsyn krefur.

Að endingu vil ég leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er gamall draugur. Það er sannarlega lærdómsrík forsaga þessa máls, vegna þess að af henni er hægt að sjá að mörgu leyti þá framþróun, sem hefir orðið í atvinnulífi þjóðarinnar, pólitík og stéttabaráttu.

Frá þeim tíma fyrst, sem Jón heit. Magnússon bar fram frv. sitt um ríkislögreglu 1925 og þangað til nú, hefir mikil breyt. orðið. Og í raun og veru er þetta sama málið, sem nú er verið að reyna að fá samþ., þá réð Íhaldsfl. mestu, og þá var frv., sem Jón Magnússon bar fram, á þá leið, að í raun og veru átti að lögleiða herskyldu í landinu. Það var hægt að kveðja hvern sem var í þessa ríkislögreglu. Tilefnið var ekki það, að sérstakar óeirðir hefðu verið eða eignum manna, sem Íhaldsfl. er svo annt um, væri hætta búin, eða lífi og limum, heldur hitt, að tvö verklýðsfélög höfðu átt í hörðum kaupdeilum við atvinnurekendur og unnið sigra. Í báðum tilfellunum var reynt af hálfu yfirvaldanna eftir beiðni stórútgerðarmanna að nota lögregluna til þess að verja verkfallsbrjóta. En það mistókst vegna þess, hve menn stóðu vel saman, bæði þeir, sem félagsbundnir voru, og einnig þeir, sem ekki voru félagsbundnir. Svo það er auðséð, að í fyrsta sinn, sem stofna átti ríkislögreglu, þá var það bókstaflega gert móti verkföllum. Þá snerust framsóknarmenn á móti málinu, og yfirleitt er hægt að segja, að alþýða manna hafi verið mjög á móti því, enda var það þá svo illræmt, að Íhaldsfl. þorði ekki að halda því til streitu. Tryggvi Þórhallsson, Jónas Jónsson og Ásgeir Ásgeirsson, sem þá voru helztir í Framsóknarfl. og eru það enn, risu allir á móti lögreglufrv.

En síðan þetta skeði og það frv. var til moldar borið, hafa miklar breyt. orðið. Alþýðusamtökin hafa eflzt mjög mikið. Þá voru ekki í alþýðusamtökunum nema 3 þús. manns, en nú eru þar 10 þús. manns. Þá voru verklýðsfélögin tiltölulega fá, en nú eru þau í flestum kaupstöðum. Þá var sambandið milli félaganna veikt, en nú er það orðið sterkt, og sigrar, sem þau hafa unnið, eru nú orðnir margir. Hins vegar hefir stéttabarátttan skerpzt frá því, sem þá var. Og sú kreppa,

sem nú er yfir heiminum, og ekki sízt Íslandi, hefir gert sitt til þess að skerpa hana og til þess að auka vilja íhaldsins í landinu, þeirra stétta, sem ráða yfir stóriðjunum, til þess að nota ofbeldi til þess að koma sínum málum fram, þegar það er ekki hægt á annan hátt. Má þar minnast á dæmi eins og í Bolungavík og Keflavík og víðar, sem hæstv. dómsmrh. minntist á undir rós áðan, en sem hann gat ekki um, að hann sem ráðh. hefði ekki gert neitt til að fá þau mál fram.

Á þessum tíma síðan Jón Magnússon bar fram frv. sitt, hafa líka möguleikar íhaldsins vaxið á tvennan hátt til þess að geta komið málum sínum fram móti alþýðusamtökunum. Annað var klofning verklýðssamtakanna, sem kommúnistar gerðu. En hitt atriðið var sambræðsla stj., sem varð í fyrravor, þar sem Sjálfstæðisfl., sem er hinn pólitíski flokkur stóratvinnurekendanna, gekk í samband við Framsóknarfl. sem hægri armur hans, og þeir mynduðu eina sameiginlega ríkisstj. Við þetta varð vegurinn opinn til þess að skapa liðsafla fyrir stóratvinnurekendur, sem þá hafði lengi langað til að hægt væri að beita gegn alþýðusamtökunum, og eins og ég mun benda á, þá hefir sá vegur verið troðinn af ríkisstj.

Sumarið 1931 var mikið atvinnuleysi hér í bænum, það mesta, sem menn vita dæmi til. Alþýðuheimilin liðu sult og seyru. 7. júlí síðastl. var haldinn bæjarstjórnarfundur, og í sambandi við hann varð lítilsháttar uppþot, sem ekki gætti mikið, þar sem lögreglan hafði í fullu tré. En á þeim fundi var ákveðið að taka upp atvinnubótavinnu með 230 manns, og sú vinna byrjaði þegar. Síðan var lofað að bæta 200 manns við í okt., enda var vitanlegt, að á 2. þús. manns voru atvinnulausir í Rvík, og það eina ráð, sem var í raun og veru hugsanlegt til þess að láta fólkinu líða nokkurnveginn, var að halda uppi atvinnubótavinnu. En þetta loforð var svikið. Þegar fram í okt. kom og ekki var sjáanlegt, að bæjarstj. ætlaði neitt að gera, komu áskoranir frá alþýðufélögunum um þetta. Það komu fram till. frá kommúnistum um að hefja verkfall, en það var fellt, vegna þess að meiri hl. verklýðsfélaganna leit svo á, að það væri ekki rétta leiðin til þess að geta fjölgað í vinnunni. En í stað þess voru bornar fram sterkar kröfur um það, að bæjarstj. stæði við það, sem hún hefði lofað. Fyrstu dagana í nóv. voru haldnir bæjarstjórnarfundir, og þá var það, sem íhaldsmeirihlutinn bar fram till., ekki um það að auka vinnuna eða láta fleiri atvinnulausa menn komast að, heldur um að lækka kaupið um ⅓. Þessi till. var samþ., en það fékkst enginn sjálfstæðismaður til þess að mæla með henni. Alþýðuflokksmenn töluðu á móti till., en hún var þegjandi samþ. af flokksstjórn Sjálfstæðisfl.

Þá var verkakaup atvinnubótamanna 54 kr. á viku, og fengu ekki aðrir menn vinnu en þeir, sem höfðu ómaga. Einhleypir menn fengju ekki vinnu, barnlausir menn ekki heldur og yfirleitt ekki þeir, sem áttu eitt barn. Flestir af þeim, sem vinnu höfðu, voru því menn með 3—6 börn eða fleiri, en þeir höfðu ekki vinnu samfleytt, heldur aðeins 1—2 vikur á mán. Og svo vildi íhaldsmeiri hl. lækka kaup þessara manna niður í 36 kr. á viku. Með öðrum orðum, það átti að setja kaup þessara manna svo lágt, að varla var hægt að búast við, að þeir gætu framfleytt lífinu. Sjálfstæðisfl. gaf það út, að bæjarsjóður mundi vera tómur, enda hefir hann ekki verið mjög ríflegur, þegar til hans hefir verið leitað. Íhaldið, sem áður hafði notað svipur við verkalýðinn, ásetti sér nú að nota gaddasvipur og það beinlínis eftir ákvörðun stórútgerðarmanna í Rvík. Tilgangurinn var ekki almenn mannvonzka, að láta verkalýðnum líða illa, heldur að afla fjár þeim, sem stóðu að þessum atvinnuvegum. Þarna var því ráðizt á garðinn, þar sem hann var lægstur, að byrja einmitt á þeim, sem fátækastir voru. Um sama leyti bárust verklýðsfélögunum í Rvík boð frá atvinnurekendum um það, að semja um lækkun kaupgjaldsins. En þessu var hrundið. Það var vitað, að þessar kauplækkunartilraunir við atvinnubótamenn voru eingöngu gerðar til þess að koma á almennri kauplækkun og ráðast á garðinn, þar sem hann var lægstur og síðan ganga milli bols og höfuðs á alþýðusamtökunum, sem haldið hafa uppi kaupgjaldinu í landinu. Við þetta

er óhætt að segja, að alþýðan í Rvík hafi risið upp.

5. nóv. var haldin kröfuganga fyrir tilstilli fulltrúa verkalýðsins.

Þetta var stærsta kröfuganga, sem hér hefir verið haldin, 4—5 þús. manns tóku þátt í henni, og það er óhætt að segja, að bærinn hafi verið litaður af henni.

Þá var farið á fund forsrh. (ÁÁ) og farið fram á það, að hann kæmi af stað atvinnubótavinnu og hefði áhrif á bæjarstj. í þá átt, að hún legði fram meira fé til atvinnubóta heldur en hún hefði áður gert. Og þá sér maður, hvað orðið er náið samband milli hægri arms Framsóknarfl. og Sjálfstæðisfl., að forsrh. segir fyrst og fremst, að sér komi ekkert við, hvernig verkamenn í Rvík hafi það. það sé komið undir bæjarstj. Rvíkur, stj. skipti sér ekkert af því. Hann vildi einskis meta kröfur allra þessara manna, mörg þús. Reykvíkinga, sem liðu þá sult og seyru. Síðan var farið til Guðmundar Ásbjörnssonar, sem þá var settur borgarstjóri, og svaraði hann því, að flokksstjórn Sjálfst.fl. hefði ráðið þessu um lækkun kaupsins og hún ein gæti breytt því. Þá var haldinn Dagsbrúnarfundur og hann ákvað, að þar sem svo langt væri gengið og tilgangurinn svo auðséður, þá skyldi verða vinnustöðvun um leið og kauplækkunin ætti að fara fram. því réttara væri að hætta vinnu en að láta nota sig til þess að lækka kaupgjaldið. En aftur á móti var það fellt að gera verkfall til þess að fjölga í vinnunni.

Síðan var haldinn bæjarstjórnarfundur 9. nóv. til þess að ákveða, hvort ætti að koma til framkvæmda kauplækkun sú, sem ákveðin hafði verið. Þetta var fjölsóttur bæjarstjórnarfundur og utan um húsið voru mörg þús. manns. Ræður þær, sem íhaldsmennirnir Jakob Möller og Maggi Magnús héldu, voru sízt til þess að sefa þá reiði, sem var í hugum manna, þar sem þeir töluðu með fyrirlitningu um samtök verkamanna og hag þeirra. En nú bættist við, að Erlingur Pálsson, sem var fulltrúi lögreglustjóra og hafði á hendi dyravörzlu, neitaði mönnum eftir matarhléið að komast inn, nema takmörkuðum fjölda, í stað þess að lögreglustjóri hafði lofað óhindraðri aðgöngu. Og þegar kvartað var um, að menn fengju ekki að komast inn, lætur Erlingur lögregluþjónana berja á mannfjöldanum með kylfum. Það varð nokkurt uppþot og fjöldi verkamanna var alblóðugur á höfði og klæðum. Þetta var auðsjáanlega gert af hreinum og beinum klaufaskap af lögreglufulltrúa, ef honum hefir þá ekki verið af einhverjum beinlínis sagt að gera þetta. Við þetta urðu það miklar æsingar í salnum, að fundarstjóri treysti sér ekki til að halda fundi áfram. En það kom síðar í ljós, að þeir höfðu þá séð á mannfjöldanum fyrir utan, að réttast væri að láta undan í þessu máli, þannig að nægilegur fjöldi gekk inn á að taka aftur till., ef hægt væri að setja fund af nýju. En þá vildu kommúnistar ekki láta setja fund aftur, eða a. m. k. ekki lofa bæjarfulltrúum griðum, ef fundur yrði settur. Þegar ekki varð af fundi fóru bæjarfulltrúarnir út bakdyramegin án þess að nokkur þeirra meiddist.

Þá var í raun og veru þetta mál búið, þar sem sjáanlegt var, að alþýðufélögin höfðu fengið kröfum sínum fullnægt á þann hátt, að meiri hl. hvarf frá lækkun kaupsins, þó að ekki væri hægt að halda fund, sem nauðsynlegur var til að gera þá ákvörðun. En þá skeði það undraverða, að lögreglustjóri kallar upp: „áfram, berjið", og fram réðust 8 lögregluþjónar, sem faldir höfðu verið fyrir aftan leiksviðið, með kylfur, stóla og bekki og börðu á mannfjöldanum, sem ekkert hafði gert. Á fáum mín. tókst að ryðja salinn á hinn fautalegasta hátt, og bardaginn hélt áfram þegar út var komið. Við að sjá þessar aðfarir var það, sem ég rétti nokkrum verkamönnum stóla til þess að geta varið sig, ef ráðizt væri á þá. En þetta var ekki nóg. Þá skipar lögreglustjóri lögregluþjónunum á mannþyrpinguna, og þeir berja frá sér með stólum og bareflum og láta eins og hinir verstu siðleysingjar. Afleiðingin gat ekki orðið önnur en sú, að tekið var á móti þeim af þeim mönnum, sem saklausir voru. Og lögreglan féll í valinn, ýmist óvíg eða afvopnuð. Að þetta var ekki skipulagt uppþot, heldur aðeins sjálfsvörn gegn lögreglunni, sést á því, að eftir að lögreglan var horfin var kyrrt í bænum.

Um kvöldið varð samkomulag um það, að kaupgjaldið skyldi haldast óbreytt. Var því fullur friður alstaðar og ekkert varð úr því allsherjarverkfalli, sem kommúnistar höfðu ætlað að hefja, því nú voru verkamenn ánægðir. Það er því augsýnilegt, að allur rétturinn hefir verið þeim megin, sem alþýðan var og alþýðusamtökin, en allur órétturinn einmitt af höndum Sjálfstæðisfl. og þeirra, sem eru nú að reyna að safna liði með lögum móti alþýðusamtökunum.

Þennan sama dag er dómsmrh. dæmdur fyrir svik í Behrensmálinu og verður að láta af ráðherradómi, og næstu daga er talað um það, að Ólafur Thors muni eiga að taka við sætinu, og er hann þá að semja við hæstv. fjmrh. og Framsóknarfl. og setur það sem skilyrði, eftir því sem hann sjálfur hefir skýrt mér frá, að sett verði upp öflug ríkislögregla. 14. nóv. er hann svo útnefndur af konungi og þá er hann búinn að fá fjmhr. inn á þessa hugmynd sína. Og það sýnir sig, hvernig þessi ríkislögregla er. Það er eins og vænta mátti af hundadagaráðh., að hann hagaði sínum lífverði eins og hundadagakonungurinn, sem tók alla tugthúsfanga og þvílíkt fólk. Eftir till. Ólafs Thors var Erlingur skipaður yfirmaður þessarar varalögreglu, sem stofnuð var.

Maður vissi, að ekki þyrfti mikið lið til þess að ráða við kommúnista, ef þeir gerðu uppþot, sem ekki varð, en þessum liðsafnaði átti að beina gegn alþýðusamtökunum. Síðan hefir verið hafin sókn af hendi stj., sem aðall. hefir verið í þrennu fólgin: Málshöfðanir á einstaka menn, varalögregla og fjandsamleg löggjöf. Málshöfðun gegn þessum 31 manni (af þeim voru 28 ekki sýknaðir) var gerð af algerðu handahófi. Hafði ekki sannazt á nokkurn af þeim, að þeir hefðu meitt lögregluþjóna. Yfir 100 manns tóku þátt í bardaganum í Templarasundi. — Þá er óþarfi að dæma fullorðna viti borna menn skilorðsbundið. Þeir munu ekki betra sig síðar, a. m. k. mun ég ekki gera það. En ef nokkurt réttlæti væri við haft, þá ætti að dæma flokksstj. Sjálfstæðisflokksins. Þá má geta þess, að dómarnir voru líka fyrirfram ákveðnir. Ólafur Thors sagði mér nokkrum dögum síðar, að ég yrði dæmdur skilorðsbundið í 60 daga fangelsi. Kom það líka alveg heim.

Þetta dómarastarf var svo óvinsælt, að það var nærri því ógerningur að fá dómara. Tókst það þó loksins með fögrum loforðum um fé og upphefð. En tilgangurinn með þessum dómum náðist ekki. Slíkt hefir ekki áhrif á þessa menn, sem dæmdir voru. Á alþýðusamtökin hefir það þau áhrif, að það vekur þau til umhugsunar um það, hverskonar ríkisstj. það er, sem þau eiga við. Þeir, sem stóðu að þessu, Magnús Guðmundsson og Ólafur Thors, lágu báðir undir kæru. Þeir láta niður falla málshöfðunina gegn Íslandsbankastjórunum, skipta sér ekkert af ofbeldinu, sem framið var í Keflavík, og þar fram eftir götunum.

Þá er annar þáttur málsins, stofnun varalögreglunnar, 180—200 manns, með Erling Pálsson að fyrirliða. Er nú búið að eyða í þetta 200 þús. kr. og verður um 400 þús. við lok þessa árs. Ólafur Thors vildi koma upp 600 manna liði og hafa helminginn í sundhöllinni, en hinn helminginn í gömlu símastöðinni. Átti að handtaka alla, sem grunaðir voru um það að hafa verið í þessum óeirðum. Hann mun þá ekki hafa verið með sjálfum sér. Hann lét varalögregluna vernda sig og forsrh. og hafði hvítliðana heima í stofunum hjá sér.

Þá er það sannað, að margir af mönnunum í þessu liði hafa verið dæmdir fyrir glæpi og afbrot, svo sem brugg og drykkjuskap á almannafæri. Þetta lið á svo að halda uppi réttvísinni í landinu. Alþýðusamtökin svöruðu þessu á þann hátt að reka þá af þessum mönnum, sem verið höfðu innan þeirra, og með því að ákveða, að meðlimirnir skyldu ekki vinna með þeim. Þetta hefir verið framkvæmt. Þá hefir verið reynt að beita þessum mönnum í 2 smávinnudeilum, en í hæði skiptin var þó hætt við það. Þrátt fyrir varalögreglu þessa standa alþýðusamtökin óhögguð. Hafa þau nú sitt varnarlið og munu mæta varalögreglunni, ef fara á að nota hana í vinnudeilum.

Eftir að Ólafur Thors hafði afrekað þetta, lét hann af sínu hundadagaveldi. Kom þá Magnús Guðmundsson aftur. Hann hefir síðan haldið liðinu í aðgerða-

leysi, fyrst við spilamennsku í gömlu símastöðinni, en síðan hafa þeir gengið lausir við fullt tímakaup. Hann hefir neitað mér um upplýsingar í málinu, og hefi ég orðið að koma með þáltill., til þess að knýja fram þessar upplýsingar. En síðan bætir hann gráu ofan á svart. Í staðinn fyrir að leggja niður þessa varalögreglu, kemur hann með frv. til l. um ríkislögreglu. Eiga þar að vera 10 fastamenn, liðsforingjar, og síðan ótakmarkað málalið. Á öðrum stað í frv. er gert ráð fyrir ótakmarkaðri fjárveitingu, eftir því sem ráðh. þykir nauðsynlegt. Síðan segir, að ekki skuli nota ríkislögregluna í kaupdeilum, en þó er engan veginn svo um hnútana búið, að það sé tryggt. Þetta frv. var samþ. af forsrh. og atvmrh. og lagt fyrir þingið. Skömmu eftir var svo haldið flokksþing Framsóknar hér í bæ. Þótti þá sambúðin milli Frams.þm. og Íhaldsþm. fara að verða nokkuð náin, ef Framsóknarþingmenn færu nú að ganga inn á samskonar frv. og Jón Magnússon var með hérna um árið. Var þá ákveðið að breyta frv. í það horf, að ⅙ lögregluliðsins í Rvík skyldi vera starfsmenn ríkisins, en hitt teljast bæjarlögregla. Síðan er leyft að fjölga lögregluliðinu ótakmarkað, og skal þá ríkissjóður greiða allt að helmingi þess kostnaðar, er af því leiðir, þó ekki meira en ¼ af kostnaði við hið reglulega lögreglulið.

Að setja upp 60—90 manna bæjarlögreglu hér, nær ekki nokkurri átt. Hún kostar geysilegt fé og hefir auk þess ekkert að gera, nema ef nota á hana gegn verkalýðsstéttinni.

Í 7. gr. stendur: „Það er borgaraleg skylda hverjum verkfærum karlmanni að gegna kvaðningu í varalögreglu, nema hann geti fært ástæður, sem ráðh. tekur gildar".

Eftir þessari gr. er beinlínis komið á herskyldu, ekki einungis um stuttan tíma, heldur getur stj. haldið mönnum í þessu hvað lengi sem hún vill fyrir það kaup, sem hún tiltekur. Ef á kosningum stendur, þá getur hún tekið frambjóðanda og sett hann í lögregluna. Hún getur tekið ritstjóra Alþýðublaðsins, prentarana og aðra Alþýðuflokksmenn. Eru því engin takmörk sett, hvað stj. getur gert í þessu efni. Sama er að segja um það ákvæði, að enginn megi tálma því, að maður gegni kvaðningu til lögreglustarfa. Ef verklýðsfélögin halda áfram þeirri aðferð, sem tíðkazt hefir í nágrannalöndunum, að meðlimum þeirra sé bannað að vinna með öðrum en félagsbundnum mönnum, þá er hægt að sekta þau. Ef verkamenn legðu niður vinnu, til þess að vinna ekki með ríkislögregluмönnum, væri hægt að segja, að þeir tálmuðu mönnum að vera í lögregluliðinu. Ég geri ráð fyrir því, að framsóknarmenn hér í d. sjái um það, að þessi gr. verði ekki samþ., því að meiri hl. hans greiddi atkv. á móti henni í Ed. Ef ætti að fara að gera menn að þrælum undir Magnúsi Guðmundssyni, þá væri nú skemmtilegt að lifa hér á Íslandi! Það mun sýna sig, að hér liggur á bak við hjá Sjálfstæðisflokknum og nokkrum hluta Framsóknar vilji til að brjóta á bak aftur alþýðusamtökin, og því verða verkamenn um allt land að vera tilbúnir til varnar.

Íhaldið hefir nú komið upp sérstöku liði, þjóðernishreyfingunni svokölluðu, sem hefir ekkert annað markmið en ofbeldið. Hefir t. d. komið kæra til lögreglunnar um það, að þessir menn hafi ráðizt á fólk fyrir það eitt, að þeim líkaði ekki, að það hafði aðrar skoðanir en þeir. Morgunblaðið hælir þessu. Þetta er líkt því sem var á sínum tíma í Þýzkalandi. Gæti komið að því, að þessi hreyfing tæki hér völd og færi með Framsóknarflokkinn eins og með Miðflokkinn þýzka. Þeir, sem tóku út bruggarann í Vestmannaeyjum, voru nákomnir þessum mönnum. Nú er búið að setja 5 ríkislögreglumenn í Vestmannaeyjum. Ég beini því til verkamanna að gæta vel að nú, er kosningar eru framundan, að kjósa ekki menn, er fylgja slíkum óskapnaði, sem hér hefir verið lýst.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Hv. 2. þm. Reykv. talaði lítið um sjálft málið, heldur hélt hann kosningaræðu.

Hann reyndi að sýna fram á, að málið væri fram komið til þess að kúga verkalýðinn. Þetta er dæmalaus óskammfeilni, þar sem það stendur í stjfrv., að ekki ætti að nota þessa lögreglu í vinnudeil-

um. Veit ég, að flestir hlustendur úti um land skilja, að hv. þm. fer hér með ósatt mál. Henni er einungis beint gegn þeim, sem fara ólöglega að. Ef hv. þm. heldur því fram, að lögreglunni eigi að beita gegn verkalýðsfélögunum, vænir hann þau um ólöglegt athæfi. Hann er sjálfur bráður og fremur stundum lögleysur, en ég veit, að það sama á ekki við um verkalýðsfélögin. Í vetur gengu margir menn úr Alþýðuflokknum í varalögregluna, enda þótt það kostaði þá það, að þeir voru reknir úr flokknum. Þeir eru þó kyrrir og vel ánægðir með sitt hlutskipti. Þeir vita, að þeir eru að vinna fyrir heill lands síns, en ekki á móti stétt sinni.

Hv. þm. fjölyrti um aðdragandann að 9. nóv. og fór þar með mikil ósannindi. Sagði hann, að meiri hl. bæjarstj. hefði ætlað að færa niður kaupið, og því hefði verið rétt að ráðast á lögregluna og berja hana niður. Ég skal ekkert um það segja, hvort rétt hafi verið að lækka kaupið. En það er rangt hjá hv. þm., að Sjálfstæðisflokkurinn hafi staðið á bak við þessa kauplækkun. Þó að ég sé í miðstj. hans, hefi ég aldrei heyrt getið um það. Þó að það hafi e. t. v. ekki verið rétt að setja niður kaupið, þá var það rangt að berja niður lögregluna. Get ég ekki talið það rétt að handleggsbrjóta lögregluþjón, herðablaðsbrjóta annan og nefbrjóta hinn þriðja af þessum sökum. Þó að hv. 2. þm. Reykv. greiði atkv. í einhverju máli öðruvísi en ég vil, þá hefi ég engan rétt til að slá hann eða meiða fyrir.

Lýsing hans á bæjarstjórnar fundinum er svo lituð, að menn munu ekki kannast við það, sem hann var að skýra frá. Flestir úti um land þekkja málið af frásögn blaðanna. Hana geta menn svo borið saman við lýsingu hv. þm.

Það var almannarómur hér, að lögregluþjónarnir hafi leyst sitt starf vel af hendi, þó að þeir gætu ekki reist rönd við svo miklum fjölda sem á móti þeim var.

Ég mun ekki svara ummælum hv. þm. um Ólaf Thors. Hann mun vera maður til þess sjálfur. Ég mun heldur ekki dvelja við hrópyrði hans til mín. Þingræður eiga, að allra dómi, að fara kurteislega fram, en ekki að vera tóm brigzlyrði, eins og ræða hans. En það er gott, að hv. þm. hefir sýnt það núna í útvarpinu, hvernig orðbragð hann notar, til þess að æsa upp það fólk, sem á hann hlustar.

Hv. þm. sagði, að varalögreglan hefði kostað mikið fé, og því hefði stj. stolið. (HV: Hvar var heimildin?). Allir hljóta að viðurkenna, að það er fyrsta skylda hverrar stj. að sjá um, að l. landsins séu haldin, og það er hlægilegt að heyra það, að það sé þjófnaður á fé ríkissjóðs að taka fé til þess að verja því í þessu skyni. (HV: Hvaðan er heimildin fyrir þessu?) Það er alveg rétt, að það er ekki bein fjárlagaheimild fyrir þessu. En hver vissi um bardagann 9. nóv., þegar fjárl. voru sett? Og ég er alveg óhræddur um þá atkvgr. á þinginu, þegar að því kemur að samþ. þessa fjárveitingu, ég er alveg viss um, að engir nema jafnaðarmenn munu greiða atkv. á móti henni. Það er náttúrlega satt, að hún hefir kostað nokkuð mikið, þessi lögregla. En af hverju hefir hún kostað svona mikið? Það er einmitt jafnaðarmönnum að kenna, af því að þeir hafa ofsótt þá menn, sem í lögreglunni eru, á þann hátt, að þeir hafa meinað þeim með ofbeldi að taka þátt í vinnu, sem þeim hefir boðizt. Af þessum orsökum hefir ríkið orðið að greiða þeim miklu meira. Þetta sjá allir, að það væri að hengja bakara fyrir smið, ef það ætti að neita að samþ. fjárveitingu, sem ríkisstj. hafði orðið að inna af hendi fyrir það, að jafnaðarmannaforingjarnir höfðu ekki viljað hlýða lögum landsins.

Mér þóttu það harla ómakleg ummæli hjá hv. þm., þegar hann sagði, að margir af varalögreglumönnunum væru glæpamenn. Þessu neita ég algerlega. Ég vil halda því fram, að í þessu liði séu yfirleitt ágætir menn, sem hafa gert það fyrir lítið kaup og af einlægum vilja að halda uppi lögum og reglu í landinu, og þeir eigi sannarlega annað skilið af hv. 2. þm. Reykv. en að hann noti nú tækifærið til þess að atyrða þá og svívirða út um allt land. Hann mun ekki vaxa af slíku atferli.

Ég vil nú nota þetta tækifæri til þess að þakka þessum mönnum fyrir það, að þeir voru svo viðsýnir að hjálpa til að halda uppi lögum og rétti og margir fóru

úr sínum félagsskap, sættu þar ofbeldi og gátu ekki haldizt þar við, og þar var hv. 2. þm. Reykv. fremstur í flokki að sýna þeim óbilgirni.

Hv. 2. þm. Reykv. atyrti mig mikið fyrir það, að hann hefði ekki fengið að vita kostnaðinn af lögreglunni. Þetta er ósatt. En það var annað, sem hann vildi fá að vita um, og það var um nöfn á þessum mönnum, til þess að geta betur náð í þá til þess að ofsækja þá. En það var það, sem ég neitaði honum um. Það er það, sem hann flytur þáltill. um. En hann hefði fengið að vita um kostnaðinn á hvaða tíma sem var og hann hefði óskað þess. — Við skulum ekki ræða um þessa þáltill. til muna fyrr en hún kemur til meðferðar, en ég skal lofa hv. þm. því, að ég skal gefa honum fullar upplýsingar þá, svo framarlega sem hann vill lofa því, að láta þessa menn vera í friði. Hann hefir enga heimild til þess að ofsækja þá menn, sem af stjórnarinnar hálfu eru settir til þess að gæta laga og réttar í landinu. Það var ekki mikið, sem hv. þm. talaði um frv. í heild, en hann nefndi eina grein þess, 7. gr., og lýsti henni þannig, að hún væri svo mikil fjarstæða, að hún næði ekki nokkurri átt. Þar væru menn herskyldaðir um aldur og æfi, að því er mér skildist. Nú get ég sagt hv. þm. það, að það er ekki nokkur hætta á, að menn verði teknir nokkru sinni í lögregluna nauðugir. Það væri svo heimskulegt að ætla að fara að taka mann nauðugan til þessa, því að þá ynni hann ekkert gagn. En þetta er sett til þess að þeir menn, sem í lögregluna fara, geti sagt, að það sé borgaraleg skylda og að það sé óheimilt að ofsækja þá fyrir það. Það er þess vegna engin önnur meining með þessu heldur en sú, að fyrirbyggja, að hv. 2. þm. Reykv. geti farið að við framtíðarinnar lögreglu, eins og hann hefir gert við þá lögreglu, sem var sett 9. nóv. í haust. Og það er algerlega ólöglegt af honum, þegar hann eggjar menn til varnar gegn lögreglunni. Það mundi í engu landi haldast uppi, og hv. þm. verður að vita það, að honum getur ekki haldizt það uppi frekar en öðrum. Það er gaman að sjá það, að í öllum löndum þar sem jafnaðarmenn eru við völd, er lögregla. Ekki dettur þeim í hug að vera lögreglulausir. Þeir halda í flestum löndum stóra heri, upp á hundruð þús. manna, og fjölda lögreglumanna, og það er ekki lengra síðan en 10 til 12 dagar, að forsrh. Danmerkur, sem er jafnaðarmaður, heimtaði frv. gegnum allar umr. á þingi á einni nóttu, um að bæta við 100 mönnum í ríkislögregluna í Danmörku, eingöngu út af því, að hann var hræddur um, að það kynni að bóla á óeirðum á landamærum Danmerkur og Þýzkalands. En svo kemur hv. 2. þm. Reykv., sem þykist vera flokksbróðir þessa manns, og telur það eitthvert voða ódæði, þó að hér sé í fyrsta sinn sett upp lögregla ríkisins, það er að segja lögregluþjónar, sem einungis að nokkru leyti eru launaðir af ríkinu.

Ég skal ekkert um það ræða, hvort ég muni nota þessa lögreglu til þess að kúga verkalýðinn, ég býst ekki við, að ég hafi svo lengi með það mál að gera, en það get ég sagt hv. 2. þm. Reykv., að mér dettur aldrei í hug að gera slíkt. Hann veit, að hann er að fara með ósannindi, þegar hann er að bera mig þeim sökum, en hann vildi nota þetta til þess að dreifa því út um land, og hann hefði áreiðanlega ekki kært sig um að segja það, ef ekki hefði verið útvarpað umr.

Ég er þá búinn að svara því, sem ég þarf, en ég mun svara hv. 2. þm. Reykv. aftur þegar hann kemur upp næst.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. lauk ræðu sinni á því að segja, að nú væru kosningar framundan. Hann hefði bæði getað byrjað og endað ræðu sína á þessu, að nú væru kosningar framundan, því að það var það, sem litaði alla ræðu hans. Það var umhugsunin um kosningar og þau áhrif, sem hann taldi flokkslega heppilegt að hafa á menn fyrir kosningar. Þetta skal ég fyrir mitt leyti forðast í minni ræðu, enda minntist hv. 2. þm. Reykv. harla lítið á frv., sem fyrir liggur, ekki nema eina grein og flutti þar ekki nein knýjandi rök.

Hv. þm. byrjaði á því að fullyrða, að þetta frv., sem hér hefir verið borið fram og hefir nú verið samþ. af 12 Ed.-mönnum, sé „agitation“ á móti verkalýðshreyfingunni. Þetta segir hann þvert

ofan í það, að í 4. gr. frv. stendur: „að lögregluna megi ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af eðlilegum vinnudeilum en að halda þar eins og annarsstaðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum“. Það veit allur landslýður, að þetta frv. á ekkert skylt við verkalýðshreyfinguna. Það að halda því fram, að þetta frv. sé vegna verkalýðshreyfingarinnar, það er samskonar ósvífni og að segja, að verkalýðshreyfingin sé óaldarhreyfing, en það held ég, að hv. þm. komi ekki í hug frekar en þeim, sem að frv. standa.

Það er rétt, að frv. um aukna löggæzlu er með talsvert öðru formi en það var flutt áður á þingi 1925 af Jóni heit. Magnússyni. Þá stóðu á móti því margir framsóknarmenn, sem vonuðust til þess, að ekki þyrfti til þess að koma að auka stórum löggæzluna í landinu, en síðan hafa orðið miklar breyt. Það hafa orðið atburðir, sem bæði hæstv. dómsmrh. og hv. 2. þm. Reykv. hafa rifjað upp, atburðir, sem ekki eru sambærilegir við neitt það, sem skeð hafði fyrir 1925. Og það eru slíkir atburðir og ofbeldisverk, sem eru þess valdandi að þetta frv. er nú samþ. af miklum meiri hl. Ed. og hefir óskorað, eða lítt skorað fylgi þessarar hv. d.

Hv. 2. þm. Reykv. er í ritnefnd Alþýðublaðsins, og ef hann vildi leita að orsökum þess, að þetta frv. er nú fram komið, þá gæti hann séð gerða grein fyrir því sumu í Alþýðublaðinu síðustu dagana. Ég skal t. d. nefna það, sem Alþýðublaðið segir fyrir nokkru um kommúnista og nazista í öðru landi, og dregur út af því þá ályktun, að kommúnistarnir íslenzku fari að hætti heimskra manna:

„Þeir hafa ekkert lært og engu gleymt. Þrátt fyrir það, þó sundrunarstarfsemi þýzkra kommúnista meðal alþýðu þar í landi og samfylking þeirra með nazistunum leiddi til hinna eindæma atburða, sem öllum eru í fersku minni, þá feta samt kommúnistarnir íslenzku dyggilega í fótspor hinna ógæfusömu skoðanabræðra sinna í Þýzkalandi“.

Þetta les ég í Alþýðublaðinu. Svo les ég einnig í Alþýðublaðinu frá 8. maí, að þar stendur um flokka, sem ég veit ekki, hvort á að kalla stjórnmálaflokka eða annað, að „báðir þessir flokkar hafa með framferði sínu undanfarið, verið að kalla á ríkislögreglu“. Þetta stendur í Alþýðublaðinu 8. maí. Vitanlega er það ein höfuðskýringin á kröfu manna um aukna lögreglu í þessu landi, að það hefir hér eins og víða annarsstaðar komið upp sá tónn, að skynsamleg athugun og atkvgr. eigi ekki að ráða úrslitum þjóðmála, heldur ofbeldi. Þetta er önnur höfuðástæðan, en hin höfuðástæðan eru þau tilfelli, að menn kannske af ópólitískum ástæðum hafa beitt ofbeldi, eins og skeð hefir í Vestmannaeyjum nú síðustu dagana. Þetta ofbeldi undanfarið á skylt hvað við annað, hvort sem það er talið pólitísks eðlis eða ópólitísks eðlis. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er fram komið og að það hefir óskorað fylgi. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að formaður Alþýðuflokksins telur sér skylt að taka þátt í afgreiðslu málsins í Ed. með því að hafa þar áhrif á úrslit þess. Þetta eru ástæðurnar til þess, að nú upp á síðkastið hafa ræður margra Alþýðuflokksmanna ekki verið gegn slíkum ráðstöfunum sem þessum. Menn vita sem er, að þetta á ekkert skylt við verkalýðssamtökin og á engan hátt sett þeim til höfuðs. Verkalýðssamtökin eru réttmæt og sjálfsögð, og hafa unnið mikið gagn og munu gera það framvegis. En þau hafa ekki sett sér það markmið að sækja sinn rétt með hnefunum.

Það eru breyttir tímar og atburðir, sem skeð hafa, sem valda því, að lögreglan er tekin með öðrum hætti en 1925.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að hinn 9. nóv. hefði átt að lækka kaup verkamanna í atvinnubótavinnunni og að þessi kauplækkun hefði átt að vera fyrirrennari almennrar kauplækkunar. Ég get út af fyrir sig tekið undir það, að þessi kauplækkun í atvinnubótavinnunni 9. nóv. var mjög óheppileg og óhyggileg; því að það hafði áður átt sér stað kauplækkun, þó að það væri í nokkurri annari mynd heldur en lækkun tímakaups. Sú kauplækkun var gerð hér í atvinnubótavinnunni, að menn unnu ekki fullan tíma, og það var nægileg kauplækkun. En á því get ég vakið athygli, að í þeim nágrannalöndum, sem jafnaðarmenn ráða, og þar sem ég þekki til, þar er höfð önnurhvor

aðferðin, að lækka tímakaup og hafa fullan vinnutíma, eða hin aðferðin, sem hér er höfð, að hafa styttri vinnutíma en sama kaup. Undir það get ég tekið með hverjum sem er, að þó að réttmætt sé að hafa aðrahvora aðferðina, þá er ótækt að hafa báðar. Þó að þar hafi yfirsézt meiri hl. bæjarstj., þá gefur það engan rétt til þess, að hnefinn eigi strax að koma í staðinn fyrir uppréttar hendur, sem ráða úrslitum mála, og það mun hv 2. þm. Reykv. aldrei geta sýnt fram á.

Ég skal ekki rekja nánar atburðina, sem gerðust 9. nóv. Ég hygg, að þeir hafi verið ýmsum öðrum að kenna en hv. 2. þm. Reykv. og hans flokksbræðrum, svo að hann þurfi ekki að taka upp hanzkann í öllum greinum. Ég hygg, að einhverjir aðrir en hann og hans flokksmenn hafi komið á fundarstaðinn í þeim tilgangi að valda óeirðum.

Hv. þm. sagði, að salurinn hefði verið ruddur að tilefnislausu og lögreglan hefði ráðizt á fólkið og það hefði ekki gert annað heldur en að sýna sjálfsvörn. Það mætti lesa ýmislegt úr úrskriftum úr dómabókinni, sem sýnir, að lögreglan hófst ekki handa fyrr en búið var að koma af stað óeirðunum. Ég skal ekki lesa margt, en hér stendur m. a.: „M. Júl. Magnús, sem var síðastur þessara bæjarfulltrúa út, var veitt athygli og gerði hann tvær tilraunir til að komast burt, en varð í bæði skiptin að hörfa inn í norðurportið aftur. Var þá veitzt að honum og lögregluþjónum þeim, sem voru honum til varnar. Urðu nokkrar sviptingar kringum hann og rifin föt eins lögregluþjónsins og jafnframt tóku menn til að rífa niður grindverk það, sem var við húsið að norðanverðu, til þess að rýmri væri aðgangur að húsinu þar og jafnframt greiðara til árásar". ... Ennfremur: „Þegar áheyrendur inni í fundarhúsinu urðu þess varir, að bæjarfulltrúarnir voru komnir út, varð mikil ókyrrð í salnum og heyrðust raddir um að sækja þá aftur, og þustu þá nokkrir menn út. Einnig var það kunnugt, að einn bæjarfulltrúanna, M. Júl. Magnús, væri niðri í kjallara hússins og stukku þá nokkrir menn upp á leiksviðið og ætluðu að sækja hann ..." o. s. frv. Ennfremur segir frá lögregluþjónum: ..Tókst þeim að ryðja lóðina báðumegin við húsið án verulegrar mótspyrnu, en þeim var ógnað með grjótkasti og meiddust nokkrir við það ..." „Lögreglustjórinn mun hafa skorað á mannfjöldann að víkja burt, en því var ekki sinnt, heldur þvert á móti munu menn hafa búizt til árásar ..." „... en mannfjöldinn réðst jafnskjótt að þeim með bareflum ..." o. s. frv.

Það var ýmislegt á undan gengið, og það veit allur landslýður, og hv. 2. þm. Reykv. líka, að það var ekki eingöngu friðsamlegt fólk, sem þarna varð fyrir yfirgangi æstra og óstýrilátra lögregluþjóna, og það eru ekki eingöngu ófriðsamlegir framsóknarmenn á þingi og kauplækkunarelskandi sjálfstæðismenn, sem eru þess valdandi, að þetta frv. hefir nú svo mikið fylgi á þingi. Það er öllum landslýð kunnugt, að það þýðir ekki að berja í brestina um þá hluti.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði stuttlega frá afskiptum mínum af kröfugöngunni, sem var nokkru fyrir 9. nóv. Hann sagði, að þegar fulltrúar kröfugöngumanna hefðu komið til mín í stjórnarráðið, þá hefði ég svarað því, að ríkisstj. kæmi ekkert við þeirra málefni, við skiptum okkur ekkert af þeim. Við mundum ekki skipta okkur af kröfum þeirra, sem liðu sult og seyru. Ég minnist þess nú, að í mestu æsingunum 9. nóv. var sagt mjög hlutdrægt frá mínu samtali við þessa háttvirtu nefnd, en þær komu bara ekki fyrr en æsingarnar voru komnar af stað. Í þessu sambandi er mér skylt að skýra frá því, að mitt viðtal við þessa háttvirtu nefnd var á þá leið, að ég sagði, að stj. hefði enga heimild til að byrja á atvinnubótum neinstaðar. Frumkvæðið og óskin ætti að koma frá meiri hl. í bæjar- og sveitarfélögum. Svo minnist ég þess skýrt, að ég sagði auk þessa, að að svo miklu leyti sem væri að ræða um ráðstafanir gegn því, að menn liðu sult og seyru, þá skyldi stj. eiga hlut að því með bæjarstjórnum að taka upp ráðstafanir til matgjafa eða annara slíkra nauðsynlegra hluta. Það væri eitt af því, sem við mundum ekki hugsa um hvort heimild væri fyrir, ef um það væri að ræða. Undir þetta tilboð var lítið tekið, og það hefir ekki síðar verið komið á okkar fund til þess að fá okkur til þess

að efna þetta loforð. Að vísu hefir stj. styrkt að mun matgjafir hér í bænum, en það hefir verið fyrir tilmæli annara manna. Nú vil ég láta hv. þm. vita það, að hver sú stj., sem fer með völd á næsta vetri verður að gefa sömu svör, eins og ég gaf þarna, af því að á þessu þingi hefir engin heimild verið gefin ríkisstj. til þess að eiga frumkvæði að atvinnubótum. Ríkisstj. verður eftir þeim heimildum, sem nú eru gefnar, að bíða eftir ósk meiri hl. bæjar- og sveitarfélaga. Ríkisstj. mun einu gilda, hver sá meiri hl. er, hvort það er íhaldsmeirihl., jafnaðarmanna meiri hl. eða kommúnista meiri hl. Hún mun tala við hvern þann meiri hl. í þessu efni, sem sjálfur hefir f. h. bæjarins rétt til þess að veita fé bæjarins, þann hluta, sem á móti á að koma. Á það vil ég líka benda í þessu sambandi, að frá jafnaðarmönnum á þingi hefir engin till. komið nú í þessa 3 mánuði, sem þingið er búið að standa, hvorki í Ed. né Nd., í sambandi við fjárl., að þessu skuli vera öðruvísi háttað. Enginn jafnaðarmannanna hér á þingi hefir reynt að smeygja því inn í fjárl., að ríkisstj. eigi að gera allt annað en með tilliti til þess, sem bæjarfélögin vilja gera. Það getur verið, að einhverjum þeirra detti í hug að taka það upp við eina umr. fjárl. í Nd. vegna þess sem ég hefi nú sagt, en sú hugmynd er ekki frá þeim komin.

Ég veit það vel, að hv. 2. þm. Reykv. var einn þeirra manna, sem ofbauð ólætin 9. nóv. Hann var einn þeirra manna, sem vildi forða vandræðum. En það var ekki fyrr en seint um daginn, að hann kom til mín, og þá gat ég því miður ekki sagt við hann annað en það, að til þess að gefa loforð fyrir fjárveitingu þyrfti ég að tala við meiri hl. bæjarstjórnar. Síðar um daginn talaði ég við mann úr Sjálfstæðisflokknum, og mér var kunnugt um hug jafnaðarmanna og framsóknarmanna, og þegar þarna bættist við einn maður, sem vafalaust hafði fleiri á bak við sig, þá gat ég talað öruggur við meiri hl., hvað ríkisstj. vildi leggja fram á móti bæjarstj., og þá var betri hugur í hv. 2. þm. Reykv. til að leysa stór vandræði heldur en nú, þegar hann notar allt, sem hægt er til þess að æsa lýðinn upp fyrir kosningar. Hér er ekki verið að ræða um atvinnubætur, þetta eru kosningabætur, sem hv. 2. þm. Reykv. er að stofna til.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að Ólafur Thors, sem nokkru eftir þetta varð ráðh., hefði sett það skilyrði, að við settum á stofn öfluga ríkislögreglu. Ég var nú forsætisráðherra þá, og ég minnist þess ekki, að Ólafur Thors hafi sett þetta að neinu skilyrði. Þetta var talinn sjálfsagður hlutur á þessum dögum, að lögreglan væri aukin svo, að öryggi bæjarins væri borgið. Þegar lögreglustjórinn komst með liði sínu út úr Goodtemplarahúsinu, þá var þegar til hans náð af ríkisstj. og honum sagt að auka svo lið sitt, að hann gæti ráðið friði og öryggi fyrir borgarana.

Lögreglustjórinn hafði hreyft því áður, í sumar sem leið, og óskað þess, að bæjarlögreglan væri aukin stórlega með varaliði. Hann fullyrti, að það væri ekki öruggt að halda uppi reglu í bænum, nema slíkt varalið, sem væri skipað a. m. k. 100 mönnum, kæmi til.

Ég verð að taka á mig þá sök gagnvart ýmsum borgurum þessa bæjar, að hafa átt þátt í því, að þetta var ekki gert þá. Þá var svo mikið eftir í mér af því trausti á því, að hér væri hægt að bjarga málefnum þegnanna án þess að til handalögmáls kæmi. Ég vildi láta það dragast lengur, þangað til það kæmi í ljós, að slíkra ráðstafana þyrfti með. Ég iðrast þess ekki að neinu leyti, enda verður ekki um það deilt, hverjir átti upptökin að því, að það mátti til með að stofna varalögreglu. Það voru þeir menn, sem óeirðum valda, það voru ekki neinir sérstakir stjórnmálaflokkar, það var heldur ekki meiri hl. bæjarstj. Rvíkur, heldur voru það þeir ofstopamenn, sem tala í þeim tilgangi einum að koma af stað óeirðum og sífellt láta í ljós það hugarfar, sem leiðir til allsherjarniðurrifs og spillingar. Þó að fyrrv. dómsmrh. Ólafur Thors hefði fyrstur komið þessu í framkvæmd og skipulagt það, þá var það ekki nema eitt af þeim mörgu verkefnum, sem hann hafði til meðferðar og átti að leysa. Það var óhjákvæmilegt út af óeirðum þeim, sem gerðust 9. nóv. í haust, að halda áfram lögregluliðshaldi. En tilætlunin var samt sem áður alltaf sú, að leysa upp varalögregluna eins fljótt og

unnt var. En þá var verkbanni skellt á þá, sem í lögregluliðinu voru. Við það hlutu skyldur stjórnarinnar við þá menn vitanlega að aukast stórum og vegna verksbannsins hafa þær ráðstafanir verið gerðar, sem raun er á. Ég get skilið þetta verkbann að vissu leyti. Það mun hafa átt að þýða nokkurskonar pólitíska viðleitni til þess að koma í veg fyrir, að menn gengju úr Alþýðuflokknum yfir til kommúnista. En þessi pólitíska viðleitni þessara tveggja flokka hefir raunar gengið lengra en bæði forsprökkum og flokksmönnum Alþ.flokksins hefir þótt ljúft. En nú geta líka komið upp aðrar hreyfingar, sem ætla mætti, að hefðu einhvern skyldleika til að bera við erlendar ofbeldisráðstafanir eftir því, sem Alþýðublaðið skrifar. En þó að nú kæmi til nýrra kosninga, þá vonast ég til þess, að þetta gamla mál verði ekki rifjað upp aftur. Nú eru allir sammála um það, að efla beri löggæzluna, og í þessu frv. er ákveðið, að lögreglan skuli ekki hafa afskipti af kaupdeilum eða samtökum alþýðumanna. Nú er tími fyrir þá, sem unna lýðræðinu, að taka höndum saman til þess að það megi haldast. Til samanburðar vil ég minna á stjórnarskrárfrv. það, sem nú liggur fyrir þinginu og á að tryggja lýðræðið. Þessi mál eru bæði sprottin af sömu rót og mjög skyld hvort öðru. Það ætti hv. 2. þm. Reykv. að geta skilizt. Frv., eins og það nú liggur fyrir, er að formi til nokkuð breytt frá stjfrv., en að efni til er það lítið sem ekkert breytt; margt það, sem ekki er í frv. tekið skýrt fram, er ætlazt til að verði ákveðið með reglugerð. Alþýðuflokkurinn hefir notað orðamuninn sem planka til þess að vera vinsamlegur frv., enda hefir hann ekki ástæðu til annars. Alþýðan er friðsöm, það eru ekki verkamennirnir, sem vilja hafa óeirðir. Ég vona, að afgreiðsla þessa máls eigi stóran þátt í því að tryggja frið og öryggi innan þjóðfélagsins. Víðtækar ráðstafanir hafa og verið gerðar til þess að ráða bót á hermdarverkum kreppunnar og aukið vonirnar um batnandi atvinnulíf með þjóðinni. Margt hefir verið gert til þess að létta undir með bændum og skapa meiri atvinnumöguleika í framtíðinni. Nú er einnig að skapast réttur til handa fleiri mönnum, en það er atkvæðisréttur. Sá réttur er gagnstæður þeim rétti, sem byggist á ofbeldi og yfirgangi. Það er öllum auðséð, hve miklu affarasælla það er, að geta haft áhrif á vandamál lands síns og úrlausnir þeirra með því að greiða sitt atkvæði, heldur en að reyna að hafa sitt fram með hótunum um ofbeldi og hryðjuverk. Öll þjóðfélög, sem byggja tilveru sína á lýðræði, vilja verja sig. Þess vegna hafa bæði Danmörk og Svíþjóð aukið stórum lögreglulið sitt. Og Rússland þolir heldur ekki neinar uppvöðslur gegn því skipulagi, sem þar ríkir. Það er víst ekki leiðum að líkjast! Ég kæri mig ekki um að beina þeirri spurningu til hv. 2. þm. Reykv., hvað hann hefði aðhafzt, ef hann hefði verið í stjórn þann 9. nóv. síðastl. Ég býst við, að hann eigi bágt með að svara þeirri spurningu hreinskilnislega, eftir ræðuna, sem hann hefir haldið hér í kvöld. En hinsvegar var það öllum ljóst, að ríkisvaldinu var skylt að halda uppi reglu, bæði þennan dag og yfirleitt. Ég hefi áður sagt, að mér þætti líklegt, að þetta þing mundi eiga mikinn og góðan þátt í því að leysa úr þessum málum, og gera sitt til að draga úr hættunni, sem annars er á óeirðum. Og það er því líklegt, að þegar til kemur þurfi stj. síður að nota þessa heimild en ella, og það er einróma ósk allra, að til þeirra ráða þurfi sem minnst að taka. Hér á landi er ekki mikil byltingahætta, þó að mjög sé um það talað. Það er aðeins hætta á óeirðum og annarskonar uppivöðslu, en ekki á byltingu. Þó að hv. 2. þm. Reykv. segi, að kreppunnar gæti eigi sízt á Íslandi, þá mun vera sú raunin á, að hún kemur einna léttast niður hér, og áhrifa hennar verður ekki eins mjög vart hér og víða í öðrum löndum. Enda er hér nokkurskonar trygging við slíku, þar sem svo skammt er á milli manna, og menn samhentir í starfi og svo vel kunnugir innbyrðis, að þeir, sem úrlausnum stórmála ráða, gera hvað þeir geta til þess að skirra við stórvandræðum. Það varð ég ljóslega var við þann 9. nóv. af viðtali bæði við hv. 2. þm. Reykv. og aðra. Hitt er annað mál, að við kosningar verður oft hörð orrahríð og auðvelt að koma bæði sér og öðrum í æsingaham.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Það var ekki ætlun mín að kveðja mér hljóðs hér, en af því að hv. 2. þm. Reykv. var að sveigja að mér persónulega, tel ég rétt að leiðrétta nokkrar þær misfellur, sem voru í ræðu hans. Hann sagði, að þegar bæjarstj. vildi lækka kaupið þann 9. nóv., þá hafi það verið að undirlagi miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins og útgerðarmanna hér í bænum. Þetta eru tilhæfulaus ósannindi, og þar eð ég er nú bæði í miðstjórninni og togaraútgerðarmannafélaginu þá get ég lýst því yfir hér á Alþingi, að fyrir þessari staðhæfingu hv. þm. er ekki nokkur fótur. Hinsvegar er það, sem hér um ræðir, hvort rétt hafi verið að lækka kaupið eða ekki. Það leikur auðvitað vafi á um það, og ég get vel skilið, að verkamenn taki því ekki þegjandi. En hitt veit hv. þm. vel, að orsökin til þess var, að meiri hl. bæjarstj. hafði alls ekki peningaráð til þess að halda vinnunni áfram í sama horfinu nema stuttan tíma. Og bæjarstjórninni þótti betra að veifa röngu tré en öngu og ákvað að reyna að hafa vinnuna lengur, en þá var auðvitað ekki hægt að greiða verkamönnunum sama kaup, og þeir, sem ákváðu þetta, voru sá hluti bæjarstj., sem kosinn er af meiri hl. atkvæðisbærra manna hér í bæ, og virðist því eiga að búa við stuðning bæjarmanna. Það, sem er barizt um, er þá það, hvort eigi að ráða, fulltrúar meiri hl., eða kúgun, ofbeldi og meiðingar og fleira af því tæi, sem alls ekki er hægt að þola í lýðfrjálsu landi.

Þá var hv. 2. þm. Reykv. að hafa eftir mér, að ég hefði sagt honum löngu áður en dómur var fallinn í máli hans, að hann myndi fá 60 daga skilorðsbundinn dóm. Þessu neita ég algerlega. Ég sagði, að líklega fengi hann skilorðsbundinn dóm, en það hafði ég eftir lögfræðingum, sem um þetta höfðu talað við mig. Þessir löggáfuðu menn sáu það fyrir af sínu hyggjuviti, að dómurinn yrði skilorðsbundinn. En því neita ég algerlega að hafa nokkuð minnzt á, að það yrðu 60 dagar.— Fyrst við erum farnir að rifja upp þetta samtal, þá vil ég geta þess, að þá skoraði ég einlæglega á hv. þm. sem mann með vaxandi vald innan síns flokks að fella niður þessa andstöðu við ríkjandi vald. En hann sagðist þá vera hræddur um, að þessi stofnun yrði notuð til þess að skakka leikinn í vinnu- og kaupdeilum. Þá bauð ég honum, að stj. gæfi honum yfirlýsingu um, að það yrði aldrei gert og ekki væri ætlazt til þess. T. d. ef togari lægi bundinn við hafnarbakkann og eigandinn ætlaði að fara að manna hann hinum svokölluðu verkfallsbrjótum, og ef af þessu hlytust óeirðir og barsmíði, þá væri ríkislögreglunni ekki ætlað að hafa nokkur afskipti af því. Ég fyrir mitt leyti segi ekki, að það sé ekki réttmætt, að hún skærist þar í leik, en ég held, að það mundi ekki góðri lukku stýra. En hinsvegar er það óneitanleg og óhjákvæmileg skylda ríkisvaldsins að vernda borgarana, ef hótað er að hafa í frammi spellverki gegn heilsu þeirra, lífi og eignum.

En hv. þm. vildi ekki festa trúnað á orð mín þá. En nú segi ég, og það finnst mér vera mikilvægt atriði: Hver mundi vera líklegur til þess að misbeita þessu valdi? Hugsum okkur, að einhver væri svo heimskur að ganga lengra í þessum efnum en góðu hófi gegnir. Er þá ekki líklegt, að ef síðan kæmi einhver til valda, sem væri mótfallinn þessu fyrirkomulagi, mundi hann ekki hika við að nota það sem átyllu til þess að leggja lögregluna niður? Það er sannfæring mín, að andstaða hv. þm. stafi af því, að sumpart er hann bundinn við gömul gífuryrði, sem flokkur hans hefir látið fjúka, og sumpart af því, að hann var æstari þann 9. nóv. en hann telur hollt. Það kann að vera, að hann hafi verið hræddur um, að hann væri í þann veginn að tapa lýðhylli, og hafi heldur kosið að láta hana standa á brotnum stólfótum en að láta hana falla. En nú er svo komið, að allir skoðanabræður hans í nágrannalöndunum, í hinum menntaða umheimi yfirleitt, líka þar, sem jafnaðarmenn fara með völd, hafa séð nauðsynina á því að tryggja ríkisvaldið með aukinni löggæzlu. Ég fullyrði það, að hv. þm. sé í andstöðu við þá skoðun, sem ríkir í hans eigin herbúðum.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði valið menn í lögregluna eftir mínu eigin höfði, og þá helzt bófa og óbótamenn. Nú vill svo einkennilega til, að margir af þessum

mönnum voru í verkalýðsfélögum. Það eru því líka mennirnir úr Dagsbrún, sem hv. þm. kallar bófa, en úr Sjómannafélaginu óbótamennirnir. Ég þekki ekki þessa menn persónulega, en ég fól lögreglustjóranum í Rvík að hlutast til um það, að í liðið væri valið helzt úr öllum stjórnmálaflokkum, svo að hjá því yrði komizt, að lögreglan fengi á sig nokkurn pólitiskan blæ. Þetta sagði ég líka við formann lögreglunnar og á fundi með flokksstjórum liðsins.

Þá fór hv. þm. háðulegum orðum um, að hæstv. dómsmrh. og ég lægjum undir dómi, og að þessum mönnum hefði verið falið að hafa á hendi stjórn löggæzlunnar. Við erum nú báðir sýknaðir af þessum kærum, sem ofsóknaróður andstæðingur setti okkur til höfuðs síðustu dagana, sem hann var við völd, en það finnst mér ákaflega óviðfelldið, að hv. 2. þm. Reykv., sem sjálfur liggur nú undir dómi, og það réttlátum, skuli vera með þennan reiging og rembing gagnvart okkur fyrir þær sakir. Hv. þm. sagði, að ég hefði verið svo hræddur, og hæstv. forsrh. sömuleiðis, að við hefðum þurft 60 manna sveit til þess að gæta þess, að ekkert yrði gert okkur til meins. Þetta eru hvorttveggja vísvitandi ósannindi. Aldrei hefir verið haldinn vörður um mitt hús, og ekki veit ég til þess, að lögregla hafi passað, að hæstv. ráðh. hefði svefnfrið.

Þá sagði þm., að lögreglan ætti að taka alla þá, sem ofbeldi hefðu í frammi, og líka þá, sem tala á móti stjórninni. Hv. þm. hlýtur að hafa verið ákaflega hræddur. En þrátt fyrir það, þá er ég hissa á því, að honum skuli detta í hug, að það láti sig gera í lýðfrjálsu landi, að taka menn fasta fyrir það eitt að tala. En hann var auðvitað órólegur eftir aðfarir sínar 9. nóv., og það er gleðilegt að sjá, að hann er ekki alveg samvizkulaus.

Ég vil fúslega taka á mig heiðurinn og ábyrgðina af því að hafa stofnað lögregluna. Ég álít, að það sé skylda ríkisstj. að taka að sér að halda uppi reglu í landinu. Auðvitað er það, að erlendis er herlið kvatt til hjálpar, ef lögreglan reynist ekki nóg, og ef löggjafarnir hefðu 1918 haft hugmynd um að í vændum væru slíkar aðfarir, sem gerðust 9 nóv., þá mundu þeir án efa hafa gert þær ráðstafanir, samfara sambandslögunum, og ég efast ekki um, að þær hefðu mótþróalaust verið samþ. Skilningurinn á þessu máli hefir aukizt og ég þarf ekki að ræða frv. Jóns heit. Magnússonar. Það mætti þá mótstöðu frá mönnum, sem ég veit til, að hefir snúizt hugur við viðburðina þann 9. nóv. Og nú hefir málinu safnazt nóg fylgi til öruggs framgangs.

9. nóv. hefir opnað augu þjóðarinnar, nú á að gera út um það, hvort ríkið á að standa eða falla. Nú á að skera úr, hvort hver óaldarseggurinn á að fá að vaða uppi um annan þveran, án þess að ríkisvaldið hafi minnsta bolmagn til þess að standast þær árásir.

Ég er alveg ánægður með frv. eins og það liggur fyrir nú. Kjarni málsins er sá, að ef lögreglan er ekki aukin nú, þá getur hver sem vill eflt flokk og tekið sér vald með hnefarétti. Eftir frv. er nauðsynleg þennsla lögreglunnar möguleg, eftir því sem þörfin heimtar. Og það er einmitt nauðsynlegt, til þess að þeir, sem vilja vaða uppi, viti það, að ríkisvaldið getur ávalt orðið sterkara. Það er ekki aðalatriðið, að ríkislögreglan berji á þeim vesalingum, er ráðast á ríkisvaldið, heldur að hún sé svo sterk, að enginn þori að gera það.

Ég endurtek, að ég tek með glöðu geði á mínar herðar mikinn þátt þeirrar ábyrgðar, sem fylgir því, að stofnuð var ríkislögregla. En jafnframt játa ég, að kommúnistar eru mínar beztu stoðir undir þeirri ábyrgð og aðrir slíkir óróaseggir þjóðfélagsins. Með atferlinu 9. nóv. og oftar hafa þeir sannfært bæði þjóðina og löggjafana um nauðsyn lögreglunnar. Þeir geta því ásakað sjálfa sig fyrir það, að verða til þess að sannfæra alla um, að nauðsynlegt sé að hafa sterka lögreglu, sem sé þess megnug að taka þá, þegar þeir vaða uppi.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Það má vera ánægjulegt fyrir hlustendur að heyra þann mikla friðaranda, sem er á milli forsrh. og íhaldsmannanna tveggja, sem talað hafa í þessu máli. Fer það reyndar að vonum og staðfestir það, sem sagt hefir verið, að á milli hægri arms Framsóknar og Íhaldsins gengi ekki skel-

þunnur hnífur. Í fyrri ræðu minni vannst mér ekki tími til að fara neitt nákvæmlega út í frv. og vil því nú skýra nokkru nánar frá því, sem við höfum helzt við það að athuga. Er þá fyrst 1. gr. þess. Þar stendur: „Ríkisstj. er heimilt að fyrirskipa, að í bæjum (kaupstöðum og kauptúnum), þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa, enda sé lögreglustjóri þar búsettur. M. ö. o.: Ríkisstj. getur fyrirskipað þetta, þótt engin ósk liggi fyrir um það frá viðkomandi kauptúni. Og í 6. gr. stendur, að þegar sérstaklega stendur á, getur ráðh. bætt við varalögreglumönnum, og eru engin nánari takmörk sett um tölu þeirra. Þetta þýðir það, að dómsmrh., sem nú er úr íhaldsflokknum, getur t. d. fyrirskipað Ísfirðingum eða hverjum öðrum kaupstað að hafa svo og svo stóra varalögreglu eða m. ö. o. Magnús Guðmundsson getur skipað hverjum kaupstað, er hann vill, að hafa setulið, þótt viðkomandi kaupstaður kæri sig alls ekki um það og hafi ekki um það beðið. Við vitum, að undir venjulegum kringumstæðum hefir lögreglan, svo sem hún hefir verið, dugað til þess að halda niðri þjófnaði, slagsmálum, uppistandi og öðrum slíkum lögreglubrotum. Til þeirra hluta þarf því ekki að auka hana. Hið eina tilfelli, sem er undantekning frá þessu, eru atburðirnir 9. nóv., þegar lögreglan verður að mönnum að fyrrabragði og lemur þá niður. En svo mun ávallt fara, þegar ekki er stjórnað með hagsmuni og velferð þegnanna fyrir augum. Sé þess ekki gætt, þarf meira en lögreglu þá, sem hér er gert ráð fyrir, að stofnuð verði. Þá þarf byssur og fleiri drápstæki. Þótt verkalýðurinn sé sveltur, má kannske kúga hann með herafli. En sé stjórnað svo, að honum líði vel, þá þarf enga lögregluviðbót. Ef við jafnaðarmenn réðum í bæjarstj. og ríkisstj. þyrfti enga slíka lögreglu. En hitt getur rétt verið, að núverandi ríkisstj. hegði sér svo, að hún telji sér hennar þörf.

Þá segir í 4. gr., að lögregluna megi ekki nota í vinnudeilum til annars en að halda uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum. Þeir, sem þekkja núv. dómsmrh., vita, að hann mundi túlka þessa gr. svo, að lögreglan geti samkv. henni skipt sér af öllum vinnudeilum. Ef einhver atvinnurekandi, sem lætur fólk vinna undir taxta, kallar á aðstoð, þá mun lögreglan verða send á vettvang, undir því yfirskini, að hún sé að halda uppi friði samkv. 4. gr. l. Í 5. gr. eru fyrirmæli um það, að skipshöfn varðskipanna skuli teljast til lögreglunnar, og einnig má taka tollverðina í lögregluna. En fyrst svo er gert, því er þá ekki gengið lengra? Hvers vegna eru ekki allir embættismenn og opinberir starfsmenn teknir? — Eins og tollverðina mætti t. d. taka ráðherrana í lögregluna. Það mundi ekki punta lítið upp á lögregluna, ef hún hefði Magnús Guðmundsson í broddi fylkingar, þegar hún fer út að stríða! Þetta væri líka í samræmi við það, sem heimspekingur íhaldsins, Guðm. Finnbogason, hefir haldið fram, að vera ætti.

Hvað fasta liðið snertir hér í Rvík, verður ekki um neitt smáræði að tefla. Fyrst eru ráðgerðir fastir lögregluþjónar 60, sem þó má auka upp í 90. Þá eru skipshafnir varðskipanna 50—60 manns, og loks tollverðirnir 12 eða 13. Þetta verða 150—160 manns. En þetta lið má nú samt auka, því eftir 7. gr. er það borgaraleg skylda hverjum, verkfærum karlmanni að gegna kvaðningu í varalögreglu og mæta þar til æfinga, hversu lítið sem hann óskar þess. Það er látið í veðri vaka, að annað liggi á bak við þetta. En hinn nakti sannleikur er, að kveðja má hvern verkfæran mann t. d. hér í bæ til að vera í varalögreglu undir stjórn Erlings Pálssonar.

Ég hefi nú lýst frv. að nokkru og sýnt fram á, að því þarf ekki að velja nein faguryrði. Frv. er búið til og stefnt á móti skipulögðum verkalýðsflokkum, ekki kommúnistum, sem eru fámennir og óskipulagðir, heldur gegn Alþýðuflokknum. Því það er hann, sem er hættulegasti andstæðingur íhaldsins. Og þess vegna leggja þeir svo mikla áherzlu á, að þetta mál gangi fram. Hitt er undarlegra, að margir framsóknarmenn skuli vera með þessu.

Það er margt, sem ég þarf að svara, en sem tími minn leyfir ekki nema að litlu leyti. Dómsmrh. sneri út úr því, sem ég

sagði, en sagði auk þess margt ósatt eins og hann er vanur. Hann sagði, að í varalögreglunni væru margir Alþýðuflokksmenn. Og þm. G.-K. kallaði þá bófa. En af þessum rúmum 100 mönnum voru einir 13 úr verkalýðsflokkunum, og þeir hafa nú allir verið reknir úr þeim. En hinu er ekki hægt að neita, að sumir þeir, sem teknir voru í liðið, eru dæmdir fyrir ýms lögbrot og hafa meira að segja gerzt brotlegir eftir að þeir gengu í varalögregluna. Enda var ekki þess að vænta, að almennilegir menn fengjust í þá lögreglu, þegar þeir vissu, til hvers átti að brúka hana.

Ráðh. sagði, að þó máske hefði verið ranglátt að lækka kaupið, þá hefði þó verið órétt að berja lögregluna. Ég hefi aldrei sagt, að það hafi verið rétt að berjast. En það voru ekki verkamenn, sem réðust á lögregluna, heldur var það lögreglan, sem réðst á þá. En það er ekki nema mannlegt að taka á móti þegar svo er af stað farið, En undir svona kringumstæðum nota kannske þeir, sem eitthvað eiga sökótt við lögregluna, sér tækifærið til að ná sér niðri á henni. — Þá er það sannleikur, sem ekki verður á móti mælt, að tillagan um að lækka kaupið var komin frá sjálfstæðismönnum, enda sagði forseti bæjarstj., að till. væri borin fram fyrir þeirra hönd.

Þá gátu þeir þess ráðh. og þm. G.-K., að kostnaður við varalögregluna hefði orðið svo mikill vegna þess að þátttakendum hennar væri meinuð vinna. En ég hefi gefið öllum kost á að taka þátt í vinnu, ef þeir segðu sig úr lögreglunni og gerðu sínar sakir góðar. Ef lögreglan verður lögð niður stendur þeim einnig opinn vegur inn í verkalýðsfélögin. En ráðh. telja sig þurfa að hafa þennan lífvörð.

Það er ekki rétt hjá ráðh., að ég hafi spurt um það, hverjir væru í varalögreglunni. Það er vitað úr öðrum stað og skrá til yfir þá menn. En það, sem ráðh. vill ekki láta mér í té, er sundurliðaður kostnaður yfir varalögregluna. Ég hélt þó, að hverjum þm. væri frjálst að sjá væntanlegt fylgiskjal með landsreikningi. Er óheppilegt, ef þingið vill ekki vernda þennan sjálfsagða rétt þm. til handa. Dómsmrh. segir, að engin hætta sé á, að menn verði teknir nauðugir í varalögregluna. Leyfið til þess að taka menn í hana og sekta þá um allt að þús. kr., ef þeir neita, er þó veitt. Samanburður hans á þessu og lögreglu Dana er óheppilegur, því hlutfallslega við Dani ættum við að hafa 12 ríkislögreglumenn fyrir landið allt.

Þótt ráðh. segi, að ekki eigi að nota ríkislögregluna í kaupdeilum, þá hefir hann þó einmitt nefnt dæmi þess, að nota bæri hana á þann hátt. (**Dómsmrh:** Þetta er ósatt!). Nei, hann nefndi tvö dæmi, vörukeyrsluna frá Jóni Þorlákssyni og uppskipun úr Novu.

Ég hefi ekki tíma til að svara öllu og verð að láta hér staðar numið. Ég vil þó beina því til forsrh., að stj. þarf ekkert að óttast það, að eiga frumkvæði að því að leggja fram fé til að bæta úr almennri neyð, jafnvel þó bæjarstj. þverskallist. Og í því sambandi vil ég minna hann á ummæli þau, er hann hafði við Jón Magnússon, er þá var forsrh., að senda þyrfti beinagrindur af mönnum úr Hafnarfirði sem fylgiskjal með kröfum þeirra. En nú er komið annað hljóð í strokkinn.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég vil minna á, að ummæli þau, sem mér eru eignuð viðkomandi Hafnfirðingum, voru ekki töluð í sambandi við atvinnubótavinnu, heldur vegna ágreinings um það, hvort leyfa skyldi útlendingum að gera út togara frá Hafnarfirði. Þá vil ég einnig minna á, að bæirnir leggja fram ⅔ atvinnubótafjárins og hafa á hendi ráðstöfun vinnunnar. Er sú ráðstöfun gerð af Alþ. og eftir tillögu formanns Alþýðusambandsins. Ríkisstj. er við þessar reglur bundin af atkvæðum þm., jafnaðarmanna sem annara. Ég vil bæta því við, að engum dettur í hug, að þar sem þegnarnir kveljast af hungri, sé hægt að halda uppi friði. Bylting er óhjákvæmileg þegar svo er komið, að stór hluti þjóðarinnar þjáist á þennan hátt. Þessu þarf þingið að muna eftir og gera ráðstafanir, sem fyrirbyggja slíkt, eigi síður en að skapa varalögreglu.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég þarf ekki að vera margorður. Háttv.

2. þm. Reykv. var miklu rólegri nú en áður og þarf ég því litlu að svara. Það er rangt dæmið, sem hv. þm. tók af varaliði á Ísafirði. Hann veit sjálfur, að samkv. 6. gr. er aðeins leyfilegt að stofna til varalögreglu, ef nauðsynlegt öryggi bæjanna heimtar það. Þá veit hann og vel, að tilgangurinn með 7. gr. er ekki sá, að taka menn nauðuga í lögregluna. Þetta ákvæði er aðeins sett til þess að firra menn álasi og vinnutjóni fyrir það eitt að taka að sér þetta starf. Þetta verður borgaraleg skylda, líkt og að vera í hreppsn. Þó það sé skylda dettur víst engum í hug að taka menn nauðuga í hreppsnefnd. Varðskipin eru lögregla á sjó. Er því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að skipshafnir þeirra teljist til lögreglunnar.

Þá hélt hv. þm. því enn fram, að lögreglan yrði notuð í venjulegum vinnudeilum til að kúga verkamenn. Las hann því til sönnunar upp 4. gr. frv. En það var nú heldur óheppilegt fyrir hann, því þar stendur: „Lögregluna má ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af venjulegum vinnudeilum, en að halda þar eins og annarsstaðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum". En þó hann lesi þetta upp, heldur hann því samt fram, að lögreglan verði notuð til að berja verkalýðinn í vinnudeilum. En við vitum báðir jafnvel, að það verður aldrei gert. Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt eitthvað ósatt. En hann gleymdi að geta um, hvað það hefði verið. Nefndi ekkert atriði því til sönnunar. Þarf því ekki meira við það að fást.

Hv. þm. sagði, að í varalögregluliðinu væru menn, sem hefðu unnið glæpi. Ég þekki það ekki. Ég veit, að í því eru myndarlegir menn (Hlátur á pöllunum) — Hlægið þið bara, ef þið viljið. En þetta eru samt duglegir menn og myndarlegir menn. (Hávaði á pöllunum). Það er hægt fyrir ykkur að gera óspektir á pöllunum, en mér er sama, hvernig þið látið. En það er hart að kalla menn glæpamenn fyrir það eitt að gegna þjóðhagslegri nauðsyn. Og það er ómaklegt að hrekja þessa menn frá vinnu þess vegna. Til mín kom maður um daginn, samherji hv. 2. þm. Reykv., sem rekinn hafði verið úr vinnu. Hann var að biðja mig um ábyrgð fyrir legukostnaði vegna veikinda, er voru hjá honum; konan var veik. Það var hv. 2. þm. Reykv., sem hafði rekið þennan mann úr vinnunni.

Þá er það næsta fráleitt og ósanngjarnt að kenna lögreglunni um bardagann 9. nóv. En þegar ráðizt er á saklausa menn, verður að taka á móti. Hjá því verður ekki komizt. Það er gert alstaðar.

Um kostnaðinn er það að segja, að ég man ekki betur en hv. 2. þm. Reykv. hafi jafnan fengið þær upplýsingar um heildarkostnaðinn, sem hann hefir óskað. En hann vildi líka fá nöfn mannanna, en það vildi ég ekki, nema hann jafnframt lýsti yfir því, að hann léti vera að gera þeim óskunda. En ekki sá hann sér fært að gefa þá yfirlýsingu.

Þá nefndi hann lögregluna í Danmörku og fór þar, að því er ég gat bezt skilið, með mjög rangt mál. Í Danmörku er mjög öflug lögregla, og þar að auki auðvitað stór her. En þrátt fyrir það vildu jafnaðarmannaforkólfarnir um daginn auka lögregluna til muna.

Ég þarf svo ekki að segja meira við þessa umr. Ég skal geta þess, að þetta er í fyrsta skiptið, sem valdið er óspektum á pöllunum þau 20 þing, sem ég hefi setið; og það er einmitt gott, þegar útvarpað er umr., til að sýna öllum landslýð, að eitthvað þarf að gera til að halda uppi reglu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 779, n. 827, 847, 858, 864).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 847, 858 og 864. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Fjhn. hefir haft þetta frv. til athugunar, og eru allir nefndarmenn sammála um það að leggja til, að mál þetta verði afgreitt nú

á þessu þingi, eins og nál. ber með sér. Þó hafa einstakir nm. óskað eftir smávægilegum breyt. á frv., og hafa óbundnar hendur um slíkar brtt., ef fram kunna að koma. Þetta mál var mikið rætt við 1. umr. hér í d., og er auk þess þrautrætt í blöðum og á mannfundum, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að fara að gera sérstaka grein fyrir frv. f. h. n. við þessa umr. En að sjálfsögðu mun ég halda uppi svörum af n. hálfu, ef ræður annara þm. gefa tilefni til þess. N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Bergur Jónsson** [óyfirl.]: Ég hefi borið fram þrjár brtt. við frv. þetta, ásamt nokkrum öðrum þm. 1. og 2. brtt. eru þess efnis, að bætt sé inn í 1. og 6. gr. frv. ákvæðum þess efnis, að aukning lögreglu samkv. l. þessum skuli fara fram eftir tillögum bæjar- og sveitarstjórna. Við teljum sjálfsagt, að þar sem um svo mikla aukningu er að ræða, sé leitað umsagnar bæjarstjórnar, bæði um þörfina á slíkri aukningu og fjárhagshlið málsins.

3. brtt. fer fram á það, að í stað 7. og 8. gr. frv. komi ný 7. gr. Í 7. gr. frv., eins og það er nú, er það gerð borgaraleg skylda fyrir alla verkfæra karlmenn að gegna kvaðning í varalögregluna, nema þeir geti fært ástæður, sem ráðh. metur gildar. Þetta ákvæði er fellt burt í brtt. okkar, en það ákvæði tekið upp til verndar þeim mönnum, sem verða í varalögreglunni, að þeir skuli njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, sem gegni borgaralegri skyldu. Ennfremur er tekið upp ákvæðið um það, að enginn megi á nokkurn hátt tálma því, að maður gegni varalögreglustörfum, og loks refsingarákvæði. Svipuð fyrirmæli og eru í 8. gr. frv., um bót fyrir meiðsli og tjón, eru einnig tekin upp í þessa 7. gr. okkar. Í frv. vantar ákvæði um það, hvernig skuli fara með mál, er kynnu að rísa út af þessum l., og mun ég koma fram með skrifl. brtt. þess efnis, að með þau skuli fara sem opinber lögreglumál.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég vil byrja þessa ræðu mína með nokkrum orðum til hæstv. forseta þessarar d. Ég veit ekki annað en að þm. sé heimill aðgangur að öllum vistarverum þingsins. Og ég held, að svo hafi verið þangað til í dag. Ég ætlaði inn á Kringlu rétt áður en þingfundur hófst, en þar stóð lögreglumaður við dyrnar og ætlaði að varna mér inngöngu. Ég sagði honum óskorað, að ég stæði hér sem þm. í þinghelginni, og að hann ætti ekki með að leggja á mig hendur, og fór inn. Þar sátu þá 20 lögregluþjónar. Ég vona, að stj. eigi engan þátt í þessu atviki, og þykir líklegt, að það hafi aðeins verið ókurteisi mannsins að kenna.

Ég mun þá snúa mér að því máli, sem hér liggur fyrir. Við útvarpsumr. um daginn hafði ég svo stuttan ræðutíma, að mér vannst ekki tími til þess að svara öllu því, sem þá var komið fram með af andstæðingum mínum, og vil ég því svara ýmsu af því nú.

Ég vil taka nokkur atriði af því, sem hv. frsm. minntist á. Þ. á. m. lagði hann áherzlu á, að þó að ekki væri hægt að verja það, að bæjarstj. hefði ætlað að lækka kaupið í atvinnubótavinnunni, þá gæfi það engan rétt verkamönnum til þess að berja á lögreglunni. Nú er það svo, að prófunin hefir leitt í ljós, að barsmíðir urðu ekki af því, að verkamenn réðust á lögregluna, heldur hitt, að lögreglan greiddi fyrsta kylfuhöggið. Fyrir matarhléið var mönnum lofað, að þeir fengju óhindraðir að koma inn að því loknu. En þetta var svikið og lögreglan barði þá menn, sem vildu fara inn, svo að þeir gengu um alblóðugir. Og hið sama endurtók sig, þegar salurinn var ruddur fyrirvaralaust. Þá réðst lögreglan á áheyrendur með kylfum, bekkjum og stólum, svo að ekki var hægt fyrir þá, sem þar voru, að dreifa sér eða fara út. Sömuleiðis sést það glöggt af prófinu, að þegar lögreglan réðst út í Templarasund, þá er það hún, sem fyrst vegur að mannfjöldanum, sem þar er fyrir. Í öllum þessum tilfellum er ekki að ræða um árásir verkamanna á lögregluna, heldur um árásir frá hendi lögreglunnar. En lögin virðast meta það jafnt, hvort heldur um er að ræða vörn gegn árásum lögreglunnar eða beinar árásir gegn henni. En flestir munu álíta þetta tvennt ólíkt frá mannlegu sjónarmiði, hvað sem lög og dómstólar segja.

Mér dettur ekki í hug að halda því

fram, að lögregluþjónarnir hafi óskað eftir því að lenda í slag þennan dag, og hverjum það er að kenna skal ég ekki segja, en þeir hafa a. m. k. fengið skipun um að fara svona að ráði sínu. Ég vil í þessu sambandi benda á, hvernig fyrrv. dómsmrh. lét taka þetta mál upp. Hann hefir látið höfða mál á móti aðeins litlum hluta þeirra manna, sem þarna voru viðstaddir, og það hefir ekki sannazt á neinn þeirra, að þeir hafi barið á lögreglunni. Til samanburðar á þessu má benda á, hvernig íhaldsdómsmálaráðherrann hefir tekið á þeim glæpamálum, þar sem ráðizt er á verkalýðsfélögin og trúnaðarmenn þeirra. Sá samanburður sýnir greinilega innræti dómsmrh., sem lét sér sæma að kalla mína skýrslu frá 9. nóv. litaða. En það stendur enn óhrakið, sem ég sagði, að lögreglan hefði ráðizt á mannfjöldann 9. nóv., því að sá maður, sem átti að hafa byrjað barsmíðin, var m. a. s. sýknaður fyrir réttinum.

Þá má benda á, hvaða ráð núverandi dómsmrh. notaði um daginn hér við 2. umr. þessa máls, til þess að koma því betur áleiðis, þegar urðu frammíköll af pöllunum. Þá lætur dómsmrh. svo sem því líkt hafi aldrei skeð í öll þau 20 ár, sem hann hefir átt sæti á þingi. Þarf ekki annað en benda á þingrofið, þegar kallað var fram í á allt annan hátt, hótað að henda þingmönnum út og þar fram eftir götum. Hann notaði þetta eingöngu til þess að blekkja útvarpshlustendur úti um land, sem ekki vita, hvernig á stendur, og naut hann þess, að hann var síðastur manna í útvarpinu og því ekki hægt að svara honum og leiðrétta þetta.

Viðvíkjandi varalögreglunni, sem ráðh. segir, að sé svo bráðnauðsynlegt að hafa og það fjölmenna, enda þótt þeir segi, að ekki eigi að nota hana á móti verkalýðsfélögunum, þá er til heimild fyrir ríkisstj. til að gefa út bráðabirgðalög til þess að stofna þetta setulið. Hvort stj. hefir ekki treyst sér að bera slík bráðabirgðalög fram, veit ég ekki, en sennilega á að nota þetta klíkusamband á milli tveggja stærstu flokkanna hér á þingi til þess að breiða yfir þetta gerræði. Sennilega voru ekki gefin út þessi bráðabirgðalög vegna þess, hversu mikill ábyrgðarhluti það var fyrir ráðh. að stela fé úr ríkissjóði á þennan hátt.

Það hefir verið upplýst, að varalögreglan hefir kostað 200 þús. kr. og mun kosta 400 þús. kr., ef henni verður haldið við þetta ár. Og þessi kostnaður hefir orðið fyrir mótstöðu jafnaðarmanna, segir ráðh. Þetta er ekkert annað en blekkingartilraun frá hans hendi, því að ekkert hefði verið hægara en að leggja varalögregluna niður, og þá hefðu þessir menn, sem hafa látið fleka sig til að ganga í hana, fengið aftur sættir við verkalýðsfélögin, og þá hefði engin peningaleg nauðsyn borið til að halda henni við lýði.

Þá sagði ráðh., að ég hefði sagt, að allir hvítliðar væru glæpamenn. Það hefi ég ekki sagt, en hitt veit ég fyrir víst, að ýmsir meðal þeirra eru gamlir bruggarar og eins hafa ýmsir verið sektaðir fyrir áfengislagabrot. Og það er ekki svo að skilja, að þessir menn þurfi að vera úr alþýðusamtökunum, því að eins og ég tók fram áður, þá gengu í hvíta liðið aðeins 13 manns úr Alþýðusambandinu. Eftir orðum lögregluþjóna, þá er þetta einmitt vaskasta liðið, þó að ég sé ekki að verja á neinn hátt þeirra framferði. En það sýnir bara, hversu hvíta liðið er óvinsælt meðal almennings, að lögreglustjóra og Erlingi Pálssyni, sem þó gekk eins og grenjandi ljón um bæinn til að fá menn til að skrifa sig inn, tókst ekki að fá saman öðruvísi lið en þetta.

Hæstv. ráðh. gat þess, að ég hefði óskað eftir að fá uppgefin nöfn þessara manna til þess að geta ofsótt þá. Ég veit ekki til, að þeir hafi verið ofsóttir. Verkamenn vilja ekki vinna með þeim, þeir vildu heldur ekki vinna með hæstv. dómsmrh., þó hann nú færi í eyrarvinnu, ef hann væri ekki í verklýðsfélögunum. Hinsvegar hefir ekki verið snert við neinum hvítliða, en alþýða manna hefir lítið álit á þeim, sem þannig hafa gerzt liðhlaupar.

Hæstv. dómsmrh. sagðist ekki hafa viljað láta mig fá nöfn varalögreglumanna. En fyrir utan það, að hann neitaði mér um nöfnin, sem ég reyndar vissi flest áður, þá neitaði hann einnig, að ég fengi að sjá sundurliðaðan reikning um

kostnaðinn við varalögregluna. Ég veit ekki, hvers vegna ráðh. vill ekki láta uppskátt um það, hversu mikið þeir fá fyrir að vera hér í þingsölunum. Og ekki hefir sézt, hversu miklu hefir verið varið til vopnakaupa, eða hverskonar vopn það eru, sem á að nota, hvort keypt hefir verið táragas eða annað þvílíkt. Þetta er þó mikilsvert að vita, bæði til þess að sjá, hversu hinni margumtöluðu sparsemi er framfylgt, og eins til þess að sjá, til hvers á að nota liðið. Ég veit ekki, hvers vegna hæstv. dómsmrh. vill ekki svara fyrirspurn, sem kemur fram á þinglegan hátt.

Hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir í útvarpsræðu sinni, að enginn yrði tekinn nauðugur í þetta lið. Ég verð að taka þetta svo, sem það sé hans meining, að enginn verði kvaddur nauðugur í liðið, en þá er mér spurn, til hvers er þá þetta ákvæði í frv. um almenna skyldu til að gegna kvaðningu, og hvers vegna eru við lagðar sektir og refsingar, ef menn ekki gegna kvaðningu?

Þá vík ég máli mínu til forsrh. Hann talaði um mikla nauðsyn á að halda uppi friði og reglu í landinu, eins og vænta mátti af honum. En þá er mér spurn, hvort forsrh. tekur þetta á sama hátt og þm. G.-K. Hann lýsti því yfir, að ef verkfall væri við Kveldúlf og verkstjórarnir næðu í verkfallsbrjóta til þess að vinna áfram, en svo þyrptust Dagsbrúnarmenn á vinnustaðinn og hindruðu vinnuna, þá mætti ekki halla á ríkislögregluna til hjálpar. Nú vildi ég spyrja hæstv. forsrh., hvort hann legði sama skilning í þetta eins og þm. G.-K.

Hæstv. forsrh. sagði, að formaður Alþýðusambandsins hefði hagað sér öðruvísi í Ed. í þessu máli en við jafnaðarmennirnir hér. Hann hefði talið sér skylt að taka þátt í afgreiðslu málsins og haft áhrif á úrslitin. En það gerum við líka hér, enda höfum við borið fram brtt. við frv. til þess að hafa áhrif á afgreiðslu þess.

Þá talaði ráðh. um, að nú heyrðust ekki lengur háværar raddir móti ríkislögreglunni. Ég veit ekki, hvaðan hann hefir þetta. Hingað hafa borizt mótmæli frá fjöldamörgum almennum fundum úti um land og verkalýðsfélögum, og nákvæmlega sömu aðferðum beitt til andmæla úti um land eins og hér í Rvík. Ég þekki ekki einn einasta verkamann, sem breytt hefir um skoðun í þessu máli frá því það fyrst kom fram, og er ég þó kunnugri þeirri stétt heldur en ráðh. Þá talaði hann um, að alþýðumenn væru friðsamir og vildu engar óspektir, og það er rétt, að fáar stéttir manna eru eins friðsamar og þeir. En að halda uppi stóru herliði, það er ekki til þess að tryggja friðinn í landinu, heldur til þess að stofna til ófriðar. Erlendis vilja menn minnka herina, vegna þess að það er skoðun manna, að stórt herlið hljóti að leiða af sér liðsauka annarsstaðar. Og hér verður sama uppi á teningnum. Þær stéttir, sem hafa grun um, að nota eigi liðið gegn þeim, munu koma sér upp traustu liði til varnar. Verkalýðssamtökin eru ekki óhult nema gerðar verði varúðarráðstafanir, og munu efla varnarlið sín eftir föngum.

Í Þýzkalandi er 100 þús. manna her. Það svarar til 60—70 manna her hér á landi. En þetta lið í Þýzkalandi er svo vel búið, og svo vel æft, að franski hermálaráðh. telur vafasamt, hvort þetta lið sé ekki betra en allur franski herinn með þriggja ára herþjónustu. Og það er víst, að Nazistaflokkurinn þýzki þóttist ekki hafa nóg lið fyrr en hann hafði fengið þetta fámenna herlið í sínar hendur. Þeir tóku völdin á lýðræðisgrundvelli, en notuðu síðan herliðið til þess að kúga andstæðingana og brjóta mótspyrnuna á bak aftur. Hið sama getur komið fyrir hér á landi. Svona sterkt lögreglulið getur orðið hættulegasta árásin á lýðræðið í landinu. Með því liði verður hægara að stjórna heldur en ef þyrfti að skapa sér nýtt lið. Framsóknarmenn, sem segjast vera andvígir öllu einræðisbrölti, ættu að athuga sögu Þýzkalands, það getur farið fyrir þeim eins og miðflokkunum þýzku, að þeir molni upp og verði að engu í höndum einvaldsflokka.

Hv. þm. G.-K. vildi neita því, að kauplækkunin í atvinnubótavinnunni hefði verið ákveðin af hálfu Sjálfstæðisflokksins eða miðstjórn hans. Ég vil taka það fram, að það var yfirlýst af borgarstjóra og forseta bæjarráðs, að tillagan væri komin fram frá flokksstjórn Sjálfstæðis-

flokksins, og þetta er mjög eðlilegt, þar sem í þeim félagsskap eru fjöldamargir atvinnurekendur; frá þeim eru komin tilmælin um kauplækkun. En eftir þetta brá svo við, að fulltrúar Dagsbrúnar, Sjómannafélagsins og Verkakvennafélagsins voru ekki boðaðir á fund. Í járniðnaðarmannafélaginu ætluðu meistararnir að lækka kaupið, og var það í fullu samræmi við kauplækkunina í atvinnubótavinnunni. Og þó að þm. G.-K. neiti því, að stjórn Sjálfstæðisflokksins hafi átt nokkurn þátt í þessu, þá eru það atburðirnir, sem sanna hið gagnstæða.

Við 1. gr. höfum við komið með brtt. um það, að heimilt sé að skipa um fjölda lögreglumanna, ef bæjarstj. hefir óskað þess. Það sem við viljum fyrst og fremst leggja áherzlu á, er það, að ríkisstj. fyrirskipi ekki setulið eða mikla lögreglu í bæjum bókstaflega á móti vilja þeirra. Það má ætla, að meiri hl. bæjarstj. í hverjum bæ fari fram á að hafa næga lögreglu til að halda friði og öryggi, og ef meiri hl. bæjarstj. óskar ekki eftir að auka hana, þá sé þess ekki þörf. En hinsvegar getur þessi óþarfa lögregla kostað æðimikið.

Þá komum við með brtt. við 4. gr., þar sem stendur, að lögreglu megi ekki nota til að hafa önnur afskipti af venjulegum vinnudeilum en halda uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum. Við álítum, að í frv. eins og þessu sé það mikill ókostur, að ekki sé algerlega ljóst, við hvað er átt. Lögin eiga að vera þannig, að ekki sé eitthvað falið í þeim, sem löggjafarnir sjá ekki, hvað þá almenningur. Hvað þessar „venjulegu“ vinnudeilur eru, hefir alls ekki verið skýrt, en eftir því sem hæstv. ráðh. hefir tekið fram, þá virðast þeir eiga að geta sætt sig við það, að orðið „venjulegum“ falli burt. Við álítum þetta mikils virði til þess að gefa ekki óhlutvöndum lögreglustjórum undir fótinn. Það er hægt að segja um hverja einustu vinnudeilu, að hún er á einhvern hátt ólík annari.

Þá komum við með viðbótartill. við 4. gr. í samræmi við það, sem hv. þm. G.-K. sagði, þegar hann var ráðh. Hún hljóðar svo: „Aftan við gr. bætist: en menn mega ekki verja vinnu verkfallsbrjóta“. Þar með er ekki sagt, að lögreglan geti ekki varið, að menn séu meiddir eða skemmdir. En þeir mega ekki liðsinna verkfallsbrjótum. Hér eru svo glögg hugtök, að óþarfi er að villast.

Þá komum við með brtt. við 5. gr. viðvíkjandi skipshöfnum varðskipanna og tollvörðum. Viðvíkjandi varðskipum, að í stað þess að þeir teljist til lögreglumanna ríkisins, skuli þeir ekki teljast það. Enda hafa þeir öðrum hnöppum að hneppa en að gegna slíkum kvöðum. Er eigi meiri ástæða að taka þá en fjölmarga aðra starfsmenn ríkisins, nema síður sé, því að löggæzlan á sjónum gæti þá lent í kalda koli.

Þá er mjög óskiljanlegt, hvers vegna sérstaklega heimilt er að láta tolleftirlitsmenn vera lögreglumenn, frekar en aðra menn. Það væri þá engu síður ástæða að tiltaka marga aðra embættis- og sýslunarmenn, sem líkt stendur á um og tollarana. En ef þessi till. okkar verður ekki samþ., þá leggjum við til, að gr. verði færð út, til að ná meira jafnrétti. Aftan við gr. bætist: „Sama og um tollverði gildir um ráðherra, skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, landsbókavörð, fornmenjavörð, vegamálastjóra, landssímastjóra, póstmálastjóra og biskup, og skulu þessir embættismenn ávallt ganga fram í fremstu röð, er til atlögu kemur“. (**ÓTh:** Af hverju er landlæknir ekki með?). Landlæknir verður sjálfsagt í hjúkrunarliðinu. (**ÓTh:** En bankastjórar?). Við höfum tekið ámóta marga menn eins og eru við tolleftirlitið, ekki aðeins þá, sem eru lægst launaðir, heldur álitið, að þeir hæst launuðu af starfsmönnum ríkisins ættu jafnt að gera skyldu sína og ganga fram og sýna hugrekki. Þetta er mjög svo eftir kenningu aðalheimspekings íhaldsins, Guðmundar Finnbogasonar, sem í bók sinni „Stjórnarbót“ segir, að þegar þeir ráðandi menn þjóðanna vilji leggja í stríð, skuli þeir sjálfir fremstir ganga. Ég hygg, að það fari vel á því að hafa núverandi eða fyrrv. dómsmrh. fremstan í liði. (**Rödd af þingbekkjum:** Ef það eiga að vera þeir hæst launuðu, þá vantar landlækni og bankastjóra?). Ég geri fastlega ráð fyrir, að hann verði í hjúkrunarliðinu.

Annars er það í sjálfu sér óskiljanlegt,

ef á að taka menn, sem hafa ákveðin störf með höndum fyrir ákveðin laun, og setja þá í önnur störf. Hvers vegna á að taka þannig þá lægst launuðu, en sleppa þeim, sem hæst launin hafa?

Þá komum við með brtt. við 6. gr., sem svipar til brtt. við 1. gr., viðvíkjandi aukningu á lögregluliði, að ráðh. ráði ekki þar um, heldur komi í hans stað, „ef bæjarstj. samþykki". Þá viljum við og bæta við þessa gr. Þar er gert ráð fyrir, að það sé hægt að bæta 50% við það lögreglulið, sem annars má vera fyllst, þannig að ríkisstj. beri hluta af. Við viljum, að þetta sé lagt undir Alþingi, svo að síður sé haldið uppi kostnaðarsömu liði, ef ekki er fyllsta þörf. En ef Alþingi situr ekki, þá falli þessi aukning lögreglunnar niður, ef næsta Alþingi hefir ekki samþ. hana áður en mán. er liðinn af Alþingi. Þess mætti vænta, að þm. vildu halda þessum rétti þinginu til handa.

Viðvíkjandi 7. gr. gerum við ekki brtt.; við erum mótfallnir henni, og munum greiða henni mótatkv.

Þá kem ég að brtt. við 10. gr., sem mér finnst meirihlutaflokkarnir í þinginu eigi að geta tekið til greina. Það bar við í gær, að samþ. var að afgr. ekki mál, heldur leita þjóðaratkvæða. Það er áfengismálið. Það er óhætt að segja, að þetta ríkislögreglumál er a. m. k. eins mikið deilumál í landinu eins og bannmálið. Við leggjum þess vegna til, að l. gangi ekki í gildi, nema að fengnu samþykki meiri hl. kjósenda til sveitar- og bæjarstj. með þjóðaratkvgr. sem fari fram um leið og næstu kosningar. Þetta er auðvelt í framkv. og er það minnsta, sem forsvarsmenn þessa máls geta gert, að lofa þjóðinni að segja sitt álit.

**Forseti (JörB):** Út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. í upphafi ræðu sinnar, að sér hafi verið meinað að ganga um húsið og hafast við í herbergi, sem hann tiltók, þá vil ég taka fram, að engin fyrirmæli frá minni hálfu hafa verið gefin um þetta, að meina þm. nú eins og endranær að ganga erinda sinna um húsið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 784) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Ólafur Thors)** [óyfirl.]: Það er ekki margt í ræðum hv. þm. Barð. og 2. þm. Reykv., sem gefur tilefni til andsvara. En þó verð ég að setja fram örstutta aths.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir enn gert að höfuðumræðuefni í sambandi við þessa löggjöf það, sem gerðist á bæjarstjórnarfundinum 9. nóv. síðastl., og þó einkum það framferði lögreglunnar að ryðja fundarsalinn, sem þá var fullur af fólki. Hann hefir alveg réttilega tekið fram, að lögreglumennirnir hafi yfirleitt hagað sér þannig, að allt þeirra framferði bar þess ljósan vott, að þeir vildu halda friði til lengstra laga. Hann hefir fellt þá alveg undan sök fyrir þá útrás, sem gerð var úr salnum. Hann varpaði svo fram þeirri spurningu, hver beri ábyrgð á þessu, en hann hefir smeygt sér hjá að svara henni, og þá sennilega af þeirri ástæðu, að hann hefir enga persónulega hvöt til að láta ábyrgðina falla þar, sem hún á að lenda, nefnilega á lögreglustjóra Rvíkur. Það var hann, sem gaf þessa fyrirskipun. Og ef hún er ámælisverð, þá er hann ámælisverður fyrir að hafa gefið hana, og engir aðrir. Og það er þá líka rétt, að það komi í ljós.

Hv. þm. fann að því, að stj. hefði ekki með bráðabirgðal. sett ákvæði um framkvæmd þessara mála, sem þá giltu þar til Alþingi hefði haft tækifæri til að fjalla um þau. Það er nú á mína ábyrgð, að þessi bráðabirgðalög voru ekki sett. Ég held ég hafi sagt hv. þm. í öndverðu frá því, hvers vegna ég taldi það ekki rétt og eðlilegt. Ég taldi, að að sjálfsögðu hefði ríkisstj. heimild í stjskr. til allra þeirra ráðstafana, sem hún gerði, og ég áleit ekki rétt, að ófenginni reynslu, að lögfesta fyrirmæli sem einskorðaðan ramma framkvæmdanna í þessu efni, a. m. k. ekki á byrjunarstigi. Ég vildi forðast, að ég yrði svo óheppinn að setja inn í einhver slík bráðbirgðalög einhver þau fyrirmæli, sem yrðu til þess að valda óvinsældum í garð þessarar stofnunar þegar á frumstigi, hjá þeim, sem annars gátu aðhyllst stofnunina og ætluðust til þess, að sú reynsla, sem í öndverðu var fengin, yrði til þess að aðstoða löggjafann um rétt fyrirmæli, þegar til aðgerða kæmi á Alþingi. Þetta er nú ástæðan og annað ekki.

Allar bollaleggingar hv. þm. um það, að 100 manna lögregla geti orðið vopn í höndum einræðisgjarnra ofbeldismanna, sem einhverntíma kæmust að ríkisstj., þær eru að mínu viti hlægilegar. Hv. þm. hefir lýst yfir í ræðu og riti, að verkamenn hér í bænum mundu efla til samtaka sín á milli til þess að halda uppi í sínum félagsskap lögum og rétti og til þess að hafa í fullu tré, ef á að sýna þeim óbilgirni í einu og öðru. Ef þetta er nokkuð annað en eintómur belgingur, eins og flest, sem hann segir, þessi hv. þm., því að það er flest talað gegn betri vitund, ef þetta er nokkuð annað en svigurmæli, þá hlýtur að verða nokkur trygging til jafnvægis, svo að þessi 100 manna lögregla — enda þótt aukningarheimild sé til — geti ekki orðið þetta skaðsemdartæki í höndum einræðismanns. Og það vita líka allir, að 100 manna hópur nægir ekki til að gera byltingu og halda henni við.

Hv. þm. lét sér enn á ný sæma að staðhæfa það, sem oft hefir staðið í blaði hans, og hann veit alveg áreiðanlega, að er ósatt, að þessi kauplækkunarkrafa hafi runnið undan rifjum Sjálfstæðisfl. Hann hafði að vísu fullyrðinguna ekki alveg eins ákveðna og áður. Ég endurtek það, sem ég sagði í útvarpsumr. um daginn, að þetta eru tilhæfulaus ósannindi, og að hv. þm. hefir ekki svo mikið sem minnsta grun um, að þetta sé satt. Hitt er annað, að vera má, að flokkur sjálfstæðismanna í bæjarstj. hafi allur staðið að þessari till. og hún verið rædd og samþ. á fundi þeirra sérstaklega. Þetta kemur miðstjórninni alls ekkert við. Ég hefi haft þá ánægju að verða þess var, að þeir menn velflestir, sem hafa heyrt á fullyrðingar okkar í þessu efni, þeir hafa vitað, að ég fór með rétt mál. (**Rödd af pöllunum:** Því trúir enginn verkamaður!). Ég get sagt það, að það er ekki hægt að hafa tilhneigingu til að fara með rangt mál í þessu efni. Það er allt of lítilmannlegt til að ég vilji leggja mig niður við það, né að ég myndi meta svo ókyrrð þessa götuskríls, sem á mig kynni að hlýða, að ég víki frá sannfæringu minni. Langt frá því.

Um till. jafnaðarmanna á þskj. 847 hefi ég ekki heimild til að segja neitt fyrir hönd n., þar sem n. hefir ekki gefizt kostur á að ræða þær. Ég fyrir mitt leyti álít þær ýmist óþarfar eða spillandi og verð því á móti þeim. Brtt. við 4. gr. eru alóþarfar, af því að frv. er mjög skýrt, og það er margyfirlýst að auki, að lögreglunni er ekki ætlað að hafa afskipti af kaupdeilum. Ég hefi t. d. gefið hv. 2. þm. Reykv. allar þær yfirlýsingar, sem hann getur farið fram á, og ég hygg, að ég geti ekki bundið mig rækilegar en ég hefi gert í umr.

Ég hefi ekki heimild til þess f. h. n. að segja neitt um brtt. á þskj. 864, frá nokkrum framsóknarm. En fyrir mína hönd get ég sagt það, að viðbættri þeirri skrifl. brtt., sem fram er komin, get ég aðhyllzt þær allar. Mér þykir eðlilegt, að ríkisstj. fái álit bæjarstjórnanna; og þó að ég álíti ekki ástæðu til að breyta 7. og 8. gr., þá get ég greitt brtt. atkv. til samkomulags. Auðvitað hefi ég enga trú á, að menn yrðu neyddir í lögreglulið.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki segja, hvort Hermann lögreglustjóri ber ábyrgð á þeim aðförum, sem urðu á bæjarstjórnarfundinum, en það er a. m. k. víst, að hv. þm. G.-K. ber ábyrgð á málshöfðunum gegn þeim, sem hafa orðið fyrir barðinu á misbeitingu lögregluvaldsins. (**ÓTh:** Ég er ekki dómari!). Nei, en hafði samt ákæruvaldið. Og mér vitanlega var ekki beint neinni rannsókn að því, að hve miklu leyti þetta var lögreglustjóranum að kenna. Og nú er viðurkennt af flestum mönnum í landinu, að fyrsta orsök til þessara atburða var það, þegar kröfu verkamanna um fjölgun í vinnu var svarað á þá leið, að bæjarstj. ákvað þriðjungs kauplækkun. Það voru dáfallegar viðtökur, sem verkamenn fengu, þegar þeir komu til að hlýða á rökræður um vandamál sín, að lögreglunni var sigað á þá. Fyrst var neitað að fjölga í vinnunni, síðan er kaupið lækkað, og síðan send lögregla til að berja þá niður.

Þá vildi hv. þm. færa þá afsökun fyrir að hafa ekki gefið út bráðabirgðalög, að hann hafi ekki viljað einskorða ramma framkvæmdanna. Vill hann þá heldur framkvæma fyrir utan lög og rétt! Því að eftir engum l. gat hann þá gert slíka

hluti nema bráðabirgðalögum. En hann kaus fremur lögleysuna til þess að þjóna lund sinni heldur en bera fram l., sem hann yrði síðar að skýra nánar og verja í Alþingi. Hann sagði, að þá hefði síður verið hægt að breyta fyrirkomulaginu eftir reynslunni. Þetta er eins og hver önnur vitleysa, slíkt var eins hægt fyrir því, þótt löglega væri að farið í fyrstu.

Þá vill hv. þm. sérstaklega geta þess, að þetta lið sé ekki svo hættulegt vegna þess að alþýðusamtökin muni hafa sitt eigið varnarlið til þess að verjast, ef á það yrði ráðizt. Ef það er nægilegt til þess að standast óþarfar árásir af hendi þessa liðs, til hvers er það þá? Og er þá nokkuð betra, þegar komið er upp öðrum liðsveitum, eins og Heimdellingar, flokksmenn þessa þm., hafa gert og nazistar. Allt saman orsakast þetta af varalögregluliðinu. Ennfremur hafa kommúnistar sitt sérstaka lið. Það er þessi vopnaði friður, sem hv. þm. virðist trúa betur á en hinn óvopnaði. Svo er eitt að athuga: Við höfum ekki fengið neina yfirlýsingu um það frá hálfu stj. né þm. G-K., sem gleymir því, að hann er ekki ráðh. nú og verður það vonandi aldrei aftur, hvaða tæki þetta lið eigi að hafa. Ef það á að vera útbúið með gasi, þá geta 100 menn orðið hættulegir 1000 í höndum óhlutvandrar stj. og orðið nægilegt til þess að halda niðri mönnum í landinu, sem eru þeim andvígir, og það er ósvinna, að ráðh. haldist það uppi að rikja hér á móti l. og lagalaust á sama hátt og þm. G.-K. gerði í þessu ríkislögreglumáli.

Þá er loksins eitt eftir, sem hv. þm. lafir í, og það er, að miðstj. Sjálfstæðisfl. hafi ekki samþ. kauplækkun. Það hefi ég ekki sagt, að hún hafi gert, heldur fært líkur að því, og ég er svo kunnugur þm. G.-K., að ég fullyrði, að hún hafi gert það, fyrst hann segir hið gagnstæða. Guðmundur Ásbjörnsson, þáverandi borgarstjóri, lýsti yfir því, að miðstj. Sjálfstæðisfl. hefði samþ. þetta og því væri ekki hægt að breyta án hennar vilja.

**Vilmundur Jónsson:** Ég á á þskj. 858 brtt. við 1. gr. frv., og af því að hún snertir ekki grundvöll þess deilumáls, sem hér er um að ræða, vona ég, að hún geti fengið góðar undirtektir. Eins og frvgr. er nú, er gert ráð fyrir því, að fjöldi lögregluþjóna, sem fyrirskipa má í bæjum, skuli vera allt að 2 á hvert þús. íbúa og þetta látið ná jafnt til hinna smæstu þorpa og stærstu kaupstaða. Það má vel vera, að hæfilegt sé fyrir stórborgir, að hafa svo margt venjulegra lögregluþjóna, að það nemi 2 á hvert þús. íbúanna, en það er fjarstæða fyrir smákaupstaði okkar, eins og þeir eru velflestir. Þar má komast af með miklu minna. Lögregluþjónaþörfin í bæjunum vex sem sé engan veginn í jöfnu hlutfalli við íbúafjölda þeirra, frá þeim fólksfæstu og til hinna fjölbyggðustu, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ákvæði frv.gr. verða skoðuð sem yfirlýsing þingsins um lögregluþjónaþörfina, og getur það haft þýðingu að sú yfirlýsing sé byggð á fyllsta viti og sanngirni. Till. mín fer einmitt í þá átt. Til þess að hv. þm. skilji brtt. mína betur, skal ég láta þá heyra, hver munurinn yrði á áætluðum fjölda lögregluþjónanna með því að samþ. hana og að láta gr. standa óbreytta.

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eftir frv. má fyrirskipa | 1000 | m. | þorpi | að | hafa | 2 | lögr.þj., | eftir brtt. minni | 1 |
| ——„—— | 2000 | — | — | — | — | 4 | — | ——„—— | 1 |
| ——„—— | 3000 | — | — | — | — | 6 | — | ——„—— | 2 |
| ——„—— | 4000 | — | — | — | — | 8 | — | ——„—— | 4 |
| ——„—— | 5000 | — | — | — | — | 10 | — | ——„—— | 6 |

Svo fer munurinn að verða minni, og þegar bæirnir eru orðnir stórir, er munurinn ekki verulegur. Í 20 þús. manna bæ má þannig fyrirskipa eftir frv. 40 lögr.-þj., en eftir brtt. 36, og í 30 þús. manna bæ eins og Rvík 60 lögr.þj., en eftir till. 56. **(Raddir:** Er það hæfilegt fyrir Rvík?) Nei, það dettur mér ekki í hug að segja, en það er sönnu nær en að setja 5—6 lögregluþjóna í kaupstaði eins og Ísafj., Vestmannaeyjar eða Hafnarfj. Ég geri ekki ráð fyrir að geta haft veruleg áhrif á, hvað ákveðið yrði viðvíkjandi Rvík, sem aðallega mun vera miðað við af höf. frv., og flyt ég þessa till. aðeins til þess að gæta réttar smábæjanna að þessu leyti.

Þar sem ég þekki til í smábæjum eru 1 eða 2 lögregluþjónar og vandræði að hafa nokkuð handa þeim að gera við löggæzluna. Ef 5 lögregluþjónar yrðu t. d. settir á Ísafjörð, yrði það einungis til athlægis. Þeir, sem bera kvíðboga fyrir því, að til þess ófriðar komi, að halda þurfi uppi almennum friði með lögregluliði, verða að gæta þess, að í frv. er alls ekki gert ráð fyrir því, að skipaðir verði svo margir lögregluþjónar á þessum smástöðum, að þeir nægi til þess að skakka leikinn, ef til verulegs ófriðar dregur. Ef farið verður eftir ákvæðum frv. verða lögregluþjónarnir í smábæjunum þess vegna of margir undir öllum venjulegum kringumstæðum, og þó of fáir í þeim undantekningartilfellum, sem liðsafnaðar þætti þörf. Fyrir því vænti ég þess, að hv. þdm. geti fallizt á að samþ. þessa till.

Ég skal geta þess, að ég gerði ráð fyrir, að 1. brtt. á þskj. 847, sem er við sömu gr., mætti samþ. jafnframt brtt. minni á þskj. 858, en ef einhver tormerki eru á því, vænti ég þess, að mér leyfist að bera fram skrifl. brtt. til að samræma hana við mína till. á þskj. 858.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég skal fyrst segja nokkur orð út af brtt. þm. Ísaf., þar sem hann fer fram á að lækkuð verði tala lögreglumanna. Ég vil benda á, að eftir 1. gr. frv., sem hér liggur fyrir, þá er það hámarkið, sem hér er tiltekið, því að þar stendur „allt að". Þar af leiðir, að það er ekki sagt, að lögreglan verði eins fjölmenn og þarna er gert ráð fyrir, og um það verður af hvaða stj. sem er leitað álits bæjarstj. áður en nokkur fyrirskipun er gefin. Annars geri ég ekki ráð fyrir því, að um aukningu verði að ræða, nema eitthvað sérstakt komi til, og það verður a. m. k. ekki gert fyrr en eftir að ráðgast hefir verið um það við hlutaðeigandi bæjarstj. En ég held, að sú tala, sem hv. þm. Ísaf. stingur hér upp á, að í bæjum með 1—2000 íbúa skuli vera 1 lögregluþjónn, sé allt of lág, eða að hann ætli þessum manni fulllangan vinnutíma. Hér í Rvík er skipt í vaktir milli lögregluþjónanna, og veit ég ekki betur en að þeir hafi átta tíma vakt hver, og einn dag í viku verða þeir að hafa frí eins og aðrir menn. Ég sé ekki, hvernig hv. þm. ætlast til, að þessi eini maður geti annað þessu öllu saman. Mér finnst hann ætli að leggja á hann óhæfilega mikið af störfum, eða ætlist til, að engin gæzla sé suma daga eða vissa tíma dagsins. Þess vegna er það fjarri, að ég geti samþ. þessa till. Hún myndi ofbjóða starfsþreki þess manns, sem hér ætti í hlut.

Þá var það hv. 2. þm. Reykv., sem talaði mikið hér um tíðindin 9. nóv. og vildi kenna lögregluþjónunum allt, sem gerðist þann dag. Ég er ekki í neinum vafa um, að hann er þar ósanngjarn við lögregluna. Eftir þann dag var lögreglan hér í Rvík mjög vinsæl og talin að hafa leyst verkefnin vel af hendi, sem fyrir hana voru lögð, og ég er viss um, að hann gerir henni rangt til. **(Rödd af pöllunum:** Hjá hverjum var hún vinsæl?. — **Forseti:** Hafið hljóð!). Þar sem hún var að inna af hendi sín störf **(Rödd:** Fyrir atvinnurekendur.), að halda uppi reglu í bænum, ekki frekar fyrir einn en annan. Það gildir jafnt fyrir okkur öll. Ég hygg, að það sé eins mikið öfugmæli og framast er unnt, þegar sagt er, að lögreglan hafi ráðizt á almenning til þess að berja hann niður. Liðinu var stjórnað af lögreglustjóra, og hélt ég, að jafnaðarmenn ættu ekki að ráðast á þennan mann hér — hann, sem jafnan fylgir þeim að öllum málum og er í raun og veru þeirra eigin maður í bæjarstjórninni. Ég segi, að þeir launi honum fylgið allilla, ef þeir ráðast á hann hér.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um, að það hefði verið mikill hávaði hér eftir þingrofið. En það var eftir að þingfundi var slitið, að sá hávaði varð og að því leyti sem háreysti varð hér í bænum, þá var það eftir að fundi var slitið, en ekki á þingfundi. Hv. þm. sagði ennfremur, að það væri ekki sér að kenna, hve lögreglan hefði orðið dýr. Ég sagði þar um, að auðvitað hefði ríkið orðið að greiða þessum mönnum meira vegna þess, að þeir voru útilokaðir frá allri vinnu, m. a. af hálfu hv. 2. þm. Reykv. Þetta er rétt, og hv. þm. getur ekki neitað því. **(HV:** Það þurfti ekki að hafa þá). Það er nokkuð, sem stj. verður að afgera á hverjum tíma sem er og hv. þm. getur afgert, þegar hann er kominn í stjórn. En hvað gera jafnaðar-

menn, þar sem þeir eru í stj.? Ég held, að þeir hafi lögreglu og m. a. s. auka hana, þegar hin minnsta ástæða er til. Hvað heldur hv. þm., að sé mikil lögregla og her í Danmörku. (**HV**: 400 manna ríkislögregla, sem svarar til 12 hér). Svo er bæjarlögreglan, sem er mörg þúsund manns og svo her. Og þegar átti að fækka honum, þá fóru þeir ekki lengra niður en í 20 þús. Stauning vildi hafa 20 þús. manna her, og svo kemur þessi hv. þm. hér og heldur því fram, að það eigi að vera e. t. v. 2—4 lögregluþjónar í stórum bæjum. Svo hyggst hann vera flokksbróðir og skoðanabróðir þessa manns. Þetta getur ekki samrýmzt. Hv. þm. veit, að hér er ekki um annað að ræða en að halda uppi lögum og reglu og friði. — Hv. þm. sagði, að það hefðu verið 13 menn úr alþýðusamtökunum í lögregluliðinu. Ég held, að þeir hafi nú verið fleiri, en skal þó ekki um það þræta við hv. þm. En mér þykir þetta hreint ekki svo lítið, að 13 menn skuli hafa gengið ótilkvaddir í liðið, en svo rekur hv. þm. þá alla úr flokknum jafnskjótt og hann kemur því við. Þetta er nú frjálslyndið á þeim bænum. Hv. þm. sagði, að það væri ekki ofsókn, þótt neitað væri að vinna með þessum mönnum, sem væru í lögreglunni. Þetta tel ég hreina ofsókn. Því að hvers vegna mega þeir ekki vinna? (**Rödd af pöllunum**: Þeir svíkja sína stétt fyrir 2 kr. á klukkustund). Nei, jafnaðarmenn fá að sjá það, þegar þeim vex fiskur um hrygg, ef þeir eiga það fyrir höndum, sem ekki er ómögulegt. Þá munu þeir iðrast eftir sinni eigin afstöðu til þessa máls, því að þegar svo er komið, að menn bera ábyrgð, þá verða menn að hegða sér öðruvísi en jafnaðarmenn gera nú.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Það er ekki miklu að svara þessu pexi dómsmrh. nema aðallega því, sem hann sagði um jafnaðarmenn í Danmörku. Eins og ég skaut fram í ræðu hans, þá eru aðeins 400 manns í ríkislögreglunni þar, og það er ekki hægt að kalla það mikið, þar sem hún hefir auk þess sérstök störf með höndum og þar sem nazistar vaða uppi á suðurlandamærunum. En þar sem hann segir, að bæjarlögreglan sé mikil, þá veit ég ekkert um það og hann ekki heldur. Hann hefir engar spurnir af því, hve mikil hún er, en ég veit ekki til, að þar sé nein varalögregla eða nokkur löggjöf eins og hér er borin fram. (**Dómsmrh.**: Hvað eru margir í hernum?). Jafnaðarmenn hafa stöðugt verið að takmarka útgjöldin til hersins, út frá því, sem allir eru sammála um, að herinn verði aðallega til þess að nota inn á við og auðvitað gagnvart verkamönnunum. (**Dómsmrh.**: Ætlar þá stj. í Danmörku að nota hann þannig?). Nú veit dómsmrh., að hún hefir ekki meiri hl. nema með stuðningi annara flokka, og hvernig ætti hún að geta komið á afnámi hersins með minni hl. í báðum þingum? Það kann að vera, að það sé svo skylt með flokki hans og Framsóknarfl., að þótt flokkur hans sé hér í minni hl., þá geti hann ráðið úrslitum mála. En það er ekki svo skylt með flokkum í Danmörku.

Viðvíkjandi barsmíðunum á bæjarstj.-fundinum má taka það fram, að allur þessi málarekstur og ofsóknir gagnvart mönnum og þetta varalögreglulið virðist allt eiga að byggjast á atburðunum 9. nóv. Aukning lögreglunnar virðist byggjast á því, að þegar hún gerði árás á verkamennina, innan og utan við salinn, tókst henni ekki að berja þá alla niður og dreifa því fólki, sem utan við húsið var, eins og gert var inni. Hefði verið nær, að hún hefði getað barið niður mörg hundruð manna og hefði það verið fagnaðarefni fyrir stj.? Það lítur út fyrir, að það sé þess vegna, sem hún vill koma liðinu upp, að ef annað slíkt tilfelli kemur fyrir, þá sé lögreglan fær um að lemja niður mörg hundruð manna. Það hefir verið talað um það, að lögreglan hafi meiðzt, og það er rétt, þótt það sé skiljanlegt, en það er ekki minnzt á, að fjöldi verkamanna hafi meiðzt, og þó er vitað, að þeir voru ekki að berja hvern annan. Þau meiðsli voru af lögreglunnar völdum. Við mótmælum fyrst og fremst þessari stjórnaraðferð, og ég hygg, þótt ég hafi ekki talað við lögreglustjóra um þetta mál og spurt, hvernig á því standi, að hann hafi farið þannig að ráði sínu, að þetta hefði ekki orðið, ef sá maður hefði ekki verið í dómsmrh.sæti, sem var það þá.

Dómsmrh. finnst það mikið, að 13 menn hafi gengið úr alþýðusamtökunum inn í þetta lið. Nú eru nokkrir þessara manna búnir að sættast við félögin aftur og heita því að ganga ekki í þetta lið. En hér í verkamannafélögunum eru nú um 3½ þús. karlmanna og 13 menn af þeim er ekki hægt að kalla stóran hóp. Af sjálfsdáðum kom enginn. Menn vita, að Erlingur Pálsson þaut um allan bæinn til þess að reyna að fá menn í liðið, og fjöldi manna hafði neitað því, og þeir, sem loks gerðu það og sviku þannig sína stétt, gerðu það ekki ótilknúðir, því að auk þess sem Erlingur Pálsson lagði að þeim, þá var það atvinnan. Ríkis- og bæjarstjórn hafði vanrækt að halda mönnum sæmilega lifandi hér, og sumir menn fóru í þetta af hreinni neyð, og margir þeirra hafa talað við mig, sem sögðu, að þeim hefði aldrei dottið í hug að gera það, ef þeir hefðu vitað, hvernig það var, og í öðru lagi, ef neyðin hefði ekki rekið þá til þess. Neyðina og Erling Pálsson notaði ríkisstj. til að hóa liðinu saman.

**Frsm. (Ólafur Thors)** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. virðist ekki lengur vilja leggja ábyrgðina á lögreglustjóra af því athæfi, sem hann gerði að aðfinnsluefni, þegar fundarsalurinn var ruddur eftir bæjarstjórnarfundinn 9. nóv. En þegar hann áfelldi þennan samherja sinn, gat hann ekki gert það án þess að slettur féllu á aðra, og vildi ásaka mig fyrir, að ég beri ábyrgð á því, að málið var höfðað. Ég ber ábyrgð á því. Það var mín skylda að gera það í því embætti, sem ég þá sat í. (**HV**: Hvernig var það með Bolungavík?). Og hitt vil ég segja, að það var ekki á mínu færi sem ólögfróðs manns að mynda mér skoðun um dóm, og ég reyndi ekki að hafa nokkur áhrif á hann. Þetta veit hv. þm., að er satt, og veit, að ég er á engan hátt ámælisverður, þótt ég mælti svo fyrir, að mál skyldi höfðað gegn þessum mönnum.

Þá gerði hv. þm. að aðalefni í þessu sambandi þá kauplækkun, sem meiri hl. bæjarstj. hafði ákveðið að láta fara fram. En eins og ég sagði í útvarpsumr. í vetur, þá er það sitt hvað, að hafa samúð með því, að þeir, sem lægst eru launaðir, fái enn lægri laun, eða hvort menn krefjast þess að fá fundi frestað í bæjarstj. Rvíkur — fundi, þar sem löglega kosnir bæjarfulltrúar mega taka löglega ákvörðun. Þetta er sitt hvað. Og hv. þm. veit líka, að meiri hl. bæjarstj. ber fram þau rök fyrir kauplækkun sinni, að hún hafi álitið, að verkamennirnir myndu heldur sætta sig við það að fá lægra kaup, en visst, heldur en það þryti e. t. v. allt í einu. Og það er vitleysa hjá hv. þm., þegar hann heldur því fram, að ríkisstj. hafi sett lögregluna á fót í lagaleysi. Ríkisstj. hefir fulla heimild til að gera allt, sem hún telur nauðsyn til á hverjum tíma til þess að sjá borgið öryggi ríkisins. Því að eins og leit hér út að kvöldi hins 9. nóv., þegar lögreglan var barin og óvíg ger, þá hefði það verið óröggsöm stj., sem setið hefði auðum höndum og ekkert hafzt að. Það var skylda hennar að gera ráðstafanir. (**HV**: Og hvar er lagaheimildin?). Í stjórnarskrá ríkisins. — Ég var að skopast að þessum ótta hjá hv. þm., að varalögreglan yrði vopn í höndum eigingjarnra og valdasjúkra manna, og færði í því sambandi fram þær fullyrðingar, að verkalýðurinn hefði í hyggju og hefði þegar komið í framkvæmd að hafa lið í sínum hóp til að halda uppi friði, ef á þá er ráðist. Nú vill hv. þm. samt slá því föstu, að varalögreglan sé gagnslaus, ef hún gæti ekki haldið niðri slíku liði; en það er hlutverk lögreglunnar að halda uppi lögum og rétti, og ég verð að ganga út frá því, að það lið, sem alþýðusamtökin hafa innan sinna samtaka, sé ekki til þess ætlað að brjóta lögin og því óþarfi að ganga út frá því, að varalögreglan myndi lenda í skærum við það lið, því að hún er til að halda uppi friði, lögum og rétti í landinu. Hitt er annað mál, að ef einhver ætlar að misnota varalögregluna í þjónustu einræðis og ætlar að brjóta þannig stjórnskipunarlög landsins, þá getur vel verið, að hv. 2. þm. Reykv. og ég tökum höndum saman eins og eftir þingrofið fræga. Það er náttúrlega hinn mesti misskilningur, ef það er ekki annað verra, þegar hv. þm. gefur það í skyn, að það sé verið að efla lögregluna til þess að berja duglega á hundruðum manna, svo að þeir liggi óvígir á vígvellinum. Okkar hugsun er sú, að efla lögregluna svo, að menn viti, að það þýðir

ekki að rísa upp á móti henni, en ekki að hún verði sterk til þess að berja á einum eða öðrum, hvort heldur það eru samherjar eða andstæðingar. Um hitt atriðið, hvort þessi lögregla verði notuð til þess að hafa afskipti af kaupdeilum eða til þess að draga taum atvinnurekendanna í landinu gagnvart verkalýðnum, verður reynslan að skera úr, en ég skal lýsa því yfir sem formaður stærsta atvinnurekendafélags landsins, að ég mun aldrei óska eftir slíkri notkun lögreglunnar, og ég skal lýsa því yfir sem þm., að verði lögreglunni þannig misbeitt, skal ég greiða atkv. með því, að hún verði afnumin. **(Kallað af áheyrendabekkjum:** Og þú svíkur það!). Ég vil aðeins enda þessi orð mín með sérstakri hliðsjón af því, að hér er nokkuð óvenjulegur áheyrendalýður á svölunum, að ég fyrir mitt leyti eins og aðrir borgarar hefi oft dáðst að lögreglu Rvíkur fyrir hennar frammistöðu, þegar villtur óargalýður hefir ráðizt að henni og barið hana. Ég finn sérstakt tilefni til þess að segja þetta með hliðsjón af þeim áheyrendum, sem hér eru. (Ókyrrð á áheyrendapöllunum. — **HV:** Hefir forseti beðið að ryðja svalirnar? — **Forseti (JörB):** Ég hefi enga skipun gefið um það. — Kyrrð kemst á aftur). Ég þarf þá ekki að gera fleiri aths. í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Reykv.; en að því er snertir till. hv. þm. Ísaf. get ég tekið undir ummæli hæstv. dómsmrh. og sé ég ekki ástæðu til að hún verði samþ.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég vil þá fyrst skýra frá því — (Ókyrrð á áheyrendapöllunum). Ég vil óska þess, að forseti biðji lögregluna að fara út. Hún hefir ekki verið beðin að koma hér inn. **(Forseti:** Ég vil biðja menn að vera kyrrláta). Ég vil endurtaka þá ósk mína, að forseti biðji varalögregluliðið, sem er þarna uppi, að fara út. **(Forseti (JörB):** Ég vil biðja menn að gæta kyrrðar. Ég hefi ekki gefið neinar fyrirskipanir um að sýna neinn ójöfnuð einum né öðrum). Ég vil mótmæla þeirri lögreglustjórn, sem hér er. Það mun vera Erlingur Pálsson, sem ruddist hér inn á svalir þingsins án þess að forseti hafi óskað þess. Hann einn hefir rétt til þess að reka menn út. Ég vil æskja, að dómsmrh. láti Erling Pálsson sæta refsingu fyrir þetta.

Þá er það viðvíkjandi brtt., sem borizt hefir frá nokkrum framsóknarmönnum, að ég vil lýsa afstöðu okkar jafnaðarmanna til hennar. Með þessari till. eru sameinaðar 2. gr. frv., 7. og 8. gr., og sú almenna þegnskylda til þess að gegna kvaðningu í lögregluna er þar felld niður. Þar sem óhætt er að segja, að það sé eitthvert hættulegasta atriðið í þessu frv., þá munum við jafnaðarmenn auðvitað því fylgjandi, að það ákvæði falli burt, enda höfum við farið fram á það við Framsóknarflokkinn, að það yrði tekið út. Hinsvegar get ég ekki skilið, hvers vegna þarf að hrúga svona miklu saman í þessari till. Hér er tekið fram, að lögreglumenn ríkisins séu sýslunarmenn og njóti sömu verndar og þeir menn, er gegni borgaralegri skyldu. Ég get ekki skilið, að þeir, sem gegni borgaralegri skyldu, njóti neinnar annarar verndar en sýslunarmenn ríkisins. Hvers vegna er það tekið fram, að enginn megi tálma því, að maður gegni varalögreglustörfum, ef ekki er átt við það, að menn megi ekki skipta sér af lögreglunni þegar hún er að sínum störfum? Það, sem mér finnst varhugavert við að halda þessu ákvæði, er það, að menn kunni að vilja skjóta sér undir þessi ákvæði og að það sé meira gert vegna þess. Er þarna átt við einhverjar tálmanir fyrir verkalýðsfél. til þess að banna sínum mönnum að vinna með utanfélagsmönnum? Hingað til hefir það verið viðurkenndur réttur verklýðsfélaganna um allan heim, að þau ráði því, hvaða meðlimir séu í félaginu, og þá auðvitað geti þau vikið meðlimum úr félaginu, ef þeir brjóta samþykktir félagsins og að ekki sé hægt að skylda neinn mann til þess að vinna með öðrum mönnum, ef hann kýs að leggja niður vinnu. Þennan rétt munu verklýðsfélögin verja út í yztu æsar, og ég vil skilja það svo, að með þessari gr. sé á engan hátt gengið á rétt þessara félaga til þess að halda uppi starfsemi á þennan hátt, sem er viðurkenndur um allan heim. Vegna 7. gr. vil ég samt sem áður lýsa því yfir, að við munum heldur kjósa þessa breyt. á frv. Ég hefi svo ekki öðru að svara. Í ræðu hv. þm. G.-K. var í raun

og veru það sama og áður hefir verið sagt; en ég vil spyrja hann aftur að því, sem hann og þeir, sem hafa verið fylgjandi þessu frv., hafa aldrei getað svarað: Á móti hvaða liði er þessu liði ætlað að vera svo fjölmennt? Sjá þeir vísi til þess í landinu, að þar þurfi að vera svo fjölmennt lið. Þá vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., hvaða vopn eru það, sem þetta lið á að nota önnur en kylfurnar, sem menn hafa orðið áþreifanlega varir við hér á áheyrendabekkjum þingsins og við bæjarstjórnarfundi? Eru það önnur vopn, sem ríkisstj. hefir verið að kaupa handa varalögreglunni og hún vill ekki láta menn verða vara við? Er það þess vegna, að hæstv. dómsmrh. hefir neitað mér um að sjá fylgiskjölin, til þess að sjá, hver kostnaðurinn hafi verið af ríkislögreglunni? **(Dómsmrh.:** Nei, ekki þess vegna). Engin önnur vopn? **(Dómsmrh.:** Nei). Og verða ekki? **(Dómsmrh.:** Hvað á ég að verða lengi dómsmrh.?) Verða ekki önnur vopn notuð meðan þessi dómsmrh. situr? **(Dómsmrh.:** Nei). Þá vil ég geta þess, að enginn þeirra manna, sem mælt hafa fyrir þessu frv., hafa svarað því, hvers vegna stendur í 4. gr., að lögreglan megi ekki skipta sér af venjulegum kaupdeilum. Eru þá einhverjar kaupdeilur, sem hún á að skipta sér af? Hvers vegna má ekki afnema þetta orð?

ATKVGR.

Brtt. 858 felld með 15:3 atkv.
— 847,1 felld með 18:3 atkv.
— 864,1 samþ. með 14:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Brtt. 847,2.a samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** StgrS, SvbH, VJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HG, HV, JónasÞ, LH, JörB.
**nei:** PO, ÁÁ, GÍ, HJ, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PHalld.
ÞorlJ, IngB greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (SvÓ, TrÞ) fjarstaddir.
Brtt. 847,2.b felld með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** BKr, HG, HV, SvbH, VJ, JörB.
**nei:** GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, ÁÁ, BJ.
BÁ, JónasÞ, StgrS, ÞorlJ, BSt greiddu ekki atkv.
Tveir þm. (SvÓ, TrÞ) fjarstaddir.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18:3 atkv.
Brtt. 847,3.a felld með 19:3 atkv.
— 847,3.b, aðaltill., felld með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HG, HV, VJ.
**nei:** GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB.
ÁÁ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.
Brtt. 847,3.b, varatill., felld með 18:3 atkv.
5. gr. samþ. með 21:3 atkv.
Brtt. 847,4.a felld með 21:3 atkv.
— 864,2 samþ. með 14:4 atkv.
— 847,4.b felld með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HV, StgrS, SvbH, VJ.
**nei:** HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, JörB.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 874 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 864,3 (ný 7. gr.), svo breytt, samþ. með 14:1 atkv.
7. og 8. gr. þar með niður felldar.
9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 21:3 atkv.
Brtt. 847,5 felld með 24:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** VJ, HG, HV.
**nei:** ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, JörB.
Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.
10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 21:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:3 atkv.

---

Á 88. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 875, 887).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:3 atkv.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt.

887. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Vilmundur Jónsson:** Rétt í þessu hefir verið útbýtt brtt. frá mér við 5. gr. frv., þess efnis, að núverandi tollverðir ríkisins verði ekki skipaðir í varalögregluna, ef þeir ekki vilja það sjálfir.

Við Alþýðuflokksfulltrúarnir fluttum í gær brtt. við þessa sömu gr. frv., sem þótti fjarstæða, og var það að vísu, því að hún fór í þá átt að skipa mætti ýmsa af starfsmönnum ríkisins í varalögregluna. Till. var af ásettu ráði flutt sem fjarstæða og aðeins til að sýna það, hver dæmalaus fjarstæða það er að leggja þá skyldu á tollþjónana að gegna varalögreglustörfum. Það er sem sé ekki hóti meiri fjarstæða að skipa t. d. fornminjavörðinn, landsbókavörðinn, biskupinn eða hvern annan af þeim mönnum, sem í till. okkar voru nefndir, til að gegna þessari skyldu, heldur en tollverðina. Tollverðirnir eru margir búnir að starfa árum saman og hefir aldrei dottið í hug að þessi kvöð yrði á þá lögð, og mundu ekki hafa tekið það starf að sér, ef þeim hefði dottið það í hug. Nú er búið að fella úr frv. hina almennu herskyldu, sem er allra þakka vert, en því sjálfsagðara er að létta henni einnig af tollvörðunum og raunar líka skipshöfnum varðskipanna. Hvers eiga tollverðirnir að gjalda? Það eru gersamlega óskyld störf að skoða vörur og að vopnast kylfum og bareflum til þess að taka þátt í blóðugum bardögum. Líkt má að vísu segja um skipshafnir varðskipanna, en þó eru þeirra störf skyldari þessum lögreglustörfum heldur en störf tollvarðanna. Ég vona, að till. mín fái góðar undirtektir. Þessum mönnum, sem hér eiga hlut að máli væri þar með sýnd sjálfsögð sanngirni. Mér er kunnugt um, að í þessu liði er margt ágætra starfsmanna, sem mundi verða það mjög óljúft að gegna þessari skyldu, og það svo, að ef knýja ætti þá til þess, væri það sama sem að reka þá frá starfi sínu.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég verð að segja, að mér finnst þessi till. heldur óþörf, því að ég geri ekki ráð fyrir, að neinum manni verði þröngvað til að taka þátt í þessu starfi. Ég skoða þessa till. borna fram til þess að koma fram með einhverjar brtt., en ekki af því, að hv. flm. haldi, að hér verði brúkuð einhver nauðung. Ég sé því ekki ástæðu til þess að samþykkja þessa breytingartillögu, og lýsi því yfir fyrir mitt leyti, að ég mun ekki neyða neinn til að taka þátt í þessu starfi.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég hefi ekki leyfi til að lýsa neinu yfir f. h. n. um till. hv. þm. Ísaf. Hæstv. dómsmrh. hefir lýst því yfir, að hann muni ekki láta neinn nauðugan vinna þetta starf og það mun gilda meðan hann er í þessari stöðu.

Ég fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, að það sé ekkert óeðlilegt, að tollverðirnir gegni þessari skyldu, og ég vil lýsa því yfir sem minni skoðun, að verði till. hv. þm. Ísaf. felld, þá leiðir það til þess, að hvaða lögreglustjóri sem er, getur krafizt þess, að tollþjónarnir gegni þessari kvöð, og ég lít svo á, að það eigi þannig að vera. Ég mun því greiða atkvæði á móti till. út frá því sjónarmiði, að tollverðirnir séu skyldugir til þessa.

**Vilmundur Jónsson:** Ég vil út af yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. um að enginn skuli verða neyddur til að gegna þessu lögreglustarfi, inna hann eftir því, hvort það eigi einnig að gilda um skipshafnir varðskipanna. Mega þær líka búast við því að verða ekki neyddar til þessara starfa, ef þeim er það óljúft, a. m. k. meðan hann er ráðh.? Mér þykir nokkru skipta að fá það ljóst fram, að hið sama eigi að gilda um skipshafnirnar á varðskipunum og tollverðina, sem hæstv. ráðh. hefir gefið svo afdráttarlausa yfirlýsingu um. Það var óþarfi af hæstv. ráðh. að herma það upp á mig, að ég hafi játað mig hafa borið fram till. þá í gær í skopi. Ég hefi ekki sagt, að við höfum flutt till. í skopi, enda fór því fjarri. Hún var að vísu flutt sem fjarstæða, en þó í fyllstu alvöru og til þess að sýna fram á, hver endaleysa það væri að skylda þessa menn, tollverðina, til að gegna varalögreglustörfum. Og nú er það orðið enn þá fjarstæðara en áður eftir að búið er að fella 7. gr. frv., þar sem ákveðið var, að þessa kvöð mætti leggja á alla án undantekningar.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það var ekki ég, sem byrjaði á því að tala um þessa till., sem flutt var í gær, það var hv. flm. sjálfur. Hann hefir nú viðurkennt, að hún hafi verið fjarstæða, en flutt í fullri alvöru. Hann um það. Ég skil ekki þennan orðaleik. En viðvíkjandi skipshöfnunum á varðskipunum, þá er það annað mál. Skipshafnir varðskipanna eru nú þegar lögregla á sjónum og hljóta þess vegna alltaf að vera lögregla.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég vil gera fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. út af því lögregluuppþoti, sem varð hér uppi á áheyrendapöllunum, og eins hvernig stendur á því, að hér er höfð varalögregla inni í blaðamannaherbergi. Ég vil spyrja hann að því, hver hefir óskað eftir þessu. Ekki hefir forseti óskað eftir því. Það er mjög óviðkunnanlegt að sitja hér og vera vaktaður af mönnum, sem vitað er um, að meira en helmingur eru nazistar. Hver veldur þessu? Er það kannske Hermann lögreglustjóri, sem fyrirskipar þetta, eða Erlingur Pálsson. Það er ekki enn orðið svo ófriðsamt hér í þinginu, að það þurfi að vaka yfir okkur eins og smábörnum. Það er ekki ástæða til að halda þessum mönnum upp á sérstakt tímakaup til þess að hlusta á ræður. Ég vænti þess, að hæstv. dómsmrh. geti upplýst þetta, og hvort einhver af þeim, sem ég nefndi, valda þessu. En viðvíkjandi lögregluuppþotinu, sem hér varð í gær, átti ég tal við hæstv. dómsmrh. eftir fund í gær. Ég býst við, að hv. þm. hafi þótt það leiðinlegar aðfarir, sem þar skeðu, en ég skal að vísu játa það, að þarna var nokkur órói og gripið fram í ræður manna, en það er ekki nema það, sem oft hefir áður skeð. (**LH:** Það eru algerð ósannindi, að algengt sé, að gripið sé fram í). Það eru fleiri hér á þingi heldur en hv. þm. V.-Sk., en hann er bæði heyrnarlaus og vitlaus. Það hefir enginn vald til að hafa varaliðið hér inni á Alþingi annar en forseti þingsins. Hann ræður, hverjir taka til máls. Hann getur tekið af þeim orðið. Hann ræður því, hvort áheyrendasalirnir eru opnaðir eða hvort áheyrendum er vísað út. Hann heldur allri reglu. Lögreglustjóri eða fulltrúi hans hefir ekkert vald til að skakka leikinn nema eftir ósk forseta. Það er því óviðkunnanlegt, að ráðist sé inn á pallana án þess að óskað sé eftir því af forseta.

Ég hefi spurt nokkra af áheyrendunum, sem þarna voru uppi, hvernig þetta hafi byrjað. Þeir sögðu söguna á þann hátt, að þarna uppi hefðu verið nokkrir úr hópi kommúnista og allfjölmennur hópur af þessu svo kallaða hvíta liði, og svo hefðu nokkrir lögregluþjónar staðið á bak við. Svo þegar að því kom, að ryskingarnar urðu, þá hefðu þessir lögregluþjónar snúið sér að Stefáni Péturssyni og ætlað að taka hann, og var hann sleginn af einum lögregluþjóninum og fluttur út meðvitundarlaus. Við þetta höfðu orðið nokkrar ryskingar og höfðu hvítliðar rokið upp úr sætum sínum og ætlað að hjálpa til. Þegar þeir höfðu flutt Stefán Pétursson út söfnuðust kringum hann 8 lögregluþjónar, og þá var hann barinn með kylfu aftan í höfuðið og þannig fluttur inn í Hlaðbúð, og þá var strax símað eftir lækni. Þeir vissu ekki, hvaða lögregluþjónn það hefði verið, sem sló hann, en héldu, að það hefði verið Björn Vigfússon. Annar maður hafði meiðzt þarna líka. Ég vildi benda hæstv. dómsmrh. á þetta, ef hann hefir ekki rannsakað þetta.

Það er algerlega óforsvaranlegt af lögreglunni að berja menn með kylfum í höfuðið, þegar hún hefir þá alveg á valdi sínu. Ég vil vænta þess af hæstv. ríkisstj., að hún sjái um, að við þurfum ekki að eiga þesskonar lögreglu hér til þess að vernda okkur á næstunni.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það er alveg satt, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að hann átti tal um þetta við mig í gærkvöldi, að láta rannsaka hvernig á þessum óeirðum hefði staðið.

Ég vil nú minna hv. þm. á það, að ég var hér á fundi þangað til kl. 11 í gærkvöldi og þurfti að sinna mínum störfum í stjórnarráðinu fram að hádegi í morgun. En ég mun útvega mér upplýsingar um þetta. Mér fannst satt að segja, að hv. þm. tala eins og hann væri að reyna að æsa fólkið. Mér dettur ekki í hug að trúa því, að 7 eða 8 lögregluþjónar hafi ráðizt á einn mann og slegið hann eða

misþyrmt honum. Mér hefir verið sagt svo frá, að kommúnistar hafi samþ. það á sunnudaginn var að berja á þm. og reka þá út. Og þar sem lögreglan hefir sjálfsagt fengið að vita þetta, þá var það skylda hennar að mæta hér og koma í veg fyrir óeirðir, hér sem annarsstaðar. Ég get sagt, að ég hefi aldrei orðið var við annað en að lögreglumennirnir hér kæmu prúðmannlega fram hvar sem er, en það skal ég játa, að ég hefi aldrei verið viðstaddur þar sem skærur eða bardagar hafa orðið. Annars mun ég láta fram fara athugun og rannsókn á því, sem fram fór á pöllunum hér í gær.

**Lárus Helgason:** Ég þarf bara að benda á hið óskiljanlega framferði hv. 2. þm. Reykv. Þegar ég grip fram í ræðu hans og bendi á, að þau orð hans séu ósönn, að oft hafi verið óeirðir hér á pöllunum, slíkar sem í gær, þá snýr hv. þm. þegar ranghverfunni út og slettir úr sér orðum, sem þm. eru vart samboðin. Hann segir, að ég sé bæði heimskur og vitlaus. Þetta er nú leiðtogi ungmenna þessa bæjar, sem þannig talar. Það er varla von til þess, að ungmennin hér verði fyrirmyndarfólk. Slík ræða og sú, sem hann hélt hér nú, er vel til þess fallin að vekja hið illa í unglingunum, eins og líka kom fram hér í gær. Hv. þm. væri nær að stilla betur skap sitt. Orð eins og þau, er hann mælti til mín, saka mig ekki. Þau falla á hann sjálfan.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Ég kannast ekki við að hafa mælt nein þau orð, sem gátu valdið því, að fram í var tekið af pöllunum. Að vísu var gripið með meira móti fram í í gær. En af þeim, sem voru að tala, var þó ekki óskað eftir því, að lögreglan skipti sér af því. Og á þeim, sem var að tala, þegar lögreglan hóf afskipti sín, var að heyra, að hann þættist hafa í fullu tré við áheyrendur og án allrar lögreglu. Ég stend því við það, sem ég hefi sagt, að afskipta lögreglunnar var ekki óskað af neinum.

Ég skil það, að dómsmrh. muni ekki hafa haft tíma til að rannsaka þetta mál ennþá. En ég óska, að sú ranns., er hann lofar, hefjist sem fyrst, svo úrslit hennar geti orðið kunn, áður en þingi lýkur.

Ég veit það, þó ekki væri ég viðstaddur, að sögurnar, sem ráðh. hefir fengið af kommúnistafundinum á sunnudaginn var, hafa verið rangar. Það er skiljanlegt, að þeir, sem bera slíkt á milli, geri það sögulegt, þar sem þeir eru að vinna til borgunar. Af kommúnistum getur engum stafað sá ótti, að nauðsynlegt sé að hafa mikið lið.

Mér skildist af orðum dómsmrh., að það væri ekki af hans völdum, að lögreglulið hefði verið kallað hingað, heldur hefði lögreglan sjálf staðið fyrir því. Forsetar hafa sagt, að það væri ekki af hálfu þeirra gert. Og þá fara þessi afskipti lögreglunnar að verða einkennileg. Hver stendur þá eiginlega fyrir því, að hér fylla lögreglumenn og nazistar öll herbergi? Er það Erlingur Pálsson, sem stendur fyrir því, eða er það lögreglustjórinn?

Mér láðist í gær að svara einu atriði í ræðu þm. G.-K. Hann sagði, að stj. byggði þann rétt sinn, að hafa hér varalögreglu, á ákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég get nú ekki séð, að það geti verið byggt á neinu ákvæði stjórnarskrárinnar. Það væri þá helzt 71. gr., en hún segir svo: „Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum". Þetta er hið eina, sem nálgast. En hér er átt við vörn landsins út á við. Og auk þess er gert ráð fyrir, að nánar verði kveðið á um þetta með sérstökum l. En þau hafa aldrei verið samin né samþ. Þetta er því algerlega ófullnægjandi heimild.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að blaðamannaherbergið væri fullt af lögreglumönnum. Þetta er víst ekki rétt. Ég sé þá a. m. k. ekki. Og hver og einn getur gengið úr skugga um, að þetta er rétt hjá mér með því að líta þangað. Annars hefi ég ekkert út á það að setja, þótt lögreglan sé hér. Henni er fyrst og fremst heimilt að vera hér sem öllum öðrum. Og auk þess er það skylda hennar að vera þar sem vandræða geti verið að vænta, og afstýra þeim.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Mér skilst, að nú sé komið að lokum þessarar umr.

Ég hefi setið á mér hingað til að tala um þetta mál. Ég vil þó segja nokkur orð vegna þess sem gerðist 9. nóv. og mér er vel kunnugt um. Að vísu er það ekkert aðalatriði þessa máls, þó mikið hafi verið um það rætt. Aðeins vildi ég segja, að mikið af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um þá atburði, er fjarstæða og vitleysa. Og ég er þess fullviss, að hann veit sjálfur, að svo er. Ég vil gefa þá skýringu á þessu, að hv. þm. er örðugt að stjórna skapi sínu. Það kom glögglega í ljós, bæði þá og nú. Ég tel því, að flokksmenn hans hafi illa valið, er þeir gerðu hann að frsm. sínum í þessu máli. Það var hið ótamda skap hv. þm., sem gerði það að verkum, að hann var dómfelldur fyrir athafnir sínar 9. nóv. Hv. þm. segir, að atburðirnir 9. nóv. hafi orðið vegna till., er fram kom í bæjarstj. og segir, að sú till. hafi verið samþ. af miðstjórn Sjálfstfl. (HV: Ég sagði aldrei miðstjórn flokksins!). Og hann sagði, að forseti bæjarstj. hafi skýrt sér svo frá. Nú var ég forseti á þessum fundi og veit því, að þetta er ekki rétt. Og ég veit, að aðalforsetinn sagði það heldur ekki. Og þess vegna er útilokað, að það geti verið rétt. Það, að hv. þm. er vanstilltur út af þessu máli, kemur af eðlilegri truflun vegna atburðanna og vanstillingu hans yfirleitt. Er því undarlegt, að hann skuli vera valinn til framsögu í þessu máli af flokksbræðrum sínum. En þrátt fyrir vanstillingu hv. þm. 9. nóv., þá kom hann þó í veg fyrir, að ráðizt yrði á mig og ég yrði barinn þennan dag. Kom hann þar vel og drengilega fram. Hann ætti því heldur að tala út frá því sjónarmiði að varna illdeilum, en á það brestur nú mjög.

Hv. þm. undraðist það, að lögregla skuli vera hér viðstödd nú. En það er ekkert undarlegt, þó lögreglan hafi veitt því athygli, að hingað safnaðist hópur manna og hafði verið hvattur til þess, í því skyni að hafa með ofbeldi áhrif á gang mála hér. Og í morgun voru borin áletruð spjöld um göturnar, er hvöttu menn til að mæta hér og hafa áhrif á afgreiðslu málsins. Það er því eðlilegt, að lögreglan mæti og athugi, hvað fram fer og stilli til friðar, ef með þarf.

Annars vil ég benda á það, að sá frsm., er jafnaðarmenn hafa valið sér í þessu máli, er svo mjög við málið riðinn sjálfur, að orð hans hafa minni þýðingu heldur en ef stilltari maður hefði andmælt þessu frv.

Að lokum vil ég óska þess, að hv. þm. og liðsmenn hans bæði hér og hvar sem er annarsstaðar, hverfi frá þeirri aðstöðu, sem þeir hafa haft í þessu máli frá 9. nóv. og til þessa dags. Sú aðstaða er sköpuð af því, sem hv. þm. varð sjálfum á þennan dag. Og ég hefi viðurkenningu margra hans manna fyrir því, að svona sé þetta í pottinn búið. En ég trúi tæplega, að hann vilji lengi halda fram þeirri firru, að nokkurri stétt sé voði búinn af lögreglu, einungis ef lögunum er hlýtt. Að halda því fram, að einhver stefna þurfi að óttast lögregluna, er sama sem að halda því fram, að sú stefna ætli ekki að hlýða l. Þau rök eru því dauðadæmd og ónýt. Ég held þess vegna, að þessi hv. samþm. minn standi bráðum uppi mjög fáliðaður, ef hann heldur áfram á sömu braut. Nema þá ef hann getur fengið þessa fáu kommúnista til fylgis við sig, sem hafa að því er virðist það eitt á stefnuskrá sinni að koma í veg fyrir það, að lögum sé haldið uppi í landinu.

**Frsm. (Ólafur Thors)** [óyfirl.]: Ég ætla að gera þá alveg óvenjulegu játningu að lýsa því yfir, að ég ætla að snúast til fylgis við þá till., er ég mælti á móti áðan. Ég hefi við nánari athugun komizt að raun um það, að brtt. um, að þeir tollþjónar, sem nú starfa, geti verið undanþegnir lögreglumannsskyldu, ef þeir óska, er sanngjörn. Ég get því ekki annað en fallizt á hana. En hinu geng ég út frá, að í þessar stöður verði framvegis valdir menn, er vilja vinna þetta verk.

Hv. þm. Reykv. vildi enn halda því fram, að stj. hefði brostið heimild til þeirra ráðstafana, er hún gerði í haust, um stofnun varalögreglu. Fyrir nú utan 71. gr. stjórnarskrárinnar, sem ég hafði í huga, en um má kannske deila, þá er það vitanlega ótvíræð skylda ríkisstj. á hverjum tíma sem er að gera allt, sem gera þarf, til þess að lögum og friði verði haldið uppi í landinu. Aðra heimild en þá þarf stj. vitanlega ekki.

Hv. þm. hefir margspurt um það, hver kvatt hafi hingað lögregluna. Það er nú

ekki eins og um neina glæpamenn sé að ræða, þó lögregla sé hér. Og það er undarlegur ótti við lögregluna, sem virðist hafa gripið hv. þm. En til þess nú að hann sé ekki lengur að spyrja um þetta, þá vil ég upplýsa það, að það var hæstv. forseti Sþ., sem óskaði þess, að lögreglan væri viðstödd hér, einkum meðan umr. færu fram um þetta mál.

Það er undarlegt og ómaklegt, hvernig hv. þm. hefir kastað steini að þessum mönnum, lögreglumönnunum. Ég skal nú ekki neitt fara að verja lögreglustjórann hér. En mér dettur þó í hug, að hann sé ágjarn á líkan hátt og sagt er, að Friðrik Vilhjálmur, faðir Friðriks mikla Prússakonungs væri. Hann var svo ágjarn á stóra menn, að hann gat ekki séð þá, án þess að ná þeim í þjónustu sína. En hann launaði þeim líka vel. Lögreglumennirnir hér eru líka stórir og myndarlegir. Þeir gera sína skyldu og vinna þó fyrir lágum launum. Má því ekki minna vera en að löggjafarnir verji þá gegn ómaklegum árásum af hálfu þm.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Hæstv. stj. sagði, er hún bar þetta frv. fram, að það væri gert til þess að halda uppi friði í landinu. Er vitanlega sízt að lasta, ef frv. getur orðið til þess. En ég minnist þess þó ekki, að alþm. hafi talið sig þurfa að hafa lífvörð, er þeir hafa verið að störfum hér í þinginu fyrr en nú eftir að lögregla þessi var stofnuð. Ég verð nú að segja, að ég fyrir mitt leyti óska ekki eftir slíkum vopnuðum friði og þeim, er verið hefir hér tvo síðustu dagana, og e. t. v. oftar. Ég er þess fullviss, að ef engin lögregla hefði verið hér í gær, þá hefðu engar aðgerðir orðið aðrar en framítökur í ræður þm., sem meira var þó af en venjulega, það játa ég. Ég er fullviss um, að aukin lögregla, svo sem fyrir er gert ráð í frv., er til einskis annars en að auka ófrið í landinu. Þetta hefir nú einmitt sýnt sig nú þegar, þó í litlu sé. Ef ekki hefði átt að auka lögregluna, hefði ekki þurft að kveðja lögreglu til að vernda þingsætin. Og það er upplýst, að það er sjúkur forseti Sþ., sem ekki þorir annað en kveðja hingað lögreglu. Þetta er alveg sambærilegt við harðstjórana, sem urðu að hafa vopnað herlið í kringum sig til að halda völdum sínum. Ég vildi því, ef það þyddi nokkuð, biðja hv. þdm. að hugsa sig vel um áður en þeir samþ. frv. þetta, sem áreiðanlega leiðir til þess að auka vandræði, en ekki til að draga úr þeim. Það er nú vitað, að jafnaðarmenn, kommúnistar, nazistar og jafnvel sjálfstæðismenn koma sér upp varnarliði, eftir að varalögreglan var sett á fót. Ekki er nú hægt að segja, að friðvænlegt sé, þar sem allt þetta er á ferðinni. Það mælir að vísu margt með því, að dagleg lögregla sé aukin. Hún þarf að halda uppi friði á götunum, koma í veg fyrir drykkjuskap, umferðaóreglu, lögbrot o. fl. En til þess þarf ekki að halda uppi slíku bákni sem varalögreglan er og á víst að vera. Slík lögregla er ekki einungis óþörf, heldur beinlínis hættuleg. Það er séð, að hún er sett upp í sérstöku augnamiði. Ekki til að annast venjuleg störf, heldur til notkunar þegar sérstaklega stendur á. Það liggur fyrir yfirlýsing frá stj. um það, að lögregluna skuli ekki nota í vinnudeilum. Í frv. var þetta óákveðnara. Þar stóð „löglegum" vinnudeilum, og var síðar breytt í „í eiginlegum", er sízt var til bóta. Nú er þetta skýlaust orðað.

En þrátt fyrir allar yfirlýsingar verð ég þó að segja það, að ég er fullur tortryggni í garð hvaða stjórnar sem er um misbeitingu lögreglunnar í vinnudeilum, ef henni líka ekki aðgerðir verkalýðsins í kaupgjaldsbaráttunni. Og það er fullkomin ástæða til að vera tortrygginn, ef litið er til reynslunnar hér og erlendis. Ef lögreglan á ekki að grípa inn í vinnudeilur, þá er verkefnið næsta lítið, nema menn haldi, að stj. ætli að framkvæma einhverjar aðgerðir í trássi við mikinn meiri hl. þjóðarinnar. Séu einhverjar slíkar ráðstafanir gerðar í óþökk allrar alþýðu í landinu, er hætt við, að einhver sýndi óánægju sína í verki, svo að stj. hefði þörf á hersveitum. Segjum þó, að fyrir gætu komið svo stórkostlegir og hættulegir viðburðir, að þessi liðssamdráttur væri álitinn nauðsynlegur. Við skulum líta til ársins 1931. Stjórnin greip þá til þess óyndisúrræðis að hefta framgang sjálfsagðra mála með því að rjúfa þing. Þetta olli eðlilegri og almennri óánægju bæði hjá þingmönnum og kjósend-

um. Mannaferðir voru miklar um bæinn um tíma m. a. að bústað forsrh. og mótmæli þar fyrir utan. Ef stj. hugsar sér nú alls ekki að nota lögregluna í vinnudeilum, virðist sem hér hefði verið verkefni fyrir hana, að mannsöfnuður gangi heim til forsrh., raski húsfriði með ræðuhöldum og brjóti e. t. v. rúðu. En halda menn nú, að friðinum hefði verið betur borgið 1931, þótt nokkur hundruð lögregluþjóna hefðu reynt að hindra mannfjöldann? Nei, það vita allir, sem til þekkja, að það hefði verið óbrigðult ráð til að koma öllu í uppnám. Okkur var bannað að vera í þinghúsinu. Vafalaust hefði varalögregla verið sett þar á vörð, ef hún hefði verið til. En varla hefði það orðið til að efla friðinn. Einmitt af því, að engin varalögregla var til, fór allt friðsamlega fram.

Þegar bændur streymdu hingað hundruðum saman til mótmæla út af símamálinu, hefði kannske einhver stj. haft það til að vísa þessum „mosa"-mönnum heim til sín. Og mér er alls ekki grunlaust um, að freisting verði fyrir einhverja stjórnina að beita þessu afli sínu í vinnudeilum. Ég er ekki að segja, að hæstv. núverandi forsrh. eða dómsmrh. myndu gera slíkt, en þeir geta vitanlega ekkert sagt um, hverjir skipa sæti þeirra síðar. Með því að kalla saman mörg hundruð manna, æfa þá og vopna, er ófyrirleitnum ráðh. lagt vopn í hendur til að geta setið við völd í óþökk meiri hl. þjóðarinnar. Við erum kannske lítil hernaðarþjóð ennþá, en lítum í kringum okkur í álfunni. Þá sjáum við, að þeir, sem vald hafa á herjunum, geta haft völdin, þrátt fyrir andúð fólksins. Bezta ráðið til að tryggja friðinn í landinu, er að setja ekki upp ríkislögreglu, heldur nota fé til að bæta afkomu fólksins, gera rétt manna í landinu jafnan og aðstöðu þeirra til að nota sér hann. Þá getur bæjarlögreglan ein dugað.

Ef þeir atburðir gerast, sagði hv. þm. G.-K., að friðnum sé stefnt í voða, er það ekki aðeins réttur, heldur og skylda stj. að taka í taumana með stofnun lögreglu. Ef þetta er svo, þá er 6. gr. alveg óþörf. Ef slíkir atburðir gerast, að slíkar ráðstafanir þyki nauðsynlegar, þá myndi hver stjórn gera þær, eins og varalögreglan síðan í haust sýnir. Stj. stofnaði hana án lagaheimildar, og ég geri ráð fyrir, þótt leitt sé að segja það, að meiri hl. þingsins muni leggja blessun sína yfir þá ráðstöfun.

Hver er þá munurinn á þessu frv. og rétti stj. nú? Sá munur er mikill. Í því tilfelli, að stj. kveðji saman varalögreglu án sérstakra laga, þarf hún samþykki þingsins eftir á. Í því liggur aðhald um að stj. gangi ekki lengra en hún telur nauðsyn á. Eftir 6. gr. á stj. ekki að bera þetta undir Alþingi. Mér virðist 6. gr. vera alveg óþörf, jafnvel frá sjónarmiði stj. sjálfrar, og teldi það stóra lagfæringu, ef hún væri felld burt.

Hv. 2. þm. Reykv. er dauður, og því vildi ég svara því nokkrum orðum, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um afstöðu Sjálfstæðisflokksins til kauplækkunartilraunarinnar í vetur. Hann kvað það ósatt, að miðstjórn Sjálfstæðisflokksins hefði samþ. kauplækkunina. Hv. 2. þm. Reykv. talaði um stjórn Sjálfstfl., en ekki miðstjórn. Ég var ekki staddur í bænum um þetta leyti, en ég er þó kunnugur málavöxtum af sögusögn góðra manna úr bæjarstjórn. Guðm. Ásbjörnsson, settur borgarstjóri, fékk heimsókn af kröfugöngu, og var krafan sú, að kaupið héldist óbreytt. Hann gaf þau svör, að Sjálfstæðisflokkurinn væri búinn að samþ. kauplækkun. Áður en lækkunartill. var borin upp í bæjarstjórn, lýsti forseti yfir því, að hún væri frá Sjálfstæðisflokknum. Það þýðir ekki að neita því, að Sjálfstæðisfl. innan bæjarstj. stóð a. m. k. óskiptur um málið. Allir vita, að tilgangurinn með þessari óskaplegu kauplækkun í atvinnubótavinnunni var sá, að koma á almennri kauplækkun í bænum. Þessar endemis ráðstafanir hleyptu gremju í fólk, og voru undirrót þeirra atburða, sem gerðust 9. nóv.

Hv. þm. G.-K. varð skrafdrjúgt um það, hve lögregluþjónar bæjarins væru myndarlegir og stórir, þótt ekki væru þeir eins vel launaðir og sendiherrar Prússa. Það er nú annars meiri hl. bæjarstj., sem skammtar þeim launin. En þótt þeir væru allir yfir þrjár álnir hefði það engin áhrif á það, hvort vaskir menn eru í varalögreglunni eða ekki, svo að ég veit ekki hvað stærð þeirra kemur þessu máli við.

Í sambandi við þá atburði, er gerðust

hér í gær, vil ég segja það, að ég tel eðlilegt, að lögregluþjónum geti runnið í skap eins og öðrum mönnum. En það er engin afsökun fyrir því, að menn, sem hafa svo vandamikið opinbert starf með höndum, missi stjórn á sjálfum sér og fremji bræðiverk. Þeir, sem slíkt gera, eru ekki til slíkra starfa hæfir og eiga að fara. Það er meira virði, að lögregluþjónar kunni að temja skap sitt, en þó að þeir séu yfir þrjár álnir. Eftir ýmsum sögnum að dæma, hefir það hent suma þeirra, að þeir hafa í bræði misst stjórn á geði sínu og framið fólskuverk. Lögreglan má ekki berja menn, ef önnur ráð eru til. Í gær var húsið fullt af lögreglu, svo að hún virðist hafa átt að geta haft í fullu tré við einn eða tvo menn án barsmíða. Annars tek ég undir það með hæstv. dómsmrh., að ég trúi því vart, að lögreglan hafi barið manninn áður en hún tók hann. (**HV:** Tók hann fyrst og barði hann svo). Ég vil ekki trúa slíkri óhæfu. Hver, sem slíkt hefir gert, á að víkja tafarlaust. (**Rödd** úr blaðam.herb.: Ekki sízt, ef þeir eru margir). Þá víkja margir.

Ég vil að síðustu segja það, að ef það vakir fyrir stj. að hindra óeirðir, þá er þetta frv. ekki líklegt til þess. Það getur í mesta lagi stofnað til vopnaðs friðar. Liðsaflinn á að vera það sterkur, að óánægja, réttmæt sem óréttmæt, þori ekki að gefa sig fram. En það mega hv. þdm. vita, að stéttabaráttan verður ekki kæfð niður með þessu ráði. Það verður miklu fremur til að herða hana og skerpa. Og mér er ekki grunlaust um, að sumir kommúnistar séu alls ekki svo óánægðir með að ríkislögreglan verði samþ. Baráttan myndi harðna, og „baráttuhæfni" verkalýðsins, eins og þeir orða það, vaxa. Verkalýðurinn myndi undir höggum lögreglunnar læra að hata öll yfirvöld og æfast í skærunum til stórra bardaga. Ég get líka hugsað mér, að nazistar hugsi sér gott til glóðarinnar með því að fá menn sína æfða í þessu liði til að vera betur undir það búnir að koma á hinu „þriðja ríki". Mér er ekki grunlaust um, að þessum tveim öfgaflokkum sé ekki eins mikill óleikur með þessu ger og stj. lætur.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. þm. Seyðf. hefði getað sparað sér töluvert af því, sem hann sagði, því að við vitum allir, að hann meinar það ekki. Hann tók þar við, sem hv. 2. þm. Reykv. hætti og heimtaði eins og hann að fá að vita, hver stæði fyrir því, að lögreglan væri hér í húsinu. Ég hefi nú komið í þinghús í friðsömum löndum, og þar hafa verið lögregluþjónar á hverju strái til aðstoðar og upplýsinga, t. d. í brezka parlamentinu. Lögreglan á að vera til að hjálpa almenningi, og hana á enginn að þurfa að óttast. (**HV:** Hvers vegna er öll lögreglan höfð hér niðri í þinghúsi, ef hún á að hjálpa almenningi?).

Tilgangurinn með þessum spurningum er auðvitað sá, að ná í þann mann, er beðið hefir lögregluna að vera hér, til að beina skeytum sínum að honum. Og hv. þm. Seyðf. skaut fyrsta skeytinu, er hann talaði um „hinn sjúka forseta Sþ.". Þetta er fyrsta hrópyrðið. Hv. þm. Seyðf. hefði getað sparað sér þessi ummæli, því að ég veit, að hann muni iðrast eftir þau. Forseti Sþ. á engar slíkar aðdróttanir skilið. Þetta er mælt til að gefa í skyn, að sjúkleikur hans hafi áhrif á geð hans með þeim hætti, að hann þori síður að vera hér en aðrir menn. (**HG:** Heilaspuni!). Það fór sem mig grunaði, að hv. þm. myndi iðrast eftir þessi orð sín. En hversvegna óskar forseti Sþ. eftir lögreglu? Hafa ekki þeir atburðir gerzt 9. nóv., að þeir gefi tilefni til varúðar? Okkur er bent á eitt ráð til að hindra óeirðir: að hafa enga lögreglu. Ég átti minn þátt í því, að þetta var reynt, en það bara dugði ekki. Hafa menn ekki verið að tala um „að taka til sinna ráða" og þess háttar? Er nokkuð sennilegra en að það haldi áfram við þingið, sem byrjaði við bæjarstjórn? Hver getur með rökum amazt við því, að forseti Sþ. óski eftir lögreglu til að fyrirbyggja óeirðir í þingsalnum? Ekki geta þeir menn eða flokkar, sem engum óeirðum ætla að valda, amazt við því. Það eru þá aðeins hinir, sem ætla að hafa í frammi háreisti og óeirðir, sem hafa ástæðu til að kvarta.

Þessi krafa, sem hv. 2. þm. Reykv. var að hampa í ræðu sinni í gær, um að það yrði tafarlaust að fjarlægja lögregluna, og að engar æsingar ættu sér stað, ef lögreglan væri hvergi nærri, þessar kröfur hljóma sí og æ á gatnamótum og sam-

komum hjá pólitískum æsingamönnum og ábyrgðarlausum strákum. Þeir láta svo sem allt muni ganga með ró og spekt, ef lögreglan sé hvergi nálægt. Og ef eitthvað kemur fyrir, þá er spurt: Hvað var lögreglan að gera þá? Átti lögreglan ekki upptökin? Þetta heyrist þráfalt. Öllu á að vera borgið, ef lögreglan er hvergi nærri. Það er jafnvel eins og sumir verði óskuvondir, ef þeir sjá lögregluþjón, og telji sér þá skylt að hrópa upp einhver ókvæðis- eða ögrunarorð. Þetta hljómar sífellt í málgögnum einstakra flokka, næstum eins og það eigi að vera einhver fyndni. Það er notað eins og slagorð, að nauðsynlegt sé að fjarlægja lögregluna til þess að komið verði á ró og friði í landinu. Léleg fyndni er það. Það er hlægileg fjarstæða, að hér eigi fyrst og fremst að tala um þá gífurlegu hættu, er stafi af því, sem lögregluþjónar kunni að fremja í bræði. Hv. þm. Seyðf. gerði svo mikið úr þessari ógurlegu hættu, og taldi að hún mundi varpa dökkum skuggum á framtíð þjóðarinnar. En það virðist hinsvegar mega stuðla að því, að hinir og aðrir æði fram og aftur með ópum og köllum og lumbri á samborgurum sínum í bræði og beiti ofbeldi, og þá má lögreglan hvergi nærri koma. Þetta er krafa hv. 2. þm. Reykv. og samherja hans. Hv. þm. Seyðf. nefndi dæmi af uppþotinu hér í Rvík eftir þingrofið 1931 og spurði, hvort ég áliti, að það hefði farið friðsamlegar fram, þó að varalögregla hefði þá verið til staðar; þó að ég ætli mér ekki að mæla þeim atburðum bót, sem þá fóru fram hér í bænum, þá var þar um að ræða skrúðgöngur um bæinn, æsingar og ræðuhöld á samkomum, en engin barsmíði eða meiðingar á fólki. Og hver vill fitja upp á því nú, að farið verði opinberlega að banna skrúðgöngur undir merkjum og ræðuhöld á almanna vettvangi? (HV: Hver fitjaði upp á barsmíðunum í gær hér á áheyrendapöllunum?).

Ég veit það vel, að alltaf þegar lögreglan lendir í einhverjum ryskingum, þá skýrir hv. 2. þm. Reykv. tilefnið á þá leið, að þar sé lögreglunni einni um að kenna. Annars þarf hv. þm. ekki að spyrja um þetta; í ræðum sínum skellir hann skuldinni jafnan á lögregluna, enda þótt hann líti öðruvísi á það undir niðri með sjálfum sér. Ég minnist þess, að í uppþotinu 1931 var m. a. komið heim til mín að kvöldlagi af flokki manna og hrópað til mín ókvæðisorðum nokkra stund, þar voru engar aðrar óspektir gerðar, og þó var engin lögregla til varnar, hennar þurfti ekki með. Eftir stutta stund sneri flokkurinn aftur burt. Þetta var ekki annað en það, sem fyrir mig kom einnig hér á götunni í gær, þar sem hópur ungra manna veittist að mér með hrópyrðum um að það þyrfti að berja mig einhvern tíma síðar þegar betur stæði á, og nefndu mig „sultar-ráðherra“ o. s. frv. Ég er alls ekki að kvarta neitt undan þessu, þó að lögreglan væri þar hvergi nærri, og teldi ekki ástæðu til að fylgja mér eftir í mannþyrpingunni. Þó að mannfjöldi safnist saman með hrópyrðum og ræðuhöldum hér í bænum eins og 1931, þá verðum við að taka því með umburðarlyndi og láta fúkyrðin sem vind um eyrun þjóta. Samkomur og próssessíur eru fullkomlega leyfilegar og ekki heppilegt að banna þær.

En það er þreytandi að heyra þennan tón, sem verið er að ala á hjá fólkinu, einkum unglingunum, í stjórnmálum. Þessir uppæstu unglingar geta í sjálfu sér verið góðir drengir, þó að þeim sé kennt að varpa ókvæðisorðum að forráðamönnum og valdsmönnum þjóðfélagsins, kalla þá pólitíska svikara og öðrum þessháttar nöfnum. Og rökin, sem þessir angurgapar nota eru fúkyrðavaðall um þrælkun valdhafanna gegn hinum vinnandi stéttum, kaupkúgun, hungur og annað þessháttar. Af þessum sökum er óneitanlega viss hætta fyrir höndum, sem þjóðin verður að gjalda varhuga við. En þjóðinni er enginn voði búinn af því, að lögregluþjónarnir fremji eitt eða annað í bræði, eins og hv. þm. Seyðf. geysaði mest um.

Bak við stóryrði hv. þm. gegn lögreglunni og þessu frv., sem fyrir liggur, er sífelld tortryggni og dylgjur um það, að í frv. sé allt annað en þar stendur. Hv. þm. er það ekki nóg, þó að sagt sé beinum orðum í 4. gr. frv., að lögreglan megi ekki hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum. Nei, hv. þm. virðist vera það geysimikið áhugamál að telja bæði sjálf-

um sér og öðrum trú um, að samkv. fyrirmælum frv. eigi að gera allt annað en þar er til tekið og lýst hefir verið yfir af þeim, sem flytja frv. og fylgja því fram. En þá verð ég að segja það, að ef einhverntíma kemur að þeirri hættu, sem hv. þm. fullyrðir, að lögreglan verði notuð í vinnudeilum, þá verður það þessi æsingatónn, er ég áður nefndi, sem kallar hana fram, og hin þráláta tortryggni, sem alið er á meðal almennings, um að lögreglan sé sett til þess að sporna við kaupkröfum verkalýðsins. Hv. þm. Seyðf. og flokksbræður hans geta áreiðanlega dregið mikið úr þeirri hættu, sem hér er fyrir hendi, með því að lægja ofsann og ólguna í ræðum sínum um þetta mál. Hv. þm. Seyðf. leyfir sér jafnvel að halda því fram, að tilgangurinn með þessu frv. sé sá, að hafa svo sterka lögreglu í landinu eða hervald, að allar óánægjuraddir verði bældar niður með harðri hendi. Hvar er það bannað í frv., að almenningur megi láta til sína heyra? Ég þekki ekki slík fyrirmæli. Hér á Alþingi á lögreglan að gæta þess, að fundafriður haldist, en hún getur ekki meinað mönnum á áheyrendapöllunum að láta til sín heyra, svo framarlega sem það truflar ekki þingstörfin eða fundahöld í þingsölunum. Vitanlega á mönnum að vera leyfilegt að fylkja sér í skrúðgöngur og láta skoðanir sínar í ljós á þann hátt, sem þeim sýnist, ef þeir valda ekki meiðslum eða öðrum spjöllum, og það er ekki annað, sem lögreglan á að líta eftir. Þetta á auðvitað líka við um önnur þau dæmi, sem hv. þm. Seyðf. nefndi: „Bændafund“ og fund „Mosaskeggsmanna“, þar getur ekki verið um neitt lögregluefirlit að ræða. Mönnum er vitanlega frjálst að segja allt, sem þeir vilja á opinberum mannfundum. Um þá hluti ríkir hér allt eins mikið frjálslyndi og í nokkru öðru landi; og ég vil vona, að svo verði framvegis.

Ég verð að líta svo á, að málflutningur hv. þm. Seyðf. og flokksbræðra hans í þessu máli sé óþarflega einhliða, og það að tilefnislausu. Hann hefði e. t. v. verið skiljanlegri, ef þingið hefði yfirleitt hundsað kröfur jafnaðarmanna, en því fer svo fjarri. Á þessu þingi hafa jafnaðarmenn fengið fullt svo góðar úrlausnir sinna mála og á nokkru öðru þingi. Það er einkennilegt, þegar hv. þm. er að tala um það sem aðalhættu fyrir þjóðfélagið, að vald þess verði aukið. Eða þegar ráðstafanir eru gerðar til þess með lögum, að þjóðfélagið geti sefað óspektir og stöðvað yfirgang ofstopamanna. Það gæti verið réttmætt að halda þessari skoðun fram, ef engar alvarlegar óspektir hefðu átt sér stað hér á landi, en þegar þeir atburðir hafa gerzt, sem fóru fram 9. nóv. síðastl. hér í bænum, þá er þessi skoðun orðin úrelt, og ekki undarlegt, þó að fram hafi komið það frv., sem hér er um rætt.

Hv. þm. Seyðf. talaði um, að með þessari fyrirhuguðu aukningu lögregluliðsins ætti að kúga alþýðuna. En þrátt fyrir þá fjölgun, sem gert er ráð fyrir, þá höfum við ekki tiltölulega eins sterka lögreglu eða fjölmenna og ríkisstj. jafnaðarmanna í nágrannalöndunum, Danmörku og Svíþjóð, sem telja fullkomna lögregluvernd nauðsynlega, til þess að tryggja vald þjóðfélagsins og lýðstjórnarskipulagið. Þjóðfélagsvaldið er sízt of sterkt hér á landi og miklu veikara en hjá nágrannaþjóðunum.

Ég skal fúslega játa, að það er vandi að fara með þetta vald. Og ofstopafullur ráðh. getur skeytt skapi sínu á þegnunum og kúgað þjóðina, þó að hann hafi ekki lög eins og þessi til að styðjast við. En ég vil ekki gera ráð fyrir slíkum ráðh. í okkar landi. Og það er meiri vandi að fara með þjóðfélagsvaldið, ef stj. skortir þann bakhjarl, sem veittur er með þessum lögum.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég get ekki annað en kvartað undan þeirri meðferð, sem hæstv. forsrh. hafði á orðum mínum um forseta sameinaðs þings. Það er rétt, að ég lét orð falla á þá leið, að skýrt hefði verið frá því, að lögreglan væri hingað komin í þinghúsið eftir boði hins sjúka forseta sam. þings. Og satt að segja mátti skilja orð mín á þá leið, að honum væri kennt um þetta, af því að hann er nú fjarstaddur sökum lasleika. En að ég hafi með þessum orðum viljað gefa það í skyn, að fors. Sþ. væri sjúkur á sinni, er hreinn og beinn hugarburður hæstv. ráðh. Ég tók fram í fyrir hæstv. ráðh. og leiðrétti þetta. Og ég verð

að segja það, að ég kann illa þeirri framkomu úr ráðherrastóli, að fyrst séu mér gerð upp orð, sem ég hefi ekki talað, og svo þegar ég leiðrétti þau, þá er sagt, að ég sé farinn að éta ofan í mig. Ég tel þetta alveg ósæmilega framkomu úr ráðherrastóli.

Hitt tel ég vera sorglegt tímanna tákn, að þeir, sem eru forráðamenn í þessu húsi, skuli telja þörf á því að hafa lögregluvörð hér í sölum Alþingis. Það verður auðvitað ekki skilið á annan veg en þann, að þeir telji ástandið hér í bænum svo ískyggilegt, að ekki verði hjá því komizt. Það er heldur ekki ástæðulaust, þó að þess sé getið hér í umr., sem allir vita um, að þetta stjfrv., sem hér er keyrt fram með miklu offorsi, hefir vakið geysilega andúð og óvinsældir hjá miklum meiri hl. þjóðarinnar. Þess vegna er mótstaðan svona áköf og þess vegna er álitið, að löggjafarfulltrúarnir þurfi lögregluvernd á meðan þeir afgreiða þetta mál.

Hæstv. forsrh. sneri út úr orðum mínum og hélt því fram, að ég áliti, að bráðlyndir og ofstopafullir lögreglumenn væri það eina, sem ég teldi ástæðu til að óttast. Það er skemmtileg ályktun þetta hjá manni í ráðherrasæti og einkennileg meðferð á rökum andmælanda hans. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði haldið því fram, að aðrir menn mættu vera reiðir og fremja eitt og annað í bræði, en það mættu lögreglumenn aldrei gera. Á þessu tvennu er í raun og veru geysilegur munur. Þjóðfélaginu stafar engin veruleg hætta af því, þó að einstökum mönnum slái saman í skærur og áflog, en því stafa aftur á móti stórfelld óhöpp af því, ef þeir menn, sem eru settir til eftirlits með öðrum og eiga að gæta friðar og reglu, haga sér ósæmilega í bræði, af því að þeir kunna ekki að stilla skapi sínu í hóf. Það verður að gera miklu strangari kröfur til lögreglumanna heldur en annara, sem þeir eru settir til að gæta. Ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. viðurkennir þetta. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að mér þykir vænt um, ef stj. lætur rannsaka atvikin að þeim óeirðum, sem fóru fram hér á áheyrendapöllunum í gær. Geri ég ráð fyrir, að það komi þá í ljós, sem ég hefi hér vikið á, að bráðlyndi lögregluþjóna hafi valdið þar mestu um. Mér virtist það, sem hæstv. forsrh. sagði um uppþotin og ólguna hér í bænum 1931, staðfesta það, sem ég hefi haldið fram, að það gekk yfirleitt friðsamlega, enda þótt lögregan hefði þar engin afskipti af. Þó voru fundirnir fjölmennir og æsingar miklar. En þrátt fyrir æsingarnar á fundunum, þar sem saman voru komnar þúsundir manna, þá voru engin ólæti og engin meiðsli. Og hvað sem hæstv. ráðh. segir um það nú, þá veit ég, að hann muni með sjálfum sér vera mér sammála um, að meiri róstur og óeirðir hefðu þá átt sér stað, ef fjölmennt og óæft lögreglulið hefði þá verið á ferðinni um götur bæjarins til tálmunar einu og öðru, sem fram fór. Hæstv. ráðh. sagði líka, að þegar hann hefði farið héðan af þingfundi í gær, þá hefði unglingahópur þyrpzt að sér á götunni og varpað til sín ókvæðisorðum. Mér dettur ekki í hug að mæla slíku bót. Enda veit það hver maður, að samþykkt þessa máls verður ekki stöðvuð með hrópyrðum og götuskætingi. Hæstv. ráðh. sagði, að sér hefði ekkert verið hnjaskað, og þó stendur hann framarlega í deilunum gegn almenningi í þessu máli og enginn lögreglumaður var með honum í mannþyrpingunni. Þrátt fyrir það endaði þetta vandræðalaust. Á áheyrendapöllunum í gær var enginn þeirra manna, sem barizt hafa fyrir þessu frv., en þar voru lögreglumenn til eftirlits, enda sló þar í ryskingar svo að meiðsli hlutust af, en í mannþyrpingunni á götunni er enginn lögregluþjónn hjá hæstv. ráðh., og þar eru allir rólegir. Var það lögreglunni að kenna, hvernig tókst til á pöllunum? Vonandi verður það rannsakað. Það virðist svo sem stjórn varalögreglunnar hafi ekki reynzt heppileg til þess að afstýra hnippingum og óspektum.

Ég ætla ekki að deila við hæstv. forsrh. um uppeldismál í þessu sambandi. Hann hélt því fram, að ef lögreglumenn höguðu sér ósæmilega í bræði, þá væri það sök þeirra, sem eggjuðu lýðinn til óeirða. Slíkt verður ekki talin gild afsökun fyrir mistökum lögreglumanna. Og hæstv. ráðh. hefir ekkert tilefni til þess að beina því til okkar þm. Alþfl., að við höfum eggjað til ofbeldisverka. Það hlýt-

ur honum að vera ljóst. Hinsvegar getur hann ekki búizt við því, að við fellum niður umr. í þessu máli. Vitanlega beitum við þeirri andstöðu, sem okkur er unnt gegn þessu óheillafrv., og er þá ekki að undra, þó að manni hlaupi kapp í kinn.

Ég vil leggja höfuðáherzlu á það, að ég óttast, að aðaltilefnið til andspyrnu frá hálfu verkalýðsins gegn þessu máli sé einmitt stofnun varalögreglunnar, en ekki fjölgun lögregluþjóna í hinni föstu lögreglu bæjanna. Af því að það er ómögulegt að koma mönnum í skilning um það, hvað þessi varalögreglusveit á að gera, annað en að verja hagsmuni yfirstéttarinnar ef í odda skerst milli hennar og verkalýðsins. Það situr yfirleitt fast í hugum fjöldans, að varalögregluna eigi að nota sem eitt vopnið í stéttabaráttunni eins og hjá öðrum þjóðum. Enda var það sérstaklega eftirtektarvert, sem hæstv. forsrh. sagði, að það hefði ekki átt við að nota varalögreglu í uppþotunum hér í bænum eftir þingrofið 1931, það á ekki að beita henni í vinnudeilum, segir stjórnin, það átti ekki að nota aðstoð hennar til þess að fylgja forsrh. heim, þó að fólk þyrptist um hann og hreytti til hans ókvæðisorðum á götunum, sagði hæstv. ráðh. Það á ekki að grípa til hennar þó að mannfjöldi fylgi kröfum sínum með háværum látum á opinberum samkomum og í fylkingum undir merkjum, segir hæstv. forsrh.

Hvað á varalögreglan þá að gera? Ég spyr hæstv. stj.: Hvað á hún að gera? Því segir hún ekki til um það.

Hæstv. ráðh. eru alltaf að telja það upp, sem varalögreglan á ekki að gera. Þeir ættu heldur að skýra frá hlutverkum hennar. Á hún að halda vörð um hlustendur á áheyrendapöllum Alþingis? Á hún að verja áheyrendum að komast inn á fundi bæjarstjórnarinnar hér í bænum? Mér er spurn.

Hæstv. forsrh. fór fram hjá einu atriði í ræðu sinni, sem ég verð að víkja nánar að. Stj. hefir haldið því fram, að hún hefði eigi aðeins rétt, heldur skyldu til þess, þegar sérstaklega óvenjulegir atburðir kæmu fyrir eins og síðastl. haust hér í bænum, að grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana eins og þá var gert. Stj. hefir ekki fengið neina vanþóknun eða ávítur fyrir það hjá Alþingi. Ég hygg þess vegna, að henni muni nægja það framvegis að hafa samskonar vald til þessara hluta og hún nú telur sér heimilt, og að eiga það jafnan undir samþykki næsta þings á eftir, sem hún hefir framkvæmt í þessum efnum. Þetta framkvæmdaform gefur einmitt bezta tryggingu fyrir því, að stj. misnoti ekki vald sitt, þegar hún þarf eftir á að leita samþykkis þings og þjóðar á ráðstöfunum sínum, þar sem nokkur hætta er á því, að þær yrðu gerðar að fráfararsök, ef þingið féllist ekki á þær. — En það má alltaf gera ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að þingið láti halda þeim áfram, ef því þykir ástæða til. Það væri annars fróðlegt að fá yfirlýsingu frá hæstv. stj. um það, hvort hún telur nauðsynlegt að hafa varalögreglusveit hér í Rvík til viðbótar lögreglu bæjarins, þó henni verði fjölgað eins og gert er ráð fyrir í frv., eða hvort hún ætlar ekki að neyta þeirrar heimildar í lögunum að svo stöddu.

Hæstv. forsrh. sagði, að enginn þjóðhollur maður gæti haft neitt á móti því, að vald þjóðfélagsins væri eflt og styrkt sem mest, og skildist mér, að hann ætti þar við þessa till. um stofnun varalögreglu, sem gripið yrði til þegar á þyrfti að halda. En ég vil benda honum á, að það er fyrst og fremst vald ríkisstjórnarinnar, sem verið er að styrkja með þessum lögum. Og þó að það sé e. t. v. engin sérstök hætta á því, að núverandi stjórn misnoti það vald, sem lögin veita, þá er hitt víst, að ef sú ríkisstj., sem ekki styðst við meiri hl. fylgi hjá þjóðinni og ætlar að sitja við völd í óþökk meiri hlutans, þá er henni gert það mögulegt með því valdi, sem þessi lög veita henni. En að öðrum kosti væri henni það ómögulegt. Þessu má hæstv. forsrh. ekki gleyma.

Það er ekki ætlun mín að saka núverandi hæstv. stj. um einræðisbrölt, en hitt er víst, að hún getur ekki borið ábyrgð á eftirköstum þessara laga. Hæstv. forsrh. getur sagt fyrir sig, á hvern hátt stj. muni beita þeirri heimild, sem lögin veita henni, en hann getur ekkert skuldbundið um það fyrir eftirkomendur sína í stjórninni.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. þm. Seyðf. sagði alveg réttilega, að það yrði að gera meiri kröfur um skapstillingu og gætni lögregluþj. heldur en annara manna, vegna þess að þeir gegna svo mikilsverðum trúnaðarstörfum fyrir þjóðfélagið. En það er líka vitanlegt, að þeir hafa miklu betri aðstöðu til þess að temja skapsmuni sína en aðrir, þar sem þeir eru skyldir til þess að eyða löngum tíma til æfinga og þjálfunar til undirbúnings þessum störfum, áður en þeir taka við þeim. Og frá því sjónarmiði einu er ekki um aðra færari menn að ræða til þess að halda uppi reglu í þjóðfélaginu.

Ég nefndi einstök dæmi um uppþot og óeirðir hér í bænum vorið 1931 og einnig það, sem fór fram hér í gær, þegar ókvæðisorðum var hreytt til mín á götunni. Ég nefndi þessi dæmi til þess að sýna fram á, að lögregluliðinu væri ekki fremur beitt nú, þó að óeirðir ættu sér stað, heldur en 1931, þrátt fyrir það, að nú er þó til varalögregla. Mér er ekki annað kunnugt en að lögregluþjónarnir hafi sýnt býsna mikla skapstillingu, enda þarf þess með við atburði eins og þá, sem urðu 9. nóv. En eftir að búið var að berja niður marga af lögregluþjónunum, skal ég ekki sakast um, þótt einhverjum rynni í skap. Lögregluþjónn á aldrei að hefna sín, enda hefir það ekki komið fyrir hér. Lögregluþjónar hér eru myndarmenn og skapstillingarmenn.

Hv. þm. sagði, að úti á götu, þar sem engir lögregluþjónar voru, hafi engar barsmíðar orðið, en þær hafi aftur orðið á pöllunum, þar sem voru lögregluþjónar. Ástæðan er sú, að á pöllunum er ekki hægt að þola sama framferði og á götunni. Lögreglan á að vernda fundarfrið, eins hjá Alþingi og kommúnistum. Kommúnistar hafa kvartað um það, að þeirra fundarfriður væri skertur, og er það, þegar svo stendur á, skylda ríkisvaldsins að vernda þeirra fundarfrið eins og annara.

Hv. þm. spyr, hvað gera eigi við þessa lögreglu. Er því fljótsvarað. Hún á að reyna að hindra meiðingar, eins og þær, sem urðu 9. nóv., hindra það, að menn séu teknir út úr fangelsum, fluttir milli staða o. s. frv. Ég veit, að hv. þm. Seyðf. og margir félagar hans hafa aldrei eggjað til ofbeldisverka. En þeir hafa líka svo oft þurft að standa á móti ýmsum röddum um ofbeldi, að þeir skilja betur nauðsyn þessa máls en þeir vilja láta á bera hér í þingsalnum. Vona ég þó, að þeir skilji þetta svo vel, að þeir séu ekki að reyna að bregða fæti fyrir þessa sjálfsvörn þjóðfélagsins, sem í þessu frv. felst. Ég veit, að það er vandi að beita rétt lögregluvaldi. En það er eflaust sami vandi að beita 60 manna lögreglu, eins og þó að varaliðsmenn væru þar í viðbót. Vona ég, að við Íslendingar munum reynast vaxnir þessum vanda.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ég hefði átt þátt í þeim atburðum, sem urðu hér í gær. Skil ég það ekki, því að hávaðinn varð einmitt mestur, þegar hv. þm. G.-K. talaði. En sá hávaði var þó ekki svo mikill, að ekki væri hægt að ljúka málinu þess vegna, enda bað forseti ekki um neinar ráðstafanir gagnvart þessu. En ræða hv. þm. G.-K. var vel til þess fallin að vekja hávaða. Var hún skammir um kommúnista og ógnanir til þeirra, en hinsvegar eggjun til lögreglunnar. Var það eðlileg afleiðing, að lögreglan réðist inn.

Hv. 4. þm. Reykv. finnst óhæfilegt, að ég skuli tala í þessu máli. Veit ég satt að segja ekki, hver ætti heldur að tala í umboði verkamanna en formaður stærsta verkalýðsfélagsins á landinu, þar sem allir meðlimir eru á móti þessu frv. Þó að hæstv. ráðh. segði, að flestir verkalýðsfélagar væru málinu fylgjandi, þá er það ósatt mál. Eins eru það vísvitandi ósannindi hjá hv. 4. þm. Reykv., að ég hafi snúizt í þessu máli. Þetta er sama málið og fram var borið á þingi 1925 og sem ég skrifaði þá og talaði á móti. Hitt mætti segja, að sumir aðrir hefðu snúizt, eins og t. d. hæstv. forsrh., sem talaði þá ákveðið á móti því, og eins forseti Sþ.

Hv. þm. G.-K. virtist kannast við það, að stjórnarskráin heimilaði ekki að kalla þessa varalögreglu saman. Þó vísaði hann í stjórnarskrána, þar sem talað er um lið til varnar landinu. En hann gat ekki vísað í önnur l. en stjórnarskrána og svo sína persónulegu skoðun. En ég ætla að leyfa mér að benda honum á, að stjórn-

arskráin leyfir aðeins að setja herskyldu með sérstökum l., og þó skal þetta vera sérstaklega takmarkað um fjölda og kostnað. Ef nauðsynlegt er að setja takmarkanir um her, því nauðsynlegra er það þá að setja slíkum ráðstöfunum takmarkanir. Hefði stj. viljað láta gera þetta með einhverju lagaformi, þá hefði hún átt að gefa út bráðabirgðal., en það gerði hún ekki. En þegar menn eins og hv. þm. G.-K. eru í stj., þá hugsa þeir sem svo: Við höfum ríkisvaldið í okkar höndum og þurfum ekki að fara að l. Er þetta hættulegt fyrir allt lýðræði, eins og allir hljóta að sjá. En það er auðvitað æskilegt frá sjónarmiði þeirra, sem vilja koma hér á þjóðræðishreyfingu eða nazisma.

Þá gat hæstv. forsrh. þess, að forseti Sþ. hefði óskað eftir því, að lögregla og varalögregla verndaði þingið í vetur. Þó kom það ekki greinilega fram, hvort hann hefði óskað eftir því í þessu tilfelli, þegar húsið var fullt af lögreglulýð. Væri það undarlegt, ef forseti Sþ. hefði gert þetta án þess að ráðfæra sig við hina forsetana og þingið. Er það sjaldan, sem forseti Sþ. heldur fundi, og á hann auðvitað ekki að sjá um slíkt á öðrum tímum. En að lögreglan sjálf taki sér vald til að segja, hvenær óspektir séu og hvenær eigi að reka menn út, án þess að forsetar deildanna fari fram á það, nær engri átt. Hve langt verður þangað til lögreglunni finnst einhver þm. vera orðinn of ósvífinn, rýkur til og rekur hann út, án óskar forseta?

Þá hélt hæstv. forsrh. því fram, að slíkur lögregluliðsstyrkur væri hafður í þingum erlendis. Hefi ég ekki orðið var við það. T. d. er það ekki í parlamentinu enska, sem ég hefi sjálfsagt oftar komið inn í en hann. Þar eru 1 eða 2 lögreglumenn dyraverðir við hvern sal, sem ganga verður í gegnum, áður en komið er inn í sjálfa þingsalina. Þegar svo farið er inn á áheyrendasviðið, þá eru þar ekki lögregluþjónar, heldur venjulega búnir starfsmenn þingsins. Er það því fjarstæða að jafna því við þetta þing, þar sem því nær helmingur áheyrenda eru lögregluþjónar. Held ég, að slíkt tíðkist ekki nema þar, sem harðstjórar ráða, sem eru hræddir um, að þeim verði varpað burtu með byltingu. En þó að stj. sé engan veginn góð hér á landi, held ég samt, að hún þurfi ekki að óttast það í bili. Sá eini órói eða óspektir, sem hér er hægt að tala um, komu til af því, að lögreglan stofnaði að fyrra bragði til illinda.

Þá nefndi hæstv. forsrh. það sem ástæðu fyrir varalögreglunni, að það þyrfti að hindra, að menn yrðu fluttir með ofbeldi milli staða. Á þá að hafa varalögreglu á öllum stöðum landsins til þess að hindra þetta, eða á að taka þá menn, sem þetta gera, eftir á? Ef á að gera það á eftir, hví hefir stj. þá ekki látið taka þá menn höndum, sem þetta hafa gert? Hún hefir þó haft varalögreglu til þess í 6 mánuði.

Yfirleitt stangast þessar ástæður stj. allavega á. Sú raunverulega ástæða er sú, sem þeir vilja ekki segja, sem sé að halda niðri hreyfingu alþýðunnar. Þeir halda, að þetta geti skotið þeirri hreyfingu skelk í bringu. En það mun sýna sig, að það verður ekki til annars en að herða samtökin.

**Frsm. (Ólafur Thors)** [óyfirl]: Það er ekkert í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem ég þarf að svara, því að allt, sem hann sagði, er margtuggið hér í d. áður. Ég tel mér ekki heldur þörf að skipta mér af rökræðu hæstv. forsrh. og hv. þm. Seyðf. Heldur þar hvor sínu sjónarmiði, sem við er að búast.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ræða mín í gær hefði valdið uppþoti á pöllunum. Ég verð að segja, að þeir, sem þar voru, sýndu mér sízt meiri ókurteisi en honum. Einar Olgeirsson greip t. d. oft fram í fyrir honum, en aldrei fyrir mér. Hitt er óeðlilegt, ef á Alþingi má ekki fara lofsverðum orðum um lögregluna, eins og hún á skilið, en annað gerði ég ekki.

Það er langt frá því, að ég telji það ámælisvert af forseta Sþ. að kveðja lögregluna á vettvang. Það var skylda hans. Kommúnistar og fleiri höfðu haft í hótunum um að gera aðsúg að þinginu. (**Hróp að fram í af pöllunum**: Lygi!). Þetta var sjálfsögð tilraun forseta Sþ. til að tryggja friðinn.

Þá er það rangt hjá hv. 2. þm. Reykv., að ég hafi í heimildarleysi stofnað varalögregluna. Heimild fyrir því er í stjórn-

arskránni, og eins liggur hún í því, að hverri stj. er skylt að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að halda friði í þjóðfélaginu. Ástandið í bænum 9. nóv. var þannig, að enginn getur fullyrt neitt um það, hvað af hefði hlotizt, ef ríkið hefði ekki gripið til varúðarráðstafana. Það var ekki höfuðtilgangur minn eða annara, að barið yrði á verkalýðnum. Höfuðtilgangurinn var að halda l. Sá ráðh., sem notaði þessa lögreglu til annars, myndi fá sinn dóm. Hann yrði ekki lengi í stj.

ATKVGR.

Brtt. 887 samþ. með 17:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JörB.

nei: VJ, HG, HV.

Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Frv. endursent Ed.

---

Á 85. fundi í Ed., 31. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 895).

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til einnar umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv. er nú komið hingað aftur frá hv. Nd., þar sem það var samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 3. Breyt. þær, sem þar voru gerðar á frv., eru í raun og veru smávægilegar. Það hefir verið bætt inn í það á tveim stöðum: að fengnu leyfi sveitar- eða bæjarstjórnar. Ég tel það þýðingarlitla breyt., því áreiðanlega hefði aldrei komið til mála að neyða lögregluaukningu upp á nokkurt bæjarfélag án þess að spyrja það um. Þá hefir verið gerð lítilsháttar breyt. á 4. gr. og auk þess tvær aðrar gr. gerðar að einni gr. Samsteypan er nokkurnveginn hin sama að efni til og hinar gr. voru. Eitt hefir þó verið fellt niður úr þessum gr., en það er ákvæðið um borgaralega skyldu til þess að gegna lögreglustörfum, en sú breyt. er smávægileg, því vitanlega var það ekki hugmyndin að neyða nokkurn til lögreglustarfa. Vil ég svo óska, að hv. d. samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

**Jón Baldvinsson:** Það er auðséð, að stjórninni tókst illa með þetta frv. í upphafi, því það hefir ekki farið svo gegnum neina umr. í þinginu, að því hafi ekki verið eitthvað breytt. (**Dómsmrh.:** Jú, 1. umr. í báðum deildum). Ekki þær umr., sem venja er að breyta frumvörpum; það sýnir, að illa hefir verið gengið frá frv. í upphafi, og ég ímynda mér, að það þurfi að ganga gegnum einhvern hreinsunareld til þess að það verði hæfilegt. Náttúrlega er mikið dregið úr frv. eins og það var upphaflega, þar sem ríkisstj. var gefin heimild til að skipa ótakmarkaða lögreglu, og einkum eftir að Ed. samþ. brtt. hv. 1. landsk. um borgaralega skyldu til þess að fara í lögregluna.

Hv. Nd. hefir nú sniðið verstu vankantana af frv. þó það sé vitanlega alveg óhæft enn. Það er meinlaust, þó samþ. væri heimildin í 1. gr. til bæjarstjórna um að auka lögreglu bæjanna, því það er sennilegt, að sú heimild sé víða til í reglugerðum, en eins og þessu er fyrir komið í frv., hlýtur að lenda í deilum milli bæjarstjórna og ríkisstj. ef hún skipar bæjarfélögunum að kosta svo eða svo mikla lögreglu þvert á móti vilja sínum. Fyrirkomulagið hefði átt að vera þannig, að bæirnir fengju að ráða fjölda lögreglunnar. Bæirnir vita sjálfir bezt, hvað þörfinni líður innan sinna vébanda, þeir eiga ekki að þurfa að dansa eftir skipunum frá hlutdrægri ríkisstj., sem ætlar að nota lögregluna jafnvel til að verja vald sitt eða taka sér vald eða hindra löglega valdatöku.

Í 5. gr. eru mjög skaðleg ákvæði um það, að skipshafnir varðskipanna teljist til lögreglunnar. Nú er það vitanlegt, að þetta frv. fjallar allt um, eins og hæstv. dómsmrh. mundi orða það, að halda uppi lögum og friði í landinu, en sem í raun-inni þýðir að framfylgja vilja dómsmrh. á hverjum tíma. Þessir menn eiga að starfa á landi, og þegar þeir verða allir heimtaðir í land, þá er það enginn smáræðisfjöldi, sem bætist við ríkislögregluna. En það versta er, að vel getur verið, að þetta gangi út yfir strandgæzluna. Það getur vel verið, að dómsmrh., ef honum

þýður svo við að horfa, skikki varðskipin til að liggja hér á höfninni langa tíma, þó ekkert sé um að vera og afsaki sig með því, að hann búist við einhverju. Þá getur það komið sér vel fyrir þá, sem kannske standa ekki fjarri stjórninni, að landhelgisgæzlan sé felld niður. Ég þekki það, hvað hæstv. dómsmrh. segir um skipshafnir varðskipanna, hann segir, að þeir séu lögreglumenn, sem vinni á sjó, en eftir frv. er þeim ætlað að vinna á landi, og þá eru þeir algerlega fluttir út fyrir starfssvið sitt. Hæstv. dómsmrh. hefir því engin frambærileg rök fyrir þessu ákvæði, og ég er að spara honum að flytja aftur þær rökfærslur um þessi ákvæði, sem ég heyrði hann flytja í hv. Nd. í gær, með því að svara þeim eins og ég hefi nú gert.

Ég ætla að afhenda hæstv. forseta brtt. við 3. málsgr. 5. gr. um það, að núverandi starfsmenn varðskipanna séu ekki skyldugir til að ganga undir þau ákvæði að verða lögreglumenn fremur en tollverðirnir. Ég veit, að það er gegn vilja meiri hl. skipshafna varðskipanna, þau ákvæði, er knýja þessa menn í ríkislögregluna, og ef þeir vildu svo ekki hlíta þessum ákvæðum þegar þau væru orðin að lögum, þá er auðvitað, hvert svarið verður, og það er, að þeir megi gera svo vel og taka poka sinn og fara í land. Það verður svar ráðh. Þess vegna vil ég, að frv. veiti undanþágu frá lögreglustarfinu þeim mönnum á varðskipunum, sem ekki vilja taka þátt í starfinu. M. ö. o., ég vil að af skipsmönnum varðskipanna og tollvörðum verði ekki teknir í lögregluna aðrir en sjálfboðaliðar.

Þá er náttúrlega 6. gr. gersamlega óhæf líka, það að gefa ráðh. vald til að auka lögregluliðið óbundið að öðru en því, er snertir fjárframlag úr ríkissjóði. Ég álít því, að 6. gr. eigi að falla alveg niður og mun flytja brtt. um það.

Ég vænti svo, að hv. d. taki vel þessum brtt. mínum og fylgi stefnu hv. Nd. með því að halda áfram að taka út úr frv. ýmsar mestu fjarstæðurnar. Í hv. Nd. var tekið út það ákvæði, að lögreglan ætti að skipta sér af vinnudeilum og ýmislegt fleira, m. a. ákvæðið um borgaralega skyldu til þess að gegna lögreglustörfum. Þó hæstv. ráðh. telji þetta ekki mikilvægar breyt., þá tel ég, að hann hafi beðið stóran ósigur í þessu máli. Ég legg svo till. mína í hendur hæstv. forseta og vænti að hann fái fyrir hana afbrigði, svo hún komist til atkv.

**Forseti (GÓ):** Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 2. landsk.:

„1. Þriðja málslið 5. gr. skal orða svo:

Skipshöfnum varðskipanna og tollvörðum ríkisins verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

2. 6. gr. skal falla niður".

Þar sem brtt. þessar eru fluttar skriflega, auk þess sem þær eru of seint fram komnar, verður að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að þær megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 925) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Mér dettur ekki í hug að svara hv. 2. landsk. Það sem hann heldur fram, er orðið svo margendurtekið hér í hv. d. Ég vil bara út af þessum brtt. hans óska eftir því, að þær verði felldar og að hv. d. samþ. frv. eins og það liggur nú fyrir.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil aðeins benda á það, af því að deildin er nú fjölmennari en meðan ég flutti mína fyrri ræðu, að þessar brtt. eru í raun og veru framhald á þeim lagfæringum, sem hv. Nd. gerði á frv., og vænti ég því, að þeir hv. þdm. samþ. þær, sem vilja forðast þá ásteytingarsteina í lögunum, að menn séu neyddir til þess að ganga í lögregluna gegn vilja sínum. Það er augljóst, að ákvæðin um að gera skipshafnir varðskipanna að ríkislögreglu, eru stórhættuleg fyrir landhelgisgæzluna, þegar skipunum verður haldið inni vegna ímyndaðrar hættu í landi, og ég treysti því þess vegna, að þeir hv. þm., sem fastast halda fram landhelgisgæzlunni og eru fulltrúar þeirra héraða, sem mest eru útsett fyrir landhelgisbrotum, geri sitt til að kveða niður þessar skyldur á skipshöfnum varðskipanna. Þær hafa áreiðanlega nóg að starfa við gæzluna, þó að stj. geti ekki

haldið þeim í landi undir röngu yfirskini til þess að forsóma landhelgisgæzluna.

ATKVGR.
Brtt. 925,1 felld með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JBald.
**nei:** MT, PHerm, EÁrna, GL, HSteins, IP, JakM, JónJ, JónÞ, GÓ.
PM, BSn, JónasJ greiddu ekki atkv.
Brtt. 925,2 felld með 9:1 atkv.
Frv. samþ. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JakM, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PHerm, PM, BSn, EÁrna, GL, HSteins, IP, GÓ.
**nei:** JBald.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 933).

## 29. Gengisviðauki og tekju- og eignarskattsauki.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 7. maí 1928 [Gengisviðauki]** (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það stendur líkt á með þetta frv. og það, sem hér var síðast til umr. (frv. um framlengingu á gildi l. um verðtoll), og þar sem því var ekki vísað til n., þá sé ég ekki fremur ástæðu til að þetta frv. gangi til n., og geri því ekki till. um neina n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv.

---

Á 62. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 75. og 77. fundi í Ed., 18. og 20. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Ed., 24. maí, var frv. enn tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 7).
Á 84. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv.

---

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 22:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:3 atkv.

---

Á 94. fundi í Nd., 3. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 7, 954).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 954. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:1 atkv.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. deild mun kunnugt um þau tíðindi, er voru að gerast í hv. Ed. og eru tilefni þess, að brtt. á þskj. 954 er fram komin. Sú breyt. er þar gerð á gildandi lögum um gengisviðauka, að tekinn er upp 25% gengisviðauki á kaffi og sykurtoll, toll á áfengi og gosdrykkjum og ýmsum vörutegundum öðrum, sem taldar eru upp í brtt.
Þessi breyt. er óhjákvæmileg, þar sem hækkun tekju- og eignarskattsins hefir nú verið felld í Ed. Þá hefir stj. og borið

fram brtt. um, að innheimta megi aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1932, sem nemur 40% af skattinum það ár, en þó eigi minna en 5 kr. hjá gjaldanda. Vegna þeirra undirtekta, sem frv. um hækkun skattsins fékk í Ed., hefir stj. ekki treyst sér til að fara hærra en þetta. En þessi hækkun ásamt gengisviðaukanum á tollvörur ætti að geta gefið jafnt í ríkissjóð og fengizt hefði með hækkun tekju- og eignarskatts eftir frv. Vænti ég þess, að þetta mál fái svo fljóta afgreiðslu, að ekki þurfi að fresta þinglausnum fram yfir hátíðina.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Það er auðsætt, að fyrirfram er ákveðið samkomulag milli Framsfl. og Sjálfstfl. um afgreiðslu þessa máls, þar sem fyrir liggja prentaðar brtt. nokkrum mínútum eftir að skattafrv. er fellt í Ed. Ég mun ekki ræða þessar brtt., en mun sjálfur flytja skrifl. brtt. um að fella niður hækkun á tolli á kaffi, sykri og kakaó. Slíkur tollur þekkist ekki í siðuðum löndum. Ég myndi leggja til frekari breyt., ef ég héldi, að það hefði nokkra þýðingu, og fara fram á, að tollar á þessum vörutegundum yrðu alveg felldir niður.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Út af ummælum hv. samþm. míns um að það hefði verið samkomulag milli Sjálfstfl. og Framsfl. um afgreiðslu þessa máls, því að hér væri búið að útbýta prentuðu þskj. viðvíkjandi tekjuskattinum, þótt það frv. væri fallið aðeins fyrir fáum mínútum í Ed., þá sé ég ekki, að það út af fyrir sig þurfi að vera nein sönnun. Það þarf ekki að hafa verið annað en að hæstv. ráðh. hafi grunað, að svona myndi fara, en af því er ekki hægt að ályktа neitt um samkomulag milli tveggja flokka. Þetta er fullkomin rökvilla, og ég mun ekki greiða atkv. með þeim hluta þessarar till., sem er um viðauka við tekjuskattinn. Ég álít, að það mesta, sem geti komið til greina í því efni, sé, að tekjuskatturinn sé innheimtur með sama viðauka og á seinasta ári, þar sem tekju- og eignarskatturinn þá mynduðu aukaútsvar, sem hefir hækkað svo gífurlega sem raun er á. — Ég mun ekki ræða frekar um málið, en ég mun, svo framarlega sem bornir verða upp einstakir liðir, greiða atkv. á móti þeim liðum, sem fela í sér hækkun á tekju- og eignarskatti.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég skal geta þess, að það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það er ekki um neina samninga að ræða hér, en hitt vona ég, að allir sjái, að ekki er hægt að skilja svo við þingið að veita ekki ríkissjóði tekjuauka. Það er ekki nægilegt að samþ. hin og þessi lög, sem krefja mikilla útgjalda. Það verður líka að vera til fé til að framfylgja þeim. Ég vil því vona, að hv. dm. sýni þá sanngirni að greiða atkv. með þessum tekjuauka, sem hér er stungið upp á, því að ella er ekki hægt að komast af næsta ár nema með því að stofna til nýrra skulda, og það vona ég, að dm. sjái, að ekki er nein meining í. Ef svo er, að ómögulegt er að fá skatta, þá má þingið heldur ekki fara að eins og það hefir gert, að samþ. mikla gjaldaaukningu, því að það endar á fjárhagshruni, ef alltaf er bætt skuld á skuld ofan.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 956) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Hv. 3. þm. Reykv. myndi segja, að það sæist ekki á þessu þskj. 954, að samkomulag væri milli Sjálfstfl. og Framsfl. um afgreiðslu þessa máls, og ég skal ekki deila við hann um það. Honum er eins kunnugt og mér, að þetta samkomulag er fyrir hendi, og það mun sjást við atkvgr., þótt einstöku þm. verði leyft að víkja eitthvað frá því. En viðvíkjandi því, sem hæstv. dómsmrh. sagði um útgjöldin, sem hefðu verið samþ. í þinginu og ekki hefði verið aflað fjár til, þá vil ég enn lýsa yfir því, að við jafnaðarmenn hefðum verið fúsir til að styðja að því að afla nægilegra tekna fyrir ríkissjóð, ef tillit hefði verið tekið til þarfa verkamanna og sjómanna. En það hefir ekki verið gert á þessu þingi nema mjög lítið og ómerkilega, og yfirleitt hefir af hálfu stj. ekki verið reynt að semja við okkur

um þau mál. En það er þá ennþá tækifæri til þess, því að hægt er að hafa þing nú í haust, þar eð menn búast við, að stjskr. nýja gangi í gegnum Ed., þar sem atkvgr. er búin, nema um frv. sjálft. Mun þá hægt að fá nægar tekjur í ríkissjóð fyrir næsta ár og ekki nauðsynlegt að samþ. þann skatt, sem hér liggur fyrir.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Af því að ég hefi ekki getið þess áður, þá skal ég taka það fram, svo að það komi í Alþt., að prentvilla hefir orðið á þskj. Þar stendur aðeins 20%, en á að vera 25% í 1. línu brtt. Annars vænti ég, að hér verði það samkomulag, sem þarf til þess að sjá ríkissjóði fyrir þeim tekjum í annari mynd, en ekki fengið. Ég skal ekki hæla þessari till. að öllu leyti, en hitt mun ofmælt, að slík till. þekkist hvergi í siðuðum löndum. (**HV**: Það var vitagjaldið, sem ég átti við). Þá bið ég afsökunar. En um þetta frv. mætti segja, að við værum farnir að „dependera af hinum dönsku", því að jafnaðarmannastjórnin hefir lagt á kaffitoll og 40% tekju- og eignarskattsauka, eins og hér er farið fram á.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég get staðfest það, að ekki hefir neitt samkomulag átt sér stað milli flokkanna um þetta mál, og við þm. Sjálfstfl. erum óbundnir um þessa till., sem hér liggur fyrir. Ég er mótfallinn ýmsum ákvæðum þessarar nýju skattalöggjafar, en það er komið á elleftu stund og ég óska, að þetta langa þing fari að hætta. Ég hefi enga ástæðu fundið til þess að fara að teygja þetta fram yfir helgi, og eina heppilega lausnin eftir atvikum held ég sé að samþ. þetta, þótt ég geri það að sumu leyti nauðugur. Það er rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að það er óverjandi af Alþ. að skilja svo við þessi mál, sem nauðsynlegra útgjalda krefjast, án þess að samsvarandi tekjur séu tryggðar. Út frá þessu ætla ég að greiða atkv. með brtt., þótt ég sé ekki ánægður með þær.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. er væntanlega orðið það ljóst, að uppgötvunin um flokkasamkomulag hefir verið út í bláinn, og það er vitaskuld ekki um samninga milli flokka að ræða, þar sem þm. Sjálfstfl. eru hér óbundnir um atkv. Það er auðvitað alveg rétt, sem bæði hæstv. dómsmrh. og hv. þm. G.-K. sögðu, að það er nú komið í slíkt óefni, að þingið er búið að stofna til mikilla útgjalda án þess að hafa séð fyrir nægilegum tekjum á móti. En ég vil ekki draga af því þá ályktun, að ég sé þar fyrir skyldugur að greiða atkv. með þessu frv. Ég legg sökina algerlega á fjmrh., ef svo skyldi fara, að ekki reyndust nægilegar tekjur eða ekki yrði séð fyrir nægilegum tekjum, því að mér er kunnugt um, að það hefir hvað eftir annað verið boðið fram samkomulag um nægilega tekjuöflun til þess að standast þennan kostnað. En mér er ekki kunnugt um, að fjmrh. hafi leitað neins samkomulags um aðra leið til þess að leysa þetta mál. Hann hefir því vafalaust fyrir nokkru síðan séð, hvernig fara myndi um tekju- og eignarskattsfrv. í Ed., enda ber þessi prentaða brtt. hans vott um það og ekkert annað, að hann var búinn að sjá, hvernig fara myndi um þann tekjuauka í Ed. Það hefði því verið í lófa lagið að afgr. þetta mál með samkomulagi tveggja stóru flokkanna í þinginu, að afla tekna á annan hátt. Ég tel mig því óbundinn og enga sök hvíla á mér né öðrum í þessu efni, þótt skortur verði á nægilegum tekjum. Auk þess er sú leið, sem samþm. minn benti á, að hægt væri að sjá fyrir því síðar á árinu, að tekjur aukist, ef þessar nægja ekki.

**Steingrímur Steinþórsson** [óyfirl.]: Það virðist hafa orðið samkomulag milli Sjálfstfl. og jafnaðarmanna um að fella frv. um viðbótar-tekju- og eignarskatt, sem nú er nýskeð fellt í Ed. við 2. umr. fyrir atbeina þeirra flokka beggja. Það liggur því í hlutarins eðli, að þegar búið er að fella það frv., sem var sanngjarnasta og réttasta leiðin, sem hægt var að fara á krepputímum til að afla nauðsynlegra tekna, þá verður að fara einhverja aðra leið fyrir stj., því að mér skilst, að hún muni ekki geta tekið við fjárl. nema eitthvað verði bætt í skarðið. Ég er ekki ánægður með þær till., sem hér liggja fyrir. Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Reykv., að ég er ekki ánægður með

að leggja viðbótartoll á kaffi og sykur, sem eru einmitt brýnustu nauðsynjar fátæka fólksins, og fleira mætti telja. En þrátt fyrir það er síður en svo, að ég ætli að ávíta fjmrh. fyrir að hafa komið fram með þessar till. Ég lít svo á, að þar sem búið er að fella það frv., sem að mínum dómi og okkar framsóknarmanna er hið réttlátasta á þessum tímum, þá verði tæpast komizt inn á skárri leið í þessu máli, þótt auðvitað megi benda á ýms atriði, sem flestir eru mótfallnir. Það er af þessum ástæðum, að ég mun fylgja frv. óbreyttu. En ég vil um leið taka það greinilega fram, að ég er ósamþykkur ýmsu í því. En eins og komið er, og það er einkum fyrir atbeina hinna flokkanna, þá hygg ég þetta einu færu leiðina og sjálfsagt að fara hana nú, því að það er ekki forsvaranlegt að fara svo af þingi, að ekki verði séð fyrir tekjum í stað þeirra, sem áttu að nást með viðbótar-tekju- og eignarskattinum.

**Sveinbjörn Högnason** [óyfirl.]: Það er nýverið búið í Ed. að fella það frv., sem fór fram á það, að þau auknu útgjöld, sem af þessum tímum stafa, legðust á þá, sem mesta hafa til þess getuna, og hér er komið fram frv., sem að nokkru leyti tollar nauðsynjar fátæka fólksins í landinu, þar sem er kaffi- og sykurtollur, og ég get lýst yfir því fyrir mitt leyti, að þótt þetta sé kallað eðlilegt, þá mun ég aldrei samþ. að taka skatt á slíkan hátt. Ég mun hiklaust fylgja brtt. jafnaðarmanna í þessu efni, þó að þeir geti sjálfum sér um kennt, að svo er komið sem komið er, og frá þeirra hendi sé þetta kattarklór. Þeir hafa komið því til leiðar, að slíkt frv. þarf nú fram að bera hér í d. Hvað því viðvíkur, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að það yrði að sjá ríkinu fyrir auknum tekjum, þá hefi ég ekki samvizkubit af því. Ég studdi að því, að hér voru bornar fram lækkunartill. við fjárl., sem námu 100 þús. kr. og vann að því að undirbúa þær, og mjög margt af því var óþarfi. Hæstv. fjmrh. mælti eindregið gegn því, að þetta væri fellt niður af fjárl., og hann taldi yfirleitt kjark í menn um, að ekki væri svo dökkt útlitið, þótt þessar 100 þús. kr. yrðu ekki felldar niður. Ég hygg, að sú niðurfærsla myndi að nokkru vega salt móti því, sem nú á að fá með tollum á kaffi og sykri. Þar sem stj. taldi ekki nauðsyn á þessari 100 þús. kr. niðurfærslu, þá greiði ég ekki atkv. slíkum tollum.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Rang. telur sig afsakaðan núna. Hann bar þó ekki fram neinar till. um 100 þús. kr. lækkun. **(SvbH:** Ég sagðist hafa stutt að því, að hún kom fram). En till. nam ekki nema 63 þús. kr. **(SvbH:** Þetta er ekki rétt). Ég man þetta glöggt, því að ég gerði vitleysu í sambandi við það, því ég hélt, að upphæðin væri 83 þús., en hún var ekki nema 63 þús., svo að hann hefir lítið upp í þetta. Mér fellur það miður, að hann skuli nú skorast undan, og ég býst ekki við, að hann hafi neitt upp úr því að skorast undan þeirri ábyrgð.

**Sveinbjörn Högnason** Ég er ekki að hugsa um að „hafa upp úr", hvernig ég sný mér í þessu máli, heldur ætla ég að greiða atkv. eftir sannfæringu minni. **(Forsrh.:** Það er ljóta sannfæringin).

ATKVGR.
Brtt. 956 felld með 17:4 atkv.
— 954,1 samþ. með 18:3 atkv.
— 954,2.a—c samþ. með 19:4 atkv.
— 954,3 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:3 atkv. og endursent Ed., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um gengisviðauka og tekju- og eignarskattsauka.**

---

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 957).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Þetta frv. hefir legið hér áður fyrir þessari hv. þd. í annari mynd en það nú er, eins og allir hv. þdm. kannast við. Frv. eins og það nú er orðið á rót

sína að rekja til þeirrar afgreiðslu, sem fór fram hér í d. í dag á öðru máli, um hækkun á tekju- og eignarskattinum, þar sem það var fellt frá 3. umr. Ég vænti, að þetta frv. fái fljóta og góða afgreiðslu, svo að þingslit geti orðið í dag.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 959).

## 30. Rekstrarlán fyrir Útvegsbankann.

Á 14. fundi í Ed., 2. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f** (þmfrv., A 73).

Á 16. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Á síðasta þingi var ríkisstj. veitt heimild með l. til þess að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs bráðabirgðalán handa Útvegsbankanum, allt að 100 þús. sterlingspund. Heimild þessi var aðeins veitt til eins árs, og var ekki af bankanum notuð nema að nokkru leyti, eða nálægt 60 þús. sterlingspund. Ég hefi leitað upplýsinga um það, hvort lán þetta hefir verið endurgreitt, og er mér tjáð, að það sé nú að mestu greitt, en það, sem enn sé ógreitt, verði greitt einhvern allra næstu daga. Að öðru leyti tel ég rétt að taka það fram, að ég hefi aflað mér kunnugleika um afkomu þessarar stofnunar síðastl. ár, og frá bankaráðinu hefi ég fengið þær upplýsingar, að reksturinn hafi gengið sæmilega síðastl. ár og eftir vonum. Ársreikningar bankans fyrir síðastl. ár kváðu vera um það bil að verða fullgerðir og munu koma fyrir almenningssjónir innan ekki margra daga.

Nú hefir hæstv. fjmrh. farið þess á leit við fjhn., að hún flytti frv. til bráðabirgðalaga um samskonar ábyrgðarheimild handa ríkisstj. handa Útvegsbankanum og á jafnhárri upphæð. Hefir meiri hl. fjhn. orðið við þessari ósk hæstv. ráðh. og flutt frv. eins og það kom frá honum. Ég skal þó taka það fram, að meiri hl. n. breytti orðalagi á einum stað í grg. frv., þar sem n. vildi ekki gera grg. að öllu leyti að sínum orðum. Í grg. stóð, að hentugra þætti, að lög þessi væru látin gilda um óákveðinn tíma en ekki aðeins til árs í senn. Þessu breytti n. þannig, að bankinn teldi þetta hentugra. Vænti ég, að hvorki hæstv. forsrh. eða bankinn hafi neitt við þessa breyt. að athuga. Hinsvegar er því þannig farið með mitt fylgi við frv., að ég tel vafasamt, að ég hefði getað flutt það annars. Frv. er sem sé að því leyti breytt frá því í fyrra, að nú á það að gilda um óákveðinn tíma, en í fyrra var heimildin aðeins veitt til eins árs. Eins og hv. þm. skilja, er á þessu tvennu sá meginmunur, að með því að veita heimildina til óákveðins tíma afsalar þingið sér rétti til þess að hafa eftirlit með því, hvernig láninu reiðir af. Ég tel, að í sjálfu sér sé réttara, að eftirlitið sé hjá Alþingi. Nú er það ekki svo að skilja, að ég vantreysti þeirri ríkisstj., sem nú situr að völdum, né nokkurri annari stj., er við kynni að taka, heldur er það hitt, að ég tel eðlilegast, að eftirlit þetta sé hjá Alþingi. Ég skal játa, að ég er ekki alveg fullráðinn um það, hvort ég flyt brtt. um þetta atriði frv. eða ekki, en ég vil a. m. k. við þessa umr. slá þennan varnagla með því að taka fram, að þess muni mega vænta, að brtt. um þetta komi fram.

Ég vil strax við þessa umr. taka fram, að þess er vænzt af bæði meiri og minni hl. n., að ríkisstj. sjái um, að það sé öldungis tryggt, að lánið greiðist upp árlega, og það mun mega fullyrða, að vilji þingsins sé sá, að þetta lán verði ekki fast. Hinsvegar tel ég enga þörf að mæla með frv. að öðru leyti. Ég hygg, að hv. þm. muni skilja, að hjá því verður ekki komizt að veita þessa heimild til stuðnings fyrir bankann.

Eftir því sem mér er tjáð, þá veltur á miklu, að þessir möguleikar séu ekki útilokaðir, því að lánskjör þau, sem bankinn hefir notið við þessar lántökur, er mér tjáð, að séu hagstæð og að viðskiptamenn, sem lánið hafa veitt, hafi reynzt hinir liðlegustu og gefið a. m. k. von, ef ekki loforð, um, að viðskiptin haldi áfram, ef því skilyrði verði fullnægt, að ríkissjóður ábyrgist lánið. Ég sé ekki á-

stæðu frá hendi meiri hl. n. að láta fleiri orð fylgja frv. að sinni. — Ég get eins gert ráð fyrir því, að ég beri fram brtt. við frv. við 2. umr. Mér þykir rétt að skýra frá því, að þess megi vænta, þó að ég sé flm. frv.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég þakka meiri hl. n. fyrir að hafa tekið frv. til flutnings. Bankanum er vitanlega nauðsynlegt nú eins og á síðasta ári að hafa rekstrarfé fyrir sjávarútveg og annan atvinnurekstur, sem er á hans vegum. Á síðasta ári hefir bankinn farið tryggilega með þessa heimild og einungis verið keyptir „liquid" víxlar fyrir lánsfé. Þessum lánum hefir einungis verið varið til stuðnings þeim atvinnurekstri, sem hefir skilað starfsfé sínu aftur. Ég vænti þess, að hv. Alþingi treysti stjórn bankans til að halda uppteknum hætti og geti fallizt á að veita ríkisábyrgðina.

Ég skil fyrirvara hv. 2. þm. S.-M., en tel þó heppilegra að láta l. gilda framvegis þangað til þingið kippir að sér hendinni, því það er jafnopin leið til þess, ef óánægja skyldi vakna í þessu sambandi. Það er fyrirsjáanlegt, að bankinn þarf að hafa um nokkurra ára skeið slíka rekstrarlánsheimild, sem varla fæst nema með ábyrgð þingsins. Erlendir viðskiptabankar hafa síðari árin jafnan heimtað ríkisábyrgð fyrir rekstrarlánum til íslenzkra banka og atvinnuvega.

**Jónas Jónsson:** Þegar þessi heimild var samþ. fyrir nokkrum missirum, talaði ég á móti henni út frá þeim röksemdum, að ekki væri sýnilegt, að þessi banki mundi standa sig vel, þó sem betur fer hafi annað orðið upp á síðkastið. Ég álít, að það sé veruleg hætta á því að láta slíka heimild gilda til margra ára. Það er ekki af neinni tortryggni til þeirra manna, sem stjórna bankanum, heldur aðeins af nauðsynlegri varfærni, sem þarf að hafa við í þessu efni, því eins og áður hefir verið tekið fram, þá stafa lánin til þessa banka af því, hversu Íslandsbanki var illa staddur, þegar hann fór á höfuðið, og hvaða erfiðleika hann leiddi yfir þjóðina. Yfirleitt eru þær fjárupphæðir, sem hafa verið lánaðar í Englandi handa bankanum, bæði stofnfé og rekstrarfé, er fraus inni, í raun og veru fastar í bankanum en lausar í Englandi. Ég álít óhyggilegt að auka varanlegar skuldbindingar í þessu efni með þeirri reynslu, sem maður hefir fengið.

**Forsrh.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég skil hv. 5. landsk. svo, að hann fylgi frv., ef ábyrgðin er bundin við eitt ár, og mun það vera af því, að hann sér, að ótti hans á síðasta þingi við þessa ábyrgð hefir ekki rætzt, heldur hafa bæði bankinn og atvinnuvegir landsmanna haft mikið gagn af þessari ráðstöfun síðasta þings. Og ég vænti, að sama gagn geti af hlotizt nú á yfirstandandi ári.

**Jónas Jónsson:** Það er aukaatriði í svona vinsælu máli hér í d., hvort einn eða annar sé með því, og ég kom alls ekki inn á það.

Ég talaði um það, sem getur orðið deiluatriði, sem skiptir máli, hvert ábyrgðin skuli gilda til eins eða fleiri ára.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 20. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 20. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 73).
Á 22. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Þetta frv. hefir fengið fljóta og góða afgreiðslu í hv. Ed., en þar var það borið fram af meiri hl. fjhn. fyrir hönd ríkisstj. Þetta frv. er samhlj. því frv., sem í fyrra var borið fram af fjmrh. En Alþ. gerði þá þá breyt. á því, að binda heimildina aðeins við eitt ár. Hér er farið fram á, að heimild verði veitt til þess, að ríkissjóður ábyrgist lán fyrir Útvegsbankann, allt að 100 þús. £ fyrir eitt ár í senn. Þykir þessi breyt. nauðsynleg vegna þess, að oft þarf að gefa Útvegsbankanum fulla vissu um, hvort lán fáist til útgerðar alllöngu áður en þing kemur saman. Virðist nauðsynlegt vegna bankans, að stjórnin hafi þessa heimild fyrirfram, til þess að bankinn geti vitað það í tæka tíð, hvort ábyrgð fæst eða ekki.

Leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 28. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 171).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég hefi óskað þess, að ábyrgðarheimildin fyrir Útvegsbanka Íslands yrði tekin fyrir í dag á 2 fundum, vegna þess að bankastjóri Útvegsbankans, Helgi Guðmundsson, sem nú er erlendis, hefir þegar komið því svo fyrir, að bankinn getur á þessu ári fengið 100 þús. sterlingspunda rekstrarlán; en hann fer mjög bráðlega frá London og þarf helzt að fá símuð út lögin, áður en hann hverfur þaðan, til þess að koma málinu í fullt lag. Ég hefi átt tal við þann mann fjhn., sem hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og hefir orðið samkomulag um það, að hann setti sig ekki á móti því, að málið yrði tekið á dagskrá, ef hann gæti komið að skrifl. brtt.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Þótt ég hefði kunnað betur við það, að mér hefði verið gert aðvart um það fyrirfram, að málið yrði tekið fyrir, þá hefi ég samt ekki sett mig á móti því, að það yrði gert. Þetta er líka svo einfalt mál og liggur svo kunnuglega fyrir hér í þinginu, að ekki er þörf á mikilli skýringu frá n. hendi, enda er gerð nokkurnveginn full grein fyrir málinu í nál. fjhn. á þskj. 171. Frv. er nú borið fram alveg eins og það kom fram á síðasta þingi. Því var þá dálítið breytt. Breyt. var sú, að í staðinn fyrir að ríkisstj. væri gefin heimild til þess að ábyrgjast slík rekstrarlán fyrir Útvegsbankann í eitt ár í senn, þá skyldi slík heimild vera bundin við samþykki Alþingis.

Nú hefir það sýnt sig og má vera skiljanlegt, að það er nokkrum erfiðleikum bundið að binda svona heimild við samþykki Alþingis, því að svo stendur á, að þörfin fyrir slík rekstrarlán er á fallin áður en Alþingi kemur saman á venjulegum tíma. Af þessum ástæðum er það, að meiri hl. n. hefir getað fallizt á, að ríkisstj. fái heimild til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir bankann, með þeim takmörkunum, sem í frv. segir. N. vill þó jafnframt taka það fram, að hún ætlazt til, að ríkisstj. noti því aðeins þessa heimild, án þess að bera það á ný undir samþykki Alþingis, að það sé á sama tíma öruggt, að bankinn greiði að fullu rekstrarlán næstliðins árs.

Ennfremur vil ég bæta því við f. h. meiri hl. n., að n. ætlast til, að stj. veiti alltaf þessa heimild með fullri gætni, og eins að hún veiti ekki heimildina nema brýn þörf sé á.

**Hannes Jónsson:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn byggist á því, að ég er sammála þessum samnm. mínum um skoðun á málinu eins og það var í fyrra. Ég vonast eftir, að brtt., er ég ætla að flytja við þessa umr., fái sömu undirtektir eins og nákvæmlega samskonar brtt. frá fjhn. fékk í fyrra, því að hún var samþ., eftir að hafa fengið lofsyrði frá hæstv. ráðh., með 16 shlj. atkv.

Eins og hv. frsm. hefir bent á, er frv. núna nákvæmlega eins og það var flutt á þinginu í fyrra; en það var gerð á því þessi breyt., að orðin „í senn“ féllu niður, þ. e. a. s., að ábyrgðarheimildin skyldi

aðeins veitt til eins árs, en ekki eins árs í senn, eins og nú stendur í frv.

Ég ætla svo að leggja fram þessa brtt. og óska eftir því, að hæstv. forseti taki hana til greina, og vænti þess, að hún fái sömu góðu undirtektirnar eins og hún fékk hér á þinginu í fyrra.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég þakka hv. n. meðferð hennar á málinu og undanskil þar ekki hv. þm. V.-Húnv., því að munurinn er minni á honum og hinum nm. en hann vill gera. Hafi hann núna sömu afstöðu og hann hafði í fyrra, veit ég, að hann hefir líka óbreytta afstöðu á næsta þingi, og svo koll af kolli, og verði þetta lagt saman, verður útkoman nákvæmlega þetta frv., sem hér liggur fyrir. Hér er enginn meginmunur á.

Ástæðan til þess, að óskað er eftir, að þingið samþ. ekki í hvert sinn þessa ábyrgðarheimild, heldur sé hún veitt til lengri tíma, þangað til kynni að koma upp óánægja, sem ylli því, að þingið kallaði aftur heimildina, því að sú leið er opin hvenær sem er —, ástæðan er eingöngu sú, að bankinn þarf að grípa svo snemma á árinu til þessarar ábyrgðarheimildar, að honum er það til mikilla óþæginda að þurfa á ári hverju að bíða fram í marzmánuð eftir heimildinni.

ATKVGR.

Afbrigða um skrifl. brtt. (sjá þskj. 184) frá þm. V.-Húnv. (HJ) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Ég get að mestu leyti látið nægja að vísa til þess, sem hæstv. fjmrh. hefir sagt.

Til andsvars við því, sem hv. þm. V.-Húnv. hafði fram að bera, og við brtt. hans vil ég aðeins benda á það, að ég hefi þegar fyrirfram í fyrri ræðu minni og í nál. gert grein fyrir ástæðunni til þess, að n. gat fallizt á að láta heimildina vera í höndum stj., í staðinn fyrir að sækja þurfi í hvert sinn til þingsins til að fá þessa heimild. Það er eingöngu af hagkvæmnisástæðum, að á þetta er fallizt, af því að þörfin til rekstrarlána útgerðarinnar er þegar fallin á áður en þingið getur verið búið að samþykkja heimildina. Að hinu leytinu hefir n. endurtekið varnaðarástæður þær, sem hún bar fram í fyrra. Er það gert bæði í nál. og einnig í fyrri ræðu minni.

**Hannes Jónsson:** Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta, en ég vísa til þess, sem menn gerðu og sögðu hér á þinginu í fyrra. Ég býst við, að þó að hv. frsm. og hæstv. ráðh. séu búnir að gleyma einhverju af því, þá rifjist það upp fyrir þeim, að till., sem þá var samþ. og ég nú fer fram á að verði samþ., var gerð sem öryggisráðstöfun, til þess að tryggja það, að þingið fylgdist vel með því, hvernig þessi ábyrgðarheimild væri notuð. Mér er ekki kunnugt um, hvernig með þessa lánsheimild hefir verið farið á síðastl. ári. Ég veit ekki til þess, að neinar upplýsingar um það hafi legið fyrir n. Hygg ég, að ennþá sé eftir að greiða það lán, sem tekið var með ríkisábyrgð í fyrra í þessu augnamiði. Ég kynni illa við það, ef taka þyrfti nýtt lán með ríkisábyrgð, án þess að greitt hefði verið lán það, sem tekið hefði verið á fyrra ári. Ég hygg, að það væri ekki í samræmi við skoðanir hv. þm. á þinginu í fyrra. Það væri fróðlegt að heyra um það, hve mikið stæði eftir ógreitt af því láni, sem kynni að hafa verið tekið í fyrra með ríkisábyrgð í þessum tilgangi.

Ákvæðið um það, að veita bankanum ábyrgðarheimildina aðeins til eins árs, ætti að vera bankanum fullnægjandi, en ég held samt, að það sé ástæða fyrir þingið að fá skýra grein fyrir því, hvernig þessi ábyrgð er notuð, að hve miklu leyti þau lán, sem tekin hafa verið með ríkisábyrgð, hafi verið greidd, þegar næst er leitað eftir ábyrgð á lánum.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það á náttúrlega nokkurn þátt í því, að menn eru nú fúsari til að gefa þessa ábyrgðarheimild til lengri tíma en þeir voru í fyrra, að það hefir gengið mjög vel um ráðstöfun þeirra peninga, sem teknir hafa verið að láni á síðastl. ári skv. þessari heimild. Fyrir þetta lánsfé hafa eingöngu verið keyptir „liquid"víxlar, mestmegnis fiskvíxlar, og mun lánið vera greitt, nema sem nemur um 8000 sterlingspundum, en það er fiskur á leiðinni

út, og verður allt greitt að fullu fyrir eða um 28. þ. m. Hefir á allan hátt verið farið með þetta lán eins og þingið ætlaðist til. Þar sem óttinn er minni nú en hann var á síðasta þingi, mun hv. d. vera tilleiðanlegri til að veita þess ábyrgð nú til fleiri ára, þar sem aðrar ástæður mæla sterklega með því, eins og hv. frsm. meiri hl. n. og ég höfum bent á.

Ég vil aðeins biðja hv. aðalframsögumann velvirðingar á því, að mér láðist að nefna það við hann, að málið yrði nú tekið á dagskrá, en það var vegna hans fyrirvaraleysis.

ATKVGR.
Brtt. 184 felld með 11:6 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Hannes Jónsson:** Ég bar fram fyrirspurn við fyrri umr. þessa máls, sem ekki hefir verið svarað. Ég kann því illa, að málið fari svo í gegnum allar umr. hér í hv. d., að ég fái ekki svar við þeirri spurningu, að hve miklu leyti ábyrgðarheimildin hefði verið notuð á síðastl. ári og hvernig bankinn hefði getað staðið í skilum með greiðslu á því láni, sem kynni að hafa verið tekið. Vænti ég þess, að það komi fram, áður en málið fer alveg út úr d.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Við 2. umr. þessa máls gaf ég þær upplýsingar, sem skipta máli um þessa fyrirspurn hv. þm., en það er það, hvort nokkuð hafi orðið „fast“ af þessu fé, hve mikið standi eftir núna og hvort til sé valuta fyrir því. Ég skýrði allt og með þeim hætti, að það mun heldur hafa vakið traust hv. þd. en vantraust. Ef nokkuð hefir vantað í mínu svari, kynni það að hafa verið það, hve mikil fjárhæð hafi verið notuð, þegar mest var notað af þessari heimild.

Ég vil óska þess, að hv. 1. þm. Rang., sem er kunnugastur í þeim efnum, svari, svo að allir geti orðið ánægðir, en f. h. stj. læt ég þess getið, að bankanum var heimilt að nota allt lánsféð, 100 þús. sterlingspund, ef hann þyrfti á að halda.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Að því leyti, sem fyrirspurn hv. þm. V.-Húnv. um fjárhæðina hefir ekki verið svarað, þá skal ég benda honum á, að upplýsingar um það eru í nál. Þar segir svo: „Heimild þessi var notuð á næstl. ári, þó ekki nema að hálfu leyti ...“, þ. e. a. s., að það voru tekin 50000 sterlingspund að láni.

**Jón Ólafsson:** Hæstv. forsrh. mæltist til þess, að ég segði nokkur orð út af fyrirspurn hv. þm. V.-Húnv. Ég skal gefa þær upplýsingar, sem raunar hv. 1. þm N.-M. hefir gefið, að bankinn hefir notað af þessu fé 50000 sterlingspund. Það var ekki af því, að í rauninni hafi ekki verið þörf fyrir meira, hefði heimildin komið fyrr á árinu, og einmitt þess vegna er nú farið fram á sömu fjárhæð, að það er þegar byrjað að lána út á fisk. Það kom í ljós á síðastl. ári, að það, sem var notað, var of lítið, hefði verið byrjað að lána út á fisk strax á árinu.

Ég er ekki viss um, að menn viti, hvernig fyrirkomulagið á þessum lánveitingum er. Því er svo háttað, að þegar lánað er út á fisk, þá er sá víxill, sem tekinn er með því veði, lagður í sérstakan kassa. Sá kassi, sem fiskverðið er lagt í, tilheyrir þeim banka, sem lánar peningana, þannig, að þeirra eftirlitsmaður gengst eftir því á hverjum mánuði, að þeir víxlar stemmi, sem lánað hefir verið út á og þessi stofnun hefir að veði. Þannig er frá þessu gengið, svo að það er tæplega hægt að ganga tryggilegar frá lánveitingum, og það sýnir sig, að þessar lánveitingar og veð hafa ekki að neinu leyti rekið sig á fyrir bankann. Þetta er út af fyrir sig ekki algerlega tryggt, ef óvönduglega er með veðsetninguna farið, en það er fágætt, og menn vita, hvaða afleiðingar það hefir.

Ég álít þessi lán og þessar ábyrgðir ríkissjóðs þær tryggustu, sem hægt er að hugsa sér, þar sem þessi lán á að greiða á sama ári með þessu „liquid“veði.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 186).

## 31. Heymat.

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um samþykktir um mat á heyi til sölu** (þmfrv, A 69).

Á 16. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Steingrímur Steinþórsson):** Við þm. Skagf. flytjum hér á þskj. 69 frv. til l. um samþykktir um mat á heyi til sölu. Hér er um nýmæli í löggjöfinni að ræða, og skal ég því með örfáum orðum skýra frá, hvað fyrir okkur vakir.

Heyið mun vera sú vara, sem einna misjöfnust er að gæðum af vörutegundum þeim, sem nú ganga hér kaupum og sölum. Fyrst og fremst er hey mjög mismunandi að gæðum frá náttúrunnar hendi. Auk þess er hirðingu heysins þannig varið, að það getur tekið mjög miklum breytingum, og fóðurgildi þess mjög rýrnað frá því það er slegið og þangað til það er orðið þurrt.

Margt fleira kemur til greina, svo sem þroskaskeið jurtanna þegar slegið er, geymsla heysins o. s. frv. Af þessum ástæðum er verðgildi heysins ákaflega mismunandi. Og þegar fram fer sala milli aðila, sem ekki geta náð saman, þannig, að kaupandinn getur ekki séð heyið hjá seljanda, þá getur verið erfitt fyrir kaupanda að fá rétta hugmynd um hverskonar vara það er, sem hann kaupir.

Á síðari árum hefir sala heys farið mjög vaxandi í ýmsum héruðum, jafnframt því sem kauptún og kaupstaðir hafa stækkað og búfé þar fjölgað. Er orðið um allmikla verzlun að ræða á þessu sviði. Nú er það víst, að sumstaðar hefir orðið vart allmikils ágreinings milli kaupanda og seljanda, þannig, að þegar heyið kemur til kaupandans, telur hann ekki hafa verið skýrt rétt frá um gæði þess. Hefir þetta valdið deilum og jafnvel málarekstri, sem er að öllu leyti mjög óheppilegt. Vitanlegt er líka, að til eru óprúttnir seljendur á þessu sviði eins og öðrum, sem telja heyið, sem þeir hafa á boðstólum, betra en það er, og skaða með því ekki einungis sjálfa sig, heldur og alla, sem við heysölu fást í nágrenni við þá. Orkar því ekki tvímælis, að oft getur verið nauðsynlegt, að fram fari einhverskonar opinbert eftirlit eða mat á þessari vöru. Þó leizt okkur flm. frv. ekki ráðlegt að leggja til, að gert væri að skyldu að meta allt hey, sem selt er, hvar sem er á landinu. Teljum við heppilegra að byrja með því að setja heimildarlög um þetta efni, svo hægt sé að ákveða heymat í einstökum sýslum eða hluta af sýslum, þar sem mest þörf þykir á því. Geri ég þó ráð fyrir, að síðar verði tekið fastari tökum á þessu máli og fyrirskipað mat á heyi um allt land.

Frv. þetta flytjum við þm. Skagf. fyrir tilmæli Búnaðarsambands Skagafjarðar. Í Skagafirði er um allmikla heysölu að ræða, einkum til Siglufjarðar. Þar er afstaðan þannig, að erfitt er fyrir kaupendur og seljendur að ná saman, eða fyrir kaupandann að skoða heyið, sem hann ætlar að kaupa. Við lítum svo á, að hér sé um nokkra tryggingarráðstöfun að ræða, þannig, að kaupandinn hafi nokkru meiri vissu fyrir, að heyið sé eins og það er sagt vera, þegar það hefir verið metið af þar til skipuðum manni, heldur en þegar einungis gildir umsögn seljandans sjálfs. Jafnframt á þetta að koma í veg fyrir, að einstakir óprúttnir menn geti spillt fyrir öðrum, sem hey selja.

Ég sé ekki ástæðu til við þessa umr. að fara út í einstakar greinar frv. Það má vel vera, að þörf sé á einhverjum breyt. á því, og vænti ég þess, að n., sem fær málið til meðferðar, athugi það vel, þar sem hér er um nýmæli að ræða. Erum við flm. vitanlega fúsir til samvinnu í því efni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vona, að hv. þdm. leyfi frv. að ganga til 2. umr. Legg ég til, að því verði vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18. shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 119).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20. shlj. atkv.

Brtt. 119 samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

3.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 141).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 141).

Á 25. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv. fékk greiða göngu gegnum hv. Nd. Það er flutt af okkur þm. Skagf. eftir beiðni Búnaðarsambands Skagafjarðar. Nú á síðari árum hefir heysala farið vaxandi, svo að það er nú orðið algengt, að betri heyjasveitir selji burt allmikið af heyi sum sumur til annara héraða. Það hefir komið í ljós, að oft hefir orðið hinn mesti ágreiningur milli seljanda og kaupanda um gæði og umbúnað heysins. Seljandi heldur því þá oftast fram, að heyið hafi farið gott og vel um búið, en kaupandi, að það hafi komið vont og laust úr böndum. Nú er það svo, að þetta getur verið áríðandi verzlun og hagkvæm fyrir báða. Þess vegna er nauðsynlegt að fá ákvæði, sem tryggja bæði kaupanda og seljanda rétt úrslit slíkra deilna.

Með frv. þessu er nú ekki lengra gengið en það, að lögfesta heimild fyrir sýslunefndir til þess að setja samþykktir um þetta efni. Er þess þá að vænta, að þær sýslunefndir, sem finna nauðsyn þessa fyrir íbúa síns héraðs, hefjist handa. Það munu vera til þær sýslur á landinu, þar sem þetta skiptir ekki máli, og láta þær þá málið afskiptalaust, en hinar, sem þörf hafa fyrir ákvæði í þessu efni, mega sjálfum sér um kenna, ef íbúar þeirra verða fyrir skaða, ef þær setja ekki þessi ákvæði. Í hv. Nd. var frv. í landbn., og legg ég til, að því verði vísað til sömu n. þessarar hv. d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 243).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að heimilt verði fyrir sýslunefndir að koma á samþykktum í sýslum, sem gilda fyrir einn hrepp eða fleiri, um það, að hey, sem selt er út úr hreppum, skuli skylt að meta. Við 1. umr. var því lýst af hæstv. dómsmrh., hver þörf væri á þessu sumstaðar á landinu, hey væri selt töluvert til fjarlægra staða, og gæti eðlilega orðið ágreiningur um ýmislegt í sambandi við þau viðskipti, ef þau væru eftirlitslaus og heyið ekki metið. Landbn. hefir fallizt á að heimila setningu slíkra heimildarlaga. N. hefir heldur ekki komið auga á, að nokkuð það væri í hinum einstöku gr. frv., sem ástæða væri til að lagfæra, og leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 3 umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 287).

## 32. Lán úr Bjargráðasjóði.

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 20 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði** (þmfrv., A. 68).

Á 15. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Steingrímur Steinþórsson):** Við þm. Skagf. höfum leyft okkur að bera fram þetta litla frv., sem er breyt. á heimildarlögum frá 1925 um lán úr Bjargráðasjóði. Þannig stendur á, að það þykir a. m. k. mjög orka tvímælis samkv. þeim heimildarlögum, að hægt sé að veita sýslufélögum lán í því skyni, sem þau l. annars heimila. Að vísu er svo tekið fram í b-lið 1. gr. l. nr. 20 1925, að heimilt sé að veita lán úr sjóðnum „fóðurbirgðafélögum eða öðrum félögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri".

Það má nú máske ætla, að sýslufélög komi þar undir sem slík, en það er þó talið vafasamt. Það þykir því rétt að bera fram þessa breyt. um það, að heimilt sé að veita sýslufélögum lán til þess sérstaklega að fyrirbyggja kornvöruskort vegna tálmana af hafísvöldum. Þetta er gert vegna áskorana frá búnaðarsambandi Skagfirðinga og sýslunefnd Skagafjarðarsýslu.

Eins og öllum þdm. er sjálfsagt kunnugt, mundi mörgum héruðum hér á landi stafa voði af kornvöruskorti, ef hér kæmu veruleg hafísár. Í því tilfelli er nú öðruvísi ástatt en áður var, þegar verzlanirnar birgðu sig að vörum til vetrarins. Nú er svo ástatt, að verzlanirnar þurfa að fá vörur oft á vetri til þess að vera sæmilega birgar. Þetta hefir draslazt svona áfram vegna undanfarinna góðæra, en enginn gengur þess dulinn, að ef veruleg hafísár koma, mundi vera um voða að ræða. Skagfirðingar hafa haft þetta í huga og vilja tryggja sig gegn þessari hættu með því að birgja sig almennt upp af kornvörum frá haustnóttum og fram á sumar.

Þessi breyt. við heimildarlögin um lán úr Bjargráðasjóði er til þess, að tvímælalaust sé, hvort veita megi sýslufélögum lán í þessu skyni. Vænti ég, að hv. d. fallist á, að það verði að teljast eitt af helztu og sjálfsögðustu hlutverkum Bjargráðasjóðs að byggja fyrir þá óhamingju, sem af þessu gæti stafað, og að það sé sjálfsagt að styrkja og hjálpa þeim sýslufélögum, sem eitthvað verulegt vilja á sig leggja í þessu skyni. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa mörg fleiri orð viðvíkjandi þessu, en skal aðeins geta þess viðvíkjandi 6. gr. l., þar sem svo er ákveðið, að að jafnaði megi ekki veita hærri lán úr Bjargráðasjóði í neina sýslu eða kaupstað en svari hluta þeirra í séreigninni eða hinum sameiginlega sjóði, þá vil ég leggja þann skilning í það, að þetta ákvæði nái í raun og veru ekki til þess, ef um lán til sýslufélags er að ræða í þessu skyni.

Ég vil biðja þá hv. n., sem fær þetta frv. til athugunar, að athuga þetta atriði í sambandi við 1. gr. — Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vil óska, að frv. fái að ganga til 2. umr. og n., og tel bezt fallið, að frv. þetta fari til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 126).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Þetta er svo einfalt mál, að ekki þarf langa framsögu. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Með frv. er farið fram á, að veita megi lán úr Bjargráðasjóði, þegar hætta er á, að vöruflutningar teppist vegna hafíss eða óvenjulega vondrar veðráttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 68).

Á 26. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Þetta frv. hefir eins og hið næsta á undan á dagskránni (frv. um laun embættismanna) verið fyrir Nd. og var samþ. þar breytingalaust. Það er flutt af okkur báðum þm. Skagf. eftir beiðni búnaðarsambands Skagafjarðar. Frv. gengur út á að heimila að veita lán úr Bjargráðasjóði til sýslufélaga, til þess að koma í veg fyrir kornvöruskort af völdum hafíss í þeim héruðum, sem þeirri hættu eru undirorpin. Þessi heimild er ekki í lögunum um Bjargráðasjóð frá 1925, en fyrir þessum ákvæðum er hin mesta nauðsyn, því eins og menn vita, getur það komið fyrir, að Norðurland lokist alveg af hafís og einangrist þannig frá öllum samgöngum á sjó um langan tíma. Og auðvitað er það hlutverk Bjargráðasjóðs að hjálpa í slíkum tilfellum. Hugmyndin er sú, a. m. k. í Skagafirði, að búnaðarsambandið eigi jafnan kornvörubirgðir á því tímabili ársins, sem líkur eru til, að ís geti lokað höfnum. Þessi ráðstöfun ætti ekki að kosta mikið, en hinsvegar yrði hún til mikillar tryggingar. Ég geri ráð fyrir og þykir það ekki ólíklegt, að önnur sýslufélög, þau er þannig eru sett, muni nota sér þessa heimild, ef hún verður samþ.

Í Nd. var þetta frv. fyrir landbn. og legg ég til að það fari til sömu n. þessarar hv. d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9. shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 237).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Þetta frv. er nú búið að ganga gegnum Nd. og hefir fengið þar góðan gang og hlotið samþykki. N. sá ekki ástæðu til að amast við, að þetta yrði að l., því nokkuð svipuð ákvæði eru þegar til í l. frá 1925, þar sem gert er ráð fyrir, að fóðurbirgðafélögum sé lánað til að afstýra hallæri. Það getur verið í einstökum tilfellum betra, að sýslufélögin sjálf taki þessi lán. Það er kunnugt, að í ýmsum héruðum, einkum norðanlands, er oft mikil hætta á, að samgöngur teppist vegna hafíss, og er því ekki nema vel til fundið, að sýslufélögin beiti sér fyrir því að afstýra vandræðum, sem af því getur leitt. N. sá því ekki ástæðu til að leggjast á móti þessu. En vitanlega er það annað mál, að það getur verið töluvert athugavert mál fyrir sýslurnar, hvort þær eigi að leggja út í þetta eða ekki, því ef ekki hafa farið fram, áður en svona ákvarðanir eru gerðar um tryggingu forða, nákvæmar rannsóknir um það, hverjar ástæður eru fyrir hendi í héruðunum, þá mun forðinn þurfa að vera nokkuð mikill. En n. lítur svo á, að þetta sé verksvið sýslunefnda, að tryggja þau sjálf gagnvart þessu, en hún sá ekki, að frá landsins eða sjóðsins sjónarmiði væri ástæða til þess að leggjast á móti þessu.

**Jón Baldvinsson:** Ég sé á þessu frv. og því, sem n. leggur til, að frv. muni verða að l. Það er búið að ganga gegnum Nd. athugasemdalaust. Ég ætla að minna d. á það, að fyrir nokkrum árum flutti þáv. þm. Ak. frv. í svipuðu skyni og þetta, að tryggja hafnir norður frá, og þá sérstaklega Akureyri, að þær verði ekki matvörulausar, þó ísaár kæmi. Því frv. var nú ekki vel tekið af d. þá. Ég man ekki, hvort það var fellt eða svæft, en það fór svo, að það komst ekki fram. Nú hafa báðir þm. Skagf. borið fram samskonar heimild, sem þeir ætla sér að nota handa Skagfirðingum. Að vísu er þetta almenn heimild, en eftir því, sem þeir segja, er hún flutt eftir beiðni búnaðarsambands Skagfirðinga. Hugsunin með þessu frv. er, segja flm., að nota væntanleg lán til þess að hafa jafnan kornvörubirgðir fyrirliggjandi á þeim tíma árs, sem hafíshættan er. Þetta þýðir, að fé Bjargráðasjóðs og fé sýslnanna verður lagt í dálitla hættu með þessu móti. Ef sýslufélag hefir nú birgt sig upp

með miklar vörur, sem þykja hæfilega miklar til þess að tryggt sé, að ekki verði kornvöruskortur, þó samgöngur teppist á sjó, og ef nú ekki kemur ísaár, þá verður að endurnýja þessa matvöru frá ári til árs, því sennilega dettur mönnum ekki í hug að geyma kornvörur árum saman. Það hlýtur því að verða að selja birgðirnar á hverju vori, þegar menn þykjast sjá, að ekki verði hætta af samgönguteppu af völdum hafíss. En þá kemur það til, að á sama tíma eru allar verzlanir og kaupfélög birg með þessar vörur. Þarna kemur fram galli í verzlunarskipulaginu, sem endar með því, að sýslurnar hljóta að tapa á því að selja kornvörur fyrir neðan það verð, sem kaupfélög og kaupmenn bjóða. Þess vegna var sú hugmynd, sem lá til grundvallar fyrir frv. þm. Ak. á sínum tíma, alveg rétt, að taka kornvöruverzlunina í hendur sýslufélaganna. Með því móti geta sýslufélögin haft nægar birgðir og þurfa ekki að vera í hættu um það, að þau brenni inni með þessar birgðir eða að þær skemmist í höndum þeirra eða þau þurfi að selja þær fyrir lægra verð en kaupmenn. Því það kostar nokkuð mikið að geyma miklar birgðir of korni frá haustnóttum og kannske langt fram á næsta sumar á eftir. Þess vegna vil ég beina því til flm., hvort hann vilji ekki athuga þessa hlið málsins, sem mér finnst geta orðið sýslufélögum þungur baggi, og hvort hann vildi ekki taka upp hina leiðina, eða að n. íhugaði, hvort ekki væri rétt að veita sýslufélögum heimild til þess að hafa einkasölu á korni í sínum héruðum. Þá er búið að fyrirbyggja þann galla, sem er á frv. frá mínu sjónarmiði, þann fjárhagslega skaða, sem sýslufélögin geta orðið fyrir af þessu frv. Ég geri ráð fyrir, að á þessum stöðum séu víðast kaupfélög, sem sýslufélögin gætu þá falið þessi einkaréttindi og kaupfélögin síðan tryggt almenningi, að matvörur séu fyrir hendi, þó samgöngur teppist einhvern tíma árs. Að þessu leyti gæti verið vit í að heimila sýslufélögum lán úr Bjargráðasjóði í sambandi við slík matvörukaup, því það getur vel verið, að kaupfélögin geti ekki öll lagt fram svo mikið fé, sem þarf til þess að hafa fyrirliggjandi miklar kornvörubirgðir yfir mjög langan tíma.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég skal geta þess, að flm. er nú ekki hér í d., svo það er ekki hægt að beina orðum sínum til hans. (**JBald:** Til n.). Viðvíkjandi því, sem hv. 2. landsk. minntist á till. þm. Ak. fyrir nokkrum árum, þá eru þær, eins og hann kom að í ræðu sinni, töluvert mikið annars eðlis, því þær áttu að heimila sýslu- og bæjarfélögum að taka einkasölu á matvörum, vissan tíma ársins a. m. k. Þetta frv., sem hér er um að ræða, gengur ekki svo langt. Frv. þm. Ak. var mikil skerðing á frjálsri verzlun, og mörgum þótti það því ískyggilegt. En þó vil ég játa, að það geti verið álitamál, hvort þessi verzlun eigi að vera ríkisverzlun eða ekki. Þessu frv. er ætlað að gera nokkuð sama gagn og vakti fyrir þm. Ak., og ég vil álíta, að það séu miklar líkur til, að það geti miðað töluvert í þá átt. En þá kemur maður að því atriði, sem hv. 2. landsk. talaði um, að væri áhættusamt fyrir sýslurnar. Ég held, að í fæstum tilfellum séu líkur til þess. Ég geri ráð fyrir, að það yrði haft sama form á því og mörg sýslufélög hafa þegar tekið upp, að þau hafa gert samninga við kaupfélög um að liggja með vörur frá áramótum og yfir þann tíma, sem mest ísahættan er. Það er því ekki um langan tíma að ræða, sem þörf er á að liggja með vörur. Og ef verzlanir eða kaupfélög taka að sér geymslu á þessum vörum, sem sýslufélögin hafa tryggt sér, þá ætti ekki að vera um annað tap að ræða en vaxtamismun fyrir þennan stutta tíma, ef verðbreytingar verða ekki, því verzlanir geta vitanlega tekið þetta að sér án nokkurs sérstaks endurgjalds. Það geta náttúrlega alltaf orðið nokkrar verðbreyt., en þær geta þá orðið á báða bóga, svo þetta ætti því ekki að vera mjög áhættusamt, því ég geri ráð fyrir, að sýslufélögin tryggi sig sem bezt áður en þau ráðast í þetta. Þess vegna sé ég ekki annað en að þetta frv. sé a. m. k. mikið spor í þá átt, sem fyrir þm. Ak. vakti, að tryggja ísahéruð fyrir mannfelli og jafnvel skepnufelli. Þess vegna held ég, að það sé alveg óhætt fyrir hv. 2. landsk. að samþ. frv., því það miðar

þó í þá átt, sem hann vill vera láta. Ég held, að það sé rétt að fara þá leiðina til að byrja með, en ekki hina.

**Einar Árnason:** Mér fannst á ræðu hv. frsm. landbn., að það væri nokkuð takmörkuð sú trú, sem n. hefði á gagnsemi þessa frv. Og ég verð í rauninni að láta í ljós sömu skoðun um það, að ég tel, að það sé dálítið vafasamt, að þetta frv., þó að l. verði, geti orðið að því gagni, sem til er ætlazt. Þó vil ég ekki beinlínis setja mig á móti því, að þessi heimild verði veitt, sem hér er farið fram á. En mín spá er sú, að þegar sýslufélögin hugsa sér að framkvæma þessa hugmynd, þá reki þau sig á ýmsa agnúa í framkvæmd þessa máls, sem sennilega hefir ekki verið hugsað fyrir, þegar upphaflega var stungið upp á að koma þessu á. Það er eins og hv. 2. landsk. tók fram, að þetta getur valdið sýslufélögunum nokkrum fjárútlátum, sem stafa bæði af verðbreyt. og öðrum kostnaði. En nú fer þetta vitanlega mikið eftir því, hvað víðtækar þessar ráðstafanir verða, hversu miklar þær birgðir væru, sem sýslufélögin tækju upp á sig að liggja með. Ég vil aðeins taka það fram, að ef veruleg harðindi ber að höndum, þá er það ekki nema lítil björg, þó þau forðabúr verði, sem nægja mannfólkinu um kornvörur. Það, sem mest hætta stafar af, er fóðurskortur fyrir fénaðinn. Til þess að bjarga fénaði frá fóðurskorti í langvarandi harðindum, þarf geysilega miklar birgðir, þegar hey eru þrotin. Ef fyrir þessu ætti að hugsa, þá þurfa birgðirnar að vera svo miklar, að það eru litlar líkur eða engar til, að þá væri hægt að koma birgðunum í lóg í öllu venjulegu árferði á sama ári. Ég er viss um, að sýslufélögin verða að taka það til rækilegrar athugunar, að þau þurfa að hafa handbæran ríflegan varasjóð, til þess að taka af þau skakkaföll, sem hljóta óhjákvæmilega að koma fram, ef í þetta er ráðizt. En sem sagt, ég geri ráð fyrir, að sýslunefndir athugi málið áður en þær leggja út í það, og þess vegna sé e. t. v. ekki rétt að neita þeim um þessa heimild, sem hér er farið fram á. Þar sem hv. 2. landsk. minntist á það, að eðlilegasta leiðin væri, að sýslufélögin tækju einkasölu á kornvörum, því þá væri útilokuð fjárhagslega áhættan af þessu, þá er í rauninni nokkuð til í þessu. En þá verður að gæta þess, að þá eru mjög litlar líkur til, að þeir, sem kornvöruna kaupa, njóti þess verðfalls, sem kynni að verða á þessari vöru kannske á einu ári. Þá er búið að setja þessa verzlun innan þess hrings, sem kaupendur verða að sætta sig við, að verðlagið sé það, sem sýslunefndir telja sig skaðlausar af að setja á kornvöruna.

Ég vil aðeins láta í ljós þessa skoðun mína, að þetta mál er talsvert vandasamt, og vandasamara en ýmsir hafa álitið, sem eftir fyrstu umhugsun hafa hallazt að þeirri skoðun, að þetta væri gott ráð. Ég fyrir mitt leyti er þó alls ekki að gera lítið úr þessu ráði og mun þess vegna ekki reyna að bregða fæti fyrir frv., þó að ég hinsvegar hafi ekki mikla trú á, að það geri verulegt gagn, þó að það verði að l.

**Jón Baldvinsson:** Ég var ekki að mæla á móti frv. áðan, heldur aðeins að benda á þá agnúa, sem mér sýndust vera á þessu fyrirkomulagi. Ég mun ekki greiða atkv. á móti frv., þó að ég hafi ýmislegt við það að athuga, heldur vil ég aðeins benda á þá galla, sem á þessu eru.

Það verður ekki annað sagt en að þetta sé áhættumikið fyrir sýslufélögin, og getur jafnvel verið um stórar fjárhæðir að ræða. Það mun ekki um of í lagt, þó að gert sé ráð fyrir, að eitthvert sérstakt hérað taki í þessu skyni 50 tonn af kornvöru. Kostnaður vegna geymslu á svo miklum birgðum hlýtur að verða talsvert mikill auk vaxta og annars kostnaðar, sem alltaf hlýtur að verða tilfinnanlegur, og svo er engin von til að geta selt þetta korn dýrara en kaupmenn og kaupfélög selja það á hverjum tíma. Og það er ekki einu sinni víst, að hægt sé að selja það svo háu verði, því að kornið þarf góða geymslu, ef það á ekki að skemmast. Auk þess þarf að hreyfa kornpoka a. m. k. einu sinni í mánuði, svo að kornið skemmist ekki, og við það er talsverður kostnaður. Ég er því að benda á það sem heppilegri leið, sem hv. þm. Ak. vildi fara, því að þá mundi kaupfélögunum falið að hafa þessar birgðir, og eftir því sem hv. frsm. talaði, þá mun

það vera meiningin, og þá er þetta frv. í raun og veru heimild til að veita kaupfélögunum rekstrarlán, sem sýslufélögin taki úr Bjargráðasjóði, og auk þess verða sýslufélögin að taka á sig áhættu, sem stafar af verðlækkun, auk talsverðs kostnaðar.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég vil aðeins geta þess út af því, sem hv. 2. landsk. sagði, að ég get ekki séð, að þetta hefði tilfinnanlegan kostnað í för með sér, nema þá kannske í einstöku tilfellum. Þó að taka þyrfti til geymslu 50 tonn í 5 mán., og ég hygg, að í fæstum tilfellum væri um lengri tíma að ræða, þá hygg ég, að kostnaðurinn yrði varla meiri en svo sem 200 kr. eða eitthvað þess háttar. (**JBald:** 2000 kr.), og það er ekki svo tilfinnanlegt, þegar tryggja á heilt sýslufélag gegn hallæri. En ef á að tryggja allan fénað manna gegn fóðurskorti, eins og hv. 2. þm. Eyf. var að tala um, þá hygg ég, að bezta aðferðin yrði, að héraðsbúum væri tryggður nægilegur heyforði, sem verður nú alltaf auðveldara og auðveldara, eftir því sem ræktunin vex, og það yrði auðvitað verk fóðurbirgðafélaganna. Hitt væri ómögulegt, að tryggja fénað gegn fóðurskorti með kornvörukaupum, nema áður færi fram athugun á því í hverri sveit, hve mikið þyrfti að fá, ef harðæri kæmi.

Ég tel því að öllu athuguðu, að sýslufélögunum sé í lófa lagið að fara svo með þessi mál, að áhættan verði ekki mikil.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 shlj. atkv., og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 288).

---

## 33. Silfurberg.

Á 20. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um afnám l. nr. 21 19. júní 1922, um að veita ríkinu einkarétt til þess að selja allt silfurberg, sem unnið verður á Íslandi** (þmfrv., A. 128).

Á 22. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Þorleifur Jónsson):** Ég get að mestu vísað til grg. frv. á þskj. 128, en vil þó leyfa mér að fara fáeinum orðum um málið til framhalds því, sem þar stendur. Ég minnist þess, að fyrir mörgum áratugum þótti dýrmæt eign þar sem var Helgustaðanáman við Reyðarfjörð, vegna þess að þá var talið víst, að slík náma væri hvergi í heiminum nema á Íslandi. Og það hefir verið svo, að ríkari námur hafa ekki fundizt, nema e. t. v. nú á síðari árum í Rússlandi og Afríku. Fram til 1920 voru stórir, ógallaðir kristallar í mjög háu verði. — Ríkissjóður mun oftast hafa leigt námuna gegn ákveðinni leigu, en eftir því sem sjá má af LR. frá fyrri árum, þá hefir verið ærið misbrestasamt, hvað hafzt hefir upp úr námunni, því að sum árin hefir engin leiga verið greidd, en önnur þó nokkuð, frá 1—2 þús. kr. og einstöku ár töluvert meira. Árið 1922 rak ríkið sjálft námuna. Verkfræðingur var fenginn til þess að að hafa á hendi stjórn verksins. Var þá tekið 70—80 þús. kr. lán til þess að grafa göng, því að þeir, sem síðast höfðu námuna, Frakkar munu hafa skilið svo illa við hana, að ekki hefir þótt fært að halda áfram rekstrinum á sama stað. Þegar svona var komið, var ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að ríkið tryggði sér um leið, að aðrir, sem kynnu að hafa silfurberg með höndum, hefðu ekki tækifæri til að keppa við ríkissjóð og geta fellt það í verði. Verkfræðingurinn flokkaði silfurbergið, og þá voru sett l. um það, að ríkið eitt skyldi hafa sölu silfurbergs með höndum. Þrátt fyrir það fjármagn, sem lagt var í námuna eftir 1922, þótti ekki svara kostnaði að vinna hana. Náman var ekki eins auðug og búizt var við og það hittist ekki nein æð af silfurbergs-

skápum, eins og það er kallað. Eftir 5 ár var svo hætt við námuna, og seinasta árið, sem fé virðist hafa verið veitt til hennar, er 1927. Ég vil geta þess til glöggvunar, að skv. LR. eru tekjur þessar taldar 1923 10 þús. kr., 1924, '25 og '26 ekki neinar tekjur. 1927 eru tekjurnar 2600 kr. Gjöldin sömu ár voru: 1923 5600 kr., 1924 5320 kr., 1925 3575 kr., 1926 2000 kr., 1927 2000 kr., en hvort náman hefir sjálf getað greitt afborganir og vexti af fé því, sem í hana var lagt, hefi ég ekki getað séð af LR. En árið 1928, þegar hætt var námurekstrinum, þá eru eftirstöðvar lánsins taldar 21 þús. kr., en sem sagt, mér er ekki kunnugt, hvort náman hefir sjálf greitt afborganir og vexti af þessu fé. Árin 1928 og 1929 mun hafa verið selt hið síðasta af silfurbergi fyrir 10 þús. kr. bæði árin. En hvað sem þessu líður, þá hefir orðið tap á rekstrinum, og væri það þó sök sér, ef þarna væru auðæfi eftir, en ég hefi ekki heyrt taldar líkur til þess, að þarna væri um nokkurt silfurberg að ræða, a. m. k. ekki frá þeim gangi, sem grafinn var 1923. Síðustu árin hefir Guðmundur Hlíðdal landssímastjóri haft með höndum sölu á því silfurbergi, sem til var þegar námurekstrinum var hætt. Ég óskaði hjá honum upplýsinga um það, hvað óselt er af silfurbergsbirgðum ríkisins, og hann skrifaði mér 3. þ. m. á þessa leið:

„Af silfurbergi ríkisins er óselt aðeins nokkuð af lélegustu flokkunum, sem eru lítt hæfir til að nota í „optisk" verkfæri. Það, sem eftir er, er þetta:

| | | |
|---|---|---|
| B3 | ca. | 45 kg. |
| B4 | ca. | 50 kg. |
| B5 | ca. | 90 kg. |
| C2 | ca. | 101 kg. |
| C3 | ca. | 70 kg. |
| C4 | ca. | 70 kg. |
| C5 | ca. | 90 kg. |

Verðmæti þessara leifa nema sennilega ekki nema fáum þúsundum króna".

Samkv. þessu er sama sem ekkert eða eiginlega ekkert óselt af silfurbergi, sem hægt er að selja út af fyrir sig. Þessar leifar, sem eftir eru, eru lítt seljanlegar, nema ef betra silfurberg er með. Þetta er nokkurskonar úrgangur.

Þannig standa þá sakir, að silfurbergsnáma ríkisins virðist vera tæmd og sama sem ekkert óselt af silfurbergi. Ráðstafanir frá 1922, nefnilega lögin um einkarétt ríkisins á silfurbergi, eru enn í gildi, en það, sem vantar, það er silfurbergið. Að vísu skal játað, að vottur er af silfurbergi í Hoffellsnámu í Skaftafellssýslu. Og ég skal geta þess, að samkv. bréfi frá Guðmundi á Hoffelli í vetur, eiganda námunnar, segir svo:

„Ég fann silfurbergið í Hoffellsfjöllum árið 1910. Árin næstu, til 1915, unnum við Björn Kristjánsson þar dálítið að silfurbergsnámi. Árið 1920 fékk Þórarinn Tulinius námuna á leigu, en síðan 1922 hefir lítið sem ekkert verið unnið í námunni. Bar Tulinius því við, að hann vildi ekki leggja fé í námuna, nema hann væri frjáls með silfurbergið. Nú er námurétturinn aftur fallinn til mín, og býst ég ekki við, eftir undanfarinni reynslu, að neinn vilji leggja fé í námuna nema hún sé alveg frjáls, m. ö. o. einkasölulögin afnumin. Hinsvegar er ég fús til að leigja eða selja ríkissjóði námuréttinn, ef Alþingi álítur það heppilegri leið en að afnema lögin".

Það er því að nokkru leyti samkv. ósk námueigandans á Hoffelli, að ég flyt þetta frv. um afnám l. Samkv. því, sem ég hefi sagt, get ég ekki álitið, að ríkinu sé akkur í því, þótt þessi lög standi áfram.

Ég skal geta þess, að þau árin, sem unnið var í Hoffellsnámunni, fannst töluvert af allgóðu silfurbergi. Og maður getur gert sér von um, að það kunni að vera eitthvað enn til í fjöllunum af þolanlegu silfurbergi.

Ég hefi þá lagt þetta mál fyrir hv. þd. og vænti þess, að hv. þdm. sýni þá góðvild að lofa því til 2. umr. og til fjhn., hvernig sem þeir annars kunna að líta á málið.

**Sveinn Ólafsson:** Með l. frá 1922 um einkarétt ríkisins á silfurbergi er á engan veg bannað að leita að silfurbergi eða vinna silfurberg. Ríkið hefir aðeins einkarétt á sölunni. Virðist það svo, ef það hefði þótt álitlegt og arðvænlegt að vinna silfurberg, að hver og einn, sem hafði tök á því, mundi geta gert það, eins þótt hann þyrfti að selja það gegnum einkasölu ríkisins.

Nú er það svo, að fyrir löngu er vitað, að silfurberg er á fleiri stöðum hér á landi en Hoffellsnámu — og e. t. v. meira magn — og í Helgustaðanámu, en það hefir ekki verið neitt verulega gert að því að leita þess, nema þá á þessum eina stað, undir Hoffelli við Hornafjörð, af því að verðið hefir smám saman á seinni árum þokazt niður.

Nú er ég í dálitlum vafa um það, hvort rétt er að taka burt þennan einkarétt, sem ríkið hefir. Ég get allt eins búizt við, að einstökum mönnum, sem vildu leggja í að leita að sifurbergi eða vinna það, þar sem það finnst í jörðu, geti komið vel að snúa sér til þessarar einkasölu ríkisins um söluna.

En að því er snertir ummæli hv. flm. um Helgustaðanámu, þá vildi ég aðeins taka það fram, að það er engum fært að segja um það, hvort náman er auðug að silfurbergi eða ekki. Það hefir sem sé í þeim framkvæmdum, sem gerðar voru 1927—28, ekki verið mikið gert að því að leita að silfurbergi. Aðalframkvæmdirnar voru innifaldar í því að búa út löng og vönduð námugöng, svo að ruðningurinn úr námunni kæmist auðveldlegar burt og hægara væri að vinna námuna. Það hafði verið unnið í henni í áratugi á þann hátt að grafa niður í bergið og hefja grjótið upp úr námunni með miklum kostnaði og fyrirhöfn og ryðja ofan fyrir bratta brekku. Nú síðan námugöngin voru gerð er tiltölulega auðvelt að koma öllu grjótinu ofan fyrir brekkuna með miklu minni vinnu og fyrirhöfn. En það er tiltölulega lítið, sem gert hefir verið að því síðan göngin komu, að sprengja bergið frá til að leita að nýjum skápum eða silfurbergsæðum. Og það er þess vegna dálítið vafasamt, sem stendur í grg. frv., að vonir séu litlar eða engar um það, að þarna kunni að finnast silfurberg. Ég held — þvert á móti — að þær séu engu minni nú en þær hafa verið. Það hefir blátt áfram ekki verið leitað neitt verulega seinni árin eftir silfurbergi, vegna þess að meðan nokkrar birgðir voru óseldar, þá var ekki talið arðvænlegt að vinna mikið í námunni, og þess vegna var það auðvitað, að hætt var rekstri hennar.

Ég vildi sem sagt gera þessa aths. áður en málið fer í n. Mér finnst það muni ekki vera ýkja-aðkallandi að nema þennan einkasölurétt ríkisins úr lögum, því að þeir, sem annars vilja vinna silfurberg eða leita þess, geta það auðvitað engu að síður þótt hann haldist. Vitanlega mun n. afla sér frekari upplýsinga en ennþá liggja fyrir um þetta, og þar á meðal um það, hvort annarsstaðar eða úr öðrum héruðum landsins hafi komið skýrslur um nýjar námur eða slíkan fund silfurbergs. Ég fyrir mitt leyti veit af silfurbergi á þremur stöðum austanlands öðrum en Helgustöðum. En hvað mikið það kann að vera, er ekki hægt að segja um, þess hefir ekki verið leitað neitt verulega, en komið í ljós þar sem veðraðir klettar hafa hrunið og silfurbergsæðar opnazt.

**Flm. (Þorleifur Jónsson):** Það er rétt hjá hv. 1. þm. S.-M., að menn mega leita að silfurbergi þrátt fyrir einkasölulögin. En það hefir sýnt sig, að síðan l. komu hefir enginn fengizt til að leggja nokkurn skapaðan hlut fram til að leita að silfurbergi og vinna það. Og honum er næsta vel kunnugt um það, hv. 1. þm. S.-M., að Þórarinn Tulinius, sem hafði mikinn áhuga og þekkingu á silfurbergsleit og vinnslu, hann var búinn að fá námuna á leigu áður en lögin komu í gildi. En það, sem strandaði á, að hann héldi áfram, það voru lögin. Hv. 1. þm. S.-M. sagði sjálfur, að hann hefði talað um það við sig, að hann vildi ekki við þetta fást meðan einkasölulögin væru í gildi. Og hann vildi fá mig og hann til að flytja frv. um afnám þeirra fyrir mörgum árum, meðan unnið var í Helgustaðanámunni. En ég áleit það ekki fært meðan námuvinnslan stóð yfir. Það er nefnilega hluturinn, að mönnum nægir ekki að mega leita að silfurbergi, þeir þurfa að hafa ráð yfir sölunni.

Hv. þm. telur hugsanlegt, að allmikið sé þarna af silfurbergi, þótt ekki hafi fundizt. Getur verið, og þess væri óskandi, þótt að vísu sé það fallið mjög í verði við það, að tvær góðar námur hafa fundizt, bæði í Afríku og Rússlandi. En það er mjög undarlegt, þar sem varið er miklu fé til framkvæmda í námunni og kunnáttumaður fenginn, að ekki hafi

verið leitað allrækilega á þessum árum, sem vinnslan stóð yfir. Ég ætla, að það hafi verið leitað að silfurbergi á þessum árum, og þess vegna áleit ég líkindi til, að ekki væri um það að ræða, úr því að allri vinnslu var hætt, sjálfsagt með góðu samþykki ríkisstj. og allra hlutaðeigenda. Því að ef nokkur von væri um silfurberg, þá var búið að kosta svo miklu til námunnar, að ekkert munaði um að bæta við t. d. 10—30 þús. kr. til leitar.

Það er náttúrlega ekkert við því að segja, þótt aths. komi fram, þegar rætt er um afnám slíkra l. sem þessara, og getur verið gott fyrir n. að heyra frá báðum hliðum. En ég verð að lokum að segja, að ég tel engan skaða skeðan fyrir ríkissjóð, þótt l. falli úr gildi, eins og nú standa sakir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 31. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 128, n. 187).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** N. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hv. aðalflm. hefir fært fram rök fyrir því, að l. þessi hafa komið í veg fyrir, að menn reyndu að vinna silfurberg, og n. er sömu skoðunar og álítur ekki rétt að standa í vegi fyrir því, að menn reyni að nota sér þessar námur, þar sem ríkissjóður hefir ekkert skipt sér af þeim nú undanfarið og ekki líklegt, að hann muni láta vinna þær fyrst um sinn.

**Sveinn Ólafsson:** Við 1. umr. þessa máls lét ég í ljós, að ég teldi vafasamt, hvort af þessu frv. myndi leiða nokkurt hagræði, þótt að l. yrði, jafnvel fyrir þá menn, sem námuréttindi hefðu og gætu boðið silfurberg. Ég hygg, að þeirra hagsmunum mundi yfirleitt vel borgið, þótt ríkið hefði einkasölurétt á silfurbergi. Ég ætla, að ríkið hafi betri skilyrði til þess að koma slíkum varningi í verð en einstakir menn, sem kynnu að brjóta námurnar. En með tilliti til þess, að ríkissjóður hefir lagt í allverulegan kostnað til vinnslu Helgustaðanámunnar, kostnað, sem ekki hefir ennþá greiðzt nema að litlu leyti við silfurbergssölu, þá tel ég ríkið eiga að njóta þeirrar aðstöðu, sem það nú hefir til þess að vinna upp þetta fé. Ég hefi ekki getað komið auga á það hagræði, sem einstökum mönnum á að vera að því að hafa þennan rétt til sölunnar. Þeir hafa rétt til þess að vinna silfurbergið og þyrftu einungis að greiða ríkinu dálítinn hundraðshluta í sölulaun, ef það annaðist sölu. Ég hefi ekki getað sannfærzt um, að hér sé nokkur knýjandi nauðsyn til þess að fella l. frá 1922 úr gildi, og mun fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti frv.

Það hefir verið farið fram á það við mig undanfarin ár, að ég flytti slíkt frv. sem þetta, en ég hefi neitað því, af því að ég hefi álitið, að að það væri engin ávinningur.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Ástæður hv. 1. þm. S.-M. eru næsta veigalitlar. Hann vill halda þessum einkasölul. til þess að ríkissjóður geti unnið upp tap, sem orsakazt hefir af silfurbergsvinnslunni. Ég held, að hv. 1. þm. S.-M. hljóti að sjá, að enginn lætur sér detta í hug að leggja út í jafnvafasamt fyrirtæki og þessa námuvinnslu, þegar hann getur til viðbótar átt von á því, að ríkissjóður ætli sér að vinna upp á honum tap, sem námurnar hafa valdið. Það er sama sem að segja við þá menn, sem kynnu að vilja leggja út í þetta, að ríkissjóður ætli að taka af þeim svo og svo stóran skatt, hvernig sem vinnslan gengi og þótt þeir yrðu fyrir tugum þúsunda króna tapi. Þetta er alveg sama og segja: Látum okkar námur eiga sig. Ríkissjóður ætlar sér að taka þetta af ykkur, hvort sem þið fáið nokkuð eða ekkert.

Ég vænti svo, að þetta frv. verði samþykkt.

**Sveinn Ólafsson:** Örfá orð til svars ræðu hv. frsm. Hann heldur því fram, að ég muni ætla ríkinu að hafa þá menn, sem silfurberg hafa að bjóða, að féþúfu ríkissjóðs. Þetta er engan veginn rétt og alls ekki mín hugmynd. Hitt er augljóst, og hv. þm. veit það vel — jafnskýr maður og hann er — að aðstaða ríkissjóðs til

þess að bjóða silfurberg, sem unnið verður úr Helgustaðanámu, versnar að stórum mun, ef framboð koma úr mörgum áttum. Auðvitað dettur mér ekki í hug, að ríkissjóður taki nema örlítinn hundraðshluta fyrir sölu silfurbergsins og útboð á því, ef fyrir aðra er selt, og eðlilega gæti ríkið ekki með þeirri umboðssölu unnið nema lítinn hluta þess fjár, sem lagt hefir verið í námuna. Ég tel sjálfsagt, að l. standi óhreyfð, til að vernda rétt ríkissjóðs, ef tekinn verður upp aftur rekstur Helgustaðanámu. Hvergi mun vera eins auðvelt að vinna sem þar, einmitt vegna þeirra miklu mannvirkja, sem þegar hafa þar gerð verið.

**Þorleifur Jónsson:** Ég vil fyrst leyfa mér að þakka n., að hún hefir lagt til, að þetta litla frv. yrði samþ. En án þess að ég ætli að fara að hlaupa í skörðin fyrir hv. frsm., þá vildi ég þó segja fáein orð út af andmælum hv. 1. þm. S.-M. Hv. þm. þótti vafasamt, að nokkurt hagræði myndi leiða af samþ. þessa frv. Ég skal játa, að með það renna menn nokkuð blint í sjóinn, yfirleitt um það, hvort hér á landi séu vinnanlegar námur og hvort einhver eða einhverjir myndu fást til þess að leggja út í námuvinnslu. En það hefir sýnt sig meðan þessi l. hafa verið í gildi, að enginn hefir fengizt til þess að leggja fé sitt í slíkt fyrirtæki. Hitt gæti vel hugsazt, að þegar l. væru úr gildi numin, kynni eitthvert félag að gera tilraun til námugraftar á öðrum stöðum. Það er kunnugt, að erlent félag hafði Hoffellsnámuna á leigu nokkur ár, en vildi svo ekki leggja í neinn kostnað eftir að l. gengu í gildi. Má af því marka, að þau trufli námurekstur þeirra, sem annars myndu e. t. v. stunda hann. Það er ekki líklegt, að ríkissjóður fari enn að leggja í kostnað við Helgustaðanámuna, þar sem hún virtist síðast með öllu uppurin. En ef svo færi, að þar fyndist ný æð og að farið yrði að vinna þarna, þá væri hægur vandi að taka upp ákvæði um, að ríkissjóður skyldi að sjálfsögðu hafa rétt til að selja sitt eigið silfurberg, og þá jafnvel sölu alls silfurbergs út úr landinu. En eins og nú standa sakir, þá er alls enginn skaði, þótt l. séu úr gildi numin. Þvert á móti. Það yrði miklu fremur til þess að örva menn til að láta ekki þessi verðmæti liggja ónotuð. Ég sé ekki, að ríkissjóði sé neinn bagi að afnámi þessara l. Það er strax þetta, sem hv. 1. þm. S.-M. nefndi, að ef l. stæðu óbreytt, yrðu menn að greiða eitthvað fyrir sölu silfurbergsins. Annars skal ég ekki fjölyrða um þetta. Þetta mál þarf ekki að vera deilumál. Eins og nú standa sakir eru l. dauður bókstafur, sem sjálfsagt er að nema úr gildi, og býst ég ekki við, að afnám slíkra l. þurfi að valda miklum ágreiningi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:2 atkv.
2. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 128).
Á 33. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2 umr. (A. 128, n. 266).

**Frsm. (Jón Þorláksson):** Ég vonast til, að ég þurfi ekki að eyða mörgum orðum að því að mæla með till. n. um, að þetta frv. verði samþ. Þær ástæður, sem kunna að hafa verið fyrir hendi þegar þessi löggjöf um einkarétt handa ríkinu til að selja allt silfurberg, sem unnið er á Íslandi, var sett, þær eru a. m. k. ekki fyrir hendi lengur. Og ég á þeim mun auð-

veldara að mæla með afnámi þessara l., sem ég var á móti þeim þegar þau voru sett. Ég áleit þá, að það væri allt of veikur grundvöllur undir þeim vonum, sem menn gerður sér um árangur af því að kosta stórfé til silfurbergsnámunnar hjá Helgustöðum, sem þá virtist vera tæmd, eftir því sem menn vissu í raun og veru um það mál.

Sem sagt, þær ástæður, sem þá kunna að hafa verið fyrir hendi, eru burt fallnar, því að fullreynt er, að í Helgustaðanámunni verður ekki meira unnið. Er því heldur engin ástæða til að amast við því, að einstakir menn reyni að gera sér einhvern fjárfeng úr því silfurbergi, sem kann að finnast í landi þeirra, en það er tiltölulega lítið, sem fundizt hefir til þessa. En ef þessi hindrandi lagaákvæði eru burt numin, þá standa menn betur að vígi um að gera eða láta gera tilraun til að leita að silfurbergi í jarðeignum sínum.

**Jón Baldvinsson:** Ástæðan til þess, að allt er þrotið í silfurbergsnámunni, eða a. m. k. að hætt er að vinna þar, mun hafa verið sú, að á sínum tíma var einstökum mönnum veittur einkaréttur til að vinna í námunni. Þeir munu aðallega hafa haft fyrir augum að hafa sem mest upp úr vinnslunni í svipinn; án þess að taka tillit til, hvernig unnið væri.

Þó að ég sé ekki nógu kunnugur til að geta sagt, hvort nokkuð er eftir af silfurbergi þarna, sem vinnandi sé, þá mun ég sýna með atkv. mínu, að ég vil ekki láta fella úr gildi l. frá 1922.

**Frsm. (Jón Þorláksson):** Ástæðan til þess, að silfurbergsnáman hjá Helgustöðum er tæmd, er náttúrlega ekki sú, að það hafi verið einstaklingsrekstur á henni, en ekki ríkisrekstur, heldur blátt áfram, að búið er að taka úr henni allt það silfurberg, sem þar hefir verið finnanlegt. Og það hefir gengið til þurrðar jafnt þegar ríkið hefir verið að verki sem einstaklingar. Þessi náma er því miður þess eðlis, að silfurbergsmyndunin er ákaflega staðbundin, og hún hefir nú ekki reynzt vera víðáttumeiri en þetta, að það er búið að taka allt, sem þar þykir vera finnanlegt af nothæfu silfurbergi.

**Jón Baldvinsson:** Það væri náttúrlega góð og gild ástæða til að hætta við rekstur námunnar í Helgustaðafjalli, ef búið er að taka þaðan allt silfurberg. Að vísu bætti hv. 1. landsk. við „allt, sem finnanlegt er", svo að ekki er loku fyrir skotið, eftir hans dómi, að það kunni að finnast meira.

En það, sem ég átti við áðan með því, að náman myndi hafa skemmzt, var það, að þegar einstakir menn höfðu námuvinnsluna fyrir sig, fóru þeir fram með slíkum hrottaskap, sprengdu í stórum stíl, eyðilögðu kannske miklu meira en þeir unnu. Ég er hræddur um, að aðfarir þeirra hafi verið eitthvað svipaðar aðferð fyrstu kolanemanna í Ameriku. Þeir tóku það, sem auðunnast var fyrst, og náðu á þann hátt miklum auðæfum með litlum kostnaði. En seinna sýndi það sig, að þetta var óhæfilegur námurekstur. Sama sagan var upphaflega um enskar námur. Sennilega hafa einstaklingarnir, sem unnu í Helgustaðanámu, markað svipuð spor.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 314).

---

## 34. Búfjárrækt.

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 1931, um búfjárrækt** (þmfrv., A. 71).

Á 16. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Ég vil fyrst leyfa mér að benda á, að alstaðar í

frv., þar sem tilgreind er 6. gr. l., á það að vera 7. gr. Þetta er ritvilla, sem hv. þm. eru beðnir að afsaka og hæstv. forseti að taka til athugunar og leiðréttingar við atkvgr.

Landbn. flytur þetta litla frv., og má nánast skoða það sem till. um smávægilegar leiðréttingar á l. um búfjárrækt frá 1931. Aðalbreyt. er í 1. grein. Þar er lagt til, að niðurjöfnunargjald nautgriparæktarfélaganna megi taka lögtaki. Þessi heimild var í nautgriparæktarlögunum frá 1928, en féll niður þegar þau voru felld inn í búfjárræktarlögin 1931. Það þykir hafa komið í ljós, að óheppilegt sé, að þessi heimild falli niður, og er því lagt hér til, að hún sé tekin upp aftur.

Um 2. og 3. gr. frv. er ekki ástæða til að fjölyrða. Þar er um mjög smávægilegar breyt. að ræða, sem nægilega er gerð grein fyrir í grg., og vísast því til hennar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 20. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 20. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 71).

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 252).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Þetta er lítið frv., sem hér liggur fyrir, og er það búið að ganga í gegnum Nd. og hefir hlotið samþykki þar. Aðalatriði þess er það, að heimild á lögtaksrétti á gjöldum til nautgriparæktarfélaga hefir af einhverri vangá ekki verið tekið upp í búfjárræktarlögin frá síðasta þingi, en í sjálfu sér stendur þar, að jafnframt geti önnur löggjöf breytt þessu, sem líka virðist vera réttmætt. Loks eru felld úr gildi lög um nautgriparækt, frá 7. maí 1927, ef þetta verður að lögum.

Þess skal getið, að lögin voru rangt ársett. Þau eru talin frá 1927 í staðinn fyrir 1928. Svo er frágangur á þessu frv. ekki eins og venja er til. Það er ekki vanalegt, þegar fluttar eru breyt. við fleiri en eina grein í lögum, að þá sé frv. talið ein frvgr., heldur er bezt, að þær séu það margar, sem greinarnar eru, sem breytt er. Þess vegna leggur n. til, að fyrirkomulagi frv. verði breytt samkv. því, sem segir á þskj. 252, en fellst að öðru leyti á, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég nefndi.

ATKVGR.
Brtt. 252, 1.a—b (ný frvgr., verður 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 252,2.a—b (nýjar gr., verða 2.—3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 294).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 294).

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 318).

## 35. Sala Mið-Sámsstaða.

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um sölu kirkjujarðarinnar Mið-Sámsstaða** (þmfrv., A. 55).

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Tryggvi Þórhallsson):** Ég get vísað til grg. um þetta mál, því það er orðið svo liðið á fundartímann. Ég vil því einungis bera fram þá till., að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 192).

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Allshn. hefir haft frv. þetta til athugunar og hefir leitað umsagnar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um það.

N. fellst á þau rök, sem sett eru fram í grg. fyrir því, að rétt sé að selja Búnaðarfélagi Íslands jörðina Mið-Sámsstaði. Búnaðarfélagið hefir látið gera svo miklar umbætur á jörðinni, bæði húsabyggingar og jarðabætur, að landverðið, eins og það var áður en þær umbætur hófust, er aðeins örlítið brot af núv. heildarverði býlisins. Virðist því sanngjarnt og sjálfsagt, að Búnaðarfélagið fái jörðina keypta, svo eignin sé öll á einni hendi.

Þarf ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, það er svo einfalt og óbrotið, og leggur n. eindregið til, eins og ég tók fram í byrjun, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 55).

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 285).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Ég get látið nægja að vísa til grg., sérstaklega af því, að samskonar frv. gekk í gegnum hv. d. í fyrra og var samþ. mótmælalaust, ef ég man rétt. F. h. allshn. mæli ég með því, að frv. nái fram að ganga og verði nú vísað til 3. umr.

**Jón Baldvinsson:** Ég verð að láta í ljós þá skoðun mína, að alls ekki sé nauðsynlegt, að jörðin verði seld Búnaðarfélagi Íslands, því ef um það semdist, væri félaginu auðvelt að fá öll afnot jarðarinnar, sem það þarf, án þess að kaupa jörðina. Þetta á að vera alveg nóg fyrir félagið, og ekki verður séð, að eignarheimild bæti aðstöðu fél. neitt. Þess vegna finnst mér, að alveg ætti það að vera nóg að samþ. heimild handa ríkisstj. til þess að leigja fél. jörðina með öllum þeim afnotum og hlunnindum, sem það girnist, með góðum kjörum. Það er nú auðvitað nokkuð sérstakt, að þetta er Bún.fél. Ísl., sem í hlut á, nefnil. stofnun, sem svo mjög

er tengd ríkissjóði, en ég álít samt, að það hafi enga sérstaka þýðingu að láta þessi eigendaskipti fara fram. En a. m. k. mætti gjarnan og ekki að ástæðulausu setja í frv. skilyrði um það, að Bún.fél. sé ekki heimilt að selja jörðina aftur. Ég sé, að ráðh. sá, er þetta mál viðkemur mest, nefnil. atvmrh., er ekki í deildinni nú, en ég vildi gjarnan fá tækifæri til þess að beina þeirri spurningu til hans, hvort honum þyki ekki ástæða til, að þær kvaðir verði settar í samninginn, að Bún.-fél. megi ekki selja jörðina aftur, — nema þá e. t. v. ríkissjóði, og þá aðeins eftir sanngjörnu mati á endurbótum þeim og aðgerðum, sem félagið hefir látið gera á jörðinni.

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Það virðist hafa runnið upp fyrir hv. 2. landsk. síðan í fyrra, að einhver hætta stafi af því, að jörðin sé seld Bún.fél., eða a. m. k. hreyfði hann engum slíkum mótmælum, er samskonar frv. lá fyrir á síðasta þingi. Ekki munu heldur margir sammála honum um þetta. Ekki þarf annað en athuga grg., bls. 2, til þess að sjá, að Bún.fél. hefir unnið þarna mikið og þarft verk. Jörðin mikið ræktuð upp, þarna hafa verið unnin 486 dagsverk og hús hefir fél. látið reisa fyrir 22000 kr. Að vísu er jörðin landlítil, en skilyrði eru næg fyrir hendi til þess að rækta hana, og er hún einkum vel fallin til þess að reka þar þessa starfsemi, sem um er að ræða, og meginið af verðmæti jarðarinnar er Bún.-fél. að þakka.

Þessi stofnun er nú mjög tengd ríkissjóði, hún hefir gert mikið til eflingar aðalatvinnuvegi landsbúa, og virðist mér því allundarlegt að telja það athugavert, að hún fái eignarrétt yfir jörðinni, og get alls ekki komið auga á skynsamlegar ástæður gegn því. Ekki fæ ég heldur séð þær ástæður, er liggi til þess, að sú klausa verði sett í frv., að Búnfél. megi ekki láta jörðina af hendi aftur. Starfsemi félagsins — tilraunastarfsemi réttara sagt — á jörðinni er þannig háttað að ekki er líklegt, að neinn einstaklingur, privatmaður girnist að kaupa jörðina. Ég veit ekki, hvaða ástæður gætu orðið þess valdandi, að jörðin kæmist í aðrar hendur, nema ef vera skyldi, að Búnfél. yrði lagt niður, en þá má og búast við, að annað félag rísi upp með sama markmiði, eða þá að ríkið taki upp þá starfsemi, sem Búnfél. rekur nú.

**Jón Baldvinsson:** Ég veit ekki, hvað þessi ónot hv. 4. landsk. í minn garð eiga að þýða. Hann var með snuprur til mín fyrir að ég skyldi hafa tekið til máls, en ég hafði enga ókurteisi eða ónot í frammi. (**PM:** Hverjar voru þessar snuprur?). Já, hv. 4. landsk. var að segja, að ég talaði um hina miklu hættu, er stafaði af þessari sölu, og að það hefði runnið upp fyrir mér síðan í fyrra o. s. frv. Nú hefi ég sagt, að Búnfél. sé nátengt ríkinu, að hálfu leyti opinber stofnun, og um það erum við 4. landsk. sammála. En þegar svona stendur á, getur ríkissjóður hæglega látið fél. afnot jarðarinnar í té. Þess vegna álít ég, að alveg sami árangur fáist án þess að skipt verði um eigendur. Það, sem ég aðallega spurði um, var, hvort atvmrh. væri ófáanlegur til þess að sitja í deildinni og svara fyrirspurn minni um, hvort ekki sé ástæða til þess að setja þetta ákvæði inn í frv. Fáist það ekki með nokkru móti og sé hv. 4. landsk. svo mjög mótfallinn því, verður ekki annað sýnna en að hér sé eitthvað óhreint að baki. Sölu jarðarinnar álít ég algerlega óþarfa og ekki neitt af henni leiða nema e. t. v. kostnað við afsalsbréf, þar eð félagið getur öðlazt öll afnot af jörðinni með einföldum leigusamningi. Ekki býst ég við, að spretti áberandi betur á jörðinni, þótt Búnfél. sé í veðmálabókum kallað eigandi hennar. Vonandi eru ekki eiginhagsmunahvatir sterkari hjá Búnfél., svo að það leggi meiri hug á að rækta jörðina, ef hún er eign þess, heldur en ef ríkið á jörðina.

Hvað það snertir, að slíkt frv. hafi áður náð fram að ganga án allra aths., þá þarf það ekki að þýða, að engin ástæða sé til aths. En það getur vel verið, að ég hafi einhverntíma áður sleppt því að gera aths. við svipað frv.

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Ég verð að játa, að ég skil ekki þennan móð, sem hlaupinn er í hv. 2. landsk. út af orðum mínum. Hann sagði, að ég hefði verið að snupra hann fyrir að hafa tekið til máls. Þetta voru engar snuprur. Ég nefndi ekki

annað en að hann hefði engar aths. gert við frv. það, er í fyrra var rætt hér á þingi og var svipað að eðli. Þetta er alveg rétt hjá mér. Annars er það von mín, að hv. 2. landsk. fái að tala óáreittur hér í deildinni framvegis eins og áður; ég skal vissulega ekki finna að því við hann.

Hér er um að ræða tvær stofnanir nátengdar ríkinu. Kirkjujarðasjóður á landið, en Búnfél. hefir gert mannvirki þau og endurbætur, sem þar er að finna. Hér er mælzt til þess, að Kirkjujarðasjóður fái í peningum fullt endurgjald þeirra verðmæta, er hann lætur í té, án alls taps. Þetta fyrirkomulag álít ég miklu hentugra en að áfram verði haldið í því horfi, sem nú er í þessu máli, nefnil. einskonar sameign beggja þessara stofnana. Í sambandi við þetta má og geta þess, að Búnfél. hefir þegar fest kaup á jörð þar í nágrenninu eða samliggjandi, og virðist heppilegast, að eignirnar eða eignarrétturinn sé sameinaður, eins og til var ætlazt í upphafi.

Hv. 2. landsk. var með einhverjar dylgjur um, að eitthvað mundi óhreint bak við þessa sölu. Ef hann heldur, að hér eigi að auðga einhverja einstaka menn, myndi beinast við liggja, að hann léti umsvifalaust uppi, við hverja hann á, því að auðveldara mun að verjast slíkum árásum, ef framan að er gengið en ella. Annars verð ég að láta í ljós, að ég skil alls ekki, hver hugsun liggur á bak við hjá honum.

**Jón Baldvinsson:** Ég hefi hér kvatt mér hljóðs viðvíkjandi þingsköpum. Herra forseti, ég spurði áðan eftir hæstv. atvmrh. og ætlaðist auðvitað til, að hæstv. forseti myndi reyna eitthvað til þess að fá hæstv. ráðh. hingað í d. til svara við fyrirspurn, en sú von mín og tilmæli hafa ekki rætzt.

**Jón Jónsson:** Ég ætla bara að láta hv. 2. landsk. og deildina vita, að hæstv. atvmrh. er veikur í dag og getur því ekki svarað. (**JBald:** Nú, getur hann ekki svarað?!) Nei, ekki í dag, hann er eins og ég sagði veikur. Einna heppilegust úrlausn þessa máls er, að það verði tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Jón Baldvinsson:** Ég bað hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá, vegna þess að ég hafði gert fyrirspurn til hæstv. kirkjumálaráðh., en hann gat ekki svarað, af því að hann var ekki viðlátinn í þinginu. Nú er hæstv. ráðh. staddur hér í þinginu, og vildi ég mælast til þess, að hann vildi svara fyrirspurninni. — Út af frv. á þskj. 55 var ég að tala um það við fyrri hluta 2. umr., að fyrst og fremst sæi ég ekki ástæðu til að selja þessa jörð, og í öðru lagi vildi ég beina því til þess ráðh., sem þetta heyrir undir, hvort hann vildi ekki setja í skilmálana við sölu jarðarinnar, að Búnaðarfél. mætti ekki selja jörðina aftur, eða ef það væri gert, þá yrði hún afhent ríkinu á þann hátt, að ríkið tæki við henni og greiddi náttúrlega þær umbætur, sem gerðar hefðu verið, eftir því sem venja er í slíkum samningum, þegar endurkaupsréttur er áskilinn. Þetta vildi ég spyrja hæstv. ráðh. um og vita, hvort hann væri ekki fús til að gera þetta, því að þá tel ég minni hættu að selja jörðina Búnaðarfél. Íslands, þó að ég telji þess ekki þörf, því hinu sama mætti ná með leigu.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Út af þessari fyrirspurn hv. 2. landsk. skal ég taka það fram, sem reyndar mun segja sig sjálft, að það er ekki hugsunin að selja Búnaðarfél. þessa jörð til þess að það braski með jörðina. Ég hefi fyrir mitt leyti ekkert á móti því, ef þessi sala fer fram á meðan ég fer með þessi mál, að það skilyrði sé sett í kaupsamningana, að Búnaðarfél. megi ekki selja þessa jörð a. m. k. öðruvísi en með samþ. kirkjumálaráðuneytisins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 336).

## 36. Sjúkrasamlög.

Á 5. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 23. júní 1932, um sjúkrasamlög** (þmfrv., A. 40).

Á 9. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Vilmundur Jónsson):** Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. sé þetta litla frv. kunnugt af grg., sem ég hefi látið fylgja því, svo að ég læt mér nægja að biðja vel fyrir frv. — Geri ég það að till. minni, að frv. verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 82).

**Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Eins og nál. allshn. á þskj. 82 ber með sér, þá leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Aðalinnihald þessara breytinga á lögum um sjúkrasamlög er það, að í skólum landsins, öðrum en barnaskólum, sé heimilað að lögskrá sjúkrasamlög fyrir nemendur og kennara. Þetta hefir algerlega vantað í lögin um sjúkrasamlög hingað til, og þess vegna hefir ekki verið hægt að hafa nein not af þeim fyrir skólana. Þátttaka í sjúkrasamlögum hefir verið bundin við ákveðin og afmörkuð svæði, þar sem menn eru búsettir. Hinsvegar eru nemendur í skólum úr ýmsum fjarlægum héruðum, og fara því á mis við þau hlunnindi, sem sjúkrasamlögin veita. En það er alkunnugt, að nemendur mega oft illa við því að mæta sjúkdómsáföllum, og ef þeir þurfa að leggjast á sjúkrahús, þó að ekki sé nema um stuttan tíma, þá er þeim oftast ókleift, kostnaðarins vegna, að halda áfram námi það árið. Að þessu athuguðu verður það ljóst, að þeir hafa einmitt sérstaka þörf fyrir hlunnindaákvæði laganna um sjúkrasamlög. Allshn. hefir því lagt til, að hv. þd. samþ. þetta frv. óbreytt.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég hreyfði því við hv. flm. þessa frv. eftir 2. umr. þess hér í d., og einnig við nokkra af þeim mönnum, sem fjölluðu um það í n., að frv. þyrfti nokkuð nánari athuganar við heldur en það enn hefir fengið. Það mun nefnilega koma í ljós við framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður, að ýmsir þeirra manna í skólum landsins, sem ganga myndu inn í sjúkrasamlög þau, sem gert er ráð fyrir að stofnuð verði, eru fyrir í öðrum sjúkrasamlögum. Hv. flm. viðurkenndi, að aths. þessi væri réttmæt og taka þyrfti þetta atriði til nýrrar athugunar. Einnig viðurkenndu þeir nefndarmenn þetta, sem ég átti tal við. Mig undrar það því mjög, að ekki hefir komið fram brtt. við frv. Mér virðist full þörf á að reka varnagla við þeim árekstri, sem það mundi valda í framkvæmdinni, ef frv. væri samþ. óbreytt. Þetta atriði snertir ríkissjóð nokkuð, því sé enginn varnagli við því sleginn, gæti farið svo, að ríkissjóður þyrfti að greiða tvöfaldan sjúkrasamlagsstyrk fyrir suma þá menn, sem í sjúkrasamlög skólanna gengju, vegna þess að þeir væru samtímis í öðrum sjúkrasamlögum.

Ég vænti þess, að hv. d. láti ekki frv. ganga fram án þess þetta sé athugað og lagfært. Ég bar ekki fram brtt. vegna þess, að ég bjóst við, að hv. flm. eða n. mundu gera það, eftir undirtektunum að dæma þegar ég vakti máls á þessu. Annars mundi ég hafa sýnt einhvern lit á að lagfæra þetta.

**Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Síðan hv. þm. Borgf. minntist á það við mig

sem frsm. n. við 2. umr., að það virtist þurfa að gera breyt. á frv. til þess að koma í veg fyrir misnotkun, hefir n. ekki haft tækifæri til að taka málið til yfirvegunar. Óska ég því eftir, að frv. sé tekið út af dagskrá og umr. frestað þangað til n. hefir unnizt tími til að athuga þetta atriði, sem hv. þm. Borgf. talaði um.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Þegar þetta mál var hér til 3. umr. fyrir viku síðan, óskaði ég þess, að málið væri tekið út af dagskrá, til þess að allshn. gæti unnizt tími til að athuga, hvort ekki væri rétt að gera einhverjar breyt. á frv., samkv. ósk hv. þm. Borgf. Ég get nú upplýst, að n. hefir að mestu leyti gengið frá brtt., bæði við þau atriði, sem hv. þm. Borgf. benti á, og nokkur fleiri, og er aðeins eftir að prenta þær og útbýta þeim hér í d. Býst ég við, að það verði hægt á morgun. Ég vil því óska eftir við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 17. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 40, 167).

**Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Það kom í ljós við fyrri hl. þessarar umr., að menn óttuðust, að ef frv. þetta um sjúkrasamlög í skólum yrði samþ. eins og það er, þá gæti hugsazt misnotkun á styrk ríkissjóðs til sjúkrasamlaga, þannig, að þeir, sem gengju í þessi sjúkrasamlög í skólum gætu verið samtímis fyrir í öðrum sjúkrasamlögum, og þannig gæti orðið tvöföld styrkgreiðsla frá ríkinu til eins meðlims. Allshn. lofaði þá að taka málið til athugunar fyrir 3. umr. og hefir borið fram brtt. á þskj. 167, og til þess að fyrirbyggja það, að slík misnotkun væri hugsanleg, taldi hún rétt, að sett væri inn í það ákvæði um, að enginn gæti verið í fleiri en einu samlagi í senn. N. flytur jafnframt aðra breyt., sem í raun og veru leiðir af hinni fyrri, þá, að ef menn óska eftir að ganga úr einu samlagi í annað, þá sé það gert sem kostnaðarminnst fyrir þá, þannig að ekki sé krafizt sérstaks inntökugjalds eða læknisskoðunar og þar komi ekki aldur til greina, ef menn hafa verið í öðru samlagi áður. En n. fannst rétt að setja ekki þetta sem almennt ákvæði, heldur sem heimild fyrir samlögin, að mega taka menn úr einu samlagi í annað, ef ekki sýndist ástæða til, að læknisskoðun færi fram. Það er rétt, að sjúkrasamlögin hafi það sjálf á valdi sínu að ákveða um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 167 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 178).

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 178, n. 290).

**Frsm. (Jónas Jónsson):** Breyt. sú, sem með þessu frv. er lagt til að gerð sé á l. frá í fyrra um sjúkrasamlög, er flutt vegna skóla landsins, til þess að skólafólk geti undir vissum kringumstæðum gengið í sjúkrasamlag á meðan það dvelur í skólunum. Tilefni frv. er það, að menntaskóli Norðurlands ætlaði að nota þessi lög, og kom þá í ljós, að form þeirra leyfði það ekki. Heilbrigðisstjórnin samdi þá þessa viðbót við l., sem hefir nú gengið í gegnum hv. Nd.

Allshn. hefir nú athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. með lítilli breyt., sem snertir ekki efni frv., heldur aðeins formið.

ATKVGR.
Brtt. 290,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 290,2 (ný 2. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 315).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 315).
Á 46. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 364).

---

## 37. Hjúkrunarkvennalög.

Á 8. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
**Frv. til hjúkrunarkvennalaga** (þmfrv., A. 44).

Á 12. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Vilmundur Jónsson):** Ég vona, að þetta frv. sæti ekki andmælum, þar sem frv., er veitir ljósmæðrum tilsvarandi og þó víðtækari réttindi, flaug í gegnum deildina fyrir skömmu síðan. Er þó hér um lengra og erfiðara nám að ræða. Frv. á að tryggja rétt þeirra kvenna, sem lærðar eru í hjúkrun, til að heita hjúkrunarkonur og tryggja þeim nokkur önnur réttindi. Í 2. gr. er svo ákveðið, að eigi megi ráða aðrar en fullgildar hjúkrunarkonur samkv. 1. gr. til að starfa við sjúkrahús, sjúkraskýli o. s. frv., en ráðherra jafnframt veitt heimild til að veita undanþágur frá þessum ákvæðum, þegar ástæða þykir til, þar sem augljóst er, að litlum sjúkraskýlum í sveitum er oftast ofvaxið að borga fullærðum hjúkrunarkonum. Óska ég, að frv. verði, að lokinni umræðu, vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 91).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Eins og sjá má á nál. á þskj. 91, leggur n. til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Hér er um nýmæli að ræða, þar sem engin lög eru áður til um þetta efni. N. hefir fallizt á rök hv. flm. fyrir því, að nauðsynlegt væri að setja ákvæði í löggjöfina um réttindi og skyldur hjúkrunarkvenna. Þær þurfa að leggja á sig allmikið nám og er því ekki nema eðlilegt, að þær fái einhver hlunnindi frá því opinbera.
Í 2. gr. frv. segir svo: „Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkv. 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvennastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli“ o. s. frv. — Sú skoðun kom fram í n., að svo gæti staðið á í sveitum t. d., að ekki væri hægt að fullnægja þessu ákvæði. Þar eru það oftast smásjúkrasamlög og lítil sjúkraskýli, sem varla gætu staðið straum af þeim kostnaði, sem leiddi af því að hafa lærða hjúkrunarkonu á föstum launum. En í 4. gr. frv. er veitt svo víðtæk heimild til undanþágu, að n. taldi sig ekki þurfa að bera fram brtt. um þetta atriði. Það er víða úti um land, að ýms sveitafélög, t. d. kvenfélög, hafa á vegum sínum nokkurskonar hjúkrunarkonur, sem geta hjálpað til á heimilum, þegar illa stendur á, og gegnt þar bæði hjúkrun og almennum húsverkum. N. taldi, að slíkar konur myndu ekki falla undir ákvæði þessara l. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 19. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það er eins með þetta frv. og það næsta á undan á dagskránni (frv. um sjúkrasamlög), að ég áleit það þannig vaxið, að vert sé að taka það til nokkuð rækilegri athugunar heldur en gert hefir verið. Ég átti tal um það við hv. flm. Hafði ég frétt, að hann hefði í hyggju að bera fram brtt. við frv. Talaðist okkur þannig til, að við bærum ráð okkar saman um þær breyt, sem við teljum þörf á. En þar sem af því gat ekki orðið fyrir þessa umr., kom okkur saman um að fara fram á, að málið væri tekið út af dagskrá að þessu sinni. Á mínum till. skal ekki standa lengi. Mun ég bera þær undir hv. flm. og sjá, hvort við getum ekki brætt okkur saman. Vil ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 44, 152).

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram brtt. við þetta frv. Mér finnst það nokkuð langt gengið, svona í byrjun, að gera það að skyldu öllum þeim stofnunum og félögum, sem hjúkrunar- og líknarstarfsemi hafa með höndum, að taka ekki aðrar hjúkrunarkonur í sína þjónustu en þær, sem tekið hafa próf við hjúkrunarkvennaskólann hér í Rvík, sem eins og kunnugt er er í sambandi við landsspítalann. Það er mjög stutt síðan sá skóli tók til starfa, því lög um hann voru sett á síðasta þingi. Þess vegna getur vitanlega ekki verið um nema sárafáar hjúkrunarkonur að ræða, sem hafa lokið þar prófi enn sem komið er, ef þær eru nokkrar. Auðvitað fjölgar þeim smátt og smátt. En mér finnst þó nokkuð hart að gengið, ef gera á þeim félagsskap, sem víða er kominn upp úti um landið og vinnur meira eða minna að hjúkrunarstarfsemi, svo þröngt fyrir dyrum, að banna honum að ráða til sín hjúkrunarkonur, sem ekki hafa þetta sérstaka próf. Að vísu er í frv. ákvæði um, að heilbrigðisstj. geti veitt undanþágu frá þessu, enda gat ekki komið til nokkurra mála að gera þetta próf strax að undantekningarlausu skilyrði fyrir að mega ráða til sín hjúkrunarkonu, því það hefði verið sama sem að útiloka alla hjúkrunarstarfsemi víðast hvar á landinu. Eftir frv. geta menn leitað til heilbrigðisstj., þegar ekki er hægt að fá hjúkrunarkonu með hinu tilskylda prófi, og hefir hún þó ekki í sumum tilfellum vald til þess að veita undanþágu, heldur þarf samþykki þeirra manna, sem kennslu hafa á hendi við hjúkrunarkvennaskólann, að koma til.

Nú er það alkunnugt, að víðsvegar úti um landið starfa hjúkrunarkonur, bæði á vegum sjúkraskýla, sjúkrahúsa, sjúkrasamlaga og margskonar annars félagsskapar, sem beitir sér fyrir hjúkrunar- og líknarstarfsemi. Þannig hafa kvenfélögin víða átt lofsverðan þátt í slíkri starfsemi, sem vitanlega er ekki síður þörf og nauðsyn í strjálbýlinu heldur en þéttbýlinu. Það er því til fjöldi hjúkrunarkvenna, sem hafa aflað sér nægilegrar reynslu og lærdóms til þess að gegna starfi sínu sómasamlega, bæði með starfi sínu á sjúkrahúsum og af samstarfi sínu við héraðslæknana. Með tilliti til þess hefði ég haft tilhneigingu til þess að gera víðtækari breyt. á frv. heldur en ég fer fram á með brtt. minni. T. d. held ég, að gjarnan hefði mátt breyta því ákvæði, að þær hjúkrunarkonur einar megi framvegis kalla sig því nafni, sem hafa tekið próf á hjúkrunarskóla. Mér finnst vel geti komið til mála, að þær konur, sem lært hafa hjúkrunarstörf, megi áfram kalla sig hjúkrunarkonur, þó þær hafi ekki þetta sérstaka próf, eða jafnvel ekki beinlínis verið á hjúkrunarskóla. Og það eru fleiri atriði, sem ég hefði talið rétt að breyta. En ég flyt þó aðeins brtt. við 2. gr., sem gengur út á það, að undir ákvæðið um, að sjúkrastofnanir megi ekki ráða til sín aðrar hjúkrunarkonur en þær, sem hafa próf, falli ekki sjúkrasamlög né önnur almenn hjúkrunarstarfsemi á vegum líknarfélaga og sveitarfélaga. Það má gera ráð fyrir, að það verði nokkur kostnaðarauki fyrir slíkan félagsskap að ráða til sín hjúkrunarkonur með fullkomnu prófi, fram yfir það að hafa aðrar hjúkrunar-

konur, sem undir mörgum kringumstæðum hafa ekki þurft að leggja eins mikinn kostnað í sölurnar fyrir sína hjúkrunarmenntun. Og mér finnst fyllilega réttmætt að binda ekki þessa þörfu starfsemi, sem oftast er haldið uppi af efnalitlum félögum, við það, að hafa hjúkrunarkonur með fullum réttindum.

Ég skal taka það fram, að það er eftir fullkomnu samkomulagi við flm. frv., að ég flyt þessa brtt. Er því ekki um neinn ágreining við hann að ræða. Og ég geri ráð fyrir, að við þá hv. n., sem mál þetta hefir til meðferðar, verði heldur enginn ágreiningur, því mér finnst varnagli sá, sem hv. frsm. var að slá við 2. umr., einmitt ganga í sömu átt og brtt. mín.

Að lokum vil ég taka fram, að þó ég tæki ekki þá leið, að undanskilja einnig t. d. sjúkraskýli frá þeirri skyldu að hafa fullgildar hjúkrunarkonur, þá tel ég það leiða af sjálfu sér, að heilbrigðisstj. verði að veita þeim sjúkraskýlum undanþágu, sem ekki hafa nema sárafáa sjúklinga á ári, ef þau óska eftir því og geta séð vel fyrir starfsemi sinni á annan hátt.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég játa, að það hefir láðst allshn. að athuga þessa brtt. hv. þm. Borgf., svo ég get tæplega skýrt frá afstöðu n. í heild til hennar. Þó mun ég ekki gera kröfu til, að málið verði tekið út af dagskrá vegna n., því ég held mér sé óhætt að segja, að hún hafi ekki mikið við brtt. að athuga. Enda er hún í samræmi við það, sem ég sagði hér f. h. n. við 2. umr., að hún teldi sjálfsagt, að veittar væru undanþágur eftir því sem þörf krefði. Það áleit n. að vísu nægilegt.

Í sambandi við ræðu hv. þm. Borgf. vil ég taka fram, að ég álít, að í framtíðinni verði heppilegt, að konur, sem starfa að ýmsum líknar- og hjúkrunarstörfum úti um sveitir á vegum ýmsra félaga, beri annað nafn heldur en lærðar hjúkrunarkonur. Það er nú svo, að hver flokkur manna, sem einhverja sérmenntun hefir, vill um leið öðlast sérréttindi og fá einhvert ákveðið heiti, sem segir til um þeirra sérmenntun. Ég býst ekki við, að á móti því verði spyrnt, að eins færi á þessu sviði og öðrum. Því er rétt að þær konur, sem starfa á vegum líknarfélaga úti um land og oft hafa ýms fleiri störf á hendi heldur en beinlínis hjúkrun, fái sérstakt heiti fyrir sig og komi alls ekki undir ákvæði þau, sem hér er um að ræða.

Það er eitt atriði í brtt. hv. þm. Borgf., sem mér finnst ástæðulaust, og það er það, að hann vill algerlega undanskilja alla sveitaskóla, sem hjúkrunarkonur kunna að hafa, frá því að vera undir sama ákvæði og aðrir skólar. Ég býst við, að ekki komi til þess, að aðrir sveitaskólar hafi hjúkrunarkonu heldur en þeir, sem eru mjög stórir, og þá finnst mér sjálfsagt, að þeir séu undir sömu lögum og aðrir skólar, sem hjúkrunarkonu þurfa að hafa.

Þrátt fyrir þetta býst ég ekki við að hafa neitt á móti því, að brtt. hv. þm. Borgf. nái fram að ganga. Sé ég svo ekki ástæðu til þess að taka fleira fram um þetta mál; geri ég ráð fyrir, að það þurfi ekki að valda miklum umr.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Út af því, sem hv. frsm. sagði um sveitaskólana, að þeir einir af skólunum yrðu undanþegnir því samkv. þessari breyt. að þurfa að hafa í sinni þjónustu hjúkrunarkonur, sem hefðu tekið próf frá hjúkrunarkvennaskóla Íslands, þá vil ég geta þess, að þetta á líka við kauptúnaskólana. Það eru því eingöngu kaupstaðaskólarnir, sem þessi skylda hvílir á samkv. þessari brtt. minni, og styðst við það, að þeir skólar væru yfirleitt svo stórir, að þeir ættu frekar samstöðu með sjúkrahúsum eða öðrum meiri háttar hjúkrunarstofnunum, sem nú er gert ráð fyrir að leggja þessa skyldu á herðar.

Það felst ekki í þessari brtt., að þessum skólum sé ekki eftir sem áður veitt heimild til að ráða til sín hjúkrunarkonur, sem hafi fullkomna menntun.

Það er óþarft að deila um nafnið á þessum konum, en samkv. þessari brtt. minni öðlast þær ekki rétt til að bera heitið hjúkrunarkonur. Þær geta náttúrlega fengið það samkv. 4. gr. frv. eins og aðrar, en það ákvæði nær eingöngu til þeirra kvenna, sem hafa starfað eða starfa við hjúkrun, þegar lög þessi öðlast gildi. Þær konur, sem byrja á hjúkrunarstörfum eftir þann tíma og ekki hafa

tekið próf frá hjúkrunarkvennaskóla Íslands, öðlast vitanlega ekki rétt samkv. þessu til að kalla sig hjúkrunarkonur. Þær verða að kalla sig „hjúkrunarstúlkur“ eða eitthvað því um líkt, til þess að komast framhjá þessu ákvæði l. Ég býst við, að í málvenjunni verði þær kallaðar hjúkrunarkonur, þrátt fyrir ákvæði laganna, þar sem þær vinna að sömu störfum og inna í fjölmörgum tilfellum líkt starf af hendi. Ég get fyrir mitt leyti unnað þeim að hafa áfram hjúkrunarkvennaheitið, en það er ekkert aðalatriði í þessu máli.

**Jóhann Jósefsson:** Þessi brtt. frá hv. þm. Borgf. finnst mér að mestu leyti vera nokkuð þarflítil. Yfir höfuð verður ekki séð, eins og frv. nú lítur út, að það sé nein brýn nauðsyn að gera þær undanþágur með sérstakri breyt. á gr., sem hv. þm. fer fram á. Eins og hv. frsm. sagði, athuguðum við þetta í n. Við töluðum við landlækni um ákvæði 2. gr. um það, að ráðh. gæti veitt undanþágur frá ákvæðum þeirrar gr., þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og taldist okkur þetta vera nægilegt til þess að t. d. líknarfélög, sem héldu uppi hjúkrunarstarfsemi, og sjúkrasamlög, ef svo bæri undir og það álitist rétt að dómi heilbrigðisstj. að undanskilja þau frá því að hafa lærðar hjúkrunarkonur, þá væri auðgert að fá þessu framgengt.

Hv. þm. Borgf. er ekki ánægður með þessa heimild, heldur vill hann beinlínis undanskilja þessa hjúkrunarstarfsemi í lögunum.

Ég heyrði, að hv. frsm. n. hefir tilhneigingu til þess að stríða ekki um þetta, og þá er kannske ekki ástæða fyrir okkur hina nm. að vera að karpa um það við hv. flm. þessarar till., en ég fyrir mitt leyti álít hana ekki til bóta, heldur þvert á móti.

Mér finnst óþarflega ýtt undir það, að lærðar hjúkrunarkonur þurfi ekki að hafa við þá starfsemi, sem þar um ræðir, þ. e. a. s. hjúkrunarkvennastörf hjá sveitarfélögum eða öðrum líknarfélögum. Þessi störf geta verið það umfangsmikil og geta verið þannig vaxin, að það sé engu síður þörf á lærðum hjúkrunarkonum við þau en á öðrum stöðum, t. d. við barnahæli eða því um líkt, sem hv. þm. vill láta vera undir þeirri skyldu að hafa lærðar hjúkrunarkonur.

Það er þó ekki aðallega þetta, sem ég hefi við till. að athuga, heldur það einkennilega atferli hv. tillögumanns að vilja gera upp á milli skóla í sveitum og skóla í kaupstöðum að þessu leyti. Hv. þm. hagar orðalagi till. sinnar þannig, að ef kaupstaðaskólar hefðu skólahjúkrunarkonu, þá verður hún að vera fullgild hjúkrunarkona, eins og l. gera ráð fyrir, en ef skólarnir standa annarsstaðar en í kaupstöðum, vill hv. þm. hafa þá undanþegna þessari skyldu. Mér virðist, að hér sé stefnt í öfuga átt, vegna þess að ef tilgangurinn með því að hafa fullgildar hjúkrunarkonur er sá, að hafa hæfar hjúkrunarkonur — vel lærðar í sínu verki —, sem ég þykist vita að sé tilgangurinn með l. þessum, þá vita menn það, að þeirra er engu síður þörf í fámennum sveitarfélögum en í fjölmennum kaupstöðum, þar sem margir læknar eru, sem fljótlega er hægt að ná til. Því verður heldur ekki haldið fram í þessu sambandi, að sveitaskólarnir séu svo lítilfjörlegir eða fámennir, að af þeirri ástæðu sé hægt að hafa þar ólærðar hjúkrunarkonur. Það er vitanlegt, að hinir stóru skólar í sveitunum, eins og t. d. Laugarvatnsskólinn, Reykholtsskólinn, Eiðaskólinn o. fl. skólar, eru stofnanir með fjölmörgum nemendum og þar er sjálfsagt þörf á að hafa þá læknisaðbúð og hjúkrunaraðbúð, sem unnt er og fullforsvaranlegt er að hafa.

Við skulum hugsa okkur mismuninn á því, við skulum segja t. d. að í Rvík væri ráðin sérstök hjúkrunarkona við einhvern skólann. Ef hana brestur þekking eða kæmu tilfelli fyrir, sem hún réði ekki við, — hversu hægt er ekki að ná samtímis til læknis? Kæmi þetta fyrir uppi í sveit, gætu farið fleiri klukkutímar í að ná í hann. Þá er hættulegra að hafa hjúkrunarkonu þar, sem ekki er vel starfi sínu vaxin.

Það gerir að þessu leyti engan mun, sem hv. flm. brtt. á þskj. 152 sagði, að þessum skólum í sveitunum væri heimilt að ráða til sín lærðar hjúkrunarkonur. Það veit maður fyrirfram. Þó að engin lagaákvæði væru sett í þessu efni, þá væri

líka heimilt að ráða hjúkrunarkonur að spítölum, sjúkraskýlum, elliheimilum og öðrum þess háttar stofnunum, sem skv. þessu frv. á að skylda til þess að hafa lærðar hjúkrunarkonur.

Hvað sem öðru líður, finnst mér að allir hljóti að sjá, að það er ekki til bóta að breyta þessu frv. þannig, að undanskilja alla skóla frá því að hafa fullgildar hjúkrunarkonur, nema kaupstaðaskólana.

Ég vona, að flm. till. taki það vel upp fyrir mér, að ég leyfi mér að leggja til, að gerð sé breyt. á orðalaginu, þannig að í stað orðsins „kaupstaðaskólum" komi bara orðið: skólum, þ. e. a. s., að ákvæðið nái í þessu sambandi til allra skóla, bæði í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum. Ég vil leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. við brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 152, þess efnis, að í stað orðsins „kaupstaðaskólum" komi: skólum. Ég þykist vita, að það muni vera réttara fyrir hv. d., ef hún vill greiða þessu máli atkv., að gera þessa breyt. þegar á þessu stigi málsins, til þess að þurfa ekki að fá málið endursent frá hv. Ed., ef svona einkennilegt ákvæði kæmist inn í frv. eins og hv. þm. vill leggja til.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 164, I) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Mér finnst vera hálfgerð mótsögn í því hjá hv. þm. Vestm., þar sem hann er að tala um það, að með brtt. minni sé eiginlega óþarflega ýtt undir það, að próflausar hjúkrunarkonur fáist við hjúkrun, en hinsvegar telur hann það sem höfuðkost þessa frv., og eiginlega það eina, sem geti forsvarað skylduákvæði frv., séu þessar tiltölulega hlaupviðu dyr, að geta gengið algerlega fram hjá þessu ákvæði. Ég held, að hv. þm. Vestm. hefði verið réttara að athuga þetta svolítið, áður en hann fór að fella þá dóma, sem hann gerði um mína brtt.

Nú veit ég, að hann muni halda því fram gagnvart mér, að það sé meiri trygging í því, að héruðin fái að komast undan ákvæðum þessara laga, að bera þetta undir heilbrigðisstjórnina. En ég vil benda hv. þm. á það, að það er ekki eins og þessar hjúkrunarkonur, sem starfa að líknarstörfum á vegum oft fátækra eða efnalítilla félaga úti um land, starfi upp á eigin hendur, án þess að vera háðar læknis- eða heilbrigðiseftirliti, því að þær starfa undir handleiðslu viðkomandi héraðslæknis, sem vitanlega er fullfær til þess að dæma um það, engu síður en landlæknirinn — með allri virðingu fyrir honum, hver sem það er —, hvort þær séu þeim vanda vaxnar, sem þær taka á sínar herðar. Það er þess vegna ekkert í þessu, sem skilur á milli mín og hv. þm. Vestm., annað en það, að ég vil, þegar um er að ræða hina fyrirferðarminni starfsemi, sem þó er jafnmikilsverð fyrir þjóðfélagið, þá sé komizt hjá þeirri skriffinnsku, ómaki og fyrirhöfn, sem felst í því að verða, af hvaða landshorni sem er, að fara til Rvíkur og sækja um leyfi, sem ekki hafa neina yfirburði yfir þau leyfi, sem hægt er að fá í hverju einasta héraði landsins. Eftir því sem hann talaði í sinni ræðu um þessi undanþáguleyfi, er ekkert, sem ber á milli hjá okkur, annað en það, að ég vil losa héruðin við þessa gersamlega þýðingarlausu fyrirhöfn. Það getur oft komið fyrir, að þessum oft fátæka og fámenna félagsskap, sem ber uppi hjúkrunar- og líknarstarfsemi úti um land, yrði fært að halda slíkri starfsemi uppi, ef hann hefði leyfi til þess að hafa hjúkrunarkonur, sem vitanlega hefðu þekkingu í sinni grein, þó að þær hefðu ekki tekið próf, og hægt væri að fá með þeim kjörum, sem félagsskapnum væri fært að borga. Hinsvegar gæti orðið dráttur á slíkri starfsemi, þegar ætti undir högg að sækja með það, að hægt væri að fá aðrar hjúkrunarkonur en þær, sem tekið hafa próf frá hjúkrunarkvennaskóla Íslands. Þegar þær konur eru búnar að fá það lögleitt, að þær einar megi fást við alla slíka starfsemi úti um land, má búast við því, að hjá þeim komi fram þau einkenni stéttafélagsskaparins, sem alstaðar bryddir á, að þær vilji vera einráðar um, hvað þær taki fyrir starfa sinn. Úti um land, þar sem úr litlu er að spila, en þörfin er mikil fyrir þessa hjálp, veltur á miklu, að þetta sé ekki gert svo kostnaðarsamt, að þar verði mönnum um megn að ráðast í þetta.

Ég verð að brýna það fyrir þeim

mönnum, sem hér vilja líta á hagsmuni og aðstöðu stéttanna, að þeir taki þetta atriði fullkomlega til athugunar, þegar um er að ræða slík sérréttindi, sem hér er verið að veita með þessum l.

Ég ætla þá aðeins að bæta því við, út af því, sem hv. þm. Vestm. sagði um till. mína um skólana, að það væri ekki fullkomið samræmi í því að kveða svo á, að leggja þessa skyldu á herðar kaupstaðaskólanna, en undanskilja alla aðra skóla landsins, að ég viðurkenni það, að það er nokkuð til í þessum aths. hv. þm. Það sem fyrir mér vakti, og eiginlega mér og landlækni, þegar við vorum að bræða ráð okkar saman um þetta, var það, að það er vitanlegt, að kaupstaðaskólarnir eru mjög fjölmennir. Hinsvegar er það svo um sveitaskólana, þegar héraðsskólarnir eru undanteknir, að þeir eru mjög fámennir og þess vegna eðlilegt, að undanþáguákvæðið nái til þeirra. Ég skal fullkomlega viðurkenna hvað héraðsskólana snertir, að þetta er ekki fullkomið samræmi, og skal þess vegna að þessu leyti taka í höndina á hv. þm. Vestm. og bera fram brtt. við mína eigin brtt., að á eftir orðinu „kaupstaðaskólum" komi: og alþýðuskólum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 164, II) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Jóhann Jósefsson:** Ég þakka hv. þm. Borgf. fyrir það, að hann viðurkennir, að það hafi verið rétt hjá mér að koma fram með brtt., en hinsvegar finnst mér hans tilslökun í þessu efni ganga skemmra en rétt væri. Héraðsskólarnir eru náttúrlega sjálfsagðir. Það er ómögulegt annað en að þeir, jafnstórir og þeir eru, verði að koma undir ákvæði laganna; en það eru aðrir skólar, sem hv. þm. vill undanskilja, eins og t. d. bændaskólana, húsmæðraskólana o. fl., sem mér finnst vera alveg óþarft að undanskilja.

Ég geri ekki ráð fyrir, að við litla barnaskóla í sveit verði ráðnar sérstakar hjúkrunarkonur; mér þykir það næsta ólíklegt. Það þarf ekki að stafa hætta af því, að ákvæðið nái til skóla yfirleitt.

Það var nokkuð mikið ofsagt hjá hv. þm., að ég teldi undanþáguheimild 2. gr. vera höfuðkost frv. Svo var það ekki, en ég tel það kost á frv. og nauðsynlegt ákvæði, en ekki höfuðkost. Ég tel það ákvæði geta verið fullnægjandi hverju sveitarfélagi, líknarfélagi og því um líkum félagsskap, sem vill sækja um annað en lærða hjúkrunarkonu til að starfa fyrir sig. Það, sem þar um ræðir, getur ekki valdið mikilli skriffinnsku.

Hvað stéttafélagsskap hjúkrunarkvenna viðvíkur, þá þýðir ekki að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að stéttir þjóðfélagsins hafa með sér félagsskap og hafa siðferðislegan rétt til þess að standa saman um sína hagsmuni, og ef svo er, hvers vegna skyldu hjúkrunarkonur ekki eiga að hafa þann sama rétt? Þær velja sér sannarlega þá lífsbraut, sem hvorki er svo hæg og ekki heldur svo geðfelld í ýmsum tilfellum, að þegar þær hafa varið fleiri árum til náms til þess að mennta sig í hjúkrun, þá á ekki að leggja neinn stein í götu þeirra að því er það snertir að gera kost þeirra og hag í þjóðfélaginu sæmilegan. Mér liggur við að segja, að brýning hv. þm. til þeirra manna hér í hv. d., sem sérstaklega bera hag sveitarfélaganna fyrir brjósti, sé næsta brosleg, því að það verður nú sjálfsagt almennt litið svo á, að þegar tekið er tillit til allra hluta, muni það ekki vera óhyggilegri ráðstöfun að hafa lærða í stað ólærðrar hjúkrunarkonu á þessum stöðum.

ATKVGR.

Brtt. 164,I felld með 10:7 atkv.

— 164,II samþ. með 12:6 atkv.

— 152, svo breytt, samþ. með 15:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 26. fundi í Ed., 16. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 168).

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 286).

**Magnús Torfason:** N. hefir lagt til, að þetta frv. verði samþ. með dálítilli breyt. á 2. gr. Breyt. er í því fólgin að gera ákvæði greinarinnar ofurlítið rýmri en áður. Við gr. er bætt: „Ákvæði greinarinnar ná ekki til almennrar hjúkrunar og hjúkrunarstarfsemi á heimilum utan kaupstaða, hvort sem hún fer fram á vegum sveitarfélaga eða einstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga í sveitum". Þetta er aðalbreytingin, sem n. leggur til, að gerði verði á frv., og vænti ég, að hún fái góðar undirtektir.

Annars er hv. frsm. nú kominn hér í d., og vil ég því eftirláta honum að tala um málið fyrir hönd n.

**Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég þarf mjög litlu við þetta að bæta. Hv. 2. þm. Árn. hefir skýrt frá þessari litlu breyt., sem n. leggur til, að gerð sé á frv. Hún miðar í raun og veru aðeins að því að gera gleggra ákvæði, sem hv. Nd. setti inn í frv. Þetta skýrir sig nokkuð sjálft, og hygg ég því, að það þurfi ekki að valda miklum umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 286 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 313).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 313).

Á 46. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 365).

---

## 38. Einkaleyfi um nýja tegund saltfiskjar.

Á 32. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út og selja á erlendan markað nýja tegund af saltfiski** (þmfrv., A. 205).

Á 35. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Sveinn Ólafsson):** Með frv. á þskj. 205, sem flutt er af sjútvn., er áformað að veita Sveini Árnasyni á Seyðisfirði einkaleyfi um 5 ár til útflutnings og sölu á sérstaklega verkaðri tegund af saltfiski, sem útlit er fyrir, að geti orðið mun verðmætari, þegar verkunin er fullkomlega þekkt og reynd, heldur en fiskur, sem er verkaður á venjulegan hátt.

Ef til vill líta einhverjir svo á, að ekki hafi þurft að leita til Alþingis með erindi þetta, heldur hefði mátt nægja að leita hjá ríkisstj. einkaleyfis samkv. l. frá 1923. En með því að þau l. binda einkaleyfistíma við 15 ár og ýms önnur óhagfelld skilyrði, hefir þessi leið verið valin. Nú er gert ráð fyrir, að sú verkunaraðferð á fiski, sem hér um ræðir, geti orðið almenningi fullkunnug og tiltæk á stuttum tíma, og er því með frv. miðað við hæfilega tímalengd fyrir leyfisbeiðanda til að kenna aðferðina og afla vörunni álits.

Leyfisbeiðandi nefnir þessa fisktegund „Magna", en hún er afbrigði þeirrar tegundar saltfiskjar, sem um nokkur ár hefir gengið á markaði Suðurlanda undir nafninu „shorefish".

Mér þykir rétt að geta þess, sem reyndar er tekið fram í grg. frv., að leyfisbeiðandi hefir um nokkurt árabil gert tilraunir með þessa vörutegund og er

kominn vel á veg með að afla henni álits á markaði í Suðurlöndum.

Til skýringar má nefna það, að þessi verkunaraðferð er að því leyti frábrugðin þeirri almennu verkun á saltfiski, að gerð er látin koma í fiskinn á tilteknu verkunarstigi, sem alls ekki á sér stað við venjulega fiskverkun, og það er einmitt sú gerð, sem verður að ná vissu marki, en hvorki vera meiri né minni, að ekki spillist fiskurinn. Er því nokkurt vandhæfi á að framleiða vöruna, svo að útgengileg sé og njóti álits. Þess vegna er líka nauðsynlegt, að verkun fari fram í fyrstu undir handleiðslu leyfisbeiðanda, meðan æfingu skortir.

Það hefir að vísu verið reynt áður af einstöku mönnum að verka fisk á þennan hátt og senda hann til Suðurlanda, en þær tilraunir hafa meira og minna mistekizt, allt þangað til þess „Magna"-fiskur kom til sölunnar, sem nú er ráðgert, að geti komið á almennan markað að einkaleyfistímanum liðnum.

Á þessum 5 árum hugsar leyfisbeiðandi sér að kenna almenningi til og frá í verstöðvum landsins að hagnýta þessa aðferð svo vel, að ekki verði hætta á, að tilraunir mistakist. Má því ætla, að sá hagnaður, sem að þessu mætti verða, geti orðið almenningseign að þeim tíma liðnum eða jafnvel að nokkru leyti fyrr, ef leyfisbeiðanda tækist vel á fyrsta ári að undirbúa sölu. Mundu þá jafnvel þau fiskikaup, sem hann gerði í sambandi við sérleyfið, geta orðið arðvænleg fyrir framleiðendur. Leyfisbeiðandi hefir sem sé skuldbundið sig til að flytja út árlega a. m. k. 300 smálestir af vöru þessari eftir árslok 1933. Það er að vísu ekki mikill hluti af öllum útfluttum saltfiski, en þá er líka við lágmark þess miðað, sem hann hyggst að flytja út árin 1934—38. Mætti því fara svo, áður en þessi 5 ár liðu, að þetta útflutningsmagn yrði að miklum mun aukið.

Eins og 4. gr. frv. ber með sér, þá vill leyfisbeiðandi taka á sig ýmsar skuldbindingar leyfisins vegna, tiltölulega strangar, og má af því marka, að hér er ekki um alvörulítið fyrirtæki að ræða.

Ég ætla ekki að tefja tímann eða fjölyrða frekar um þetta mál. Ég þykist vita, að einhverjir hv. þdm. muni vilja leggja til, að frv. fari til n. Sjálfur sé ég ekki ástæðu til að gera till. um það, því að málið er komið frá n. og var þar rækilega undirbúið.

Ég er sannfærður um, að hér er um gott mál að ræða, og teldi ég það óhapp, ef frv. næði ekki lögfestingu á þessu þingi.

Ég hefi einnig persónuleg kynni af þessum manni, sem hér á hlut að máli, og veit, að hann skortir hvorki áhuga né þrautseigju við að koma málum sínum fram og gefst ekki upp við fyrstu þraut, sem fyrir honum verður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 28. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.

**Frsm. (Sveinn Ólafsson):** Engin andmæli hafa komið fram gegn þessu frv., og verð ég því að álíta, að allur þingheimur telji málið gott og þarflegt. Ég þarf ekki að taka neitt nýtt fram, en vil þó geta þess, að umsækjandi einkaleyfisins hefir þegar gert viðbúnað til þess að hin nýja fiskverkun verði hafin á næstunni. Hann mun byrja verkunina og kenna aðferðir sínar hér í Reykjavík, en fara síðan austur og norður um land, og býst hann við að geta komið upp fjórum eða fleiri verkunarstöðvum á næsta sumri. Gæti því orðið nokkur árangur af starfi hans þegar á þessu ári, ef frv. verður að lögum, eins og ég þykist hafa góðar vonir um, að verði.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 205).

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 340).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. fer fram á að veita sérstökum manni, Sveini Árnasyni yfirfiskimatsmanni á Seyðisfirði, einkaleyfi til að flytja út og selja á erlendan markað nýja tegund af saltfiski. Þó það kunni máske í fljótu bragði að líta svo út, að það sé ekki mikil ástæða til að fara þessa leið, þá vænti ég, að hv. dm. sannfærist um það, þegar þeir hafa kynnt sér þau rök, sem framfærð eru í bréfi frá viðkomandi manni, að nokkur ástæða sé til að verða við þessari ósk, því þess má vænta, að af þessari ráðstöfun geti leitt nokkra framför að því er snertir markaðsmöguleika fyrir aðalvöru sjávarútvegsins, saltfiskinn. Eins og menn munu hafa tekið eftir, þá er þetta einkaleyfi bundið við visst árabil, og það eru sett skilyrði, sem verður að uppfylla til þess að leyfið geti haldizt. Skilyrðin eru fyrst og fremst þau, að á árinu 1934 verki leyfishafi og flytji út minnst 300 smálestir af þessari fisktegund og greiði ríkissjóði 500 kr. árlegt gjald fyrir einkaleyfið. Að sjálfsögðu verður greitt af þessum fiski það venjulega útflutningsgjald, svo ekki verður hér um neina tekjurýrnun að ræða. Ég tel ekki ástæðu til að tefja tímann með því að fara að lesa upp þau rök, sem fram eru færð í bréfi Sveins Árnasonar, en þau eru í stuttu máli þau, að þessi maður hefir á undanförnum árum gert tilraun til þess að verka þessa tegund af saltfiski og hann telur sig nú vera kominn á það stig, að hann geti framleitt vöru, sem sé eftir kröfu neytendanna í viðkomandi löndum. En hinsvegar óttast hann, af því að þessi verkun er alveg ný og ekki alveg vandalaus og allmikið frábrugðin þeirri aðferð, sem áður hefir verið viðhöfð, að ef þessi verkun er frjáls fyrsta tímabilið, sem verið er að koma henni á fastan grundvöll, þá muni af því geta hlotizt tjón, þannig að varan verði ekki eins og neytendurnir óska eftir og tilraunin geti þá farið út um þúfur, af því að ekki hafi verið gætt nógu mikillar varúðar með verkun vörunnar strax í upphafi.

Ég verð að líta svo á, að æðimikið megi byggja á umsögn þessa manns, því mér er persónulega kunnugt um, að hann hefir mjög mikinn áhuga fyrir breyttum verkunaraðferðum á okkar sjávarútvegsafurðum og hefir sýnt í því efni mjög mikinn áhuga og lagt í það talsvert fé. Og ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að hann sé eini fiskimatsmaðurinn á landinu, sem hefir haft opin augu fyrir því, að fjölbreytni á þessari fremleiðsluvöru væri okkur lífsnauðsyn. Ég skal taka það fram, að stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda hefir mælt með því, að þetta leyfi verði veitt, og það virðist vera nokkur trygging fyrir því, að hér sé verið á réttri leið. Sjútvn. hefir athugað málið og leggur einróma til, að frv. gangi fram eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 397).

## 39. Viðskiptasamkomulag við Noreg.

Á 19. fundi í Nd., 8. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samkomulagi um viðskiptamál milli Íslands og Noregs** (þmfrv., A. 118).

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Forseti (JörB):** Í ráði er, að þessi útvarpsumr. fari fram um þriggja klukkustunda skeið, eða til kl. 12. Gera má ráð fyrir, að einnig verði útvarpað umr. um þetta mál annað kvöld. Flokkunum er ætlaður jafn ræðutími til umráða, og mun sá mismunur, sem fram kann að koma í kvöld á ræðutíma þeirra, verða jafnaður annað kvöld.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Herra forseti! — Stj. hefir afráðið að leggja fyrir Alþ. í frv.formi viðskiptasamning þann, sem gerður var milli Íslendinga og Norðmanna í sept. síðastl. Samningi þessum hefir verið haldið leyndum samkv. ósk Norðmanna og með samkomulagi samningsaðilja, þar til hann er nú lagður fyrir þing beggja þjóðanna. Upphaflega ætlaði stj. ekki að leggja samninginn fyrir þingið fyrr en lokið væri samtölum þeim, sem til standa milli Íslendinga og Englendinga um þeirra viðskiptamál. En þar sem nú er sýnt, að það muni dragast enn um skeið, að þessum samtölum verði lokið, en samningurinn milli Íslendinga og Norðmanna verður hinsvegar að öðlast fullt gildi fyrir 15. apríl, þá hefir ekki lengur verið dregið að leggja samninginn fyrir þingið.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að viðureign Íslendinga og Norðmanna á sviði atvinnu- og viðskipta hefir verið bæði löng og hörð. Um langt skeið var mestallt útflutt saltkjöt selt í Noregi. En norskir bændur hafa síðustu áratugi lagt mikla áherzlu á að auka kjötframleiðslu sína og einkum nú síðustu 10 árin lagt ríka áherzlu á að fá hana verndaða með hátollum. Fyrsti kjöttollurinn var lagður á um aldamótin, og nam 5 aur. á kg. Árið 1922 var hann hækkaður upp í 25 aur. á kg. og 1924 var hann kominn upp í 63 aura á kg. með öllum viðbótum. Var þetta eins og gefur að skilja íslenzkum bændum mjög þungbært. En þá tókst að komast að samningum við Norðmenn, sem þóttu allgóðir fyrir Íslendinga, þannig að grunntollurinn var færður niður í 15 aur. á kg. og nam þá tollurinn með öllum viðaukum 38 aurum á kg. Á móti þessari ívilnun komu ívilnanir um framkvæmd fiskiveiðilöggjafarinnar hér á landi Norðmönnum í vil. Um þetta samkomulag komu engar teljandi kvartanir fram hér þá eða síðar. Þótti það gleðiefni og góð lausn á vandræðum bænda, að slíkur samningur náðist, enda hefir hann orðið landbúnaðinum til mikilla hagsbóta. Og ekki hefir þess orðið vart til þessa tíma, að þær ívilnanir, sem Norðmenn fengu, hafi orðið íslenzkum atvinnuvegum til hnekkis. Það þóttu því mjög ill tíðindi hér, þegar Norðmenn á síðastl. ári sögðu upp kjöttollssamningnum. Varð það bæði þm., sem þá sátu á rökstólum, og þjóðinni áhyggjuefni. Við uppsögn samningsins hækkaði tollurinn upp í 58 aura á kg. og var það sama og innflutningsbann á ísl. saltkjöti í Noregi.

Á seinasta þingi voru þm. sammála um að neyta allra ráða til þess að fá upptekna samninga við Norðmenn og fá hinn gamla samning endurnýjaðan með sem minnstum breyt. hvað framkvæmd fiskveiðalöggjafarinnar snerti. Þegar í febrúarmán. var þess farið á leit við Norðmenn að taka upp samninga. Voru send um það skeyti og bréf og sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, Sveini Björnssyni, falið að fara á fund Norðmanna, en allt varð árangurslaust. Það var svo komið, að Norðmenn höfðu lokað markaði sínum fyrir ísl. saltkjöti á sama hátt og þeir áður höfðu skellt í lás fyrir öðrum þjóðum, enda telja Norðmenn sig nú geta kjötfætt sig sjálfir. Það var ekki gott útlit, ef við hefðum á síðasta hausti staðið uppi með mest allt útflutningssaltkjöt óseljanlegt. Ef sú hefði orðið raunin á, þá

hefði verið þröngt fyrir dyrum margs bóndans. Vegna þessa útlits var stj. í þinglokin í fyrra falið að athuga, hvort ekki væri tiltækilegt að segja upp gildandi verzlunar- og siglingasamningi við Noreg, og jafnframt var stj. falið að gera þær ráðstafanir, sem í hennar valdi stæði til þess að fá samninga tekna upp af nýju. Þetta hefir ekki orðið árangurslaust. Og það frv., sem hér liggur fyrir hv. d., er sá árangur, sem fengizt hefir. Samband ísl. samvinnufélaga hefir staðið framarlega í viðleitni um sölu á landbúnaðarafurðum til annara landa, og þegar þessi tollamál hafa verið á döfinni, hefir það staðið framarlega um allar ráðstafanir til bóta bæði 1922 og nú. Stj. hefir í bæði skiptin haft samráð við S. Í. S. um kjöttollsmálin, og þegar stj. var orðin úrkola vonar um, að Norðmenn myndu með skeyta- og bréfasendingum fást til að taka upp samninga, þá fórum við Jón Árnason framkvstj. til Noregs þeirra erinda að hrinda samningum af stað. Þegar við komum til Noregs horfði málunum þunglega, og var þá tekin sú ákvörðun að segja upp verzlunar- og siglingasamningnum milli ríkjana með löglegum fyrirvara. Árangur þessarar fyrstu ferðar varð sá, að norska stj. lofaði að lýsa yfir því í Stórþinginu, að hún teldi sig hafa heimild til þess að semja við Íslendinga um kjöttollsmálið. Því var og heitið, að samningsumleitanir skyldu uppteknar. Skyldu við samningana vera tveir menn af hálfu hvorrar þjóðar og hittast fyrst í Rvík, en ljúka samningunum í Oslo. Stj. tókst að fá til samninganna þá Jón Árnason framkvstj. og Ólaf Thors alþm. Stóð svo á samningagerðinni fram í sept. mán., en þá voru þeir samningar, sem nú eru lagðir fyrir hv. deild, undirritaðir.

Samningarnir voru jafnan háðir í nánu samráði við ríkisstj. og utanríkismálan. Varð ég þess ekki var, að nokkrar aths., sem máli skiptu, kæmu fram við samningana á réttum tíma. Það voru að vísu fáir menn, sem gátu fylgzt með því, sem gerðist. Ástæðan til þess, að menn undu vel gangi málsins, var vafalaust samningurinn frá 1924, en þann samning er rétt að hafa til samanburðar um framkvæmd fiskiveiðalöggjafarinnar, og eins hitt, að miklir erfiðleikar vofðu yfir bændastéttinni. Og þeim, sem fylgdust með um samningana, er kunnugt um, að íslenzku samningamennirnir héldu fast á málstað okkar Íslendinga frá því fyrsta til hins síðasta. Stj. kann samningamönnunum hinar beztu þakkir fyrir vel unnið og mikið starf.

Á seinasta þingi var mikill uggur í mönnum, eins og ég gat um áðan, vegna þessarar uppsagnar á kjöttollssamningnum og vegna tregðu Norðmanna í málinu. Það gat engum komið til hugar, þegar stj. var falið að ganga til nýrra samninga, að fást myndi eftir að Norðmenn höfðu að fyrra bragði sagt upp samningunum, svo góðir kostir, að enginn ágreiningur yrði um þá, sérstaklega frá andstæðingum stj. Stj. leggur þessa samninga nú fyrir þingið í öruggu trausti þeirra manna, sem gerðu og gera sér ljóst, að úr vöndu er að ráða. Það hefir tekizt betur til með samninginn en við mátti búast. Ákvæði samningsins hvað framkvæmd fiskveiðalöggjafarinnar snertir, eru sízt harðari en í samningnum frá 1924. Kjöttollurinn hefir verið lækkaður úr 57 aurum pr. kg. og niður í 20 aura pr. kg. Hann er nú 33% lægri en eftir gamla samningnum frá 1924. Þetta er öllum vonum framar. Innflutningsheimild til Noregs er að vísu takmörkuð nú, en við það varð ekki ráðið og ekki umfram það, sem búast mátti við. Það er öllum vitanlegt, að kjöttollurinn var minnkandi vegna aukinnar framleiðslu í landi. Þegar um þessa takmörkun er að ræða, þá má ekki miða við ótakmarkaðan innflutning, heldur það að fá ekki að flytja neitt inn í landið. Þessi innflutningsheimild hefir nægt á seinasta ári og hún verður að nægja til undirbúnings breytti sölulagi. Samningurinn hefir þegar gert mikið gagn. Það hefði orðið þröngt fyrir dyrum margs bóndans, ef samningar hefðu ekki náðst. Margar sýslur hér á landi hafa ekki til umráða annan erlendan gjaldeyri en þann, sem fæst fyrir saltkjötið, sem selt er til Noregs. Það getur ekki leikið neinn vafi á því, að enginn mun vilja hamla því, að þúsundir heimila úti um land fái notið þessara samninga.

Annar þeirra manna, sem stóð að

samningunum, á sæti í þessari d., og er mér kunnugt um, að hann mun gera ýtarlega grein fyrir samningnum í heild og einstökum atr. og mun ég ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni, en áskil Framsóknarflokknum þann tíma, sem ég leifi nú.

**Ólafur Thors:** Til þess að skýra þetta mál sem bezt fyrir mönnum er nauðsynlegt að rekja sögu þess nokkuð aftur í tímann. Það mun hafa verið árið 1897, að Norðmenn fyrst lögðu innflutningstoll á aðflutt kjöt. Var tollur sá 10 aur. á kíló og hélzt hann óbreyttur til ársins 1922, er hann hækkaði upp í 25 aur. Á árunum frá 1922 og til miðs ársins 1924 var svo tollur þessi ennfremur hækkaður, þannig að í ársbyrjun 1924 var hann orðinn 63⅓ aur. á kíló.

Þegar tollurinn var hækkaður 1922, þá hófust þegar í stað tilraunir af hendi Íslendinga til þess að fá tollinn færðan niður. Stóðu þær samningaumleitanir í nær tvö ár og lauk með hinum svonefnda kjöttollssamningi, sem gerður var í Osló í maímánuði 1924. Var það sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, Sveinn Björnsson, er fyrir Íslands hönd batt enda á þann samning, enda hafði hann frá öndverðu staðið fyrir þeim samningi af Íslendinga hálfu. Ég mun síðar í ræðu minni víkja nánar að þeim samningi og bera hann saman við þann samning, sem nú hefir verið gerður; en að þessu sinni vek ég aðeins athygli á því, að allt frá því er kjöttollssamningurinn frá 1924 var gerður og til þessa dags hefir hann af öllum, er á hann hafa minnzt, verið talinn hagkvæmur Íslendingum. Norðmenn litu aftur á móti frá upphafi nokkuð öðrum augum á þennan samning, enda sætti sá ráðh., er hann gerði af hendi Norðmanna, mjög hörðum árásum í norskum blöðum og manna á meðal í Noregi vegna samningsins. Hefir óánægja sú, er þegar varð vart í Noregi, er samningurinn var gerður, grafið um sig, og var loks í byrjun síðastl. árs orðin svo mikil, að norska ríkisstj. sagði honum upp 11. febr. síðastl. eins og þegar hefir verið getið.

Hæstv. forsrh. hefir nú skýrt frá því, er fram fór milli hans og Norðmanna um þetta mál, og get ég því tekið upp þráðinn þar sem samninganefndirnar hófu starf sitt.

Þegar í stað er samningar hófust hér í Rvík kom það í ljós, að mjög mikill skoðanamunur ríkti á milli hinna íslenzku og norsku fulltrúa í þessu máli. Íslendingar vildu ræða verzlunar- og viðskiptamál þessara þjóða almennt, en Norðmenn vildu hinsvegar ræða um hugsanlega tollívilnun á íslenzku kjöti annars vegar og hlunnindi norskra fiskimanna á Íslandi hinsvegar.

Rök Íslendinga voru aðallega þessi:

Eins og sést af verzlunarskýrslum, þá kaupa Íslendingar talsvert meira af Norðmönnum en þeir selja þeim. Samkv. íslenzkum hagskýrslum hafa viðskiptin á árunum 1925—'30, að báðum meðtöldum, verið þessi:

| | Frá Noregi: | | Til Noregs: | |
|---|---|---|---|---|
| Árið 1925 | er innflutt fyrir | 9328 þús. kr.. | en útflutt fyrir | 9131 þús. kr. |
| — 1926 | — — — | 6543 — — | — — — | 5633 — — |
| — 1927 | — — — | 5362 — — | — — — | 6485 — — |
| — 1928 | — — — | 6900 — — | — — — | 8960 — — |
| — 1929 | — — — | 8902 — — | — — — | 5327 — — |
| — 1930 | — — — | 7733 — — | — — — | 4937 — — |

En auk þess, sem þessi skýrsla ber með sér, er þess að gæta, að Íslendingar greiða Norðmönnum árlega fyrir skipaleigu sem næst 4 millj. kr. Þegar það er athugað, kemur enn betur í ljós, hversu verzlunarviðskiptin eru hagstæð Norðmönnum. Íslendingar bentu nú alveg sérstaklega á það, að af þeim vörum, sem þeir selja Norðmönnum, þá er það fyrst og fremst nær eingöngu saltkjötið, sem skiptir máli fyrir Ísland. Því að aðrar íslenzkar útflutningsvörur til Noregs kaupa Norðmenn aðallega í því skyni að selja þær aftur til annara þjóða, sumpart eftir að hafa breytt þeim og bætt þær, en sumpart án þess. Reka Norðmenn viðskipti þessi fyrst og fremst sem almenn verzlunarviðskipti í hagnaðarskyni.

Hinsvegar er það svo um flestar vörur, sem Íslendingar kaupa af Norðmönnum, að þær eru framleiddar í landinu sjálfu og þær eru notaðar á Íslandi, en ekki endurútfluttar.

Íslendingar leiddu einnig sterk rök að því, að ef Norðmenn hækkuðu kjöttollinn — en hækkun kjöttollsins væri sama og innflutningsbann á íslenzku kjöti til Noregs — þá myndu þessi verzlunarviðskipti leggjast niður án þess að Íslendingar með verzlunarstríði eða hefndartolli gerðu nokkra sérstaka tilraun til þess. Viðskiptin milli Íslendinga og Norðmanna hefðu nefnilega að mestu leyti skapazt og vaxið upp á síðari árum. Og undir þeim viðskiptum stæðu tvær stoðir. Kjötsala Íslendinga til Noregs hefði gert Íslendingum nauðsynlegt að hafa umboðsmenn mjög víða í Noregi. Þessir umboðsmenn höfðu tiltölulega litlar tekjur af kjötsölunni. Þeir reyndu því af eðlilegum ástæðum að auka þessar tekjur sínar með því að selja norskar vörur til Íslands. Og það væri ekki nema skiljanlegt, að Íslendingar þeir, er kjötið seldu, reyndu einnig að greiða fyrir þessum viðskiptum, enda hefði sú orðið reyndin á. Og jöfnum höndum hefðu viðskiptin vaxið fyrir það, að Norðmenn hefðu komið á beinum skipagöngum milli Noregs og Íslands. Ef nú íslenzku kjöti yrði bægt frá Noregi, þá mundi visna sú stoð undir viðskiptum þessum, sem skapazt hefir fyrir áhrif hinna norsku umboðsmanna. íslenzkra kjötkaupmanna. Og þau viðskipti, sem þá yrðu eftir, myndu hvergi nægja til þess að halda uppi hinum beinu skipagöngum milli landanna, sem þar af leiðandi myndu leggjast niður, og væru þá þessi viðskipti þjóðanna að mestu leyti úr sögunni. En Íslendingar þyrftu út af fyrir sig ekki að harma það, vegna þess að þeir gætu keypt a. m. k. nær allar þær vörur, sem þeir hafa keypt frá Noregi annarsstaðar, án þess að þurfa að kaupa þær dýrara verði.

Rök Norðmanna voru aðallega þessi:

Þeir vefengdu íslenzku verzlunarskýrslurnar og bentu á, að samkv. norskum verzlunarskýrslum væru viðskipti milli landanna hvergi nærri eins hagfelld Norðmönnum eins og íslenzkar skýrslur benda til. Ennfremur lögðu þeir áherzlu á, að nær allar eða allar þær vörur, sem Íslendingar selja Norðmönnum, eru einnig framleiddar af Norðmönnum sjálfum og að þeirra dómi í nægjanlega ríkum mæli til þess að fullnægja neyzluþörf Norðmanna. Aftur á móti framleiða Íslendingar engar eða nær engar þær vörur, sem Norðmenn selja hingað. Játuðu Norðmenn að vísu, að viðskiptin mundu vera þeim til framdráttar, en töldu hinsvegar, að fyrir norsku þjóðina sem heild skiptu þau ekki verulegu máli. Og að því sérstaklega er skipaleigur snertir gátu þeir þess, að þær væru ekki nema 1% af skipaleigu Norðmanna til annara þjóða.

Mér þykir ekki ástæða til þess að rekja þau rök, sem í þessu efni voru færð fram af hendi beggja aðilja, en skýri einungis frá því, að þar kom, að Norðmenn töldu sig ekki reiðubúna að halda áfram samningum nema því aðeins, að Íslendingar vildu ræða fiskveiðahlunnindi Norðmanna hér við strendur landsins. Og þar sem nú að það er vitanlegt, að Norðmenn njóta hér vissra fríðinda, bæði samkv. fiskveiðalöggjöfinni frá 1922 og samkv. kjöttollssamningnum frá 1924, þá þótti ekki ástæða af hendi Íslendinga til að slíta samningum út af þeirri kröfu. Hófst nú löng skrifleg og munnleg málfærsla af hendi beggja aðilja um bæði nauðsyn og kröfurétt Íslendinga til þess að njóta góðra kjara um kjötútflutning til Noregs og nauðsyn Norðmanna til þess að njóta sæmilegrar aðstöðu til fiskveiða hér við land. Eru hér engin tök á því að rekja þá málfærslu, enda virðist þess ekki þörf, þar eð niðurstaðan liggur fyrir í samningsformi og vel má segja, að það sé hún ein, sem skiptir máli.

Áður en ég vík að því, að skýra samninginn í einstökum greinum, þá vil ég vekja athygli á því, að aðstaða norsku ríkisstj. til þess að fullnægja óskum Íslendinga í þessum samningi var alveg einstaklega erfið, og skal ég skýra það lítið eitt nánar. Tollhækkun sú, sem varð á innfluttu kjöti til Noregs árið 1922, var sett á fyrir kröfu norskra bænda. Sá tollur var, eins og ég þegar hefi getið, í ársbyrjun 1924 orðinn 63⅓ aur. á kíló. Lækkun sú, sem fékkst með kjöttolls-

samningnum 1924, nam 25 aur. á kíló, og varð tollurinn þá 38 aur. á kíló, eða nær 43 kr. á tunnu, 112 kíló. Þessi tollniðurfærsla var skoðuð sem fórn norskra bænda til handa norskum fiskveiðamönnum, þeim, er veiði stunda við strendur Íslands. En raddir heyrðust bráðlega um það, að fiskveiðamenn töldu sig vonsvipta af framkvæmd þeirra fríðinda, er þeim hafði verið heitið með kjöttollssamningnum. Og óánægjuraddir þeirra kváðu jafnvel svo fast að, að þessi fríðindi væru þeim einskis virði. Jafnframt hljómuðu háværar kröfur bænda um aukinn verndartoll á kjöt, til þess að fyrirbyggja áframhaldandi skaðsemi íslenzks kjötframboðs á verðlag norskrar kjötframleiðslu. Það er nú náttúrlega ekki nema eðlilegt, að afleiðingin af þessum samsöng norskra bænda og veiðimanna yrði sú, sem raun bar vitni um, að Norðmenn segðu upp kjöttollssamningnum frá 1924, og ekki sízt þegar þess er gætt, að með völdin í landinu fór bændastjórn. Eftir að samningnum hafði verið sagt upp var svo kjöttollurinn hækkaður upp í nær 64 kr. á hverja tunnu. En það var auðvitað sama og algert innflutningsbann á ísl. kjöti til Noregs. Því að það var svo fjarri, að verðlag á ísl. kjöti í Noregi gæti borið þann toll, að það gat einu sinni tæplega borið tollinn, sem þar gilti fyrir uppsögn samningsins, sem var nær helmingi lægri, eða rúmar 33 kr. á tunnu.

Viðhorfið var þá þetta:

Norskir bændur kröfðust verndar með stórhækkuðum kjöttolli. Norskir fiskveiðamenn sögðu: Okkar vegna getið þið gert það, sem þið viljið, því að við höfum einskis í að missa. Norska bændastjórnin hafði svo látið undan kröfunum og tvöfaldað kjöttollinn. Og loks komu Íslendingar og sögðu: Við krefjumst þess, að kjöttollurinn verði lækkaður. Við getum ekki sætt okkur við þær 64 kr., sem nú eru af tunnu. Við viljum ekki sætta okkur við neitt, sem liggur á milli þessa háa tolls og þess tolls, er við nutum áður en samningnum var sagt upp, nefnilega 33 kr. á tunnu. Við viljum heldur ekki sætta okkur við 33 kr. á tunnu. Við heimtum annað og miklu betra en 33 kr. á tunnu. M. ö. o. Íslendingar kröfðust þess, að sú norska bændastjórn, sem hafði tvöfaldað kjöttollinn í því skyni að vernda norska bændur, lækkaði nú tollinn aftur og það svo eftirminnilega, að tollurinn yrði miklu lægri en hann var áður en kjöttollssamningnum var sagt upp.

Um þessa kröfu Íslendinga vil ég svo segja það eitt, að hún byggist á kaldri og harðri nauðsyn; en hitt má vel játa, að af Íslands hálfu ríkti aldrei neinn misskilningur um það, að það væri mörgum og miklum vandkvæðum bundið fyrir norsku ríkisstj. að fullnægja þessari þörf Íslendinga; og þetta verða menn að hafa hugfast, þegar þeir leggja dóm sinn á þessa samninga.

Með þessum formála vil ég svo víkja að samningnum, eins og hann liggur fyrir. Ætla ég þá fyrst að minnast á 2. kafla samningsins, nefnilega um innflutning á söltuðu ísl. kindakjöti til Noregs. Eins og auðskilið er af því, sem ég hefi skýrt frá hér að framan, þá var það miklum vandkvæðum bundið að sveigja til samkomulags gagnstæðar þarfir og óskir íslenzkra og norskra bænda um sölu og innflutning á ísl. kjöti til Noregs. Og þess er því kannske ekki heldur að vænta, að í þeim efnum hafi náðst samkomulag, sem fullnægi algerlega óskum annars aðiljans. Þó mun það ekki fjarri sanni, að eins og horfur voru um kjötsölu Íslendinga þegar þessi samningur var gerður, þá megi telja, að ákvæði norska samningsins hafi a. m. k. svona nokkurn veginn fullnægt þörfum og óskum Íslendinga. Hitt er rétt, að atburðir, sem síðan hafa gerzt á sviði tollmála í heiminum — og á ég þar við hinn svokallaða Ottawasamning — kunni að breyta viðhorfinu að verulegu leyti. En um það verður þó ekki enn með vissu sagt neitt ákveðið.

Eins og samningurinn ber með sér, þá varð það að samkomulagi, að kjöttollurinn skyldi færður úr tæpum 64 kr. á tunnu og í 15 aur. grunntoll á kíló. En það er sá tollur, sem gilti fyrir uppsögn samningsins og sem þá af norskum bændum var talinn of lágur til verndar hagsmunum þeirra. En verði samningurinn endanlega samþ. af Stórþingi Norðmanna og Alþingi Íslendinga, þá lækkar

tollurinn niður í 10 aur. grunntoll eða kr. 22.80 á tunnu, sem er liðugum 10 kr. lægra á tunnu heldur en sá tollur, er gilt hafði við uppsögn samningsins.

Hvað sem menn að öðru leyti vilja segja um samninginn, þá er engum blöðum um það að fletta, að þetta ákvæði út af fyrir sig er sérstaklega hagstætt Íslendingum, og má raunar telja það undrum sæta, að norska bændastjórnin, sem sagði upp samningnum, af því að 33 kr. tollurinn var of lágur til að vernda hagsmuni norskra bænda, og hækkaði tollinn í því skyni upp í 64 kr., — að hún skuli sjá sér fært að gera nýjan samning, sem færir þennan toll niður í tæpar 23 kr. á tunnu. En þessu skammrifi fylgir þá líka sá böggull, að þessi lági tollur gildir ekki nema um takmarkað og minnkandi magn af ísl. saltkjöti, er til Noregs flyzt. Hinsvegar mega Íslendingar eftir sem áður flytja til Noregs það saltkjöt, sem þeim sýnist, en verða af því magni, sem umfram er það, er samningurinn tilskilur, að greiða þann toll, sem á hverjum tíma gildir um innflutning slíkrar vöru til Noregs. Það magn, er hinn lági tollur nær til, er eins og samningurinn ber með sér, 13 þús. tunnur á árunum 1932—1933, en síðan fer það smáminnkandi, um 1000—1500 tunnur á ári. Þar til það á árunum 1937—1938 er komið ofan í 6 þús. tunnur. Og skal það magn haldast úr því, meðan samningurinn gildir. Auk þess er það tilskilið, að ekkert af kjöti flytjist inn á tímabilinu frá 1. júlí til 15. okt. árlega; og er kjötinnflutningnum að öðru leyti dreift yfir sem lengst tímabil, svo að sem minnst verðfallsáhætta stafi af kjötinnflutningnum.

Ég hefi nú heyrt ýmsa halda því fram, að þetta sé galli á samningnum, og það má í sjálfu sér vel játa, að svo sé. En hins er þá að gæta, að einmitt þessi niðurfærsla á kjötmagni því, sem nýtur hins lága tolls, greiddi mjög götu norsku stj. til þess að fullnægja óskum Ísl., þannig að það er a. m. k. mjög hæpið og jafnvel óliklegt, að án þessa ákvæðis hefðu náðst nokkrir samningar. Og sé svo, þá verða menn að gera upp með sér, hvort betra sé að njóta þessara tollfríðinda um þetta kjötmagn, þótt takmarkað sé, eða vera með öllu útilokaðir frá norskum kjötmarkaði.

En jafnframt er og rétt að minna á það, að á undanförnum árum hefir það verið stefna bæði löggjafans og atvinnurekenda hér í landi, að beina kjötsölunni frá Noregi og til Englands. Í því skyni hafa verið reist hér á landi 12 frystihús, og stóð a. m. k. til, að 5—6 yrði bætt við á þessu ári; og hefir ríkið gert sitt til að styrkja þá höfuðbreyt. í meðferð kjötsins. Þegar setið var að samningum við Norðm., þá má að vísu segja, að Íslendingar hafi haft ástæðu til að kvíða því, að eitthvað það gæti skeð, annað hvort á Ottawaráðstefnunni eða annarsstaðar, sem torveldaði sölumöguleika á ísl. afurðum. En þó munu þeir nú ekki hafa verið margir, sem hafa gert sér grein fyrir því, að ákvæði Ottawaráðstefnunnar væru líkleg til að kollvarpa þeirri viðleitni, er Íslendingar á undanförnum árum hafa sýnt til þess að beina meðferð kjötframleiðslunnar inn á enskan markað. Enda liggur a. m. k. ennþá ekkert skýrt fyrir um það, að svo verði. En ef óhætt var að gera ráð fyrir, að þróun kjötsölunnar yrði sú, sem Íslendingar hafa stofnað til og byggt á á undanförnum árum, nefnilega stöðugt aukin sala á frystu kjöti til Englands, þá fullnægði það kjötmagn, sem hinn lági tollur gildir um, algerlega þörf Íslendinga, — og það jafnvel þótt miðað sé við það lágmark, 6 þús. tunnur, sem ætlazt er til, að gildi eftir árið 1938.

Hinsvegar er það staðreynd, að þótt Íslendingum sé engin nauðsyn að hafa ótakmarkaðan saltkjötsmarkað, ef frjáls er innflutningur á frystu kjöti, þá er þeim þó nauðsyn að eiga þess kost að selja nokkurt magn af slíku kjöti. Því að um ýms framleiðsluhéruð í landinu hagar þannig til, að ekki verður við komið að flytja út fryst kjöt frá þeim. Má þar aðallega nefna Skaftafellssýslu, norðurhluta Dalasýslu og Barðastrandarsýslu, og ennfremur ýmsar sveitir, sem ekki hafa svo mikla kjötframleiðslu, að það svari kostnaði að reisa kjötfrystihús.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja meira um þennan kafla viðskiptasamningsins. En ég hygg, að flestir mundu játa, að ef samningurinn næði eingöngu yfir þessi ákvæði og engin önnur, þá væri hann hagfeldur Íslendingum. En því

er nú ekki til að dreifa. Samningurinn er í tveim köflum. Er hinn fyrri um fiskveiðahagsmuni Norðmanna á Íslandi, og skal ég nú víkja að honum. Mun ég þá hafa hliðsjón af þeirri gagnrýni, sem hefir komið fram á samninginn, sumpart í blöðum, en sumpart á fundum og manna á milli. En yfirleitt mun mega segja um þá gagnrýni, að hún hafi verið reist á skökkum forsendum, bæði af því að menn hafa ekki vitað, hvað í samningnum stóð, en jafnframt af hinu, að menn hafa misskilið orðalag samningsins eða og þá **einkum** ekki gert sér neina grein fyrir, hverra hlunninda Norðmenn mundu njóta hér, ef enginn samningur gilti eða yrði gerður milli þjóðanna.

Ég vil þá áður en ég vík að einstökum greinum geta þess, að af Íslendinga hálfu ríkti fullur skilningur á því, að fiskveiðalöggjöf Íslands er alveg nauðsynleg vörn fyrir þann atvinnuveg, sem á síðari árum hefir lagt drýgstan skerf til að halda uppi menningarríki hér á landi. Og þess var því vandlega gætt að forðast að gera neinar tilslakanir um fríðindi til handa síldveiðum Norðmanna, er líkleg þættu til að skapa skaðleg fordæmi á sviði þorskveiðanna. Og jafnframt ríkti einnig fullur skilningur á því, að síldveiðar eru blómlegur og vaxandi atvinnuvegur hér á landi, sem íslenzkum löggjöfum ber full skylda til að vernda á allan hátt, þ. á. m. með því að geyma Íslendingum einum **— en afsala hvorki Norðmönnum né öðrum neinum þeirra réttinda, sem verulegu máli skipta og sem að íslenzkum lögum og alþjóðarétti er hægt að varðveita fyrir Íslendinga eina.**

Út frá þessu sjónarmiði var haldið á málefnum Íslands. En það má vel játa, að Norðmenn lögðu nokkuð annað sjónarmið til grundvallar. Af ástæðum, sem ég hirði ekki að greina, vil ég fremur komast hjá að greina í einstökum atriðum, hvers Norðmenn sérstaklega óskuðu í þessum efnum. En mér er heimilt að benda á þær óskir, sem Norðmenn báru fram við kjöttollssamningana 1924, því að þær hafa þegar verið birtar í pésa, sem stj. gaf út, en sendiherra Sveinn Björnsson hefir samið, og er yfirlit yfir kjöttollssamningana frá 1924. En þá kröfðust Norðmenn þessa:

1. Að norskum skipum væri heimilt að selja afla sinn á Íslandi.

2. Að norskum skipum sé heimilað að verka og búa um afla sinn og flytja hann úr einu skipi í annað í landhelgi og á höfnum.

3. Að upphafið sé fyrir norsk skip að hafa báta inni á þilfari.

4. Hafnargjöld séu færð niður að miklum mun fyrir norsk fiskiskip.

5. Þeir norskir borgarar, sem áður hafa haft verkunarstöðvar, bryggjur og þesshättar, fái heimild til að halda þeim og nota einnig eftirleiðis.

Enda þótt kröfur Norðmanna í þessu efni væru ekki allar hinar sömu, þá voru þær þó að dómi Íslendinga alveg ósamrímanlegar við ákvæði fiskveiðalöggjafarinnar og íslenzka hagsmuni, enda gengu þær að sumu leyti jafnvel lengra heldur en nefndar kröfur frá 1924. Það ræður því af líkum, að einnig á þessu sviði hafi verið erfitt að gera svo að báðum líkaði. En hér skal ekki hikað við að fullyrða, að í engu var brotin sú höfuðstefna Íslendinga að halda fast við fiskveiðalöggjöfina, og raunar engin þau nýmæli skjalfest, sem neinu verulegu máli skipta. Skal ég nú færa rök að því, og tel, að það muni bezt gert með því að lesa upp einstakar greinar samningsins og skýra þær jafnóðum.

Fyrsta grein samningsins hljóðar þannig:

Hinar norsku síldarverksmiðjur, sem nú eru á Íslandi, er heimilt að reka áfram.

Þessi fyrirmæli staðfesta það, sem áður hefir gilt í þessu efni, áframhaldandi rekstur á þeim norsku síldarverksmiðjum, sem þá voru starfræktar hér á landi. Greinin þarfnast engrar sérstakrar skýringar og mun enda ekki hafa sætt neinum aðfinnslum frá hendi Íslendinga.

2. grein samningsins hljóðar þannig:

Auk þess, sem íslenzkum síldarverksmiðjum er almennt heimilt að kaupa við og við nýja síld af erlendum fiskiskipum (að svo miklu leyti sem þetta getur samrímzt 3. gr. fiskveiðalaganna), er norsku síldarverksmiðjunum, sem nefndar eru í 1. gr., heimilt að gera samninga, er gilda ákveðið síldveiðatímabil, við eins mörg erlend fiskiskip eins og þær kynnu að

óska, um kaup á nýrri síld til bræðslu. Það síldarmagn, sem norsk verksmiðja tekur á móti samkv. slíkum samningum, að viðbættu því, sem verksmiðjan kynni að kaupa við og við frá erlendum fiskiskipum, má þó ekki samanlagt fara fram úr 60% af bræðslusíld verksmiðjunnar á því síldveiðatímabili.

Um þessa grein er það að segja, að þegar kjöttollssamningurinn frá 1924 var gerður, var Norðmönnum heitið því, að þeir skyldu njóta vissra, tilskildra fríðinda, þ. á. m. þeirra fríðinda, er þeir til þess tíma höfðu notið hér á landi. En auk þess skyldi fiskveiðalöggjöfin framvegis skýrð og framkvæmd með velvilja í garð Norðmanna. Þegar nú þessi samningur var gerður, þá hafði Krossanesverksmiðjan alveg ótakmarkaða heimild til þess að fullnægja allri sinni notaþörf með kaupum af erlendum skipum. En þrátt fyrir þetta hafði íslenzka stj., eftir að samningur þessi var gerður 1924, verið að smáþrengja kosti Krossanesverksmiðjunnar, þannig að á síðastl. ári var kaupheimild hennar af erlendum skipum miðuð einungis við 40% af notaþörfinni. Norðmenn héldu því nú fram, að hér væri um alger samningsrof að ræða. Og án þess að mér þyki tilefni til að láta sérstaklega í ljós mína skoðun í þeim efnum, þá vil ég skýra frá því, að af Íslands hálfu þótti rétt að sætta þetta mál með því að hækka þessa heimild úr 40% upp í 60%. Þetta rýrir sölumöguleika íslenzkra veiðimanna um 15—20 þús. mál, sem að verðgildi svarar til 45—60 þús. kr., ef miðað er við verðlag síðasta árs. Og þar sem það er vitanlegt, að framleiðsluskilyrði íslenzka flotans eru meiri heldur en notaþörf allra síldarverksmiðja ásamt þörfinni fyrir síld til söltunar, þá er hér vitaskuld um ákvæði að ræða, sem hefði verið ákjósanlegt að komast hjá, en sem eftir atvikum ekki var hægt að komast hjá, og ekki er heldur það stórvægilegt, að það geti ráðið neinum úrslitum í þeim efnum. Og þess má vel minnast, að aðstaða Íslendinga til að sætta sig við slíkt ákvæði nú, er allt öðruvísi og miklu betri heldur en árið 1924, þegar kjöttollssamningurinn var gerður, þar sem Íslendingar þá höfðu ekki umráð yfir neinni síldarverksmiðju, en ráða nú yfir þremur stórum verksmiðjum.

Ég ætla þá að lesa upp 3. og 4. gr. frv. saman, af því að sama skýringin á við þær báðar; en þær hljóða þannig:

3. gr. Norskum síldveiðaskipum er heimilt að þurrka og gera við veiðarfæri sín á Siglufjarðar- og Akureyrarhöfn. Meðan á því stendur skal skipið, sem í hlut á, liggja við akkeri eða festar, og hafa uppi merki, sem nánar verður ákveðið.

4. gr. Norskum síldveiðiskipum skal heimilt að fara með veiðarfæri sín í land og gera við þau á Akureyri og Siglufirði. Meðan á því stendur skal skip það, sem í hlut á, liggja við akkeri eða festar, og hafa uppi nánar ákveðið merki.

Með þessum ákvæðum er þá Norðmönnum heimilað undir vissum, nánar tilgreindum kringumstæðum, að leggjast inn á Akureyrar- eða Siglufjarðarhöfn og bæta þar veiðarfæri sín úti á skipi eða í landi, enda liggi skipið fyrir festum og hafi uppi sérstakt merki, sem nánar verður ákveðið. Þessi réttindi hafa norsk síldveiðaskip ekki öðlazt með neinum almennum ákvæðum fyrr. Hinsvegar munu Norðmenn oft hafa gert slíkt í leyfisleysi og verið látið óátalið. Og ennfremur verður eigi annað séð en að þeim hafi verið veitt slíkt leyfi af ísl. stjórnarvöldum þegar þeir hafa sótt um það. Er því hér ekki um neitt eiginlegt nýmæli að ræða, og þykir mér því ekki ástæða að fara frekari orðum um það, enda hefir ekki þetta ákvæði sætt sérstökum aðfinnslum þeirra, er gagnrýnt hafa samninginn.

5. gr. samningsins hljóðar þannig:

Norskum fiskiskipum er heimilt að nota veiðibáta sína til flutninga og vatnstöku í Reykjavík, á Ísafirði, Skagaströnd, Siglufirði, Krossanesi, Akureyri, Raufarhöfn, Seyðisfirði, Eskifirði, í Vestmannaeyjum og Hafnarfirði, en til vatnstöku þó því aðeins, að það komi ekki í bága við einkarétt til afhendingar vatns.

Um þessa grein er það að segja, að samkv. samningnum frá 1924 var þessi heimild miklu víðari og náði til allra íslenzkra hafna. Af hálfu Íslendinga var því nú haldið fram í samningunum við Norðmenn, að þessi víða heimild væri

ekki nauðsynleg, ef ætlunin væri sú, að nota hana eingöngu í lögformlegum tilgangi. Hinsvegar bætti hún aðstöðu norskra veiðiskipa til þess að brjóta íslenzk lög og veiða í landhelgi í skjóli þessara hlunninda, og varð því niðurstaðan sú, að samkomulag náðist um að skerða allmjög heimildina frá 1924 og miða réttindin eingöngu við þær hafnir, þar sem notaþörf Norðmanna væri ríkust, en hætta á misnotkun minnst.

6. grein samningsins hljóðar svo:

Norskum fiskiskipum, sem afhenda ekki síld til söltunar í móðurskip eða í annað erlent skip, skal heimilt að setja í land til söltunar alls 500 tunnur af reknetaskipi hverju og 700 tunnur af snurpunótaskipi.

Fyrir norsk fiskiskip, sem uppfylla þetta skilyrði og hafa gert samning yfir síldveiðatímabil við síldarverksmiðju á Íslandi, hækkar þessi tunnutala upp í 700 tunnur fyrir reknetaskip og 1200 tunnur fyrir snurpunótaskip.

Ef þessi söluheimild verður afnumin eða torvelduð með sérstökum lagaákvæðum eða öðrum fyrirmælum yfirvalda, getur norska stj., þrátt fyrir ákvæði 18. gr., hvenær sem er sagt upp samningi þessum með 3 mán. fyrirvara.

Hér er þá komið að því ákvæði samningsins, sem mestri mótspyrnu mun valda og sem helzt er ástæða til að setja sig upp á móti. En þó hefir þess mjög orðið vart, að þessi andstaða manna gegn ákvæðum þeirrar greinar byggist á þeim misskilningi, að gengið er út frá því, að ef engir sérsamningar gilda í þessu efni, þá hafi hvorki Norðmenn né aðrar erlendar þjóðir neina heimild til þess að selja afla sinn íslenzkum ríkisborgurum hér á landi. En **þetta er höfuðmisskilningur.** Hér á landi eru engin lagafyrirmæli því til fyrirstöðu, að íslenzkir ríkisborgarar megi kaupa afla af hverjum sem er. Aftur á móti setti fiskveiðalöggjöfin frá 1922 skorður við ótakmarkaðri aflasölu erlendra fiskiskipa til íslenzkra ríkisborgara, og lagði bann við aflasölu til annara en ríkisborgara. Og það eru þá þessar skorður, sem segja til um það, hvað erlend veiðiskip megi selja hér mikið af afla sínum að óbreyttum lögum. Og jafnframt rís þá sú spurning, hvort hægt sé að þrengja þær skorður og með því takmarka eða fyrirbyggja aflasölu erlendra skipa.

Við því er þá fyrst það að segja, að fiskveiðalöggjöf Íslendinga er að því er þetta snertir svo ströng, að hún á sér ekkert fordæmi í löggjöf menningarþjóða nema eitt, en það er ákvæði, sem er lögfest í Finnmarken í Noregi, en gildir að öðru leyti ekki annarsstaðar í Noregi. Í íslenzku fiskveiðalöggjöfinni frá 1922, 3. gr., er þetta orðað þannig:

„Erlendir fiskimenn, er reka kynnu fiskveiðar utan landhelgi, mega leita sér skjóls við strendurnar til þess að bjarga sér undan stormum og óveðrum. Annars er bannað útlendingum að **hafast** við við land eða í höfn til þess að reka þaðan fiskveiðar utan landhelgi". Í norsku lögunum er orðalagið að **hafast við** við land eða í höfnum inni orðað þannig: „Har tilhold på söterritoriet" . Spurningin er þá fyrst og fremst um það, hvað þetta ákvæði þýðir. Í því efni vil ég í fyrsta lagi segja frá því, að sá maður, sem samdi fiskveiðalöggjöfina, Jón Krabbe fulltrúi í utanríkisráðuneytinu í Kaupmannahöfn, maður, sem er sérstaklega vel þekktur hér á landi fyrir það tvennt að vera með ágætum menntaður lögfræðingur og jafnframt hinn mesti Íslandsvinur, hann segir í umsögn sinni til íslenzkra stjórnarvalda um löggjöfina eitthvað á þessa leið:

„Að því er snertir sölu útlendinga á afla, þá álít ég það ekki í samræmi við alþjóðareglur og ekki heldur til framdráttar íslenzkum hagsmunum að banna með öllu útlendum veiðiskipum öðru hvoru að selja fiskfarm til Íslands. Það, sem við getum bannað, er það, að erlend fiskiskip reki fiskveiðar með íslenzka höfn sem stöð, eða eins og segir í hinum norsku lögum „har tilhold på söterritoriet". Þetta síðasta hugtak álít ég **hámark** þess, sem við getum bannað".

Þetta er þá skoðun þessa manns, sem af áhuga fyrir málefnum Íslands á frumkvæðið að því, að fiskveiðalöggjöfin frá 1922 var sett, í því skyni að tryggja íslenzkum ríkisborgurum hin ýtrustu sérréttindi til afnota á íslenzkum fiskveiðalindum.

Jafnframt vil ég skýra frá því, að þeg-

ar í stað er fiskveiðalöggjöfin hafði verið staðfest, þá bárust íslenzkum stjórnarvöldum fyrirspurnir um, hvaða merkingu Íslendingar legðu í hugtakið „að hafast við“ í íslenzkum höfnum. Og þá þegar, vorið 1922, gefur þáverandi ríkisstj. út yfirlýsingu til norska aðalræðismannsins í Rvík og umboðsmanna annara ríkja hér á landi, að að því er snertir síldveiðar muni þetta ákvæði vera skýrt þannig, að síldveiðiskip megi selja til söltunar hér í landi frá 500—700 tunnur síldar, eftir því hvort um sé að ræða reknetaskip eða snurpinótaskip. — Síðan hefir það komið fyrir a. m. k. tvisvar sinnum, að íslenzk stjórnarvöld voru spurð um það sama í tilefni af því, að erlendar þjóðir hafa leitað víðtækari réttinda, og í bæði skiptin hefir verið haldið sér við hina upprunalegu skýringu í þessu efni. Ég verð því að telja alveg tvímælalaust, enda var því sleitulaust haldið fram af Norðmönnum, **að án allra samninga við Norðmenn í þessu efni** þá séum við Íslendingar að óbreyttum lögum bundnir við þennan skilning á fiskveiðalöggjöfinni. Og að því er hina spurninguna snertir, hvort við þá munum geta breytt fiskveiðalöggjöfinni og þyngt þetta ákvæði, þá segi ég það eitt, að enda þótt ég álíti ekki rétt, að ég sé að kveða upp um það neinn dóm, þar sem líka aðrir eru til þess hæfari, þá kemst ég þó ekki hjá því í þessu sambandi að benda á það, að þegar um er að ræða, að smáþjóð eins og við Íslendingar setji sér lög til þess að vernda sína eigin hagsmuni **gegn** hagsmunum allra annarra þjóða, og þegar þau lög eru svo ströng, að þau eiga sér einungis eitt fordæmi í löggjöf annara þjóða, og þegar við svo sjálfir allt frá öndverðu höfum gefið yfirlýsingar um, hvaða skilning við sjálfir leggjum í þessi ákvæði, þá sé það a. m. k. ekki líklegt, að Íslendingum haldist uppi að lögfesta ný skilyrði, er gangi enn frekar á rétt útlendinga en orðið er.

Af öllu því, er ég nú hefi sagt, vildi ég, að menn skildu það, að hvað sem líður þeim samningi, sem hér liggur fyrir, þá er óhætt að telja líklegt, ef ekki öldungis víst, að norsk síldveiðaskip eigi nú þann rétt að selja íslenzkum ríkisborgurum 500—700 tunnur af síld, og að sá réttur verði ekki af þeim tekinn með breyt. á fiskveiðalöggjöfinni. Og út frá **þessu** sjónarmiði verða menn að dæma um ákvæði þessarar greinar samningsins. Sé það gert, þá kemur það í ljós, að sú breyt. til aðstöðubóta fyrir Norðmenn, sem með honum öðlast gildi, er eingöngu í því falin, að nokkur og takmarkaður hluti hinna norsku veiðiskipa getur öðlazt rétt til þess að selja í staðinn fyrir 500 tunnur 700 tunnur og í staðinn fyrir 700 tunnur 1200 tunnur til íslenzkra ríkisborgara.

Ég hefi nú heyrt mörgum getum að því leitt, hversu mörg þau skip verða, sem þennan rétt öðlast, og í því sambandi heyrt margar sagnir um það, að Norðmenn muni reyna að fara í kringum þau ákvæði samningsins, sem setja þessu skorður. Það er náttúrlega svo um öll ákvæði og alla samninga, að ef kringum það er farið, þá getur það haft margvísleg og skaðleg áhrif. Og það er auðvitað ekki rétt að dæma ákvæði samningsins út frá því, hver áhrif þau gætu haft, ef þau væru með öllu misnotuð og brotin, heldur út frá hinu, hver afleiðing þeirra verður, ef þau verða haldin. Nú er það svo, að þessi auknu réttindi öðlast þau skip ein, sem ekki hafa samband við móðurskipin og sem auk þess hafa samning um sölu á bræðslusíld við norskar síldarverksmiðjur hér í landi yfir allt síldveiðatímabilið, „sesongkontrakt“ eins og það er nefnt á norskunni. Það má nú deila um það, við hve mörg skip Krossanesverksmiðjan og Raufarhafnarverksmiðjan — hin síðarnefnda er svo lítil, að það tekur tæplega að ræða um hana, — við hve mörg skip þessar verksmiðjur geti gert samninga yfir síldveiðatímabilið. Ég skal aðeins í því sambandi upplýsa, að á bræðslustöð Kveldúlfsfélagsins á Hesteyri hefir þótt mátulegt á síðari árum að hafa 4 togara; og á síðastl. ári, er félagið hafði einnig Sólbakkaverksmiðjuna, þá hafði það alls 7 togara til veiða fyrir báðar verksmiðjurnar. Höfðu þær þó tæplega undan að bræða aflann.

En það er hvorttveggja, að norsku skipin eru minni en togarar, og auk þess stunduðu togararnir eingöngu veiðar fyrir verksmiðjurnar, en gera má ráð fyrir,

að norsku skipin almennt muni freista þess að selja síld til söltunar í landi, en auk þess salta til að sigla heim með aflann. En þegar þess er nú minnzt, að verksmiðjurnar mega ekki kaupa nema 3/5 af notaþörfinni af erlendum skipum, og að ekki er ástæða til að ætla, að þær kaupi alla þá síld eingöngu af þeim skipum, er selja vilja veiði sína yfir allan veiðitímann, þá ætla ég að nefna sem nokkurn veginn hámarkstölu þeirra skipa, er ég get búist við, að norsk verksmiðja geri samning við yfir síldveiðatímann, 25 skip. En ef einhverjum þætti það of lágt áætlað, skal ég með ánægju tvöfalda þá tölu, og byggja mína útreikninga á því, að 50 skip öðlist þessi sérréttindi. Þessi 50 skip öðlast þá rétt til þess að selja 700 tunnur í stað 500, ef það eru reknetaskip, en 1200 í stað 700, ef það eru snurpinótaskip.

Til þess nú að gera sér grein fyrir, hver áhrif þetta hefir, er fyrst þess að geta, að hér munu stunda síldveiðar á hverju sumri um 200 norsk veiðiskip. Samkv. því, sem ég hefi áður greint um fyrirmæli fiskveiðalöggjafarinnar, þá eiga þessi skip rétt til þess, að óbreyttum ákvæðum fiskveiðalaganna, að selja íslenzkum ríkisborgurum frá 500—700 tunnur hvert skip eða alls 100—140 þús. tunnur. En það magn, sem norsk veiðiskip fá leyfi til að selja, ef samningurinn gengur í gildi, mundi þá aukast um 10 þús. tunnur, ef gert er ráð fyrir að allur flotinn væri reknetaskip, en 24 þús. ef allur flotinn væri snurpinótaskip. Og þannig öðlast söluheimild til 110 þús. tunna í stað 100 þús. eða 165 þús. í stað 140 þús. tunna, eftir því hvort er að ræða um rekneta eða snurpinótaskip.

Það skal nú að vísu játað, að hér er um aukna samkeppni við Íslendinga að ræða, en þó er það ekki svo, að skipt geti neinu höfuðmáli, eins og tölurnar bera með sér. Og samkeppni er heldur ekki á því sviði, sem útgerðarmenn og almenningur helzt virðist álíta, heldur á allt öðru sviði. Þess hefir nefnilega mikið orðið vart, einkum meðal útgerðarmanna, að þeir hafa talið, að sá nýi markaður, sem á síðari árum hefir opnazt fyrir lítið saltaða síld í Þýzkalandi, markaður sem er vaxandi og Íslendingar gera sér miklar vonir um að reynist haldgóður í framtíðinni, sé settur í einhvern nýjan voða með þessum samningi. Þetta er alger misskilningur og bláber hugsunarvilla. Því að eins og samningurinn ótvírætt ber með sér hafa Norðmenn ekki öðlazt neinn rétt til þess að salta síld hér í landi. Sá réttur, sem þeir hafa öðlazt, er rétturinn til að auka eilítið sölu á nýrri síld til ísl. ríkisborgara. Og samkeppnin, sem skapast af aukningu þeirrar heimildar, er ekki samkeppni við Íslendinga um sölu á saltaðri síld á erlendan markað, heldur samkeppni við íslenzka fiskimenn um sölu á nýrri síld til söltunar hér á landi. Slíkt er vitanlega meinlegt og getur orðið beinlínis hættulegt, ef svo mikið kvæði að samkeppninni, að hún yrði til þess að bægja íslenzkum veiðiskipum frá þessari sölu og þar með lama útveginn. En ég ætla nú fyrir mitt leyti alveg óhikað að halda því fram, að ef sú samkeppni er meinlaus, sem Íslendingar eiga við að etja af þeim framboðum frá norskum veiðiskipum, sem yfir vofa samkv. heimild fiskveiðalöggjafarinnar, þ. e. a. s. frá 100 til 140 þús. tunnur, þá er íslenzkum veiðimönnum heldur ekki voði búinn af því, þótt þessar tölur breytist frá 100 og upp í 110 eða frá 140 og upp í 165 þús. tunnur. **En þetta er sú eina breyt., sem á verður samkv. þessari gr. samningsins.**

Hitt skal svo fúslega játað, að ef Norðmenn hagnýta sér til hins ýtrasta heimildir samningsins, þá mun það stórskaða þennan atvinnurekstur Íslendinga. En **alveg það sama** verður uppi á teningnum, þótt samningurinn hefði ekki verið gerður, eingöngu ef Norðmenn hagnýta sér þær heimildir, sem þeir hafa samkv. fiskveiðalöggjöfinni. Þetta hafa menn **ekki** gert sér ljóst, og dæma því samninginn út frá alveg röngum forsendum, því sé hætta á ferðum stafar hún ekki frá þessum samningi, heldur frá fiskveiðalöggjöfinni, eins og bezt sést á því, að þótt samningurinn verði brenndur, eiga Norðmenn samt sem áður viðurkenndan rétt til að selja 100—140 þús. tunnur til ísl. borgara hér á landi. En það mun sannast sagna í þessu efni, að það, sem hér veltur á bæði fyrir Norðmenn og Íslendinga, er það, hvort nokkr-

ir kaupendur séu til hér á landi að þeirri síld, er Norðmenn að óbreyttum lögum og gerðum eða ógerðum samningi hafa heimild til að selja. Ég fyrir mitt leyti verð að segja það, að alveg eins og það lengst af til þessa hefir verið, þá hygg ég, að svo verði það í framtíðinni, að þessi réttindi takmarkist ákaflega mikið af þeirri staðreynd, að hér á landi eru svo samþættir hagsmunir þeirra, sem síldina veiða, og þeirra, sem síldina salta, að ekki mun verða neinn verulegur markaður fyrir sölu á nýrri síld af erlendum skipum hér á landi. Reynist sá spádómur hinsvegar ekki réttur, þá skal ég aðeins taka það enn einu sinni fram og leggja áherzlu á, að sú samkeppni, sem norsk skip skapa íslenzkum fiskimönnum, **er að mestu leyti jafnt fyrir hendi hvort sem þessi samningur verður lögfestur eða ekki.**

Skal ég svo láta útrætt um þessa gr. samningsins, og vænti ég þess fastlega, að mér hafi með óyggjandi rökum tekizt að hrekja til fulls þá staðlausu stafi og hóflausu öfgar, sem kennt hefir í ummælum manna um þennan samning.

Ég kem þá að 7. gr. samningsins, sem hljóðar þannig:

Norskum fiskiskipum, sem ekki láta af hendi síld til söltunar í móðurskip eða annað erlent skip, og hafa gert samning yfir síldveiðatímabil við síldarverksmiðju á Íslandi, skal heimilt að búlka afla sinn og það, sem til útgerðarinnar þarf, á höfnunum á Siglufirði og Akureyri. Hlutaðeigandi hafnarstjórn skal fyrirfram tilkynnt, að slík búlkun fari fram, og skipið, sem í hlut á, skal, meðan á verkinu stendur, liggja við akkeri eða festar og hafa uppi nánar ákveðið merki.

Hér er um nýjan hlunnindi að ræða til handa norskum fiskiskipum. Því að enda þótt segja megi, að norsk veiðiskip hafi búlkað afla og útgerðarvörur á höfnum inni, þá hefir þó slíkt ekki verið heimilt að íslenzkum lögum. Ég hefi ekki orðið þess var, að þetta ákvæði hafi sætt neinni sérstakri mótspyrnu, og skal því ekki gera það að sérstöku umræðuefni.

8. gr. samningsins hljóðar þannig:

Norsk fiskiskip greiða afgreiðslugjald og vitagjald einungis þegar þau koma frá útlöndum.

Þessi gr. er í samræmi við íslenzk lög, og gildir því gegn Norðmönnum sem öðrum erlendum þjóðum, alveg jafnt hvort samningurinn verður gerður eða ekki.

9. gr. samningsins er á þessa leið:

Það telst ekki viðkoma í útlöndum, er síldveiðaskip hefir samband við annað skip utan landhelgi, ef hið síðarnefnda skipið hefir einnig greitt lögboðin gjöld á Íslandi á veiðitímanum, og hefir ekki síðar haft samband við útlönd eða við önnur skip, sem beint eða óbeint hafa haft samband við útlönd eftir að hin lögboðnu gjöld voru innt af hendi. Sýna ber skilríki fyrir þessu frá skipstjóra hins skipsins.

Hér er heldur ekki um nýmæli að ræða. Og enda þótt engin ákvæði séu í íslenzkri löggjöf, er að þessu lúta, þá hefir þessi venja löghelgazt í framkvæmdinni og mundi því gilda jafnt, hvort samningurinn yrði lögfestur eða ekki.

10. gr. samningsins er í samræmi við ísl. lög og hljóðar þannig:

Nú varpar skip akkerum utan löggiltra hafna, og greiðast þá ekki opinber gjöld, ef skipið hefir ekki samband við land.

Mér þykir ekki ástæða til að gera þessa grein að umræðuefni.

11. gr. samningsins er svo hljóðandi:

Norsk fiskiskip, sem leita neyðarhafnar á Íslandi, skulu aðeins greiða venjuleg gjöld fyrir tollskoðun og heilbrigðiseftirlit, og hafnsögumannsgjald og hafnargjöld o. þvl. aðeins ef um slík afnot er að ræða.

Hér er um mjög lítilvæga og sanngjarna tilslökun að ræða. Samkv. lögum greiða skip, sem leita nauðhafnar, ekki vitagjald. Gr. þessi mælir svo fyrir, að skipið skuli heldur ekki greiða afgreiðslugjöld. Sú tilslökun, sem hér er gerð, nær því eingöngu til afgreiðslugjalda. En í því sambandi er þó rétt að geta þess, að erlend fiskiskip greiða eingöngu einu sinni á ári afgreiðslugjald, og er líklegt, að a. m. k. oft þegar norsk skip leita nauðhafnar, þá myndu þau sæta sömu kjörum hvort sem samningurinn gilti eða ekki.

12. gr. samningsins hljóðar þannig:

Norsk fiskiskip, sem geta sannað, að þau hafi rekið inn í landhelgi vegna strauma og/eða storms, skulu ekki sæta

ákæru, ef það er ljóst af öllum atvikum, að þetta hafi ekki átt sér stað vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings, í þeim tilgangi að veiða eða verka aflann innan landhelgi, enda sé þessu kippt í lag svo fljótt sem auðið er.

Um þessa gr. vil ég fara nokkrum orðum, vegna þess að ég hefi orðið þess var, að ákvæði hennar vega þungt í hugum margra. En ég hygg, að þar gæti nokkurs misskilnings. Ég vil því fyrst vekja athygli á því, að svipuð ákvæði þessu hafa gilt hér á landi gegn enskum togurum, og ennfremur er hliðstætt ákvæði í kjöttollssamningnum frá 1924, þar sem því er slegið föstu, að ef norsk veiðiskip brjóta íslenzk lagaákvæði um að hafa ekki báta og veiðarfæri á þilfari þegar þau fara um landhelgi, þá verði löggjöfin framkvæmd þannig, að skipin verði ekki tekin þegar það er alveg ljóst af öllum atvikum, að bátar eru ekki hafðir á floti í þeim tilgangi að veiða eða verka veiði innan landhelgi. Þess skal ennfremur getið, að þegar slík kærumál hafa komið fyrir hæstarétt Íslands, þá hefir hæstiréttur æfinlega dæmt eftir þeirri meginreglu, sem lögð er til grundvallar í þessari gr., nefnilega að sýkna sakborning þegar það af öllum atvikum er ljóst, að ekki hafi verið um að ræða tilraun til lagabrots.

Hér er því ekki um neina raunverulega tilslökun að ræða, heldur einungis viðurkennt gagnvart Norðmönnum það, sem í fortíðinni hefir verið lög og réttur hér á landi. Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á það, að ég hefi heyrt menn bera nokkurn kvíðboga fyrir því, að þetta ákvæði geri landhelgisgæzluna erfiðari. En einnig það mun á miskilningi byggt. Því að eins og gr. ber með sér, þá hvílir sönnunarskylda á hinu viðkomandi norska fiskiskipi. Ef því skipherra varðskips telur, að það orki tvímælis, hvort skipstjóri á norsku fiskiskipi geti sannað, að skip hans hafi rekið inn í landhelgi vegna straums eða storms o. s. frv., þá ber honum vitanlega að kæra skipstjóra og láta íslenzka dómstóla skera úr um sekt hans eða sakleysi.

Vænti ég, að þetta nægi til þess að færa mönnum heim sanninn um það, að hér er ekki um nein hættuleg ákvæði að ræða og í raun og veru heldur engin nýmæli.

13. gr. er svo hljóðandi:

Ef norskt fiskiskip vill ekki greiða sekt, heldur óskar, að dómur gangi, skal skipinu þegar sleppt gegn geymslufjárgreiðslu, en ekki haldið þar til dómur fellur.

Þessi gr. er í samræmi við íslenzka réttlarvenju, og því ekkert nýmæli.

Ég hefi þá sagt frá aðalefni þessa samnings, bæði þeim fríðindum, er við Íslendingar höfum öðlazt með honum, og jafnframt frá því, hverju verði við höfum keypt þau fríðindi. Ég hefi persónulega litið svo á, að við höfum komizt að sæmilegum kaupum, og ég hefi ekki sannfærzt um hið gagnstæða við þær umr., sem hafa orðið um málið manna á meðal, né þær viðræður, er ég hefi átt við íslenzka útgerðarmenn, þá, er hér eiga sérstakra hunninda að gæta.

Almenningi til hliðsjónar og skilningsauka á því, hverju verði við höfum keypt hin nauðsynlegustu hlunnindi ísl. landbúnaði til framdráttar, vil ég gera samanburð á því, hverra réttinda Norðmenn mundu njóta hér á landi eftir að þessi samningur hefði verið lögfestur, og hinu, hverra réttinda þeir nutu hér á landi meðan kjöttollssamningurinn frá 1924 var í gildi. Og jafnframt vil ég þá leiða athygli að því og leggja áherzlu á, að sá samningur hefir frá öndverðu þótt svo hagstæður og svo órækur vottur um samningslægni þess manns, er hann gerði nefnilega sendiherra Sveins Björnssonar, að engar aðfinnslur hafa fyrr eða síðar komið fram af hendi Íslendinga. Og enginn alþm. hefir svo mikið sem hreyft þeim möguleika, að Ísland segði upp þeim samningi. Ef þess vegna þessi samningur, sem hér liggur fyrir, er Íslendingum eitthvað svipað því eins hagstæður, eins og samningurinn frá 1924 var, þá vænti ég þess, að þeir verði ekki margir, sem að athuguðu máli gerast til þess að ráðast á hann.

Það vill nú svo vel til, að samanburður þessara tveggja samninga, að því er snertir hlunnindi Norðmanna til fiskveiða hér á landi, er ákaflega auðveldur, af þeirri einföldu ástæðu, að nær öll þau sérhlunnindi, sem minnzt er á í þessum

samningi, höfðu Norðmenn öðlast þegar með samningnum frá 1924. Og enda þótt það skuli játað, að í þessum samningi er á sumum sviðum gengið lengra en í samningnum 1924, þá er hitt jafnframt víst, að á öðrum sviðum er gengið skemmra.

Ég skal nú í sem stytztu máli gera nánari samanburð á þessum samningum. Ég tilnefni þá fyrst þær greinar samningsins, sem eru óbreyttar frá því sem var 1924. Það eru 1. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr. og 13. gr. Um þessar gr. þarf ég því ekki að ræða.

Þá eru í 3., 4., 11. og 12. gr. þýðingarlítil fyrirmæli, sem ýmist hafa átt stoð í ísl. l. eða ísl. lagaframkvæmd allt frá 1924, og er því engin breyt. gerð á í þeim efnum.

Eftir eru þá 2., 5., 6. og 7. gr. samningsins, og má segja, að í ákvæðum þessara greina felist nokkrar breyt. frá því, sem verið hefir, og skeri úr um það, hvor samninganna, kjöttollssamningurinn frá 1924 eða þessi, sé hagstæðari Íslendingum. Um ákvæði 7. gr., þau að norskum síldveiðiskipum er heimilt að búlka afla og veiðarfæri á Siglufjarðar- og Akureyrarhöfn, tel ég ástæðulaust að ræða, því að enda þótt hér sé um ný fríðindi að ræða, þá eru þau ekki þýðingarmeiri en svo, að ekki hafa heyrzt nein andmæli gegn þeim. En hina auknu söluheimild Norðm., sem felst í 6. gr., hefi ég þegar skýrt allýtarlega í ræðu minni og nefni því eingöngu það, að með nýmæli hennar er sú söluheimild, sem Norðmenn samkv. fiskveiðalöggjöfinni hafa, hækkuð úr 100 þús. upp í 110 þús. tunnur, ef um reknetabáta er að ræða, en úr 140 þús. í 165 þús., ef um snurpinótaskip er að ræða, hvorttveggja miðað við, að 200 norsk skip stundi hér veiðar. Og er þá miðað við, að 50 skip öðlist aukin réttindi, þó telja verði sennilegt, að 25 skip séu hámark í þeim efnum. **En þetta tvennt, hin aukna söluheimild og heimild 7. gr.** til þess að búlka afla og útgerðarvörur á Siglufirði og Akureyri, **eru hin einustu nýmæli Norðmönnum til framdráttar,** sem þessi samningur færir með sér umfram það, sem þeir nutu samkv. samningnum frá 1924 og fiskveiðalöggjöfinni, að því viðbættu, ef taka þykir að nefna það, að þeir með 3. og 4. gr. samningsins fá með almennu ákvæði viðurkenndan rétt til þess að þurrka og bæta veiðarfæri á höfnum inni og í landi, í stað þess að þeir hafa áður gert þetta án þess að spyrja um leyfi, eða þeir hafa öðlazt leyfi ísl. stjórnarvalda þegar þeir báðu um það. **Hinsvegar draga ákvæði 5. gr. úr þeim réttindum, sem Norðmenn nutu hér til þess að nota báta sína á höfnum inni.** Og enda þótt sú skerðing skaði ekki Norðmenn, þá munu margir Íslendingar leggja nokkuð upp úr henni, þar sem með henni er gerð ýtarleg ráðstöfun til að fyrirbyggja, að þessi réttindi séu misnotuð í þágu landhelgisveiða. Og ennfremur er ákvæði 2. gr. mikil réttarskerðing frá því, sem var 1924, því að þá var nefnilega Krossanesverksmiðjunni heimilað að fullnægja **allri** sinni notaþörf með kaupum frá norskum skipum. En nú er henni ekki heimilað að kaupa nema 60% af notaþörfinni af erlendum skipum, eða m. ö. o. nær 60 þús. tunnum minna heldur en fyrri heimildin leyfði. Ég hygg því, að það sé sanni nær, **að a. m. k. orki tvímælis, hvor samningurinn er Íslendingum hagstæðari að því er snertir það endurgjald,** sem við höfum látið Norðmönnum í té fyrir þegin fríðindi.

Hitt má svo minna á, að samkv. samningnum frá 1924 þá lækkaði kjöttollurinn úr 63 aur. og niður í 38 aur. En samkv. hinum nýja samningi lækkar kjöttollurinn úr 57.08 aur. og niður í 20.36 aur. á kg., og verður því nær helmingi lægri en 1924. Af þessu sést, að ef hér væri allt greint, þá er bæði það, sem við höfum fengið, og það, sem við höfum látið, okkur fullkomlega eins hagstætt eins og ákvæði samningsins frá 1924. En þá er þess að gæta, sem raunar áður hefir verið á minnzt og mun vera ásteytingarsteinn í augum margra manna, að með þessum samningi öðlumst við ekki þessi lágu tollkjör nema fyrir takmarkað kjötmagn, en tolllækkunin gilti 1924 um allt ísl. kjöt. Og í þessu má þá segja, að felist mismunurinn á þessum samningum. En við það er þó rétt að athuga, að það er í fyrsta lagi ekki sjávarútvegsmanna að reka upp neyðaróp út af því ákvæði, heldur bændanna. Og í öðru lagi er það

svo, að þörf Íslendinga fyrir saltkjötsmarkað var a. m. k. á meðan á þessum samningum stóð ekki talin meiri en svo, að það magn, sem tolllækkunin nær til, mundi fullnægja henni. Og ennfremur vil ég benda á það, að vegna stöðugt vaxandi kjötframleiðslu Norðmanna sjálfra, telja þeir, sem bezt þekkja til, þ. á. m. meðnefndarmaður minn, Jón Árnason, framkvstj. í S. Í. S., að það sé a. m. k. hæpinn vinningur fyrir Íslendinga að flytja til Noregs meira kjötmagn en lágmarkstollurinn nær til, vegna þess að stærra magn muni sennilega orsaka verðfall á ísl. kjöti í Noregi. En til jafnvægis við þá hlunnindaskerðingu, sem í þessu ákvæði kann að felast, vil ég telja það fram, að auk þeirra ákveðnu hlunninda, sem Norðmönnum var heitið með kjöttollssamningnum frá 1924, þá var þeim ennfremur gefið það almenna loforð, að fiskveiðalöggjöfin skyldi gegn þeim verða „framvegis skýrð og framkvæmd með miklum velvilja". Og þetta almenna ákvæði um mikinn velvilja í skýringu og framkvæmd laganna hefir skapað Norðmönnum aðstöðu til að vera sí og æ kvartandi og vegna þess fyrirheits um mikinn velvilja í framkvæmd laganna hefir Norðmönnum verið sýnd mikil linkind, svo að þeir hafa í framkvæmdinni oft og einatt notið miklu meiri fríðinda en þessi samningur tilskilur. Enda er það svo, að þegar slík óákveðin og óskýrð velviljaheit eru gefin í samningum þjóða í milli, þá nýtur æfinlega stærri og sterkari aðilinn góðs af því.

Þessi samningur er aftur á móti skýr og ótvíræður. Hann losar Íslendinga undan heitinu um mikinn velvilja í framkvæmd laganna og það fullyrði ég óhikað, að sé mjög stórvægilegur kostur.

Að þessu athuguðu verð ég að líta svo á, **að þessi samningur, sem hér liggur fyrir, hljóti að vera aðgengilegur í augum þeirra manna, sem dást hafa að samningnum frá 1924, og að andstaðan gegn hinum nýja samningi hljóti að stafa ýmist af því, að menn hafi ekki gert sér fulla grein fyrir þessum staðreyndum eða þeir hinsvegar hafi ekki kært sig um að fara eftir staðreyndum í þessu máli.**

Ég finn ástæðu til að geta þess, að með þessum samanburði á þessum tveimur samningum er ég á engan hátt að gera lítið úr árangri af starfi Sveins Björnssonar sendiherra við kjöttollssamninginn 1924. Mér er það fyllilega ljóst, að sendiherrann vann þar eftir atvikum mjög glæsilegan sigur. Og mér þykir þá einnig réttlátt að geta þess, að við þessa samningagerð naut við ráða hans og þekkingar bæði meðan á samningum stóð hér í Rvík og eins eftir að þeir hófust í Noregi, og kom sendiherrann til Osló undir lok samninganna til að vera með í ráðagerðum áður en bundinn var endi á þá.

Ég get nú lokið skýringum mínum um þessa samninga með þeim ummælum, að ég sé ekki ástæðu til að rísa gegn þeim, nema ef það er tilgangurinn að leggja inn á alveg nýjar brautir í þessu efni á þann hátt að útiloka erlendar þjóðir frá því að selja afla sinn hér á landi. En slíkt mundi ef til vill hægt, ef það þætti hyggilegt, þó ekki með því að breyta ákvæðum fiskveiðalöggjafarinnar, heldur með nýrri tollalöggjöf, sem legði svo háa innflutningstolla á afla af erlendum skipum, að jafngilti innflutningsbanni. Það má með nokkrum rétti segja, að síðan þessi samningur var gerður, hafi þeir viðburðir gerst í verzlunar- og tollamálum nágrannaþjóðanna, að þeir gætu gefið Íslendingum tilefni til að leggja inn á nýjar brautir, og á ég þar aðallega við þau ákvæði Ottawasamningsins, sem takmarka innflutning á frosnu kjöti til Englands. Það er nú að vísu enn ekki víst, að hve miklu leyti þau ákvæði verði látin bitna á Íslendingum. En fullvíst er, að verði þeim framfylgt eftir bókstafnum, þá er það reiðarslag á ísl. landbúnað.

En hitt er þá líka jafnframt ljóst, að landbúnaðurinn fær ekki afborið það tvennt í senn, að missa markað fyrir fryst kjöt í Englandi og saltkjötsmarkaðinn í Noregi. En af því leiðir, að því fremur er þörf á vinsamlegum samningum við Norðmenn sem viðhorfið er daprara um hagstæða samninga við Englendinga.

Við hliðina á þessum hugleiðingum má náttúrlega einnig setja fram þá skoðun, að ef svo þungt er vegið að landbúnaðinum, að hann verði ekki sjálfbjarga, þá verði þörf þjóðarinnar því ríkari til þess að efla aðra atvinnuvegi lands-

manna. Og út frá þeim hugleiðingum getur mönnum dottið í hug sá möguleiki að grípa til tollaákvæða í því skyni að rýra svo sem auðið er aðstöðu erlendra fiskveiðamanna til samkeppni við ísl. sjávarútveg, ef það þá þykir líklegt, að sjávarútvegurinn með þeim hætti eflist svo mjög, að hann sé fær um að taka á sig þær auknu byrðar, sem óhjákvæmilega mundi leiða af því volæði, sem slíkar ráðstafanir mundu færa yfir landbúnaðinn vegna þeirra gagnráðstafana, sem aðrar þjóðir að sjálfsögðu myndu grípa til, og sem m. a. myndu eyðileggja markað fyrir ísl. kjöt. Ef sá er tilgangurinn, að leggja inn á þessar nýju brautir, sem ég fyrir mitt leyti a. m. k. að svo stöddu er ekki reiðubúinn til að aðhyllast, þá leiðir það af sjálfu sér, að við eigum ekki að samþ. þennan samning. Því að slíkar tollaákvarðanir upphefja náttúrlega gildi hans fyrir Norðmenn, og það væru því svik gagnvart þeim að samþ. fyrst samninginn og öðlast með því kröfu á hendur norska ríkissjóðnum um nær. 10 kr. endurgreiðslu á hverja kjöttunnu, er til Noregs er flutt, til þess svo á eftir að gera samninginn einskis virði með nýrri tollalöggjöf.

En hvort sem lagt verður inn á slíkar brautir eða ekki, þá verða menn að gera sér það ljóst, **að þessi samningur er málinu að öðru leyti óviðkomandi og skapar enga nýja þörf fyrir slíka innilokunartollalöggjöf, heldur er hann þá eingöngu eitt af þeim trjám, sem sú öxi er reidd að. Og höfuðtilgangur slíkra laga yrði þá eingöngu að vera sá, að stoppa í glufurnar á fiskveiðalöggjöfinni, þar sem ekki þætti fært að þrengja hana með öðrum ráðum.**

Áður en ég skil við málið þykir mér rétt að geta þess, að bæði norsku samningamennirnir og auk þess undantekningarlaust allir þeir menn, er við áttum viðtal við, og þá ekki síst þáverandi stjórnarforseti í Noregi, herra Hundseid, virtust bera hinn bezta hug til Íslendinga og hafa fullan skilning á því, að enda þótt þessar tvær þjóðir væru keppinautar á sviði fiskveiðanna, þá ættu þær svo margt sameiginlegt og væru um margt svo skyldar, að þeim bæri í hvívetna að líta með sanngirni á hagsmuni hvor annarar, og hvort sem þessi samningur er Íslendingum hagstæður eða óhagstæður — hann er að mínu vit hagstæður — þá er það öldungis víst, að eins og öll **málefni stóðu til,** þá var það **með öllu óhugsandi,** að hann **hefði náð samþykki Norðmanna, ef Norðmenn hefðu eingöngu lagt til grundvallar hagsmunasjónarmiðið,** og þá fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að sú stj., sem samninginn gerði, sat fyrst og fremst í skjóli og umboði þeirrar stéttar í Noregi, sem samningurinn gengur **út yfir. Og ég hika ekki við að fullyrða, að það sem réð úrslitum í þessu máli, var það, að norska ríkisstj. vildi umfram allt halda friði við Íslendinga, og að hún hafði það til að** ganga með opnum augum að því að taka á sig þá andúð og andstöðu, sem samningurinn mætti meðal norskra bænda, eingöngu af því, að hún mat meira sætt og velvilja við ísl. þjóðina heldur en þessi óþægindi.

Ég vil því mælast til þess, að hér á Alþingi sýni menn frændum okkar það verðskuldaða réttlæti, að þeir tali með hlýjum hug og viðurkenningu um þetta hugarfar þeirra, og það alveg jafnt hvort sem menn álíta, að samningurinn sé hagstæður okkur eða ekki.

Ég hefi nú orðið að verja öllum þeim tíma, sem minn flokkur hefir til umr. í kvöld til þess að leggja fram samninginn og skýra hann fyrir þingheimi, alveg án allrar ádeilu á einstaka menn eða flokka Ég er nú við því búinn að sæta árásum með öfgum og illdeilum, og er þá ekki ólíklegt, að ég svari fyrir mig á morgun, ef ég tel það þá þess vert.

**Héðinn Valdimarsson:** Útvarpsumr. hér á Alþ. eru aðallega vegna kjósendanna, til þess að þeir geti fylgzt með því, sem hér gerist. Það er nú svo um þetta mál eins og svo mörg önnur, að það er til lítils, sem sagt er hér á Alþ., ef engir heyra það aðrir en þm., því að þeir eru flestir svo flokksbundnir, að þeir taka ekki rökum, þegar þau koma frá andstæðingunum. Ég geri ráð fyrir, að í þessu samningsmáli séu flestir þm. stjórnarflokkanna svo bundnir við sína flokka, að þeir fari ekki að greiða atkv. á móti norsku samningunum. En kjós-

endurnir eiga þá eftir að dæma við næstu kosningar. Það hefði verið réttara að haga þessum útvarpsumr. á annan hátt en gert hefir verið, það hefði átt að haga þeim svo, að þeir, sem eru á móti þessu frv., fengju jafnlangan ræðutíma og þeir, sem eru með því, en þegar þetta hefir verið ákveðið, er ekki hægt að breyta því. — Þeir, sem á hlusta, munu taka eftir því, hversu náið samband er orðið á milli hinna tveggja stjórnarflokka, þegar forsrh., sem er úr Framsóknarflokknum, felur hv. þm. G.-K. að fara með þetta mál. Þar skilur ekkert á milli. Þeir, sem hafa fylgzt með upp á síðkastið, hafa tekið eftir því, að við fyrirspurn hér í þinginu um það, hvort hæstv. forsrh. myndi biðjast lausnar, ef stjskrárfrv., sem hann myndi leggja fram, yrði ekki samþ., svaraði hann því þannig, að það væri óvíst. Og þó var það sagt, þegar samsteypustj. var mynduð, að aðalhlutverk hennar ætti að vera það, að leysa stjórnarskrármálið. En þegar nú þetta frv. kemur fram, sem þrátt fyrir allar gyllingar hv. þm. G.-K. litur fyrst og fremst á hagsmuni Norðmanna, en ekki Íslendinga, þá segir hæstv. forsrh., að stj. hans muni fara frá völdum, ef það nær ekki fram að ganga — svo mikla áherzlu leggur hann á þetta mál.

Eftir öllum upplýsingum að dæma, er hér meiri hl. þingsins að ofurselja landið Norðmönnum fyrir það eitt að fá nokkra tolllækkun á ákveðinni og minnkandi tunnutölu af kjötútflutningnum til Noregs.

Ég ætla hér að vitna í skýrslu Sveins Björnssonar um kjöttollsmálið, sem gefin var út að tilhlutun stjórnarráðsins árið 1925. Í fylgiskjali I. skýrir hann fiskveiðalöggjöfina, og er þar ekki verið að telja mönnum trú um, eins og hv. þm. G.-K. gerir, að Íslendingar hafi ekki leyfi til að hafa nema takmarkaðan rétt til löggjafar í þessu efni. Þar segir svo:

„Það hefir frá ævagömlum tíma verið markmið fiskveiðalöggjafar Íslands að tryggja landsmönnum einkarétt til fiskveiða og fiskverkunar innan landhelgi. Þegar á 18. öld var brýnt fyrir mönnum að framfylgja stranglega ákvæðum þessum, og í tilskipun 12. febr. 1872 „um fiskiveiðar útlendra við Ísland", en sú tilskipun fól í sér aðalákvæðin um þetta efni, þar til gefin voru nýju fiskiveiðalögin 19. júní 1922, eru réttindi þessi undirstrikuð með því að taka skýrt fram bannið við því, að útlendir fiskimenn flytji afla sinn í land til þess að verka hann þar, sbr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Auk þessara ákvæða hafa smátt og smátt myndazt ýmsar lagareglur, sem aðallega eru ætlaðar til að varna lögbrotum, þar sem þær banna ýmiskonar verknað, sem í sjálfu sér gengur ekki á fiskveiðarétt landsmanna, en eru þess eðlis, að ef verknaðurinn væri leyfður, yrði ókleift að halda uppi raunhæfu eftirliti með verndun einkaréttar landsmanna til fiskveiða innan landhelgi".

„Réttmæti þessarar meginreglu hefir Bretland hið mikla ... viðurkennt, eftir samninga, sem stóðu árum saman, og eftir að Ísland um leið hafði viðurkennt brezku regluna um að landhelgin skyldi eigi ná lengra en 3 enskar mílur frá landi".

Þessum réttarreglum, sem skapazt hafa á mjög löngu tímabili og sumpart með alþjóðasamningum, hafa fiskveiðalögin íslenzku frá 1922 í rauninni ekki breytt í verulegum atriðum; þessi lög eru aðallega samantekning (codification) ákvæða þeirra, er áður giltu; og áður hafa eigi þeir útlendingar, er fiskveiðar stunda, hvorki Norðmenn né aðrir, fundið ástæðu til þess, hvorki að hafa á móti réttmæti þeirra frá eðlilegu sjónarmiði eða sjónarmiði þjóðarréttar — að undanteknum kvörtunum fárra manna um fyrirlagið að hafa nótabátana á þilfari — né til þess að bera fram óskir um að Ísland takmarkaði fiskveiðarétt borgara sinna, sem eru þeim lífsskilyrði, til hagsmuna fyrir útlendinga. Því verður þó ekki neitað, að í einstöku atriðum hafa fiskveiðalögin sett ákvæði, sem ekki voru áður, þ. e. aðallega þessi: Í fyrsta lagi ákvæði, sem fyrst var hægt að setja, er Ísland hafði fengið sína eigin löggjöf um ríkisborgararétt (sbr. l. um ísl. ríkisborgararétt 6. okt. 1919) að íslenzkir ríkisborgarar einir hefðu rétt til fiskveiða innan landhelgi, en réttur þessi var áður bundinn við óákveðna hugtakið „þegn". Í 2. lagi, að tekið var úr norsku lögunum um Finnmerkurveiðarnar gildandi ákvæði þeirra

l. um takmörkun á rétti útlendra skipa til að hafa bækistöð innan landhelgi".

Síðan segir Sveinn Björnsson, að gömlu ákvæðunum hafi að vísu ekki alltaf verið framfylgt nákvæmlega, en þrátt fyrir það hafa Íslendingar alltaf gætt réttar síns.

Þá getur hann um umkvartanir Norðmanna, þær er hv. þm. G.-K. minntist á, vegna bannsins gegn verkun á veiði innan landhelgi og annara takmarkana, og sýnir fram á, að slíkar kvartanir séu á litlum rökum byggðar.

En að endingu segir svo Sveinn Björnsson:

„Þegar Íslendingar íhuga tilslakanir um framkvæmd fiskveiðalaganna, er ákaflega nauðsynlegt að beina athyglinni að því, að, eins og samningum Íslands við önnur ríki er skipað, njóta öll önnur lönd sjálfkrafa ívilnana, sem veittar eru einhverju landi, enda þótt hitt landið framfylgi ákvæðum, sem strangari eru".

Er rétt fyrir hv. hlustendur að athuga það, að þau réttindi, sem við veitum Norðmönnum með þessum samningum, hljóta líka að fylgja samskonar samningum okkar við aðrar þjóðir.

Fiskveiðal. eru mjög ákveðin í þessu efni. Þar segir svo:

„1. gr. Fiskveiðar í landhelgi við Ísland mega íslenzkir ríkisborgarar einir reka, og má aðeins hafa íslenzka báta eða skip til veiðanna.

2. gr. Erlendir fiskimenn, er reka kynnu fiskveiðar utan landhelgi, mega leita skjóls við strendurnar, til þess að bjarga sér undan stormi og óveðri. Annars er bannað útlendingum að hafast við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskveiðar utan landhelgi. — Það er og bannað erlendum skipum að verka veiði í landhelgi eða á höfnum inni; enn er bannað öllum öðrum en íslenzkum ríkisborgurum að flytja veiði sína í landhelgi eða á land, til þess að verka hana. —"

Í 9. gr. er getið um, að eigendur síldarolíuverksmiðja geti fengið leyfi til að nota erlend skip til þess að fiska fyrir þessar verksmiðjur til eigin nota, en í leyfinu skuli taka fram, að það heimili ekki erlendum skipum fiskveiðar eða fiskverkun í landhelgi og að leyfið falli burt, ef skilyrði þess séu ekki haldin í öllum greinum.

Með kjöttollshækkuninni 1922 fór kjöttollurinn úr 10 aur. á kg. upp í 25 aur., og hækkaði síðan smám saman, þangað til samningar tókust við Noreg 1924. Hv. þm. G.-K. ber saman þessa tvo samninga. En þeir eru í rauninni ekki sambærilegir. Þessir samningar eru milli tveggja ríkja og undirskrifaðir af þeim báðum, en samningarnir 1924 voru ekki annað en sjálfstæð stjórnarráðstöfun hvers ríkis fyrir sig.

Í bréfi Sveins Björnssonar til Rye-Holmboe ríkisráðs, bls. 41 í kjöttollsbæklingnum, er getið um þau samkomulagsatriði, er Íslendingar myndu fallast á. Þar stendur:

„1. Þær fiskveiðastöðvar Norðmanna, sem nú eru, er heimilt að reka áfram, á meðan væntanlegt samkomulag um tollækkunina helzt, en það sé uppsegjanlegt af beggja hálfu með hæfilegum uppsagnarfresti.

2. a) Lofað er samræmri meðferð um skipagjöld í ríkissjóð á mismunandi höfnum á Íslandi.

b) Afgreiðslugjald greiðist ekki fyrir að varpa akkerum innan landhelgi, ef ekki er haft samband við land.

c) Þegar leitað er neyðarhafnar greiðist ekki fullt afgreiðslugjald.

3. Heimilt sé að nota síldarbátana til flutnings á höfnum.

4. Ef skip, sem tekið hefir verið fast, gengur ekki að sektarálagi, en óskar að dómur gangi, getur skipið losnað strax úr haldi, gegn geymslufjárgreiðslu, í stað þess, að það sé haft í haldi unz dómur fellur".

Niðurlagið er þetta:

„Að lokum leyfi ég mér að taka það fram, eins og ég hefi þegar gert í viðtölum mínum við herra statsráðið, að Íslendingar geta ekki gert tilslakanir, sem teljast ósamrímanlegar þeim undirstöðuatriðum, sem nauðsynlega verður að halda fast við, þ. e., að landhelgin verði ekki, hvorki beint né óbeint, notuð til stuðnings fiskveiðum útlendinga. Í þessu sambandi ber einnig að hafa fyrir augum, að tilslakanir, sem veittar eru einni þjóð, koma um leið sjálfkrafa til góða sérhverri annari þjóð, sem beztu kjara nýtur".

Eftir þessu samkomulagi er hvergi leyft að leggja á land til söltunar. Er aðeins leyft að reka áfram fiskstöðvar, en hvergi getið um síldarolíuverksmiðjur. Er þar heldur ekkert kaupaleyfi fyrir síldarolíuverksmiðjur af erlendum skipum.

Ég vil aðeins tala lauslega um málið fram að þeim tíma, er samningarnir eru gerðir. 11. febr. 1932 segir norska stj. upp kjöttollssamningnum við okkur. Utanríkismn. ber þá fram þál. um að segja upp samningum okkar við Norðm. í júní 1932. Þetta er þó dregið í heilan mánuð og ekki gert fyrr en 8. júlí 1932. Ég get þess hér, að þegar hæstv. forsrh. var í Oslo, þá var ætlazt til þess, að hann segði upp samningunum við Norðmenn, en það lá við sjálft, að hann gerði það ekki. Verður þetta að teljast mjög undarlegt. Það er ekki venja, að eitt ríki geri neitt fyrir annað án þess að eitthvað komi á móti. En þó að samningunum sé sagt upp frá 1. júlí af Norðmanna hálfu, lofar forsrh., að kjör norskra fiskveiðamanna skuli haldast óbreytt yfir síldveiðitímann. Þessu er framfylgt hér og landhelgigæzlan rekin eins og áður. Málið er dregið fram í byrjun sláturtíðarinnar, til þess að láta Norðmenn hafa sem bezta aðstöðu gegn Íslendingum. Verður þetta að teljast frámunalega óheppileg og óskynsamleg aðferð. Átti forsrh. að geta séð það í Osló, að meiningin með þessu var engin önnur en sú, að draga hann á eyrunum. Hefði það verið rétt aðferð, þegar samningarnir féllu niður 1. júlí, að Íslendingar svöruðu með fyllstu framkvæmd fiskveiðal. og með því að haga landhelgigæzlunni eins og verið myndi hafa í öðrum tilfellum.

Um haustið varð svo samkomulag í málinu, og vil ég fara nokkrum orðum um það nú í útvarpsumr., ekki sízt af því að hv. þm. G.-K. hefir ritað um það grein í eitt blað hér, sem ég hefi ekki svarað.

Samningamenn höfðu lofað að halda samningunum leyndum og ætluðust til þess að við utanrmn., að hún héldi þeim líka leyndum. Samningamenn höfðu aðeins umboð frá stj., og gat það ekki bundið mig sem fulltrúa andstæðs stjórnmálaflokks. Það var heldur ekki af hagsmunum Íslands, að þessu var haldið leyndu, heldur aðeins af pólitískum hagsmunum hv. þm. G.-K., og gátu engir aðrir haft tjón af því, að skýrt væri frá samningunum. Ef einhverjir vilja halda því fram, að það gæti verið skaðlegt samningum okkar við Englendinga, þá má benda á það, sem allir vita, að ef Englendingar héldu, að Norðmönnum yrðu veitt hlunnindi umfram þá, myndu þeir strax segja upp samningum við okkur, þangað til þeir fengju sömu hlunnindi.

Þegar ég sá, að samningarnir voru ekki birtir þrátt fyrir loforð forsrh. um að birta þá strax í þingbyrjun, þá ákvað ég að birta þá, enda samþykkti flokksstjórn mín það í einu hljóði. Þess skal getið, að ekki var farið svona dult með þessa samninga í útlöndum, heldur voru þeir á vitorði norskra útgerðarmanna og jafnvel sænskra síldarkaupenda, enda komu hingað fréttir af þeim.

Undir eins og litið er á samninginn, sést, hver þar hefir ráðið mestu. Það er verið að tala um fiskveiðahagsmuni Norðmanna á Íslandi, líkt og talað er um „hagsmuni“ þeirra á Grænlandi, en það er ekki verið að tala um hagsmuni Íslendinga eða íslenzkra bænda í Noregi.

Grg. stj. fyrir frv. er hlutdræg og gengur út á það eitt að afsaka þessa samninga. Hér verður að taka tillit til þess, sem jafnan vegur mest í samningum þjóða á milli, en það er viðskiptaveltan milli þeirra.

Viðskiptaveltan milli Íslands og Noregs hefir undanfarin 10 ár verið eins og sjá má af eftirfylgjandi tölum:

| | Innfl. frá Noregi. | Útflutt til Noregs. |
|---|---|---|
| 1923 ..... | 5865000 | 6037000 |
| 1924 ..... | 9482000 | 9362000 |
| 1929 ..... | 8902000 | 5327000 |
| 1930 ..... | 7740600 | 4937000 |

Við innflutningsliðinn má í rauninni bæta 2—3 millj. kr., sem við greiðum Norðmönnum í farmgjöld, og er hann þá orðinn 10—11 millj. kr. 1930, gegn tæpum 5 milljónum, sem útflutningur okkar til Noregs nemur. Sést af þessu, hversu miklu betri aðstaðan er nú, þegar þessir samningar eru gerðir, en 1923—24. Hefði mátt ætla, að nefndarmenn hefðu komið

með því glæsilegri samninga sem viðskiptavelta okkar gagnvart Norðmönnum er hagstæðari en þá. Aðrar þjóðir myndu í okkar sporum hafa heimtað af Norðmönnum betri og tryggari markaði, afnám fiskiveiðahlunninda, er þeir nutu. o. s. frv. Ef menn hugsa sér, að Norðmenn hefðu ekki gengið að slíku, þá held ég, að ekki hefði verið mikið í hættunni, þótt við hefðum lent í viðskiptadeilu við þá. Við hefðum aðeins tapað þessum óverulega kjötmarkaði, og það hefðum við vel getað borið. Og þetta tap hefði margsinnis unnizt upp á bættum hagsmunum okkar á Norðurlandi við síldveiðarnar.

Hv. þm. Str. bar fram frv. 1924, þess efnis að leggja út í viðskiptadeilu við Norðmenn. Þetta væri alveg eins hægt nú.

Íslendingar ættu að hafa þá stefnu að taka undir sig alla síldveiði hér við land. En nú stunda hér 150—200 norsk skip síldveiði á sumri hverju. Atvinnuþörf er hér næg, enda hafa Íslendingar líka bezta aðstöðu til að reka þessa veiði hér. Í kjöttollsskýrslunni sést álit Norðmanna á þessu, þar sem verzlunarráðh. lýsir yfir því, að ef Norðmenn fái ekki sérréttindi hér, þá sé lokið síldveiðum þeirra við Ísland. Gagnvart verksmiðjunum ætti að halda þeirri stefnu, að þær mættu aðeins verzla við íslenzk skip, hvort sem þær eru norsk eða íslenzk eign. Myndi það sýna sig, að ef Norðmenn gætu ekki farið hingað með síld til bræðslu og söltunar, þá yrði reksturinn af dýr fyrir þá.

Hv. frummælandi gat um það, hvernig útflutningurinn til Noregs á íslenzku sauðakjöti minnkaði smám saman, samkv. samningnum., þangað til hann væri kominn ofan í 6000 tunnur 1938. En hann gat þess ekki, á hvern hátt ætlazt væri til, að tollmismunurinn fyrir síðastl. ár væri endurgreiddur. Held ég, að þetta ákvæði hafi verið sett inn í samninginn að undirlagi hv. þm. G.-K., til þess að þvinga þingið til að ganga að honum, þar sem tollurinn fæst aðeins endurgreiddur, ef þessir ókjarasamningar verða samþ. af Íslendingum. Er óþarfi að fara mörgum orðum um þessa hlið samningsins. Hún gerir ekki annað en að tryggja það, að minna kjöt verði framvegis selt héðan til Noregs og gerir m. a. s. engar ráðstafanir hvað verðið snertir. Ef um það væri að ræða, að norska stj. keypti ákveðna tunnutölu af okkur árlega, þá væri meining í samningnum, en nú er hann ekkert annað en niðurskurður á rétti Íslendinga frá því, sem áður var.

Hv. frsm. minntist ekkert á 1. gr. þess hluta samningsins, sem að fiskiveiðunum lýtur. Þar er Krossaness- og Raufarhafnarverksmiðjunum leyft að starfa óhindrað. En þegar samningarnir frá 1924 eru niður fallnir, þá höfðu þessar verksmiðjur engan rétt framar til starfsemi hér. Önnur þessara verksmiðja, sú á Raufhöfn, hefir tvisvar farið á höfuðið, og hafa Íslendingar tapað við það í bæði sinnin, en viðskiptamaður hennar í Bergen fengið sitt. Krossanessverksmiðjan lenti í síldarmálahneykslinu hér á árunum, eins og kunnugt er, og braut lög á ísl. verkalýð. Það eru auðvitað sérstök hlunnindi fyrir Norðmenn að mega reka hér áfram þessar verksmiðjur, sem í raun og veru hafa ekki leyfi til að starfa hér á landi.

Þá er 2. gr. samningsins, sem gefur þessum verksmiðjum heimild til að gera samninga um kaup af eins mörgum erlendum skipum og þeim sýnist, þó ekki yfir 60% af öllu bræðslumagninu. Þessir verksmiðjustjórar mundu þá geta samið fyrst og fremst við norsk skip, og í öðru lagi við öll skip, sem hér stunduðu veiðar. Þessi réttur fyrir þessa 2 einstaklinga er svo mikils virði, að ég efast ekki um, að þeir gætu bókstaflega verzlað með slík leyfi til norskra veiðiskipa. Hv. þm. G.-K. vildi draga úr því, hve miklu þetta mundi nema, og hvað það rýrði mikið fiskiveiðar Íslendinga. Hann var að geta upp á því, að það væri fá skip, sem þetta mundi taka til, en hann er svo kunnugur þessum málum, að hann veit vel, að þótt þessi skip gerðu samning um að selja í bræðslu um síldveiðitímabilið, þá þyrftu þau ekki að láta síldina ganga til verksmiðjanna nema að litlu leyti, heldur gætu þau haft það þannig að veiða í lestaskip og notað síðan umframframleiðsluna til þess að selja fyrir lágt verð til söltunar í landi, þar sem bræðslusamningurinn gefur skipinu um leið söltunarleyfi. Með þessari gr. er m. ö. o.

tryggður grundvöllurinn undir síldveiðar Norðmanna hér við land, sá grundvöllur, sem þá hefir lengi langað til að fá. Það er erfitt fyrir þá að láta veiðina bera sig, nema að hafa íhlaup hingað til lands. Þessi gr. hjálpar þeim ekki aðeins til þess að auka íhlaup til verksmiðjunnar, heldur alveg eins og norsku verksmiðjustjórarnir vilja; og þeir fá auk þess réttindi til að selja síld í landi til söltunar. Það er a. m. k. auðséð, að Íslendingar græða ekki á þessari grein, heldur fyrst og fremst verksmiðjueigendurnir norsku. Það er hægt að segja, að verksmiðjueigandinn á Hesteyri græði á þessu, og með slíkum samningi sem þessum takist honum að lækka kaupið á togurum sínum. En fyrir íslenzka sjómenn er það atvinnumissir og fyrir útgerðarmenn er það tekjurýrnun, því þeir geta ekki gert eins mikið út, og eins hlýtur verð á íslenzkri síld að lækka.

Þá er í 2. gr. samningsins leyfi til að gera við veiðarfæri í landi á Akureyri og á Siglufirði, en þetta hefir ekki verið leyft áður. Þetta er því í fyrsta sinn, sem farið er fram á að leyfa erlendum skipverjum og netagerðarmönnum að nota landið til eigin hagsmuna.

En þótt það sé e. t. v. ekki stórt atriði, er það þó það, sem nægir til þess að sýna Norðmönnum a. m. k., hvað hægt er að komast langt hér, og að hagsmunasvæði þeirra í norðurhöfum getur verið við fleiri lönd bundið en Grænland eitt.

Í 6. gr. samningsins er norskum fiskiskipum, sem veiða í lestaskip, heimilað að setja í land til söltunar 500 tunnur hverju reknetaskipi, en 700 tunnur hverju snurpinótaskipi. Nú vildi hv. þm. G.-K. halda því fram, að fyrst og fremst hefðu þeir í raun og veru haft þessa heimild, en ég mótmæli því algerlega, að nokkur bókstafur sé fyrir því nokkursstaðar, að þessi heimild sé til. Ef gætt er í fiskiveiðalögin, þá er þessi heimild ekki til þar, og það hefir sýnt sig á ákveðinn hátt, sem hv. þm. G.-K. veit vel um, að Norðmenn mótmæltu ekki þegar þessi heimild var tekin af þeim, þegar síldareinkasalan var sett á fót. Á þennan hátt er þeim tryggt, að þeir geti látið í land síld, sem þeir samkv. ísl. lögum hafa ekki haft rétt til áður.

Þá sagði hv. þm. G.-K., að þetta væri bundið við þau skip, sem ekki afhentu síld í móðurskip. Þetta er auðvitað með ráði gert, því að á þennan hátt nær þetta ekki til Norðmanna, sem ekki nota slík skip, heldur er það til þess að útiloka Svía og Finna, en Norðmenn halda öllum sínum fyllstu réttindum raunverulega.

Þá kemur að síðari hluta 6. gr., sem sýnir, hvers vegna Norðmenn hafa lagt svo mikla áherzlu á 2. gr. samningsins, að þeir vildu hætta verzlun við verksmiðjurnar. Það er, að norsk fiskiskip, sem uppfylla þetta skilyrði og hafa gert samning yfir síldveiðitímabilið við síldarverksmiðjur, fá síðan heimild til að setja upp 700 tunnur hvert reknetaskip og 1200 tunnur hvert snurpinótaskip.

Eins og ég skýrði frá áðan, þá þurfa norsk veiðiskip ekki annað en samþykki verksmiðjustjóranna á Krossanesi og á Raufarhöfn til þess að smeygja sér undir þetta ákvæði. Að þau afhendi ekki síld í móðurskip og að þau geri að forminu til samning við verksmiðjustjórana. Ef þessi söluheimild verður torvelduð á nokkurn hátt, þá hafa Norðmenn sérstök réttindi til að segja upp samningnum með 3 mán. fyrirvara, hvenær sem þeir vilja og verst gegnir fyrir Íslendinga. Það á ekki úr að aka með þann rétt, sem verksmiðjustjórarnir eiga að hafa sem umboðsmenn Norðmanna hér á landi. Þeir eru einskonar landsstjórar yfir hagsmunasvæði Norðmanna hér á Íslandi, því að jafnvel í 17. gr. er talað um, að norsk fiskiskip, sem hafa gert slíkan samning við síldarverksmiðju, skuli hafa heimild til að búlka afla inn á höfnum. Það eru enn ein ný réttindi, og menn geta vitað, að með því eftirliti, sem hefir verið við Norðurland, hafist þeir fleira að en að búlka aflann.

Þessi atriði, sem ég hefi talið hér upp, eru svo mikils verði fyrir Norðmenn, að ég tel það víst að þeir mundu hafa viljað eftir nokkurn umhugsunartíma láta mikið í sölurnar til að fá þau, en þau eru aftur á móti svo mikils virði fyrir sjómenn og útgerðarmenn hér, að þau hefði ekki átt að láta fyrir neitt. Á þennan hátt eru Norðmönnum veitt hlunnindi, þau sömu og Íslendingum sjálfum

að miklu leyti, til þess að nota landið og verksmiðjur þess, samfara því, sem þeir geta notið veiðinnar utan landhelgi eins og verið hefir, og þeirra sérstöku kjara, sem þeir hafa þar. Afleiðingin verður sú, að það, sem hingað flyzt af síld, verður selt með lægra verði. Hér geta orðið nógir menn sem leppar Norðmanna. Fyrir Sunnlendinga verður erfiðari aðstaða en Norðlendinga, þar sem þeir hafa ekki vísa verksmiðju til að leita til aðra en ríkisverksmiðjuna, sem allir hrúgast að, og hætt er við, að veiðiskip héðan, sem annars færu á síld, mundu ekki geta gert fyrirfram samning og yrðu af því sennilega útilokuð frá þessum veiðum.

Í 12. gr. samningsins er atriði, sem hv. þm. G.-K. veit vel um, hvað gildir, sem sé að norskum fiskiskipum, sem geta sannað, að þau hafi rekið inn í landhelgina sökum storms og strauma, skuli sleppt. Þetta er eitt af þeim ákvæðum, sem gerir landhelgisgæzluna miklum mun torveldari en hún er. Ég veit, að hv. þm. gæti fengið álit yfirmanna á varðskipunum um þetta. Þeir hafa skýrt frá, að af þeim Norðmönnum, sem hafa verið sektaðir fyrir ólöglegar veiðar, þá sé það næstum hver einasti, sem kenni því um, að þá hafi rekið inn í landhelgina, og þó það væri hægt að taka gilt í einstökum tilfellum, þegar það er gersamlega augsýnilegt, þá nær ekki nokkurri átt að skuldbinda sig gagnvart einni þjóð í þessu efni, hvernig sem á stendur og slengja sönnunarskyldunni yfir á íslenzku varðskipin um að þá hafi ekki rekið inn í landhelgina. Þetta verður til þess, að í hvert einasta skipti, sem norskt skip er tekið fyrir ólöglegar veiðar, þá verður þessu ákvæði veifað og Norðmenn heimta, að málið verði tekið upp.

Ég hefi nú tekið fram að mestu leyti þau atriði, sem hefir verið fundið að í þessum samningi, en ég hefi ekki tíma til þess að snúa mér að sumum atriðum, sem komu fram í ræðu hv. þm. G.-K., en ég vil aðeins taka hér saman stuttlega það, sem ég hefi um þetta sagt, að það er engin heimild til í gildandi ísl. lögum um það, að útlendingar megi selja hingað síld á þann hátt, sem leyft var norskum skipum eftir samningunum frá 1924, og ríkinu er hægt að banna þetta á ýmsan hátt. Það er hægt að hafa einkasölu án þess að nokkur geti skipt sér af. Það var því engin nauðsyn að láta útlendinga komast á það, að setja síld hingað á land, hvað þá heldur að auka þá ólöglegu heimild með þessum nýja samningi. Nú er það öllum kunnugt, hvernig norsku ríkisstjórnirnar hafa litið til ýmissa landa í norðurhöfum, hvernig þær hafa náð tangarhaldi á Spitsbergen, Franz-Jósefslandi og Grænlandi, og við þekkjum úr okkar eigin sögu, hvað þeir reyndu til að ná Íslandi á sitt vald á sínum tíma. Það er ekki laust við, að manni sýnist, að þeir, sem tala svo fast fyrir þessu hér, séu erindrekar þessarar stefnu. Hvar eru nú „sjálfstæðismenn", þegar einn aðalmaður þeirra talar fyrir þessu máli? Og það er einmitt sá þm., sem ætti að vera verjandi smáútgerðarinnar, sem kjósendur hans eiga afkomu sína undir.

Ég vil beina þeirri fyrirspurn til þeirra hv. þm., sem ætla að ljá þessum samningi atkvæði sitt, hvað þeir hugsi, að aðrar þjóðir muni heimta af okkur Íslendingum í samningum, þegar sú þjóð, sem við stöndum bezt að vígi við, heimtar þau kjör, að taka svo að segja síldarútveginn af okkur? Hvað ætli Bretar geti heimtað af okkur? Hvað ætli Spánverjar heimti? Hvað ætli verði eftir af landinu og auðlindum þess, þegar allar þjóðir eru búnar að fá sinn rétt á þann hátt, sem hv. þm. G.-K. vill láta Norðmenn fá?

Ég vænti þess, að þeir kjósendur, sem hlusta um land allt og ekki eru bundnir sömu flokksböndum og hv. þm., þori að halda fram rétti Íslands og leyfi ekki einstökum mönnum að selja landið, heldur hagnýti gæði þess handa sjálfum sér eftir beztu föngum.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég ætla að segja hér nokkur orð í tilefni af ávítum hv. 2. þm. Reykv. til stjórnarinnar. Hv. þm. sagði að vísu, að hér mundu flestir þm. svo flokksbundnir, að þeir mundu ekki taka neinum rökum. Hann má frómt úr flokki tala. Hann hefir búizt við, að kjósendur úti um land væru ekki svo flokksbundnir, að það mætti draga einhverja

þeirra yfir í þann flokk, sem hann er í, en ég vil leyfa mér að efast um, að það hafi tekizt með þeim rökum, sem hann hafði fram að færa.

Hv. þm. hefir spurt um það, hvort stj. gerði stjórnarskrármálið að fráfararatriði, ef það verður fellt. Ég býst við, að þetta sé eitt höfuðatriði þessa máls og margra annara, hvort ekki sé hægt með einhverju mögulegu móti að láta stjórnina segja af sér. Þetta eru skýringar á ýmsum fullyrðingum, sem hv. þm. hefir borið fram. Það er rétt, sem hv. þm. hefir eftir mér úr einkasamtali, að ég hafi sagt, án þess að hafa leitað eftir, í hvað mikilli alvöru hafi verið talað(HV: Það var ekki einkasamtal). Jú, það var einkasamtal inni í ráðherraherbergi, en mig gildir einu, hvort það var einkasamtal eða ekki. Ég sagðist hugsa, að á bak við þá samninga, sem ég hefi tekið að mér að flytja hér á Alþingi, og norska stjórnin tekið að sér gagnvart norska Stórþinginu, lægju þær skoðanir, að við hefðum þegar notið stórra hlunninda vegna þeirra, og það er ekki hægt að eiga samtal við erlenda stjórn um stóra hluti eins og þessa samninga, án þess að því fylgi nokkur ábyrgð að flytja þá í sínu landi.

Hv. þm. las upp úr grg. Sveins Björnssonar sendiherra nokkur ummæli um fiskiveiðalöggjöf okkar. Það hefði mátt lána honum plögg úr skjölum nefndarinnar, sem starfaði nú á síðasta ári, því að það eru nákvæmlega sömu hugsanirnar, skýringarnar og grundvallaratriðin og í fiskiveiðalöggjöfinni, en honum láðist bara að geta þess, að þeir, sem þessar greinargerðir sömdu, sömdu og fiskiveiðalögin sjálf, en Jón Krabbe, sem var aðalmaðurinn, hann taldi einmitt, að fiskiveiðalöggjöfin gæti ekki alveg útilokað alla aflasölu hingað til lands. Það, sem allt veltur á í þessu efni, er í 3. gr. frv. Þar stendur, að skip megi ekki hafast við í landhelgi, og það er áreiðanlegt, að þetta hefir jafnan verið skýrt svo, að skipin megi ekki selja nema einn túr í einu. Þetta er skýrt gagnvart togurum og síldveiðaskipum. Vegna síldveiðiskipanna hefir þetta verið skýrt svo, að þau mættu ekki öll selja meira en 500—700 tunnur í einu, og einmitt 1924, með samningunum, sem þá voru gerðir, var þetta staðfest vegna Norðmanna, og það var eitt af því, sem stóð á bak við þá samninga, sem hv. þm. vitnaði í. En það var rangt hjá hv. þm., að þessi réttur hafi verið tekinn af Norðmönnum þegar síldareinkasalan var sett á stofn. Það var enginn réttur tekinn af Norðmönnum, sem seldu í land. Þeir máttu setja í land hvað sem þeir vildu, en þeir urðu bara að selja síldareinkasölunni. (HV: Þeir þurftu söltunarleyfi). Jú, vitanlega, og þeim leyfum voru ekki sett nein takmörk með því, og principielt hefir þessi réttur aldrei verið af Norðmönnum tekinn, og almenningi er kunnugt um, að þessi réttur hefir þráfaldlega verið notaður af erlendum skipum og til þessa tíma af norskum línuveiðurum, sem hafa selt með góðu samþykki allra jafnaðarmanna talsverðan fisk, og hefir stundum verið talið, að atvinnubætur væru að því. En þegar fulltrúi jafnaðarmannaflokksins hér á þingi túlkar erlenda fiskiveiðalöggjöf, þá má benda honum á, að hv. sessunautur hans, sem var að hvísla einhverju í eyra hans, hefir eitthvað talað um, að atvinnubætur væru að því fyrir verkamenn, að fleiri útlendingum væri hleypt inn í landið. Það hefir jafnan verið skoðun jafnaðarmanna, að þessi einokun á íslenzkri framleiðslu væri óþolandi fyrir hina vinnandi stétt í landinu. Annaðhvort hafa þeir ekki haft rétt fyrir sér áður, eða þeir eru farnir að halda fram skoðunum auðvaldsins í landinu, þegar hv. þm. G.-K. hefir brugðizt. En sennilega mun þó hitt vera, að hv þm. G.-K. hafi sömu aðstöðu um þessa hluti og áður. Hann hefir haldið því fram, að fiskiveiðalögin ætti að framkvæma eins strangt og hægt er gagnvart öðrum þjóðum. En fyrir því geta verið takmörk sett, og við getum spillt fyrir okkur með því að framfylgja þeim svo ósanngjarnlega, að slíkt þekkist ekki nokkursstaðar í heiminum annarsstaðar. Það getur líka verið skilyrði fyrir gæfu og gengi að kunna sér hóf um framkvæmd ákvæða gagnvart öðrum þjóðum.

Það hefir jafnan verið svo í okkar landi, að einmitt þessi réttindi, sem eru og voru samkv. fiskveiðalöggjöfinni, hafa verið opin fyrir öllum jafnréttháum þjóðum. En það er eins og nú í sam-

bandi við þessa samninga gægist upp ýmsar aths., sem hefðu verið eins réttmætar í fyrra eða fyrir 10 árum, en það er eins og nú fyrst sé farið að tala um og reyna að telja mönnum trú um, að nú sé sköpuð glufa, sem þó alltaf hefir verið til. Ég leyfi mér að fullyrða, að þegar stj. var falið að hefja samningaumleitanir við Norðmenn, ef þess yrði gefinn kostur, þá hafi enginn þm. gert sér vonir um, að hægt væri að loka nokkru sundi fyrir þeim, heldur yrði að opna eitthvað.

Sá eini þm., sem hefir látið í ljós, að uppsögn á samningnum við Norðmenn væri kannske fullströng, hann var úr jafnaðarmannaflokknum. Það kemur því úr hörðustu átt að áfella mig fyrir að hafa látið dragast að segja upp verzlunar- og siglinga samningnum við Noreg. Ástæðan til þess var sú, að tilgangur stj. og þeirra manna, sem hún í samráði við afréð þetta, var sá, að reyna að fá bráðabirgðasamninga við Noreg og þannig vinna tíma til þess að geta gengið til samninga á næsta ári, svo að þeir yrðu fullgerðir fyrir þetta þing.

Ég lagði fram um mánaðamótin júní og júlí tilboð um að fá áður gildandi kjöttoll lækkaðan um ⅓ og að það gilti sem bráðabirgðasamningur þangað til tekið yrði til yfirvegunar allt viðskiptasamband landanna nú fyrir þetta þing. Þegar þetta brást, þá var ekkert hik á mér að segja upp samningnum, og það hafði sína þýðingu.

Hv. þm. áfelldi mig fyrir það, að ég skuli ekki hafa strax og samningnum var sagt upp, kippt öllum réttindum undan Norðmönnum hér við land. Eftir því að dæma, þá virðist hann hafa gengið út frá því, að Norðmenn hefðu haft einhver réttindi hér áður. En hvaða réttindum var þá upp að segja? (HV: Samkv. samningum frá 1924). Það er einmitt sá rétti samanburður, að bera saman þessa samninga og samningana 1924, eins og hv. þm. G.-K. gerði, en sá samanburður er bara sterkari í höndum hans, og hins vegar láðist hv. 2. þm. Reykv. að gera þennan samanburð.

Það er nú svo, að það hafa komið kröfur úr ýmsum áttum um það, að svipta Norðmenn réttindum. Nefndir, sem verkamenn og sjómenn sendu, gerðu engar kröfur um að verksmiðjurnar á Krossanesi og Raufarhöfn hættu að starfa, þær spurðu bara, hvaða ráðstafanir stj. gæti gert til þess að koma sem flestum verksmiðjum í gang og kröfðust sem mestrar vinnu. Það var m. a. í samráði við þessar nefndir, sem ríkistj. leitaðist við að koma af stað sem mestri vinnu, en nú kveður við annan tón hjá hv. 2. þm. Reykv. Í fyrra var það atvinna handa verkafólkinu, en nú er það kjósendur handa flokknum og fráför stjórnarinnar.

Það var vitanlegt, að ekki gat komið til mála að byrja á því að gerbreyta öllu ástandinu með uppsögn samninga áður en byrjað var að semja við stjórn Noregs. Við stóðum engu betur að vígi fyrir það. Og ég hygg, að við hefðum að auki fengið orð í eyra frá jafnaðarmönnum og blöðum þeirra fyrir slíka ráðstöfun, sem svipt hefði fjölda manns atvinnu yfir sumarmánuðina, eigi síður en fyrir þennan samning.

Þá bar hv. þm. það á hv. þm. G.-K., að hann hafi vegna pólitískra hagsmuna sinna fengið því framgengt, að samningurinn var ekki birtur fyrr. Jafnframt vildi hann sýna fram á, að sterk bönd væru milli mín og hv. þm. G.-K. Það er alveg rétt, að svo er í þessu máli, og ég birði ekkert um að breiða neitt yfir það. Ég er sammála hv. þm. G.-K. og ræðu hans um þetta mál. Í hans löngu ræðu voru réttvísar og góðar skýringar, og er ég honum þakklátur fyrir þær. Ég er viss um, að eftir að þau rök eru fram komin, verður erfiðara að villa sýn um þessa samninga. En um birtingu samningsins má geta þess, að það er algild regla allra stjórna, að birta ekki mjög fljótt viðskiptasamninga, er þær gera sín á milli og ekki löngu áður en þeir koma til framkvæmda. Er það m. a. gert til þess, að ekki sé hægt að þyrla upp um þá moldviðri og hefja um þá illvígar innanlandsdeilur. Má sem dæmi um það nefna Ottawasamningana, er gerðir voru á síðasta ári. Þeir voru alls ekki birtir fyrr en um sama leyti og þingin áttu að taka ákvörðun um þá og það af þessum ástæðum. Stundum eru slíkir samningar alls ekki birtir almenningi. Þingið afgreiðir þá á lokuðum fundi og ber, á-

samt stjórninni, ábyrgð á þeim. — Þetta er algengt. En þegar hér er í fyrsta sinn um það að ræða, að gera slíkan lögformlegan samning við aðra þjóð, þá leggur stj. samninginn opinberlega fyrir þingið í frv.formi. (**HV:** Hún var neydd til að gera það!) Hver neyddi hana til þess? Enginn! Hún gerði það hiklaust og hispurslaust og ótilneydd.

Ég get ekki verið að rekja hvert einstakt atriði hjá hv. 2. þm. Reykv. Ég held, að þeim hafi flestum eða öllum verið svarað fyrirfram af hv. þm. G.-K. Og ég veit, að hlustendur muna svo vel ræðu hans, að þeim muni hafa komið svörin í huga jafnóðum og þeir heyrðu mótbárur hv. 2. þm. Reykv. gegn atriðum samningsins. Ég vil þó minna á, að í ræðu hv. þm. kom lítt fram, að hann hugsaði um hagsmuni bænda og sölumöguleika á afurðum þeirra. Í þinglokin í fyrra var alger óvissa um, að nokkur sala yrði möguleg á saltkjöti til Noregs og að nokkur tollfækkun fengist þar. En hvorttveggja þetta fæst með þessum samningi. Þetta er sú hliðin, sem að bændunum snýr. Og ef eitthvað er rétt í því, sem hv. 2. þm. Reykv. heldur fram, að meira verði saltað af síld hér á landi, þá þýðir það aukna atvinnu fyrir verkafólkið á Norðurlandi. (**HV:** Hvað segja Siglfirðingar um það?) Ég held, að þeir hljóti að segja allt gott um þennan samning. (**HV:** Þeir samþ. mótmæli gegn samningnum með öllum greiddum atkv. gegn 2!) — Það er leiðinlegt, ef þeir hafa gert það, áður en þeim var skýrt frá efni samningsins. Ég held nú reyndar ekki, að mikil breyt. verði á söltun vegna þessa samnings, eins og hv. þm. G.-K. sýndi ljóslega í sinni ræðu. En ef nokkuð yrði, þá ætti það að verða til þess að bæta hag verkamanna með aukinni vinnu. Sú hlið samningsins, sem snýr að verkamönnunum, er því þeim til hagsbóta. Hv. 2. þm. Reykv. hefði ekki átt að gleyma því, þótt hann gleymdi bændunum og þeirra hag.

Það eru að vísu fleiri atriði af því, sem hv. 2. þm. Reykv. gerði að umtalsefni, sem vert væri að tala um. Ég skal þó aðeins drepa á sum þeirra.

Hv. þm. gerði að umtalsefni það ákvæði 6. gr., að Norðmönnum er heimilt að segja samningnum upp með þriggja mán. fyrirvara, ef sá réttur, sem þeim er gefinn í samningnum er gerður „illusoriskur" með einhverjum hætti, t. d. með einkasölu eða öðru þesshátt ar. Norðmenn vildu láta slíka uppsögn gilda fyrirvaralaust. En það fékkst þó áunnið, að ákveðinn var 3 mán. uppsagnarfrestur, ef réttur þeirra samkv. samningnum er á einhvern hátt að engu gerður.

Þá vildi hv. þm. líka gera þá kröfu, að fyrst kjötmagnið, sem flytja má til Noregs og nýtur lækkaðs tolls, fer minnkandi og er skammtað, þá hefði um leið verið samið um ákveðið verð á því. Svoleiðis samningar eiga sér nú, mér vitanlega, hvergi stað, nema milli Rússa og annara þjóða, sem er af því, að rússneska ríkið annast sjálft alla verzlunina, svo sem kunnugt er. Annarsstaðar þekkist þetta ekki. Og þó heppilegt sé, að þjóðir komi sér saman um vissa „kóda" og geri það um sölu og annað þesshättar, þá er verðtrygging yfirleitt óþekkt í því sambandi um samninga, er gilda eiga um lengri tíma.

Þá taldi hv. þm. hættulegt að veita Norðmönnum þessar tilslakanir, vegna þess að aðrar þjóðir mundu fara að sækjast hér eftir landi og landhelgi. Væri þá sjálfstæðinu hætta búin. Ég býst nú við, að hv. þm. hafi einkum meint þetta til sjálfstæðismanna. En þótt hv. 2. þm. Reykv. vilji loka okkar landhelgi, þá vill hann þó sjálfur helzt hvergi vera annarsstaðar en í landhelgi hinna flokkanna. En það slær nú engum ótta á mann út af því.

Þessi samningur er til þess gerður að gera lífvænlegra á landi hér en annars væri. Og hann verður samþ. vegna þeirra þúsunda manna, sem hagsmuna eiga að gæta vegna þeirra hlunninda, er samningurinn veitir.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég get verið fáorður um þau atriði samningsins, sem lúta að síldarútveginum. Umr. hafa þegar sýnt, að þar eru naumast fleiri en 4 atriði, sem hægt er að deila um:

I. Að norskum verksmiðjum, sem nú eru hér á landi, er samkv. samningnum veitt leyfi til þess að kaupa allt að 60% af bræðslusíld sinni af erlendum skip-

um. En þar virðast andmælendur gleyma því, að samkv. samn. frá 1924 hafði norska síldarverksmiðjan óskilorðsbundna heimild til að kaupa afla af erlendum skipum. Að ísl. stjórnarvöld hafa smám saman takmarkað þessa heimild niður í 40% hafa Norðmenn jafnan skoðað sem samningsrof. Árið 1924, þegar norska verksmiðjan (Krossanes) fékk ótakmarkaða heimild til þess að kaupa bræðslusíld af útlendingum, stóð öðruvísi á en nú. Þá höfðu Íslendingar ekki í neitt annað hús að venda um sölu á bræðslusíld. Íslendingar áttu þá sjálfir enga bræðslustöð. Þeim voru því þá allar aðrar dyr lokaðar til þess að verða af með bræðslusíld sína en að krjúpa að fótum forstjórans í Krossanesi með þá síld, sem honum þóknaðist að kaupa af þeim, — þar sem hann gat keypt alla síldina af samlöndum sínum.

Nú horfir þó öðruvísi við. Íslendingar eiga sjálfir umráð yfir 3 stórum verksmiðjum, er munu kaupa eingöngu af Íslendingum og eru á engan hátt upp á Norðmenn komnir. Auk þess mun oss nú gefast tækifæri til að taka á vorar hendur 5. verksmiðjuna. Það er því augljóst mál, hversu miklu betur vér Íslendingar stöndum að vígi að taka þessum samningi **nú**, heldur en vér stóðum til að taka samningnum 1924. Og fengu þeir samningar þó engin veruleg andmæli, heldur var þeim þvert á móti tekið með ánægju af **sumum** þeim, sem eru andvígir þessum samningi **nú**. Auk þess hefi ég ekki orðið þess var, að menn vilji slá hendi á móti þeirri geysilegu atvinnu, sem erlendar síldarverksmiðjur hafa veitt. Hér var á þingi í fyrra mikil óvissa um, hvort síldarverksmiðjan á Raufarhöfn mundi starfa á því sumri, sem þá fór í hönd. Ég varð ekki var við, að því væri tekið sem neinum gleðitíðindum. Hér var líka á þingi í fyrra borið fram frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa **erlendum** manni að reisa síldarverksmiðju á Seyðisfirði og leyfa honum að starfrækja hana í 30 ár. Sú verksmiðja átti líka að fá leyfi til þess að kaupa síld af erlendum fiskiskipum. Ég býst ekki við, að þetta frv. hafi verið borið fram af einskærri ást á útlendingum. Ég tel alveg **víst**, að frv. hafi einmitt verið borið fram vegna ástar á innlendum verkamönnum og af umhyggju fyrir atvinnuveg **þeirra**. Flm. hefir þótt það tilvinnandi að veita útlendingum nokkur fríðindi, til þess að koma af stað atvinnurekstri, sem vér Íslendingar höfðum ekki bolmagn til að koma sjálfir á fót. Og þeim þótti það ekki áhorfsmál, til þess að geta bjargað, ef unnt væri, verkafólkinu frá atvinnuskorti.

Þegar um það tvennt er að ræða, annaðhvort að veita erlendum atvinnurekanda nokkur takmörkuð réttindi hér í landinu, eða að fólkið standi uppi atvinnulítið eða atvinnulaust, þá hefir a. m. k. hingað til svo virzt sem menn vildu meta meira líf og afkomu fólksins. Og á síðastl. þingi ætluðu sumir andstæðingar þessara samninga að bjarga lífi og afkomu verkafólks með því að leyfa útlendingi að reisa hér **nýja** síldarverksmiðju og leyfa henni að kaupa a. m. k. nokkurn hluta bræðslusíldarinnar af útlendingum.

II. Um hið annað ágreiningsatriði, að því er viðkemur leyfi útlendra síldveiðiskipa til að selja nokkuð af afla sínum í land til söltunar, hefir þegar verið sýnt fram á, hve sú breyt. er óveruleg. Áður hefir útlendingum verið leyft að selja hér í land 500—700 tunnur af hvaða skipum sem væri. Hinsvegar hefir þetta leyfi nú verið bundið alveg sérstökum skilyrðum. Í annan stað er sú rýmkun, sem í samningnum felst, bundin enn þrengri skilyrðum. Munu Norðmenn hafa fallizt á þessar takmarkanir aðeins vegna þess, að þeir vildu sjálfir koma í veg fyrir, að síldarútvegur þeirra færðist yfir á hendur stórkapitalismans. Og verður að ætla, að það sé ekki öllum andstæðingum samningsins mjög í gegn skapi.

III. Þriðja ágreinigsatriðið í þessu máli er heimildin til þess að búlka afla og útgerðarvörur inni á höfnum, svo sem færa tunnur af þilfari í lest og úr lest og á þilfar, ásamt viðgerðum veiðarfæra á höfnum inni. Þetta hefir nú verið gert áður. En nú er leyfi þetta bundið við einungis tvær hafnir. Og það þær hafnirnar, sem sízt verður við komið veiðiskap í landhelgi, á inn- eða útsiglingu. Er með leyfi þessu að mestu leyti tekin frá síldveiðimönnum sú freisting að fara í þessu

skyni inn á sæmileg lægi, þar sem minna ber á og nota um leið tækifærið til að veiða í landhelgi.

IV. Er þá komið að fjórða atriðinu, sem gæti talizt ívilnun til Norðmanna í þessum samningi. Og það er um afgreiðslugjald skipa, sem leita hafnar í **neyð.** Samkv. samningnum eiga slík skip að greiða venjuleg gjöld fyrir tollskoðun og heilbrigðiseftirlit og hafnsögumannsgjald og hafnargjald, ef um slík afnot er að ræða. En hér er afgreiðslugjaldinu sleppt. En þá má minna á, að eftir samningnum frá 1924 er þessum skipum **ekki** gert að greiða **fullt** afgreiðslugjald. Og eftir l. frá 1931 ber ekki að greiða slíkt gjald nema einu sinni á ári, þegar erlend fiskiskip eiga í hlut. Og þegar þess er gætt, að innheimta mun oft vafasöm á þessum gjöldum, þá er hér vissulega ekki um mikið deilt.

Um önnur atriði samningsins er það að segja, að þau fela ýmist í sér staðfesting á áður gerðum samningum, þ. á. m. beztu kjara samningi við aðra þjóð, eða þau eru núgildandi l. samkvæm, nema þar sem um ívilnanir er að ræða Íslendingum til hagsbóta, frá því, sem áður hefir tíðkazt. Ég kem þá að því, sem kemur í staðinn. Hvað hinn höfuðatvinnuvegurinn, landbúnaðurinn, vinnur við samninginn

Því hefir verið fleygt, að landbúnaðinum hafi ekki verið þörf á þessum samningi. Og hafa menn byggt það á því, að síðastl. haust hafi útflutningsheimildin á saltkjöti til Noregs ekki verið notuð til fulls. Ég skal þá geta þess, að skýrslur um þetta eru ekki komnar, svo að fyllilega verði um þetta vitað, þar sem m. a. vantar upplýsingar um hve mikið af því kjöti, sem talið er selt til Danmerkur, hefir í raun og veru farið til Noregs. Þá má geta þess, að fregnin um það, að norsk-íslenzku samningarnir hefðu loks tekizt, kom ekki hingað fyrr en komið var fast að sláturtíð. Allt sumarið höfðu menn hálft í hvoru búizt við að allir samningar mundu stranda. Og því höfðu menn af kappi búið sig undir það að verka kjötið á annan hátt, þar sem samningarnir í Ottawa voru ekki Íslendingum kunnir fyrr en komið var að haustnóttum. Af því leiddi, að söltun varð töluvert minni en við mátti fastlega búast. Auk þess kom og til það hvorttveggja, að bændur voru óvanalega vel heyjaðir og freistuðust því síður til að farga skepnum fyrir hið lága verð, og annað hitt, að fé reyndist víða á landinu um 10—20% rýrara til frálags en venja hefir verið til undanfarin ár. Af þessu verða því alls engar ályktanir dregnar. Hinsvegar verður að ætla það, að næsta haust, þegar fé hefir svo stórlega fjölgað í landinu, þá muni ekki gripinn í hverju landi sá markaður, sem samkv. samningnum fæst í Noregi fyrir 11500 tunnur + 1500 tunnum til skipa, eða um helming kjötsins, sem selja þarf. Ég vil spyrja þá hv. þm., sem vilja fella samninginn, hvar þeir geti útvegað þann markað, sem komið geti í staðinn, ef þessum markaði er lokað? Vér þurfum hvort sem er að nota til hins ýtrasta innlenda markaðinn. Og vér eigum engar aðrar útgöngudyr fyrir það kjöt, sem afgangs er brezka og danska og innlenda markaðinum.

Vér skulum nú hugsa oss þau kjör, sem miklum þorra ísl. bænda væru boðin næsta haust, ef þessir samningar verða felldir, sem ég þó vona, að komi ekki til. Fjöldi þeirra á þess engan kost að verka kjöt sitt öðruvísi en til söltunar, þ. á. m. heilar sýslur hver við hliðina á annari. Yrðu þeir þá að sæta þeim kjörum, er voru fyrir hendi síðastl. vor, áður en samningaumleitanir tókust. Hver voru kjörin þá? Jú, Norðmenn höfðu þá sett toll á kjötið, er nam rúmlega 57 aur. á kílóið eða um 63 kr. á hverja tunnu. M. ö. o. bændur hefðu fengið rúmlega fyrir smölunarkostnaði og rekstri fjárins í kaupstað, hvað þá fyrir aðalkostnaðinum, fóðrun og hirðingu fjárins. Hvað ætti þá að gera við bændurna í þessum sýslum og mörgum afskekktum héruðum og sveitum landsins? Mér telst svo til, að hér muni eiga hlut að máli nær 1500 fjölskyldur, eða 7—8 þús. manns. Hvert mundi eiga að vísa þessu fólki, þegar bjargræðisvegi þess væri lokið? Getur Rvík boðið nýjum atvinnuleysingjum einhver kostakjör? Getur Hafnarfjörður það? Getur Ísafjörður eða Siglufjörður það? Eða mundi það heillavænlegast úrræði að vísa þessum 7—8

þús. til Seyðisfjarðar, Norðfjarðar eða Eskifjarðar?

Engin stétt hefir sýnt meiri áhuga og kostgæfni á því að lifa á litlu og bjarga sér með því í erfiðleikum kreppunnar en bændastéttin. Og þá eigi hvað sízt í þeim sveitum og héruðum, sem enn eru nær eingöngu upp á salkjötsmarkaðinn komin. Landstjórninni og þeim, sem að samningunum unnu í hennar umboði, fannst það því ekki leikur einn, ef ætti að loka fyrir þessu fólki öllum útgöngudyrum. Landsstj. varð því eftir atvikum að sætta sig við það, þegar loks eftir mikla erfiðleika tókst að fá kjöttollinn lækkaðan um nær 37 aur. á kílóið, eða um 41 kr. á hverja kjöttunnu. Við öfundum ekki bændurna fyrir það. Það er satt. En við fáum þó eygt meiri möguleika til þess að þeir fái haldizt við býlin og alið þar upp hrausta og harðfenga kynslóð, eins og þeira hafa hingað til gert. Einhverjir hafa að vísu gerzt til að bjóða það að borga þennan mismun á tollinum fyrir bændur landsins. Og mundi það nema nær ½ millj. næsta ár, að 1500 tunnum meðtöldum, sem flytja má inn til Noregs, og er endurselt þar til skipanna. Þetta boð er ekki nýtt. Það mun líka hafa verið boðið af einhverjum 1924. En tilboðið er eigi að síður einstaklega fallegt. Þetta glæsilega tilboð er nú samt sem áður ekki nóg til þess, að bændur væru skaðlausir, móts við það að halda þessum samningi, sem hér er um að ræða. Þessir góðgjörnu gjafarar yrði líka að kaupa kjötið sjálft. Því að eins og ég hefi áður bent á, mundi Noregur sama sem lokast fyrir ísl. saltkjöti ef samningarnir falla. Og ef bændur landsins ættu að sleppa án skaða, þá mætti ekki selja kjötið aftur á innlendum markaði, því að þá mundi öllum innanlandsmarkaði fyrir kjöt stórum halla, svo að óviðunandi yrði þeim, sem að honum búa nú aðallega.

Ætla má, að kjötið, sem þessir gjafmildu menn mundu kaupa og hvergi selja á innlendum markaði, mundi að meðtöldum tollmismun nema h. u. b. 1 millj. kr. næsta ár. En svo hefir stundum árað illa í síldarútvegi landsmanna, að ekki aðeins eina millj. heldur meira fé hefir vantað til þess að útvegurinn bæri sig, hvað þá að hann hefði milljónir afgangs.

Það mætti ef til vill segja mér, að einhver varfærinn bóndi vildi sjá þessa göfugu gefendur áður en hann vildi fella samninginn fyrir þessa miklu og góðu gjöf.

Það er skylt að játa, að margir síldarútvegsmenn bera hlýjan hug til landbúnaðarins, svo sem margir aðrir útgerðarmenn og fjöldi þeirra verkamanna og annara, sem hafa alizt upp í sveitum, þótt þeir verði nú að ala aldur sinn við sjó. Meðal þeirra hefi ég líka heyrt raddir, sem telja, að sæmilega hafi tekizt um þessa samninga eins og á stóð. Þeir vita, að þegar náungans veggur brennur, þá er manns eigin vegg hætt. Kaupstaðafólkinu er það enginn hagur, að fólkið í sveitinni flosni upp og þyrpist í bæina, eins og þar er ástatt. Og sveitinni er það heldur ekki nein blessun, að innlendi markaðurinn dragist saman vegna minnkandi kaupgetu kaupstaðanna. Þess vegna er það bæði eðlilegast og bezt, að sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn haldist í hendur og styðji hvor annan. Þetta finnst mér, að hafi gerzt í undirbúningi og málalokum þessara samninga. Ef þeir ná samþ. þingsins, þá eigum vér von til þess, að ísl. bændur þurfi ekki að flosna upp í heilum héruðum, til þess að keppa um vinnu við þá, sem fyrir eru í kaupstöðunum. Og vegna þessa tel ég, að verkafólki og þá einnig því fólki, sem að síldveiðum starfar, sé einnig nokkur greiði gerr.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég vil að þessu sinni hefja mál mitt með því að þakka hæstv. forsrh. mjög innilega fyrir þann velvilja í garð atvinnulausra verkamanna og sjómanna á Austfjörðum, og þá sérstaklega á Seyðisfirði, sem fram kom í ræðu hans í gær, og þann áhuga, sem hann virtist hafa á að bæta úr atvinnuskortinum þar eystra. Ég vona fastlega, að þegar till. í þá átt koma til afgreiðslu hér í d., sem væntanlega verður

innan skamms, þá minnist hann orða sinna og veiti þeim drengilegan stuðning, svo tryggt verði, að þær megi ná fram að ganga.

Áður en ég vík að því máli, sem hér liggur fyrir, þarf ég í sambandi við ummæli, sem féllu í ræðum hér í gær, og ummæli í blaðinu „Tíminn", að taka fram, hver er afstaða okkar jafnaðarmanna til fiskveiðilöggjafarinnar. Við höfum jafnan haldið því fram, að fiskveiðilöggjöfina þyrfti að endurskoða, og bent á, að í sambandi við þá endurskoðun væri heppilegt að veita undanþágur frá henni, sem bundnar væru við ákveðinn tíma, ákveðna staði og ákveðið magn af fiski eða síld, með það fyrir augum að bæta úr neyðarástandi vegna atvinnuleysis á þeim stöðum, sem skortir bæði skip og önnur tæki til síldveiða og verksmiðjur til síldarvinnslu, eins og t. d. á Seyðisfirði. En með því að takmarka undanþágur þessar svo mjög, gæti stj. jafnan haft í hendi sér að leyfa ekki landsetningu á meira magni fiskjar en svo, að ekki spillti á neinn hátt atvinnurekstri Íslendinga sjálfra. Eins og kunnugt er, hafa allar þær till., sem ég hefi borið fram í þá átt að veita undanþágur frá fiskveiðalöggjöfinni, verið í heimildarformi og bundnar þessum skilyrðum um takmarkanir, og allar fluttar með það fyrir augum að bæta úr stórkostlegu atvinnuleysi. Í samningi þeim, sem hér liggur fyrir, er á engan hátt um að ræða atvinnubætur fyrir Íslendinga, heldur þvert á móti stórfelld atvinnuspjöll.

Áður en ég sný mér að sjálfum samningnum vil ég beina tveimur fyrirspurnum til hæstv. stj.: Eftir samningnum lítur út fyrir, að Íslendingar hafi haft rétt til þess að flytja 13000 tunnur af saltkjöti til Noregs af framleiðslu síðasta árs. Nú hefir mér verið hermt, að ekki hafi verið fluttar til Noregs nema um 7000 tunnur, og talsvert mikið af því sé enn óselt og lítt seljanlegt. Ég vil óska eftir, að hæstv. stj. upplýsi, hvort þetta er rétt.

Mér hefir í öðru lagi verið sagt, að þrátt fyrir þennan litla saltkjötsútflutning sé nú orðinn skortur á saltkjöti í landinu sjálfu. Útgerðarmaður einn, sem leitað hefir eftir kaupum á saltkjöti, telur talsverða erfiðleika á að fá það hér á landi. Ég vil einnig biðja hæstv. stj. að upplýsa, hvort þetta er rétt.

Allir munu vera sammála um, að það mál, sem hér liggur fyrir, sé afarviðkvæmt og þýðingarmikið fyrir okkur Íslendinga. Það er viðkvæmt og vandmeðfarið vegna þess, að hér er um utanríkismál að ræða. Þau fríðindi, sem veitt eru Norðmönnum, ef þessi samningur verður samþ., hljóta einnig að falla öðrum útlendum þjóðum í skaut, sem hjá okkur njóta beztu kjara. Fari t. d. Englendingar og Svíar, sem hvorirtveggja eru „beztu kjara" þjóðir gagnvart okkur, fram á að fá sömu hlunnindi, en fái þau ekki, má búast við, að þeir láti vítaráðstafanir koma á móti.

Í öðru lagi er hér að ræða um þýðingarmikið mál vegna þess, að það snertir mjög tilfinnanlega tvo af aðalatvinnuvegum okkar Íslendinga, landbúnaðinn og síldarútgerðina. Undir afgreiðslu þess er mjög komin afkoma þeirra, sem að þessum tveim þáttum atvinnulífsins starfa. Þegar svona mikið er í húfi, skyldi maður ætla, að sem bezt væri til alls málatilbúnings vandað af hendi hæstv. ríkisstj. En þar virðast, því miður, hafa orðið á hin hrapallegustu mistök, sem gert hafa hinum íslenzku samningamönnum erfiðara fyrir.

Eins og áður hefir verið tekið fram, sögðu Norðmenn upp kjöttollssamningnum 11. febr. í fyrra. En af Íslendinga hálfu var samkomulaginu frá 1924 ekki sagt upp fyrr en frá 8. júlí. Um leið var fastmælum bundið að hefja samninga af nýju, og mun Norðmönnum þá samtímis hafa verið lofað, að þeir skyldu fá að halda óskertum hlunnindum sínum hér við land allt sumarið. Það varð þó ekki fyrr en 26. júlí, sem samningstilraunirnar byrjuðu hér heima, og seinni hluti þeirra fór fram í Osló frá 30. ágúst til 16. sept. Meti nú hv. þm. sjálfir, hverjir höfðu betri aðstöðu við samningana, Íslendingar eða Norðmenn. Norðmenn voru búnir að njóta óskertra þeirra hlunninda, sem þeir áður höfðu haft hér yfir allan síldveiðitímann um sumarið. Þau var ekki hægt að taka af þeim, hvernig sem samningarnir hefðu farið. En Íslendingar áttu allan saltkjötsútflutning sinn í hættu, ef upp úr samningunum slitnaði, og höfðu

aðeins tæpan mánuð til stefnu, þangað til kjötinu þurfti að ráðstafa. Það er eins og samningstíminn hafi verið hnitmiðaður við þann tíma, sem Norðmönnum kom bezt og okkur Íslendingum verst. Þess vegna stóðu okkar samningsmenn verr að vígi en Norðmennirnir. Þetta er nokkur afsökun þeim mönnum, sem að samningunum unnu fyrir íslenzku stj., þó þeim tækist ekki betur en raun ber vitni um. En þar á hæstv. forsrh. til sakar að svara.

Til samanburðar við þessa meðferð málsins ætla ég að drepa á, hvernig farið var að undir sömu kringumstæðum árið 1924. Strax þegar sýnt var, að miklir örðugleikar myndu verða á kjötsölu til Noregs vegna hátolls, gerðist einn af samflokksmönnum hæstv. forsrh., hv. þm. Str., til þess að flytja þrjú frv. um sérstakar mótráðstafanir. Var eitt þeirra um að leggja gjald á norsk skip, sem siglingar stunda hér við land; annað um að leggja hátoll á norskar vörur, og hið þriðja um að leggja gjald á norskar verksmiðjur hér. Það er enginn vafi á því, að einmitt af því að svo greinilega kom í ljós, að við vorum við því búnir að gera mótráðstafanir, teygðu Norðmenn sig lengra til samkomulags heldur en ella hefði orðið. Nú voru engar slíkar ráðstafanir gerðar. Þvert á móti lofar hæstv. forsrh. Norðmönnum sömu fríðindum og áður allt sumarið, án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir því, að þeir ekki útilokuðu ísl. saltkjötið strax á næsta hausti.

Mér virðist hafa borið mjög á því hjá þeim, sem mælt hafa þessum samningi bót, að þeir líta allt of einhliða á það, hvað mikla þýðingu það hefir fyrir okkur að geta selt saltkjöt til Noregs. Ég viðurkenni fyllilega, að saltkjötsmarkaðurinn hefir allmikla þýðingu fyrir bændur, og ég tel sjálfsagt, að þeim verði á einhvern hátt bættur skaðinn, ef samningurinn er ekki samþ. En mér þykir undarlegt, að ekki skuli hafa verið bent á hitt jafnframt, hvað Norðmenn eiga mikilla hagsmuna að gæta hér og hve mikið þeir eiga einnig í húfi, ef samningar nást ekki. Sannleikurinn er sá, að við höfum varla eins góða aðstöðu til samninga við nokkra þjóð eins og Norðmenn. Þeir eiga svo miklu meira í hættu heldur en við, og skal ég nú færa að því nokkur rök.

Árið 1929 seldum við Norðmönnum vörur fyrir 5320 þús. kr. Sama ár keyptum við af þeim fyrir 8900 þús. Árið 1930 seldum við þeim fyrir 4930 þús. kr., en keyptum af þeim fyrir 7750 þús. Síðan hefir sala okkar til Noregs minnkað. Það eru ekki Íslendingar einir, sem erfitt eiga með að selja framleiðsluvörur sínar eins og nú standa sakir. Norðmenn eiga einnig erfitt með að selja sínar vörur og útvega sínu fólki atvinnu. Sé það okkur keppikefli að selja Norðmönnum kjöt fyrir nokkur hundr. þús. kr., þá er þeim það ekki síður hagsmunamál að geta selt okkur vörur fyrir fleiri milljónir. Þessu megum við ekki gleyma, að verzlunarjöfnuður okkar við Norðmenn er þannig, að við kaupum af þeim tvöfalt á við það, sem þeir kaupa af okkur. En þar með er ekki allt talið. Þessu til viðbótar greiðum við Norðmönnum stórfé í flutningsgjöldum. Ég hefi heyrt, að samningsmenn áætli þær tekjur 1½—2 millj. kr. En þessi áætlun hlýtur að vera allt of lág. Norðmenn hafa hér mestallan flutning á kolum, salti, fiski og mörgum fleiri vörutegundum. Og þarna eru ekki taldar með tekjurnar af tveimur áætlunarskipum, sem þeir hafa í ferðum hingað árið um kring, „Novu“ og „Lyru“. Það mun því áreiðanlega vera óhætt að tvöfalda þessa upphæð. Mér þykir líklegt, að flutningsgjöld þau, er við Íslendingar greiðum Norðmönnum, séu ekki undir 4—5 millj. á ári. Halda menn, að Norðmönnum sé einskis virði að fá atvinnu handa öllum þeim fjölda, sem starfar að siglingunum hingað og héðan og vinnur að því að búa til veiðarfæri, tunnur, mótorvélar, áburð og ýmsar fleiri vörur, sem við kaupum? Það er atvinnuleysi í Noregi ekki síður en hér. Sjávarútvegurinn gengur ekki betur þar en hér. Ég hefi enn eigi talið hlunnindi síldveiðiflotans norska hér við land. Norðmenn sjálfir telja þau geysilega mikils virði. Telja, að afkoma síldveiðiskipanna, ca. 200 til uppjafnaðar, velti mjög á því, að þau hlunnindi séu ekki skert. Það er því fullvíst, að Norðmenn eiga jafnvel margfalt meira undir því, að samningar takist en við Íslendingar. Af vörum, sem við seljum þeim, má telja, að þeir kaupi aðeins kjötið til neyzlu; hitt, svo sem síldarlýsi og mjöl, selja

þeir öðrum, sem við ættum eins að geta selt beint héðan.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni í gær, að innflutning lágtollaðs kjöts til Noregs, sem heimilaður væri samkv. samningnum, ætti ekki að bera saman við innflutning þangað á undanförnum árum, heldur við það, að enginn innflutningur hefði orðið án samningsins. Þetta er alveg laukrétt hjá hæstv. ráðh. En á sama hátt eiga þá vitanlega fríðindi þau, sem Norðmenn fá hér nú, ekki að miðast við fríðindin, sem þeir fengu samkvæmt samkomulaginu frá 1924, heldur við það, að þeir nytu hér engra sérstakra fríðinda: **Að** siglingar þeirra hér væru skattlagðar svo, að þær stæðust ekki samkeppnina við Eimskipafélagið. **Að** norskar vörur væru hér útilokaðar með hátolli tilsvarandi þeim, sem Norðmenn hótuðu að leggja á ísl. saltkjötið. **Að** síldarverksmiðjur þeirra hér væru skattlagðar til hins ýtrasta. **Að** aðstaða norska síldveiðiflotans hér við land væri að engu leyti gerð betri heldur en aðstaða enskra, þýzkra og sænskra veiðiskipa. **Að** fiskur og síld, sem norsk veiðiskip setja hér á land, væri tollað á sama hátt og ísl. saltkjötið í Noregi. Ég vona, að hæstv. ráðh. verði að játa, að við það sama verður að miða frá báðum hliðum, að frá Norðmanna hálfu ber ekki að miða við ástandið frá 1924, heldur við það, að við gerum sömu ráðstafanir gagnvart þeim, sem þeir hafa gert eða hóta að gera gegn okkur.

Aðalvarnir eða afsakanir þeirra, sem samningnum mæla bót, eru byggðar á því, að hann sé tiltölulega lítið verri heldur en samkomulagið frá 1924. Þetta er nú að vísu rangt, eins og ég mun síðar sýna fram á. En það sýnir, að samningsmennirnir hafa lagt samkomulagið frá 1924 til grundvallar við samningsgerðina, vitandi þó, að búið var að segja því upp og að Norðmenn höfðu þar átt upptök að. Aðstaða okkar til samninga við Norðmenn var þó allt önnur og miklu betri nú heldur en 1924, vegna þess hvað viðskiptajöfnuður landanna hefir breytzt síðan Norðmönnum í hag. Því til sönnunar skal ég nefna nokkrar tölur: Árið 1923 seldum við Norðmönnum vörur fyrir 6040 þús. kr., en keyptum af þeim sama ár fyrir 5860 þús. Árið 1924 seldum við þeim fyrir 9360 þús. kr., en keyptum að þeim fyrir 9781 þús. kr.

Árið 1924 seldum við kjöt til Noregs fyrir tæpar 4 millj. kr., en síðastl. ár seldum við þangað kjöt fyrir eitthvað um 600 þús. kr. Árið 1923 keyptum við fyrir 180 þús. kr. **minna** af Norðmönnum heldur en við seldum þeim fyrir. Nú er þetta alveg snúið við, þar sem við nú kaupum af Norðmönnum nærri tvöfalt meira heldur en við seljum þeim, eins og ég áður hefi sýnt fram á. Nú kaupum við t. d. af þeim áburð fyrir nokkur hundruð þúsunda kr. á ári hverju, e. t. v. allt að því eins mikið og saltkjötið selst fyrir þar.

Af þessu er augljóst, að aðstaða okkar til samninganna var stórkostlega miklu betri nú en 1924. Við hefðum því átt að fá sömu tollívilnanir og áður hjá Norðmönnum, en ekki að þurfa að láta eins mikil fríðindi á móti, ef sæmilega hefði verið haldið á okkar málstað. En handbragðið hefir nú orðið eitthvað annað, samningurinn miklu verri heldur en samkomulagið frá 1924.

Annað, sem aðstandendur samningsins bera fram sér til afsökunar, er það, að fríðindi þau, sem Norðmenn fengu hér með samkomulaginu frá 1924, hafi ekki verið misnotuð, svo að til tjóns hafi orðið Íslendingum. Af þessu draga þeir þá ályktun, að ekki sé ástæða til að óttast, að það verði Íslendingum hættulegt nú, þó þessi fríðindi séu veitt áfram og stórum aukin. Þessi vörn er einnig haldlaus með öllu. Einmitt tilslakanir þær, sem vegna samkomulagsins 1924 voru gerðar á framkvæmd fiskveiðilaganna gagnvart Norðmönnum, voru m. a. því nær búnar að leggja síldarútgerð landsmanna í rústir. Menn muna eflaust eftir ýmsum ófögrum lýsingum á því ófremdarástandi, sem síldarverzlunin og síldarútgerðin komst í á tímabilinu frá 1924—1927. Ég ætla ekki að lýsa því mikið frá eigin brjósti, en leiða heldur til vitnis þann mann, sem a. m. k. hv. þm. G.-K. mun leggja nokkuð upp úr.

Árið 1926 var svo komið í síldarmálunum, að íhaldsmönnum, sjálfum aðdáendum frjálsrar samkeppni, þótti ekki lengur fært að hafa síldarverzlunina frjálsa. Um þetta vandræðaástand kenndu

þeir aðstöðu Norðmanna hér eftir 1924 og „leppum“ þeirra. Fluttu þeir því og fengu samþ. á Alþingi frv., sem veitti félagi ísl. síldarkaupmanna og útgerðarmanna rétt til þess að taka í sínar hendur alla sölu á ísl. síld, saltaðri og kryddaðri, sem út væri flutt, til þess, sögðu flm. frv., að hægt væri að útiloka Norðmenn. Meðal flm., og ekki sá, sem minnst lét á sér bera, var auk Björns Líndals sjálfur núv. samningsmaður, þm. G.-K. Ætla ég nú, með leyfi hæstv. forseta, að lesa kafla úr framsöguræðu, sem Björn heit. Líndal flutti um málið á Alþingi, sjálfsagt af hálfu flm. allra, þ. á. m. hv. þm. G.-K. Hann segir m. a.:

„Í sambandi við þetta mál má aldrei gleyma frændum okkar Norðmönnum. Þeir hafa kennt okkur allar síldveiðar, sem nokkuð hefir kveðið að, og hafa allra manna mesta reynslu við þessa veiði. Þeir eru nægjusamari heldur en við og sparsamir og mjög lagnir fiskimenn. Þangað til núgildandi fiskiveiðalöggjöf gekk í gildi voru þeir vanir því að fá að stunda þessa atvinnu hér eins og innlendir menn, að öðru leyti en því, að þeir máttu ekki fiska í landhelgi. Á þessu varð mikil breyt. með fiskiveiðalögunum frá 1922, og eiga Norðmenn vitanlega síðan miklu verri aðstöðu til þess að stunda þessa veiði hér við land, þótt þessum lögum hafi aldrei verið stranglega framfylgt gagnvart þeim. **En þeim hefir þó einkanlega verið linlega framfylgt síðan hinn svonefndi kjöttollssamningur var gerður við Norðmenn.** Þetta hefir létt þeim mjög samkeppnina við okkur og þeir eru enn þann dag í dag okkar langskæðustu keppinautar. Það er oft tiltölulega létt að fara í kringum lögin, og ekki síður fiskiveiðalög heldur en önnur lög. Ég fullyrði ekki, að Norðmenn geri þetta, því ég hefi engar sannanir í höndunum fyrir því. En ég vil leyfa mér að benda á eina aðferð til þessa, sem tiltölulega er létt að nota. Þegar Norðmenn koma hingað til þess að fiska utan landhelgi, geta þeir flutt með sér meira af tunnum og salti en þeir geta haft í skipunum meðan þeir eru að fiska, því rúm þarf að vera á þilfari, til þess að unnt sé að verka síldina og koma henni fyrir í lestinni. Það getur því komið sér mjög vel að geta **selt** 500 til 600 tunnur ísl. manni í landi, **selt** þessum sama manni seinna síld í þessar sömu tunnur, og **keypt** svo af honum þessa sömu síld í sömu tunnum, þegar þeir leggja af stað heimleiðis. Þetta **getur** allt verið löglegt, en **hér getur líka verið um leppmennsku að ræða af versta tæi, án þess að létt sé að sanna það.** Þannig geta Norðmenn komið þessu fyrir og siglt svo með fullfermi beina leið til Svíþjóðar og selt síldina þar sér að skaðlausu ódýrara en við getum“.

Þetta getur allt saman verið löglegt, segir Björn Líndal, en líka getur verið um verstu leppmennsku að ræða, án þess hægt sé að færa sönnur á það. Það vita allir, að á þennan hátt fengu Norðmenn og Svíar menn hér til þess að leppa mikinn hluta af þeirri síld, sem héðan var flutt, og sumpart veidd af ísl. skipum, en að allmiklu leyti af norskum skipum. Nú eru einmitt með þeim samningi, sem hér liggur fyrir, opnaðar dyr til þess að reka leppmennsku á þennan hátt, ennþá breiðari og greiðfærari dyr heldur en nokkru sinni áður.

Aðstaða Norðmanna eftir samkomulaginu frá 1924 og það, hversu mjög þeir notuðu sér hana, leppmennskan o. fl. í því sambandi, var einmitt meginástæðan til þess, að lögin voru sett 1926, um sölu á síld til þess að afnema þessa séraðstöðu Norðmanna. Og þegar þau komu ekki til framkvæmda, þá voru af sömu ástæðum á þinginu 1928 sett lögin um síldareinkasöluna, sem stóðu til 1931. En með einkasölunni voru tekin af Norðmönnum þau fríðindi, sem þeir höfðu samkv. samningunum frá 1924, rétturinn til að selja síld í land til söltunar. Þó að hæstv. forsrh. gæfi annað í skyn í ræðu sinni og teldi, að einkasalan hefði getað veitt þeim slíkt leyfi, þá er það vitanlegt, að stj. einkasölunnar hefði hvorki veitt þeim veiði- né söltunarleyfi. Enda viðurkenndu Norðmenn það með því að sækja ekki um slíkt. Þetta sýnir því, að þó að fríðindi Norðmanna samkv. samkomulaginu frá 1924 væru miklum mun minni en samningur þessi gerir ráð fyrir, þá voru þau síldarútgerð landsmanna til svo mikils tjóns, að gripið var til þess að gera ákvæðin um rétt Norðmanna til að selja síld í land til söltunar að engu og girða

fyrir ágengni þeirra með l. um síldareinkasölu. Með afnámi síldareinkasölunnar var aftur opnað upp á gátt fyrir síldveiði Norðmanna hér við land; en nú verður sú dyragátt breikkuð um allan helming, ef þessi samningur verður samþ.

Ég hefi sýnt fram á, að það hefði mátt ætla, að betri samningsniðurstaða fengist nú en 1924. Með því að líta á verzlunarjöfnuðinn á milli þjóðanna, fæ ég ekki betur séð en að við hefðum átt að geta vænt okkur hagfelldari samnings en 1924, þar sem hagnaður Norðmanna af viðskiptum við okkur Íslendinga er margfaldur á við hagnað Íslendinga af viðskiptum við þá. Og hlutfallið hefir síðan 1924 stöðugt breytzt Norðmönnum í hag. Samningsboð okkar hefðu átt að vera hliðstæð boðum Norðmanna.

Norðmenn bjóða, að viss hluti af því kjöti, sem flutt er til Noregs frá Íslandi, skuli heyra undir það, sem þeir kalla lágtoll. Ég get nú ekki fallizt á, að sá tollur sé neitt sérstaklega lágur, þó að hv. þm. G.-K. þyki svo vera. Tollurinn er þó rösklega 30% af verði kjötsins, og þessi lágtollur er veittur aðeins af mjög litlu vörumagni, sem þó á að fara minnkandi ár frá ári.

Með hliðsjón af þessum samningsboðum Norðmanna finnst mér eðlilegt, að ísl. samningamennirnir hefðu sagt sem svo: Undanfarið ár hafið þið haft rétt til að selja hér í land fisk og síld samkv. samkomulaginu frá 1924. Nú sýnist okkur sanngjarnt, að þetta sé takmarkað og fari minnkandi ár frá ári tilsvarandi við takmarkanirnar og niðurfærsluna á kjötinnflutningi til Noregs. Af þessu sé svo greiddur „lágtollur", tilsvarandi við „lágtollinn" á ísl. kjötinu í Noregi. En sá tollur er sem næst norskar kr. 22.05 pr. tunnu á ákveðnu magni af saltkjöti. Samskonar lágtollur af einhverju tilsvarandi og minnkandi magni af hrásíld til söltunar og bræðslu, sem Norðmenn leggja hér á land, var sambærilegt grundvallarboð. Hefði sá lágtollur þá orðið um 30% af hrásíldarverðinu. Það hefðu orðið, miðað við verðlagið í fyrra, hér um bil 90 aur. af hverju síldarmáli til bræðslu, eða um 2 kr. af hverri hrásíldartunnu til söltunar. Þetta hefðu verið álíka sanngjörn tilboð frá beggja hálfu, ekki sízt þegar litið er til annara þeirra fríðinda, sem Norðmenn njóta hér við land. En í stað þess að svara tilboðum Norðmanna þannig á viðeigandi hátt, þá er það nú viðurkennt af samningamönnunum, að þeir hafa litið á málið fyrst og fremst út frá samkomulaginu frá 1924 og talið sig halda vel á málstað Íslendinga, svo framarlega, sem þeir stórspilltu ekki hlut þeirra frá því, sem gert var með því samkomulagi.

Þá skal ég víkja að þriðju afsökuninni, sem hv. þm. G.-K. færði fram fyrir samningsgerðinni. Hún er sú, að jafnvel þó ekki sé miðað við samkomulagið frá 1924, þá sé eigi hægt að banna Norðmönnum að selja í land 500—700 tunnur til söltunar af hverju skipi. Þennan rétt taldi hann Norðmenn hafa samkv. fiskveiðalögunum. Um þetta sagði hv. þm. G.-K. í ræðu sinni í gær: „Ég tel ólíklegt, að Íslendingum haldist það uppi að þrengja svo skilninginn á fiskveiðalöggjöfinni, að hægt sé að banna Norðmönnum að selja í land 500—700 tn. af skipi". Þessu til sönnunar vísaði hann til bréfs frá fyrrv. atvmrh., Klemens Jónssyni, til norska aðalræðismannsins í Rvík. Ég hefi spurzt fyrir í stjórnarráðinu um þetta bréf frá Kl. J. til norska ræðismannsins og fengið af því svo hljóðandi afrit:

Stjórnarráð Íslands.

20. maí 1922.

„Í erindi, dags. 16. þ. m., hafið þér, herra aðalkonsúll, spurzt fyrir um það, hvort erlendum fiskiveiðaförum sé samkv. l. um rétt til fiskiveiða í landhelgi, sem samþ. voru á síðasta Alþingi, heimilt að selja afla sinn hér í landi, hvort heldur hann sé síld eða önnur tegund fiskjar.

Út af þessu skal yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar, að erlendum fiskiveiðaförum mun ekki verða meinað að leita hafnar hér í landi til þess að selja ísl. ríkisborgurum afla sinn, ef ekki eru svo mikil brögð að slíkum sölum, að sölurnar sýni, að farið hafi stöð í íslenzkri höfn eða hafist þar við".

Hér er ekkert annað nefnt í bréfi ráðherrans til aðalkonsúlsins. En líklega hefir konsúllinn vitað um símskeyti frá bæjarfógetanum á Siglufirði til atvmrn. í Rvík, dags. 7. ágúst 1922, og svarið við því,

sem ég skal lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Símskeytið frá bæjarfógetanum á Siglufirði er svohljóðandi: „Nú saltar erlent skip síld fyrir utan landhelgi, en selur nokkuð af veiðinni í land ósaltaða, hvað mikið má álíta það megi selja í mesta lagi stop má erlent skip, sem ætlar að salta í sig 800 tn. og selja erlendum skipum utan landhelgi meira en 800 tunnur, selja hingað í land allt að 1500 tunnur. Ég spyr um álit ráðuneytisins, af því að um þetta fer svo eftir álitum, en engar fastar reglur fyrir, hvað erlent skip megi selja mikið". Bæjarfógetinn.

Þessu símskeyti svaraði ráðuneytið 9. ágúst á þessa leið:

„Hæfilegt virðist, að erlenda skipið, er um ræðir símskeyti yðar 7. ágúst, megi selja 500 til 700 tunnur síldar til íslenzkra ríkisborgara".

Hv. þm. G.-K. lýsti þessu svo í ræðu sinni í gær eins og þetta væri ekki skilyrðisbundið, heldur væri hér um almenna, skilyrðislausa heimild að ræða. Í bréfinu til aðalræðismannsins er ekkert ákveðið magn tilgreint, sem heimilt sé að selja í land; þar eru aðeins viðhöfð almenn orðatiltæki. Og í skeytinu til bæjarfógetans er heimildin bundin við það, að skipið hafi selt a. m. k. yfir 1600 tunnur beint til útlanda, áður en þetta leyfi fæst til sölu í land. Þessu gleymdi hv. þm. G.-K. í frásögn sinni í gær, og verð ég að segja, að slíkur málflutningur er ekki góður. Auk þess verður á það að líta, að símskeyti ráðh. til bæjarfógetans á Siglufirði getur á engan hátt bundið hendur stjórnar eða Alþingis í þessu efni gagnvart Norðmönnum, og hygg ég, að engum hafi dottið það í hug, nema ef vera skyldi þessum hv. þm. — og þó varla einu sinni honum.

Ég hygg, að ég hafi nú sýnt fram á það, að skilningur hv. þm. á fiskveiðalöggjöfinni er mjög fjarri sanni, ekki sízt þegar tekið er tillit til þess, að svo að segja öll þau ákvæði fiskveiðalaganna frá 1922, sem ekki eru samsafn eldri laga, eru sniðin eftir samskonar ákvæðum í Finnmerkurlögum Norðmanna, svo að það ætti að vera erfitt fyrir Norðmenn að kvarta undan þeim.

Þá skal ég víkja að samanburði á samkomulaginu frá 1924 og þessum samningi og sýna fram á, að hann er miklum mun verri, svo miklu verri, að það er mjög ótrúlegt, að samningsmenn okkar hafi gert sér fulla grein fyrir, hvað þeir voru að gera. Ég þarf ekki að nefna nema fátt eitt, því að það hefir verið gert af öðrum, svo sem hv. 2. þm. Reykv., og jafnvel hv. þm. G.-K. líka.

Ég skal þá fyrst víkja að 1. gr. samningsins, enda þótt ég játi, að hún skipti ekki mjög miklu máli, en samt er hún greinilegt spor í áttina. Samkv. þessari gr. er báðum norsku síldarverksmiðjunum leyft að starfa hér áfram. Hefir þó önnur þeirra, verksmiðjan á Raufarhöfn, verið reist og rekin um fjölda ára í fullu laga- og heimildarleysi. En nú á hún að löggildast eins og síldarmálin í Krossanesi.

Hitt atriðið er miklu stórvægilegra, að þessum verksmiðjum á nú að leyfa að hækka um 50% þann hluta síldar, sem þær kaupa af norskum skipum, eða úr 40 upp í 60%. Það er viðurkennt í grg., að þetta dregur úr sölumöguleikum ísl. skipa, sem nemur ca. 20 þús. málum síldar. Hv. þm. G.-K. sagði, að það væri aðeins 60 þús. kr. virði, og þótti ekki mikils um það vert. Ég skal að vísu viðurkenna, að þetta er ekki nema lítill keppur af öllu því slátri, sem samningamennirnir hafa borið á borð fyrir Norðmenn. Því hitt er enn verra, að í stað þess, að áður urðu verksmiðjurnar að gera samninga við ákveðinn fjölda skipa, sem ríkisstj. veitti þeim leyfi til að semja við, mega þær nú, samkv. samningunum, semja við **„eins mörg erlend fiskiskip eins og þær kynnu að óska,** um kaup á nýrri síld til bræðslu". Þetta getur nú ekki rýmra verið eða liðlegra gagnvart Norðmönnum. En þó er ekki allt hér með talið, því að það, sem yfir tekur, er, að samkv. 6. gr. veitir það eitt, að hafa gert samning um sölu á bræðslusíld, skipunum jafnframt rétt til að selja síld til söltunar í landi, upp í 1200 tunnur herpinótaskip og 700 tn. reknetaskip. Hvað leiðir af þessu? Með því að gera samninga — eða málamyndasamninga — við verksmiðjurnar um að selja þeim síld til bræðslu getur ótakmarkaður fjöldi skipa, eða allur skipafloti Norðmanna, sem veiðir hér við land og ekki fylgir móður-

skipum, fengið fullan rétt til þess að selja í land, auk bræðslusíldar, 1200 tn. í salt, ef þau hafa snurpunót, en 700 tn., ef þau hafa reknet. Norsku verksmiðjueigendurnir þurfa ekki annað en að semja um kaup á 100 eða jafnvel ekki nema 50 tn. af hverju skipi til þess að veita löndum sínum rétt til að selja 1200 tn. af síld í land til söltunar, ef þeim sýnist. Og ég tel engan vafa á, að norsku skipin noti sér þetta. Enginn Íslendingur né íslenzk stjórnarvöld hafa neitt við því að segja. Hv. þm. G.-K. þóttist vilja sýna fram á það í ræðu sinni í gær, að þetta mundi ekki nema meiru en ca. 25 þús. tunna viðbót af öllum norska flotanum í hæsta lagi. Réttur Norðmanna til að selja bræðslusíld er aukinn um þriðjung, og næstum tvöfaldað magn saltsíldar, sem þeir mega selja hér. Ég fullyrði ekki, hvað þeir muni gera, heldur hver réttur þeirra er samkv. samningnum. Þetta skal ég sýna með tölum.

Sé gert ráð fyrir, að Norðmenn hafi um 200 veiðiskip hér við land og að 70 þeirra hafi reknet og selji hér 700 tunnur hvert, og 130 skip 1200 tunnur hvert, þá er það samtals 205 þús. tunnur. Eða ef 150 skip hefðu herpinót og seldu í land 1200 tn. hvert, samtals 180 þús. tn., og 50 skip legðu upp 700 tn. hvert, samtals 35 þús. tn., væru það samtals 215 þús. tn. Til samanburðar við þetta má minna á það, að mesta síldarsöltun hér á landi á einni vertíð hefir verið 250 þús. tn. Þar við bætist, að ég hygg, að nokkur ástæða sé til að ætla, að Norðmenn fjölgi mjög síldarskipum sínum hér við land, ef samningurinn verður samþ., af því þeir líta svo á, að afkomuhorfur þeirra batni þó stórlega. Þeir geta þá haft vel verkaða síld úr landi, til viðbótar miður verkaðri síld um borð í skipum. Jafnhliða fjölgun norsku veiðiskipanna og aukinni síldarsölu þeirra í landi verður ísl. skipum smám saman ofaukið. Gangurinn verður þessi:

1. Við það, að Norðmenn leggja meira af afla sínum á land, minnka sölumöguleikar fyrir ísl. veiðiskipin, þeim fækkar, sem síldveiðar stunda, og atvinnuleysi eykst hjá ísl. sjómönnum.

2. Skipum Norðmanna hér við land fjölgar vegna bættrar aðstöðu og aukinna möguleika til að selja aflann í land. Af fjölgun skipanna leiðir það, að meira verður saltað um borð en ella, en af því leiðir aftur, að þegar frá líður minnkar söltun í landi og þar með vinna verkafólks, sem síldarverkun stundar.

Og hvernig á að hafa eftirlit með skipum, sem hafa samninga um sölu á síld til bræðslu, að þeir samningar séu eigi aðeins gerðir til málamynda, til þess eins að fá aðstöðuna til að selja 1200 tn. síldar í land til söltunar? Og hvernig á að fyrirbyggja, að skip, sem hefir fengið að selja í land síld til söltunar, allt að 1200 tunnum, skreppi út fyrir landhelgislínuna og selji í móðurskip aftur? (ÓTh: Hvernig á að koma í veg fyrir, að lög og reglur séu brotnar?) Það á vitanlega að gera með því að leggja einhver víti við. En í samningnum eru engin viðurlög við því, ef Norðmenn seilast til að fara á snið við ákvæði samningsins. Og þá er komið aftur að því, sem Björn Líndal lýsti svo ömurlega á Alþingi 1926, leppmennskunni og fylgifiskum hennar. Hv. þm. G.-K. spurði í gær, hverjir keyptu síldina af erlendu skipunum. Það gera vitanlega lepparnir. Gangurinn verður þessi: Skip kemur upp með 2000 tómar tunnur, selur einhverjum málamyndakaupanda 1000 tunnur og síðan síld í þær, en saltar hitt um borð í skipinu. Seinna kaupir útgerðin aftur af þessum sama manni þessar 1000 tn., þegar skipið fer heimleiðis.

Ég efast ekki um, að hv. þm. G.-K. þekkir svo vel til síldarverzlunar, að hann skilur þetta mætavel.

En svo er eitt enn athugavert í sambandi við þessa 6. gr. samningsins; en það er, að ef Íslendingar torvelda söluheimild Norðmanna með sérstökum laga-ákvæðum eða fyrirmælum yfirvalda, þá getur norska stj. hvenær sem er sagt upp kjöttollsívilnununum með aðeins þriggja mán. fyrirvara. Þannig ætla Norðmenn að sjá við þeim leka, að þeir verði ekki aftur útilokaðir eins og 1928, t. d. með nýjum einkasölulögum.

En fari svo, að ófögnuðurinn í síldarverzluninni komist á svipað stig og árið 1927, svo að jafnvel íhaldsmenn sjái ekki annað ráð en það, sem þá var gripið til, þá skilst mér, að slík lög myndu nú hafa í för með sér lokun kjötmarkaðsins í

Noregi. Í sambandi við þetta vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. G.-K., hvað átt sé við með orðinu „torveldun" í 6. gr. Er það torveldun, ef neitað er um erlendan gjaldeyri fyrir síld, sem einhver segist vilja kaupa af norsku skipi? Það væri gott að fá það skýrt nánar.

Afleiðingarnar af þessari samningsgerð eru nú þegar farnar að koma í ljós. Ísl. sjómenn og síldarútvegsmenn sjá voðann. Mótmæli gegn samningnum drífa að hvaðanæfa. Fullyrt er, að kryddsíld sé nú boðin til sölu í Svíþjóð fyrir kr. 13—13,50 tunnan, í stað þess, að í fyrra var verðið samkv. fyrirframsamningum kr. 16—16,50, miðað við innihald.

Í gær átti ég tal við útgerðarmann á Norðurlandi, sem gerði út 4 skip á síld í fyrra og keypti síld af 10 skipum öðrum, sem hann gerði samninga við. Hann kvaðst ekki mundu gera samninga við nokkurt skip fyrir næsta sumar og óvíst, hvort hann mundi þora að gera út sjálfur, og þessi sama saga heyrist úr fleiri stöðum.

Margir munu kannast við það, að undanfarin sumur hafa íslenzk síldveiðiskip legið við bryggjur á Siglufirði og í Krossanesi í tugatali dögum saman, allt upp í viku eða lengur, og beðið eftir afgreiðslu, þegar uppgripaveiði var úti fyrir. Síldin rotnar þá í kösum í skipunum, og allan þennan tíma, sem beðið er eftir afgreiðslu, gætu skipin aflað svo að skipti mörgum þúsundum mála.

Það er vitað, að fjöldi reknetabáta er hættur við síldveiðar vegna erfiðleika á sölu.

Ekki er útgerðarmönnum þessara skipa og báta gert léttara fyrir með samningnum. Þvert á móti. Með ráðnum huga á að svipta þá sölumöguleikum, sjómennina atvinnu- og sjálfsbjargarmöguleikum.

Það vantar mikið til, að ég hafi talið upp alla þá galla, sem eru á samningnum. Ég hefi t. d. ekki nefnt það, að með honum er í raun réttri landhelgisgæzlan að engu gerð gagnvart Norðmönnum. En á það hafa aðrir bent, t. d. hv. 2. þm. Reykv. En af því, sem ég nú hefi sagt, tel ég sýnt, að það sé með öllu ógerlegt að samþ. þetta frv. um staðfestingu samningsins. Þinginu er skylt að fella það umsvifalaust. En þá er að athuga, hvað í húfi er fyrir okkur Íslendinga. Það saltkjötsmagn, sem leyfilegt yrði að flytja til Noregs af þessa árs framleiðslu samkv. samningnum, eru 11500 tunnur. E. t. v. yrði mikill hluti þess kjöts útilokaður frá markaði í Noregi, ef samningurinn yrði felldur. Hæstv. atvmrh. áætlaði verð þess samtals ca. 500 þús. kr. í ræðu sinni í gær. Er hægt að bæta bændum þetta upp á annan hátt og forða þeim frá því skakkafalli, sem af samningsslitum kynni að leiða? Ég tel, að það eigi að vera aðalstarf þingsins í sambandi við frv. það, sem nú er til umr., að finna ráð við því. Umr. og nefndarstörfin ættu að beinast að því fremur en samþykkt samningsins, því að hann er okkur sæmilegast að fella nú þegar. Bent hefir verið á ýmsar leiðir í þessu efni. Má í því sambandi minna á frv. hv. þm. Str. frá 1924, um að láta Norðmenn borga a. m. k. allverulegan hluta þess fjár, með því að hækka tolla á norskar vörur og skattleggja siglingar þeirra að og frá landinu. Ennfremur að skattleggja atvinnurekstur þeirra hér, svo sem síldarbræðslustöðvarnar. Yrði þó, ef tekjuvon ætti að vera af þessum ráðstöfunum, að sigla bil beggja, hafa tollana ekki svo háa, að þeir útilokuðu Norðmenn með öllu; en hinsvegar svo verulega, að landsmönnum væri í þeim mikil vernd.

Þá má og benda á frv. hv. þm. Ak., um að tolla fisk og síld, sem Norðmenn selja hér í land. Loks vil ég geta þess, að ég tel ekki, að útilokað sé, að sjávarútveginum íslenzka yrði gert í bili að leggja eitthvað af mörkum í þessu skyni. Hæstv. atvmrh. virtist að vísu í gær í ræðu sinni vilja gera gys að þeirri hugmynd, að sjávarútvegurinn væri þessa megnugur, og taldi efnahag og afkomu útgerðarmanna flestra benda í allt aðra átt. Ég tel óþarft af hæstv. ráðh. að gera gys að þessari hugmynd eða hlakka yfir örðugleikum sjávarútvegsins. Upphæð, sem litlu nemur fyrir sjávarútveginn, getur haft stórmikla þýðingu fyrir landbúnaðinn, vegna þess, að velta sjávarútvegsins er svo margföld á við veltu landbúnaðarins. Ég verð að játa, að ég er ekki við því búinn að gera nú grein fyrir ákveðnum

tillögum um þetta efni. Tel það sjálfsagt verkefni fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar. Mætti það teljast hörmulegt úrræðaleysi, ef n. leggur sig fram og vill vinna að þessu, ef henni ekki tækist að benda á færar leiðir til þess að bæta bændum hallann í eitt ár.

Mér dettur ekki í hug, að til slíkra ráðstafana þyrfti að grípa nú fyrir meira en eitt ár, og tel jafnvel óvíst, að til þeirra mundi þurfa að grípa.

Norðmenn hafa hér svo mikilla hagsmuna að gæta, að mér þykir afarólíklegt, að þeir óski að taka upp tollstríð við okkur Íslendinga, þótt ég telji varlegra að vera við því búinn, að kjötsala til Noregs yrði heft eða gerð stórum erfiðari um eitt ár. Samkv. samningnum eigum við að hafa rétt til að flytja inn 11½ þús. tunnur til Noregs af þessa árs kjötframleiðslu, með þessum svokölluðu lágtollakjörum, 22 norskar kr. á tunnu. En ég hefi það fyrir satt, að útflutningur af fyrra árs framleiðslu hafi ekki orðið yfir ca. 7000 tunnur, og mun verðið hafa verið um 60 kr. fyrir innihaldið í tunnunni.

Mér telst því svo til, að ekki þyrfti nema um ½ millj. kr. til að bæta bændum skaðann, og tel, eins og áður segir, það meira úrræðaleysi en þinginu er sæmandi, ef ekki finnast leiðir til að leggja fram eitthvað nálægt þeirri upphæð. Álít heldur ekki ástæðu til að telja saltkjötið verðlaust með öllu, þótt það komist ekki undir þennan svokallaða lágtoll í Noregi.

Hv. þm. G.-K. vildi afsaka samningsmennina með því, að bændastjórn hefði farið með völdin í Noregi þegar samningarnir fóru fram. Hún hefði verið mótfallin öllum kjötinnflutningi, vegna sinna stuðningsmanna. Nú er þeim steini rutt úr vegi. Ný stjórn hefir tekið við völdum í Noregi undir forustu Mowinckels, og styðst hún einmitt við þær stéttir, sem mestan hagnað hafa af viðskiptum við okkur Íslendinga, siglingum og veiðiskap hér við land. Þessi nýja stjórn hlýtur því að taka ennþá meira tillit til hagsmuna þessara stétta og leggja kapp á, að ekki verði lokað fyrir sölu norskra vara, svo sem veiðarfæra, tunna, mótorvéla, áburðar o. fl. o. fl., hingað til lands.

Áburður hefir verið keyptur frá Noregi undanfarin ár fyrir hátt á þriðja hundrað þús. kr. árlega. Vafalaust gætum við fengið þessar vörur annarsstaðar frá, t. d. frá Englandi og Þýzkalandi, og tunnur og mótorvélar ættum við að geta smíðað sjálfir.

Nei, Norðmenn hafa sízt minni hagsmuna að gæta en við í sambandi við þessa samninga. Þvert á móti meiri, miklu meiri.

Að lokum vil ég svo færa til ummæli tveggja merkra manna um samninginn. Hinn fyrri er forsrh. Norðmanna, Mowinckel. Lætur hann svo um mælt, og eru orðin tilfærð samkv. þýðingu Morgunbl. 12. þ. m.: „Því verður eigi neitað, að af samkomulaginu leiðir talsverða fórn, **einnig** af hálfu Norðmanna". — Þetta þýðir á venjulegu íslenzku máli, að aðalfórnin sé af Íslendinga hálfu, — að það séu fyrst og fremst Íslendingar, sem samkv. samningnum leggi fórnina fram. Þetta er og að minni hyggju alveg laukrétt.

Hinn maðurinn er Jón Árnason framkvæmdarstjóri S. Í. S., sá hinn sami, er ásamt Ólafi Thors starfaði af Íslendinga hálfu að samningagerðinni. Hann segir í „Tímanum" 11. þ. m., að það sé hagsmunamál Íslendinga sjálfra að takmarka kjötinnflutning til Noregs, og „þess vegna áttu Íslendingar upptökin að því að bjóða Norðmönnum að takmarka sjálfir innflutninginn og láta hann fara minnkandi niður að tilteknu lágmarki. **Þessi uppástunga fékk góðan róm í Noregi** og var ein af meginástæðunum fyrir því, að samningar tókust".

Þessi yfirlýsing sýnir ágætlega, með hverjum hug íslenzku samningamennirnir hafa unnið að samningsgerðinni. Mér er að vísu óskiljanlegt, að við hefðum þurft að kaupa það dýrt af Norðmönnum, bændastjórninni, að fá að takmarka kjötinnflutninginn til Noregs. Ég hélt, að okkur væri þetta í sjálfsvald sett. En samningamennirnir hafa sýnilega verið annarar skoðunar. Þeir hafa ekki horft í það að kaupa leyfi til að draga úr og takmarka innflutning og sölu á íslenzku saltkjöti til Noregs, með því að auka stórkostlega, næstum því ótakmarkað, það síldarmagn, er Norðmenn fái rétt til að selja hér í land. — Þarna virðist mér

starfi samningamannanna rétt lýst, og það einmitt af þeim þeirra, sem sennilega hefir meira kveðið að. — Lýsingin er vel við hæfi.

**Guðbrandur Ísberg:** Hæstv. forseti! Ég álít rétt að taka það fram nú þegar, að ég tala ekki hér í kvöld f. h. Sjálfstæðisflokksins, þó flokkurinn hafi eftir beiðni minni góðfúslega eftirlátið mér nokkuð af þeim ræðutíma, er hann hefir yfir að ráða.

Eins og hv. þm. G.-K. gat um í útvarpsumr. í gærkvöldi, er ég því mótfallinn, að samningurinn við Norðmenn, sá er nú liggur fyrir, verði samþ. Það, að ég er mjög óánægður með samninginn, samfara því, að ég er þm. þess kjördæmis, sem fríðindaákvæði samningsins til handa Norðmönnum snerta mest, gaf mér tilefni til að æskja þess, að mér gæfist kostur á að koma fáeinum orðum að í þessar útvarpsumr. frá sjónarmiði útgerðarmanna og sjómanna, og þá sérstaklega þeirra, er síldarútgerð stunda.

Í útvarpsumr. í gærkvöldi var efni samnings þess, er hér um ræðir, rakið allnákvæmlega. Fyrst af hv. þm. G.-K. og síðan af hv. 2. þm. Reykv., sem um leið benti á ýmsa galla samningsins. Ég mun því ekki eyða mínum takmarkaða ræðutíma í að rekja allt efni samningsins, heldur aðeins benda á þau atriði í sambandi við hann, er ég tel mestu máli skipta. Kemur þá einkum til álita: Í fyrsta lagi aðstaða vor Íslendinga til þess að ganga til samninga við Norðmenn. Í öðru lagi: hvaða fríðindi samningurinn veitir og í þriðja lagi: hverju við verðum að fórna fyrir þessi fríðindi.

Þennan samanburð er óhjákvæmilegt að gera. Og komi það þá í ljós, að fríðindin séu mjög miklu minni en fórnin, þá fullyrði ég, að engin skynsamleg rök mæli með því, að samningurinn verði samþ.

Þegar samningnum eða samkomulaginu frá 1924 var sagt upp af hendi Norðmanna á öndverðu síðasta þingi, og Norðmenn jafnframt ákváðu að hækka svo toll á íslenzku kjöti, að ógerlegt var með öllu að selja kjöt til Noregs, þá hefði vitanlega legið næst að fara eins að gagnvart Norðmönnum, og byrja t. d. með því að leggja hlutfallslega jafnhátt innflutningsgjald á nýsíld og gera Norðmönnum á þann hátt raunverulega ókleift að selja síld hér í land, hvort heldur var til bræðslu eða söltunar. Ég harma það, að vér Íslendingar skyldum eigi bera gæfu til að stíga þetta skref, og jafnvel lengra í sömu átt. Það hefði átt að nægja til að skapa fullan skilning bæði Norðmanna og Íslendinga á því, að þá var fengið hreint borð á milli þjóðanna, samningar engir, útilokunartollar hjá báðum, en réttmætt að leita samninga á ný, eins og hagsmunaviðhorf þjóðanna þá var, en hinsvegar ekki rétt að einblína eingöngu á samkomulagið við Norðmenn frá 1924, sem fallið var úr gildi fyrir uppsögn, og sem var orðið okkur Íslendingum óhagstætt, að óbreyttri tollalöggjöf, þótt það í fyrstu kunni að hafa verið mjög vel viðunanlegt.

Innflutningstollur Norðmanna á ísl. saltkjöti er verndartollur og ekkert annað. Hvað lá þá nær en það að athuga, hvaða verndartollum við gætum beitt gagnvart þeim.

Hv. 2. þm. Reykv. benti réttilega á það í gærkvöldi, hve óvenjulega óhagstæðan verzlunarjöfnuð við höfum gagnvart Norðmönnum. Hann benti á, að við hefðum flutt inn frá Noregi 1930, — en verzlunarskýrslurnar ná til þess árs og eigi lengra — vörur fyrir 7,7 millj. kr., en flutt þangað vörur fyrir 4,9 millj. Við þetta er þó það að athuga, að vörur þær, er við flytjum inn frá Noregi, kaupum við allar til eigin nota, og það er svo að segja eingöngu norsk framleiðsla. En þær vörur, sem við flytjum til Noregs, eru fyrst og fremst síldarmjöl og síldarlýsi, er Norðmenn hafa sjálfir framleitt hér og flytja heim til sín; auk þess nokkuð af lýsi, sem þeir selja út úr landinu aftur, væntanlega með ágóða. Annað er ekki hægt að telja, að þeir kaupi af okkur nema kjötið. Það er sú aleina vara, er Norðmenn kaupa af okkur til eigin nota. Nam sá útflutningur 1930 rúmum 2 millj. kr., en í ár mun hann hafa verið kominn niður í ca. 700 þús. kr.

Því verður ekki neitað með rökum, að 7,7 millj. kr. innflutningur norskra vara gefur margvísleg tilefni til tollálagningar af okkar hálfu, ef við vildum svo

við hafa. Má t. d. nefna jarðepli, sem við kaupum mikið af frá Norðmönnum. Væri sannarlega sæmra að kaupa þau frá Dönum, tollfrjáls þaðan, á meðan þörf er fyrir þá vöru og ísl. kjöt er að mestu eða öllu undanþegið tolli í Danmörku.

Auk hagnaðar af vörusölu hingað til lands fá Norðmenn, að kunnugra manna sögn, farmgjöld frá okkur árlega, er nema ca. 5 millj. kr. Og ég hefi fulla ástæðu til að ætla, að Norðmenn vilji ekki missa þau viðskipti, því þegar ísl. útgerðarmenn fyrir nokkru keyptu fiskflutningaskipið „Heklu“ ætluðu sum norsk blöð alveg að rifna af óhemjuskap yfir slíku tiltæki.

Loks má nefna þann verksmiðjurekstur, sem Norðmenn hingað til hafa haft hér á landi, og mun að ósekju mega líta svo á, að þar hafi Norðmenn einnig nokkurra hagsmuna að gæta, sem þeim stendur ekki á sama um.

Þegar ég tek tillit til þessara atriða allra, er ég nú hefi minnzt á, þá finnst mér alveg furðulegt — og óskiljanlegt, að við skyldum ekki geta fengið þau mjög svo takmörkuðu fríðindi, er í norska samningnum felast, fyrir mjög miklu minni fórn en þá, sem af okkur er krafizt.

Það var rakið hér í gærkvöldi allýtarlega, hver þau fríðindi væru, sem Norðmenn bjóða okkur, og þarf ég því eigi að fullyrða um það atriði. Hitt vil ég leyfa mér að benda á, að Norðmenn skuldbinda sig eigi til þess að kaupa eina einustu tunnu af kjöti frá okkur. Hinsvegar undanþiggja þeir með samningunum tiltekna, mjög takmarkaða, tunnutölu hámarkstolli. Á hinn bóginn er það vitað, að Norðmenn framleiða nú þegar nóg kjöt handa sjálfum sér, og þess vegna benda allar líkur í þá átt, að eigi verði einu sinni unnt að selja í Noregi þá tunnutölu, sem leyft er að flytja inn með lágmarkstolli. Í haust munu hafa verið fluttar til Noregs 6—7 þús. tunnur af saltkjöti. Og sölu þessa kjöts mun ekki lokið ennþá. En jafnvel þó norski saltkjötsmarkaðurinn hefði þolað meira í haust, er síður en svo líklegt, hvað þá heldur víst, að hann þoli 6—7 þús. tunnur næsta haust. Nú er það vitað, að fé var óvenju rýrt í haust sem leið og auk þess slátrað miklu færra fé en venjulega, vegna fjárfjölgunar í mörgum mestu sauðfjárhéruðum landsins. Góður heyafli og lágt verð á kjötinu freistaði manna til að fjölga fénu í von um, að eitthvað kynni úr að rætast. Hið sama skeði haustið áður. En þetta getur ekki gengið svo til lengdar. Næsta haust má búast við, að á markaðinn komi miklu meira af saltkjöti en unnt verður að selja — að óbreyttum freðkjötsmarkaðinum. En bætist það nú við, sem menn óttast mjög, að freðkjötsmarkaðurinn færist saman, allt að því um helming, þá er svo lítið unnið fyrir ísl. bændur með norsku samningunum, miðað við þörf þeirra, að ég tel ekki rétt að fórna síldarútveginum fyrir þau fríðindi. Það þarf þá hvort sem er að leita einhverra óvenjulegra úrræða til þess að gera kjötið að markaðsvöru, t. d. með því að reisa niðursuðuverksm. til þess að sjóða kjötið niður, eins og frændur vorir Danir nú gera, og flytja auk þess fé út lifandi, ef þess væri kostur.

Nú vil ég með nokkrum orðum taka til athugunar fórnarákvæði samningsins — hvaða fríðindi við eigum að veita Norðmönnum samkv. samningnum. Og í því sambandi vil ég taka fram, að í hreinu tollsamningamáli, sem hér liggur fyrir, tek ég að sjálfsögðu ekkert tillit til hinna uppsögðu samninga frá 1924. Ég geng fram hjá því, sem minna er um vert, en tek þau þrjú atriði til athugunar, sem ég tel verulegu máli skipta.

Samkv. 2. gr. er norsku verksmiðjunum heimilað að kaupa 60% af bræðslusíldarþörf sinni. Má gera ráð fyrir, að hér sé a. m. k. um 80 þús. mál síldar að ræða, og þrengist bræðslusíldarmarkaður innlendra manna að sama skapi. Í 6. gr. er Norðmönnum heimiluð sala síldar í land til söltunar, sem þeir, er til þekkja, vita, að vel getur numið 150—200 þús. tunnum, eða nálega eins miklu og við nú flytjum út af saltsíld. Þetta er að mörgu leyti óheppilegt og háskalegt. Í fyrsta lagi rýrir þetta nýsíldarsölumarkað innlendra manna, útgerðarmanna og sjómanna. Í annan stað má ganga út frá, eftir reynslu fyrri ára, að Norðmenn semji við innlenda menn, að salta síld fyrir þá á eigin nafni. Slíkt er eigi unnt að fyrirbyggja, en þetta veldur því aftur, að þýðingarlaust

er fyrir ísl. útgerðarmenn að hafa samtök um söltunina, í því skyni að koma í veg fyrir offramleiðslu. Í þriðja lagi má telja víst, að Norðmenn leggi áherzlu á að fá síld sérverkaða í landi til útflutnings á þann markað, Þýzkalands og Póllandsmarkaðinn, sem Íslendingum er sárast um, að af þeim sé tekinn eða eyðilagður með undirboði.

Norðmenn geta eigi verkað þessa teg. síldar á hafi úti, svo nokkru nemi. Til þess þarf of mikla vinnu, og auk þess þarf mikla nákvæmni við ápökkun og vigt, sem næstum ómögulegt er að eiga við úti á rúmsjó, og loks þolir þessi teg. síldar illa geymslu. Sú verkunaraðferð, sem hér um ræðir, er aðeins 5—6 ára gömul hér á landi, eftir því sem kunnugir menn hafa tjáð mér. En hún hefir farið mjög í vöxt, og nú er svo komið, að Íslendingar geta gert sér góðar vonir um vaxandi sölu og vaxandi verð, því enn er skozk síld, sem seld er á sama markaði, seld því nær helmingi hærra verði. Rúmar 70 þús. tunnur voru seldar til Þýzkalands og Póllands síðastl. sumar. Hér er því um mjög mikið hagsmunamál að ræða fyrir íslenzka síldarútvegginn, ekki sízt þegar þess er gætt, að sala síldar til Svíþjóðar, sem fram að þessu hefir verið aðalkaupandi okkar af saltsíld, hefir minnkað ár frá ári. Og búast má við, að Danir, vegna örðugleika þeirra, er þeir nú eiga við að búa, kaupi minna af síld á sumri komanda en verið hefir. Af öllu þessu er ljóst, að íslenzkum útgerðarmönnum og sjómönnum er það mikið hagsmunamál, að síldveiðunum hér á landi verði eigi búin bein banaráð, á þann hátt, sem samningurinn við Norðmenn heimilar, ef samþ. verður. Hve mikla hagsmuni eða líklega réttara hagsmunaspjöll hér er um að ræða, má marka nokkuð af því, að einn af þekktustu útgerðarmönnum þessa lands hefir sagt við mig, að hann vildi fyrir sitt leyti heldur en samþ. samninginn við Norðmenn, ganga inn á aukinn bráðabirgðaútflutningstoll á síld og gjald af bræðslusíld, er til samans mundi nema 200—300 þús. kr., miðað við meðalveiði, og er þó síldarútvegurinn sú atvinnugrein, er tiltölulega þyngstar tollálögur hefir að bera. Vil ég í þessu sambandi leyfa mér að benda hæstv. atvmrh. á, að orð þau, er hann lét falla hér í gærkvöldi um það, að bændur mundu fyrst vilja fá að sjá það fé, er útgerðarmenn teldu sig reiðubúna að láta af mörkum vegna nauðsynar kjötframleiðenda, voru í fyllsta máta óviðeigandi og honum ósamboðin.

Þá er enn eftir ein grein samningsins, sem sannarlega er vert að minnast á, og það er 12. gr., sem snýr að landhelgisgæzlunni. Hv. 2. þm. Reykv. drap á það í gærkvöldi, hversu allar tilslakanir á þessu sviði væru hættulegar. Ég er honum sammála um það. Því hefir aftur á móti verið haldið fram af öðrum, að hér væri eigi um annað eða meira að tala en lögfestingu á því, sem áður hafi verið viðtekin venja. Ég er ekki alveg viss um, að þetta sé hárrétt. En þó svo væri, þá er ég nú samt þeirrar skoðunar, að nokkur munur sé jafnan á venju og beinu lagaákvæði. Óskráðar venjur, jafnvel þó haldnar séu sem lög, verður ekki bent á, á sama hátt og skráð lög. Ég vil leyfa mér að benda á nærliggjandi dæmi til skýringar. Það er föst venja hér á landi, a. m. k. í sveitum, að bjóða og veita gestum, sem að garði bera, einhverskonar beina, ef þeir vilja þiggja. Þetta þykir alveg sjálfsagt. En það þætti áreiðanlega ekki sjálfsagt að fara að lögfesta þennan rétt, gestum til handa. Þá væri eigi lengur um gestrisni að ræða, heldur uppfyllingu skyldukvaðar.

En það, sem sker úr um þetta efni, er þó það, að tilvera greinarinnar sjálfrar sýnir, að Norðmenn hafa ekki talið þetta atriði þýðingarlaust. Ákvæðið er áreiðanlega ekki komið þarna inn fyrir atbeina íslenzku nefndarmannanna. Ég hefi þvert á móti ástæðu til að ætla, að það sé komið inn, þrátt fyrir mótróður þeirra. Öll undanlátssemi á þessu sviði getur orðið stórhættuleg, jafnvel þó hún í sjálfu sér verði að teljast fremur smávægileg. Hér er samningurinn teygður af Norðmönnum inn á svið þjóðarréttarins. En á því sviði á engin eftirgjöf að liðast. Það vona ég, að allir Íslendingar séu a. m. k. sammála um.

Ég hefi nú bent á, að þau fríðindi, sem Norðmenn bjóða okkur með tollívilnun, eru engin lausn á vandræðum bændastéttarinnar íslenzku, er af kjötfram-

leiðslunni stafa. Það skal fúslega játað, að þessi fríðindi eru nokkurs virði, en ég get ekki séð, að þau séu þess virði, sem krafizt er fyrir þau, og þess vegna mun ég greiða atkv. gegn samningnum. Sé þeim hafnað, er að vísu um leið lokið hinum óverulega og þverrandi markaði fyrir íslenzkt saltkjöt í Noregi. En þá getum við byrjað með því að loka á sama hátt fyrir allan flutning erlendrar veiði hér á landi. Næsta skrefið gæti svo eftir atvikum orðið það, að bægja Norðmönnum frá allri flutningastarfsemi hér við land. Og loks mætti orða að leggja toll á allar norskar vörur, um leið og heimild væri gefin að undanþiggja sömu vörur tolli frá þeim þjóðum, sem veittu okkur tollívilnanir í staðinn. Mundi þess þá tæplega langt að bíða, að Norðmenn byðu betri boð.

Hæstv. forsrh. tók það fram í útvarpsumr. í gærkvöldi, að við hefðum þegar notið góðs af tollívilnun Norðmanna. Þetta mun vera rétt. En ég vil þá jafnframt leyfa mér að benda honum á, að Norðmenn hafa líka notið góðs af því, að njóta hér fullra réttinda samkv. samningum frá 1924 síðastliðið sumar þrátt fyrir það, þó hann væri fallinn úr gildi. Fæ ég ekki betur séð en að þetta geti mætt hvað öðru, svo að við stöndum ekki í neinni óbættri skuld við Norðmenn.

Og loks þetta: Ég vil ekki að óreyndu trúa því, að þegar sé ákveðið, að samninginn skuli samþ. Ég vil þvert á móti vona, að hann verði ekki samþ. Og sú er trú mín, að þeir muni verða æ fleiri og fleiri, er sjá og viðurkenna, að með þessum samningi sé bæði frá hagsmunalegu og þjóðarréttarlegu sjónarmiði séð svo langt gengið, að slíkt megi ekki við una. Og það er annað, sem þjóðin mun fljótlega sjá og skilja, hafi hana skort skilning á því áður, og það er, að okkur ber nauðsyn og skylda til að standa vel á verði gagnvart frændum vorum, Norðmönnum.

**Bjarni Ásgeirsson:** Herra forseti! Ég ætla mér ekki að fara að halda því fram, að þeir samningar, sem hér liggja fyrir, séu gallalausir. Ef við Íslendingar hefðum ráðið því einir, hvernig þeir voru, þá mundu þeir líta öðruvísi út, en þá væru þeir ekki „samningar".

Ég ætla ekki heldur að fara á neinn hátt að bera blak af frændum vorum Norðmönnum gagnvart þeim ummælum, sem í garð þeirra hafa fallið á Alþingi og utan þings fyrir ásælni þeirra gagnvart okkur. Þetta er þeirra utanríkispólitík og kemur jafnt fram gagnvart okkur Íslendingum eins og öðrum, þó að þeir persónulega séu vinveittari okkur en nokkurri annari þjóð.

Þrátt fyrir þetta leyfi ég mér að halda því fram, að eins og sakir standa sé óverjandi að hafna þessum samningum nú eins og þeir liggja fyrir. Ég hefi haft tækifæri til að fylgjast ofurlítið með þessum samningum gegnum starfsemi mína í utanríkismálanefnd, og ég leyfi mér að fullyrða, að samningamennirnir af okkar hálfu hafa komizt eins langt og mögulegt var. Það hefir verið talað um það, að aðstaða okkar til samninga við Norðmenn hafi verið betri nú en 1924. Þetta er rétt að vissu leyti, að því leyti, að verzlunarjöfnuður okkar gagnvart Norðmönnum er okkur ennþá hagstæðari nú en hann var þá, en það eru fleiri atriði, sem koma til greina og miklu máli skipta. Fyrir 1924 þurftu Norðmenn kjötsins við, en nú eru þeir á góðum vegi með að fullnægja sjálfum sér hvað kjötframleiðsluna snertir og keppa eftir því. Það er alveg hárrétt, sem hv. þm. G.-K. hefir haldið fram, að eitt hið örðugasta í þessu efni var að þurfa að semja við fulltrúa norskrar bændastjórnar, því að ekkert land á Norðurlöndum hefir jafnötullega gengið fram í því að tryggja innlendum bændum allan þann markað, sem til er í landinu. Það er nú svo komið, að norskir bændur sitja að öllum þeim markaði, sem til er í Noregi. Síðan kjöttollssamningurinn frá 1924 var gerður hafa norskir bændur lagt það mikið kapp á að fullnægja öllum kjötmarkaði þar í landi, að þeir eru komnir það langt á þessari braut, að ekki vantar nema herzlumuninn, svo mikla pressu hafa þeir lagt á þetta.

Það er enginn vafi, að okkar samningamenn hafa átt við mikla erfiðleika að etja, því að aðstaðan er að því leyti verri nú en 1924, að þá þurftu Norðmenn kjötsins við, en nú ekki. Hitt er annað

mál, að fáist leyfi til að flytja ísl. kjötið inn í landið, þá mun það verða keypt jöfnum höndum og oftlega tekið fram fyrir það norska.

Ég skal segja það, að undir venjulegum kringumstæðum hefði það ekki verið fjarri mínu skapi að taka harðari tökum á þessu máli og reyna kraftana við Norðmenn, og hefði ég viljað vinna það til, að nokkur stríðskostnaður hefði orðið; en ég er jafnákveðinn í að samþ. þessa samninga nú eins og þeir liggja fyrir.

Við skulum athuga ástandið, hvernig það er nú fyrir ísl. bændum. Eins og sumir hv. þm. hafa talað í þessu máli hér á Alþ. má ætla, að þeim sé það ekki vel ljóst. Fyrst og fremst ganga nú yfir þetta land eins og fleiri þær raunir, að ég þori að fullyrða, að ísl. bændur hafi aldrei átt jafnerfitt að halda sér föstum á torfunni; aldrei átt jafnerfitt með að verjast því að flosna upp vegna verðfalls á afurðum þeirra. Ef svo ofan á þessa baráttu bætist verzlunarstríð við Norðmenn og Englendinga, sem hefði það í för með sér, að aðalútflutningsvara bændanna yrði útilokuð þar að nokkru eða öllu leyti, þá ætti öllum sjáandi mönnum að vera ljóst, hvert alvörumál er hér á ferðinni.

Við vitum ekki hvernig fer um samninga Íslands við England, nú eftir Ottawasamþykktina. Við verðum að vona það bezta, enda þótt við vitum, að samningar hafa t. d. í bili strandað milli Dana og Englendinga. Ef við getum búizt við, að kyrrsettur verði meiri hl. þess kjöts, sem við höfum áður selt til Englands og að lokað verði fyrir markaðsmöguleika í Noregi, þá veit ég ekki, hvar hv. þm. ætla sér að koma fyrir kjöti því, er við framleiðum. Sumir hv. þm. hafa verið að tala um, að það þyrfti að bæta bændum upp það tjón, er þeir yrðu fyrir, ef sviptir yrðu kjötmarkaði í Noregi, sem verða myndi, ef samningarnir næðu ekki samþykki þingsins. En mér er ekki kunnugt um, að ástæður séu svo hjá íslenzkum atvinnurekendum, að þeir geti bætt á sig byrðum. Ég vildi a. m. k. fá tryggingu fyrir því, að þetta væri mögulegt, áður en ég gæti fallizt á, að samningum þessum yrði hafnað. Má vera, að það komi á daginn, að mögulegt sé og hagur fyrir íslenzku útgerðina að veita bændum þau fríðindi, sem tekin myndu af þeim með því að fella samninginn, en áður en það er sýnt, mótmæli ég því f. h. þeirra landsmanna, sem ég er hér fulltrúi fyrir, að honum sé vísað á bug.

Hv. þm. Ak. minntist á það, að vegna góðs heyskapar og lágs kjötverðs hafi íslenzkir bændur sett á meira af fénaði en undanfarið. Verður það til þess, að meira berst á kjötmarkaðinn næsta haust en verið hefir upp á síðkastið, því að bændur munu leggja allt kapp á að koma út vörum sínum. Verður því að halda öllum leiðum opnum fyrir bændum í þessu efni.

Þegar litið er til kjötliðsins í samningunum, verður að segja, að hann hafi tekizt vonum framar. Kjöttollurinn hefir verið lækkaður niður í þriðjung þess, sem var, og ég sé ekki annað en að íslenzkir bændur megi þar vel við una. Sumir hafa verið að fetta fingur út í það, að með samningunum er norski kjötmarkaðurinn takmarkaður ár frá ári um nokkurt skeið. En einmitt þetta atriði varð til þess, að svo hagkvæmir samningar náðust um kjöttollinn, sem raun varð á.

Þó hefir enn meira verið ráðizt á þann lið samningsins, er að síldveiðunum lýtur. En ég hefi nú ekki sannfærzt um, að þar sé svo mjög þokað frá því, sem verið hefir, að hægt sé að segja, að síldarútvegurinn sé verr kominn en áður. Það er ekki nema grýla, að mikið sé í húfi, þótt norskum síldveiðiskipum, sem hér hafa veiðileyfi, sé heimilað að selja til söltunar ofurlítið hækkaða tunnutölu frá því, sem áður var.

Þá hefir verið talað um það, að norskir síldveiðimenn og verksmiðjur myndu gera pro forma samninga, til þess að geta farið í kringum l. Finnst mér það ekki eiga við hér í Alþingi, enda þótt menn séu Norðmönnum gramir, að gera ráð fyrir slíku. Ef Norðmönnum er hagur að þessum samningum, þá munu þeir ekki gera slíkt. Myndu þeir sjá, að þeir eyðilegðu með því aðstöðu sína til að halda samningunum óbreyttum til langframa, ef hafin væru af þeirra hálfu almenn og opinber samtök til að fara í kringum þá með svikum, því að þetta eru engir eilífðarsamningar, og er hægt að segja þeim

upp með 6 mán. fyrirvara. Ef þessi hræðsla nokkurra hv. þm. reynist grundvölluð, þá er ekki annað en segja samningunum upp. Ef það sýndi sig, að kjötsalan til Noregs væri lítils virði, þá er líka hægurinn hjá að segja þeim upp. En meðan allt er í óvissu um ísl. kjötsölu, t. d. í Englandi, væri það fjörráð við íslenzkan landbúnað að ganga ekki að þessum kostum.

Það má vera, að á einhvern hátt sé gengið á hagsmuni síldarútvegsins með samningum þessum. En hagsmunir bænda eru þar tryggðir og bættir frá því, sem áður var. Og ef svo reyndist, að hér lenti saman hugsmunum bænda og hagsmunum síldarútvegsmanna, þá er ég ekki í nokkrum vafa um það, hverjum ber að víkja. Landbúnaðurinn stendur undir lífi helmings þjóðarinnar og hefir löngum fleytt henni drýgst. Svipað verður ekki sagt um síldarútveginn enn sem komið er, og dettur mér þó ekki í hug að gera lítið úr þeim auðæfum, sem síldarmiðin eru okkur Íslendingum, og veit ég þó að við eigum eftir að nota þau betur seinna. En fram að þessu hefir landbúnaðurinn þolað samanburð við síldarútveginn að því er til þess kemur, að halda uppi lífi og menningu þjóðarinnar. Mun ég því greiða atkv. með samningum þessum, á meðan bændum er ekki tryggður kjötmarkaður á annan hátt.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort hann vill ekki fallast á, að frv. fari til n. Ég hefi heyrt, að frv. eigi að fara gegnum þingið eins fljótt og auðið er.

Málið hefir ekki komið til atkv. í utanríkismn. Er það fyrst við þessar umr., að menn hafa verulega farið að hugsa málið og ræða það. Tel ég því sjálfsagt, að málið fari í n.

Hv. þm. Seyðf. hefir svo rækilega svarað ýmsum þeim, er hér hafa talað, að ég hefi þar fáu við að bæta. Þó vil ég svara hæstv. forsrh. nokkrum orðum. Það er rangt hjá honum, að hann hafi getið um það í einkaviðtali við mig, að hann myndi segja af sér, ef samningur þessi yrði ekki samþ. Það var við umr. utan dagskrár hér í þinginu fyrir skömmu.

Ég hefi þegar vakið athygli á því, að hæstv. forsrh. leggur stöðu sína undir það, að þessir samningar, sem okkur eru þó óhagstæðir, nái fram að ganga. En við því, að stjórnarskrármálið nái framgangi, er hann ekki að leggja stöðu sína að veði. Mér skildist raunar hann vera að afsaka sig með því, að norska stj. hefði heimtað, að hann legði stöðu sína að veði við þessu. Verð ég að telja slíkt heldur óviðeigandi, og getur hver dæmt þar um sjálfur.

Utanríkismálan. er sammála um, að fiskiveiðunum beri að halda eins mjög til landsmanna sjálfra og tök eru á. En í grg. fyrir samningnum er algerlega vikið frá þeirri stefnu.

Viðvíkjandi síldarverksmiðjum Norðmanna hafa þeir hæstv. forsrh. og hv. þm. G.-K. haldið því fram, að þær hafi mátt kaupa ótakmarkað af útlendum skipum eftir samkomulaginu frá 1924. Þetta er ekki rétt. Í samkomulaginu er þessi grein:

„Þær fiskveiðastöðvar Norðmanna, sem nú eru, er heimilt að reka áfram, á meðan væntanlegt samkomulag um tolllækkunina helzt, en það sé uppsegjanlegt af beggja hálfu með hæfilegum uppsagnarfresti".

Þarna er ekkert leyfi falið fyrir verksmiðjurnar til kaupa af erlendum skipum. Það, sem farið myndi vera eftir um þetta, eru ákvæði fiskiveiðal.

Í 9. gr. segir:

„Atvinnumálaráðherra getur veitt leyfi til þess, að eigendur síldarolíu- eða síldarmjölssmiðju, eða slíkra verksmiðja, megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eigin nota, þrátt fyrir bannið í 2. málsgr. 3. gr. Í leyfinu, sem veita má fyrir 2 ár í senn, ber að taka fram, að það veiti ekki erlendum skipum heimild til fiskiveiða eða fiskverkunar í landhelgi, og ennfremur skal tekið fram, að leyfið falli burtu, ef skilyrði þess séu eigi haldin í öllum greinum".

Af þessu sést, að erlendar verksmiðjur þurfa sérstakt leyfi fyrir kaupum af erlendum skipum. Ef þessari gömlu stefnu hefði verið haldið, þá hefði mátt minnka kaup þeirra smám saman, svo að þau hefðu að lokum horfið með öllu. En þó að utanríkismn. hafi haldið þess-

ari stefnu, þá hefir hæstv. stj. ekki gert það eða samningamennirnir.

Hv. þm. Seyðf. hefir svo greinilega sýnt fram á það, hvernig allur norski veiðiflotinn á nú kost á að selja síld hingað, að ekki verður vefengt.

Ég ætla hér að minna á atriði, sem ekki mun öllum kunnugt. Kringum 1855 kom málaleitun frá Frökkum um að fá að setja upp stöð fyrir franska fiskiflotann á Dýrafirði. Þó að Frakkar byðu mikil hlunnindi gegn þessu, þá hafnaði þingið því í einu hljóði. En eftirkomendur þeirra manna, sem þá neituðu þessu, eru ekki eins vel að sér í þessu efni.

Þá sagði hæstv. forsrh., að með því að framfylgja ósanngjarnlega fiskiveiðalöggjöfinni, myndi hafa verið erfitt að ná þessum samningum við Norðmenn. Skil ég ekki þennan hugsunarhátt og þann ládeyðuskap, sem kemur fram í þessu. Hví á að gefa Norðmönnum sérréttindi hér, í stað þess að halda fram fullu jafnrétti, ekki sízt eftir að þeir höfðu fellt niður ívilnanir í okkar garð, eins og varð í sumar? En e. t. v. stafar þetta hik hæstv. forsrh. af veizlufagnaði þeim, sem hann sat í Osló. Þeir hafa sjálfsagt hugsað þar, að Íslendingum mætti allt bjóða.

Hæstv. forsrh. sagði, að kröfur verkalýðsins gengju í þá átt, að verksmiðjurnar í Krossanesi og á Raufarhöfn héldu áfram. En bæði er það, að þessar verksmiðjur hefði mátt kaupa af Norðmönnum, og eins hitt, að atvinna hefði varla minnkað mikið, þó að þeim hefði verið bannað að kaupa af erlendum skipum.

Hæstv. forsrh. þakkaði hv. þm. G.-K. fyrir þessa samninga. Hann getur ekki hafa þakkað honum fyrir þá hliðina, sem veit að kjöttollinum, því að á því máli hefir hv. þm. G.-K. ekkert vit, og var það Jón Árnason, sem fjallaði þar um. Hann hefir því eflaust verið að þakka fyrir hitt, sem veit að sjávarútveginum og þann skerf, sem hv. þm. G.-K. lagði til þeirra mála.

Mér er nú spurn: Hvers virði er þessi kjötsala til Noregs fyrir íslenzka bændur? Hún á að nema 11500 tunnum næsta ár og minnka svo ár frá ári ofan í 6000 tunnur. Kjötsalan hér innanlands er nú um 35000 tunnur. Þessi íslenzki markaður er miklu meira virði en sá norski. Og hvaða verð fá svo íslenzkir bændur fyrir kjöt það, er þeir selja til Noregs? Getur landbúnaðurinn yfirleitt byggzt á því? Auk þess er, eins og ég hefi getið um áður, ekki einu sinni tryggt, að Norðmenn kaupi kjötið fyrir núverandi verð, því að hér er búið að upplýsa það, að Norðmenn geta sjálfir fullnægt sinni kjötþörf. Lítur helzt út fyrir, að svona muni fara, því að Norðmenn framleiða nú þegar mikið kjöt.

Það, sem þyrfti að endurgreiða bændum sem skaðabætur, ef samningarnir yrðu felldir, er ekki meira en það fé, sem búið er að kosta til varalögreglunnar. Þessar 6000 tunnur gera ekki meira en 1 tunnu á hvern bónda á Íslandi. Hæstv. atvmrh. spurði, hvað ætti að gera við þessa 6000 bændur, hvort það ætti að senda þá til Eskifjarðar eða Seyðisfjarðar. Ég ætla þá að spyrja hann á móti, hvort það eigi að salta sjómenn og verkamenn niður í tunnur og senda þá til Noregs, til þess að njóta lága tollsins þar. Afleiðing þessara samninga verður aukið atvinnuleysi og tap fyrir alla þá, sem hag hafa af síldarútgerð.

**Ólafur Thors:** Ég hefi stuttan tíma til að svara þeim andmælum, sem komið hafa fram úr ýmsum áttum. En áður en ég fer að andmæla verstu rakaleysunum, ætla ég að drepa lítilsháttar á það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, er hann hélt því fram, að Siglfirðingar væru allir á móti samningunum.

Ég var nú einmitt að fá símskeyti frá Siglufirði, og hljóðar það svo:

„Á fundi Sjálfstæðismannafélags Siglufjarðar í dag voru svo hljóðandi tillögur samþykktar með 57 samhljóða atkv.:

Fundurinn lýsir trausti sínu á mönnum þeim, er að norsku samningunum stóðu fyrir hönd Íslands og skorar á Alþingi að samþykkja samninginn.

Fundurinn skorar á þing og stjórn að gera nú þegar ráðstafanir, er hefti undirróður kommúnista gegn núverandi þjóðskipulagi.

Félagsstjórnin".

Sýnir það, að Siglfirðingar eru ekki allir með þessum hv. þm.

Hann var að tala um, að ríkið gæti varið til styrktar bændum því fé, sem

það ver til ríkislögreglunnar. En það sjá allir, að ekki er hægt að verja sama fénu til að styrkja bændur og til að halda uppi ríkislögum gegn ofstopamönnum, m. a. hv. þm. sjálfum. Ræður sócíalista hafa staðfest það, að flokkur þeirra tekur afstöðu sína af pólitískum ástæðum. Er það svo sem ekkert nýtt, því að þessi Alþýðuflokkur hefir alltaf metið meira flokkshagsmuni en þjóðarheill.

Ræða hv. þm. Seyðf. var reyndar snjöll, en að öðru leyti ekki annað en léleg útgáfa af ræðu hv. 2. þm. Reykv. Ég hefi engin tök á að hrekja öll atriðin í þessum ræðum. Hv. þm. Seyðf. sagði, að hagsmunir Norðmanna hér á landi væru svo miklir, að engum óvitlausum manni dytti í hug, að þeir myndu fara að kasta þeim á glæ vegna kjöttolls af nokkrum tunnum. Sagði hann, að Norðmenn hefðu margfalda hagsmuni af viðskiptunum við Ísland. En þetta er nú ekki allur sannleikurinn. Í fyrsta lagi eru tölur þær, sem hann nefndi, ekki alveg réttar. Það sannfærðumst við um við samanburð á þeim skýrslum og norskum hagskýrslum. En þó að þær væru réttar, þá er útkoman sú, að viðskipti okkar við Norðmenn eru ekki nema rúmur 1% af verzlunarveltu þeirra. En sala okkar til Norðmanna er 9% af okkar útflutningi. Það kallar hann, að Norðmenn hafi margfaldan hag af viðskiptunum miðað við íbúatölu og efnahag. Ég kalla þetta reginvitleysu. Og menn verða að muna, að þó að sú upphæð, sem við seljum Norðmönnum kjöt fyrir, sé minni en 1924, þá er sú aðstöðubreyt. orðin á ísl. þjóðfélagi, að okkur dregur meir minni upphæð nú en meiri þá, m. a. af því, að sjávarútvegurinn er ekki fær um að taka á sig verulegar byrðar fyrir landbúnaðinn. Og það er fyrst og fremst að þakka þessum hv. þm. sócíalista, sem andmæla þessum samningi.

Allur samanburður á samningunum frá 1924 og 1932 er af hendi þessara beggja hv. þm. reginvitleysa. Þeir halda því fram, að samkv. samningnum frá 1924 hafi Norðmenn ekki haft leyfi til að reka hér síldarverksmiðju. Þetta sagði hv. 2. þm. Reykv. seinast fyrir fáum mínútum; og ennfremur halda þeir því fram, að samkv. samningnum 1924 hafi Norðmenn heldur ekki haft neitt leyfi til að selja síld í land til söltunar. Ég skal þeim til leiðbeiningar og öðrum, sem á hlýða, til sönnunar, lesa upp kafla úr bréfi Sveins sendiherra Björnssonar til viðkomandi norsks ráðh., — þann kafla, sem staðfestir þennan samning. Hann hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ísl. stj. staðhæfir ákveðið og heldur því fast fram, að ísl. fiskveiðalögin frá 1922 hafi til þessa verið skýrð og framkvæmd með miklum velvilja gagnvart Norðmönnum. Ég hefi heimild til að lýsa því yfir, að l. verði einnig framvegis skýrð og framkvæmd með miklum velvilja gagnvart Norðmönnum, ef viðunanlegt samkomulag fæst (ákveðið verður að lækka kjöttollinn).

Til þess, ef verða mætti, að greiða slíku samkomulagi götu, eru eins og ég hefi haft þá sæmd að tjá statsráðinu, Íslendingar reiðubúnir til, út af umkvörtunum þeim og óskum, sem fram hafa komið af Norðmanna hálfu, ennfremur að vera samkomulagsfúsir um eftirfarandi atriði".

Svo koma þessi atriði, sem Ísl. ættu ennfremur að vera samningsfúsir um.

Hvað þýðir þetta „ennfremur"? Það þýðir til viðbótar þeim hagsmunum, sem Norðmenn höfðu 1924, þegar samningurinn var gerður. Og 1924 var svo ástatt í þeim efnum, að Krossanesverksmiðjan mátti kaupa ekki 60% af því, sem hún þurfti, heldur 100% af erlendum skipum, og erlend skip máttu selja samkv. almennum skýringum ráðuneytisins 500—700 tunnur til söltunar, eftir því hvort um reknetaskip eða snurpinótaskip var að ræða. Af þessu sjá menn, að það er ekki nema eintómur misskilningur, — að ég ekki kalli það ósannindi, — þegar sagt er, að Norðmenn hafi engra fríðinda notið hér á landi. Það er skýrt og ótvírætt eftir samningunum frá 1924, að þeir haldi áfram að njóta fríðinda þeirra, sem þeir nutu áður en samningurinn var gerður. Og þau koma ótvírætt í ljós í þeim heimildum Norðmönnum til handa, sem ég hefi nú greint.

Þá er það náttúrlega ákaflega mikil meinloka, þegar haldið er fram, að eftir þessum nýja samningi verði einhver önnur og stórum bætt aðstaða fyrir Norð-

menn til að selja síld í land til söltunar. Ég gerði nokkra grein fyrir þessu í ræðu minni í gær, og sannaði, að hæstu líkur um hækkun samkv. þessari heimild, er frá 10 þús. og upp í 25 þús. tunnur. Og það er náttúrlega ekki annað en bláber vitleysa og ósæmileg tilraun til að blekkja menn, þegar hv. þm. Seyðf. og hv. 2. þm. Reykv. halda fram, að þessi réttindi geti allur norski flotinn öðlazt með því einu að gera málamyndasamning við Krossanesverksmiðjuna. En svo að ég víki að því, sem hv. þm. sagði, þá dugar ekki að ganga fyrst og fremst út frá, að samningar séu sviknir. Menn verða að ganga út frá, að samningurinn verði haldinn. Ennfremur vil ég sýna fram á, að það eru engar líkur til, að um nein svik verði að ræða í þessu efni. Það er af þeirri ástæðu, að Krossanesverksmiðjan, sem er einkafyrirtæki, er algerlega óháð almennum hagsmunum þeirra norsku veiðimanna, sem hér stunda veiðar. Nú er það svo, að þau norsku veiðiskip, sem hingað leita, öðlast ekki þessi fríðindi, sem hér er um að ræða, nema þau geti lagt fram sölusamning um bræðslusíld til Krossanesverksmiðju, sem gildi yfir allan síldveiðatímann. Líkur fyrir því, að þessi verksmiðja fari að gera leik að því að svíkja þennan samning, eru engar, af þeirri ástæðu, að það er gagnstætt hennar hagsmunum. Verksmiðjan hefir líka sjálf á undanförnum árum kveðið upp reynslunnar dóm um það, hversu mörg veiðiskip þarf að skipta við til þess að fullnægja þörfinni. Hún hefir skipt við frá 15—25 skip og aldrei fleiri. Þetta er þá reynslunnar dómur. En færi nú verksmiðjan að gera samning við t. d. 100 skip, þá er hún orðin ber að því að vera meðsek í tilraun til að svíkja þessi samningsákvæði í því skyni að rýra íslenzka hagsmuni til framdráttar norskum hagsmunum. Hið eina svar Íslendinga verður þá að taka öll leyfi af verksmiðjunni.

Auk þess liggur í hlutarins eðli, að því fleiri norsk skip, sem selja í land, því óvinsælli verður samningurinn og því meiri líkur eru til, að samningnum verði sagt upp. En þá verður enginn aðili jafnhart úti sem Krossanesverksmiðjan. Hvaða líkur eru til, að sá aðilinn, sem mest á í húfi, gerist til þess í óeigingjörnum tilgangi að leggja alla sína hagsmuni á borðið? Til þess eru engar líkur. Þessar fullyrðingar þingmanna sócialista eru þess vegna ekkert annað en bláber vitleysa og svo fjarri því að eiga nokkra stoð í ákvæðum samningsins. Þær eiga ekki einu sinni stoð í samningnum, þótt Krossanesi væri í sjálfsvald sett að setja samningsrof í staðinn fyrir samning.

Allir útreikningar hv. þm. Seyðf. um það, hver aukin hlunnindi Norðmenn eignist með samningnum eins og hann liggur fyrir, er helber vitleysa.

Aðalatriðið er, að skýringin um söluheimild á 700 tunnum samkv. fiskiveiðalöggjöfinni stendur óhögguð. Eftir þeirri heimild og að óbreyttri og óbreytanlegri fiskveiðalöggjöfinni og ógerðum samningnum, þá höfðu norsk skip leyfi til að selja hér í land 140 þús. tunnur. En eins og ég sagði í ræðu minni í gær, þá eru svo fáir kaupendur fyrir þessa síld í landi, að af þessu ákvæði stafaði lítil sem engin hætta, og a. m. k. leiddi sú hætta ekki af þessum samningum. Og allt, sem hv. þm. sagði um leppa, og allt, sem hann vitnaði til Björns Líndals, það var fyrir hendi í ríkum mæli, hvort sem þessi samningur verður samþ. eða ekki.

Ég hefi í ræðu minni í gær sýnt alveg greinilega fram á, að samningurinn frá 1924 er verri en þessi, bæði vegna þess, að kjöttollurinn var 43 kr. á tunnu, en nú ekki nema 22 kr. 80 aur., og eins vegna þess, að þau fríðindi, sem við áttum að láta samkv. honum, voru meiri en þau, sem við látum samkv. þessum samningi.

En þá verð ég að beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. sócialista: Hvernig stendur á því, að þeir, þessir vísu feður, sem nú þykjast umfram allt vilja vera á verði fyrir hagsmuni útgerðarmanna og krefjast slíks af öðrum, að þeir hafa aldrei hreyft með einu einasta orði að segja upp þessum samningi, fyrst þeir álitu þessi hlunnindi Norðmanna svo hættuleg vegna samkeppni við Íslendinga? Hvað var þá orðið af þeirra föðurlegu umhyggju? Sváfu þessar heillavættir þessi ár? Ég vænti svars. Annars verða það fleiri en ég, sem sjá, að hér eru meira en meðalóheilindi á ferðinni. Það er alkunnugt, að hv. þm. sócialista settu upp sorgarandlit, þegar fregnin flaug, að

Norðmenn hefðu sagt upp samningnum. Hvar er samræmið í þessu? Svari þeir, ef þeir geta.

Hér hefir verið spurt um það, hvort hægt sé að bæta bændum upp tjónið, sem þeir verða fyrir, ef þessi samningur nær ekki lögfestu. Það má náttúrlega spyrja svo í fullri alvöru. En þó held ég, að það sé ekki svo mikil ástæða til þess nú að spyrja svo, vegna þess að þessi samningur fer ekki fram á neitt annað né meira endurgjald Norðmönnum til handa en svo, að við Íslendingar getum okkur að skaðlausu látið það. Hitt getur náttúrlega alltaf komið fyrir, að Norðmenn eða aðrar þjóðir heimti af okkur slíkt endurgjald fyrir þegin fríðindi, sem við þyrftum á að halda, að við sjáum okkur ekki fært að láta það í té. Þá er það, sem svona spurningar rísa upp með fullum alvöruþunga. En eins og málið liggur nú fyrir, tel ég ekki þörf að grípa t. d. til nýrra skattaálagninga, og muni sízt verða bændum til framdráttar, ef þeir eiga að fara á mis við þau fríðindi, sem samningurinn veitir þeim. Ég held, að hefndartollur á veiðiskap geti verið mjög beggja handa járn og haft margvísleg miður heppileg áhrif, og sé því ísl. þjóðinni enginn hagur að ræða slíkt opinberlega að svo komnu máli. Þess ber að gæta, að þótt Norðmenn ásamt öðrum þjóðum yrðu útilokaðir frá að selja afla í land, þá er ekki lokið samkeppni við ísl. veiðimenn. Norðmenn mundu grípa til söltunar utan landhelgi á stórum skipum, eins og á undanförnum árum. En það er það, sem jafnaðarmenn hafa verið sífepandi og kveinandi út af, að Norðmenn og aðrar þjóðir gerðu. Og það sýnir alvöruleysið, — að ég ekki segi strákskapinn, — og ungæðisháttinn hjá hv. þm. Seyðf., þegar hann er að tala um að leysa þörf bænda með því að leggja á verndartoll svo háan, að hann bægi erlendum skipum frá sölu á íslenzkum markaði. Með því fengju bændurnir náttúrlega ekki neitt, því auðvitað er ekki hægt að hafa verndartollinn svo háan, að hann afstýri allri samkeppni við ísl. fiskimenn, en sé þó jafnframt tekjulind fyrir ríkissjóðinn. Öll framkoma jafnaðarmanna í þessu máli ber vott um það, að þeir hafi, eins og ég sagði í gær, ekki tekið afstöðu til þessa samnings út frá efnislegu sjónarmiði, og ég held það sé rétt, að ég segi dálítið nánar frá framkomu þeirra í málinu.

Ég vil þá byrja með að segja frá því, að um það bil sem samningar hófust hér í Rvík, bar hv. 2. þm. Reykv. fram ósk um að fá að taka þátt í þeim. Þessu var nú neitað, aðallega af því, að við samninganefndarmennirnir töldum okkur ekkert lið að þekkingu og vitsmunum þessa hv. þm. Út af þessu mun hann hafa fyrzt. Og þó verð ég að segja, að þegar við komum heim og samningarnir voru ræddir í utanríkismálanefnd, þá var ekki annað að sjá en að eymslin eftir hryggbrotið hefðu minnkað. Hann virtist taka samningnum vel og þ. á m. því ákvæðinu, sem hefir orðið honum að fótakefli þ. e. a. s. þagnarheitinu. Ég sé á eftir, að hann hefir einungis verið að bíða eftir færi. Þegar hann var búinn að tala við sér ófróðari samherja sína, eins og hv. þm. Seyðf., þá langar hann til að ná höggstað á okkur, og vílar ekki fyrir sér að svíkja það heit, sem þjóðirnar gáfu hvor annari um að birta ekki samninginn nema með gagnkvæmu leyfi beggja aðilja. Sú afsökun, sem hv. þm. bar fram í gær, er beinlínis hlægileg, að hann hafi ekki verið bundinn, sökum þess að hann væri stjórnmálaandstæðingur okkar. Það má segja, að ísl. stj. hafi nokkra afsökun, þar sem hún hefir ekki beinlínis svikið heitið, en það er engin afsökun fyrir ísl. málstað, að þingmaður, sem á sæti í utanríkismálanefnd, svíki slíkt þagnarheit, og fyrir það verða allir að bera kinnroða gagnvart erlendri þjóð. Ef Íslendingar gera sig bera að því að rjúfa heit sín og eiða gagnvart erlendum þjóðum, þá líður fljótt að því, að við verðum ekki virtir viðtals.

Hv. 2. þm. Reykv. er áreiðanlega ljóst, að þetta var vítavert framferði. En hann var búinn að ákveða að berjast á móti samningnum, og hann vílaði ekki fyrir sér að leita að þessu vopni í því skyni, eins og hann sjálfur sagði, að verða á undan okkur, sem virtum þagnarheitið, til þess að vera búinn að skapa andstöðu gegn samningnum, þegar við gætum tekið til máls. Síðan hefir hann látið blað sitt fara með allskonar vitleysu um þetta

mál. Alþbl. hefir teflt fram sínum lítilsigldu mönnum og einskis svifizt til að varpa fölskum blæ yfir samningana. Þegar svo á þing kemur, þá ber hv. 2. þm. Reykv. það á norsku stj., að hún hafi mútað mér til að ganga á mála hjá Norðmönnum. Þetta var fyrir fáum dögum. En í gær var hann með margvíslegar dylgjur um það, að einstök ákvæði samningsins hefðu miðazt við persónulega eða pólitíska hagsmuni mína.

Ég álít, að þessi bardagaaðferð sé alveg samboðin málstaðnum; og hún ber vott um það, að hv. sócíalistar skilji sjálfir, að þeir verja rangan málstað.

Ég skal nú játa, að þegar hv. 2. þm. Reykv. og Alþbl. ákváðu að vera á móti samningnum, höfðu þeir misskilið hann í höfuðatriðum. Þeir héldu, að Norðmönnum heimilaðist að salta hér í landi. Ég sýndi hv. 2. þm. Reykv. fram á, að svo væri ekki. Þá nefndi hann sem höfuðgalla samningsins, að Norðmenn mættu umhlaða afla skipa á milli á höfnum inni. Einnig það sýndi ég honum, að væri misskilningur. Þá vildi hann byggja andstöðuna á því, að ef enginn samningur gilti, en að óbreyttri fiskveiðalöggjöfinni, mættu Norðmenn enga síld selja í land. Ég skýrði nú fyrir honum ákvæði fiskveiðalöggjafarinnar og sannaði honum, að þetta væri misskilningur; en hann taldi það rangt hjá mér, af því að einhver Finnur Jónsson héldi fram því gagnstæða. En þetta hefir hv. þm. þó skilizt. Nú skyldi maður halda, að þegar hann sá þetta allt, hefði hann breytt aðstöðu sinni og orðið glaður við. En því fór fjarri. Hann varð vandræðalegri og raunalegri á svipinn eftir því sem honum varð ljósara og ljósara, að samningurinn væri hagstæðari og hagstæðari ísl. hagsmunum.

Hvað sannar þetta? Að þessi hv. þm. og flokkurinn hafa tekið afstöðu um andstöðu til samningsins eingöngu út frá pólitísku sjónarmiði, en ekki út frá því, að samningurinn væri Íslendingum óhagstæður. Af hverju varð hv. þm. óánægður, en ekki ánægður, þegar ég benti á, að allt væri betra en hann hafði álitið? Af hverju? Af því að honum þótti erfiðara að verja rangan málstað eftir en áður.

Það má vel vera, að andstaða sócíalista gegn samningnum eigi fyrstu upptök sín í því, að hv. 2. þm. Reykv. var neitað um að fá að vera með í n., en þessi andstaða fengið framrás m. a. vegna þess, að þessi flokkur er algerlega sneyddur nauðsynlegum skilningi á þörfum bænda og samúð með þeirri stétt. Þessi andstaða á sér sínar dýpstu rætur í því, að sócíalistar ætluðu að seilast til pólitísks vinnings. Það kom gleggst í ljós í dag, þegar hv. 2. þm. Reykv. var að skipta heiðrinum og skömminni af samningnum milli mín og Jóns Árnasonar. Þá átti Jón heiðurinn fyrir að fá kjöttollinn lækkaðan, en ég skömmina fyrir að hafa keypt tolllækkunina of dýru verði. Af hverju talar þm. svona? Af því að sócíalistar hafa enga von að vinna fylgi bænda í þessu máli, en frekar sjálfstæðismanna.

Þetta leyndi sér ekki í gær, þegar hv. þm. var að reka upp neyðaróp hér í þingi fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins í þessu máli. Hann þóttist vera að spyrja að því, hverjir og hvar væru forvígismenn sjálfstæðismálanna, þegar Norðmenn, sem ætluðu að gleypa Grænland og St. Josephsland, ætluðu nú að gera það sama við Ísland! Ég segi bara: Heyr á endemi! Þegar þessi maður og þessi flokkur, sem frá öndverðu hafa alltaf allt viljað opna á víða gátt, þegar þeir ætla nú að látast vera útverðir ísl. þjóðrækni og verndarar ísl. réttinda á Alþingi! Var það ekki þessi flokkur, sem greip fram í viðræður Dana og Íslendinga 1918 og krafðist þess, að Danir hefðu sama rétt á Íslandi sem Íslendingar? Er það ekki þessi flokkur, sem aldrei hefir mátt heyra, að erlendum manni væri neitað um bón. Útlendingar hafa aldrei beðið svo um leyfi til að stofna atvinnurekstur, að þessir menn hafi ekki rétt fram báðar hendur og viljað veita ótakmörkuð leyfi. Eru þetta ekki mennirnir, sem síðast í fyrra kröfðust þess, að erlendum manni skyldi heimilt að reisa bræðslustöð á Seyðisfirði og erlendum skipum skyldi heimilt að selja þar afla sinn? Ég veit ekki betur en að þessir lýðskrumarar hafi sí og æ verið reiðubúnir til að þjóna erlendum hagsmunum. Og ég verð að segja, að þegar þessir menn fara svo að aðvara sjálfstæðismenn í landinu og kvarta um and-

varaleysi þingmanna flokksins í velferðarmálum og sjálfstæðismálum þjóðarinnar, þá verðskulda þeir einungis eitt og sama svarið frá öllum annesjum og til afdala á þessu landi: Vei yður, þér hræsnarar!

Nei, hæstv. forseti, það þýðir ekkert að reyna að siða hv. 2. þm. Reykv. Helzt væri að stinga honum ofan í olíutunnu!

Það þýðir nú ekkert fyrir hv. 2. þm. Reykv. að ætla að blekkja sjálfstæðismenn almennt með slíkri fásinnu. Þeir vita, að þessi maður hefir til þessa verið alveg óhræddur við það að skapa erlendum milljóna-olíuauðhring herraréttindi yfir íslenzkum útgerðarmönnum. Og þeim dettur ekki í hug, að slíkur maður skjálfi af ótta, þótt viðurkennd séu Norðmönnum til handa fríðindi eins og flestar menningarþjóðir bjóða hver annari, og það endurgjaldslaust.

Og útgerðarmönnum vildi ég segja það, að ef þeir geta ekki áttað sig á öðru í þessu máli, þá ættu þeir að skimast um í hópnum, sem þeir eru komnir í, — hverjir nú bjóðast til að lyfta fána útgerðarmanna. Það er ekkert óglæsileg forusta, sem þeir hafa fengið í sócialistabroddunum, mönnunum, sem í mörg ár hafa verið höfuðfjandmenn þessarar stéttar. Og mín spá er nú sú, að þeir verði ekki allir ellidauðir, útgerðarmennirnir, sem nú kunna að slást í hóp með sócialistum, áður en þeim skilst, að með því að leita skjóls hjá slíkum mönnum hafi þeir falið úlfinum að gæta lambanna. Mín afstaða til sjávarútvegsins er einnig nokkuð kunn orðin, og þarf ég ekki um það að ræða. Enda er það svo, að þótt ég sé síður en svo óvinveittur bændastéttinni, sem mér þó hefir verið borið á brýn mjög ranglega, þar sem ég hefi aldrei í orði eða verki lagzt gegn hagsmunamálum bænda, þá er hitt satt, að ég hefi haft allt aðra og betri aðstöðu til að skilja hagsmunamál útvegsmanna, af því að ég er úr þeim jarðvegi sprottinn. Ég vænti þess, að útgerðarmenn væni mig ekki um það, að ég gerist nú níðhöggur þeirrar stéttar.

Ég vil svo að lokum segja þetta: Áður en ég tók ákvarðanir mínar í þessu máli, hafði ég reynt að kynna mér það frá öllum hliðum, og ég held, að ég hafi haft góða aðstöðu til þess. Ég hefi svo gert það eitt, sem ég vissi sannast og réttast, og þess vegna hafa árásir andstæðinganna engin áhrif á mig. Ég hefi sterka sannfæringu fyrir því, að minn málstaður sé réttur og alþjóð fyrir beztu. Frá þeirri sannfæringu vík ég ekki hársbreidd, hvað sem hver segir.

**Héðinn Valdimarsson:** Hv. þm. G.-K. vissi, að ég ætlaði ekki að taka aftur til máls, heldur ætlaði hv. þm. Seyðf. að tala. Þess vegna vék hann sér að mér.

Það er algerlega og vísvitandi ósatt hjá þm., að ég hafi sótzt eftir að setjast í norsku samninganefndina, og ég skora á þm. að sýna það á nokkurn hátt. Engin ósk hefir komið fram um það, hvorki hjá mér eða öðrum, en hitt er aftur víst, að enginn jafnaðarmaður hefði farið eins að ráði sínu, ef hann hefði verið í nefndinni, eins og þm. G.-K. Það er sannanlegt með vitnum, að fyrst þegar samningurinn var ræddur í utanríkismálan., þar sem ég var viðstaddur, þá var ég eini maðurinn, sem kom með gagnrýni á samninginn.

Út af birtingu samningsins vil ég lýsa yfir því, að ég ber enga ábyrgð á heitum Ólafs Thors. Ég svík ekki heit hans með því að birta samninginn vegna þess að heit hans geta aldrei bundið mig. Það, sem hann er hræddur við nú, er það, að svik hans sjálfs komist upp um síðir.

Þá vill hann taka það, sem hann hyggur sóma af samningnum, af Jóni Árnasyni. Ég held, að Jón Árnason hafi ekki gert þetta verk vel. En hitt er víst, að Ólafur Thors á engan þátt í því, sem er minnst vont í þessum samningi, kjöthlið samningsins. Það er von, að slík mál verði honum ofviða, sem ekki þekkir síld frá sauð. Það er líkt um hann og nafna hans einn, sem var kallaður Óli norski og þótti rogginn með sig. Hann sagði: „Mig getur allt, bæði til sjós og lands". En sá er munur á honum og Óla norska, sem var laginn á marga hluti, að þessi nýi Óli norski heldur, að hann geti allt, en kann ekki til neins.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Það fara að harðna deilur um þetta mál og jafnframt því skýrist það betur, hver tilgangur andstæðinganna er.

Háttv. þm. Seyðf. hefir nú í kvöld rifjað upp líka hluti og þá, er hv. 2. þm. Reykv. sagði hér í gær. Hann taldi, að mikil mistök hefðu átt sér stað um undirbúning þessara samninga. Það kann að vera, að mistök hafi átt sér stað, en hafi svo verið, þá er þeirra fyrst og fremst að leita hjá andmælendum þessa frv. Hvers vegna risu þeir ekki upp á síðasta þingi til andmæla gegn því, að leitað væri samninga við Norðmenn, ef þeir hafa haft sama sjónarmið þá og nú? Nei, þeir hreyfðu engum mótmælum gegn því að samið væri við Norðmenn, hvorki þá né síðar meðan á samningi stóð. Þvert á móti. Á síðasta þingi greiddu þeir atkv. með till. til þál., sem ákvað það, að leita skyldi samninga við Norðmenn. Þeir heimtuðu þá ekki neitt um takmörkun á rétti Norðmanna hér við land. Nei, þeir heimtuðu, að samið yrði. Og að engin von var um, að betri samningar væru fáanlegir, sést m. a. af því, að Norðmenn segja upp gildandi samningi, þrátt fyrir öll þau miklu fríðindi, sem hv. andmælendur telja þá hafa hér. Norðmenn sýnast þó meta lítils þennan rétt, og að því athuguðu er það ljóst, að ekki var betri samnings að vænta.

Eftir að samningaumleitanir hófust, varð enginn sá dráttur á meðferð málsins, sem stjórnin hér fékk við ráðið. Hv. þm. Seyðf. segir, að aðstöðumunur hafi verið mikill, er samningar fóru fram, vegna þess að Norðmenn hafi þá verið búnir að njóta sinna hagsmuna hér við síldveiðarnar, en rétt komið að þeim tíma, er ísl. bændur þurftu að njóta gagnkvæmra hlunninda í Noregi fyrir saltkjötsframleiðslu sína, þar sem komið var fram að sláturtíð. Í þessu felst nú það tvennt, að Norðmenn hafi haft hér áður hagsmuni og einnig, að bændur hafi haft gott af kjötmarkaði sínum í Noregi, eins og líka er rétt. En þegar hv. andmælendur tala um þetta nú, þá er öllu snúið við. Þá segir hv. 2. þm. Reykv., að þessi samningur sé gagnslaus fyrir bændur, því atvinnurekstur þeirra sé orðinn svo óarðvænlegur, að þeir geti ekki lifað af honum hvort sem er. Og ennfremur er talað eins og Norðmenn hafi hér engin réttindi haft eftir fiskveiðalöggjöfinni og samningunum 1924. Svona er farið niður í jörðina á einum stað og komið upp á öðrum.

Þessum samningum var flýtt svo sem í okkar valdi stóð. Og það er óhætt að segja, að þeir gengi fljótt, ef borið er saman við það, að samningsumleitanir höfðu staðið tvö ár, áður en niðurstaða fékkst 1924. Og ég vil benda á, að engin kúgun átti sér stað í sambandi við samningsgerðirnar, hvorki þá eða nú. Það er rétt, sem hv. þm. G.-K. sagði, að það, sem réð úrslitum, var velvild og löngun til þess, að þessar tvær þjóðir færu ekki í hár hvor annarar, eins og svæsnir fjandmenn.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á veizluhöld úti í Noregi. Ég get nú minnzt þess með ánægju, og jafnvel einnig hv. 2. þm. Reykv., er sat í þessari sömu veizlu. En annars er þetta alveg óviðeigandi tal, sem ég vísa algerlega á bug og þarf ekki fleiri ummæli um það.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að við Jón Árnason framkvæmdarstjóri hefðum sýnt það, að Íslendingum mætti bjóða allt. Ég vil nú segja, að ef hafa mætti slík orð, þá var búið að gera það áður en við komum þangað. Samningnum hafði verið sagt upp löngu áður en við Jón Árnason vorum úti í Noregi. Og hv. andmælendur höfðu þá látið bjóða sér það, án þess að tala nokkuð um þá miklu hagsmuni, sem Norðmenn ættu hér að gæta. Þeir höfðu nú sagt upp samningnum frá 1924. Og þegar við Jón Árnason komum til Noregs, tókst okkur að koma samningaumleitunum af stað, eins og síðasta þing heimtaði, að væri gert. Það hjálpar ekki mikið í þessu sambandi að tala um hagstæðan verzlunarjöfnuð. Ég get bent á það sem dæmi frá síðustu tímum, að Þjóðverjar hafa sagt upp verzlunarsamningum við ýmsar smærri þjóðir, þrátt fyrir það, þó þær þjóðir hafi keypt meira af vefnaðarvöru frá Þjóðverjum en Þjóðverjar af þeim. Mörg fleiri dæmi eru fyrir því, að hagstæður verzlunarjöfnuður er ekki einhlítur. Það má einnig benda á, að í þessu tilfelli er það svo, að við kaupum miklu lægri hundraðshluta af framleiðslu Norðmanna en þeir gera af okkar. Þetta gerir okkur Íslendingum erfiðara fyrir í þessu efni. Annars gæti ég vel unnt hv. andmælendum þessa samn-

ings að standa sjálfir í slíkri samningagerð, svo þeir fái að kynnast þeim erfiðleikum, sem við er að etja. Það þyrfti að koma þeim í slíkar samninganefndir. Ég sé ekki önnur ráð til þess að fá fram samvizkusamlegar umr. frá þeirra hálfu. Það sýnir ljósast, að verzlunarjöfnuðurinn dugar ekki, því Norðmenn segja upp samningunum okkur til meins. En hvað sögðu hv. andmælendur þá? Þeir sögðu ekki neitt. Þeir geyma alla sína umsögn um málið, þar til umr. um það er lokið milli Norðmanna og Íslendinga. Þá hefja þeir umr. og heimta innilokunarstefnu harðari en hér hefir áður heyrzt eða þekkzt. Áður hafði fremur heyrzt, að jafnaðarmenn vildu opna fyrir útlendingum, og á síðasta þingi kom hv. þm. Seyðf. með frv. í þá átt. Og allt þeirra tal hefir áður hnigið að slíku. Þetta dæmi, sem hann tók af Frökkum, sem ekki fengu að „stationera" hér á öldinni sem leið, er allt annars eðlis og á ekkert skylt við þetta mál. Þarf því ekki að tala um það. En það er alveg víst, að við hv. þm. G.-K. stöndum eins fast og aðrir með því að vernda réttindi landsmanna. En að loka þeim litla rétti til landsetu, sem Englendingar og aðrar vinveittar þjóðir hafa nú, það stöndum við okkur ekki við, enda slíkt aldrei orðað fyrr en nú, að herða þarf landslýðinn gegn þessu máli.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að rétt væri að miða þessa samninga við það, að enginn innflutningur á kjöti til Noregs ætti sér stað. Þetta er rétt, og get ég verið honum þakklátur fyrir það. Skal ég einnig ganga inn á hina aðra röksemd hans, að nokkru leyti. (HG: Að þeir sæti sömu kjörum af okkar hálfu og við sætum af þeirra hálfu). Já, en við verðum að athuga það og játa, að þetta myndi koma okkur sjálfum í koll. Ef við t. d. færum að leggja toll á norsk fragtskip, þá mundum við verða að borga þann skatt sjálfir, því þá mundi ekki verða hægt að leigja eins ódýr skip frá Noregi og tíðkazt hefir. Það er enginn efi á því, að slíkt viðskiptastríð mundi leiða til verulegs tjóns fyrir báðar þjóðirnar og á ýmsan hátt. Samningurinn er miðaður við það, að báðir hafi gagn af honum, ef samþ. verður, sem ég efast eigi um, að verður gert.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að síldareinkasalan hefði breytt allri aðstöðu Norðmanna hér á landi. En hversvegna bera þessir „verðir" íslenzkra réttinda ekki fram frv. um útilokun, þegar einkasalan er lögð niður, líkt og hv. þm. Ak. gerir nú? Hví vanrækja þeir þetta á annað ár og minnast ekki á það í umr. á síðasta þingi? Þá kom áhugi þeirra fram í því einu, að réttur væri við samningurinn frá 1924. Þeir sögðu ekki eitt orð um þessa hættu þá. Eru þó hv. jafnaðarmenn ekki vanir því að þegja, ef þeir halda, að þeir geti verið öðrum ósammála um einhvern hlut. En nú hrópa þeir um að verið sé að eyðileggja alla síldarútgerð. Allt er gert sem svartast. En bændum er bent á það, að þeir eigi að fá bætur fyrir þann markað, er þeir tapa. En sterkustu rökin gegn þessu eru þau, að viðreisn bænda grundvallast á því, að þeir hafi markað til að framleiða fyrir. En öllu þessu get ég þó svarað með því, að ég tek dóm Sambands ísl. samvinnufélaga fram yfir alla aðra dóma um þetta efni. Ég veit, að framkvæmdarstjóri þess á þessu sviði er allra manna dómbærastur um þetta. Frá hálfu jafnaðarmanna á þessi umhyggja þeirra að vera smyrsl á kjósendur, — sem þó aldrei verða kjósendur þeirra.

Þá hafa þessir hv. þm. fundið ráðið, og það er að sjóða bara kjötið niður! Þá þarf víst engan markað! Ég veit bara ekki, hvað þeir hugsa sér að geyma þetta niðursoðna kjöt lengi. En eflaust má taka á allri þolinmæði um afsetningu þess, því óvíst er, að það seldist allt á þessari öld.

Þá tala þeir um að flytja út lifandi fé. Það er nú kunnugt, að einhver stærsta hörmung, er kom fyrir landbúnaðinn á síðustu öld, var það, er útflutningur lifandi sauðfjár var bannaður 1896. Það var eitthvert stærsta áfall, sem þjóðin hefir orðið fyrir. En nú á að vera bjargráð að taka þetta upp aftur. Vel má vera að svo gæti orðið. En má ekki bara biðja um það, að við fáum að halda norska markaðinum, þar til búið er að undirbúa og koma til framkvæmdar þessum hugleiðingum. Þá er enn talað um það ráð, að leggja útilokunartoll á síldveiðarnar, sem renni í ríkissjóð og sé varið til að bæta bændum upp markaðstapið. Það er vitnað í frv., sem fram komu 1924, en um

þau frv. er það að segja, að þau voru stríðsfrv. og ekkert annað. Yfirleitt er talað hér nú, af andmælendum frv. þess, er fyrir liggur, eins og bændur séu í engri hættu og sama og engin átök þurfi til að rétta þeirra hag. En ég get lofað hv. andmælendum því, að þeir skulu fá nóg tækifæri til að sýna hjálparhug sinn til handa landbúnaðinum, enda þótt hann fái að halda saltkjötsmarkaði sínum. Möguleikarnir til að hjálpa bændunum eru hreint ekki tæmdir með því.

Þá minntist hv. 2. þm. Reykv. á varalögregluna og vildi kenna landsstj. um, að hún væri til. Ég fyrir mitt leyti harma það mjög, að hún skuli þurfa að vera til. En það er sannarlega ekki stj. að kenna, að svo er, heldur þeim, sem valdið hafa óeirðum og með þeim gert hana óhjákvæmilega.

Tími sá, er ég hefi til umráða, er nú brátt á enda. En ég ætla þó, vegna þess að þeir, sem halda fram útilokunarstefnunni og telja síldarútgerðina í hættu vegna samningsins, voru í gær að hampa því hér sem höfuðröksemd, að Siglfirðingar hefðu samþ. með öllum atkv. gegn 2, mótmæli gegn samningnum, að lesa upp skeyti, sem mér hefir borizt og dagsett er í dag. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Framsóknarfélag Siglufjarðar hefir á fjölmennum fundi í dag tekið norsku samningana til umr. og samþ. að lokum svo hljóðandi tillögu: Fundurinn telur norsku samningana vel viðunandi eftir ástæðum og betri en föng stóðu til og tjáir þeim mönnum, er að þeim unnu, beztu þakkir. Stjórn Framsóknarfélagsins". Þetta var samþ. með öllum atkv. Og í dag var einnig fundur í félagi sjálfstæðismanna á Siglufirði og samskonar till. samþ. þar. Þarna hefir þá traustasta vígið, sem útilokunarmennirnir vitnuðu til í gær, fallizt á samningana. Og þegar Siglfirðingar geta fallizt á þá og allir ísl. bændur gera það líka, þá er fyrir fáa að berjast og auðséð, að mótstaðan er ekkert annað en pólitísk spekulation.

Það er margt smátt í þessu, sem talað hefir verið um og reynt að gera númer úr af andmælendum. T. d. það, að ef skip rekur fyrir straumi eða vindi inn fyrir landhelgislínuna og getur sannað, að svo hafi verið, fái það þá að sleppa. En þetta hefir nú alltaf verið gert og á ekkert skylt við gestrisni, heldur er það einungis sjálfsagt réttlæti. Að þetta er tekið upp í samninginn, stafar einungis af því, að rétt þótti að setja fram skilmerkilega þau atriði öll, er til greina kæmu. Í stað þess er sleppt úr samningi þessum öllum óákveðnum velvilja, sem var talað um í samkomulaginu frá 1924.

Þess hefir verið getið, að ný stj. sé mynduð í Noregi, með Movinckel sem stjórnarforseta og sagt, að sú stj. styðjist við stéttir verzlunarmanna, útgerðar- og siglingamanna o. s. frv., en sé ekki bændastjórn. Hefir með þessu verið gefið í skyn, að vænlegra mundi nú að ná hagkvæmari samningum. Í sambandi við þetta vil ég gefa þá skýringu, að bændaflokkarnir í Noregi eru í raun og veru tveir. Sá, sem kallar sig bændaflokk, og vinstriflokkurinn, sem líka er skipaður bændum. Við þann flokk styðst stj. Movinckels. Og þótt ekki sé hægt að skýra það nánar, þá er það þó svo, að vinstrimenn standa að baki þessum samningi, og er hann gerður með samþ. og stuðningi þeirra.

Að síðustu vil ég segja þetta: Þeir fulltrúar ísl. sjávarútvegs, sem vilja björgun bændastéttarinnar, hefðu átt að velja viðfelldnara augnablik til að hefja sína útilokunarbaráttu heldur en einmitt það augnablik, þegar kreppan þjakar öllum. Fyrst þeir hafa ekki hafið þessa baráttu fyrr, þá ættu þeir nú að lofa bændum að komast yfir mestu örðugleikana, áður en þeir hefja sína útilokunarbaráttu. Ef þeir veita slíkan frest, þá verður líka sú barátta minni, sem nú hefir orðið með undarlegum hætti og sem enga framtíð á fyrir sér.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég vil byrja mál mitt með því að minna hæstv. forsrh. á það, að gert er ráð fyrir því, að einhverntíma nú á næstunni fari fram á ný samningatilraunir við Englendinga. Og ef það er rétt, sem víst mun vera, þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort samþ. þessa samnings, með öllum þeim fríðindum Norðmönnum til handa, sem í honum felast, muni gera aðstöðu okkar til samninga við Englend-

inga betri? Ég fullyrði, að samþ. samningsins gerir hana verri.

Ég spurði, hvort einungis hefðu verið fluttar 6000—7000 tunnur af saltkjöti til Noregs í haust. Ég fékk ekkert svar og geng því út frá því, að þögn sé sama og samþykki. Það sýnir, að þessi réttur, sem okkur er gefinn í samningnum hefir ekki komið nema að hálfum notum þetta haustið. Ég fékk heldur ekki neitt svar við þeirri spurningu minni, hvort rétt væri, að nú væri saltkjötsekla hér innanlands. Ég verð því að ganga út frá því, að það sé rétt, sem ég hefi heyrt, að erfitt væri nú að fá saltkjöt hér innanlands. Það er dálitið undarleg bardagaaðferð, sem beitt hefir verið af formælendum samningsins, að gera okkur andstæðingum hans upp orð og setningar og slást svo við þessar sjálftilbúnu vindmyllur, en svara ekki beinum spurningum, sem koma kjarna málsins við. En það er einmitt kjarninn, sem hv. formælendur samningsins forðast. En í stað þess grípa þeir hvert hálmstrá sér til bjargar, sem þeir ná í. Nú hafa þeir náð í eitt slíkt strá, sem er samþ. 57 sjálfstæðismanna og nokkurra — ótiltekið hve margra — framsóknarmanna á Siglufirði. Þetta er strá, sem þeim er verðugt að hanga á, með öðru álíka haldgóðu. Verði þeim að góðu!

Eins og ég gat um áður, þá eru þeir að berjast við ummæli, sem enginn hefir látið falla. Svo er t. d. um það, þegar þeir eru að kveða niður útilokunartolla. Hér hefir eingöngu verið talað um tolla af innfluttum fiski og síld, sem til hags gæti orðið fyrir ríkissjóð. Verður vitanlega að fara bil beggja um slíkan toll. Er það engin útilokunarstefna.

Þá sagði hæstv. forsrh., að ef eitthvað hefði skort á góðan undirbúning þessa máls, þá væri okkar sócíalistum þar um að kenna. Ég held nú, að hæstv. forsrh. sé eitthvað farinn að ruglast í ríminu. Ég hélt, að það hefði verið hann, sem var forsrh. og þá hans að sjá um undirbúning vegna samninganna, en ekki okkar. Ég er hræddur um, að hann hefði beðið mig með sinni kurteisi og prúðmennsku að hypja mig, ef ég hefði farið að spjalla við Norðmenn um þessa hluti. Hinu mótmælti hann ekki, að tíminn, þegar farið var fram á nýja samninga, var miðaður við það, sem Norðmönnum kæmi bezt. Þeir höfðu notið síldveiðanna, en við áttum eftir að kaupa leyfi til að koma okkar kjöti til þeirra. Ég hefi aldrei gert lítið úr því að selja kjötið. Það munar um minni upphæð. En menn mega muna það, þegar menn eru með heilögum fjálgleik að gaspra um kreppuna, að það er líka kreppa í Noregi. Ef okkur er alvara að útvega okkar vörum markað og útvega vinnu, þá er Norðmönnum það engu minna kappsmál. Að viðskipti Norðmanna við okkur séu ekki meiri en sem svarar 1% af viðskiptum þeirra við aðrar þjóðir, er tóm vitleysa, sem sést bezt á því, að umsetning Norðmanna á þessu ári var talsvert yfir 1200 millj. í norskum kr. Það þýðir ekkert að taka upp í sig fullyrðingar út í loftið, eins og úði og grúði af í síðari hl. ræðu þessa ágæta þm.

Hæstv. ráðh. sagði, að það myndi koma niður á okkur sjálfum, ef við legðum skatt á siglingar Norðmanna, af því að skip þeirra væru svo ódýr. En ég hygg, að hægt sé að fá fyllilega eins ódýr skip annarsstaðar. Norðmenn hafa að vísu haft mestar siglingar hér, en ég býst við, að það sé af því, að þeir hafa elzt sambönd, að þeir hafa tryggt sér flutninga hér, þar sem þeir geta þó boðið sömu kjör og aðrir.

Eitt þykir mér undarlegt bæði hjá hæstv. ráðh. og hv. þm. G.-K. Þeim finnst mjög til um það ósæmilega háttalag okkar jafnaðarmanna að skrifa pólitískar greinar og halda pólitískar ræður um þetta mál. Ég veit ekki, hvað er pólitík, ef ekki það, sem fer fram í sölum þingsins, þegar um viðkvæmt og stórt utanríkismál er að ræða, sem varðar mjög mikinn þorra landsmanna. Ef þeir eru hræddir um það, að kjósendurnir skjótist yfir til okkar jafnaðarmanna, kann að vera, að ég hafi ekkert á móti því. En að bera sig eins hörmulega og manneskjurnar gerðu, það finnst mér ekki karlmannlegt, hvað sem að öðru leyti má segja um þetta.

Ég ætla það væri hv. þm. G.-K., sem valdi mér og flokksmönnum mínum það viðurnefni, að við værum „afleggjarar Dana". Nú held ég, að í umr. félli þau orð, að mér virtist honum vera gefið viðurnefni og kallaður Óli norski. Megum

við báðir vel við una að fá svo sköruleg viðurnefni.

Um síldarmagn Norðmanna ætla ég ekki margt að segja. Ég vænti þess, að hv. þm. og hlustendur aðrir hafi fest sér í minni tölur mínar. Það er óhrekjandi, að eftir samningnum hefir snurpinótaskip rétt til að tryggja sér bræðslusölu á 1200 tunnum. Ekkert er því til fyrirstöðu, að allur norski flotinn geti gert þetta, eins og hv. þm. viðurkenndi. Hann kallaði það samningsrof, en sagði þó, að við því væri ekkert að gera. Og það hefir alveg gleymzt að leggja viðurlög við.

Ég verð svo að ljúka máli mínu og vinnst lítt tími til að svara því, sem sagt hefir verið. Ég vil leiðrétta, að ég hafði ekki rétt eftir hæstv. atvmrh., að hann áliti verð kjötsins ½ millj. Ég hefi nú reiknað þetta síðan, og munu 700 þús. kr. láta nærri. En ég vil bæta því við, að engum þarf að detta í hug, að kjötið verði verðlaust með öllu, þótt samningar verði hafnir.

Að lokum tel ég heppilegasta afgreiðslu þessa máls að fella samninginn eða fresta afgreiðslu og setja heimildarlög um viðtækar heimildir til ráðstafana gagnvart verzlun og siglingum. Í byrjun júlímánaðar næsta ár mun það sýna sig, að Norðmenn vilja kaupa nokkru verði réttindi sín hér við land.

Ég býst ekki við, að ég fái að segja meira. Ég þakka hlustendunum fyrir áheyrnina og vænti þess, að þegar menn skapa sér skoðun um þetta mál, þá festi þeir fremur í minni sér rökin heldur en gífuryrðin og hávaðann.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Minn ræðutími er útrunninn. En mér láðist að svara einni fyrirspurn frá hv. 2. þm. Reykv., en hún er sú, hvort stj. mundi leyfa, að málið færi í n. Það er sjálfsagt að verða við þessari ósk, sem fleiri hv. þm. hafa líka nefnt við mig, til að sýna fulla sanngirni. Sting ég upp á, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ræðutími minn er svo stuttur, að ég get ekki sagt nema lítið eitt af því, sem ég ætlaði.

Ég vil benda á, að eftir þeim rökum, sem fram eru komin, og þegar tekin er aðstaðan nú og 1924, þá er ekki hægt að segja með réttu, að þessi samningur sé óhagstæðari en samningurinn frá 1924. Það verður að athugast, að kjötframleiðslan hefir aukizt að miklum mun í Noregi, og að nú ríkir alstaðar í heiminum sem afleiðing kreppunnar tollaverndar- og innilokunarstefna. Allar þjóðir vilja nú búa að sínu og ekki kaupa afurðir, sem þær sjálfar geta framleitt, nema sem allra minnst. Ennfremur, að bændastj. er nú við völd í Noregi.

Þetta allt sýnir, að aðstaðan var eins erfið fyrir samningamenn okkar eins og verið gat. Og eins og sýnt hefir verið fram á með skýrum rökum, þá eru afbrigðin ekki það mikil, ef þau eru nokkur í veruleikanum, að hægt sé að segja, að breytt hafi verið til hins verra. Ég ætla aðallega að snúa mér að einni aðalspurningu í þessu máli, sem virðist verða að svara, hvort ekki sé of mikill ábyrgðarhluti fyrir Alþingi að fella þennan samning, eins og nú standa sakir. Ég hika ekki við að svara þeirri spurningu játandi. Ég hefi fengið þær upplýsingar hjá þeim mönnum, sem kunnugastir eru á þessu sviði, að kjötsöluréttur vor til Noregs samkv. samningnum sé 1½ til 2 millj. kr. virði þessi fyrstu tvö ár. Það eru meiri peningar en ísl. bændastétt má án vera. Þetta gildir svo að segja alstaðar á landinu, en ég vil taka það fram, að fyrir mitt kjördæmi hefi ég sérstaka ástæðu til þess að krefjast þess, að þessum kjörum sé ekki kastað burt með því að leggja út í tvísýnt tolla -og viðskiptastríð við Norðmenn, eins og hlýtur að verða afleiðingin, ef samningurinn verður felldur. Það stendur svo á í þessu héraði, eins og víðar á landinu, að það er ómögulegt fyrir bændur að selja kjöt á erlendan markað nema saltað. Þar eru ekki frystihús og verður ekki komið upp, vegna aðstöðunnar. Ef þess vegna væri kippt burt þessum möguleika eða hann settur í hættu, þá væri þar einhverjum allra bezta, og í sumum tilfellum eina tekjustofni bænda kippt burt. Það þýðir ekkert fyrir hv. 2. þm. Reykv. að benda þessum héruðum til kaupstaðanna. Markaðurinn er svo takmarkaður.

Þá sagði sami hv. þm., að ríkisstj. ætti að greiða bændum kjötið. Ég get sagt það fyrst og fremst, að ég veit það, að ísl. bændur hafa meiri sómatilfinningu en það, að þeir vildu þiggja úr ríkissjóði slíkt ölmusufé. Og þeir mundu ekki þakka okkur það, þingmönnunum, ef við gerðumst svo ábyrgðarlausir, að í stað þess að ganga inn á samninginn, sem eftir öllum aðstæðum er eðlilegur, þá færum við að auka byrðar ríkissj. með þeim greiðslum, sem þeir gætu fengið frá erlendum þjóðum sem verð fyrir sína framleiðslu. Og þó að hv. 2. þm. Reykv. segi, — vafalaust í agitations-tilgangi, — að þetta mundi ekki nema meiru fé en fer í ríkislögregluna, þá veit hann vel, að það nemur miklu meiru. (HV: Það, sem á að fara í ríkislögreglu). Nú, um ófyrirsjáanlega framtíð. En það verður líka mikið verðmagn kjöts sent til Noregs til 1937, en til þess tíma getur samningurinn gilt.

Ef eitthvað þykir sérlega varhugavert við þennan samning, þá ættu menn að athuga, að við höfum rétt til að segja honum upp með hæfilegum fyrirvara. En við getum notað tímann á meðan til þess að hagræða landbúnaðinum svo, að við þurfum ekki að vera upp á þennan markað komnir.

Ég vil taka undir með hv. þm. G.-K., að mér finnst það koma úr hörðustu átt, að jafnaðarmenn skuli nú berjast á móti þessum samningi með þeim aðalrökum, að verið sé að hleypa erlendum mönnum inn með atvinnurekstur, mennirnir, sem aftur og aftur hafa á þingi borið fram till. um það að hleypa erlendum skipum að landinu og erlendum atvinnurekendum. Á síðasta þingi bar hv. þm. Seyðf. fram einar þrjár slíkar till. fyrir sitt kjördæmi og Austurland. Sama má segja um formann flokksins. Hann hefir aftur og aftur sýnt, að hann telur sjálfsagt, þegar ísl. verkalýð vantar atvinnu og ísl. vinnuveitendur eru ekki þess um komnir að veita hana, að leita til erlendra manna um aukna atvinnu. Í þessu er ekkert samræmi hjá þessum hv. þm. eða þeirra flokksmönnum. Það kemur algerlega í bága við allt, sem þeir hafa áður sagt, ef þeir ætla áfram að berjast á móti kjöttollssamningnum á þessum grundvelli. Það geta þeir ekki gert, nema ganga yfir sínar gömlu skoðanir sem lík.

**Ólafur Thors:** Ég hefi eina mínútu til umráða, og vil nota hana til þess að láta í ljós þær óskir og þær vonir, að sjálfstæðismenn láti ekki blekkjast af þeim fagurgala, sem sócialistar hafa haft í frammi í þessu máli. Ég vænti þess, að þeir geti aðhyllzt það, sem kom fram í ræðu minni og hæstv. forsrh., og að þeir hafi glöggan skilning á því, að ef nokkurntíma hefir verið þörf á því, að sjávarútvegsmenn hliðruðu til fyrir bændum, þá er sú þörf fyrir hendi nú. Og ég vænti þess, að þau rök, sem við formælendur samningsins höfum fært fram, vegi þyngra en glamuryrði sócialista í málinu. Ég hefi gert mitt til að hrekja þau glamuryrði. Sama hefir hæstv. forsrh. gert og aðrir formælendur samningsins. Ég óska þess af heilum hug, að þeir, sem hafa hlýtt á mál okkar, fari eftir því ráði, sem hv. þm. Seyðf. gaf í lok ræðu sinnar, að menn meti meir rökin en staðhæfingar og glamuryrði í þessu máli. Ef menn gera það, þá kvíði ég engu um framgang þessa máls. Þá er ég viss um, að samningurinn nær samþykki Alþingis og hlýtur hylli kjósendanna í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:2 atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 31. og 32. fundi í Nd., 20. og 21. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 22. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 118, n. 189).

**Bjarni Ásgeirsson:** Af því að hv. frsm. er veikur, hefi ég tekið að mér að segja ofurlítið f. h. nefndarinnar.

Ég mun ekki fara langt út í þetta mál, þar sem það nýlega hefir verið rætt ýtarlega dag eftir dag; og ég býst ekki við, að neitt nýtt komi fram í þessum umr.

Eins og getið er í nál., hefir n. orðið sammála um það eftir atvikum að mæla með því, að frv. verði samþ. Að vísu hefir einn nm., hv. þm. Vestm., nokkra sérstöðu og skrifar undir nál. með fyrirvara,

sem hann mun gera grein fyrir í sérstakri ræðu. Hinsvegar er mér óhætt að segja það f. h. n. sem heildar, að þó að hún hafi sitthvað við samninginn að athuga og hefði óskað, að ýms ákvæði væru öðruvísi en eru, þá álítur hún ekki forsvaranlegt á þessu stigi málsins að fella samninginn. Það er sérstaklega hliðin, sem að landbúnaðinum veit, sem hefir knúð n. til að taka þessa ákvörðun. Eins og vitanlegt er, þá hefir sú hlið samningsins, sem að kjötsölunni veit, ráðizt þannig, að fengizt hafa ekki eingöngu jafngóð kjör hvað tollinn áhrærir eins og áður en samningnum var sagt upp frá Norðmanna hendi, heldur fengizt loforð um lækkun tollsins um ⅓ frá því, sem áður var. Að vísu koma á móti takmarkanir um það, hvað leyfilegt sé að flytja út af kjöti árlega, og fer það magn minnkandi í nokkur ár, og er töluvert deilt um þýðingu þessa atriðis samningsins. En n. lítur svo á, að þar sem vitanlegt er fyrirfram, að kjötmarkaður Íslendinga er að þrengjast í Noregi meir og meir, þó að okkar kjöt hafi alltaf aðstöðu til að þrengja sér nokkuð inn á markaðinn, þrátt fyrir það þótt nægt innlent kjöt sé til framboðs, þá muni þetta ákvæði gera Íslendingum minni skaða en ella. Ég álít, að samningsákvæðin um kjötsöluna hafi tekizt vonum framar. Hinsvegar hefir samningurinn hlotið talsverða gagnrýni vegna þeirrar hliðar, er að síldveiðunum veit.

Það má vera, að ýmsir annmarkar séu á þessum samningi fyrir síldarútgerðina, og verður reynslan að skera úr þeim atriðum. En að mörgum atriðum hefir nú verið fundið, sem eru í sama horfi og áður en samningurinn ver gerður. Þau eru viðurkennd framkvæmdaratriði á fiskiveiðalöggjöfinni, þó að menn hafi ekki rekið augun í þau fyrr en nú. En þar sem segja má þessum samningi upp með hálfs árs fyrirvara og auk þess er hægt að þvinga Norðmenn til þriggja mán. fyrirvara, þá álítur n. sjálfsagt að reyna samninginn í eitt ár og sjá, hversu nauðsynlengur okkur virðist kjötmarkaðurinn í Noregi, sem er mikið komið undir, hversu samningar takast við England. En enski markaðurinn virðist nú vera á hverfanda hveli, og við vitum ekki, hve mikið af því kjöti, sem reiknað er enn með að flytja til Englands, kemst á enskan markað. Teljum við því óforsvaranlegt að halda ekki opnum þeim leiðum, sem við höfum með þessum samningi.

Ég skal aðeins til skýringar á því, hversu hver þjóð álítur sér mikils virði að halda uppi markaðsmöguleikum fyrir sínar afurðir, geta þess, að Danir, einhver mesta kjötframleiðsluþjóð heimsins, virðist ekki ráða sér fyrir fögnuði af því að þeir hafa komið auga á einhvern kjötmarkað í Færeyjum. Þegar við athugum þetta, þá sjáum við, hve mikils virði það er fyrir þjóðirnar yfirleitt að halda opnum þeim markaðsmöguleikum, sem til eru í öðrum löndum.

Nú getum við sagt upp þessum samningi með 6 mán. fyrirvara. Við getum sagt honum upp síðasta nóv. næstk., og á meðan er hægt að athuga þá kosti, sem kjötmarkaðurinn hefir í Noregi, og þá annmarka, sem ívilnanir gagnvart Norðmönnum kynnu að hafa í för með sér.

Þegar þetta er allt athugað, þá virðist ekki mikið í húfi gagnvart útgerðinni þótt samningurinn sé samþ. En það er allt of mikið í húfi gagnvart landbúnaðinum, ef ekki eru athugaðir vel allir möguleikar fyrir ísl. kjötsölu, áður en þessu sundi er lokað.

**Jóhann Jósefsson:** Fyrstu umr. um þetta mál var hagað þannig (umr. útvarpað), að ekki var tækifæri fyrir aðra en einstaka mann að láta uppi álit sitt. Þótt við 2. umr. máls sé að jafnaði ekki ætlazt til, að menn tali um málið á víð og dreif, þá vonast ég til, að hæstv. forseti sjá í gegnum fingur við mig, þar sem ég hefi ekki tekið til máls fyrr í þessu máli.

Það er rétt, sem hv. þm. Mýr. sagði, að n. var ekki klofin um það eins og á stóð, að mæla með frumvarpi þessa máls. En ég áskildi mér þá þegar rétt til að gera nokkrar aths. við 2. umr.

Ég ætla nú ekki að fara að auka á þann styr, sem staðið hefir um þennan samning, né heldur þær árásir, sem sérstaklega þeir menn, sem unnu að samningnum, hafa orðið fyrir, en ég vil benda á, að þó að það sé viðurkennt, að þessi samningur virðist vera allóhagstæður

okkur Íslendingum, að meinið liggur dýpra. Það er margra ára gamalt og byrjar með því, að Íslendingar hafa ýmist liðið eða leyft Norðmönnum ágang og annað af slíku tægi hér á landi, sem öðrum þjóðum hefir ekki verið látið haldast uppi. Þetta hefir jafnvel gengið svo langt, að þessi þjóð hefir komið hér upp fasteignum í trássi við, eða án leyfis ísl. yfirvalda.

Mikið hefir verið rætt í þessu sambandi um skýringar ísl. yfirvalda á l. um rétt til fiskveiða innan landhelgi Íslands frá 1922. Með þeim l. var ætlazt til, að svo væri frá gengið, að landhelgin væri fyrir Íslendinga eina til veiða með þeim veiðarfærum, sem þar má nota. Og ákvæði 3. gr. l., sem banna erlendum skipum að hafast við í landhelgi til fiskveiða, áttu að útiloka aðrar þjóðir. Nú hafa formælendur þessa samnings haldið því mjög fram, að útskýring þeirrar stj., er sat við völd 1922, á framkvæmd þessarar 3. gr. l., sé bindandi fyrir Íslendinga um óákveðna framtíð. Hér er að vísu um skýringu ráðh. að ræða, en mér þykir nú fullmikið lagt upp úr þeirri skýringu, ef hún á að binda hendur löggjafans um óákveðna framtíð, eins og mér skildist á hv. þm. G.-K. Það er ekki svo sem hér liggi dómur fyrir. Hæstiréttur hefir aldrei lagt úrskurð á þetta. (**ÓTh:** Jú, það eru til tveir hæstaréttardómar fyrir þessu). Ég hygg, að þeir dómar séu til komnir eftir að loforðið var gefið 1924 um vinsamlega framkvæmd fiskiveiðalaganna.

Þegar við nú stöndum gagnvart þessum samningi og hörmum það, hve langt við þurfum að ganga í að veita Norðmönnum fríðindi gegn því litla, sem við fáum í aðra hönd, þá má sem sagt ekki gleyma því, að við höfum undirbúið þessar kröfur af hendi Norðmanna fyrir mörgum árum. 1923 var því haldið fram í blaði Framsóknarflokksins, að við ættum að láta Norðmönnum í té fiskveiðiréttindi gegn fríðindum í kjöttollssamningnum. Síðan var samið við Norðmenn 1924, og sá samningur þótti á þeim tíma góður, og ég held, að hann hafi verið það eftir atvikum. Þegar svo Norðmenn segja upp samningnum nú, þá hafast Íslendingar undarlega lítið að. Það má segja e. t. v. við mig og einstaka þm.: Hví gerðuð þið ekki ráðstöfun til að tryggja samningamönnum betri aðstöðu við Norðmenn en þið hafið gert? Því svara ég á þann veg, að til er utanríkismálanefnd, þar sem sérstaklega er farið með utanríkismál þjóðarinnar. Er fyrst og fremst til þess ætlazt, að hún búi í haginn þegar svo ber undir eins og hér var, þegar Norðmenn sögðu upp samningnum í febr. 1932. Átti hún ekki að reyna að búa svo í haginn, að við stæðum ekki alveg berskjaldaðir gagnvart þessari þjóð, í nýjum samningum? En fram hjá þessu atriði virðist stj. og þingið algerlega hafa gengið.

Þetta allt verður maður að taka með í reikninginn, þegar dæma á um það verk hæstv. stj. að semja við Norðmenn á þeim grundvelli, sem hér liggur fyrir, því að það er vitanlega fyrst og fremst ríkisstj., sem hefir ráðið öllum samningsatriðum.

Því hefir verið lýst yfir, af hæstv. forsrh., að Norðmenn hafi síðastl. vor lengi vel ekki viljað tala við Íslendinga um kjöttollsmálið, hvað þá meira. Þetta virðist óneitanlega alleinkennilegt, þegar þess er gætt, sem jafnan hefir verið haldið fram hér á Alþingi og víðar af málsmetandi mönnum, að verzlunarjöfnuður landsmanna væri sá grundvöllur, sem allir verzlunarsamningar ríkja á milli væru byggðir á. Þessu hefir ekki aðeins verið haldið fram meðal okkar Íslendinga og af okkar hálfu, heldur mun þetta viðurkennd regla um allan heim. Nú vill þannig til, að viðskipti okkar gagnvart þessari frændþjóð okkar, Norðmönnum, standa þannig, að verzlunarjöfnuðurinn er okkur mjög í hag, þar sem það er sýnt, að við höfum keypt af þeim vörur fyrir 7,7 millj. kr. síðastl. ár, en selt þeim vörur aðeins fyrir 4,1 millj., og það, sem við höfum flutt út til Norðmanna er mikið þeirra eigin framleiðsla hér, svo hagnaður þeirra er hér meiri en tölurnar sína. Maður skyldi nú ætla, að þessi hagstæði verzlunarjöfnuður frá okkar hálfu hefði átt að tryggja okkur góða aðstöðu til samninganna, en í stað þess neita Norðmenn að taka hið minnsta tillit til þessa.

Það skiptir engu máli hér, þó að því hafi verið haldið fram, að það, sem við kaupum af Norðmönnum, sé þeim svo

lítils virði. Hér er það sama principið, sem lagt er til grundvallar um allan heim. Ég veit t. d. ekki betur en að það séu þessar nótur, sem spilað er á við Englendinga nú og hefir að undanförnu verið spilað á við Þjóðverja. Hvorug þessara stóru þjóða hafa neitað þeim rétti, er við höfum átt gagnvart þeim í þessu efni, en það gera Norðmenn, að því er virðist. Þó er það svo, að auk þess sem aðstaða okkar hvað verzlunarjöfnuðinn snertir er okkur hagstæð, þá hafa Norðmenn hér mikla siglingahagsmuni umfram allar aðrar þjóðir. Það er því eðlilegt, að menn spyrji, hvaða vonir hægt sé að gera sér um góð afdrif hvað snertir samningana við stórþjóðirnar, t. d. Englendinga, þegar svona fer um samningana við þessa frændþjóð okkar.

Það er auðséð á þessum norsk-ísl. samningi, að markaðsmöguleikarnir fyrir saltkjöt okkar minnka mjög í Noregi. Þetta viðurkenna samningamenn okkar líka. Og það verður jafnvel svo í reyndinni, að síðastl. haust gátu Íslendingar ekki notað til fulls þau tollfríðindi, sem þeir þó áttu kost á þar eftir samningnum, vegna þess að varan seldist þar illa. Tollfríðindi þau, sem hér er um að ræða, eiga að magni til að vera komin niður í 6000 tn. markaðsárið 1937—38. Sé nú tekið tillit til þess, sem selt var til Noregs af saltkjöti síðastl. haust, þá erum við mjög fljótlega komnir niður í þetta lágmark. Þeir háttv. þm., sem greiða vilja fyrir þessu máli, gera það fyrir þá sök, að hér er um að ræða sölumöguleika fyrir aðalframleiðslu landbúnaðarins, saltkjötið. Og hvað mig snertir, þá er það svo, að þrátt fyrir það þó að mér sé mjög í nöp við anda samnings þessa, þá vil ég ekki gera neitt það, sem leitt geti til þess að gera sölu landbúnaðarafurðanna á erlendum markaði torveldari en hún er nú. Til þess þekki ég of vel þá örðugleika, sem á því eru að selja þessa framleiðslu.

Í sambandi við þetta mál virðist mér ekki fjarri lagi að minnast lítilsháttar á það, hversu lítill gaumur er gefinn markaðsmöguleikunum fyrir ísl. kjöti innanlands. Því hefir verið haldið fram, að ísl. markaðurinn tæki á móti kjötmagni, sem svaraði til 35 þús. tn. En það mesta, sem til Noregs má flytja, eru 13 þús. tn. Nemur það því ekki helming þess kjötmagns, sem notað hefir verið í landinu sjálfu. Hér er því verkefni fyrir hendi, sem ég hygg, að ekki muni vera erfitt, sem sé að auka kjötsöluna innan lands. Ég hefi t. d. heyrt það, að í sumum kaupstöðum landsins sé jafnvel skortur á kjöti nú þegar á þessu ári, og sé það rétt, þá þyrfti að athuga, hvort ekki væri eins heppilegt að láta kjöt liggja fyrir á þessum stöðum til sölu, eins og hafa það í umboðssölu úti í Noregi. Hér hefir töluvert verið ýtt undir menn um það, að nota síld til neyzlu, og hefir það haft nokkurn árangur. Er þó síldin lítt þekkt sem fæða hjá landsmönnum að fornu. En kjötið þekkja allir, það hefir verið ein aðalfæða okkar frá fyrstu tíð. Þó er það svo, að neyzla þess gæti verið miklu meiri en hún er. Að aukning hennar þarf því að vinna meir en gert hefir verið. Með því yrðu slegnar tvær flugur í einu höggi, að auka markað kjötsins innanlands, og í öðru lagi að draga úr neyzlu erlendra kornvörutegunda. Hitt má ekki eiga sér stað, sem ýmsir hafa haldið fram, að kjötið sé selt að mun dýrara innanlands en fyrir það fæst á erlendum markaði, t. d. svo miklu dýrara, að það jafnvel borgi sig að kaupa það úti í Noregi og flytja það hingað. Að sjálfsögðu mun þetta ekki vera algeng regla, en þó mun eitthvað vera til í þessu. Eitthvað er bogið við söluna hvað þetta snertir.

Þegar nú svo er komið um kjötsöluna, sem hér er raun á orðin, að Íslendingar sjá sig neydda til að ljá erlendum þjóðum svo mjög fangstaðar á sér um fiskiveiðaréttindi, eins og samningur þessi ber með sér, til að hafa dálitla kjötsölumöguleika hjá útlendingum þessum, þá er fyllsta ástæða til að nota til fulls alla þá möguleika um sölu þessarar vöruteg., sem til eru í landinu sjálfu, og rannsaka þá einnig, hvað auka megi kjötsöluna með niðursuðu á kjötinu innanlands. Jafnvel þó að einn hæstv. ráðh. væri að skopast að slíku áðan.

Annars má vel vera, að mál þetta skipist þannig fyrir 15. apríl, að þá verði betra að sjá heldur en nú, hvort rétt sé að staðfesta samning þennan eða ekki, en ennþá tel ég, að vafi geti leikið á því, hvað gera skuli. Það mun nefnilega ennþá

óvíst, hvernig fer um kjötsöluna til Englands, hvort samningar takast eða ekki. En ég ætla, að þá er samningur þessi var gerður, hafi stj. gengið út frá von um samninga við Englendinga, sem nú mun tvíbent um. En vel má vera, að þetta spursmál verði leyst, áður en þingið gengur endanlega frá samningi þessum.

Þá vildi ég leyfa mér að minnast lítilsháttar á 12. gr. samningsins. Um hana hefir að vísu nokkuð verið rætt, en þó tel ég hana ekki hafa verið skýrða til hlítar. Þar stendur: „Norsk fiskiskip, sem geta sannað, að þau hafi rekið inn í landhelgi vegna straums eða storms, skulu ekki sæta ákæru ef það er ljóst af öllum atvikum, að þetta hafi ekki átt sér stað vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings". Skýringin við þetta er í aths. við 12. gr. Þar er því haldið fram, að til hliðsjónar við þetta hafi verið haft vilyrði, sem brezku stj. hafi áður verið gefið um, að skipherrar varðskipanna mættu sjálfir áminna togaraskipstjóra, sem hafi reynzt brotlegir við lagaákvæði um búlkun veiðarfæra. Ennfremur er því haldið fram, að þetta sé í samræmi við dóma hæstaréttar í slíkum málum og sé því engin ívilnun. Nú er svo að sjá á 12. gr., að ívilnun sú, sem Norðmönnum er veitt samkv. henni, nái ekki aðeins til brota gegn lagaákvæðum um búlkun veiðarfæra, heldur og líka til brota gegn lagaákvæðum um veiðar í landhelgi. Hv. þm. Ak. benti greinilega á, hversu ákvæði þessarar greinar myndu torvelda framkvæmd landhelgisgæzlul. Skip, sem t. d. stunduðu snurpunótaveiðar, þyrftu ekki annað en kasta rétt fyrir utan landhelgislínuna og láta svo straum og vind bera sig inn fyrir hana. Þau gætu með fyllsta rétti haldið því fram, að þau hefðu ekki sjálfkrafa farið inn fyrir línuna og væru því sýkn saka samkv. ákv. 12. gr. samningsins. Hæstv. forsrh. lagði sérstaka áherzlu á það við 1. umr. þessa máls, að skipstjórar þyrftu að geta sannað, að þá hefði borið inn fyrir línuna, ef þeir ættu að njóta þessara fríðinda. Það er því bezt að athuga, hvernig þetta í raun og veru fer fram. Hér er lagt á vald varðskipstjóranna að sleppa skipstjórum þeirra veiðiskipa við ákæru, sem geta sannað, að skip þeirra hafi rekið inn fyrir landhelgislínu vegna straums eða vinds. Um lögfulla sönnun getur hér ekki orðið að ræða, heldur aðeins hitt, hvað sennilegt er, því í viðureign milli skipstjóranna á gæzlu- og veiðiskipunum á hafi úti getur ekki annað komið til greina. Ef þessari framkvæmd landhelgisgæzlunnar á að verða almennt beint gegn þeim skipstjórum, sem brotlegir verða gegn landhelgislögunum, þá fæ ég ekki betur séð, en að hér sé gengið inn á nýja framkvæmd þessara laga. Það hefir nefnilega ekki hingað til verið tekið til greina af ísl. yfirvöldum, þó að ýmislegt hafi verið hægt að færa til sönnunar því, að skip hafi rekið inn fyrir landhelgislínu vegna straums eða vinds. Sú staðreynd ein hefir verið látin ráða, að skipin hafa verið komin inn fyrir landhelgislínu, að mestu án tillits til þess, af hvaða ástæðum þau hafa verið komin þangað. Þá veit ég ekki hvaða hæstaréttardóma vitnað er til í aths. 12. gr. Mér er alls ekki kunnugt um, að skip hafi verið sýknuð, hvorki í undirrétti né hæstarétti með þessum forsendum einum. Hafi það komið fyrir, að skip hafi verið sýknuð, þá hefir það venjulegast verið sökum þess, að ákæran hefir verið byggð á skökkum mælingarforsendum, sbr. sýknun enskra og þýzkra togara vegna þess að landhelgislínan í sjókortinu frá 1928 hefir ekki verið viðurkennd rétt af hæstarétti. Enda segja flestir dómarar það, að ef fara ætti inn á þá braut að taka til greina þær viðbárur, að skipin hefðu hrakið inn fyrir línu vegna vinds eða straums, þá væri komið inn á alltof hála braut með framkvæmd landhelgisgæzlunnar. Flest landhelgisbrot undanfarin ár hafa verið svo vaxin, að skipin hafa aðeins verið nokkur hundruð metra frá landhelgislínunni; verður því að hafa það hugfast, ef þetta ákvæði, sem 12. gr. samningsins ræðir um, á að framkvæmast gagnvart öðrum þjóðum eins og Normönnum, þá verður tæplega undan því komizt, ef á annað borð kröfur koma um það, en að láta allar þjóðir hafa sama rétt, sem fiskiveiðar stunda hér. Þetta ákvæði 12. gr., að sakborningur verði að sanna mál sitt, er lítil trygging, því eins og ég benti á áðan getur hér ekki orðið um neina lögfulla sönnun að

ræða. Það getur alltaf orðið álitamál milli skipstjóra veiðiskipsins og foringja varðskipsins, hvort skipið hafi í raun og veru rekið inn fyrir línuna. Annar getur talið það sannað, sem hinn telur ósannað. Þannig gæti það t. d. komið fyrir, að foringi varðskips fari með veiðiskip í höfn til dómara, af því að hann teldi ekki sannað, að það hefði hrakið inn fyrir línu. Færi þá svo, að dómari féllist á skoðun þess ákærða, yrði aðstaða varðskipsforingjans verri næst, þegar úr slíku þrætumáli ætti að skera. Hér er því verið að setja foringja varðskipanna í erfiða aðstöðu. Annars er það, eftir því sem háttv. þm. Ak. lýsti snurpinótaveiðunum, lítill vandi fyrir skipstjóra, sem þá veiði stunda, að sanna það, að þá hafi rekið inn fyrir landhelgislínuna vegna straums eða storms, án þess að segja nokkuð mót betri vitund. Þessi hlið 12. gr. samningsins hefir ekki verið rædd hér í háttv. d. sem skyldi. Fyrir því hefi ég viljað láta þessar aths. mínar koma fram, sérstaklega ef útfæra á ákvæði greinarinnar gagnvart veiðiskipum yfirleitt.

Það hefir nokkuð verið um það deilt, hver yrði afleiðingin af samþykkt þessa samnings. Að sjálfsögðu stafar okkur nokkur hætta af honum, og í því efni sem öðru mun reynslan verði tryggasti mælikvarðinn, og er því réttast að haga sér eftir henni.

Því hefir verið haldið fram af formælendum samningsins, að þau fríðindi, sem Norðmenn öðlast hér samkv. honum, hafi þeir haft að mestu áður samkv. fiskveiðalöggjöfinni frá 1922. Út af þessum ummælum vil ég benda á þá staðreynd, að Norðmenn hafa þolað mótmælalaust, að við settum lögin um Síldareinkasöluna 1928. Löggjöf, sem gerði að engu lagaskýringuna frá 1922 og löndunarmöguleika þeirra hér á landi. Þetta nægir til þess að afsanna það, að við séum bundnir við þessa lagaskýringu um aldur og æfi.

Þá hefir og verið vitnað í lagaskýringu Jóns Krabbe. Ég vil að sjálfsögðu ekki rýra álit hans í neinu, en aðeins benda á, að hans álit er gefið 1921—22, en síðan hefir sem kunnugt er andrúmsloftið í þessum efnum breytzt mjög í heiminum. Það hefir síðar margt það skeð í viðskiptum milli þjóða, sem þá hefði þótt allt of langt gengið.

Ég hefi skilið hæstv. stj. og háttv. þm. G.-K. þannig, að með gildistöku þessa samnings verði ekki í verulegum atriðum skipt um til hins verra fyrir Íslendinga frá þeim ákvæðum, er áður giltu um fríðindi Norðmanna hér á landi, sem þeir hefðu öðlazt með leyfum eða verið liðið. Sé svo, að skoðun stjórnarinnar sé rétt í þessu efni og reynslan staðfesti hana, þá skal ég fyrir mitt leyti ekkert fást um það, þó að samningur þessi hafi verið gerður. En hinn möguleikinn er líka til, að þetta reynist rangt. Og ef svo fer, að framkvæmd samningsins sýnir, að skoðun sú, sem hæstv. stj. hefir nú á þessu máli, reynist ekki rétt, ef það kemur í ljós, að síldveiðimenn vorir verða fyrir þyngri búsifjum vegna samningsins heldur en þeim, sem leitt hefðu af því ástandi, sem var áður en samningurinn var gerður, þá virðist mér liggja í hlutarins eðli, að hæstv. stj. verði að beita sér fyrir því, að við losnum við samninginn strax aftur. Ég vil því nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. stj., hvort hún muni ekki beita sér fyrir því, að samningurinn falli úr gildi svo fljótt sem unnt er, svo framarlega að reynslan sýnir, að ástandið ætlar að verða okkur miklu verra en áður, að því er snertir norska samkeppni við íslenzkan síldarútveg.

Nú er uppsagnarákvæðum samningsins svo hagað, að ef hann t. d. á að geta gengið úr gildi fyrir sumarið 1934, verður uppsögn að hafa farið fram um næstu áramót. Ef uppsögn samningsins er dregin fram yfir áramótin, þýðir það það, að samningurinn verður að gilda a. m. k. fram yfir síldveiðitímann næsta sumar. Þannig er frá samningnum gengið. Nú hefir komið fram upp á síðkastið, að Norðmenn virðast gera sér mjög miklar vonir um afrakstur sér til handa af þeim hlunnindum, sem samningurinn lætur þeim í té. Um það bera norsk blöð ljósan vott. Það er því mjög líklegt, að það komi í ljós þegar á komandi sumri, að hve miklu leyti og á hvern hátt Norðmenn nota sér þá aðstöðu, sem þeim er fengin hér við land. Það er búið að sýna, að eftir „teoriunni“ geta þeir notað sér hana mjög mikið. Nú er því bara spurningin,

hvað reynslan sýnir í þessu efni. Sýni nú reynslan, að Norðmenn noti rétt sinn svo óhæfilega mikið, að það verði til stórskaða íslenzkum síldarútveg, þá virðist mér að það verði að segja samningnum þegar upp. Því þau fríðindi, sem við fáum á móti, sem ég ekki neita, að eru nokkur, eru ekki svo mikil, að þau réttlæti það að láta samninginn vera í gildi áfram, ef sú kenning hæstv. stj. reynist röng, að hann valdi tiltölulega litlum skaða á öðrum sviðum. En eins og ég benti á áðan, verður samningurinn að vera í gildi allt næsta ár að því er fríðindi Norðmanna snertir, ef honum er ekki sagt upp fyrir næstu áramót. Þess vegna finnst mér, að ef þingið samþ. samninginn nú, þá þurfi stj. um leið að fá heimild til að segja honum upp fyrir næstu áramót, til þess að ekki sé fastbundið, að Norðmenn njóti þeirra hlunninda yfir síldveiðitímann á sumrinu 1934, sem þeir fá hér samkv. samningnum. Það kann að þykja hart að gengið að fara fram á það, að um leið og hæstv. stj. leitar samþykkis Alþingis fyrir því, að samningurinn megi ganga í gildi, afli hún sér meðala til þess að geta sagt honum upp þegar um næstu áramót. En mér finnst þetta bara praktiskt atriði, sem sjálfsagt sé að hugsa fyrir. Ef hæstv. stj. fengi heimild til að segja samningnum upp hvenær sem ástæða virtist til, gæti það jafnvel verkað sem hemill á Norðmenn, þannig að þeir misnotuðu síður þá aðstöðu, sem samningurinn veitir þeim.

Ég vildi mjög gjarnan heyra skoðun hæstv. stj. á þessu atriði. Fyrir mitt leyti legg ég hina mestu áherzlu á, að hæstv. stj. sé sem bezt vakandi í þessu efni og að hún vanræki ekki að fá í sínar hendur þær heimildir, sem til þess þurfa, að hún geti snúizt svo vel við til varnar hagsmunum síldarútvegsmanna landsins sem ástæða sýnist til, þegar reynsla næsta sumars hefir sýnt, hvað í húfi er.

Að því er snertir hina hlið þessa máls, hagsmuni bændastéttarinnar íslenzku, þá sýnist mér a. m. k. á þessu stigi málsins ekki rétt að ganga á móti þeim möguleikum til sölu á saltkjöti, sem hér er um að ræða, þó maður hinsvegar verði að kannast við, að þeir séu ekki miklir. Við því verði sem þeir eru keyptir, eru þeir allt of litlir, því miður. En það verður líka í þessu sambandi að líta á það, hvað lítill tími er til stefnu til þess að bæta úr markaðsörðugleikunum á annan hátt, ef samningurinn væri felldur niður nú þegar. Ef aftur væri haft fyrir augum að láta samninginn ganga úr gildi á árinu 1934, ímynda ég mér, að frekar væri þó einhver leið að finna sölumöguleika fyrir kjötframleiðsluna annarsstaðar en í Noregi, þó ekki sé hægt að benda á ákveðið ráð til þess í bili.

**Guðbrandur Ísberg:** Sjútvn. hefir nú skilað áliti sínu um norska samninginn og hefir orðið sammála um að leggja til, að hann verði samþ. Má því segja, að ekki horfi byrlega fyrir þessum mönnum, sem þennan samning vilja feigan. Má það þó vera þeim nokkurt gleðiefni, að þeir, sem samþ. ætla samninginn, virðast margir hverjir gera það með blandinni ánægju.

Það er nú búið að ræða efni samningsins allmikið og ætla ég ekki að fara mikið út í það. Vil aðeins benda á nokkur einstök atriði, sem ekki verður of oft á minnzt.

Viðvíkjandi afgreiðslu samningsins er ekki nema um tvennt að velja. Annað er að samþ. hann ekki, og missum við þá vitanlega þann litla saltkjötsmarkað, sem við enn höfum í Noregi. En um leið ættum við að sjálfsögðu að leggja svo háan toll á síld, sem seld er í land af útlendingum til bræðslu eða söltunar, að Norðmenn verði praktiskt séð útilokaðir frá að nota þá heimild, sem þeir hafa haft til þess að selja síld í land. Verði hitt aftur á móti ofan á, að samþ. samninginn, er rétt að athuga hvað við vinnum við það. Við vinnum ekkert annað en það, að fá markað fyrir fáeinar tunnur af saltkjöti í Noregi. Í þessu sambandi er rétt að benda á það, að árið 1930 fluttum við til Noregs nálega 18 þús. tunnur af saltkjöti, eftir því sem næst verður komizt eftir hagskýrslum. Árið 1931 voru fluttar þangað um 12 þús. tunnur, sem seldust með mestu harmkvælum, svo við lá, að flytja þyrfti sumt heim aftur. Nú í haust munu hafa verið sendar til Noregs 6—7 þús. tunnur af saltkjöti, sem enn er þó óselt að einhverju leyti. Þessi mikla minnkun á saltkjötssölunni til Noregs er

engin tilviljun. Hún er bein afleiðing af því, að Norðmenn hafa á undanförnum árum aukið kjötframleiðslu sína svo gífurlega, að í stað þess að þeir áður þurftu að flytja mikið inn af kjöti, framleiða þeir nú meira af því heldur en þeir þurfa sjálfir að nota. Ég hefi hér nokkrar tölur úr norskum hagskýrslum, sem sýna aukningu kjötframleiðslunnar frá því árið 1923, þegar gamli kjöttollssamningurinn var gerður. Nautgripum hefir á þessu tímabili fjölgað um 264 þús. Gefur sá liður geysilega aukið kjötmagn. Svínum hefir fjölgað um 110 þús., eða sem svarar um 50%. Gefa þau líka af sér geysilegt kjötmagn. Þá hefir sauðfjárstofninn aukizt um 292 þús. Samsvarar það ca. 40 þús. tunna aukinni framleiðslu af sauðakjöti. En árið 1923 fluttum við aðeins tæpar 20 þús. tunnur af saltkjöti til Noregs. Loks má geta þess, að á þessu tímabili fjölgaði geitfé Norðmanna um 109 þús. Þó það sé að vísu fyrst og fremst alið til mjólkur, er þarna einnig um nokkra aukningu á kjötframleiðslunni að ræða.

Það er þess vegna eins og ég hefi sagt engin tilviljun, hin mikla minnkun á kjötsölu okkar til Norðmanna. Og það eru engar líkur til annars en að sú minnkun haldi áfram, þannig að í stað þess að í fyrra voru fluttar til Noregs 12 þús. tunnur af saltkjöti og á þessu ári 6—7 þús. tunnur, verði á næsta ári ekki fluttar þangað meira en 4 til 5 þús. tunnur eða minna. Þetta er allt og sumt, sem við vinnum við að samþ. samninginn, að fá möguleika til að selja í Noregi þessar 4 til 5 þús. tunnur af kjöti á næsta ári og svo því minna sem lengra líður. Við höfum enga aðra vöru, sem Norðmenn kaupa af okkur.

En hvað fá svo Norðmenn í staðinn?

Fyrst það, að norsku síldarverksmiðjurnar mega starfa hér áfram og kaupa 60% af þeirri bræðslusíld, sem þær þurfa árlega, af erlendum skipum. Í öðru lagi mega Norðmenn selja í land, við skulum segja 150 til 200 þús. tunnur af síld til söltunar; það skiptir ekki miklu máli, hver af þeim tölum reynist réttari. En slíkt söluleyfi er í þessu sambandi það sama eins og ef þeim væri leyft að salta sama síldarmagn í landi. Hér við bætist svo það, hvað geysilega mikilla verzlunarhagsmuna Norðmenn hafa að gæta hér, þar sem þeir selja okkur árlega vörur til eigin nota fyrir 7,7 millj. kr. Þessar norsku vörur gætum við allar útilokað, svo framlega að „beztu kjara“ samningunum við Noreg væri ekki lengur til að dreifa, og þeir gætu gengið úr gildi 8. júlí næstk.

Ég leyfi mér að fullyrða, að það sé rothögg á íslenzka síldarútgerð að samþ. norska samninginn. Hvað mikið tjón af því hlýzt er ekki hægt að reikna út fyrirfram, en engum blandast hugur um, að það er geysilega mikið. Þó jafnvel gengið sé út frá því, að sagt verði upp samningnum mjög fljótt, þá er óútreiknanlegt, hvað það gæti samt valdið íslenzka síldarútveginum miklu tjóni að hleypa Norðmönnum hér inn. Þeir hafa enn ekki haft aðstöðu til þess að nota þann markað, sem hér er nú um að ræða, Þýzkalandsmarkaðinn, en það er ekki víst, að þeir sleppi honum svo fúslega aftur, þegar þeir einu sinni eru komnir inn á hann, og er þá líklegt, að þeir mundu ganga hart fram til þess að halda honum.

Þó gengið væri alveg fram hjá þessum miklu hagsmunum síldarútvegsins, þá álít ég, að það sé Íslendingum svo mikil smán að ganga að slíkum ókjörum, sem þeim eru boðin með þessum samningi, að þingið megi þess vegna ekki samþ. hann. Gleggstur vottur um það, þvílík ókjör hér er um að ræða, eru ummæli Norðmanna sjálfra, þar sem þeir eru stöðugt að hamra á því í blöðum sínum, hvað geysilega mikill ávinningur það sé þeim að fá þennan samning. Ég ætla aðeins að koma hér með eina tilvitnun þessu til sönnunar, með leyfi hæstv. forseta. Það er einkaskeyti frá Osló, sem birt er í blaðinu „Politiken“ þann 11. þ. mán. Í íslenzkri þýðingu hljóðar það þannig:

„Eins og kunnugt er hófust síðastl. sumar samningar milli Norðmanna og Íslendinga um nýtt verzlunarsamkomulag. Samningamennirnir urðu á eitt sáttir og samningurinn var samþ. í Stórþinginu á lokuðum fundi fyrir nokkrum dögum. Alþingi Íslendinga fær málið til meðferðar einhvern næstu daga, og er talið alveg víst, að það muni einnig samþ. samninginn. Samningurinn mun stórlega létta undir með fiskiveiðum Norðmanna, m. a.

við það, að Íslendingar leyfa norskum fiskiskipum aðgang að mörgum íslenzkum höfnum. Á hinn bóginn verður tollur á íslenzku saltkjöti í Noregi lækkaður úr 30 aur. niður í 10 aur. pr. kíló. Í Noregi er mikil og almenn ánægja yfir samningnum, sem talinn er hafa mjög mikla hagfræðilega þýðingu, og sem álitið er, að einnig muni hafa mikla þýðingu í stjórnmálalegu og menningarlegu tilliti".

Hér liggur fyrir bein yfirlýsing frá Norðmönnum. Þeir segja með skýrum orðum, að samningurinn muni „stórlega létta undir með fiskveiðum sínum". Og „í Noregi er mjög mikil og almenn ánægja yfir samningnum", segir í skeytinu. Ég veit ekki, hvernig væri hægt að kveða fastar að orði um gleði Norðmanna yfir því, hvað vel þeim hefir tekizt að koma ár sinni fyrir borð hér. Væntanlega má skilja þetta svo, að í Noregi séu allir flokkar ánægðir með samninginn. Svo bætir höfundur skeytisins við, að samningurinn sé talinn hafa mjög mikla „hagfræðilega þýðingu". Það þarf ekki að benda á það, að sú hagfræðilega þýðing horfir að Norðmönnum; þeir hefðu ekki farið að undirstrika það, þó þeim virtist samningurinn hafa hagfræðilega þýðingu fyrir okkur. Loks er einnig álitið, að samningurinn hafi „mikla þýðingu í stjórnmálalegu og menningarlegu tilliti". Þetta er ekki nákvæm þýðing að vísu, og mér finnst þetta vera mjög lævíslega orðað á frummálinu. Þar segir „og som man og saa mener vil faa gunstige politiske og kulturelle Følger". Þarna er áreiðanlega ekki átt við, að samningurinn hafi „gunstige" afleiðingar fyrir okkur. Það er auðvitað meiningin, að hann muni hafa „gunstige" afleiðingar fyrir Norðmenn sjálfa, og það í stjórnmálalegu og menningarlegu tilliti. Það er e. t. v. of langt farið, en liggur þó nærri að segja, að Norðmenn í gleði sinni yfir undanlátssemi frænda sinna hér á Íslandi geri sér í hugarlund, að þeir geti nú bráðum farið að ná stjórnarfarslegu tangarhaldi á þessari gömlu nýlendu sinni, og e. t. v., að þeir geti nú fyrir alvöru farið að eigna sér þær bókmenntir, sem þeir stundum hafa verið að reyna að telja norskar. (**Forsrh.**: Það er ekkert um Snorra Sturluson í samningnum).

Að lokum vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um 17. gr. samningsins. Á hana hefir ekki verið minnzt svo ég muni við umr. um þetta mál. Þar er tekið fram, að samningurinn gangi í gildi, þegar þrenn skilyrði séu fyrir hendi. Hið fyrsta er það, að Stórþingið samþ. samninginn fyrir sitt leyti. Það hefir það þegar gert. Annað er það, að Alþingi samþ. samninginn, sem ógert er ennþá. En svo kemur þriðja skilyrðið, sem ég skal lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar samningum milli landanna hefir verið komið í lag, annaðhvort með afturköllun uppsagnarinnar af Íslands hálfu eða með því að gera nýjan verzlunar- og siglingasamning, er byggi á sömu meginreglum og samningar og yfirlýsingar, sem nú eru í gildi, en hefir verið sagt upp".

Í vor sem leið var verzlunar- og siglingasamningum við Norðmenn sagt upp, og geta þeir því gengið úr gildi 8. júlí næstk. Nú er það gert að skilyrði fyrir gildistöku samningsins, auk samþykkis þinga beggja þjóðanna, að þessi uppsögn sé afturkölluð eða nýir verzlunar- og siglingasamningar gerðir á sama grundvelli og þeir gömlu. Verði uppsögnin afturkölluð, verður að fresta a. m. k. um tvö ár að gera nýja verzlunar- og siglingasamninga við Norðmenn, því þeim samningum verður ekki sagt upp nema með árs fyrirvara. Ef aftur hin leiðin er tekin og nýir verzlunar- og siglingasamningar gerðir við Norðmenn fyrir 8. júlí, þá megum við á engan hátt hagga við efni gömlu samninganna, ef samningurinn, sem hér liggur fyrir, er samþ. Þetta láta Íslendingar bjóða sér á því herrans ári 1933.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. þm. Ak. leggur mikla áherzlu á það, hvað okkur sé óhagstætt að framlengja gömlu verzlunar- og siglingasamningana við Noreg, sem gilt hafa um áratugi. Ég vil nú segja hv. þm. það, að þeir samningar, sem nú gilda milli Norðmanna og Íslendinga, a. m. k. hinn almenni verzlunarsamningur, eru yfirleitt um svona rétt venjuleg verzlunarviðskipti, eins og þau gerast milli siðaðra þjóða í Evrópu. Í hinni hörðu viðskipta-

baráttu, sem átt hefir sér stað á síðustu árum milli þjóða í Norðurálfunni, hefir slíkum samningum í mjög fáum tilfellum verið sagt upp. Við vitum um hið harða viðskiptastríð, sem verið hefir milli Svía og Þjóðverja, Dana og Þjóðverja og Hollendinga og Þjóðverja að undanförnu. T. d. hafa Þjóðverjar nú svo að segja lokað landi sínu fyrir dönskum landbúnaðarafurðum. Þrátt fyrir þetta hafa þessar þjóðir ennþá ekki sagt upp sínum gömlu verzlunarsamningum. Sama er að segja um Englendinga; þeir hafa ekki heldur enn sagt upp sínum „beztu kjara" samningum við aðrar þjóðir. Jafnvel þó til þess dragi, að við segðum upp þessum samningi, t. d. fyrir næstu áramót, til þess að hann gilti ekki nema eitt ár, þá höfum við í höndum öll þau meðul, sem þarf til þess að forðast svo kallaðan yfirgang Norðmanna hér. Ef við þá kæmumst að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri að taka ráð hv. þm. Ak., að tolla alla veiði, sem Norðmenn geta selt í land samkv. fiskiveiðalögunum, þá gætum við notað það til hins ýtrasta.

Fleira ætla ég ekki að benda á í þessu sambandi. En hitt, að hinn almenni verzlunarsamningur við Norðmenn gildir eitt ár eftir að honum er sagt upp, það setur okkur ekki stólinn fyrir dyrnar í neinu. Það gæti e. t. v. heldur orðið til þess að hindra okkur í að gera þær ráðstafanir, sem verða mundu okkur sjálfum til skaða. Hversvegna ættum við ekki að verzla við Norðmenn í þeim tilfellum þegar við fáum beztu kjör hjá þeim? Ég hygg, að þó fjandskapur yrði mikill milli þjóðanna, þá myndu jafnvel íslenzkir útgerðarmenn ekki síður en aðrir vilja kaupa af Norðmönnum þá hluti, sem þeir fá ódýrasta þaðan. Að halda slíkum viðskiptum áfram í sama horfi og verið hafa, yrði vitanlega niðurstaðan, þó samningar um kjöttollsívilnanir og veiðihlunnindi strönduðu. En að ætla sér að nota þá almennu verzlunarsamninga sem repressalia á Norðmenn, svo að þeir verði betri viðureignar í viðskiptum um kjöttollsmálið, er vitanlega meiningarlaust, því það mega allir vita, að ef Íslendingar og Norðmenn fara í hár saman út af þessum málum, þá verða Íslendingar að sjá sér farborða með annan markað fyrir það kjöt, er þeir hafa flutt til Noregs, og til samningsslita frá okkar hendi getur ekki komið, nema slíkir möguleikar séu fyrir hendi.

Um siglingasamninga milli landanna er það að segja, að þeir eru eins og þeir samningar, sem hér liggja fyrir, uppsegjanlegir með 6 mán. fyrirvara. Ég hygg því, að ekkert sé að óttast við þetta ákvæði um framlengingu verzlunar- og siglingasamninganna, og ef þessir samningar, sem hér liggja fyrir, verða samþ., þá mun ríkisstj. að sjálfsögðu afturkalla uppsögn hinna samninganna frá 6. júlí síðastl.

Þá ræddi hv. þm. Vestm. um, hvort ekki mundi vera rétt að gefa stj. nú þegar, jafnframt því sem samningarnir yrðu samþ., heimild til þess að segja þeim upp fyrir næstu áramót. Það væri óneitanlega alleinkennileg ráðstöfun, að gefa slíkt umboð, sérstaklega þegar á það er litið, að stj. þarf ekkert umboð til þess að segja upp samningum eins og þessum. Slík þál. væri því ekkert annað en áskorun um að segja upp samningunum þegar í haust, og ég fyrir mitt leyti vildi þá heldur ráða frá því að samþ. samningana með slíku fororði.

Hv. þm. Vestm. spurði ennfremur stj., hvort hún mundi hafa forgöngu um uppsögn samninganna, ef þeir í framkvæmdinni reyndust verri en það ástand, er verið hefir. Þar til er því að svara, að afstaða stjórnarinnar til niðurstöðu samninganna mun vera lík og afstaða hv. þm. sjálfs. Stj. er það ljóst, að samningarnir hafa á sér galla, en hún telur kostina það meiri, að þeirra vegna beri að samþ. samninganna. Ég get ekki betur skilið en að hv. þm. hafi sama álit á þeim. Hv. þm. talaði um, að í fiskiveiðalöggjöfinni væru ákvæði, sem ekki væru betra en ákvæði samningsins. Verð ég að taka það sem nokkra viðurkenningu til stjórnarinnar á afstöðu hennar til samninganna, þó ég hinsvegar búist ekki við, að hann beygi sig að öllu leyti fyrir kenningum stjórnarinnar í þessu efni.

Hv. þm. og stj. eru sammála um það, að samþ. samningana og halda þeim meðan við teljum þá okkur í hag. Aðstæðurnar geta breytzt á ýmsa lund, kjötmarkaðurinn getur breytzt og síldarmark-

aðurinn sömuleiðis. Okkar möguleikar til þess að segja upp samningunum geta batnað, en afstaða Norðmanna versnað. Það, að stj. leggur samninga fyrir þingið, þýðir ekki, að hún sé að biðja það um jafnóhagganlega lagasetningu og 10 boðorð Móse, heldur það, að stj. og samninganefndin telur þessa samninga hagstæða fyrir Íslendinga eins og nú er ástatt um hagi þeirra. Ég vil endurtaka það, að ég get vel hugsað mér, að Íslendingum kunni að opnast leið til samninga við aðrar þjóðir, sem geri okkur fært að segja upp þessum samningum við Norðmenn, og það kannske fyrr en seinna, en þetta er því aðeins hugsanlegt, að mögulegt verði að fá jafngóðan markað fyrir saltkjötið í öðru landi en Noregi. Ef slíkir möguleikar skyldu opnast, og ef samningar tækjust við ríki, sem væri þess megnugt að kaupa af okkur mestar þær vörur, sem við höfum að selja, fyrir utan það, sem við seljum til Miðjarðarhafslandanna, þá mun ég ekki verða því fylgjandi að kaupa sama hlutinn á tveim stöðum. Ef svo færi, að þingið þá féllist á að gera gagnkvæma verzlunarsamninga og kaupa sömu vörur aðeins frá einu ríki gegn því, að það keypti af okkur þær vörur, sem við þurfum að selja, þá væri kominn möguleiki til þess að endurskoða samninga við Norðmenn. En þetta fer allt eftir þróun viðskiptanna í Evrópulöndunum á næstu árum.

Hv. þm. Ak. var ákaflega illa við það, að Norðmönnum þættu samningarnir „gunstugir“ sérstaklega í pólitískum og menningarlegum skilningi og vildi gefa í skyn, að Norðmenn teldu sig með samningnum öðlast möguleika til stjórnarfarslegra yfirráða hér, en þessi ummæli þýða ekki annað en það, að viðskipti milli þjóðanna verði bæði stjórnarfarslega og menningarlega séð „gunstug“ fyrir báðar þjóðirnar, það þýðir ekkert annað en góðan tón í viðskiptum þjóðanna. Annars var þetta skeyti, sem hv. þm. las, aðeins venjulegt blaðaskeyti kryddað með sterkum lýsingarorðum, sem fræðimenn í þessum efnum mundu ekki vilja viðhafa, og ég held a. m. k., að réttara sé að lesa heldur samninginn sjálfan til þess að mynda sér skoðun um hann. Það er vitanlegt, að Norðmenn álíta samninginn það góðan fyrir sig, að hann sé betri en enginn. Íslendingar hafa yfirleitt, fyrir utan fáeinar undantekningar, hið sama að segja um samninginn fyrir sitt leyti. Það mun aldrei hægt að gera þá samninga milli ríkja, sem aðeins vektu óánægju í báðum löndum. Ef hv. þm. vill ekki gera sig ánægðan með aðra samninga en þá, sem blöð beggja aðilja tækju með gráti og gnístran tanna, þá fær hann aldrei þá samninga, sem hann getur sætt sig við. Þeirri viðureign, þar sem hvorir tveggja aðilja halda fast á sínum málstað og við höfum gagnvart Norðmönnum, nærtæk rök, má ekki snúa við, eftir að samningar eru komnir á, á þann hátt, að við Íslendingar tökum öll rök, sem Norðmenn færa fram heima í sínu landi, til þess að sýna, að þeir hafi hag af samningunum. Norðmenn mega ekki heldur taka okkar rök fyrir því, að við höfum haft hag af samningunum. Þjóðirnar hvor fyrir sig mega ekki gera þá ályktun, að úr því hin þjóðin sé ánægð og bendi á hagnað sinn af samningunum, þá séu samningarnir vondir og því réttast að eiga ekki við þá, heldur að láta allt sundrast. Sannleikurinn er sá, að ef tónninn út af samningunum er góður hjá hvorri þjóð fyrir sig, þá er það einmitt sönnun fyrir því, að samningarnir séu góðir.

Hv. þm. Vestm. minntist á hagstæðan og óhagstæðan verzlunarjöfnuð sem grundvöll fyrir verzlunarsamninga milli ríkja, og virtist hann byggja á þeirri reglu, að land, sem hefði óhagstæðan verzlunarjöfnuð gagnvart öðru landi, eins og við höfum gagnvart Norðmönnum, gæti fengið allar sínar óskir í viðskiptamálunum uppfylltar. En þó að verzlunarjöfnuður sé eitt af þeim stóru atriðum, sem máli skipta í slíkum samningum, þá hjálpar ekki að veifa því eina vopni. Hv. þm. er aðalkonsúll Þjóðverja á Íslandi. Honum er kunnugt um það, að þrátt fyrir það, þó við kaupum meira af Þjóðverjum heldur en þeir af okkur, þá hefir undanfarið jafnt og þétt verið hert á ýmsum hömlum á innflutningi íslenzkra vara til Þýzkalands, nú síðast svo á fiski og síld, að það stappar nærri, að telja verði sama sem bann við þeim vörum. Þar við bætist, að valutu þá, sem við höfum fengið þar fyrir okkar fram-

leiðsluvörur, er við höfum selt, höfum við aðeins getað notað til kaupa á þýzkum vörum. Hv. þm., sem aðstoðað hefir stj. dyggilega í þessum samningum, hefir í sambandi við sina þátttöku komizt að þeirri dýrkeyptu reynslu, að óhagstæður verzlunarjöfnuður er ekki einhlítur til þess að fá hagkvæma samninga. Annað atriði, sem mikið er litið á, er það, hve mikill hundraðshluti það er af verzlun hvorrar þjóðar fyrir sig, sem felst í viðskiptum hlutaðeigandi samningsaðilja. Þetta er grundvallaratriði, sem alltaf verður Íslendingum í óhag. Þá er ennfremur á það litið, hvaða möguleika ein þjóð hefir til þess að sleppa á einu augnabliki markaði, sem hún hefir haft í öðru landi fyrir sínar vörur. Aðstaða okkar gagnvart Norðm. var að þessu leyti hin versta hvað kjötið snerti á þessu ári, og sýnilega verður hún einnig vond á næsta ári.

Okkur dugir það ekki gagnvart Norðmönnum, Þjóðverjum eða Englendingum að veifa verzlunarjöfnuðinum einum. Okkur þýðir ekkert að segja, þó við höfum óhagstæðan verzlunarjöfnuð við þessar þjóðir. Við gerum ekki samninga nema við fáum betri kjör en áður, því að slík afstaða frá okkar hendi leiddi aðeins til meiri dauða fyrir okkar verzlun, heldur verður að líða ágreiningsmálin.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að þeir ágallar eru á samningnum, að Norðmönnum er heimiluð veiði í okkar landhelgi, en þetta er gömul saga, þessa heimild hafa þeir haft. En einmitt af því að þetta er gömul saga, þá er ekki rétt að vera að rifja hana upp nú, þegar stj. er nýbúin að gera samninga eftir eindreginni ósk Alþingis, og án nokkurrar aths. frá því, um að hin gömlu réttindi Norðmanna ættu að falla niður.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að þessu sinni. Hygg, að langar umr. hér eftir hafi ekki mikið að segja. Megindrættir málsins eru þegar skýrir orðnir undir umr., og eftir að hv. n. hefir nú lagt fram einróma meðmæli sín með frv. þykir mér fyrirsjáanlegt, að frv. nái samþykki. Væri gott, ef hægt væri að hraða afgreiðslu málsins til hv. Ed.

**Héðinn Valdimarsson:** Mér finnst nú hæstv. forsrh. hafa farið hringinn í kringum sjálfan sig í þessu máli. Hann sagði upp verzlunarviðskiptasamningnum við Norðmenn á síðastl. sumri til þess að hafa betri aðstöðu í samningunum við þá um kjöttollinn, en nú segir hann, að þessir viðskiptasamningar hafi ekkert að segja, og mundu verða framlengdir jafnt fyrir það, þó samningarnir um kjöttollinn og veiðiréttindi Norðmanna yrðu felldir hér á þinginu. Einnig heldur hann því nú fram, að verzlunarjöfnuður milli þjóða hafi lítið að segja, þegar gengið sé til samninga um verzlunarkjör. Þetta er dálítið annað en hann hélt fram í fyrra, enda er þetta talsvert einkennileg kenning hjá hæstv. ráðh. Það er öllum ljóst, að verzlunarsamningar snúast fyrst og fremst um verzlunarjöfnuðinn, og aðalvopnið, sem við höfum gagnvart Norðmönnum, er það, að við getum keypt þær vörur hjá öðrum þjóðum, sem við fáum nú hjá Norðmönnum. Það hefir ekki komið margt nýtt fram í málinu við þessa umr. annað en það, að hv. þm. Ak. las hér upp úr hagtíðindum órækar tölur um kjötsölu okkar í Noregi hin síðari ár, sem sýna það, að salan fer ört minnkandi vegna þess að möguleikarnir til sölu þverra óðum, og er því salan orðin nær helmingi minni en við höfum tollundanþágu fyrir.

Í öðru lagi hefir hv. þm. lesið einkaskeyti frá Osló til Politiken, þar sem kemur mjög fram gleði Norðmanna yfir þeim réttindum, sem þeir hafa unnið með samningunum. Þá hefir einnig verið bent á erfiða aðstöðu okkar með að segja samningnum upp.

Það er auk þess nýtt í þessu máli, að ljóst er nú orðið um undirtektir hv. þdm. við því á þá leið, að allir stuðningsmenn stj., að einum undanteknum, hv. þm. Ak., fylgja samningunum með samvizkunnar mótmælum þó, eins og hv. þm. Vestm., sem virðist byggja á þeirri von, að Norðmenn noti sér ekki þann rétt, sem þeim er fenginn, og að ísl. menn muni ekki fást til að kaupa síld af þeim eins og hv. þm. G.-K. heldur líka fram. Mér finnst slíkt mjög barnalegt, því auðvitað hafa Norðmenn sótzt eftir þeim rétti, sem samningarnir veita, til þess að nota hann.

Úti um landið hafa samningarnir fengið kaldar viðtökur og mótmæli gegn þeim

berast að hvaðanæfa. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. að reyna að villa þdm. sýn um það. Jafnvel í íhaldsfél. Verði hér í bæ, fékk hv. þm. G.-K. svo hörð mótmæli, að hann þorði ekki að bera fram till. um að hylla samningana, því hann vissi, að hún mundi verða felld, og er þó kunnugt um þau völd, er hv. þm. hefir í því félagi. Sýnir þetta, að það er þó hægt að verzla svo með sjálfstæði þjóðarinnar, að blindum fylgismönnum ofbjóði. (ÓTh: Eða benzín og olíu).

Þá vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa hér upp grein úr norsku blaði um samningana. Greinin endurbirtist í Alþbl. í gær í þýðingu og heitir:

**„Fríhafnirnar fyrir fiskimenn vora á norðurströnd Íslands. — Þýðingarmesta ákvæðið í verzlunarsamningnum fyrir fiskiveiðarnar.**

Ákvæðið um fríhafnirnar fyrir norska fiskimenn meðan þeir stunda Íslandsveiðarnar er vafalaust þýðingarmesta ákvæði verzlunarsamningsins. Eins og kunnugt er, eru norskum síldveiðimönnum tryggðar sérstaklega tvær hafnir. Þangað geta þeir leitað til þess að athafna sig með veiðarfæri sín, þurrkað þau og gert að þeim. Einnig umhlaðið afla og búið um veiðarfæri áður en þeir leggja af stað heimleiðis. Þetta ákvæði er því til tryggingar, að undir venjulegum kringumstæðum geta þeir flutt heim meiri veiði en ella af hverju skipi, og haft að sama skapi meira upp úr útgerðinni.

Það er einnig mjög hagkvæmt, að einmitt hafnirnar Akureyri og Siglufjörður hafa orðið fyrir valinu. Því að báðar þær hafnir liggja langbezt við af öllum höfnum á Norðurlandi, h. u. b. í hjarta þess svæðis, þar sem síldveiðin fer fram. Á báðum stöðum eru hafnirnar einkar hentugar og fullkomlega öruggar, með því að þær eru innst í djúpum fjörðum".

Síðan snýr greinarhöf. sér að norsku þjóðinni:

„Það var á Siglufirði, að Norðmennirnir settust í öndverðu að á Íslandi, nú fyrir 35 árum síðan, til þess að stunda þar síldarútveg. Nokkrir þeirra reistu stöðvar í landi og stunduðu veiðarnar þaðan, en aðrir komu í stórhópum og söltuðu á íslenzkum stöðvum. Staðurinn ber því þann svip af norsku atvinnulífi, að síðan er hann oft í daglegu tali kallaður Norski bærinn. Sumirmánuðina tvo skipti tala Norðmannanna þar 3—4000, en fastir íbúar staðarins voru aðeins nokkur hundruð. Þorpið stækkaði hinsvegar ört eftir að Íslendingar tóku sjálfir að leggja stund á síldarútgerð, og er nú bær með kaupstaðarréttindum og 2100 íbúum. Norðmennirnir hafa átt sinn þátt í því að byggja bæinn, enda ber hann svip af norsku framtaki og kemur nú þaðan meiri hluti þeirrar síldar, sem út er flutt.

Akureyri, annar staðurinn, sem Norðmönnum er nú fenginn til umráða (stillet til nordmennenes raadighet), er höfuðstaður Norðurlands með 4000 íbúum. Þegar þrengjast tók á Siglufirði, hófu Norðmenn síldarútgerð þaðan. Staðurinn liggur ekki eins vel við og Siglufjörður, með því að Eyjafjörðurinn er mjög langur, en höfnin er ágætlega varin, innst í fjarðarbotninum. Akureyri hefir vaxið mjög ört vegna síldarútvegsins, og norskum fiskimönnum finnst þeir eiga þar eins vel heima og á Siglufirði.

Síðan fiskimenn vorir vegna hinna ströngu ákvæða íslenzku fiskiveiðalaganna tóku að leggja stund á síldveiðar frá móðurskipum utan landhelgi, hefir athafnalífið á Akureyri og Siglufirði verið mótað af norskri framtakssemi. En fyrir þá ágætu lausn, sem nú hefir fengizt með samningnum, munu norskir fiskimenn aftur geta notað sér takmarkalaust (i full utstrekning) auðæfi hafsins við norðurströnd Íslands".

Hér er talað réttilega um samningana frá sjónarmiði Norðmanna, greinin þarf því engra aths. við. Þeir hafa fengið aðgang að Norðurlandi, eins og þeir hafa óskað eftir. Þeir hafa fengið þar sínar fríhafnir, og nú treysta þeir sér til að láta flota sinn ausa upp auðæfum hafsins eftir vild sinni. Það lítur út fyrir eins og ég gat um áðan, að hv. þdm. láti stj. neyða sig til að samþ. samninginn á þessu þingi. Ég geri ráð fyrir, að mótmælin hvaðanæfa af landinu megni tiltölulega lítið við síðari umr.

Það hefir verið hampað fundarsamþykktum frá framsóknarfélagi á Siglufirði og sjálfstæðisfélagi á sama stað, sem eru vinveitt samningunum, en það

mun koma brátt í ljós við þá almennu atkvgr. um málið, sem fram fer þar á staðnum, hversu margir þeir leppar þessara flokka eru, sem staðið hafa að fundahöldunum. Það mun koma í ljós, að þeir eru ekki margir þar, sem eru samningunum hlynntir, og sömu fréttir munu berast frá öðrum stöðvum á Norðurlandi. En ég geri ráð fyrir því, að ef á að fella samningana, þá þýði lítið að treysta á þingið. Það eru verkalýðssamtökin, sem yrðu að taka til sinna ráða, til þess að stöðva þennan ófögnuð, og það verður áreiðanlega tekið til athugunar.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég þarf ekki að halda hér langa ræðu að þessu sinni. Höfuðatriði málsins eru þegar fullrædd. Auk þess hefir hæstv. forsrh. hrakið í ræðu sinni hér í dag öll þau andmæli, sem komið hafa fram gegn samningunum. — Hv. þm. Vestm. gerði grein fyrir sinni afstöðu til málsins með langri og ýtarlegri ræðu, og þó ég geti ekki verið honum sammála um margt, sem hann sagði, þá verð ég að viðurkenna, að ég get vel skilið afstöðu hans. Hv. þm. sér margt athugavert við samningana, en hinsvegar sér hann marga kosti við þá, og hann skilur vel okkar erfiðu aðstöðu að ýmsu leyti. Ef allir hv. þdm. hefðu þegar á frumstigi málsins tekið því með jafnmikilli dómgreind og skilningi og þessi hv. þm. hefir gert, þá hefðu umr. um það fallið í ákjósanlegri farveg en orðið hefir. Jafnvel þótt einstaka atriði í ræðu hans séu þess eðlis, að ég geti ekki aðhyllzt þau, þá tel ég þó, að ég geti vel við unað þá gagnrýni, sem hann hefir fram borið. Ég vil ekki lengja þessar umr. með því að fara nú að gera sérstaka grein fyrir einstökum atriðum, sem við erum ekki sammála um. Ég get um þennan ágreining, sem er okkar á milli, vísað til minnar frumræðu, sem ég flutti við 1. umr. þessa máls.

Ég vil svo víkja örfáum orðum að ræðu hv. þm. Ak. Hann sagði, að Norðmenn hefðu með þessum samningi öðlazt rétt til þess að selja í land 150—200 þús. tn., og þessi réttur væri sama og réttur til að salta í landi. Þetta er náttúrlega sama og að segja, að það að gera samninga af hendi Íslendinga við Norðmenn sé það sama og að sá samningur sé með öllu brotinn af hendi hins aðilans. Hv. þm., sem sjálfur er lögfræðingur og þessu kunnugur, veit, að í samningnum eru engin ákvæði, sem heimila Norðmönnum að salta eina einustu tunnu hér á landi. Þegar hv. þm. heldur þessu fram, þá liggur í því, að hinn aðilinn með aðstoð Íslendinga brjóti þennan samning í öllum höfuðatriðum. Hann gengur út frá því, að Íslendingar séu reiðubúnir til að selja sig til þess að vera böðlar á ísl. hagsmuni erlendri þjóð til framdráttar. Ég vil að ósekju ekki gera Íslendingum þessar getsakir, þó þeir menn kunni að vera til, sem eru þannig skapi farnir, að þeir vilja ljá sig til slíks óþrifaverks. Ég vil benda hv. þm. á það, að meginatriði þessa máls er það, hvort sem samningurinn verður felldur hér á Alþingi eða samþ., að íslenzkir böðlar hafa þessa aðstöðu til þess að berja á bræðrum sínum, ef þeir vilja samkv. heimildum fiskiveiðalöggjafarinnar, sem ég held því miður, eins og ég hefi áður tekið fram, að sé óbreytanleg. Norðmenn hafa þann rétt að selja í land 500—700 þús. tunnur af hverju veiðiskipi. Ef veiðiskipin eru 200, þá nemur þessi réttur 140 þús. tunnum, þó samningurinn verði ekki samþ. Munurinn er, ef samningurinn verður samþ., sá eini, að þessar 140 þús. tunnur hækka um 25 þús. tunnur, þegar mikið er í lagt. En nú er það svo, að þessi auknu réttindi öðlast þau skip ein, sem ekki hafa samband við móðurskipin og auk þess hafa samning um sölu á bræðslusíld við norskar síldarverksmiðjur yfir allt síldveiðitímabilið, „sæson kontrakt“ eins og það er kallað á norsku. Menn verða að hafa það hugfast, að þessi fríðindi til þess að hagnýta sér íslenzka þrælslund eru fyrir hendi, hvort sem samningurinn er gerður eða ekki í nægilega ríkum mæli til þess að rífa niður íslenzkt atvinnulíf. Þetta eru því ekki rök hjá hv. þm. heldur rakafals. Og þar sem slíkt rakafals hefir komið fram í blaðinu „Heimdalli“, þá er það því til mikillar minnkunnar. Það verður að ræða þetta mál þannig, að það sé viðurkennt, hver séu réttindi Norðmanna, ef samningurinn verður ekki gerður, og svo, hver réttarauki fylgir samningnum. Það er tilgangslaust fyrir

þá, sem vilja fella þennan samning, að ætla sér að gera það með því að strika yfir þá staðreynd, sem öllum er kunn, að Norðmenn hafa mestan hlutann af þeim réttindum, sem þeim með samningnum er tryggður. Það er því ekki réttmæli, að það sé „rothögg“ á íslenzkan sjávarútveg, þó samningurinn verði samþ. En hitt kann að vera rétt, að þau ákvæði í fiskiveiðalöggjöfinni, sem að mínu áliti eru óbreytanleg, séu svo veik um vernd Íslendinga, að í skjóli þess veikleika geti Norðmenn hagnýtt sér þau eftir alþjóðarrétti. Ef svo er, þá játa ég, að þær till., sem þessi hv. þm. hefir gert um skatta og tolla á innflutningsvöru á þessu sviði, geti komið til alvarlegrar umr. Eins er rétt, sem hv. þm. sagði, að kjötmarkaðuirnn er alltaf að þrengjast. Það er ómótmælanlegt að sú staðreynd, sem átti þátt í því, að stj. og íslenzku samninganefndarmennirnir töldu, að þetta ákvæði um niðurskurð á kjötmagninu væri þess eðlis, að það væri ekki rétt að veita því svo fasta mótspyrnu, að samningarnir væru látnir stranda á því, og það vegna þess, að þó að samningarnir séu okkur óhagstæðir, þá er það jafnvíst, að það magn, sem við fáum að flytja til Noregs, er einasta lausnin, sem fyrir hendi er til þess að koma kjötinu á markað, og er ekki sjáanlegt, að hægt sé að veita þeirri þörf útrás á annan veg.

Hæstv. forsrh. gerði grein fyrir því, að það væri ekkert neyðarúrræði fyrir Íslendinga, þó verzlunar- og siglingasamningarnir væru látnir halda áfram að gilda, ef samningurinn verður gerður. Ég þarf engu við að bæta hina ýtarlegu greinargerð hæstv. forsrh. Ég vildi bara benda hv. þm. Ak. á það, þar sem hann talar um, að okkur sé svo mikil niðurlæging að þessum samningi, að við skulum láta bjóða okkur annað eins og þetta á því herrans ári 1933! að hér er ekki neitt, sem þarf að fjargviðrast út af. Það er engum misboðið. En það kann að mega segja, að Alþingi sé misboðið, þegar verið er að tefla fram slíkum rökum, sem hv. þm. hefir komið með, og eins yfirleitt með öllu því aðkasti, sem við samningamennirnir höfum orðið fyrir eftir að hafa innt af hendi okkar starf eftir beztu getu og beztu vitund. Ég hefi ekki þurft að kvarta undan þessum hv. þm., heldur beini ég þessu til hv. 2. þm. Reykv. og samherja hans. Þeir eru þeir einu hér í hv. d., sem hafa talað þannig um þetta mál, bæði gagnvart samningamönnunum og samningaþjóðinni, að ég álít, að af því geti stafað hin mestu vandræði. Ég geri ekki ráð fyrir, að margir muni fást til þess að standa í samningum við erlendar þjóðir, ef þeir eiga von á því, að öllu sé snúið upp á versta veg fyrir þeim og jafnvel núið því um nasir, að þeir hafi þegið mútur og þeim gerðar margar fleiri viðlíka getsakir, þó að bæði hv. 2. þm. Reykv. og aðrir viti, að þeir hafi gert það, sem bezt var hægt að gera eftir þeirri aðstöðu, sem fyrir lá. En það má líka segja, að það geri ekki mikið til, þó að engir fáist til að standa í slíkum samningagerðum fyrir þjóðarinnar hönd, ef eiðar og heit eru rofin af samningaþjóðinni, eins og hefir verið um það þagnarheit, sem hún gaf, því þá fæst enginn til að tala við okkur í framtíðinni.

Um ræðu hv. 2. þm. Reykv. vil ég fara örfáum orðum. Það er rétt, sem hann sagði, að það hefir alltaf verið nokkuð rætt í sambandi við slíka samninga, hver voru verzlunarviðskipti þjóðanna, þ. e. a. s. hverri þjóðinni verzlunarviðskiptin séu hagkvæmari. Ég ætla að verja nokkrum mín. til þess að minnast á það, af því að mér vannst ekki tími til þess í minni frumræðu, að við Íslendingar lögðum mikla áherzlu á þetta í samningagerðinni við Norðmenn, og sýndum þeim fram á, að ef þeir útilokuðu íslenzka kjötið á norska markaðinum, þá væru þeir með því að höggva á verzlunarviðskipti þjóðanna, án þess að Íslendingar gerðu nokkra ráðstöfun í þessu efni. Við lögðum fram verzlunarskýrslur Íslands um langt árabil og sýndum þeim, að verzlunarjöfnuðurinn færi batnandi fyrir Norðmenn, og bættum því við, að Norðmenn hefðu haft hag af skipagöngum, sem skipta meiru en hv. þm. hefir komið auga á, því að fragtin, sem við kaupum af Norðmönnum, nemur a. m. k. um 4 millj. kr. á ári. Við sýndum þeim fram á, að viðskipti Íslendinga og Norðmanna standa á tveimur stoðum. Önnur er sú, að ísl. kjötsalar þurfa að hafa umboðsmenn í Noregi. Þessir umboðsmenn hafa litlar

tekjur af kjötsölunni og reyna því að auka sínar tekjur með því að selja norskar vörur til Íslands, og ísl. kjötsalar hafa eðlilega tilhneigingu til að hlynna að sínum norsku umboðsmönnum og hjálpa þeim til að selja vörur sínar hingað. Þetta er önnur stoðin, sem stendur undir ísl. og norskum viðskiptum. Hin stoðin hefir skapazt fyrir beinar skipagöngur milli Noregs og Íslands. Þessar beinu skipagöngur hafa aukið viðskipti milli landanna. En ef sú stoð, sem stendur milli kjötsala og umboðsmanna fúnar og fellur, þá er hin stoðin ekki ein nægileg til þess að rísa undir flutningsþörf þeirra skipa, sem annast þessi viðskipti. Og þá eru báðar stoðirnar fallnar. Við hömruðum því á því við Norðmenn, að ef þeir útilokuðu kjötið okkar af norska markaðinum, þá væru þeir að höggva á viðskipti, sem þeir hefðu sjálfir hagnað af. Þennan þátt málsins vil ég ekki rekja, því ég hefi gert það ýtarlega í minni frumræðu við 1. umr. En ég vil bara benda á það, að það er hæpið fyrir okkur Íslendinga að halda of fast fram þessari stefnu við þennan samning. Ef við sláum því föstu, að við eigum ekki að gera samning við neina þjóð, nema við fáum aukin fríðindi, þá er um þá stefnu að segja, að nái hún fyrir okkar frumkvæði eða annara, fótfestu hjá þeim viðskiptaþjóðum, sem við eigum mest undir, þá eru Íslendingar dauðadæmdir. Ef Spánverjar, Portúgalar og Ítalir tækju upp þessa stefnu, að spyrja um það, hvað við keyptum af þeim, þá værum við ekki vel settir. Hv. þm. er að beina athygli þessara þjóða inn á braut, sem leiðir til okkar bana í verzlunar- og atvinnulífi. Ég hefi ekki séð spanskar hagskýrslur yngri en frá 1929. Eftir þeim kaupa Íslendingar fyrir rúma 1 millj. kr., en við seljum þeim fyrir 31 millj. kr. Hvernig stæðum við, ef Spánverjar tækju upp verzlunarstefnu hv. 2. þm. Reykv.? Það er freistandi fyrir okkur að halda á þessari stefnu gagnvart Norðmönnum, þegar við erum að semja við þá, en við megum fara varlega í að hamra á því. Við verðum að sveigja frá þessari stefnu í öllu opinberu tali, því okkur er hún sjálfum hættulegust. Hv. þm. segir, að vernd okkar byggist á því, að Norðmenn noti ekki sín fríðindi í samningnum. Það er ekki rétt. Hún byggist á því, að Norðmenn misnoti ekki sinn rétt. Ef þeir misnota hann, þá reynir mest á íslenzk stjórnarvöld og löggæzlu. Og við höfum þá þann varnagla eins og margoft hefir verið tekið fram, að við getum sagt samningnum upp. En sú uppsögn er vottur um getuleysi, annarsvegar vottur um, að okkar fiskiveiðalöggjöf sé þess eðlis, að við sjáum ekki fært að þrengja ákvæði, sem fjalla um fríðindi erlendra manna hér á landi.

Hv. þm. sagði, að það mætti marka undirtektir landsmanna á samningnum á því, að ég hefði farið á fund í landsmálafélaginu Verði til þess að ræða málið og ekki þorað að bera upp till. í málinu. Ég átti þess ekki kost, vegna þess að formaður félagsins tók það fram, þegar hann setti fundinn, að félagið óskaði ekki, að það kæmi fram till. í málinu, því að Sjálfstæðisfl. væri þar klofinn og það væri félaginu ekki til farsældar að bera upp neina till. Þetta voru hans orð og það var ekki á mínu valdi að breyta neinu um það.

Það er hálfhlægilegt þegar hv. þm. reiðir upp grein úr norsku blaði, þar sem Norðmenn tala um hin miklu fríðindi, sem þeir fái með samningnum. Það hlægir mig, að það skuli vera búið að hafa hlutverkaskipti í þessum leik, sem við lékum, Norðmenn og Íslendingar, þegar við sátum við samningaborðið. Þá reyndum við að sannfæra Norðmenn um það, hvað þeir fengju mikil fríðindi með þessum samningi, og þeir reyndu að sannfæra okkur um, að sá réttur væri miklu minni en ekki neitt. Formaður norsku samningamannanna, sem er þm. Aalesundkjördæmis, sagði það alltaf við okkur, að ef hann samþ. samningana, þá félli hann í sínu kjördæmi. Við vikum í engu frá því, sem við höfðum haldið fram. En nú, þegar búið er að gera samningana, skiptum við um hlutverk. Eins og við höfum haldið samningnum fram frá sjónarmiði Norðmanna, eins erum við nú farnir að halda honum fram frá sjónarmiði Íslendinga. Þetta má ekki taka sem rök til andmæla samningnum.

Hvað snertir fríhafnirnar, sem Norðmenn eru að tala um, þá læt ég mér nægja

að vísa til samningsins. Norðmenn hafa ekki fengið nein aukin fríðindi á þeim höfnum, umfram þau, sem þeir hafa áður haft. Norðmenn hafa á hverri höfn allar ráðstafanir, sem þeir nú mega hafa og hafa jafnvel leyft sér mikið meira óátalið. Aðalfríðindin, sem þeir fá, eru þau, að þeir mega bæta veiðarfæri sín. Það hafa þeir mátt gera óátalið undanfarið og þegar þeir hafa beðið ísl. stjórnarvöld um leyfi til þess, þá hefir úrskurður jafnan fallið á einn veg, að þeim væri það heimilt. Maður getur bezt séð öfgarnar í þessu norska blaði, þar sem Norðmenn eru að tala um, að þeir hafi fengið Akureyri til umráða, eins og stendur í greininni. Þeir eiga þá væntanlega að verða kóngar á Akureyri. Ég er hræddur um, að þetta sé ekki nema staðlausir stafir. — Hv. þm. sagði, að í þessari grein væri talað ræki lega um samninginn frá sjónarmiði Norðmanna. Hér er um tvö sjónarmið að ræða, íslenzkt og norskt, og hv. þm. hefir gerzt talsmaður norska sjónarmiðsins. Hann hefir sómann af því, ef honum þykir það sómi. — Hv. þm. segir í lok ræðu sinnar, að hann sé sannfærður um, að mótmæli hvaðanæfa af landinu séu þýðingarlaus, því þingið sé búið að taka sína afstöðu. Ef þetta er þýðingarlaust, hvernig stendur þá á því, að þessi hv. þm. er vakinn og sofinn í að láta sendisveina sína hlaupa hús úr húsi til að smala undirskriftum þeirra, sem mótmæla samningnum, og að allir, sem í þjónustu hans eru, vinna að sama verki? Af því að aðstaða hans er og verður til þess að nota málið til framdráttar sínum flokki, til pólitískra hagsmuna. Því þessi hv. þm. tekur jafnan flokkshagsmuni fram yfir þjóðarhagsmuni.

**Héðinn Valdimarsson:** Það er ákaflega eðlilegt, að menn vilji vekja athygli á þessu máli, eins stórt og það er, og ég játa, að það er skoðun okkar, sem erum andstæðingar málsins, að enginn þm., sem greiðir atkv. með samningunum, eigi að verða kosinn aftur á þing.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég geri ráð fyrir, að umr. um þetta mál fari nú að styttast, en þar sem ég hefi ekki sagt neitt um þessa samninga ennþá, vildi ég segja nokkur orð. Ég vil fyrst og fremst benda á það, að enginn hefir haldið því fram, að hægt hefði verið að komast að betri samningum en þessum. Fyrst svo er, þá er það undarleg afstaða að vilja ekki, að þeim sé tekið. Á þingi í fyrra var ekki minnzt á það einu orði, að fara ætti í tollstríð við Noreg. Samningunum frá 1924 var sagt upp fyrir þing í fyrra og ekki orðað allt þingið, að fara ætti í stríð við Norðmenn út af þessu máli, heldur var almenna verzlunarsamningnum frá 1924 sagt upp með það fyrir augum að hafa óbundnari hendur og leita nýrra samninga. Þeir hv. þm., sem nú mæla á móti samningunum, hefðu átt að athuga það strax í fyrra, að þetta var ekki rétta leiðin til samninga og fitja þá upp á tollstríði við Noreg. Hér hefir ekkert gerzt annað en það, að farið hefir verið eftir því, sem þingið ákvað þegjandi í fyrra. Síðan um þingslit í fyrra hefir heldur ekki komið fram nein rödd um það, að ekki beri að semja við Norðmenn. Og þingið verður að standa við það, sem það hefir gert.

Margir þeirra, sem hér hafa talað, hafa gefið það í skyn, að samkv. samningnum frá 1924 hafi Norðmenn engin réttindi haft hér við land. En eins og búið er að sýna fram á, er þetta ekki rétt. En allan tímann frá 1924 og til uppsagnar samninganna, þá kom engin óánægja fram um það, hvernig Norðmenn notuðu þessi réttindi sín eða samningana yfirleitt. Ég hefi farið vandlega í gegnum þær ívilnanir, sem Norðmenn fá í þessum samningum umfram þær, sem þeir höfðu samkv. samningnum frá 1924, og ég er þeirrar skoðunar, að þau fríðindi svari ekki meiru en því, sem við fáum í staðinn. Ég þekki það vel frá framkvæmd norsku samninganna 1924, hvað erfitt var að fullnægja kröfum Norðmanna um velviljaða framkvæmd samninganna. Þeir færðu sig stöðugt upp á skaftið, og heimtuðu meira og meira. Nú, þegar ákvæðið um þetta er fellt niður, stöndum við miklu betur að vígi.

Ég veit ekki, hvað þeir hv. þm., sem berjast gegn þessum samningum álíta, að stj. hefði átt að gera við þær 7000—8000 tunnur af kjöti, sem Norðmenn keyptu af okkur síðastl. haust. Stj. hafði enga heim-

ild til þess að vísa á neina hjálp frá útgerðarmönnum. Eins hygg ég, að það verði í framtíðinni. Vel getur verið, að við getum selt meira kjöt til Noregs næsta ár; um það veit enginn fyrirfram.

Nú er það svo, að jafnvel þótt engir samningar væru gerðir við Norðmenn, þá gætum við ekki farið með norsk skip eins og að hér byggi villimannaþjóð. Milli allra menningarþjóða eru til reglur, þannig, að þó engir sérstakir samningar séu á milli þeirra, má hvergi fara með erlenda þegna sem væru þeir réttlausir. Auðvitað hafa Norðmenn hér ýms réttindi samkv. alþjóðareglum, hvort sem nokkrir samningar verða gerðir eða ekki.

Í þessum umr. í dag hefir aðallega verið deilt á tvær gr. samningsins, þá 12. og þá 17. Hvað viðvíkur 17. gr., þá hefir hæstv. forsrh. svarað því svo rækilega, að ekki gerist þess frekar þörf. En um 12. gr. ætla ég að segja nokkur orð.

Ég vil þá fyrst minna á, að með l. frá 15. júní 1926 hefir Englendingum og raunar öllum þjóðum, sem stunda hér botnvörpuveiðar, verið gefnar svipaðar undanþágur og nefndar eru hér í þessari 12. gr. Í þessum l. frá 1926 stendur:

„Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefir hvorki verið að veiðum í landhelgi né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, ef um fyrsta brot er að ræða“.

Þetta á við togara, sem hittast í landhelgi, án þess að hafa veiðarfæri úti. Svipuð eru ákvæðin í 12. gr. samningsins, en þó bætt því við, að skipin verði að hafa sannað, að þau hafi rekið inn í landhelgi vegna straums eða storms. Það er rétt, sem hv. þm. Vestm. sagði, að yfirleitt væri ætlazt til þess, að þegar ekki væri hægt að fá lögfulla sönnun um veiðar í landhelgi, þá sé það látið nægja, að varðskipin veita áminninguna úti í sjó, en þó stendur hvergi, að ekki megi taka skip inn á höfn undir slíkum kringumstæðum, til rannsóknar. Annars standa þarna í 12. gr. svo að segja sömu orðin eins og í l.frá 1926, „ef það er ljóst af öllum atvikum, að þetta hafi ekki átt sér stað vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings, í þeim tilgangi að veiða eða verka afla innan landhelgi, enda sé þessu kippt í lag svo fljótt sem auðið er“. Mér finnst, að þarna sé svo vel um hnútana búið, að ég sé ekki, hvernig hv. andmælendur samningsins geta staðið sig við að segja, að hér eftir sé aldrei hægt að taka norskt skip, sem að veiðum sé í landhelgi. Ég vil leyfa mér að efast um, að eftir alþjóðareglum sé það talið sæmilegt að taka skip, sem eins stendur á um og nefnt er í 12. gr., inn á höfn og sekta það, og eftir samningnum 1924 hefði það heldur ekki verið leyfilegt.

Talsvert hefir verið rætt um það, að sá hluti af saltkjöti okkar, sem við seljum nú til Noregs, muni fara minnkandi. Þetta getur verið rétt, því að framleiðsla Norðmanna sjálfra á kjöti fer stöðugt vaxandi. Ef litið er svo til Englands, þá eru allar líkur til þess, að á næstunni verði einnig farið að takmarka innflutning kjöts þar. En þá sé ég ekki, hvað við getum gert við kjötframleiðslu okkar, ef við lokum nú þessari smugu á norska markaðinum. Ég verð að álíta, að betri sé hálfur skaði en allur, og að við verðum frekar að slá af kröfum okkar við Norðmenn en að láta útiloka okkur alveg af kjötmarkaðinum þar.

Um uppsögn þessara samninga er það að segja, að þeim verður auðvitað sagt upp þegar þing og stj. telur þá ekki viðunandi lengur, en ef við samþ. þá nú, en látum jafnframt í veðri vaka, að þeim muni verða sagt upp eftir 6 mán., þá er það auðvitað ekkert annað en skollaleikur, mjög ósæmilegur í millirikjamálum.

**Jóhann Jósefsson:** Hæstv. dómsmrh. eyddi nokkrum tíma til þess að útskýra 12. gr. samningsins, og staðfesti sú skýring þá skoðun mína, að hér væri verið að halda út á hála braut. Hæstv. ráðh. minntist á landhelgislögin, og þá gerbreytingu, sem varð á þeim með l. frá 15. júní 1926, þar sem heimilað var að sleppa skipum, sem náðst hefðu í landhelgi og sætt ákæru fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra, með áminningu eða smávægilegum sektum. Áður var það svo, að ekki var hægt fyrir nokkurn dómara að láta skip undir slíkum kringumstæðum sleppa með minna en 2000 gullkróna hlerasekt. Nú er það komið í ljós, eins og hæstv. ráðh. er kunnugra um en mér, að það var svo mikill munur gerður á,

hvernig veiðarfærunum er fest, að ég held, að það hafi komið fyrir, að danska varðskipið hafi kært togara, sem var með einhvern keðjulás öðruvísi en átti að vera og ekki vel fest veiðarfærin, en skipið lá inni á Reykjavíkurhöfn. Togarinn var sektaður eins og lög ákváðu og fleiri dæmi gæti ég komið með þessu lík. Þess vegna var svo löggjöfin til neydd að gera mun á þessu, þar sem aðeins var um rangan umbúnað á veiðarfærum að ræða, og hinu, að skipið lægi undir þeim grun að hafa veiðarfærin laus í þeim tilgangi að fiska ólöglega inni í landhelgi. En það sjá allir, að þegar um slæman umbúnað er að ræða, þá geta komið fyrir þau tilfelli, að það sé ljóst, að það standi ekki í sambandi við ólöglegar veiðar, t. d. eins og á skipinu, sem lá fyrir akkerum inni á höfn. Í því tilfelli var það ljóst, að það var ekki í sambandi við ólöglegar veiðar. Þetta er þá sú grein úr löggjöfinni, sem hæstv. ráðh. álítur, að hér sé tekin til fyrirmyndar. En ég vil benda honum á 12. gr. samningsins, þar sem talað er um, að norsk fiskiskip, sem geti sannað, að þau hafi rekið inn í landhelgi vegna straums eða storms, skuli ekki sæta ákærum, ef ljóst sé af öllum atvikum, að það hafi ekki skeð í þeim tilgangi að stunda ólöglegar veiðar. Hæstv. ráðh. virðist leggja þann skilning í þetta ákvæði, að dómurunum sé gefin heimild til að sleppa þeim við hegningu. Það er aðgætandi, að í l. frá 1926 er gengið út frá því, að sökudólgurinn sé leiddur fyrir dómara, en þó megi sleppa þeim með áminningu, en í 12. gr. samningsins virðist mér, að ekki sé ætlazt til, að hann sé leiddur fyrir dómara. Þar stendur á norsku: „Det skal ikke innledes rettlig forföining mot norske fiskefartöier som kan bevise å være drevet inn på sjöterritoriet på grunn av ström“ o. s. frv. Þetta virðist mér auðskilið, að það eigi að afgerast úti á hafi, án þess að viðkomandi sé leiddur fyrir dómara. Ef ég skil þetta ekki rétt, þá bið ég hæstv. ráðh. góðfúslega að leiðrétta það. Ég hefi alltaf skilið, að orðalagið: „að sæta ákæru“ þýddi það, að vera leiddur fyrir dómara. Hér er sá stóri munur, að þar sem áður var heimilt að minnka sekt fyrir ólöglegan útbúnað veiðarfæra niður í 500 kr. eða jafnvel aðeins veita viðkomandi áminningu, ef ljóst þótti, að það stæði ekki í sambandi við ólöglegar veiðar, þá er hér með 12. gr. varðskipsforingjunum næstum skipað að sleppa þeim skipum, sem þarna um ræðir, án þess að leiða þau fyrir dómara. Með þessu er vikið nokkuð langt frá þeirri venju, sem áður tíðkaðist í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. svaraði þeirri fyrirspurn minni um það, hvort hann vildi beita sér fyrir því, að samningnum yrði sagt upp, ef í ljós kæmi, að hann veitti okkur þyngri búsifjar, að öllu athuguðu, heldur en það fyrirkomulag, sem við eigum við að búa. Mér skildist á hæstv. ráðh., að hann mundi gera það, að því tilskildu, að leið yrði til þess að koma kjötinu á annan markað en hér er fyrir hendi. Það hefir praktiska þýðingu fyrir okkur, að Norðmönnum sé gefið aðhald í þessu efni, með því að gefa í skyn, að við séum reiðubúnir að segja samningnum upp, ef þeir misnota hann á nokkurn hátt, og það er búið að skýra það við umr. um þetta mál, hvað sé misnotkun og hvað sé rétt notkun. Mér finnst sjálfsagt, að þetta spursmál sé tekið til yfirvegunar áður en þingi slítur.

Að því er snertir verzlunarjöfnuðinn, sem menn gera sér mestar vonir um, þegar um samninga milli ríkja er að ræða, skal ég minna á það, sem áður hefir átt sér stað hér á landi. Ég skal viðurkenna það, sem hv. þm. G.-K. sagði, að ef þeirri reglu væri fylgt út í yztu æsar, að láta verzlunarjöfnuðinn ráða, þá yrðum við Íslendingar ekki sem bezt úti. En ég mun fá tækifæri til að minnast á það síðar í öðru sambandi og fer því ekki frekar út í það að sinni.

Afskipti Þjóðverja af verzlunarmálum okkar Íslendinga, vil ég lítilsháttar minnast á. Hæstv. forsrh. drap á það, að þeir væru nýlega búnir að gera þær ráðstafanir, sem giltu næstum því sem algert innflutningsbann á íslenzkum vörum, þrátt fyrir hagstæðan verzlunarjöfnuð okkar við þá. En það er að því að gæta, að þeir hafa gert þetta almennt, en ekki eingöngu miðað við Ísland eða íslenzkar vörur.

En ég vil nú spyrja: er það ekki verkefni utanríkismálanefndar eða stjórnar-

innar að leita eftir markaði fyrir íslenzkar afurðir hjá Þjóðverjum eða einhverjum öðrum þjóðum, sem líklegar eru til að veita þeim viðtöku? Af því að ég hefi nú tekið þá afstöðu til þessa samnings að leggjast ekki á móti honum, af því að ég vil ekki á nokkurn hátt rýra markaðsmöguleika bænda, þá vil ég nú alvarlega brýna fyrir hæstv. stj. að ganga ekki fram hjá neinum hugsanlegum möguleika til að efla viðskiptaaðstöðu okkar hjá öðrum þjóðum, hvort sem það eru Þjóðverjar, Englendingar, Belgir eða aðrar þjóðir. Ég veit til þess, að hæstv. stj. hefir möguleika til að selja ísl. afurðir í Belgíu og veit ekki til, að hún hafi sinnt því neitt fram að þessu. Ég vil í þessu sambandi benda á það, að sú þjóðin, sem ófriðlegast hefir látið í þessu efni, nefnilega Þjóðverjar, hefir nú þegar fengið heimsókn frá Norðmönnum. Þrátt fyrir það, að verndartollastefnan er nú ríkjandi í Þýzkalandi, þá leita Norðmenn nú fyrir sér um hagfelldari viðskipti í Þýzkalandi. Íslenzki síldarútvegurinn ætti það ekki síður skilið, að Alþingi og stjórn gerði það, sem hægt væri til að létta undir með honum, t. d. með því að efla ef unnt væri síldarmarkað í Þýzkalandi.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um það, að ég fylgdi þessum samningi með samvizkunnar mótmælum. Ég hefi nú bent á ýmsa agnúa á samningnum og hvers vegna ég vil ekki spyrna fæti við því, að samkomulag náist, ennfremur hefi ég bent hæstv. stj. á það, hver nauðsyn er á því að vera vel á verði, ef samningarnir reynast illa á nokkurn hátt gagnvart okkur Íslendingum. En það er á annað að líta í sambandi við afstöðu mína til þessa máls. Það eru örðugleikar bænda að koma afurðum sínum í verð. Ég fylgi þeirri stefnu að fara varlega í því að hindra á nokkurn hátt sölumöguleika fyrir ísl. afurðir, og það getur verið, að það komi fyrir í sambandi við önnur mál, sem fyrir þingi liggja, að afstaða mín markist skýrar um það að fara varlega í þessu efni, því að nú eru þeir tímar, að alla hugsanlega möguleika verður að nota til að selja afurðir landsins. En ef ég hinsvegar hefði haft þá aðstöðu að geta bent á örugga leið til að selja það kjötmagn, sem við flytjum nú til Noregs, þá þættist ég hafa aðra aðstöðu gagnvart þessum samningi. En með því að það er ekki, þá hefi ég tekið þá afstöðu, sem nál. sjútvn. ber með sér, og geri ég það að yfirlögðu ráði, en ekki með neinum samvizkunnar mótmælum, og getur hv. þm. Reykv. verið viss um það, að ég er reiðubúinn að verja afstöðu mína hvar sem er.

**Bjarni Ásgeirsson:** Það er ekki nema fátt eitt, sem ég þarf að svara af þeim andmælum, sem komið hafa fram á móti samþykkt þessa samnings, síðan ég talaði áðan. Flestu hefir verið svarað af öðrum.

Það er eitt atriði, sem ég get ekki gengið fram hjá, án þess að svara því, en það er ásökun, sem komið hefir fram á hendur stjórnarinnar um það, að hún hafi sýnt of mikið skeytingarleysi í þessu máli allt frá því í fyrra, að Norðmenn sögðu samningnum upp og þangað til samningar hófust af nýju. Þetta er alls ekki rétt. Ég skal gefa þær upplýsingar, af því að ég er þessu máli kunnugur, að undir eins og Norðmenn sögðu upp samningum, gekkst ísl. ríkisstj. fyrir því, að Sveinn Björnsson sendiherra færi til Noregs til þess að reyna að komast að samningum við Norðmenn um að fresta framkvæmd uppsagnarinnar til þess að samningar gætu tekizt af nýju áður en uppsögnin gengi í gildi. Sveinn Björnsson var mestan hluta vetrarins í fyrra í Noregi til þess að reyna að koma á slíkum samningi, og útlit var fyrir það lengi, að það tækist. En það var ekki fyrr en í þinglok, að ákveðið svar kom frá Noregi um, að enginn frestur fengist. En þá ákvað stj. að leggja fyrir þingið, að verzlunar- og siglingasamningnum við Noreg skyldi sagt upp, til þess að hafa á bak við, ef ekki tækjust samningar við Norðmenn af nýju.

Undir eins og þingi lauk í fyrra sigldi hæstv. forsrh. til Noregs og ræddi við Norðmenn um, að samkomulag tækist um að hefja upp samninga af nýju, til þess að komast að einhverri niðurstöðu í þessu máli. Og ég verð að segja, að eftir öllu útliti og spá þm. í þessu máli, þá sé niðurstaðan betri en nokkrar líkur voru til að yrði, og er þess vegna ekki hægt að

áfella stj. fyrir að hafa tekið óheppilega stefnu í þessu máli frá upphafi.

Því hefir verið svarað, sem helzt hefir verið fundið að samningnum, nefnilega um ívilnanir gagnvart Norðmönnum við síldveiðar hér við land. En því hefir ekki verið svarað, sem nokkrir þm. hafa gert að stóru atriði í málinu, en það er það, að sú heimild, sem Íslendingar hafa til að selja saltkjöt til Noregs, sé einskisverð, því að Norðmenn framleiði svo mikið kjöt sjálfir, að það nægi þeim sjálfum, og jafnvel að þeir flytji út kjöt. Þeir segja, að þetta bendi til þess, að okkur verði ekkert gagn að þessari hlutdeild. Ég held, að það hafi verið hv. þm. Ak., sem hélt því fram, að ekki væri nærri því allt kjötið, sem flutt var til Noregs síðastl. haust, selt, og að það bendi til þess, að þessi kjötmarkaður væri okkur einskis virði. Ég skal upplýsa það, að þetta er algerlega rangt. Allt kjöt, sem flutt var til Noregs, var selt fyrir jól, og síðan hefir svo mikil eftirspurn verið, að henni hefði tæpast verið fullnægt, þó miklu meira framboð hefði verið á kjöti. Ástæðan til þess, að ekki var hægt að fullnægja eftirspurninni, var sú, að búið var að ráðstafa svo miklu kjöti á enskan markað, því menn bjuggust við, að miklu meiru yrði slátrað. En þegar til kom, vantaði nálega ⅓ af því kjötmagni, sem menn höfðu gert sér vonir um. Þetta stafaði af því, að verðið á kjötinu var lágt, og heyskapur hafði verið óvenju góður, svo bændur settu með meira móti á síðastl. haust. Nú er fé með langflesta móti í landinu og má því ganga út frá því sem vísu, að meiru verði slátrað þegar á næsta hausti en síðastl. haust, því menn sjá, að ekki gengur að fjölga fénu alltaf; og því er eins gott að hafa einhverja markaðsmöguleika í Noregi, þó fyrir lítið sé, ekki sízt ef ofan á bætist, að enskur kjötmarkaður verði takmarkaður. En þessi staðreynd, að Norðmenn hafi aukið svo kjötframleiðslu sína, að þeir geti alveg kjötfætt sig, sannar ekkert um það, að norskur markaður sé okkur einskis virði, af þeim ástæðum, að þeir vilja oft fremur ísl. kjöt, ef það er á boðstólum, bæði af því, að Norðmenn eru búnir að neyta þess svo lengi og líkar það vel, og í öðru lagi er það ódýrara heldur en mestur hlutinn af hinu norska kjöti, sem oft er nokkuð dýrt. Af þessum ástæðum getum við nokkurn veginn reitt okkur á, að svo lengi sem við getum komið kjöti inn til Noregs, þá getum við selt það þrátt fyrir mikið framboð þar. Ef norsk kjötframleiðsla nægði til þess að eyðileggja ísl. kjötmarkað í Noregi, þá hefðu Norðmenn aldrei þurft að takmarka innflutning þess hjá sér með þvingunarráðstöfunum. Þess vegna verða innflutningsmöguleikar fyrir okkur í reyndinni sama og sölumöguleikar. Og á slíkum tímum sem nú standa yfir er það óafsakanlegt, að reyna ekki allt, sem hægt er, til að halda þeim markaðsmöguleikum, sem eru, því að ísl. bændum er það lífsspursmál að geta komið framleiðslu sinni í verð.

Þá sagði hv. þm. Ak., að ég teldi nauðsyn að segja samningnum upp næsta haust. Þetta er ekki rétt. Ég talaði aðeins um þá möguleika að segja samningnum upp. Ef reynslan leiddi það í ljós, að þessar ívilnanir gagnvart Norðmönnum með síldveiðarnar hér við land yrðu til þess að eyðileggja að meira eða minna leyti síldarútveg Íslendinga, og ef Norðmenn misnota samninginn eða ef okkur reynist hann lítils virði vegna kjötsölunnar, þá er okkur innan handar að segja honum upp þegar á næsta ári. Þetta er höfuðatriðið: að reynist samningar okkur jafnhættulegir og sumir hv. þm. ætla, þá er okkur innan handar að losna eftir eitt ár. Og þegar jafnmikið er í húfi með markað fyrir ísl. landbúnaðarafurðir, þá get ég ekki annað séð en að þeir geti sætt sig við að bíða eitt ár þangað til reynslan er orðin nægileg til að skera úr um þetta deiluatriði.

Af þessum ástæðum vil ég halda því fast fram sem fulltrúi bænda, að Alþingi beri skylda til að samþ. samninginn.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki vera fjölorður um þetta mál. Ég vil til að byrja með benda á það, að það er ólík meðferð, sem þetta mál sætir hér og í Noregi. Þar hefir málið verið afgreitt á lokuðum þingfundum og við fáum tilkynningu um, að búið sé að afgreiða það, en við erum ennþá að deila um þetta stóra mál, ekki einungis á opinberum

þingfundum, heldur geta svo að segja allir landsmenn heyrt það sem sagt er með og móti. Þetta ber e. t. v. vott um okkar frjálslynda stjórnarfar, en ég held samt, að þetta fyrirkomulag sé ekki svo heppilegt, að við megum framvegis hafa það til fyrirmyndar.

Ég held, að líka megi benda á það í þessu sambandi, að það er dálítil hætta á að við lítum of mikið á það, að hér er við vingjarnlega frændþjóð að semja, og ber að gera sér grein fyrir því í þessu sambandi, það ætti að líta á málið án tillits til frændsemi, einungis með hagsmuni fyrir augum eins og væri verið að semja við einhverja fjarskylda þjóð. En ég vil ekki með þessu segja, að það hafi haft áhrif á samningamenn okkar, eða að þeir hefðu getað komizt lengra í samningunum, ef ekki hefði verið svona ástatt. Þó ber þetta allt fyrir augun þegar metin eru þau fríðindi, sem boðin eru, og það, sem á móti er látið. Ég held, að þetta sé stærra mál fyrir okkar þjóðfélag en mótsemjandann og þess vegna sé eðlilegt, að við athugum þetta nánar og meira, hvað hér er boðið, heldur en hinn samningsaðilinn, sem ekki hefir líkt því eins mikilla hagsmuna að gæta hlutfallslega og við.

Ég vil fyrst taka þá hlið samningsins, sem við að vonum höfum meiri áhuga á, þar sem það er okkar sóknarmál á hendur Norðmönnum, en það er salan á ísl. saltkjöti til Noregs. Ég vil þá fyrst spyrja: Hvaða líkur eru til þess, að við höldum áfram að hafa markað í Noregi? Ég lít svo á, að engin vissa sé fyrir því, að við höfum þar markað fyrir það magn, sem inn má flytja og tolllækkunin nær til. Það er athyglisvert, sem hv. þm. hefir glögglega bent á, hversu hraðlækkandi innflutningur til Noregs á ísl. kjöti hefir farið undanfarandi ár. Okkur ber skylda til að meta það gagn, sem í okkar hluta fellur vegna samninganna, eftir því, hvernig okkur tekst að hafa markað fyrir kjöt okkar í Noregi, og þá hitt ekki síður, með hvaða verði það selst. Ég er hræddur um, að eins og nú stendur sé ekki af miklu að láta hvað þetta snertir. Það er a. m. k. tilfinning mín. En þess ber þó að gæta, að ekki er nú hægt að benda á aðrar leiðir til að afla þess markaðar, sem samningurinn veitir. En ég legg áherzlu á það, að okkar hagsmuni af samningunum ber að meta eftir því, hversu mikið selst af kjöti í Noregi og með hvaða verði. Á þessu hvorttveggja ber að hafa vakandi auga. En þá er að líta á hina hliðina — fórnir okkar Íslendinga vegna samningsins.

Hv. þm. G.-K. segir, að það muni ekki mikið um þann mun, sem er á söluleyfi Norðmanna á síld hér á land eftir samningnum frá því, sem áður var, og að síldveiði Íslendinga þurfi ekki að minnka þess vegna. Mér er það nú ljóst, að á fleira verður að líta í þessu sambandi. Það eru fleiri þjóðir en Norðmenn, sem veiða síld hér við land og hafa heimild til að selja hana hér eftir fiskiveiðalöggjöfinni. Mér skilst, að það hafi ekki verið nægilega athugað, á hvern hátt aðrar þjóðir muni hagnýta sér þennan rétt á næstu árum. Er því ekki hægt að fyrirbyggja það, að um meira framboð verði að ræða en það, sem samningarnir gefa tilefni til. Og ég óttast það, að jafnvel þótt samningarnir verði vel framkvæmdir af Norðmanna hálfu, þá þurfum við þó að koma því svo fyrir, ef við ætlum að færa okkur í nyt þann markað, sem er til fyrir ísl. síld, að ísl. þjóðin geti meir setið að honum en nú er. Ég vil skjóta fram spurningu um það, hvernig fer, ef framboð á saltkjöti verður meira frá okkar hálfu á norskan markað en salan leyfir. Hefir nokkuð verið hugsað um fyrirkomulag á því? Ef framboðið verður meira en salan leyfir, þá þarf ráðstafanir af ríkisins hálfu, um skipulagningu á útflutningi kjötsins til Noregs. Þetta er atriði, sem ég tel, að líta beri á í upphafi og ráðstafa svo, að enginn þurfi undan að kvarta.

Þótt ég líti svo á, að samningur þessi sé ekki viðunanlegur nema til skamms tíma og ég sé við því búinn, að fella þurfi hann niður eða breyta honum innan skamms, þá verð ég þó að líta á hitt, að enginn möguleiki virðist vera á því, að hægt sé að selja þetta kjötmagn á annan hátt, og af þeim ástæðum sé nauðsynlegt, að hann sé samþ. Ég mun því greiða honum atkv., en þó í því skyni, að vel sé fylgzt með þessari reynslu, er fæst við framkvæmd hans. Og að Alþ. breyti hon-

um eða felli hann niður, þegar hann er ekki lengur hagstæður landsmönnum.

**Guðbrandur Ísberg:** Hv. þm. Mýr. vildi halda því fram, að ég hefði farið hér með rangt mál, er ég sagði, að það kjöt, sem flutt var til Noregs síðastl. haust, mundi enn vera óselt að einhverju leyti. Ég vil nú ekki halda því fram, að hv. þm. fari hér viljandi með rangt mál. En upplýsingar hans koma mér þó einkennilega fyrir. Ég hafði leitað mér upplýsinga um þetta atriði á þeim stað, er ég taldi ábyggilegastan, og fékk það svar, að kjötið væri enn ekki allt selt. En jafnframt var þó gert ráð fyrir því, að það kynni að seljast allt, því sala á því fer fram allt fram í maímánuð. En samkv. þessum heimildum held ég því fram, að rétt hafi verið frá skýrt hjá mér, að nokkuð af kjötinu sé óselt enn. Hér er því um einhvern misskilning að ræða. Dettur mér nú í hug, að hugsanlegt sé, að hann liggi í því, að Íslendingar kunni að hafa lokið sölu á kjötinu í desember, en einhver hluti þess liggi enn óseldur hjá norskum milligöngumönnum. Þetta atriði vildi ég leiðrétta. En fyrst ég stóð upp á annað borð, vil ég stuttlega drepa á nokkur fleiri atriði.

Því hefir oft verið slegið fram í umr. þeim, sem orðið hafa um þetta mál, að það væri einkennilegt, að þeir, sem nú hafa sitthvað við samninginn að athuga, hefðu ekki hreyft sig á síðasta þingi. En þetta er ekkert undarlegt. Málið lá þá á allt annan veg fyrir þm. Þeir gátu á engan hátt þá vitað, hvernig samningar við Norðmenn mundu falla. Og þeir renndu sízt grun í það, að eins miklu þyrfti að fórna af hálfu Íslendinga og raun hefir á orðið. Og í annan stað var þm. það ekki ljóst þá, að Norðmenn mundu takmarka markað hjá sér á ísl. saltkjöti svo mjög, sem raun er á orðin. Í því sambandi vil ég slá því föstu, að fullyrðing hv. þm. Mýr., að hægt hefði verið að selja þriðjungi meira kjöt til Noregs í haust en gert var, er bara ágizkun og hefir sízt við meiri rök að styðjast en það, er ég hélt fram, að ekki hefði verið hægt að selja meira en gert var, svo teljandi væri.

Þá hefir það líka verið gert að umtalsefni, að ekki hafi verið rétt að ásaka stj. hér fyrir það að ganga að þessum samningi. Ég hefi nú ekki orðið þess var, að neitt sérstaklega hafi verið veitzt að stj. fyrir þetta. Henni var falið að leita samninga, og ég býst við, að hún hafi reynt að komast eins langt og hægt var. En þess ber að gæta, að þótt stj. hafi unnið að samningunum og lagt samþ. sitt á þá, er þó gildistaka þeirra þeim skilyrðum bundin, að þeir verði samþ. af Stórþinginu í Noregi og Alþ. hér. Og þegar á það er litið, þá er einkennilegt það kapp, sem hæstv. stj. leggur í það, að samningarnir séu samþ., þar sem lokaatkv. um það er þó hjá öðrum aðiljum.

Þá hefir það líka verið tekið fram, að betra sé en ekki að hafa markað í Noregi fyrir það kjötmagn, sem samningurinn tiltekur. Þessu hefir enginn mótmælt. Það getur vitanlega talizt hagur að því að hafa markað þar fyrir eitthvað, þó lítið sé, t. d. ef vel lætur 6—7 þús. tn., eða þó ekki sé nema 4—5 þús. tn. En það má alla hluti of dýru verði kaupa. Og það er sú hlið málsins, sem ég hefi leyft mér að benda á.

Ég vil drepa á tvö atriði úr ræðu hv. þm. G.-K., enda þó þau séu þaulrædd áður. Annað atriðið var það, að hv. þm. hélt því fram, að munur væri á því að selja síld í land og að salta hana. Það er rétt, að samningurinn hefir ekkert ákvæði um það, að Norðmenn megi salta síld í landi. En hv. þm. veit það vel, eins og allir aðrir, og um það er reynslan ólygnust, að það söluleyfi í land, sem Norðmönnum er veitt, er praktiskt séð alveg sama og söltunarleyfi. Þetta er svo þekkt, að um það þarf ekki að fara fleiri orðum.

Þá taldi hv. þm. mig hafa beitt rakafalsi, þar sem ég hefði ekki tekið tillit til þess, að hér væri aðeins um aukna sölumöguleika að ræða frá því, sem var áður. Þetta er rétt. Ég hefi einmitt bent á það, að ef samningurinn verður felldur, þá mundum við loka fyrir síldarsölu útlendinga með verndartollalöggjöf. Eldri venja kemur þá ekki til greina. Þetta hefi ég sagt áður með svo skýrum orðum, að ekki hefði átt að þurfa að taka það fram aftur. Það nálgast rakafölsun hjá hv. þm. sjálfum að segja þetta, eftir að búið er að taka hitt margsinnis fram.

Hæstv. forsrh. þarf ég litlu að svara.

Hann var að venju hógvær. Hann sagði, að þessi samningur væri bæði hér og í Noregi talinn betri en enginn samningur. Það er nú heldur lítið sagt með því. Og það er ekki langur vegur frá því og til þess, að hægt sé að segja, að samningurinn sé verri en enginn samningur.

Hann vildi leggja áherzlu á það, að það væri hugur Norðmanna að eiga eingöngu vinsamleg viðskipti við okkur Íslendinga. En mér skilst nú, að sá vinarhugur sé á þann veg, sem stundum á sér stað milli stórabróður og litlabróður. Stóribróðir vill a. m. k. í þessu tilfelli gjarnan vera vinur litlabróður, ef litli bróðir gerir allt eins og honum líkar.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég hefi ekki nema gott að segja um afstöðu hv. þm. Vestm. til samningsins. Hann segir, að sér líki ekki öll ákvæði hans, en segist þó greiða atkv. með honum, vegna þess að hann sér enga aðra sölumöguleika fyrir kjötið. Og þetta er eðlilegt. Það er svo um alla samninga, eða flesta, að á þeim er bæði kostur og löstur. Þetta leiðir af því, að samningsaðiljar verða minnst tveir og verða báðir að slaka til, ef samningar eiga að nást. Það er sannfæring mín, að í þessu tilfelli hafi Norðmenn slakað meira til frá því, sem var hugsað í byrjun og telji líka, að þeir hafi gert það meira en við gerðum.

Viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um 12. gr. samningsins vil ég benda á, að í l. frá 1926 er sagt, að lúka megi máli botnvörpunga með áminningu. Og þetta hefir verið gert, þegar ekkert benti til þess að þeir væru að ólöglegum veiðum innan landhelgi. Þegar þetta er borið saman við 12. gr., þá er þar aðeins skýrara tekið fram, að veiðiskip, þegar um slíkt tilfelli er að ræða, skuli ekki leiða fyrir dóm. Og þetta er svo skýrt orðað, að ég hygg, að ekki muni mörg tilfelli koma fyrir, að sek skip sleppi vegna þessa ákvæðis, einmitt vegna þess, hve ákvæði 12. gr. eru skýr.

Það má að vísu hugsa sér það, að skipstjóra, sem er að óleyfilegum veiðum innan landhelgi, heppnist að leiða mjög sterkar líkur að því, að hann hafi rekið inn fyrir línuna undan straumi eða vindi. En hve oft verður það hægt? Ég hygg, að slíkt beri ekki oft við. Það verður erfitt að sanna, að þessi sé orsökin, en ekki einn eða annar sjálfráður eða ósjálfráður trassaskapur. Ég tel, að ekki sé neitt lítið, sem heimtað er með þessari sönnunarskyldu. Varðskipsforingjarnir eiga að dæma um það, hvort það sé eftir öllum atvikum ljóst, að svona sé ástatt. Ég er sannfærður um, að slík tilfelli, að það sé hægt, verða ekki mörg. Það er því sýnt og sannað, að 12. gr. verður okkur aldrei hættuleg. Og ef nú skip getur sýnt og sannað, að það hafi óviljandi rekið inn í landhelgi, hvað á þá að gera? Á að fara að refsa því fyrir það? Nei, það mundi aldrei verða gert. Og þá er eigi heldur rétt að taka slíkt skip inn í höfn og tefja það þar með frá veiðum. Og þótt ekkert ákvæði væri um þetta, þá mun sú regla oft vera notuð af varðskipsforingjunum, þegar um vafasamt og lítið brot er að ræða, að veita áminningu og reka skipin frá landhelgislínunni. En þegar skipin í björtu veðri eru langt fyrir innan landhelgislínu að veiðum, þá geta þau vitanlega ekki afsakað sig með því, að um athugaleysi sé að ræða. Skipstjórarnir eru skyldir að athuga, hvar þeir eru staddir. Ef þeir eru að fiska nálægt landhelgislínunni og fara langt inn fyrir, þá eiga þeir að sjá það sjálfir, og þá er vitanlega spursmálslaust, að um ásetning er að ræða.

Út af þeim orðum, sem hv. þm. Ak. sagði um gang þessa máls á þinginu í fyrra, vil ég segja það, að þetta mál lá fyrir því þingi. Norðmenn voru búnir að segja upp samningnum. Þm. vissu, að Norðmenn vildu ekki taka undir neina samninga þá. En hvers vegna vöknuðu ekki hv. þm. þá? Hví komu þeir ekki þá fram með tollstreitufrv. sín? Nei, þeir gerðu það ekki! Hvað þýðir það? Það þýðir, að þeir ætluðust til, að samið væri við Norðmenn. Þetta var gert og sá samningur liggur fyrir nú. Stj. hefir því gert það, sem ætlazt var til, að hún gerði. Hv. þm. Ak. taldi, að stj. hefði gengið of langt í því að fylgja þessum samningi fram. En það gerir stj. af hreinni nauðsyn. Hún sér engan annan markað fyrir það kjöt, sem um ræðir í samningnum. Það er rétt, að norski markaðurinn er að þrengjast. En það var vitað áður. Og það

verður að vorkenna Norðmönnum það, þótt þeir vilji ekki flytja inn, með stórum lækkuðum tolli, það kjöt, sem þeir telja sig ekki hafa neitt brúk fyrir. Það er varla hægt að ætlast til, að nein þjóð stuðli að innflutningi þeirrar vöru, sem hún þarf ekki að nota. Hv. þm. álítur þessi fríðindi, sem við fáum, of dýru verði keypt. Já, það er nú einmitt þetta, sem um er deilt. Og þótt hv. þm. hafi talið fram alla þá galla, sem á samningnum kunna að vera, þá hefir hann þó ekki sannfært mig um það, að þessi fríðindi séu of dýru verði keypt. Eða hvað eigum við þá að gera við allt að 11 þús. tunnur, sem samningurinn gefur okkur rétt á að flytja inn til Noregs næsta ár? Ekki er til neinn innlendur markaður fyrir þær. Og ekki er í önnur hús að venda með þær erlendis. Ef þær ættu ekki að stórspilla innanlandsmarkaðinum yrði að eyðileggja þær. Og því meiri er þörfin, ef þrengist um enska markaðinn. (**GÍ**: Hvað á þá að gera við það kjöt, sem ekki fer til Noregs?) Já, það munar þó alltaf nokkuð um 10 þús. tunnur. (**MJ**: Selja Norðmönnum það!) Nei, gefa þeim það, ef við fellum samninginn! Það er réttara að eyðileggja kjötið innanlands heldur en að gefa Norðmönnum það, eftir að tollstríð er hafið á milli landanna. Og þótt síldarútvegsmenn tali um að kaupa kjötið, sem alla tryggingu vantar nú reyndar fyrir, að verði gert, þá verður samt að eyðileggja það, því annars mundi það alltaf verða fyrir öðru kjöti og eyðileggja markað á því.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Það er örstutt aths. Hv. þm. Ak. sagði, að ég vissi eins vel eða betur en nokkur annar, að sala á síld í land væri í framkvæmd alveg hið sama og söltunarleyfi. Ég vil nú spyrja hv. þm., á hverju hann byggir þetta? Á reynslunni byggir hann það ekki. Hv. þm. veit, að undanfarin ár hafa Norðmenn samkv. fiskiveiðalöggjöfinni haft heimild til að selja í land 500—700 tn. af skipi, eftir veiðiaðferð. Það gerir 100—150 þús. tunnur eftir skipaafla Norðmanna hér við land. Ef landsöluleyfi samningsins er sama sem söltunarleyfi, þá hefði eins mátt nota ísl. leppa áður, eins og nú eftir þessum samningi. En reynsla síðustu ára mælir þessu í gegn. Norðmenn munu aldrei hafa saltað meira hér á landi en þeir gerðu 1927, og þá munu þeir hafa saltað 32 þús. tunnur. (**Rödd af þingbekkjum**: Hvernig veit hv. þm., að það er ekki meira?). Íslenzkar skýrslur sýna það. Ég held, að þær séu frá forseta Fiskifélagsins. Ég hefi þess vegna það að segja um málið, að ef ég veit þetta manna bezt, þá verða aðrir að beygja sig undir þann dóm minn, að ég hefi af mikilli reynslu ályktað það, að þetta ákvæði muni ekki verða misnotað. Enda er ekki hægt að misnota það, nema fyrir þjónustu íslenzkra ríkisborgara. Hverjar getsakir, sem ég vil gera Norðmönnum í þessu efni, þá vil ég ekki gera Íslendingum þær getsakir, að þeir ljái lið sitt til slíkra óþrifaverka.

Þá þótti hv. þm. Ak. ég vera óbilgjarn í ádeilu minni, þegar ég í fyrri ræðu minni sagði, að mér þætti það stappa nærri rakafalsi, að telja, að Norðmenn með þessum samningi öðluðust aðstöðu til að salta í landi 150—200 þús. tunnur, til samkeppni við Íslendinga. Ég geri þá grein fyrir þessari ákæru minni á hendur þeim mönnum, sem slíkum rökum hafa beitt, að þeim hefði borið að koma með þær staðreyndir, sem liggja í augum uppi. — Hv. þm. vill færa orðum sínum stað með þeim rökum, að ef samningarnir verða samþ., þá sé hægt, með sérstakri tollalöggjöf, sem hann sjálfur stingur upp á, að loka glompunum á fiskveiðalöggjöfinni. En einmitt þetta, að hv. þm. talar um, að þessi löggjöf eigi að loka glompunum á fiskveiðalöggjöfinni, — einmitt það sannar, að það er þeim glompum, sem þarf að loka, jafnt hvort sem þessi samningur verður samþ. eða ekki. Og í þessu liggur það, að veilan er hjá okkur í ákvæðum fiskveiðalöggjafarinnar, en ekki sérstaklega í þessum samningi. Enda er það vitaskuld á valdi Íslendinga að loka þeim glompum og samþ. löggjöf, þó að samningurinn verði samþykktur. Hitt er annað mál, að ef við förum þá leið, þá væri ekki viðfelldið að samþ. samninginn, því að það væri að fara aftan að Norðmönnum í þessu efni. Deilan á milli hv. þm. og mín er raunverulega ekki önnur en sú, að mér hefir ekki þótt hann taka það nógu skilmerki-

lega fram, að ljóðurinn á okkar ráði liggur í þeirri veilu, sem er í ákvæðum fiskiveiðalöggjafarinnar, og kemur ekki þessum samningi við. Þetta vil ég, að menn viðurkenni. Hitt má gjarnan segja, að þær glompur, sem þarna eru, séu svo stórar, að það verði að byrgja þær, og ef svo er, þá verðum við að fella samninginn. Ég álít hinsvegar að dómur reynslunnar sé sá, að okkur stafi ekki veruleg hætta af þessum glompum. En ef hin nýja reynsla verður önnur, þá ættum við að taka málið til yfirvegunar, og þó að ég álíti, að þessi hætta sé ekki mikil, og ég sjái hina miklu nauðsyn bænda til að halda opnum þeim kjötmarkaði, sem til þessa hefir verið í Noregi, enda þótt ég í dag sé þessa hugar, þá býst ég við, að ef ég sé nýja og aukna hættu, sem stafaði af fiskveiðalöggjöfinni, þá muni ég hallast á sveif með þeim, sem vilja loka glompunum á fiskveiðalöggjöfinni, enda þótt það kostaði það, að kjötmarkaður okkar í Noregi lokaðist með því. En ég vil ekki gera það fyrr en fengin er reynsla, sem er gagnstæð hinni fyrri reynslu í þessu efni, en ekki er ástæða til að gera ráð fyrir, að svo komnu.

**Jóhann Jósefsson:** Ég vil benda hæstv. dómsmrh. á það, að þær aths., sem ég gerði út af 12. gr., eru engan veginn fram komnar vegna þess, að saklausir menn verði dregnir fyrir dóm vegna ímyndaðra landhelgisbrota. Heldur var ég að benda á það, að hér er vikið inn á aðra braut heldur en ísl. yfirvöld hafa hingað til viljað ganga í þessu efni. L. frá 1926, þar sem heimilað er að lúka svokallaðri hlerasekt með áminningu eða lágri sekt, benda ótvírætt í þá átt, að sú lúkning eigi að gerast fyrir dómara, en ekki úti á hafi. Það er beinlínis komizt svo að orði í l., **að málum þessum** megi lúka á þann veg. Enda staðhæfi ég, að það hefir ekki verið venja að túlka þessi lög þannig, að þeim yrði lokið annarsstaðar en fyrir dómi. Ég man heldur ekki betur en að það hafi komið fram opinberlega fyrir nokkrum árum, að skrifstofustjóri í dómsmrn. hafi beinlínis látið þess getið í blaðagrein, að gefnu tilefni, að íslenzkir varðskipstjórar **hefðu ekki umboð til þess að gefa áminningu og láta skip sleppa með það úti á hafi.** Þetta er það, sem ég vil nú við þetta tækifæri sérstaklega benda mönnum á. En það er alls ekki svo, að ég sé að gerast talsmaður þess, að skip séu að nauðsynjalausu tekin til hafnar vegna meintra brota. En ég slæ því föstu, að með þessari 12. gr. er gengið inn á aðra braut en þá, sem yfirvöldin í landinu **hafa hingað til** farið í þessum efnum. Þetta vildi ég, að yrði tekið til athugunar nú, til þess að það komi ekki á óvart, þótt að þessum spursmálum yrði vikið síðar. Því að þetta er oft ákaflega mikið álitamál, hvernig eigi að lúka svona vafaspursmálum. Ég man ekki eftir því, að hæstiréttur hafi kveðið upp sýknunardóm á áðurnefndum grundvelli í þessu efni, og tel því skýringu 12. gr. samningsins að þessu leyti ranga.

**Bjarni Ásgeirsson:** Það var aðeins örlítil aths. út af orðum hv. þm. Ak., um það, hvort kjötið, sem nú í haust var sent héðan til Noregs, væri allt selt. Ég held, að ég megi fullyrða það, að ég hafi þær upplýsingar frá svo ábyggilegum stað, að ekki þurfi að vefengja það, að kjötið hafi allt verið selt löngu fyrir jól. Hitt atriðið skiptir litlu fyrir okkur Íslendinga, hvort það er allt selt til neytenda, eða m. ö. o., hvort það er allt étið ennþá. En það, að Norðmenn hafi keypt það allt upp og það löngu fyrir jól, sannar það, að þeir eru ekki hræddir um, að það seljist ekki. Eftir áreiðanlegum upplýsingum að dæma, hefir eftirspurn eftir ísl. kjöti í Noregi verið talsvert mikil. Henni er að vísu lokið nú, en það er af því, að Norðmenn vita, að héðan er að þessu sinni ekki meira kjöt að fá.

En þetta sýnir það, að hægt hefði verið að selja til Noregs í haust meira kjöt en selt var. Ég get auðvitað ekki sagt um, hvort það hefði getað orðið þriðjungi eða helmingi meira, en það er víst, að ótrúlega miklir markaðsmöguleikar eru enn fyrir okkar kjöt í Noregi, þrátt fyrir hina miklu auknu kjötframleiðslu þar.

Ég held, að ég hafi ekki þurft að svara fleiru, og get látið þetta nægja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JÓl, JónasÞ, LH, MG, ÓTh, PHalld, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr, HJ, JörB.
nei: JAJ, MJ, VJ, GÍ, HG.
Sex þm. (TrÞ, ÁÁ, BJ, HStef, HV, IngB) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 15:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:5 atkv.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvort hann geti ekki fallizt á að fresta framgangi þessa máls, því að enn er nokkuð eftir af þeim tíma, sem áskilinn er í samningunum. Mætti vel fresta málinu, til þess að sjá, hver áhrif það hefir á samninga okkar við Breta.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég get fallizt á það að fresta umr. til morguns. Lengra loforð get ég ekki gefið, t. d. um að fresta málinu til mánudags, án viðtals við stj., enda er fyrir höndum sú töf, sem verður í Ed., því að enn er ekki nálægt því komið að afgreiðslu þingsins. En án nánara viðtals við stj. get ég sem sagt fallizt á að fresta málinu til morguns.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 24. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það er eiginlega fyrst nú við þessa 3. umr., sem hægt er að tala almennt um þetta mál, án þess að koma þyrfti til afbrigða frá þingsköpunum. 1. umr. var með nokkrum hömlum vegna útvarpsins, en við 2. umr. er ekki heimilt að ræða nema einstakar gr. frv.

Ég ætla nú ekki að fara nema fáum orðum um þetta mál. Ég sýndi það við 2. umr., að ég greiddi hiklaust atkv. með þessum samningi, og það byggist aðallega á tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi á því, hver nauðsyn hér er fyrir hendi fyrir landbúnaðinn að halda þeim möguleikum fyrir saltkjötsmarkaði, sem enn eru í Noregi. Ég skal ekki bæta miklu við það, sem sagt hefir verið um það atriði, enda hefir það verið mikið rætt. Það er fullkomlega viðurkennt, að saltkjötsmarkaður okkar í Noregi er að dvína, og það eru engar horfur á því, að hægt verði í framtíðinni að byggja landbúnað Íslendinga að nokkru verulegu leyti á slíkum markaði þar í landi. Norðmenn hafa aukið mjög sína kjötframleiðslu upp á síðkastið, og virðast á góðum vegi að verða sjálfum sér nógir í þessu efni. Þetta er vitanlega engin ný vitneskja fyrir ísl. framleiðendur. Þeir hafa séð, að hverju stefnir í þessu efni fyrir nokkru síðan. Og það er ljós vottur þeirrar vitneskju, að kjötverkun hefir á síðari árum breytzt mikið; hefir verið stefnt í það horf að frysta kjötið og beina sölunni í aðrar áttir. Það er sem sé búið að byggja hér í landi um 12 frystihús, sem eingöngu eða nær eingöngu eru ætluð til frystingar á kjöti til útflutnings. Auk þess er í ráði að byggja fleiri slík hús og yfirleitt leggja grundvöll að því að verka þannig kjöt í öllum þeim héruðum, þar sem hafnir eru, svo að hægt sé að koma við útflutningi.

Það sýnir bezt, hvert stefnir í þessu efni, að á síðustu 4 árum hefir frystiútflutningur vaxið úr 690 smál. upp í 1760 smál., en það var hann síðastl. ár. En þó að svona sé ástatt, þá stendur svo sérstaklega á um saltkjötssöluna hjá okkur, að landbúnaðurinn má ekki undir nokkrum kringumstæðum við því, að hætt sé að halda í þá möguleika, sem enn eru til saltkjötssölu í Noregi. Þetta byggist á því, eins og ég tók fram, að það eru ekki fyrir hendi skilyrði til þess að verka allt kjöt, svo að útflutningshæft sé í frosnu ástandi. Ennfremur eru horfurnar allt annað en glæsilegar í Englandi, landinu, sem við höfum byggt vonir okkar á upp á síðkastið, Því að samkv. þeim samningi, sem Englendingar hafa gert við nýlendur sínar um takmörkun á innflutningi kjöts frá þeim löndum, sem standa utan við alríkið brezka, eru þær takmarkanir þannig að því er okkur snertir, að miðað við útflutning okkar síðastl. ár til

Englands, sem var 1750 smál., megum við ekki flytja þangað nú nema sem svarar 745 smál. Með þeim takmörkunum á innflutningi kjöts, sem Englendingar bjóða nýlendum sínum upp á, er þannig kjötútflutningur okkar til Englands skorinn niður um meira en helming. Nú standa yfir af okkar hálfu samningar við Englendinga um þetta efni, og þess er vænzt, sem enn er heldur ekki beinlínis ástæða til að örvænta um, að þeir samningar geti leitt til þess, að rýmkað verði allmikið á þessari takmörkun. En meðan allt er í óvissu um þetta efni og auk þess ekki tæki í landinu til þess að frysta allt kjötið, þá er landbúnaðinum það beinlínis alveg ómissandi að halda þeim möguleikum, sem verið hafa á kjötsölu í Noregi.

Eins og öllum er kunnugt stendur landbúnaðurinn nú á einhverjum þeim alvarlegustu tímamótum, sem komið hafa yfir hann á seinni tímum. Útfluttar landbúnaðarafurðir hafa á síðustu þrem árum fallið í verði sem svarar 65%. Verð á kjöti og slátri innanlands hefir á sama tíma fallið í verði um 55%. Slíkt verðfall má hreint og beint nefna verðlagsbyltingu. Og slíkar verðfallsbyltingar hljóta auðvitað að hafa mjög miklar og alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þær atvinnugreinar, sem fyrir þeim verða. Því harðara kemur þetta niður á landbúnaðinum nú, þar sem mikið fé hefir verið lagt í búnaðarumbætur að undanförnu, sem fyrst voru vonir um að færu að bera verulegan árangur, þegar verðfallið skall svona hastarlega yfir. Af því má nokkuð marka, hversu alvarlegt ástand þetta skapar, ekki einungis fyrir landbúnaðinn, heldur fyrir þjóðina í heild, að nú lifa um 40% af allri þjóðinni af landbúnaði.

Ég get bent á það, að ef lokað væri möguleikunum til kjötsölu í Noregi, án þess hægt væri að verka allt kjötið til útflutnings í aðrar áttir, og því kjötmagni, sem nú er flutt til Noregs, þannig bætt ofan á innanlandsmarkaðinn, þá mundi það leiða af sér nýtt verðfall á kjötinu hér. Hjá því yrði ekki komizt. Ég finn því sérstaka ástæðu til þess að votta hv. þm. Vestm., sem sæti á í þeirri n., sem um þetta mál hefir fjallað, þakklæti fyrir þá viðsýni og þann drengskap gagnvart landbúnaðinum, sem hann hefir sýnt með framkomu sinni í þessu máli. Eins og kunnugt er, lifa kjósendur hans eingöngu af sjávarútvegi, og lokun norska kjötmarkaðarins gat orðið til þess, að þeir fengju fyrir minna verð það kjöt, sem þeir þurfa að kaupa. En hv. þm. hefir reynzt viðsýnni en svo, að hann léti þessa stundarhagsmuni kjósenda sinna ráða gerðum sínum í málinu, og hefir tekið þá afstöðu að líta fremur á nauðsyn þjóðarinnar í heild. (MJ: Það er vonandi, að við fáum að njóta sömu viðsýni hjá fulltrúum sveitanna þegar á reynir). Ég veit ekki betur en að þeir hafi sýnt fulla viðsýni í málum sjávarútvegsins eða kaupstaðanna.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, sem ég byggi á afstöðu mína til samningsins, er það að segja, að ég álít það mjög mikilsvert í þessu máli, og við höfum nú með þessum samningi fengið viðurkenningu fyrir því frá Norðmönnum, að ívilnanir þær, sem þeir hafa notið hér við land við síldveiðar og fiskiveiðar sínar og auknar eru nokkuð með samningnum, eru beinlínis borgun af okkar hendi fyrir þau fríðindi, sem þeir hafa látið okkur í té með því að lækka tollinn á saltkjöti okkar.

Eins og menn muna, var núgildandi fiskveiðalöggjöf okkar sett eða skráð af nýju, árið 1922. Ég vil benda á nokkur ummæli úr ræðu þess ráðh., sem þá lagði málið fyrir Alþingi, en það var þáverandi fjmrh., Magnús Guðmundsson. Hann segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Og frv. þetta gengur út á að tryggja oss þennan rétt fyrir oss sjálfa, að svo miklu leyti sem alþjóðaréttur heimilar. Tilgangur frv. er að fara svo langt í þessu sem verða má, án þess að eiga á hættu réttmætar umkvartanir annara þjóða.

Frv. er því sniðið eftir lögum þess lands, er svipaðast er voru landi, en það er Noregur. Þetta er og því náttúrlegra, sem vér einmitt þaðan getum búizt við umkvörtunum, ef nær væri gengið en heimilt er að alþjóðarétti, eða ef efi væri á um þetta. Hinsvegar er það auðsætt, að ef við sniðum lög vor um þetta efni eftir lögum Norðmanna, er ekki unnt fyrir þá að kvarta með réttu. Ég álít, að þetta frv. gangi eins langt og heimilt er að alþjóðarétti, og ég vil þegar vara við að gera á

því miklar breyt., því málið hefir verið grandgæfilega athugað".

Þetta frv. gekk fram án þess að nokkrar efnisbreyt. væru á því gerðar. Svo sammála var þingið um málið, að öll meðferð þess tekur ekki yfir nema eina opnu í umræðuparti Alþingistíðindanna.

Það kom fljótt í ljós þegar farið var að framkvæma þessi lög, að Norðmönnum, sem stundað höfðu síldveiðar hér um langt skeið og verið liðið að haga sér við þær svo að segja eins og landsmenn sjálfir, þeim þótti nú allharkalega að sér búið í þessu efni. Og lögreglustjórar úti um land, einkum fyrir norðan, spurðust þá að gefnu tilefni fyrir um það, hvernig bæri að skilja ýms atriði fiskveiðilaganna, sem í framkvæmdinni snerti engar aðrar þjóðir en Norðmenn. Þetta varð til þess, að þáverandi atvmrh., Klemens Jónsson, gaf út nokkrar skýringar á fiskiveiðalöggjöfinni, eða reglur um, hvernig bæri að haga framkvæmd hennar. Í þeim reglum fólst m. a. það, að ekki mundi verða ákært, þó norsk skip legðu hér á land t. d. 500 til 700 tunnur af síld til söltunar, að norsku síldarbræðsluverksmiðjurnar fengju óátalið að starfa hér áfram og að norsk skip mættu selja til þeirra bræðslusíld.

Þegar svo Norðmenn sögðu upp kjöttollssamningnum 1924 og farið var að semja um það mál af nýju, þá fékkst engin viðurkenning frá Norðmanna hálfu fyrir því, að þeir litu á síldveiðaréttindi sín hér sem borgun af okkar hendi fyrir ívilnun á kjöttollinum. Það kom fram í skjölum, en var ekki tekið upp í samninginn sjálfan, að ekki skyldi verða hert að mun framkvæmd fiskiveiðalaganna gagnvart Norðmönnum, frá því, sem verið hafði. Í skjóli þess hafa nú Norðmenn í fullann áratug notið þeirra réttinda hér við land, sem ekki eru dæmi til, að neinar aðrar þjóðir hafi notið.

Þegar nú kjöttollssamningnum var sagt upp á síðastl. vetri, virðist hafa verið litið svo á, að Norðmenn hefðu þessi síldveiðaréttindi hér eftir sem áður, því þau voru ekki af okkar hendi notuð sem ástæða til þess að byggja á kröfu um niðurfærslu á tollinum. Sést það m. a. af því, að bæta þurfti við þessi réttindi til þess að fá þann samning, sem hér liggur nú fyrir.

Ég veit ekki, hvernig það er í viðskiptum þjóða á milli, ef ein þjóð notar sér um lengri tíma mikilsverð réttindi í öðru landi, sem aðrar þjóðir ekki njóta, hvort það getur leitt af sér einhverskonar hefð; hvort ein þjóð getur, með því að nota slík réttindi um svo eða svo langt árabil, skapað sér rétt til þess að njóta þeirra einnig í framtíðinni. Ég veit ekki vel, hvernig reglur gilda um þetta efni. En við sjáum, að þar sem Norðmenn hafa rutt sér braut í heimskautalöndunum, með því að stunda ýmiskonar veiðiskap, telja þeir sig ekki einungis vera búna að skapa sér rétt til þeirra gæða, sem þeim hefir um langan tíma haldizt uppi að færa sér í nyt, heldur einnig rétt til frekari umráða yfir þeim landsvæðum, þar sem þeir hafa rekið atvinnu. Hitt vitum við líka, að hér á landi eru til lög um hefð, og sennilega eru til hliðstæð lög í öðrum löndum. Þau eru þannig í framkvæmdinni, að ef t. d. bóndi notar vissan hluta af landi annarar jarðar heldur en þeirrar, er hann hefir til ábúðar, að staðaldri í 20 ár, án þess að um sé samið eða fyrir það greitt, þá skapast við það nýr eignarréttur á því landi, þó landamerki hafi áður verið glögg milli jarðanna. Mér virðist því full ástæða til þess fyrir okkur að fara varlega í að láta Norðmenn njóta sérstakra hlunninda hér óátalið, án þess að viðurkenning liggi fyrir um, að það sé borgun fyrir friðindi, sem við fáum hjá þeim á móti. Ég segi fyrir mitt leyti, að áður en þessi nýi samningur kom til, var kominn nokkur uggur í mig um það, að hér væri stefnt út í nokkuð óvænt efni fyrir okkur. En ég lít svo á, að með þeim samningi, sem hér liggur fyrir, og þegar er búið að staðfesta af Stórþinginu norska, sé mikil breyt. á orðin hvað þetta snertir. Með honum er í burtu kippt þeim ótta, sem ég, og sennilega fleiri, hefi alið í brjósti við það, að láta Norðmenn óátalið njóta hér réttinda fram yfir aðrar þjóðir, án þess að sérstakt endurgjald komi í staðinn. Eins og kunnugt er kemur skýrt fram í samningnum, að hann er byggður á því, að fyrir þau friðindi, sem þar eru Norðmönnum áskilin, fáum við lækkunina á saltkjötstollinum. Og samningnum er hægt að segja upp með sex mán. fyrirvara. Norð-

menn hafa þannig lýst yfir, að meðan þeir fá hjá okkur fiskveiðafríðindin, fáum við kjöttollsívilnun hjá þeim í staðinn. Þegar okkur þykir ekki lengur kjöttollsívilnunin þess virði, að við viljum láta fiskiveiðahlunnindin á móti, þá getum við losnað við hvort tveggja. Þá hafa Norðmenn ekki lengur nein réttindi hér framyfir aðrar þjóðir, sem síldveiði stunda hér við land. Viðurkenning Norðmanna á því, að við höfum í okkar höndum að gera slíka breyt. þegar okkur bíður svo við að horfa, álít ég, að hafi miklu meira að segja fyrir okkur heldur en þær tilslakanir, sem í samningnum felast Norðmönnum í vil, þó ég viðurkenni, að þær muni vera til hins lakara fyrir okkur. Ég hefi því enga tilhneigingu til þess að vera með hnútukast til þeirra manna, sem að samningunum hafa unnið, né hæstv. stj., sem ábyrgð ber á þeim a. m. k. þangað til Alþingi hefir samþ. þá. Ég held, að það megi fremur þakka þeim fyrir að hafa komið í veg fyrir það, að Norðmenn geti haldið áfram með þegjandi samþykki okkar að vinna sér e. t. v. svo og svo mikla helgi á þau réttindi, sem þeir hafa notið hér að undanförnu. Og þó Norðmenn þykist nú hafa himin höndum tekið með samningnum, eftir því sem fram kemur í norskum blöðum, þá á ég von á, að af þeim renni bráðlega gleðidvalinn, og að þeir rumskist þá við það, að þeir hafa með samningnum gefið játningu eða viðurkenningu, sem e. t. v. verður þeim ekki þýðingarlaus í framtíðinni.

Ég ætla ekki að fara að deila um það, hvaða munur er á þessum samningi, þegar litið er á framkvæmdahliðina, frá því ástandi, sem Norðmenn höfðu hér við að búa áður. Þeim mönnum, sem þrautkunnugir eru síldarútgerðinni, ber ekkert saman um það efni, svo ekki er að búast við, að þeir menn, sem ekki hafa þekkingu á, hvernig þessi mál ganga fyrir sig, geti dæmt um, hverjir hafa rétt fyrir sér. En mér virðist það leiða af sjálfu sér, að ef reynslan sýnir, að af síldveiðum Norðmanna hér í skjóli þess réttar, sem samningurinn veitir þeim, stafar innlendu síldarútgerðinni veruleg hætta, þá sé sjálfsagt að segja samningnum hiklaust upp. Til þess að taka síldveiðahlunnindin af Norðmönnum, þurfum við ekki einu sinni að breyta okkar löggjöf. Við höfum yfirlýsingu Norðmanna, staðfesta af sjálfu Stórþinginu, um það, að hér er aðeins um samningsatriði að ræða, sem báðir aðilar hafa sama rétt til að segja upp, hvenær sem þeim þóknast.

**Jón Auðunn Jónsson:** Mér þykir hlýða að gera með örfáum orðum grein fyrir því, hvers vegna ég mun greiða atkv. á móti þessum samningi.

Mér finnst ekki vera á bætandi þau áhrif, sem deilurnar um efni þessa samnings geta haft, sérstaklega út á við, og að ekki sé vert að halda mjög á lofti þeim hlunnindum, sem við höfum veitt Norðmönnum hér við land, fram yfir það, sem gert var með samningnum 1924. En ég tel þau hlunnindi, sem þeim eru veitt með 3., 4., 5., 7. og 12. gr. samningsins þess eðlis, að þau geti orðið okkur hættuleg í samningum við aðrar þjóðir um fiskiveiðahagsmuni þeirra við Ísland. Að öðru leyti eru þau hlunnindi, sem okkur eru veitt með lækkuðum tolli á nokkrum hluta af því saltkjöti, er við flytjum til Noregs, fjárhagslega séð svo lítil, að réttara og sjálfsagðara hefði verið fyrir þing og stj. að bæta bændum upp þann mismun á tollinum á annan hátt heldur en þann, að gefa Norðmönnum þær undanþágur frá fiskiveiðalöggjöfinni, sem samningurinn veitir þeim. Hv. þm. Borgf. sagði, að þær undanþágur snertu Norðmenn eina. Það er rétt, þetta er svo enn sem komið er, en það þarf enginn að láta sér detta í hug, að aðrar fiskiveiðaþjóðir, sem hafa hér hagsmuna að gæta, fari ekki fram á að fá samskonar hlunnindi, og fari svo, að við verðum neyddir til þess að veita þau hlunnindi til annara þjóða, þá óttast ég, að slíkt kunni að verða til þess að torvelda svo alla landhelgisgæzlu hér, að stórskemmda sé af því von í fiskveiðum landsmanna. Hinsvegar átti ég enga von þess, að sæmilegir samningar næðust við Norðmenn og tek því ekki undir þær ásakanir, sem samninganefndarmenn hafa orðið fyrir. Við höfum svo lítilla hagsmuna að gæta í viðskiptum við þá, að okkur er engin nauðsyn að semja við þá.

Ég skal játa það, að síldarútvegsmönnum hefir ekki farizt stórmannlega í þessu

máli, því þegar þeim var kunnugt efni þessa samnings, hefðu þeir átt að bjóða þær fórnir frá sinni hálfu, sem bætt hefðu bændum upp þá tollívilnun, sem þeir hafa af samningunum, og með því losna við þau óþægindi, sem ég álít, að síldveiðunum geti stafað af þessum samningi. Í stað þessa hafa þeir aðeins mótmælt samningnum. Slíkt tilboð hefði frá hálfu útgerðarmanna styrkt þeirra málstað, sem andstæðir eru samningnum hér á Alþingi. Sú fórn til bænda, sem fyllilega hefði samsvarað því, sem þeir munu vinna með samningunum, tel ég, að orðið hefði síldarútgerðinni margfalt léttbærari heldur en ívilnanir þær, sem Norðmenn fá með samningnum, ef hann verður samþ. og Norðmenn nota sér þá aðstöðu til síldveiða hér við land, sem samningurinn veitir þeim.

Ég ætla mér ekki að fara út í efni samningsins, sem þegar er mikið rætt og að sumu leyti ekki með fullum rökum, eins og oft vill verða í heitum ágreiningsmálum. Ég óttast afleiðingar samningsins fyrir síldarútgerðina og er hræddur um, að hann geti valdið allmiklum skaða, en hér mun reynslan úr skera, þar sem gera má ráð fyrir, að Alþingi samþ. samninginn. Hinsvegar hefði verið nokkrar líkur til, að samningurinn yrði felldur, ef síldarútvegsmenn hefðu frá öndverðu sýnt, að þeir vildu stuðla að því að bæta bændum það tjón, sem þeir hefðu orðið fyrir við fall samningsins.

**Héðinn Valdimarsson:** Áður en þessi samningur fer út úr hv. d., get ég ekki látið vera að tala dálítið nánar um eitt atriði, sem aðeins lauslega hefir verið á minnzt í umr. enn sem komið er, en það er sú aðstaða, sem samningurinn skapar okkur gagnvart öðrum þjóðum en Norðmönnum. Það er auðséð, að hann verkar gagnvart þeim þjóðum, sem hafa beztukjarasamninga hjá okkur, samninga, sem ekki hefir verið sagt upp og ekki hefir verið talað um að segja upp. Í samningnum er gerður greinarmunur á síldveiðiskipum og fiskiskipum. Er það augsýnilega gert af ásettu ráði af Norðmanna hálfu, til þess að þorskveiðaskip þeirra eða önnur fiskiskip njóti margvíslegra réttinda við þá veiði, m. ö. o., að samningurinn nái ekki einu sinni til síldveiða, heldur allra veiða í hafinu umhverfis Ísland, og að Norðmenn geti notað Ísland fyrir bækistöð sína.

Nú hefir þess að vísu verið getið, að þjóðir, sem hafa beztukjarasamninga við Ísland, fái af sjálfu sér öll réttindi Norðmanna samkv. þessum samningi, en lítið hefir það verið skýrt, hversu hættulegt þetta geti orðið atvinnu landsmanna og sjálfstæði landsins að öðru leyti en því, er snýr að Norðmönnum. Það eru fleiri þjóðir en Norðmenn, er stunda síld og þorskveiði. Þeir eru jafnvel í síldveiðum ekki nema aðrir í röðinni. Englendingar stunda síldveiði mest allra þjóða í heimi. Þeir flytja árlega út 1½ millj. tunnur af síld, og þeir selja aðallega á þann markað, sem við erum nú að reyna að vinna í Mið-Evrópulöndunum og teljum beztan framtíðarmarkað. Englendingar selja til Þýzkalands eins 600—700 þús. síldartunnum árlega, en innflutningur Þjóðverja af síld er um ein millj. tunnur. Eitt stærsta síldarsölufirmað í heimi er brezka félagið Blumsfield Overseas. Það selur árlega mikinn hluta brezku síldarinnar til Þýzkalands og annara miðríkja. Það hefir útbú í flestum stærri bæjum í Þýzkalandi, svo sem í Berlín, Altona, Hamborg, Stettin, Danzig, Riga, Libau o. fl. bæjum. Það er auðséð, að þetta firma og önnur slík mundu hafa mikla hagsmuni bundna við sölu Íslandssíldar, sem er farin að keppa við skozku síldina á þýzka markaðnum. Enda er það svo, að Blumsfield Overseas höfðu í fyrrasumar á síldveiðitímanum uppi mann hér og höfðu umboðsmann nyrðra. Keyptu þeir alla íslenzku síldina, er flutt var út til Danzig. Með norska samningnum mundu Englendingar fá sömu réttindi hér um síld sem Norðmenn, og er þá ekkert líklegra en að þeir reyndu vegna markaðarins í Miðríkjunum að fá sér leppa hér til síldverkunar, og síðan sjálfir fara að veiða síldina og selja í land í verksmiðjur og til leppanna til verkunar.

Við England er síldveiði stunduð tvö tímabil á hverju ári, hið fyrra frá miðjum júní þangað til í byrjun ágúst, en hið síðara frá því í október og til áramóta. Veiðina stunda reknetaskip af ýmsum stærðum, en aðallega 60—90 tonna. Það

er auðséð, að á tímabilinu frá byrjun ágúst þangað til í september gætu þeir látið skip sín stunda síldveiði hér við land, ef þeir teldu sig hafa markað fyrir ísl. síld í Mið-Evrópulöndunum eða gætu með því útilokað veiði og síldarsölu Íslendinga þangað. Því er ekkert líklegra en að Bretar nái sér í sömu aðstöðu og Norðmenn til síldveiða hér við land. Er þá ekkert líklegra en að samkeppni þeirra gæti gersamlega eyðilagt hinn efnilega síldarmarkað okkar í Mið-Evrópulöndunum. Með samningunum er því ekki aðeins opnuð leið fyrir Norðmenn til aukinna síldveiða hér við land, heldur einnig fyrir aðrar þjóðir, sem ekki nota móðurskip, svo sem Englendinga, en á sama hátt mætti taka aðrar þjóðir, er síld veiða eða hennar neyta. En svo eru líka í mörgum gr. samningsins ákvæði, er veita þorskveiðiskipum almennt bætta aðstöðu hér við land eins og síldveiðiskipum, og það má fyllilega ætla, að Englendingar reyni að fá þessi fiskiveiðahlunnindi samningsins yfirfærð á sinn veiðiflota í enn víðtækara formi, þegar þeir sjá, að gáttin er alveg opin um síldveiðarnar. Það hefir því með samningi þessum verið gengið út á þá braut að opna fyrir öðrum þjóðum fiskimiðin hér við land og hafnir landsins, í stað þess að reyna að tryggja Íslendingum sjálfum betur en hingað til veiði og markað fram yfir aðrar þjóðir.

Ég geri ráð fyrir, að þessar upplýsingar hafi ekki mikil áhrif á atkv. þeirra þm., sem þegar bundu atkv. sín í þessu máli, og það áður en málið kom til umr., eins og var um flesta þm., tilneydda af stj. En þó er þess vert að láta þessar skoðanir koma fram vegna eftirtímans og þeirra, sem kjósa þm. og ráða, hvort þeir verða endurkosnir.

Þá vil ég út af deilu þeirri, er risið hefir um það, hver afstaða Siglfirðinga sé til þessa máls, þar sem þeir forsrh. og þm. G.-K. upplýstu með miklu sigurhrósi hér í d., að þeirra flokksmenn þar hefðu gert fundarsamþykktir meðmæltar samningunum, skýra frá því, að skipstjórafélagið á Siglufirði safnaði þar almennum undirskriftum með og móti málinu meðal kjósenda, þar sem niðurstaðan varð sú, að 20 menn greiddu atkv. með samningunum en 340 á móti. Þá get ég ekki séð, að mikið sé eftir af Framsóknarmönnum og Sjálfstæðismönnum á Siglufirði, ef þeir eru móti samningunum eins og forsrh. og þm. G.-K. sögðu, að væri.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þær upplýsingar, sem við hv. þm. G.-K. gáfum um fundarályktanirnar frá Siglufirði, eru réttar og skerðast að engu leyti af því skeyti, sem hv. 2. þm. Reykv. getur um, þeirra atkvæða hefir verið leitað í í öðrum hóp kjósenda á Siglufirði. (HV: Það var leitað almennra undirskrifta). Að öðru leyti vil ég taka það fram, að stj. óskar eftir því, að samningurinn verði afgreiddur til Ed. Ef álitið verður, að rétt sé að bíða með endanlega afgreiðslu hans, þá telur stj. réttast, að sú bið verði milli 2. og 3. umr. í Ed.

Um enska samninginn ætla ég ekki að ræða að þessu sinni, en finn ástæðu til þess að taka það fram, að mjög fljótlega mun haldinn leynifundur í Sþ. til þess að ræða samninginn.

**Ólafur Thors:** Ég sé ekki ástæðu til að tefja umr. með því að svara þeim hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Ísf., enda voru ummæli þeirra hógvær og aðhylltust þeir ýms ákvæði samninganna.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að andmæla þeim skýringum og rökum, sem færð hafa verið fram í umr. fyrir því, að hlunnindi þau, er Norðmönnum eru veitt með samningunum, komi einnig til handa öðrum þeim þjóðum, sem við njótum beztukjarasamninga hjá. Það liggur ekkert fyrir um þetta. Ég efast ekki um, að þessar þjóðir haldi því fram, að svo eigi að vera, en það er hinsvegar alveg ástæðulaust fyrir fulltrúa íslenzku þjóðarinnar á Alþingi að fara að slá nokkru föstu um þetta og halda því fram, að þessir samningar séu hliðstæðir beztukjarasamningum meðal annara þjóða. Þessir samningar, sem tryggja Norðmönnum viss mjög lítilfjörleg hlunnindi hér við land, veita Íslendingum mjög verulega ívilnun á tölli fram yfir aðrar þjóðir, hlunnindi, sem aðrar þjóðir gætu ekki veitt okkur. Mér svíður það, að hv. 2. þm. Reykv. skuli halda því fram sem

alveg óbifanlegri vissu, að önnur ríki, sem við höfum beztukjarasamninga við, geti heimtað sér til handa sömu hlunnindi og Norðmenn hafa fengið, vegna þess að hann er einmitt nú að koma af utanríkismálanefndarfundi, þar sem einmitt var um það rætt, hvort þessi skilningur væri réttur á þessu atriði málsins, og margir þeir, sem bezt vit hafa á þeim málum, álíta einmitt, að svo sé eigi, og sé það alveg óviðeigandi, að þessum skilningi sé opinberlega haldið fram hér á landi. Þetta er því fullkomið frumhlaup hjá hv. þm. að rjúka hingað niður á Alþing og láta hér skjalfesta eftir sér þennan skilning, þó þetta sé að vísu ekki nema rétt eftir annari framkomu þessa hv. þm. í þessu máli.

Þá skal ég víkja nokkrum orðum að þeim möguleika eða þeirri hættu, sem á að vera á því, að Bretar taki að stunda síldveiði hér við land. Bretar hafa nú um langan aldur stundað síldveiði við strendur Bretlands, og allan þann tíma hafa þeir haft sömu aðstöðu og nú til þess að stunda síldveiði hér við land, en þeir hafa ekki lagt út á þá braut, því þeir hafa ekki talið sér hag í því, og enn sem komið er hefir engin ný hætta myndazt í þessu efni.

Ég vil víkja aftur að þeirri spurningu, hvort aðrar þjóðir hljóti af sjálfu sér þann rétt, sem Norðmenn fá með samningunum, og taka fram, að enda þótt því sé haldið fram af nokkrum mönnum, að svo sé, þá álít ég það aðeins veilu fyrir málstað okkar Íslendinga, að fleiri bætist í þann hóp, sem fyrirfram lýsa yfir áliti sínu á þessu atriði.

Því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um afstöðu Siglfirðinga til þessa máls, þarf raunar ekki betur að svara en hæstv. forsrh. nú hefir gert. Skeyti það, er hv. þm. las upp, sannar ekki neitt um það, að fregnir frá félögum sjálfstæðismanna og framsóknarmanna séu rangar, fremur en það, að hv. 2. þm. Reykv. greiddi ekki atkv. móti norsku samningunum við 2. umr. hér í hv. d. sannar, að hann sé meðmæltur samningunum. (HV: Ég var ekki viðstaddur). Nei, hann var ekki viðstaddur, og eins mun og hafa verið um þá menn á Siglufirði, sem eru meðmæltir samningunum.

Ég efast ekki um það, að hæstv. forsrh. getur eins og ég skjalfest það, að fundirnir voru báðir einróma fylgjandi samningunum. Í öðru félaginu var samþ. ályktun um það, að samningarnir væru viðunandi, en hitt félagið lét í ljós skilyrðislausa ánægju með þá. Á fundi þeim, er félag sjálfstæðismanna hélt, voru staddir 57 félagar.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég veit ekki, hverskonar hátterni það er, sem þm. G.-K. er farinn að temja sér hér í hv. d. Hann hefir enga ástæðu til að vanda um við mig, því ég hefi ekkert sagt hér af því, sem gerðist á nýafstöðnum fundi utanríkismálanefndar, en hann sjálfur fer svo einmitt að segja frá því, er þar gerðist. Ef það var leyndarmál, þá er það þm. G.-K., sem hefir ljóstað því upp. Það er ekki svo, að neitt nýtt sé í því, að Íslendingar fái aukin réttindi með verzlunarsamningi. Í því er norski samningurinn ekki frábrugðinn öðrum, því allt nema nauðungarsamningar þjóða á milli veita báðum þjóðum nokkur réttindi. Það eina, sem hægt væri að segja um norska samninginn annað en aðra samninga okkar, er það, að hann veitir öðrum margfalt meiri réttindi heldur en okkur og er það óvanalegt.

Áreiðanlegt er, að við getum ekki sagt, að þjóðir, sem veita okkur beztukjara hlunnindi, hafi gert við okkur óhentugri samninga en við höfum gert við Norðmenn, og því engin ástæða til að varna þeim sömu réttinda, ef Norðmenn fengju þau, enda væri það ómögulegt eftir allra venju um beztukjarasamninga (most favoured nation treatment). Ég vil í þessu efni vitna til þess, sem Sveinn Björnsson sendiherra, sem mun hafa öllu betra vit á þessum efnum en þm. G.-K., segir út af samningunum við Norðmenn frá 1924:

„Þegar Íslendingar íhuga tilslakanir um framkvæmd fiskveiðalaganna, er ákaflega nauðsynlegt að beina athyglinni að því, að eins og samningum Íslands við önnur ríki er skipað, njóta öll önnur lönd sjálfkrafa ívilnana, sem veittar eru einhverju landi, enda þótt hitt landið framfylgi ákvæðum, sem strangari eru. T. d. njóta Norðmenn hagsmuna af þriggja mílna takmörkun á íslenzku landhelginni, enda þótt Noregur sjálfur, eftir

því sem frekast er kunnugt, framfylgi gagnvart útlöndum fjögurra mílna takmörkunum".

Ég veit ekki til, að nokkur mótmæli hafi komið fram gegn þessum skilningi, enda mun það alstaðar vera svo, að sú þjóð, sem hefir beztukjarasamninga við aðra þjóð, verður að láta þeirri þjóð í té hvaða vildarkjör, sem hún kann að bjóða öðrum þjóðum, gegn sérstökum fríðindum hjá þeim.

Ég vona nú, að þdm. séu farnir að sjá, hvaða tjón leitt getur af samþykkt samningsins fyrir okkur Íslendinga. Það er að vísu rétt, að Englendingar hafa um nokkurt áraskeið haft sömu möguleika til að stunda hér síldveiðar eins og Norðmenn, en samningurinn hefir bætt þennan möguleika fyrir þeim, með því að veita þeim meiri rétt en þeir hafa áður haft, og það svo, að það eru mikil líkindi til, að Englendingar eða Skotar taki upp síldveiði hér við land og flytji svo þá síld, sem þeir veiða hér og selja leppum sínum í land, til Mið-Evrópulandanna, þangað sem Íslendingar eru nú að reyna að vinna markað fyrir sína eigin síld. Ég er ekki að segja, að það sé víst, að Englendingar geri þetta, en við verðum að miða við það, að svo geti farið, að þeir noti þann rétt, sem þeim er fenginn, og það er ákaflega mikið gáleysi af Íslendingum að samþ. þessi réttindi annara þjóða hér við land í því trausti, að þær noti þau ekki. Það er ekkert líklegra en að þjóðirnar noti sér þessi réttindi, enda sækjast þær þess vegna eftir þeim, og a. m. k. er ekki skynsamlegt að búast við öðru.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég fæ ekki séð, að norski samningurinn snerti neitt enska samninginn. Þau hlunnindi, sem Norðmenn fá með þessum samningi, eru hliðstæð þeim, sem þeir áður hafa haft hér á landi. Hvort samningur þessi er kallaður beztukjarasamningur eða ekki, skiptir vitanlega ekki miklu máli og breytir í engu áhrifum þeirra. En þegar um það er að ræða, hvort ein samningsþjóð muni nota sér þau fríðindi til fulls, er hún fær með samningnum eða ekki, þá á vitanlega að miða við það, hvernig hún hefir notað sér þessi fríðindi áður, og reynslan í þessum efnum hefir orðið sú, að Norðmenn hafa ekki notað þann rétt til fulls, er þeir hafa haft til þess að setja síld á land hér, og Englendingar hafa ekki notað þann rétt á nokkurn hátt. Ég hefi spurzt fyrir um það í Noregi, hvort væri meiri viðbúnaður en áður eða hugur á því að stunda síldveiði hér við land á komanda sumri, og hefi ég fengið þau svör, að það sæust engin merki slíks og bæri ekki á neinum ráðstöfunum, er bentu til þess, að svo mundi verða. Að vísu er undirbúningurinn fyrir síldveiði á næsta sumri ekki kominn í fullan gang enn, en þó svo, að allmikið má þegar marka af honum, hversu mikið þessi veiði muni stunduð af Norðmönnum á komandi sumri hér við land. (HV: Hvernig er með þriggja króna verðfallið á síldinni?). Það sýnir ekkert. Það eitt getur verið nægileg ástæða í því efni, að Þjóðverjar hafa nýlega hækkað innflutningstoll á síld úr 3 upp í 9 ríkismörk á tn. Annars er það nú svo á þessum síðustu og verstu tímum, að allmiklar verðbreyt. eiga sér stað, án þess að nokkrir samningar fari fram.

Það eru allar líkur til þess, að Norðmenn noti réttindi sín á líkan hátt og áður, en ef svo fer, að það verði eitthvað meira, þá verður það til þess að auka atvinnu ísl. síldarfólksins og verzlun ísl. síldarkaupenda. Á hinn bóginn vinnum við það að losna við kjötið, sem við annars yrðum í miklum vandræðum með. Ég fæ ekki séð, hvernig Englendingar eiga að fara að því að losa okkur við 6—13 þús. tunnur af saltkjöti á ári. Hinsvegar er, eins og allir vita, ógerningur fyrir bændur í hinum strjálu byggðum landsins að koma öllu kjötinu í frystingu. Samningurinn gerir það að verkum, að okkar kjöt verður 50% meira virði í Noregi en annað innflutt kjöt þar í landi. Þess vegna eru þeir okkur í raun og veru meira virði en sem svarar verði þessara 6—13 þús. tunna, því að sú lokun, sem Norðmenn halda uppi, sú girðing, sem þeir setja kringum innlendan kjötmarkað, er þess valdandi, að okkar kjöt þangað komið er selt 50% hærra en í nágrannalöndunum. Kjöt, sem selt er til Danmerkur, er um 50% lægra en í Noregi. Það hefir að vísu

verið reynt að telja mönnum trú um, að þessi norski markaður væri lítils eða einskis virði, því Norðmenn mundu ekki kaupa nema lítinn part af því kjöti, sem á markaðinn kemur. Það, sem út hefir verið flutt í ár til Noregs, er allt selt, og það mundi vera hægt að selja miklu meira, ef nokkurt saltkjöt væri til. En það var af sérstökum ástæðum í haust, sem menn söltuðu ekki meira en þetta. Það mun kannske hafa verið fryst of mikið, en saltað of lítið. Þetta getur vitanlega komið fyrir, en það er náttúrlega til leiðbeiningar á næstu árum. En það var nú svo í haust, að kjötverðið var svo lágt, að bændur vildu slátra sem minnstu, og það verða vitanlega ekki tekin ráð af mönnum í slíkum efnum.

Þessi hlunnindi í Noregi eru svo mikils virði, að tvímælalaust á að samþ. samninginn.

Í samningagerðinni við Englendinga ættum við að standa saman um það, að tala ekki of mikið um það í opinberum umr., hvernig hver lítur á einstök atriði fyrr en að endanlegum úrslitum kemur. Meðan okkar menn og Englendingar eiga eftir ótalað og eru ekki búnir að ganga frá samningnum, þá eiga menn að hafa sem minnstar opinberar umr. um hann.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði í sambandi við hættuna, sem kynni að vera á því, að Englendingar eða Skotar kæmu hingað til síldveiða, þá get ég frætt hann um það, að þeir hafa einu sinni reynt það, en gáfust upp, og þó var það á þeim árum, sem allt var opið og þeir gátu athafnað sig á íslenzkum höfnum eins og íslenzkir borgarar. Þetta er því ekki nema viðbára, sem hv. þm. hefir fundið upp til þess að gera samningana óvinsæla, eins og flest annað, sem hann hefir teflt fram gegn þeim. Ég get gjarnan játað það, að þegar við vorum að semja við Norðmenn var alltaf í öllum atriðum höfð alveg full hliðsjón af þeim möguleikum, að það, sem Norðmenn fengju í þessu efni, fengju aðrar þjóðir líka, og ég get líka sagt það, að ég er sannfærður um það, að okkur stafar ekki minnsta hætta af því, þó Englendingar fengju þessi fríðindi, en þrátt fyrir það er engin ástæða fyrir okkur fyrirfram að hampa því, að þeir séu búnir að öðlast þau með því að norski samningurinn sé gerður. Við getum haft gagn af því að láta þá vera í óvissunni um það. Það er ástæða til, að það geti a. m. k. ríkt tvennskonar skilningur í þessu efni. Hv. 2. þm. Reykv. hefir ekki vit á því, og ég játa, að ég hefi lítið vit á því. En hv. þm. hefir nú í dag hlustað á umsögn þess manns, sem hér hefir bezta sérþekkingu á þessum efnum, fulltrúans í utanríkismálaráðuneytinu, Stefáns Þorvarðssonar, sem hefir kynnt sér þetta mál um langt árabil. Þessi fulltrúi sagði hv. þm. frá því, að Bandaríkjamenn héldu því fram, að slíkur samningur eins og norsku samningarnir gæfu ekki beztukjaraþjóð þau réttindi, sem þar um ræddi. Englendingar halda hinsvegar því gagnstæða fram, en þeir virðast nú hafa vikið frá þeirri skoðun sinni með Ottawasamningnum, þar sem þeir gefa vissum þjóðum réttindi, sem beztukjaraþjóðir fá ekki að njóta. Það er því hin mesta frekja og ábyrgðarleysi af þessum hv. þm., þegar búið er að reyna að mennta hann og gefa honum þessar gagnlegu upplýsingar, að hann skuli þá hér á þingi fullyrða, að í þessu efni geti einungis einn skilningur ríkt, sá, sem okkur er óhagstæður. Þetta er allt á eina bókina lært. Hv. þm. álítur sér flokkslegan hagnað í því að fara hér með rangt mál og vílar jafnvel ekki fyrir sér að vega að hagsmunum þjóðarinnar, hvar sem hann fær því við komið.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég hefi ekki mikinn tíma til þess að fara út í kjötmarkaðinn, sem hæstv. forsrh. var að tala um, en ég vil geta þess út af tunnufjöldanum, sem hefir selzt í Noregi, að það er engin trygging fyrir því, þó nú hafi kannske selzt 7500 tn., að svo verði áfram, og þennan tunnufjölda er vel hægt að selja hér á landi, ef verkafólk og sjómenn hefðu skárri kjör. Til þess þarf kjötnotkun innanlands ekki að vaxa nema um fimmtung, en með þeim bágu kjörum, sem verkalýðurinn lifir nú við, er mikill fjöldi hans, sem ekki bragðar kjöt nema á mestu hátíðisdögum.

Þá var hæstv. forsrh. að tala um það, hvað kjötmarkaðurinn norski væri góð-

ur, en bændunum finnst hann nú svo lélegur, að þeir segjast ekki geta haldið við búum sínum með því kjötverði. Ísl. markaðurinn er beztur eftir því verði, sem kjöt selst hér. Mér er ekki vitanlegt, að stj. hafi á neinn hátt leitazt við að fá markað fyrir íslenzkt kjöt fyrir utan tilraunina, sem hún hefir gert við Englendinga. Mér er kunnugt um það, að danska stj. myndi taka það a. m. k. til vandlegrar yfirvegunar, hvort hún ætti ekki að kaupa íslenzkt kjöt handa opinberum stofnunum, ef óskað væri eftir því. Ég ætla ekki að fara út í mannjöfnuð við hv. þm. G.-K., en vil aðeins skýra frá því, að það væri ekki undarlegt, þó ég vissi meira en hann í þessum efnum, þar sem þau heyra að nokkru leyti undir mitt nám. Mér er ekki vitanlegt, að hv. þm. hafi verið við slíkt nám, og það sýnir sig bezt á samningagerðinni, hversu lítið vit hann hefir á þeim hlutum í reyndinni. En án þess að fara sérstaklega út í það, þá hygg ég, að hv. þm. reki sig á það einfalda atriði, að beztukjarasamningar eru það, að þjóðir, sem hafa þá, hljóta að njóta beztu kjara, sem hlutaðeigandi þjóð býður. Hvað viðvíkur Ottawasamningnum, þá er það svo, að Englendingar eru að búa til nýja teg. af samningum. Þeir láta nýlendur sínar njóta beztukjara, en aðrar þjóðir ekki. **(ÓTh:** Ég hefi ekkert fullyrt um það, hvort beztukjaraþjóðir njóti þessa samnings eða ekki). Það er bezt að taka hlutinn eins og hann er og skýra frá því, að þessi samningur getur líka gilt fyrir aðrar þjóðir, sem njóta beztu kjara, nema sagt sé upp öllum verzlunar og siglingasamningum.

Hv. þm. G.-K. veit það, að við ætlum einmitt að varna því, að aðrar þjóðir fái þennan rétt með því að greiða atkv. móti þessu frv., og hv. þm. ætti að hugsa vel um það, að hér er ekki einungis um réttindi Norðmanna að ræða, heldur allra þjóða, sem njóta hér beztu kjara. Því hér er um almenna opnun hafs og hafna að ræða fyrir þjóðir, sem slíka samninga vilja nota sér.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. virtist ekki vorkenna okkur hér heima að eta allt það kjöt sjálfir, sem á að fara til Noregs. Ég segi fyrir mig, að ég get ekki borðað meira kjöt en ég geri nú, og ég hugsa, að svo sé um fleiri, jafnvel um hv. þm. sjálfan. Það má vera, að eitthvað sé hægt að efla markaðinn frá því, sem nú er, en kjöt er það dýr vara, enda þótt bændur fái ekki mikið fyrir hana, að ég hygg, að ekki vinnist mikið á í því efni hér innanlands. En kjötmarkaðurinn og það, hvaða verð er hægt að fá fyrir kjötið, er eitt stærsta launaspursmálið í landinu, sem fjallar um laun allrar bændastéttarinnar. Það eru 44% af landsmönnum, sem eiga launakjör sín undir þessu. Og þó að kjötverðið sé bezt innanlands, þá er það ekki betra en það, að á síðasta hausti kostaði 1 pund ekki meira en 25—30 aur. á sama tíma sem tímakaup verkamanna hér í Rvík var 1.36 kr. Það er gamalla manna mál, að þá væri verðlag í jafnvægi, þegar kjötpundið kostaði jafnmikið og fengist fyrir eins tíma vinnu. Af þessu getur maður séð, hversu höllum fæti bændastéttin stendur nú. Það þarf ekki annan samanburð en þennan til að sjá hversu stórt þetta mál er, að halda bezta kjötmarkaðinum, sem við höfum völ á. Þetta er ekki lítið launaspursmál, þótt það séu bændur, sem í hlut eiga.

Hv. þm. ákærði stj. fyrir að hafa ekki leitað fyrir sér um kjötmarkað og nefndi Danmörku, sem líklega fyrir einhverja möguleika. Má vera, að hann hafi þetta frá mér, því stj. athugaði einmitt um möguleika til að selja meira kjöt í Danmörku. Og einmitt um það leyti, sem sagt var upp verzlunar- og siglingasamningum við Norðmenn, átti ég tal við forsrh. Dana, og hann lofaði að taka málið til athugunar, því danska stj. þarf að kaupa mikið af kjöti handa sjúkrahúsum, fangelsum og fleirum opinberum stofnunum. Síðan átti ég fund í haust með forsrh. og verzlunarmrh. Dana um þetta sama efni. Þá höfðu þeir athugað málið og töldu nú enga möguleika til að kaupa kjöt frá Íslandi, og ég minnist þess, að verzlunarmrh. sagði, að þegar þeir gætu keypt kjöt í sínu landi fyrir 5 aur. pundið, þá gætu þeir ekki keypt af okkur fyrir margfalt hærra verð.

Þessi 5 aur. markaður er nú heldur ekki neitt himnaríki fyrir íslenzka bændastétt. Ég nefni þetta nú að gefnu tilefni, en ég

hefi ekki getið áður um þessa misheppnuðu tilraun til að selja ísl. kjöt. Þetta er eitt af mörgu, sem sýnir, að við megum sízt sleppa þeim möguleikum, sem við eigum kost á.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Mér þótti einkar athyglisverður sá samanburður, sem hæstv. forsrh. gerði á kjötverði síðasta árs og launum verkamanna. Hann sagði, að það hefði verið talið, að kjötverð og tímakaup verkamanna ætti að standast á, og mér skildist hann telja það góða reglu, eða a. m. k. reglu, sem vert væri að athuga. Ég get ekki skilið, hvað hann hefir meint með þessum samanburði, ef hann álítur þetta ekki góða og gamla reglu, sem rétt væri að athuga, hvort ekki væri vert að taka upp aftur. Hæstv. forsrh. upplýsti nú það, að kjötverð síðasta árs hafi verið 25—30 aur. pundið. Og samkv. því ætti kaup verkamanna að vera 25—30 aur. um tímann. (BSt: Nei, kjötpundið kr. 1.36). Það var vel gert af hv. þm. að hlaupa undir bagga, en ég er nú jafnnær þrátt fyrir þetta. Ég sé ekki, að það, sem hæstv. stj. leggur til í þessum efnum, bendi neitt í þá átt, að kjötverðið fari nokkuð nálægt þessu. Mér þykir rétt úr því að hæstv. ráðh. var að gera þennan samanburð á launakjörum bænda, eins og hann orðaði það, að drepa á til samanburðar upphæðir, sem eru laun þeirra manna, sem síldveiðar stunda, og enginn neitar, að atvinnurekstri þeirra er nokkur hætta búin með samningnum, þótt menn greini á um það, hversu stórfengleg þessi hætta sé. Eftir því, sem ég veit bezt, þá munu síldveiðar síðasta árs hafa numið nálægt þessu: að saltað hafi verið 250 þús. tunnur, og má gera ráð fyrir 6—7 kr. meðalverði á tunnu. Þetta gerir 1750 þús. kr. Í bræðslu voru seld 600 þús. mál á 3 kr., sem gerir um 1800 þús. kr. Þetta er samtals 3550000 kr. Sé gert ráð fyrir, að fullur ⅓ fari til skipshafnar, þá hafa þeir, sem síldveiðar hafa stundað fengið fyrir vinnu sína kr. 1200000.00. En verð þess kjöts, sem selt var til Noregs, — innan við 7 þús. tunnur, með ekki nema 25 kr. tolli á tunnu, ef endurgreiðsla fæst, er því áreiðanlega ekki meira en 400 þús. kr. Allt það kjöt, sem selt var til Noregs, nemur því ekki nema tæpum ⅓ af því, sem meta má aflahlut þeirra manna, sem við síldveiðar fást. Úr Rvík og Hafnarfirði gengu á síðasta sumri 4 togarar og 12 línuveiðarar, sem stunduðu saltsíldveiðar og lögðu lítilsháttar upp til bræðslu að auki. Á þessum 16 skipum voru 305 menn. Tekjur þeirra af þessari veiði námu um 250 þús. kr. Auk þess gengu 7 togarar úr Rvík til bræðslusíldveiða og munu hafa verið á þeim um 180 menn og þeirra tekjur hafa orðið um 160 þús. kr. Nú er vitað, að svo að segja allir sjómenn eru andvígir samningnum. Það munu vera komin um 2 þús. mótmæli gegn honum og fjöldi er á leiðinni. Útgerðarmenn hafa margir hverjir sagt, að þeir treysti sér ekki til að gera út á síld í sumar, ef samningurinn verði samþ. Þetta hafa flestallir eigendur þeirra 16 skipa, sem gengu úr Rvík og Hafnarfirði, sem ég hefi átt tal við, sagt. Ég hygg, að ef samanburður er gerður á þessu tvennu, á launakjörum bænda í sambandi við sölu á kjöti og launakjörum sjómanna í sambandi við síldveiðar, þá sé a. m. k. ekki of mælt, að full ástæða sé til þess að líta ekki minna á hagsmuni manna, sem við síldveiðar fást, því þar er um meira verðmæti að ræða.

Ég skal ekki lengja mjög þessar umr., en ég get þó ekki látið hjá líða að benda á tvennt í sambandi við umr. og meðferð þessa máls. Annað er það, sem hefir komið fram bæði í ræðu hæstv. forsrh. og hv. þm. G.-K., að það sé hættulaust að veita þessi fríðindi, vegna þess að þau fríðindi, sem áður hafa verið veitt, hafi ekki verið notuð til fulls. Mér blöskrar, að slíkar ástæður skuli bornar hér fram á Alþingi. Þegar um samninga er að ræða, verður hver samningaaðilinn um sig að ganga út frá, að þau réttindi, sem látin eru í té, verði notuð, og er enginn vafi á því, að sótzt er eftir þessum réttindum einmitt af því, að hinn aðilinn hyggst að nota þau. Þau 4 ár, sem síldareinkasalan starfaði, voru Norðmenn útilokaðir frá því að nota þessi fríðindi, en nú er opnað aftur, og er ekki hægt að setja samskonar loku fyrir nema með því að segja samningunum upp.

Loks vil ég geta þess, að mér finnst málið sótt af óeðlilega miklu kappi af hæstv. stj., og hefir því verið lýst yfir af

hæstv. forsrh., að stj. mundi leggja líf sitt við, að málið nái fram að ganga. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta næstum því ósæmilegt gagnvart þinginu. Það hefði verið sæmilegra fyrir stj. og samninganefndarmennina, að málið hefði verið lagt þannig fyrir þingið, að þeir hefðu sagt sem svo, að þeir hefðu ekki getað fengið betra tilboð en hér er um að ræða, og Alþingi verði að skera úr því þvingunarlaust, án þess að stj. sem slík leggi annað eins við og hér er gert, hvort það vilji hafna þessum samn. eða samþ. hann.

Eins og ég hefi áður sagt í umr. um þetta mál, þá tel ég ekki nokkurn minnsta vafa á því, að verði þessum samningi hafnað, þá muni Norðmenn fljótt taka upp samninga á ný, samninga, sem áreiðanlega verða hagfelldari en þessir, sem hér er um að ræða. Og sérstaklega finnst mér þessi hraði, sem stj. vill hafa á málinu, óskiljanlegur, þegar þess er gætt, að það standa fyrir dyrum samningar við Englendinga, þjóð, sem við eigum miklu meira undir að ná góðum samningum við en Norðmenn, og sem áreiðanlega heimta það fyllsta, sem Norðmenn fá fyrir síldveiðaskip og fiskiskip og sennilega, þar sem við eigum meira í hættu í Englandi, meiri fríðindi fyrir sinn flota en Norðmenn fá, jafnvel eftir þessum samningi. Ég segi það hispurslaust, að ég vildi ekki standa í sporum hæstv. forsrh. og samninganefndarmannanna, sem eiga að semja við Englendinga, þegar þingið er búið að leggja samþykki sitt á þennan samning.

Í þessari hv. d. hefir verið lagt fram frv. í sambandi við þetta mál, um toll á fiski og síld, sem er seld í land. Mér hefði fundizt réttara, að sjútvn. hefði athugað það áður en málið er rekið í gegnum d. Í Ed. hefir einnig verið borið fram frv. um sérstaka ráðstöfun gagnvart þeim þjóðum, sem Íslendingar eftir gildandi verzlunar- og siglingasamningum ekki njóta beztu kjara hjá. Mér finnst sjálfsagt að taka það mál einnig til athugunar í sambandi við samninginn. En að ætla sér að hraða afgreiðslu málsins svo, að leggja svo mikið kapp á það eins og hæstv. stj. gerir, finnst mér á allan hátt mjög leiðinlegt, að ég ekki segi ósæmilegt í jafnþýðingarmiklu máli og þessu.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég vil afbiðja allar skýringar hv. þm. Seyðf. á orðum mínum um tímakaup og kjötverð. Hv. þm. fór alveg rangt með samanburð í því efni. Ég var að tala um það, hvað örðugt bændur ættu, og þeir, sem hugsa um erfiðleika vinnandi fólks í landinu, ættu líka að líta á þessa erfiðleika. Ég minntist ekki á neina kauplækkun. Eins og gripið var fram í fyrir hv. þm., mátti helzt ráða það úr orðum mínum, að ég teldi bændur þurfa að fá kr. 1.36 fyrir kjötpundið. Nú kann að vera, að þessi gamla regla hafi raskazt eitthvað, svo að hún eigi ekki við nú. En það var mál verkamanna hér í Rvík um aldamótin, að þeir væru ánægðir með það tímakaup, sem þeir gátu keypt eitt pund af kjöti fyrir. Og þetta leggur hv. þm. svo út, sem ég sé að gera kröfu til þess, að kaup verkamanna í Rvík lækki niður í 25 aur.! Þetta er sambærilegt við þau önnur rök, sem hv. þm. hefir flutt í þessu máli, og er það bara eitt atriði af mörgum, sem hann fer blátt áfram rangt með. Hv. þm. sagði, að ég hefði gleymt að benda á ráðstafanir til þess að koma kjötpundinu upp í 1,36 kr. Ég man ekki betur en að hv. þm. gleymdi því líka. En það rétta mun vera, að þarna sé ekki bara um gleymsku að ræða hjá okkur. Hvorugur okkar kann óbrigðult ráð til þess. En eitt af ráðunum er að samþ. þennan samning, og það er eitt af þeim fáu ráðum, sem okkur standa til boða. Hér er um það að ræða, hvort Alþ. vill hverfa að þessu ráði. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að vera að koma með útreikninga um kaup sjómanna og annað slíkt sem vopn gegn samþ. þessara samninga. Þessir menn missa ekki neitt í við atvinnu, þó að samningarnir komist á. Hv. þm. G.-K. hefir flutt hér í d. góða og nákvæma útreikninga á því, hvað mikils virði af bræðslusíld gæti lokazt markaður fyrir í mesta lagi, ef samningarnir verða samþ., og er það ekki mikið. En það er langt frá því, að ríkisvaldinu sé sama um síldarútveginn, og sést það bezt á því, að nú þegar hafa miklar ráðstafanir verið gerðar af því opinbera til þess að koma fótum undir þessa atvinnugrein, án þess að hugsað væri um að ná fé þaðan handa bændum. Ég vil t. d. benda á ríkisverk-

smiðjuna á Siglufirði, og nú er komin fram í þinginu till. um að auka síldarbræðslu ríkisins. Ég get auðvitað ekki sagt um afgreiðslu hennar, en hún mun verða athuguð af þingi og stj. með mestu velvild. Þegar þessa velvilja þings og stj. í garð síldveiðanna er gætt, er hart, ef á að loka fyrir litla sölumöguleika fyrir kjöt íslenzkra bænda, þó að síldarútvegurinn þurfi að gefa smávegis tilslakanir.

Hv. þm. sagði, að stj. og meðmælendur samningsins flyttu nú tómar varnir og afsakanir, og sér blöskraði, hvílíkt kapp stj. legði á þetta mál. Það er rétt, að við höldum uppi vörnum, en engum afsökunum. Og það eina blöskranlega í þessu máli er kapp það, sem hv. þm. og samherjar hans hafa lagt á það, að koma þessum samningi fyrir kattarnef. Þeir víla ekki fyrir sér að vera með stórorðar fullyrðingar á þá leið, að ekki þurfi annað en að neita að samþ. þennan samning, og þá muni Norðmenn koma þjótandi og bjóða betri kjör. Allir, sem nokkuð hafa komið nálægt þessum samningum, vita, hvað slíkt er fjarstætt, — þessi samningur inniheldur þau beztu kjör, sem fáanleg voru. (HG: Beztu kjör, sem buðust!) Norðmenn mátu ekki veiðiréttindi sín hér við land meira en svo, að þeir voru mjög tregir til samninga síðastl. vor.

Hv. þm. sagðist ekki vilja standa í mínum sporum, þegar farið væri að semja við Englendinga. Ég tek undir það, að enginn er öfundsverður af því að standa í slíkum samningum. Þeir eru alltaf erfiðir, hv. þm. þekkir það af kaupdeilum og öðru slíku. En þegar það bætist við erfiðleika þá, sem alltaf eru á millirikjasamningum, að eigin landsmenn gera allt miklu erfiðara fyrir en þarf að vera, þá er samningsstarfið sannarlega ekki öfundsvert. Hv. þm. getur að minum dómi bætt fyrir framkomu sína í þessu máli með því að bæta yfirleitt sitt samningasiðferði. Það er óskráð regla, að draga ekki flokkspólitík inn í utanríkismál, nema það allra minnsta. Þegar um slík mál er að ræða, standa flestar siðaðar þjóðir sem einn maður, og láta flokkadráttinn falla niður.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að ekki bæri að skilja orð hans í fyrri ræðunni þannig, að kaup verkamanna ætti að lækka, og þykir mér það góð yfirlýsing. Hinsvegar kom hann nú með aðra fullyrðingu viðvíkjandi þessu launaspursmáli. Hann sagði nefnilega, að verkamenn hér í Rvík um aldamótin hefðu verið ánægðir með það tímakaup, sem hægt var að kaupa pund af kjöti fyrir. Ég er því ekki vel kunnugur, hvernig hagur reykvíska verkamanna var um aldamótin. En mér er nær að halda, að þeir hafi ekki verið svo harðánægðir með þetta kaup og hæstv. forsrh. vill vera láta, þótt þeir hafi orðið að sætta sig við það.

Hæstv. ráðh. benti réttilega á það, að Alþ. hefir gert talsvert til styrktar síldarútveginum. Því hefi ég aldrei neitað. Það var hans flokkur ásamt Alþýðuflokknum, sem kom á stofn ríkisverksmiðjunni á Siglufirði. En það er algerður misskilningur af hæstv. forsrh., ef hann heldur, að með því hafi hann og flokkur hans keypt sér eilífa syndakvittun, sem bægi frá honum öllum árásum og aðfinnslum.

Þá fullyrðir hæstv. forsrh., að norski samningurinn dragi ekki úr atvinnumöguleikum manna í sumar. Og þó stendur í grg., að verði samningurinn samþ., lokist markaður fyrir svo sem 50—60 þús. kr. virði af bræðslusíld árlega. Þetta segir hæstv. forsrh. sjálfur í grg. Ætlar hann nú að fara að lýsa sig ósannindamann að þessu? Og svo vitnar hann í hv. þm. G.-K. eins og bibliuna máli sínu til stuðnings, og ber hann fyrir því, að samþ. samningsins dragi ekkert úr atvinnumöguleikum fyrir þá sjómenn, sem stundað hafa síldveiði. Ég hélt, að mig og hæstv. ráðh. greindi ekki á um það, að þarna væri um atvinnuspjöll að ræða, heldur hitt, um hve mikil atvinnuspjöll þarna væri að tala. Ég hefi ekki heyrt því haldið fram áður, að hér yrðu engin atvinnuspjöll af ívilnunum þeim, sem Norðmönnum eru veittar í þessum samningi. Hæstv. ráðh. hefir hingað til haldið því fram, að þarna væri um minni atvinnuspjöll að ræða en ég hefi álitið, og um það er ágreiningurinn okkar á milli.

Hæstv. ráðh. brá mér um vanþekkingu og fullyrðingar í sambandi við þetta mál. Slíkt gæti ég auðvitað alveg eins sagt um hann, ef ég vildi nota slík baráttumeðöl.

En ég hefi áður bent á skýr rök fyrir því, að Norðmenn leggi mikið kapp á það að ná samningum við okkur og mundu vafalaust bjóða nýjar samningsumleitanir, ef þessum samningi yrði hafnað. Ég hefi bent á rök í þessu máli, og ef það eru fullyrðingar, þá er það fullyrðing hjá hæstv. forsrh., að þessir samningar feli í sér þau beztu fáanlegu tilboð frá Norðmanna hálfu. Ég held, að ekkert hafi á það reynt. Þó að þetta séu beztu kjör, sem Norðmenn hafa boðið, þá er það engin sönnun fyrir því, að það séu beztu fáanleg kjör. Norðmenn hafa aldrei orðið varir við nokkrar mótráðstafanir frá okkar hálfu. Þeir tryggðu sér fullan rétt hér sumarið 1932, án þess að láta nokkuð á móti. Ef það er einhver, sem fer hér með fullyrðingar, þá er það hæstv. forsrh., en ekki ég.

Hæstv. forsrh. segir það rétt hjá mér, að erfitt sé að semja við erlendar þjóðir. Ég var ekki að tala um samninga almennt, heldur sagði ég, að erfitt mundi að semja við Englendinga, eftir að búið er að samþ. þennan norska samning, og erfiðara en ef þeir norsku hefðu verið ógerðir.

Og hæstv. ráðh. bætti því við, að samningar yrðu örðugastir, þegar eigin landsmenn gerðu allt sem erfiðast fyrir með ofsa og mótþróa. Ég játa það ekki, að ég hafi sýnt nokkurn ofsa í þessu máli, en mér þykja þessi ummæli hæstv. ráðh. allskrítin. Ég geri ráð fyrir því, að ég hafi leyfi til þess að skapa mér mína eigin skoðun í þessu máli sem öðrum, og sé svo með þeim eða móti eftir málavöxtum. Og hæstv. forsrh. getur þó ekki ætlazt til þess, að ég sitji þegjandi, bara til þess að létta honum samninga, sem ég er sannfærður um, að verði þjóð okkar til óheilla. Þegar svo stendur á, álít ég það skyldu mína sem þm. að sporna við framgangi málsins eftir mætti. Hæstv. ráðh. hefir því enga ástæðu til þess að gefa mér ofanígjöf fyrir það, að vera á móti samningnum, en það hefði verið ámælisvert, hefði ég verið á móti samningnum og þagað.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Hv. þm. Seyðf. sagði, að hæstv. forsrh. vitnaði í mig í þessu máli og teldi það óyggjandi. Ég vona, að hæstv. forsrh. sé þetta óhætt og hv. þm. Seyðf. hefði átt að nota sér betur þær upplýsingar, sem ég hefi gefið í þessu máli; hann hefði þá komizt hjá því að gera sig svo beran að vanþekkingu og framhleypni sem nú er orðið. En ég skal samt skýra þetta atriði, sem hæstv. forsrh. minntist á, nokkru nánar.

Með samningnum 1924 öðlaðist Krossanesverksmiðjan rétt til þess að fullnægja allri sinni notaþörf með kaupum af erlendum skipum. En íslenzka stj. hefir gengið á þennan rétt verksmiðjunnar. Og hv. þm. Seyðf. veit það, að strax þegar samningar hófust við Norðmenn nú, þá héldu Norðmenn því fram, að framkoman við Krossanesverksmiðjuna væri samningssvik af Íslendinga hálfu. Þessi skoðun Norðmanna er rétt. Samningurinn 1924 veitti Krossanesverksmiðjunni ótakmarkaða heimild til þess að kaupa af erlendum skipum. Samningurinn segir, að viðvíkjandi þessu eigi sömu ákvæði að gilda framvegis og verið hafi á árunum 1922--1924, en það, sem gilti á þessum árum var, að Krossanesverksmiðjan hafði ótakmarkaða heimild til þess að fullnægja allri sinni notaþörf með kaupum af erlendum skipum. Og þegar sætzt er á 60% í stað 100%, sem hún hafði heimild til, þá er það réttarskerðing. Það er því laukrétt, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta efni.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég vil minna hv. þm. Seyðf. á það, að hafi einhver vanrækt að gera mótráðstafanir gegn Norðmönnum, þá er það síðasta Alþ. Stj. hefir ekki haft annað til þess að byggja á en þingviljann um að endurreisa samninginn frá 1924. Allt það, sem gerzt hefir í málinu síðan á síðasta þingi, er bein afleiðing af meðferð þess á því. Stj. mátti vita, að sá aðiljinn, sem segir upp samningnum, gerir ekki svo samninga af nýju, að hann tapi á þeim. En mér þykir undarlegt það ofurkapp, sem sumir hv. þm. leggja nú í það að fá samninginn felldan, ef borið er saman við meðferð þessa máls á síðasta þingi og í utanríkismálan.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Mér fannst hv. þm. G.-K. vera talsvert utan

við efnið í síðustu ræðu sinni. En svo að við séum ekki að rífast okkar á milli, skal ég vitna í mann, sem hann og hæstv. forsrh. munu báðir virða mikils og taka tölurvert mark á. Í grg., sem fylgir samningnum, segir svo:

„Noti verksmiðjan heimildina til fulls, er með því dregið úr sölumöguleikum íslenzkra síldveiðiskipa, en þó eigi svo verulegu máli skipti, og eigi meir en svo, að sé miðað við verðlag síðasta árs, lokast markaður fyrir svo sem 50—60 þús. króna virði af bræðslusíld árlega". (**ÓTh:** Vill ekki hv. þm. lesa áfram!). Jú, það er ekkert á móti því. „Í þessu sambandi þykir rétt að geta þess, að meðan heimild Krossanesverksmiðjunnar var ótakmörkuð til að fullnægja allri notaþörf sinni með kaupum af erlendum skipum, höfðu Íslendingar ekki umráð yfir neinum bræðslustöðvum og áttu því eigi í önnur hús að venda um aflasölu til bræðslu. Nú er sú breyting á orðin, að Íslendingar ráða yfir 3 stórum verksmiðjum".

En þetta breytir í engu því, sem áður er sagt, að dregið er úr sölumöguleikum fyrir bræðslusíld, svo sem 50—60 þús. kr. virði árlega. (**ÓTh:** Hv. þm. fer óráðvandlega með, hann sleppir úr þessum upplestri). Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það á eftir, hverju ég hefi sleppt úr þessum upplestri.

Þá sagði hv. þm., að Norðmenn hefðu haldið því fram, að Íslendingar hafi brotið lög á Krossanesverksmiðjunni. Hv. þm. sagðist að vísu hafa verið afarstífur á móti þessu niðri í Oslo, en nú segir hann, að bak við þessa ásökun liggi óyggjandi rök. Ég veit ekki, hvað hv. þm. er vel með sjálfum sér, þegar hann er að semja niðri í Oslo, en hann hefði þó átt að vera klár á því, að hann var ekki á neinn hátt bundinn af samningnum frá 1924, þar sem búið var að segja þeim samningi upp. Og mér sýnist svo sem Norðmenn hafi ekki verið neitt feimnir við það að krefjast réttar síns, hvorki fyrr né síðar. Og ólíklegt þykir mér, að þeir hefðu látið það kyrrt liggja, að Íslendingar brytu ótvírætt á þeim gerða samninga. Ég verð því að leyfa mér að draga mjög í efa réttmæti skoðana hv. þm. í þessu efni. Ég þykist þá hafa gert hreint fyrir mínum dyrum, með því að leiða sem vitni í máli mínu hæstv. forsrh. sjálfan, höfund grg., og sé ég ekki, hvernig hann og félagi hans, hv. þm. G.-K. geta þar á móti mælt, án þess að verða illilega tvísaga.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég greip fram í ræðu hv. þm. Seyðf. og vakti með því hringjaratilhneigingar hæstv. forseta. Ég sagði, að hv. þm. færi óráðvandlega með og skal ég nú sýna fram á, að það var ekki sagt út í bláinn. Hann sleppti nefnilega þeim setningum úr grg., sem mestu máli skipta um það atriði, sem hér hefir aðallega verið deilt um. Ég vil því leyfa mér að lesa þær upp:

„Samkvæmt samningnum frá 1924 hafði Krossanesverksmiðjan ótakmarkaða heimild til að kaupa afla af erlendum skipum. Eftir 1924 höfðu íslenzk stjórnarvöld þó smátt og smátt þrengt að verksmiðjunni, og var svo komið, að verksmiðjan fékk ekki að kaupa nema 40% af notaþörf sinni af erlendum skipum á síðastl. sumri. Norðmenn héldu því fram, að þetta væri samningsrof, en af Íslands hálfu þótti rétt að hækka heimildina upp í 60% til samkomulags". Hv. þm. ávítti það, að ég skyldi ekki hafa verið óðfús til að játa það, þegar ég var að semja í Oslo, að Íslendingar hefðu brotið l. á Norðmönnum. Þetta finnst mér, að ekki geta verið ámælisvert. Þó að ég hafi vitað, að þetta var staðreynd, að þetta var réttmæt ásökun frá Norðmanna hálfu, þá var engin þörf að vera að flíka því við samningsborðið. En til þess að sýna fram á, að það sé ekki gripið úr lausu lofti hjá mér, að Norðmenn hafi rétt fyrir sér í þessu atriði, vil ég benda á pésann, sem Sveinn Björnsson samdi og stj. gaf út, um samninginn 1924. Þar stendur á bls. 41, að Norðmenn skuli njóta sömu réttinda hvað framkvæmd fiskiveiðal. snerti og þeir hafi áður haft og fá í viðbót ýms nánar tilgreind hlunnindi. Þá verður spurningin: Hvaða réttindi höfðu Norðmenn hér fyrir 1924? Um það getur hv. þm. Seyðf. og hver annar, sem þess óskar, sannfærzt, með því að fá hjá atvmrh. afrit af skeytaviðskiptum þeim, sem farið hafa á milli Krossanesverksmiðjunnar og íslenzku stj. Það stendur þess vegna óhaggað, sem ég hefi

sagt í þessu máli, þótt hv. þm. teldi, að þetta sé helzt þess eðlis, að helzt sé hægt að brosa að því. En hv. þm. má vita það, að ef hér er brosað að einhverju, þá er það að honum sjálfum, því að það er hann, sem helzt er broslegur í þessum málum.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég þakka hv. þm. G.-K. fyrir lesturinn, því að hann varð aðeins til að staðfesta það, sem ég hefi áður sagt. Ég vil nú þessu til viðbótar lesa upp 1. gr. norska samningsins frá 1924, sem hann vitnar til og segir, að hafi tryggt Krossanesverksmiðjunni þennan rétt. Þar segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Þær fiskveiðastöðvar Norðmanna, sem nú eru, er heimilt að reka áfram á meðan væntanlegt samkomulag um tollalækkunina helzt, en það sé uppsegjanlegt af beggja hálfu með hæfilegum uppsagnarfresti".

Mér barst nú einnig í hendur nýtt hefti af tímaritinu „Ægi" með grein um þetta mál, sem tekin er úr norska blaðinu „Fiskaren". Í þessari grein er fyrst talað um það, að Íslendingar séu búnir að kaupa skip til þess að flytja á fisk til Spánar, og síðan er getið um, hvað fiskurinn sé mikill, sem þangað sé fluttur. Svo stendur þar ennfremur:

„Það getur vel verið, að Íslendingar smám saman ætli sér að taka þessa flutninga í sínar hendur, en það mun taka þá langan tíma, og áður en svo er komið hafa Norðmenn máske gengið af þeim dauðum (slátt dem aldeles af marken) svo að þeir hafi ekki neitt að flytja. Við vonum það að minnsta kosti".

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég geri ráð fyrir, að þessi gr., sem hv. þm. les hér kafla úr, sé um viðskipti Íslendinga og Norðmanna á saltfiskmarkaðinum. Norðmenn hafa að undanförnu kvartað undan harðri samkeppni frá Íslendingum á þessu sviði. Eina huggun þeirra hefir verið sú, að við þyldum ekki að tapa eins miklu og við töpuðum 1931. Ég hefi heyrt þau orð af vörum Norðmanna í sambandi við samkeppnina á saltfiskmarkaðinum, að þegar við værum búnir að tapa svo miklu, að við þyldum ekki meira, þá ættu þeir eftir „reserve". Það er ekki neitt annað en þetta, sem þeir eiga við, þegar þeir tala um að ganga af okkur dauðum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÓTh, PHalld, PO, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, IngB, JJós, JÓl, JónasÞ, LH, MG, JörB.

**nei:** MJ, VJ, GÍ, HG, HV, JAJ.

Þrír þm. (StgrS, BJ, BKr) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 118).

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þar sem mál þetta hefir verið mikið rætt í Nd. og talsvert í blöðum, þá sé ég ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir því við 1. umr. í þessari d., en legg aðeins til, að því verði vísað til n.

**Forseti (GÓ):** Samkv. óskum hv. 1. og 2. landsk. (JónÞ og JBald) verður 1. umr. um þetta mál útvarpað. Er ákveðið, að útvarpsumr. hefjist á morgun, kl. 1 miðdegis, og er umr. frestað þangað til.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

**Jón Þorláksson:** Mál þetta er utanríkismál að miklu leyti, hefði því frá upphafi átt að sýna því sömu meðferð í þinginu og yfirleitt er sýnd slíkum málum, sem sé að ræða fyrst ágreiningsefni þeirra fyrir luktum dyrum og stilla svo til, að þingheimur kæmi fram sem ein heild út á við, er málið kemur til opinberrar umr. En nú hefir svo borið að í þessu máli, að slíkri aðferð var ekki hægt að beita, þar sem það var orðið opinbert bæði innanlands og utan áður en Alþingi fékk það til meðferðar. Það var því tekin sú aðferð að ræða það í áheyrn allrar þjóðarinnar og fyrir því fórum við fram á, að umr. um málið hér í Ed. yrði einnig útvarpað.

Ég skal strax taka það fram, að þegar ég geri þessa samninga að aðfinnsluefni, þá slæ ég því föstu, að þeir séu utanríkismál og mun því ekki tala um þá sem flokksmál, eða gera þá að árásarefni á stjórnina eða neinn flokk eða neina menn. Ég mun því ekki deila á neinn sérstakan út af því, sem mér líkar miður, heldur skoða Íslendinga sem eina heild í þessu máli.

Til þess að átta okkur á málinu, verðum við að fara dálítið aftur í tímann. Það er þá fyrst 1923, að Norðmenn setja svo háan toll á ísl. saltkjöt, að nærri stappaði algerðu innflutningsbanni á því til Noregs. Varð það þá úr, að teknir voru upp vinsamlegir samningar við þá um málið, sem enduðu með tilslökun á tollinum. Samkv. verzlunarskýrslunum 1924—1925 var verð á útfluttu saltkjöti þá kr. 1.50—1.60 pr. kg., og fékkst tollurinn þá niður í kr. 0.38 pr. kg., sem var, miðað við verð vörunnar, um 25% af verðmæti hennar. Móti þessari tilslökun á kjöttollinum voru Norðmönnum svo veittar ívilnanir, sem kalla mætti, en þó algerlega innan ramma gildandi ísl. löggjafar; þar sem þær eins og kunnugt er voru ekki fólgnar í öðru en loforði um það, að fiskveiðalöggjöfin skyldi framkvæmd með vinsemd gagnvart norskum síldveiðimönnum og norskum síldarbræðslustöðvum hér. Það hefir oft þótt orka tvímælis, hvað felist í þessu loforði, og á hvern hátt ætti að framfylgja því. En það hefir jafnan verið sjálfgefið að framfylgja því á þann veg, að hagga í engu við ísl. löggjöf. Þrátt fyrir þetta þótti þó þessi tilslökun það erfið og óeðlileg, að jafnframt því sem þessi samningur var gerður, voru allir á einu máli um það, að gera þyrfti allar mögulegar ráðstafanir, bæði utanlands og innan, til þess að losa okkur undan þeirri nauðsyn, að hafa markað fyrir saltkjöt okkar í Noregi. Það var því mjög fljótlega útvegað, með framlagi úr ríkissjóði, kæliskip til flutninga á kældu og frystu kjöti á erlendan markað. Jafnframt var lagt fram fé til þess að koma upp frystihúsum í ýmsum héruðum landsins. Var þetta gert til þess að þurfa ekki að beygja sig fyrir Norðmönnum framvegis í þessum málum. Þessari stefnu var svo haldið alveg ákveðið og bar ekki neitt sérstakt til tíðinda. Þó skal þess getið, að 2 árum eftir að kjöttollssamningurinn var gerður, gerðu Norðmenn út sendinefnd á fund ísl. stjórnarvalda til þess að ræða um frekari ívilnanir til handa norskum síldveiðimönnum hér við land en fengizt höfðu samkv. samningnum frá 1924. Það bar svo til, að norski sendiherrann í Kaupmannahöfn ákvað að fara hingað kynnisför. Notaði þá norska stjórnin tækifærið og sendi með honum tvo menn til umræðu um þetta málefni við ísl. stj. Voru svo haldnir fundir þrjá daga samfleytt upp í stjórnarráðsbyggingu, þar sem hinar nýju kröfur Norðmanna voru ræddar, en mér er óhætt að fullyrða, að ísl. stj. tók það skýrt fram, að engra tilslakana væri að vænta um þessi mál frá Íslendinga hálfu. Snéri sendinefndin því heim við svo búið.

Næsta stigið er svo í fyrra, þegar Norðmenn segja upp samningnum frá 1924 og gera sig líklega til þess að vilja ekki semja af nýju. Ísl. stjórnin ræddi þá við Alþingi um málið og fór fram á að fá leyfi til þess að segja upp gildandi verzlunar- og siglingasamningum milli ríkjanna, til þess að neyða Norðmenn til að taka upp samninga af nýju. Fór svo eins og kunnugt er, að þessum samningum var sagt upp af hálfu ísl. stjórnarvalda, en síðan gengið til samninga aftur. Niðurstaðan varð svo sú, sem kunn er orðin. Annars vegar höfum við fengið endurnýjaðar og að nokkru leyti nýjar tilslakanir á tolli, fyrir takmarkaða tunnutölu af ísl. saltkjöti, sem til Noregs flyzt. Hinsvegar var ekki á móti samið um tilsvarandi ívilnanir um aðflutningsgjöld á norskum vörum hér, heldur var samið um ívilnanir fyrir útveg Norðmanna hér við land, sem ganga svo langt, að ekki þykir fært að veita þær nema með sérstökum lögum frá Alþingi. Það sem því áður var aðeins samkomulag um vingjarnlega framkvæmd gildandi íslenzkra laga af hálfu íslenzku stjórnarinnar, verður nú að breyt. á sjálfri hinni íslenzku löggjöf. Það verður því ekki lengur ótvírætt, hvaða ákvæði gildi í fiskiveiðalöggjöf okkur um þessi efni. Nú verður það í öðru lagi fiskiveiðalöggjöfin frá 1922, en hinsvegar ákvæði frv. þessa. Ef á-

kvæði þessara tveggja lagasetninga skyldu rekast á, verður ekki hér eftir hægt að skírskota eingöngu til laganna frá 1922, því svo verður að líta á, að hin nýja löggjöf, sem í samningi þessum felst, sé breyt. á þeim lögum.

Það, sem mér fyrst þykir áfátt við þessa samninga, á upptök sín í því, að ísl. þjóðin hafði ekki skapað sér þá aðstöðu í sinni eigin löggjöf, sem nauðsynleg var, áður en gengið var til samninganna. Það vantaði ákvæði í ísl. löggjöf um það, hvaða afleiðingar uppsögn verzlunar- og siglingasamningsins hefði að því er snerti aðflutningsgjöld af vörum, sem hingað flytjast frá Noregi, og gjöld af norskum skipum hér. Í reyndinni hafa hingað til allar þjóðir notið beztu kjara hjá okkur, hvort sem samningar stóðu til eða ekki, af því að engin lagaákvæði eru til um rýrari eða erfiðari kjör þeim til handa, sem ekki búa við beztukjarasamninga hjá oss. Hafði uppsögn samningsins því engar lagalegar afleiðingar í þessu efni. Ef við hefðum verið búnir að skapa okkur þá aðstöðu, að uppsögn verzlunar- og siglingasamningsins hefði leitt af sér ákveðna hækkun á gjöldum af norskum skipum, er hingað sigla, ásamt tollhækkun af norskum vörum, þá hefði mátt vænta þess, að hægt hefði verið að ganga til samninga um gagnkvæmar tollaívilnanir á tollum og gjöldum milli ríkjanna. En við höfðum ekki borið gifturu til að koma málum vorum í þetta horf í tæka tíð. Norðmenn höfðu því, þegar til samninga var gengið, miklu betri aðstöðu en við, þar sem þeir voru búnir að leggja háan refsitoll á aðalvöru okkar þar.

Þá er annað atriði, sem ég tel orka mjög tvímælis í undirbúningi þessara samningsgerða, en það er, að fyrirfram skuli hafa verið boðið fram af Íslendinga hálfu að semja Íslendingum til handa, ekki um tollívilnanir fyrir ótakmarkað magn af ísl. saltkjöti, er til Noregs flyttist, heldur aðeins fyrir takmarkaða og minnkandi tunnutölu. Ég veit, að þetta var boðið fram, af því að ráðunautar ísl. stjórnarinnar litu svo á, að í framtíðinni væri ekki þörf fyrir meiri markað í Noregi fyrir ísl. saltkjöt en sem svaraði því kjötmagni, er þeir fóru fram á að fá tollívilnanir fyrir. Það vill nú svo til, að ég fullyrti það þegar í sumar í utanríkismálanefndinni, að hvorki þessir menn né aðrir gætu um það vitað fyrirfram, hvaða þörf við í raun og veru kynnum að hafa í framtíðinni fyrir saltkjötsmarkað í Noregi.

Þegar til samninga kom sóttu Norðmenn eftir tvennu, annarsvegar að bægja ísl. kjöti frá norskum markaði, en hinsvegar að fá hér fríðindi fyrir síldarútveg sinn. Þegar því var búið að bjóða þeim upp á að takmarka kjötinnflutninginn til Noregs svo mjög, að hann skyldi fara niður í 6 þús. tn., höfðu Norðmenn í rauninni fengið það, sem þeir óskuðu eftir, að því er snerti þá hliðina. Varð aðstaða okkar manna við þetta því mun erfiðari en hún þurfti að vera. Annars skal ég taka það fram, að ennþá er með öllu ófyrirsjáanlegt, hvort þessi takmarkaði saltkjötsmarkaður í Noregi bætir úr þeirri þörf, sem hér er fyrir hendi. Það veltur á því, hvort okkur stendur opinn markaður annarsstaðar fyrir það af kjötframleiðslu okkar, sem er umfram þessar 6 þús. tn. Það, sem við þannig megum flytja af kjöti okkar á hinn norska markað, er um 670 smál., en alls flytjum við út um 3000 smál. Hér verður því aðeins um að ræða markað fyrir rúml. $^1/_5$ hluta af því kjöti, sem við þurfum að flytja út og fá markað fyrir, þegar ákvæði samningsins um 6000 tn. hámarkið er komið í gildi. Ég tel því mjög misráðið að bjóða fram þessar takmarkanir, meðan engin vissa var fyrir því, hvaða markaður okkur stendur opinn í öðrum löndum fyrir kjöt okkar.

Í mínum augum gerir það mestan mun á samningi þeim, sem hér liggur fyrir, og samningnum frá 1924, að samningurinn frá 1924 leysti eins og þá stóð á það vandamál að öllu leyti, hvar við gætum fengið markað fyrir þessa framleiðsluvöru okkar, en þessi samningur leysir það vandamál aðeins að litlu leyti.

Ég er ekki heldur sérlega ánægður með þær tollaívilnanir, sem samningurinn gerir ráð fyrir, að við Íslendingar fáum á því litla kjötmagni, sem okkur er boðið að selja til Noregs með þeim kjörum. Ég gat þess áðan, að verð á ísl. saltkjöti í Noregi á árunum 1924—1925 hafði verið kr. 1,50 til 1,60 kg., en síðan hefir

verðið hrapað niður fyrir ⅓ þess verðs. Samkv. útflutningsskýrslum í jan. og febr. síðastl. er verð á útfluttu saltkjöti um 45 aur. á kg. Mér er sagt, að einhver von sé um það, að verðið í heild kunni að verða eitthvað rífara, svo að kannske megi reikna með því, að framleiðendur fái 50 aur. fyrir kg. En samhliða þessu lága verði, þá er þó innflutningstollurinn í Noregi ekki minni en 20 aur. á kg., og er þá samanburður á samningnum frá 1924 og samningi þeim, sem hér liggur fyrir, sá, að eftir samningnum 1924 var tollurinn 25% af verði kjötsins þá, en nú er hann eftir þessum nýja samningi 40% af verði kjötsins. Ég vil biðja hv. þm. að athuga þetta í samanburði við ísl. tollalöggjöf. Við höfum nefnilega lagt verðtoll á ýmsar aðfluttar vörur, sem hefir verið miðaður við verð varanna kominna um borð í skip á erlendri höfn. Á sama hátt miða ég hér innflutningstollinn í Noregi við verð á kjötinu komnu um borð í skip á ísl. höfn, og hann nemur þá 40% af verðinu. Þetta eru nú þau sérstöku vildarkjör, sem Norðmenn bjóða okkur um toll á þessari nauðsynjavöru, en við höfum aldrei farið hærra en í 30% með verðtollinn, og það ekki nema á allra ónauðsynlegustu vörum. Ég er því mjög óánægður með þessi vildarkjör frá hálfu Norðmanna. Ég held, að ef samið hefði verið á eldri grundvelli en gert var, þá hefði fengizt betri niðurstaða.

Ég get ekki farið mikið út í hina hlið málsins, sem er þær ívilnanir, sem Norðmönnum hafa verið veittar með bættri aðstöðu til síldveiði hér við land, en ég vil leiða athygli manna að því, að það er ekki um það deilt, að með þessum ívilnunum er þeim veitt haganlegri aðstaða við þessa atvinnu sína heldur en þeir höfðu eftir samningunum frá 1924. Og þó höfum við allan þennan tíma síðan 1924 verið að búa okkur undir það, að vera ekki upp á Norðmenn komnir með saltkjötsmarkaðinn, ef okkur svo sýndist. Við höfum verið að keppa að því að geta svipt þá þeim ívilnunum, sem þeim voru veittar með samningunum frá 1924. Og nú, þegar loksins er svo komið, að saltkjötsútflutningurinn til Noregs er kominn úr 18—24 þús. tunnum, eins og hann var kringum 1924, niður í 6 þús. tunnur, hefði mátt ætla, að Íslendingar væru komnir það langt á þeirri braut að hinu setta marki, að þeir gætu farið að hugsa til að kippa að sér hendinni og taka þessar ívilnanir frá Norðmönnum. En einmitt þegar svo er komið, er tekin önnur stefna. Þegar komið er að því takmarki, að við getum farið að losa okkur við Norðmenn, þá er farið í þveröfuga átt, fríðindi þeirra eru aukin, þau fríðindi, sem undanfarið hafði verið undirbúið að afnema. Það er mjög illa farið, að hvarflað hefir verið frá stefnunni í þessu máli. Í utanríkismálum má ekki skipta um stefnur, ef vel á að fara. Það verður að halda fast við stefnuna. Þó stjórnarskipti verði innanlands, á stefnan í þýðingarmiklu utanríkismáli að haldast óbreytt. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði ívilnananna, sem Norðmenn fá með samningunum. Ég hefi leitt athygli að því, að þær rjála við gildandi löggjöf okkar og fara í bág við hana, og ég legg áherzlu á það, að við eigum að halda áfram á þeirri braut, sem lagt var út á 1924, hvort sem þessir samningar verða samþ. eða ekki. Við eigum að halda áfram að vinna að því, að losa okkur við þörfina fyrir saltkjötsmarkað í Noregi. Í grg. frv. er talið, að án hans getum við ekki verið og þess vegna verði Alþingi að fallast á samningana. Þar er talið, að nokkur héruð á landinu, sem verða að salta sitt kjöt, megi ekki missa þennan markað. Það eru þau héruð og þær sveitir, sem ekki hafa aðstöðu til að frysta sitt kjöt. Það er talið, að þetta séu Skaftafellssýslur, nokkur hluti Dalasýslu og Barðastrandarsýslu og svo einstakar sveitir, sem eru svo afskekktar eða litlar, að þær geta ekki borið frystihús. Ég get ekki betur séð en að þessi saltkjötsmarkaður sé svo lítill, einar 6 þús. tunnur, að ekki megi mikið fyrir hann gera. Í grg. er talað um, að þrátt fyrir það, þó hann sé ekki meiri, þá sé hann mjög þýðingarmikill fyrir hin einstöku héruð, og hin lækkandi tala af tunnum, sem nýtur tollákvæðanna, á að vera miðuð við þörf þessara héraða. Það er svo að skilja á grg. samningsins, að hér eigi að láta staðar numið með að losa okkur við síðustu leifarnar af kjötmark-

aðinum, en ég álít, að við megum ekki við öðru en að halda áfram hinni fyrri stefnu, við verðum að útvega innan lands eða utan markað fyrir það saltkjöt, sem selt er til Noregs og framleiða þarf í þeim sveitum, þar sem ekki er aðstaða til þess að frysta kjöt. Ég álít, að það hefði sannarlega verið myndarlegra að geta sagt Norðmönnum nú, að við værum ekki í neinum vandræðum, þó við misstum hjá þeim markað fyrir 6 þús. tunnur af saltkjöti, sem ekki nemur meiru en 350 þús. kr. að verðmæti, miðað við það, sem framleiðendur fá. En þó svo fari, að Alþingi sjái sér ekki fært að sjá framleiðendum saltkjötsins farborða með markað fyrir sína vöru eins og stendur á annan hátt en þann, að samþ. samningana, þá legg ég alla áherzlu á það, að þegar verði gerðar ráðstafanir til þess að útvega annan markað fyrir þessa vöru, og tel ég tímabært, að yfirstandandi Alþingi geri ráðstafanir til þess að koma upp niðursuðu á kjöti, sem svari 600 til 700 tonnum á ári, til þess að losa okkur undan þessum síðustu leifum af þörf fyrir saltkjötsmarkað í Noregi.

Þó víða sé nú rætt um þessa samninga, þá heyri ég engan ánægðan með þá, þess er og heldur ekki von. Samningarnir leysa ekki vandræði kjötsölunnar, í þeim eru mjög óhagstæð tollaákvæði í hlutfalli við verð vörunnar, og með þeim erum við neyddir til þess að verzla með okkar ríkisréttindi fyrir tollívilnun af mjög litlum hluta af framleiðsluvörum bænda.

Ég vona því, ef samningarnir verða samþ., að þá verði það einungis gert sem bráðabirgðaráðstöfun, og að óhikað verði haldið í þá sömu stefnu, sem tekin var árið 1924 og síðan hefir verið haldið við, að losa okkur við saltkjötsmarkaðinn í Noregi. Því þá fyrst höfum við algerlega frjálsar hendur í viðskiptum við Norðmenn og getum haldið okkar rétti á láði og legi eins og lög standa til.

**Jón Baldvinsson:** Hv. 1. landsk. hóf sína ræðu með því að ávíta stjórnina fyrir það, hvernig henni hefði tekizt um meðferð þessa máls, að láta það ekki fyrst koma fyrir lokaðan fund í Alþingi áður en það var gert opinbert, eins og oft er gert með slík mál sem þetta. Ég ætla nú ekki að ávíta stjórnina fyrir þetta, en ég ætla að ávíta hana fyrir það, hversu lengi hún dró það, að gera almenningi kunnugt efni þessa samnings, það er að segja þá hlið, sem fjallar um fríðindi Norðmanna hér við land og snertir hagsmuni ísl. sjómanna. Það var þegar á síðastl. hausti kunnugt, hvað það var, sem Norðmenn vildu fyrir Íslendinga gera, hvaða tollívilnanir þeir buðu á ísl. saltkjöti og fyrir hve mikið vörumagn, en hin hlið samningsins var Íslendingum hulin, og það undarlegasta við þá leynd, sem höfð var um hlunnindi Norðmanna hér við land, var það, að það eiga að hafa verið þeir, sem báðu, að þessu yrði haldið leyndu, réttindunum, sem þeir fengu. Maður skyldi halda, að eðlilegra hefði verið, að Norðmenn hefðu viljað láta frekar þegja um þau hlunnindi, sem þeir veittu Íslendingum. Það er óneitanlega eðlilegra, að þeir hefðu talið sér það meiri greiða, en þetta á að hafa verið alveg öfugt. — Þegar svo stjórninni loks þóknaðist að birta samningana er komið langt fram á þing. Það er liðinn meira en mánuður af þingtímanum, þegar samningurinn er borinn fram í frv.formi.

Þegar leið að þingi, leit flokksstjórn Alþýðuflokksins svo á, að óhæfilegt væri að slíkt stórmál og þetta, sem jafnmikið snerti atvinnu fjölda manna á þann hátt að takmarka hana stórlega, væri látið liggja í þagnargildi og ekki kunngert þjóðinni. Þess vegna gerði flokksstjórn Alþýðuflokksins þá kröfu til fulltrúa síns í utanríkismálanefnd, að hann birti það, sem hann vissi um efni samninganna. Þetta var gert ekki síður fyrir það, að komin var vitneskja hingað til lands um að allmargir menn í Noregi hefðu þegar í höndum skrifleg skjöl með innihaldi samningsins og væru farnir að hefja undirbúning á síldarútgerð hér við land á komandi sumri 1933, til þess að nota sér þau fríðindi, sem samningarnir munu veita. Þetta var jafnvel komið svo langt, að útgerðarmönnum hér varð kunnugt um það, að gegnum þá menn hér á landi, sem ekki hafa keypt síld af skipum í mörg ár, var þegar í byrjun þings farið að bjóða ísl.

síld í Svíþjóð fyrir miklu, miklu lægra verð en við getum veitt hana fyrir og miklu lægra en síld var seld þar í fyrra. Þetta var nú í því landi, þar sem okkar bezti markaður er. Hér gat ekki verið um aðra síld að ræða en þá, er leggja ætti hér á land vegna aukins réttar norskra veiðimanna hér við land.

Þegar um svo þýðingarmikið stórmál var að ræða sem þetta, var það stórkostlega vítavert af stjórninni að birta ekki samningana til þess að þeir menn, sem samningarnir áttu að bitna á, bæði útgerðarmenn, sjómenn og verkamenn, gætu ráðið ráðum sínum og komið fram með uppástungur um það, að bæta bændum á annan hátt þann halla, sem þeir kynnu að verða fyrir, ef samningurinn yrði felldur og saltkjötsmarkaðurinn í Noregi lokaðist.

Ég ætla þá að víkja að sögu þessa máls í stórum dráttum. Í júlímánuði 1922 samþ. Stórþing Norðmanna tollhækkun á kjöti úr 10 aurum upp í 25 aura. Þegar þess er gætt, að íslenzka kindakjötið mun hafa verið eitthvert hið ódýrasta, sem til Noregs fluttist, þá verður ekki annað sagt en að okkur raunverulega hafi verið settir verri kostir en öðrum þeim þjóðum, sem fluttu kjöt til Noregs. Í skýrslum um þetta mál er því að vísu haldið fram, að aldrei hafi sérstaklega verið talað um íslenzka kjötið, en þess er heldur ekki getið í skýrslu um þetta mál, að nefndur hafi verið kjötinnflutningur frá öðrum löndum, er tollurinn kæmi niður á, þó að slíkt megi vel vera fyrir því. Ég er nú ekki trúaður á, að þessi tollur á íslenzka saltkjötinu hafi verið samþ. alveg „óvart", eða að það hafi aðeins fallið sjálfkrafa undir tollákvæðin, en hafi ekki verið hugsað fyrirfram af Norðmönnum, allra sízt þegar kjöttollsmálið var undirbúið í tollanefnd Stórþingsins, sem varla hefir getað verið ófróð um innflutning saltkjöts frá Íslandi til Noregs.

Það er a. m. k. víst, að Norðmönnum hefir verið það ljóst við endurtekna hækkun á tollinum árið 1923, að hún næði einnig til íslenzka saltkjötsins, og að tollurinn kom þyngra niður á þeim þjóðum, sem ódýrasta kjötið fluttu til Noregs, en í þeim flokki var íslenzka kjötið, einkum þar sem sendimenn Íslands höfðu vakið máls á þessu atriði, og eftir því, sem Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri segir, að „allir Norðmenn", sem hann hafi talað við, hafi viðurkennt, „að tollurinn á íslenzka kjötinu sé ósanngjarn samanborið við verðmætið".

Eftir þessa „ósanngjörnu" tollaálagningu fer þó þrisvar sinnum fram hækkun á kjöttollinum, þannig að um áramót 1923 er tollurinn kominn í 63⅓ eyri á kíló.

Allan þennan tíma, sem Norðmenn eru að hækka tollinn á kjöti, sem kemur þyngra niður á Íslendingum en líklega flestum þeim þjóðum, er kjöt fluttu til Noregs, eru Íslendingar að reyna samninga við þá, en árangurslaust allt þangað til í maí 1924, og hafði þá fengizt lækkun á kjöttollinum um 25 aura, úr 63 aur. á kílóið niður í 38 aura.

Það, sem Íslendingar létu á móti, var nokkur tilslökun á framkvæmd fiskiveiðalöggjafarinnar frá 1922, og lofað var af Íslendinga hálfu að framkvæma hana með mjög miklum velvilja gagnvart Norðmönnum. Það má máske eftir atvikum telja, að ekki hafi tekizt afleitlega fyrir okkur samningarnir við Norðmenn 1924, þótt lengi stæði á því að fá þá fram. Einkum ef þeir eru bornir saman við árangur þann, sem orðið hefir af samningum þeim, sem gerðir voru á síðastl. ári við Norðmenn og hér liggja fyrir til umr.

Á þeim árum seldum við nær allt útflutningskjöt okkar til Noregs, og nam sá útflutningur mörgum millj. króna, en allur útflutningur Íslendinga af saltkjöti til Noregs árið 1932 nemur tæpum 700 þús. krónum, og er þó í því innifalið andvirði c. 5000 tunna af kjöti frá árinu 1931, en útflutningurinn alls árið 1932 er talinn að vera 13300 tn.

Þó að því skuli ekki neitað, að mjög mikil þörf sé fyrir íslenzka bændur að halda markaði fyrir íslenzka kjötið í Noregi, þá er nú orðið um ekki hærri fjárhæð að ræða en svo, að ekki væri ókleift að bæta bændum hallann við að missa markaðinn fyrir kjötið í Noregi, heldur en að setja í hættu síldarútvegginn, þar sem um er að ræða miklu hærri fjárhæðir en andvirði alls þess kjöts, er

nú er von um, að flytja megi til Noregs til sölu þar, en það sem út er flutt af síldarafurðum árið 1932, er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Saltsíld ..... | fyrir kr. | 4484810 |
| Síldarlýsi .... | — — | 1576710 |
| Síldarmjöl ... | — — | 1288080 |
| | eða samtals kr. | 7349600 |

Samningurinn á þskj. 118 um viðskiptamál milli Íslands og Noregs, er forsrh. hefir flutt og ætlazt til, að samþ. verði af þinginu, skjalfestir þá velviljuðu framkvæmd á fiskiveiðalöggjöfinni, sem Norðmönnum var heitið 1924, en auk þess stórfelld aukin hlunnindi Norðmönnum til handa og norskum atvinnufyrirtækjum á Íslandi. Í umr. um þetta frv. hafa verið talin þau hlunnindi, sem Norðmenn öðlast með samningi þessum, og því lýst ýtarlega. Skal ég því aðeins lauslega minnast á hin helztu þeirra. Í þessum samningum er það tekið fram, að réttur Íslendinga eftir honum skuli fara minnkandi ár frá ári, og það eftir uppástungu okkar eigin manna, en hin auknu réttindi Norðmanna skuli haldast þrátt fyrir það. Þetta er sá rauði þráður í þessum samningi, og verður ekki annað sagt en að það sé minnkun fyrir Íslendinga að hafa gert annan eins samning og þetta.

Norðmenn fá leyfi til þess að bæta veiðarfæri sín á íslenzkum höfnum. Ef ráða má af líkum, þá mun það vera ætlun Norðmanna, að allar viðgerðir veiðarfæra og hirðing þeirra í landi sé unnin af skipshöfnunum sjálfum, enda beinlínis veitt til þess lagaheimild. Nú mun sú reglan með ísl. síldveiðiskip, að þegar þau þurfa að láta gera við veiðarfæri sín, þá séu þau látin til þeirra manna í landi, sem hafa viðgerðir veiðarfæra að atvinnu, eins og mun vera á Siglufirði og Akureyri. Enda munu ísl. skipshafnirnar hafa samninga um þetta. Hvað myndi nú stj. gera, ef vinnustéttir þær, sem hlut eiga að máli, legðu bann við afgreiðslu norsku skipanna, nema þeir fylgdu í þessum efnum íslenzkum venjum á síldarstöðvunum! Mundi hún ekki senda ríkislögreglu til þess að vernda „vinnufúsa“ Norðmenn við bætingar neta sinna?

Norðmenn fá leyfi til þess að selja í land meira af síld en áður, þó tekið sé aðeins aukningin eftir skýringu ísl. stj. og samningsmannanna, en sú aukning nam 200—500 tunnum á skip.

Norðmenn hafa greinilega blekkt samningamenn okkar með „móðurskipunum“ svo nefndu, því veiðiskip, sem nota þau, eiga að hafa minni réttindi en hin. Norðmönnum mun hafa reynzt „móðurskipa“-útgerðin svo dýr undanfarið, að þeir vilja gjarnan hætta við það, enda segir og svo í aths. við 6. gr. frv. Norðmenn hafa því alls ekki kært sig um nein réttindi handa „móðurskipunum“, sem þeir segjast sjálfir vilja leggja niður. Og það virðist eiginlega svo af aths. við samninginn, að Íslendingarnir séu hróðugir af því að hafa ekki getað troðið neinum hlunnindum „móðurskipunum“ til handa upp á Norðm., að þeim nauðugum. Má af þessu nokkurnveginn marka, að Norðmenn hafa fengið allt það, sem þeir vildu, úr því þeir komust nauðulega hjá að þiggja það, sem þeir vildu ekki.

Þá eru „fríhafnir“ Norðmanna á Íslandi. Sum norsk blöð, er hingað hafa borizt, kunna sér ekki læti yfir þessum nýju auknu réttindum, er Norðmenn öðlast hér á landi. T. d. blað þjóðernissinna, „Tidens Tegn“, talaði í raun og veru um þetta eins og að Norðmenn fái nú aftur í sínar hendur réttindi á Norðurlandi, er þeir hafi áður haft, og að nú muni norsk framtakssemi geta notið sín þar aftur, eins og verið hafi áður en Íslendingar þrengdu kosti þeirra með löggjöf.

Við höfum nú dæmin af því, hvernig Norðmenn fara að því að helga sér lönd, með því að stunda þaðan fyrst veiðiskap og slá svo eign sinn á heil lönd, eða stór landsvæði. Ég vil vona, að ekkert slíkt sé í huga Norðmanna að því er Ísland snertir, en aðfarir þeirra í norðurhöfum benda því miður á ákveðna landvinningapólitik, og hvarflar hugur manna ósjálfrátt til þess í sambandi við þá samninga, sem hér liggja fyrir.

Þegar fiskveiðalöggjöfin var sett, þóttust Norðmenn geta haldið áfram veiðum sínum utan landhelgi og gerðu út leiðangra með stórum móðurskipum,

sem tóku við veiðinni af smáskipunum og verkuðu síldina. En eins og áður er vikið að, vilja Norðmenn helzt losna við stóru skipin, enda mun hafa verið tap á þeim mörg árin, og bar margt til, sem ekki verður hér rakið, en aðalástæðan mun þó hafa verið sú, að ekki var hægt að gera síldina að eins góðri vöru eins og þegar hægt var að salta í landi eða landhelgi.

Þá er veðurfarið hér við land þannig, að stundum er stöðug austan- eða austnorðanátt á síldveiðitímabilinu; þannig hefir mér verið skýrt frá af skipstjóra, sem lengi hefir stundað síldveiðar, að í slíkri átt sé venjulega lítil veiði utan landhelgi, en sumstaðar við Norðurland þá gnægð síldar rétt innan við landhelgislínu. Í slíku veðurfari liggja norsku skipin við landhelgislínuna og draga inn fyrir, eða láta sig „reka", eins og þeim er nú heimilt eftir samningnum, eða ekki verður talið þeim til sektar, nema það sannist, að þeir hafi vísvitandi og viljandi farið í landhelgina. Nú er það algengasta viðbára allra landhelgisbrjóta, að skip þeirra hafi rekið inn í landhelgi fyrir straumi og veðri. Ekki mundu Norðmenn vera nein undantekning frá þessu, allra sízt, þegar þeir geta sýnt það svart á hvítu, að ekki ber að sekta þá fyrir landhelgisbrot, nema þeir játi því, að hafa vísvitandi brotið landhelgislögin.

Landhelgisgæzlan var talsvert torvelduð með hinni „velviljuðu framkvæmd" á fiskiveiðalöggjöfinni samkv. samkomulaginu frá 1924, en ég fæ ekki betur séð en að öll landhelgisgæzla sé þýðingarlítil eftir að búið er að samþ. þessi ákvæði í samningnum.

Ég veit, að því er haldið fram af meðmælendum þessa frv., að það geti ekki spillt neinu verulegu fyrir síldveiðum okkar að samþ. samninginn, því að Norðmenn hafi haft svo mikil réttindi samkv. samningnum frá 1924; en með réttindum til aukinnar sölu síldar í land af norskum skipum hefst nýtt leppmennskutímabil, eins og raunar var nokkuð byrjað þegar síldareinkasalan tók til starfa, og það veitir Norðmönnum sölurétt yfir stórmiklu af síld, saltaðri í landi, og sem er betri og útgengilegri vara en síld, sem verkuð er í skipum úti á rúmsjó.

Hin ómótmælanlegu auknu réttindi munu verða til þess að auka norska útgerð hér við land, og er þegar orðin mikill undirbúningur í Noregi að nota sér þá bættu aðstöðu, sem samningurinn veitir, þegar á næsta sumri.

Ég vil engan veginn fullyrða, að við Íslendingar höfum verið við því búnir að fylla skörðin í atvinnu verkafólks í sumum stöðum á landinu, þegar hin stranga fiskveiðalöggjöf var sett 1922. Og þessa vegna hafi komið til mála að veita undanþágur frá henni, þar sem sérstaklega stóð á. En nú er svo komið, að yfir síldveiðatímann liggur fjöldi allur af skipastólnum óhreyfður. Aðeins lítill hluti togaranna fór á síldveiði síðastl. sumar, 10 af 38. Aftur á móti fór talsvert af línubátum og mótorbátum af Suður- og Vesturlandi.

Mér er sagt, að um 300 sjómenn hafi farið á línuveiðurum á síldveiðar héðan úr Reykjavík á síðastl. sumri og auk þess mesti fjöldi á norðlenzk skip.

En nú er það mikið vafamál, hvort þessi skip fara á síldveiðar á sumri komandi, ef norski samningurinn verður samþ. Eigendur og útgerðarmenn línubáta og mótorbáta af Vestur- og Suðurlandi hafa margir tjáð mér, að Norðmenn öðlist með samningnum svo góða aðstöðu til að keppa við síldveiðar Íslendinga, að þeir þori ekki að láta skip sín ganga á síldveiðar, vegna þess að fyrirsjáanlegt tap hljóti að verða á útgerðinni.

Þótt eins mörg skip og komast að hjá síldarbræðslu ríkisins á Siglufirði leggi þar upp afla sinn, þá ber útgerðarmönnum saman um það, að með núverandi verði á bræðslusíld sé óhugsandi, að útgerð geti borið sig, nema skipin geti saltað nokkuð af aflanum og selt með hærra verði en bræðslusíldina. En með aukinni sölu Norðmanna í land og tilheyrandi leppmennsku sé sala á saltsíld óhugsandi, nema með svo lágu verði, að eigi borgi sig útgerðin.

Þá hefir samningurinn þau áhrif, að með vaxandi stórhug Norðmanna á aukinni síldarútgerð hér við land, dvína vonir íslenzkra síldveiðimanna um atvinnu af síldveiðunum.

Samningarnir verða því óhjákvæmilega til þess, að mikill fjöldi sjómanna,

sem atvinnu hefir haft á sumrin af síldveiðum, verður atvinnulaus yfir sumartímann. Hvað ætlar hæstv. stj. að gera fyrir það fólk, er þannig verður svipt atvinnu sinni bezta tíma ársins. Ætlar hún að auka svo verklegar framkvæmdir, að þetta fólk geti haft þar atvinnu?

Það væri ekki að undra, þótt vinnustéttum landsins dytti í hug að neyta máttar samtaka sinna, til þess að hindra þá útlendu menn að starfi við framleiðslu hér við land, sem tækju frá þeim atvinnu þá, er þeir hafa sér og sínum til lífsuppeldis.

Og það er ríkisstjórnin, sem beitir sér fyrir því að svipta fjölda landsmanna atvinnu sinni, minnka íslenzka framleiðslu, svo nemur mörgum millj. króna, sem minnkar aftur möguleika landsins og landsmanna til þess að kaupa sér nauðsynjar þær, er flytja þarf til landsins.

Þetta er hættan, sem vofir yfir og ríkisstjórnin og þeir, sem samþ. frv., bera ábyrgð á. Sú aukning á atvinnuleysi í landinu, sem stofnað er til með þessum samningum, er margfalt þyngri á metum í mínum augum en þau hlunnindi, sem talið er, að íslenzkir bændur fái með þeim. Og þó að ég álíti, að Norðmenn hafi borið af okkur í þessum samningum, þá er ég ekki að álasa þeim fyrir það; þeir hafa aðeins verið hyggnari og slyngari samningamann en þeir, sem við áttum á að skipa. En fyrst við höfum komið auga á, hve mikla hættu þessir samningar fela í sér fyrir okkur, þá álít ég, að það bezta, sem við getum gert, sé að fella samningana. Því aðgætandi er, að þeir veita einnig öðrum þjóðum en Norðmönnum þessi fríðindi.

Við erum lítil þjóð, Íslendingar, og verðum þess vegna að hafa vinsamleg viðskipti við aðrar þjóðir, en við verðum því fremur að hafa það hugfast að láta ekki ganga á tvímælalausan rétt okkar. Og ekki sízt, þegar aðstaða okkar til samninga er eins góð og gagnvart Norðmönnum í þessu máli.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Þessum hv. þm., sem nú hafa talað í þessu máli, kemur ekki saman um, hvernig meðferð utanríkismála okkar skuli vera. Ég verð að segja, að ég hallast þar frekar að skoðun hv. 1. landsk., að rétt sé að ræða ágreiningsatriði milli flokkanna á leynifundum, áður en byrjað er á opinberum umr. um slík mál. En í þessu tilfelli var sú leið ekki fær. — Hv. 2. landsk. ávítaði það mjög, að samningarnir skyldu ekki hafa verið birtir fyrr en mánuður var liðinn af þingtímanum. En það er sú venja með samninga milli ríkja, að þeir eru ekki birtir fyrr en skömmu áður en þeir ganga í gildi. Og þurfi þeir samþ. þings, þá eru þeir vanalega ekki gerðir opinberir fyrr en rétt um það bil, sem þingið tekur ákvörðun sína. Ég vil benda á Ottawasamningana sem dæmi um slíka málsmeðferð. Annars er það ákaflega óheppilegt, þegar milliríkjasamningar verða bitbein milli flokka. Um meðferð þessara mála hafa víðast hvar erlendis myndast fastar reglur, en við erum það óþroskaðri stjórnmálalega, að engar slíkar óskráðar reglur hafa unnið hefð á sig.

Báðir þeir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa minnzt á samkomulagið frá 1924 og hafa fallið hlýleg orð um þá niðurstöðu, sem þá fékkst. En það er nú svo, að þetta samkomulag, sem nú hefir náðst, er í öllum aðalatriðum byggt á samkomulaginu frá 1924. Þó að lengra sé farið í einstökum atriðum, er aftur farið skemmra í öðrum. Í stað þess almenna teygjanlega ákvæðis um „velviljaða framkvæmd“ fiskiveiðal., eru nú settar fastar reglur.

Hv. 1. landsk. sagði, að tollur á ísl. saltkjöti hefði 1924 numið 25% af verðmæti kjötsins. En við verðum að athuga það, að þrátt fyrir samkomulagið frá 1924 var tollurinn stöðugt að breytast, svo að í ársbyrjun 1932 var hann orðinn 63 aur. á hvert kíló. Ég játa það, að ólíkt æskilegra hefði verið, að þessi tollur væri verðtollur heldur en þungatollur. En í bæði skiptin, sem samið hefir verið, 1924 og 1932, hefir verið reynt að fá tollinum breytt í verðtoll, en því hefir stöðugt verið þverneitað. Það er raunar ekki nema eðlilegt, því að allir tollar sama eðlis, sem Norðmenn hafa, eru þungatollar, og þeir sáu sér ekki fært að breyta út af þessari venju. En sannleikurinn er sá, að við höfum þarna opinn

markað, sem er lokaður öllum öðrum þjóðum. Og þegar athugaðir eru agnúar, sem kunna að vera á þessum samningi, þá verður að taka það með í reikninginn, að við erum aðnjótandi algerðrar sérstöðu hvað snertir kjötútflutning til Noregs, og að hlunnindi þau, sem við höfum þar, eru mjög illa séð af norsku bændastéttinni. Og það hefðu þótt góð tíðindi í lok síðasta þings, ef þá hefði frétzt af tollalækkun slíkri sem þeirri, er nú stendur til boða. Þó að tollurinn væri orðinn mjög hár 1932, datt engum þm. í hug að bera fram till. um uppsögn samningsins frá 1924. Og þegar Norðmenn sögðu honum upp, þá heyrðust engar raddir um annað en að komast að svipuðum samningum aftur. Hv. 2. landsk. kom ekki með neinar viðvaranir á síðasta þingi um það, að helzt ætti að segja upp öllum verzlunarsamningum við Norðmenn eða annað því um líkt. Og krafa hans um það, að samningurinn, sem gerður var við Norðmenn nú, ætti að vera betri og hagstæðari en samningurinn frá 1924, er alveg ný. Hefði sú stefna komið upp á þinginu í fyrra, að nota skyldi tækifærið til þess að segja upp öllum samningum við Norðmenn og leggja toll á norskar vörur, þá hefði stj. auðvitað hagað sér eftir því. En á slíkt var ekki minnzt þá.

Hv. 1. landsk. gerði mikið úr því, hvað tollurinn á ísl. saltkjöti yrði nú hár í Noregi, og það að vonum, en þó er sá tollur 33% lægri en sá, sem við bjuggum við samkv. samningnum frá 1924. Ég játa það, að tollurinn sé hár, en þess verður að gæta, að við erum þeir einu útlendingar, sem nokkur hlunnindi hafa á þessu sviði. En það þýðir ekkert annað en að við komumst inn á norska markaðinn með miklu hærra verðlagi en á öðrum mörkuðum, sem ekki hafa slíka kjöttollsmúra í kringum sig og Noregur. Nú er kjötverðið um 50% hærra í Noregi en Danmörku, af því að við einir smjúgum gegnum norsku tollmúrana. Og ef við fáum 50% hærra verð fyrir vöruna, má segja, að við höfum þarna tollfrjálsan aðgang að markaði, sem öðrum er lokaður, þó að við þurfum að greiða 40% meira í toll.

Loforð þau, sem Norðmönnum hafa verið gefin um framkvæmd fiskiveiðalaganna breyta engu í núverandi l. Þau eru byggð á þeirri reynslu, sem fengizt hefir af framkvæmd samningsins frá 1924. Að vísu voru ýmsar reglur til um þetta áður, en þær fengu fyrst festu með samningnum 1924. Sá kostur er á þessum samningi, sem nú liggur hér fyrir, fram yfir þann eldri, að hér eru réttindi Norðm. við Ísland tekin svo skýrt fram, að þau eru alveg tvímælalaus. Af þessum ástæðum verður miklu betra að framfylgja þeim heldur en hinum óákveðnu „vilvilja"-ákvæðum frá 1924. Auðvitað mun stj. gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að sjá um, að þessar reglur verði ekki brotnar. Svo sem kunnugt er, voru ýms atriði samningsins frá 1924 vafasöm, og eftirlit með framkvæmd hans slælegt. T. d. var framan af ekkert eftirlit með því, hvað norsku síldarbræðsluverksmiðjurnar máttu kaupa af erlendum skipum. Væri vert að bera saman fyrri samninga og þá samninga, sem nú liggja fyrir.

Eftir þessum samningum mega norskar verksmiðjur ekki kaupa nema 60% af síld af erlendum skipum, en áður hafa engar reglur gilt um þetta, enda þótt allir hafi verið ánægðir með samn. frá 1924.

Ég er sammála því, sem hv. 1. landsk. sagði viðvíkjandi því, að nauðsynlegt væri að vinna nýjan markað fyrir útflutt kjöt. En því valda ekki aðeins óhagkvæmir samningar við Norðmenn, heldur er norski markaðurinn svo stopull, að erfitt verður að halda honum til frambúðar. Einmitt þessi staðreynd olli þeirri ráðstöfun, sem gerð var um frystihús og kæliskip. Og ég tek undir með öllum þeim, sem vilja halda áfram þessum tilraunum, enda mun stj. stuðla að þeim eftir megni.

Ég tel það virðingarvert, að hv. 1. landsk. vildi þó taka tillit til þess, að við erum sem stendur háðir norska markaðinum, en til þess vildi hv. 2. landsk. ekkert tillit taka. Við megum og getum ekki lokað augunum fyrir þessari staðreynd. Hversu miklu við fáum sjálfir áorkað í þessu efni til þess að losa okkundan norska markaðinum fer mjög eftir því, hvernig samningar takast við aðrar þjóðir.

Eftir birtingu Ottawasamninganna er ennþá svartara útlit en í fyrra, þegar var falið að leita samninga í svipuðum stíl og nú. Þess vegna eru ekki horfur á því, að möguleikar skapist til kjötsölu, ef Norðmenn hætta að kaupa of okkur og aðrar þjóðir kaupa ekki meira en nú eru líkur til. Það hefir verið talað um það að flytja út frá betri höfnunum fryst kjöt og nýtt og rýmka þannig á innanlands markaðinum fyrir kjöti frá afskekktari stöðunum. Þetta væri gott og blessað, ef nægilegur markaður væri fyrir hendi erlendis. Það mundi enginn þm. — og allra sízt stjórnin — óska annars en við værum óháðir erlendum kjötmarkaði. En hér þarf að taka meira tillit til ástæðnanna heldur en hv. 2. landsk. gerir og tillögur hans sýna. Það vill oft verða svo, að hann og hans flokksmenn hugsa ekki málin til hlítar. Þeir eru í minni hluta hér á þingi og vita því, að þær tillögur, sem þeir koma fram með, ná ekki framgangi, og eru því of ábyrgðarlausir til þess að hirða um það, þó þær séu gersamlega óframkvæmanlegar.

Ég vildi ekki orða það á sama hátt og hv. 1. landsk., að hér væri um tvennskonar fiskiveiðalöggjöf að ræða, því að þetta felur ekki í sér neina ákvörðun, heldur er stjórninni heimilað að framkvæma fiskiveiðalöggjöfina eins og segir í norsku samningunum. Enda hefir því ekki verið haldið fram hér á þinginu, að þessi heimild kæmi í bága við fiskiveiðalöggjöfina, þótt við sjálfir höfum tök á að framkvæma hana linlega. — En hvort þessir samningar verða samþ. eða ekki, þá liggur fyrir atvmrn. að gefa út reglur um þessi atriði, sem væru ákveðnari og betur samræmdar heldur en lögin frá 1924.

Ég neita því ekki, að undirbúningurinn undir samningana við Noreg hafi verið slæmur. En þetta er sameiginleg sök allra þingmanna. Enginn flokkur, enginn þingmaður bar fram ákveðnar tillögur eða kröfur í þessu máli. Og þannig var stjórninni fengið málið í hendur. Henni var falið að varðveita, að svo miklu leyti sem hægt væri, markaðinn í Noregi.

Mér virðist, að þingmenn flestir geri of lítið úr þeim hlunnindum, sem við komum til með að njóta samkv. samningunum í Noregi. Það er venjulega talað um þessar 6 þús. tunnur. En það verður ekki fyrr en eftir nokkur ár, að tunnutalan komist niður í 6 þús. Heimild næsta árs er fyrir 11500 tunnum. Og það munu allir viðurkenna, að við stæðum uppi ráðalausir með þetta kjöt, ef við gerðum enga samninga við Norðmenn.

Hv. 2. landsk. hélt því fram, að meira framboð yrði á síld hér á landi en áður, ef samningarnir yrðu samþ. En ekki myndi það a. m. k. minnka vinnu í landi, þó einhverjir útlendingar fengju að leggja hér upp síld. Og ekki hefir hv. 2. landsk. alltaf amazt við útlendingum. 1921 tjáði hann sig ósamþykkan því, að útlendingum væri bönnuð síldveiði hér við land, einmitt af þeirri ástæðu, að það mundi draga úr atvinnu í landi. En það má kannske um hann segja, að „batnandi manni er bezt að lifa". En mér þykir hann hafa þroskazt nokkuð óðfluga í þessa átt, þar sem hann nú er kominn fram úr öllum öðrum í því að banna útlendingum atvinnurekstur hér við land.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja samningana frekar hér, þar sem hv. þm. G.-K. hefir gert skýran og óhrekjanlegan samanburð í hv. Nd. á samningunum 1924 og 1933.

Ef síldveiðin verður minni á Norðurlandi í sumar en verið hefir, þá er það ekki þessum samningum að kenna. Horfurnar um síldarsölu eru allt annað en glæsilegar; t. d. hafa Þjóðverjar þrefaldað toll á saltsíld. Slíkar ástæður geta legið til þess, að Svíar hafa ákveðið lægra byrjunarverð á síld en í fyrra. Síldarútgerðin er mjög óviss. Reynt hefir verið að koma á sambandi milli ameríska síldarkaupmanna og ísl. síldarframleiðenda, og er ekki enn séð nema takast megi að vinna ný lönd á þessu sviði. Stjórnin mun gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að slíkt megi takast. Sömuleiðis mun hún styðja bræðslu og fabrikation á síld, eins og hún mun, með aðstoð þingsins, hjálpa síldarútgerðinni yfirleitt eins og bændunum.

Mér virðist báðir hv. þm. hafi gert nokkuð harða kröfu til þessara kjöttollssamninga, er þeir ætlast til, að með þeim

sé leystur allur vandi um kjötsölu. Það er alls ekki þess að vænta, þar sem kjötmarkaðurinn hjá Norðmönnum fer alltaf minnkandi. Ég hygg, að það sé alveg rétt, sem Jón Árnason hefir haldið fram, að ekki hefði verið betra fyrir okkur að fá ótakmarkað innflutningsleyfi fyrir kjöt. Með því að setja hámarksinnflutningsleyfi, þá er skapaður möguleiki til þess að sefa ótta norskra bænda.

Það er algerlega rangt, að nokkur Íslendingur hafi stungið upp á því, að hlunnindi okkar færu minnkandi. Það var beinlínis gert að skilyrði af hendi Norðmanna.

Ég get tekið undir það með hv. 2. landsk., að við þurfum tíma til þess að undirbúa kjötsölu á þeim markaði, sem minnst er þvingandi. Þessi samningur getur ekki leyst öll okkar vandræði í sambandi við kjötsöluna, en hann veitir m. a. svigrúm til þess að undirbúa hagkvæmari markað. Það má segja, að tollurinn sé hár, en hann er þó mun lægri en áður var.

Þó að segja megi, að hér sé verið að verzla með þjóðarréttindi, þá er það ekkert einsdæmi. Nákvæmlega hið sama má segja um samningana, sem stjórnin gerði 1924. Og hið sama mætti segja um alla milliríkjasamninga. Yfirleitt má segja, að þessi samningur sé ekki lakari en við var að búast, hann er betri en nokkur hafði búizt við hvað tollinum við kemur og veitir okkur frest til þess að leita að þeim kjötmarkaði, sem minnsta þvingun hefir í för með sér.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Það hefir ekki verið andmælt miklu af því, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, svo ég þarf ekki miklu að svara.

Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði talað með velvild um samningana frá 1924. Þeir sköpuðu okkur stundar frið, sem við þurftum til þess að útvega okkur kjötmarkað annarsstaðar. Þá stóð þannig á, að við höfðum engan annan kjötmarkað heldur en norska markaðinn og svo takmarkaðan markað í Danmörku. En ég held, að það sé rétt, að ánægjan út af þeim friðindum, sem Norðmenn veittu með þeim samningum, væri sá ásetningur að losa landið undan þeim svo fljótt, sem auðið yrði, með því að leita annarsstaðar fyrir sér. Þetta studdi að byggingu frystihúsa og átti sinn þátt í því, að ráðstafanir voru gerðar til að útvega kæliskip. Menn höfðu gert sér vonir um það, að sú stund nálgaðist óðum, að við þyrftum ekki að vera upp á Norðmenn komnir með kjötsölu, en þá hrekur okkur það af leið, að við verðum með þessum nýju samningum að bjóða Norðmönnum upp á ný friðindi.

Hæstv. forsrh. er mér ekki sammála um það, að þetta sé breyt. á fiskveiðalöggjöfinni. Og það getur verið rétt af honum sem ráðh. að halda slíku fram, enda þótt hann hafi tvívegis í ræðu sinni tekið það fram, að hér væri skýr ákvæði í stað vinsamlegra útlistana.

Ég sé ekki annað, en að ákvæðin um ívilnun til handa Norðmönnum feli það í sér, að þeim norskum skipum, sem gera samninga við bræðslustöð og ekki hafa samband við móðurskip, sé beinlínis veitt sú ívilnun, að þau geti hafzt hér við til veiða utan landhelgi. Ef þetta er rétt hjá mér, þá er þetta breyt. frá grundvallarreglu laganna. Hér er beinlínis haft fyrir augum, að þessi skip geti hafzt hér við og saltað, án þess að hafa samband við móðurskip. Þetta er undanþága frá höfuðákvæði fiskveiðalöggjafarinnar.

Ég skal viðurkenna, að viðkunnanlegra hefði verið að hafa þessi ummæli fyrir lokuðum dyrum heldur en á opnum þingfundi og í útvarpinu, en ég læt þau fara hér í þeirri von, að þessir samningar verði aðeins stuttan tíma í gildi, ef þeir á annað borð ná fram að ganga.

Ég vil bæta því við, að Íslendingar ættu að gera sér ljóst, hversu mikils virði það er að varðveita ákvæði löggjafarinnar frá 1922. Í viðræðum við norsku sendimennina 1926 var þeim sýnt fram á, og aðaláherzlan lögð á það, að gera þeim skiljanlegt, að sjávarútvegurinn er sú eina atvinnugrein, sem svo er arðsöm, að hún geti borið uppi sjálfstætt þjóðlíf í þessu hrjóstuga og fámenna landi. Engin þjóð er eins upp á það komin að halda fiskveiðunum við strendur landsins í höndum landsmanna sem undirstöðu undir því gjaldþoli, sem þarf til þess að bera uppi sjálfstæði og menningu. Þess vegna má enginn misvirða það við okkur,

hvorki Norðmenn né aðrir, þó að við á þessu sviði verðum að herða fastar böndin gagnvart útlendingum, sem hingað vilja sækja, en nokkur önnur Norðurálfuþjóð telur sig þurfa. Ég er alveg viss um, að eftir þessar þriggja daga viðræður fóru þessir þrír Norðmenn héðan með töluvert meiri skilning um nauðsyn okkar í þessu efni heldur en þeir höfðu þegar þeir komu hingað. Og ég held, að Íslendingar megi ekki þreytast á að endurtaka það, bæði fyrir sjálfum sér og öðrum, að eins og okkar þjóðarhögum ennþá er háttað, þá getum við ekki átt neina von um að halda uppi efnalegu sjálfstæði og menningu, ef við getum ekki setið nokkurn veginn einir að þeim auðsuppsprettum, sem sjórinn kringum landið lætur í té.

Ég kalla það þess vegna að fara að verzla með landsréttindi eða ríkisréttindi móti tollívilnun, þegar við bjóðumst til þess að gera tilslökun á fiskveiðalöggjöfinni í grundvallaratriðum til þess að fá þolanleg tollkjör fyrir okkar afurðir hjá annari þjóð. Og ég álít, að við verðum sem fyrst að reyna að koma okkur svo fyrir, að við getum sneitt hjá þessari hættu, og við getum á hvaða sviði sem er tekið upp tollasamninga við aðrar þjóðir á þeim grundvelli, að þar verði samið um gagnkvæmar ívilnanir á sama sviði, þ. e. tollívilnun móti tollívilnun.

Það var nokkur misskilningur hjá hæstv. forsrh., þegar hann vildi túlka ummælin, sem féllu frá mér, á þann hátt, að ég vildi gera þá kröfu nú, að þessir samningar við Noreg leysi allan okkar vanda að því er snertir markað fyrir útflutningskjöt. Það datt mér ekki í hug. Enn ég benti á hitt, að samningarnir frá 1924 leystu á þeim tíma allan vandann. Og af þeirri ástæðu var náttúrlega nokkuð mikið fyrir þá samninga gefandi. Nú leysa þessir samningar ekki nema að mjög litlu leyti okkar vandamál um markað fyrir útflutningskjöt. Og ég dreg aðeins þá ályktun þar af, að þeim mun minna sé fyrir þá samninga gefandi, þeim mun minni hluta, sem þeir leysa af þessu vandamáli. Hitt er mér ljóst, að við eigum ekki að leita lausnar þessa vandamáls til fulls í Noregi. Öll okkar viðleitni undanfarið hefir beinzt að því að leita lausnarinnar þar. Ég er ekki að átelja það, þótt við næðum ekki takmarkinu með þessum samningi.

Mér þótti vænt um, hversu hæstv. forsrh. tók vel undir þau ummæli mín, að við megum nú ekki láta staðar numið um það að leysa þau atriði, sem þarf, til þess að við þurfum ekki að vera komnir upp á frændur vora Norðmenn um slíka samninga aftur. Hann minntist á þann möguleika, að aukinn yrði útflutningur af frystu eða kældu kjöti frá þeim höfnum, sem liggja vel við til þeirra hluta, og því, sem eftir er af saltkjötsframleiðslunni, yrði beint á innlendan markað. En ég álít, að fleira þurfi að koma til greina. Því að viðburðir síðustu ára hafa sýnt okkur það, að það er valt að treysta alveg einhliða á markað fyrir fryst kjöt t. d. í Englandi. Við verðum hinsvegar í þessari grein að leggja stund á það, að gera framleiðsluna fjölbreyttari heldur en hún er nú, eða réttara sagt verðum að halda djarflega áfram á þeirri braut. Ég álít það tímabært þegar á þessu þingi að reyna að stíga fyrstu undirbúningssporin til að koma upp niðursuðuverksmiðju með hæfilegum aukningarmöguleikum, til þess m. a. að gera á þann hátt verðmætt eitthvað af því kjöti, sem við þurfum nú að losa okkur við til útflutnings. Og ég held einnig, að niðursuðuverksmiðja gæti á öðrum sviðum atvinnulífsins haft nokkra framtíðarmöguleika. Ég held, að samgöngur innanlands séu nú um það bil að komast í það horf, að þær þurfi ekki lengur að vera því alveg til fyrirstöðu að flytja haustafurðir bænda svo sem kjöt, til þeirra staða innanlands, þar sem þær geti orðið markaðshæfar, hvort heldur fyrir niðursuðu eða til neyzlu á innlendum markaði.

Ég vil í því sambandi aðeins minna á það, að full von er um það, að á yfirstandandi ári takist að koma á tryggu samgöngutæki, þ. e. a. s. bílfærum vegi milli Vestur-Skaftafellssýslu og Rvíkur. En V.-Skaftafellssýsla hefir hingað til máske verið sú sýslan, sem erfiðasta hefir haft aðstöðuna til að koma kjöti sínu á markað. Þannig er þetta að smáfærast í það horf að gera okkur mögulegt að gera okkar kjöt með einhverjum hætti að útflutningsvöru, án þess að þurfa að

eiga undir samningum við þá þjóð, sem nú gerir mestar kröfur um þau fríðindi í staðinn, sem okkur á að vera sárast um að láta.

**Jón Baldvinsson:** Hæstv. forsrh. hefir nú flutt fram varnir fyrir norska samninginn með svipuðum hætti og í Nd. Og þungamiðjan í rökunum er það, að nú sé verið að gera það sama og gert var með samningnum 1924. Hæstv. ráðh. hefþó jafnan orðið að ganga inn á það, að nokkur aukning sé á fríðindum Norðmönnum til handa, en þó viljað gera sem allra minnst úr þeirri aukningu.

Eitt má athuga í þessu sambandi. Meðan síldareinkasalan starfaði hér í landi, gátu Norðmenn ekki selt síld í land á sama hátt og áður, nema með því móti, að síldin félli innundir það fyrirkomulag, sem lögfest var í landinu um sölu á síld. En í samningi þessum, sem nú liggur fyrir, er útilokað, að hægt sé að koma upp neinu sliku fyrirkomulagi til að tryggja sölu á síld fyrir landsmenn. Því að þótt segja megi, að illa hafi farið fyrir síldareinkasölunni og hún ekki uppfyllt vonir manna að öllu leyti, þá verður áreiðanlega fyrr en varir horfið aftur að einhverju skipulagsráði og reynt að tryggja sölu síldar á eina hönd út úr landinu, — alveg eins og fiskframleiðendur hafa nú gert um sölu fiskjar. En norski samningurinn útilokar, að slíkt fyrirkomulag verði upp tekið af Íslendingum, því að ég man ekki betur en að í ákvæðum frv. sé tekið fram, að verði slíkar ráðstafanir gerðar, þá geti Norðmenn sagt upp samningnum viðvíkjandi kjöttollinum. Við erum þarna bundnir þannig, að við megum ekki skipuleggja sölu afurða okkar á þann hátt, sem við teljum okkur hentugast.

Þessi réttindi voru tekin af Norðmönnum, þrátt fyrir samkomulagið 1924, með síldareinkasölunni. Norðmenn virtust ekki hafa neitt við það að athuga, heldur urðu að hlíta því að salta í móðurskip á hafi úti, sem reyndist þeim svo misjafnlega, að nú leggja þeir mikið kapp á að taka upp þá aðferð, sem þeir höfðu fyrir 1922, að gera út mörg smáskip og leggja nokkurn hluta aflans í land.

Þessi auknu réttindi eru nú nægilega mikil til þess að setja síldveiði Íslendinga í hættu. Þó að það séu ekki mikil fríðindi í augum Norðmanna, þessar 200—500 tunnur, sem skipin mega selja í land, þá getur það orðið nægilega mikið til þess, að Íslendingar geti ekki keppt við Norðmenn um sölu á síld í land.

Það er athugandi mál, að þau skip norsk, er hingað koma, hafa fyrst verið á síldarvertíð í Noregi. Þegar vertíð líkur þar, koma sömu skipshafnirnar með skipin hingað til áframhaldandi veiða. Þetta er þægilegra en hjá okkur, sem breytum til úr þorskveiðum yfir í síldveiðar á sumrin. Það þýðir meiri kostnað vegna tvennskonar veiðarfæra. En Norðmenn stunda síldveiðar mikið til allt árið.

Ég verð að segja, að þótt fríðindi Norðmanna séu ekki mikil í augum hæstv. forsrh., þá líta sjómenn og útgerðarmenn svo á þetta mál, að þau geti verið næg til þess að stöðva mikinn hluta af ísl. síldarútgerð. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hann hafi um þessa samninga leitað til útgerðarmanna og sjómanna og spurt þá um álit þeirra. Ég veit að vísu, að annar maðurinn, sem samdi, var útgerðarmaður. En sú grein útgerðar, sem hann rekur sérstaklega, snertir ekki síldarsöltun, sem þessi liður samninganna bitnar mest á. Hann hefir ekki nægilega alhliða þekkingu á síldveiðum, þó að hann reki síldarverksmiðju. Eftir því sem ég þekki til, þá munu útgerðarmenn, sem verka saltsíld, vera undantekningarlitið alveg á móti þessum samningi, þar eð þeir telja hann útiloka þá frá að keppa við Norðmenn, og hefir þetta komið glögglega í ljós í ályktunum á fundum þeirra.

Hæstv. ráðh. byrjaði með því að segja, að verksmiðjurnar hefðu haft alveg ótakmarkað leyfi til að kaupa síld. Það er raunar upplýst í grg. þessa frv. um 1. gr., að Krossanesverksmiðjan hefir starfað óhindrað frá upphafi, en Raufarhafnarverksmiðjan hafi verið reist algerlega án heimildar og aðeins liðið að starfa, en aldrei leyft. Það var að vísu ekki stór ónákvæmni, en ónákvæmni þó, þegar hæstv. ráðh. talaði eins og þessi verksmiðja hefði haft rétt til að kaupa síld af útlendum veiðiskipum.

Verksmiðjan hefir ekki haft ótakmark-

að leyfi til kaupa á síld af útlendum skipum, heldur mátti það aðeins vera 40% af síldinni, sem nú er aukið upp í 60%. Og það er það, sem samningurinn er gerður um, en á þann hátt, að ekki verður annað séð, en að það sé vítalaust af verksmiðjunni, þótt hún kaupi alla síld, sem hún þarf, af útlendum skipum. Því að henni er heimilt að gera fyrirfram samning við norsk skip. Og það mundi sennilega verða þannig, að ísl. skip kæmust ekki að; því að allan fyrri part síldveiðatímans mundi vera fullt fyrir af norskum skipum. Ég sé ekki annað en að þessi fríðindi séu svo mikils virði fyrir Norðmenn og svo mikil skerðing fyrir ísl. síldarútvegsmenn, að það hljóti að hafa lamandi áhrif á hugi manna til að gera út á síldveiðar. Enda er sá óhugur í mönnum nú sem stendur, að það fullyrða bæði útgerðarmenn og sjómenn, að héðan af Suður- og Vesturlandi verði ekkert skip gert út til síldveiða.

Það hefir lítt verið vikið að gerðum ríkisstj. í þessu máli. Hæstv. ráðh. gat þess, að þegar á þinginu 1932 hafi verið komin till. um að segja upp norska samningnum, en engar viðvaranir eða fyrirmæli hafi heyrzt, hvorki frá þingflokkum né einstökum þm. um það, hvað gera skyldi. Hann vitnaði m. a. í ummæli eftir mig, þar sem ég hafi átt að kalla það fullstranga aðferð að segja upp verzlunarsamningnum við Noreg. Og ég skal játa, að þegar farið var með brauki og bramli að segja upp verzlunarsamningnum við Noreg, þá þótti mér sannarlega farið hastarlega af stað. En það var eins og hæstv. stj. ætlaði sér vissulega að gera eitthvað mikið í þessu máli, — knýja Norðmenn til að semja við okkur. En hvernig framkvæmir stj. þetta? Jú, hún segir upp verzlunarsamningnum. Það skiptir kannske ekki miklu máli, hvort hún gerði það 8. júní eða skömmu seinna. En hitt skiptir miklu máli, að stj. lagði Norðmönnum í hendur þau fríðindi sumarið 1932, sem þeir höfðu með samningnum frá 1924, velviljaða framkvæmd fiskveiðalaganna, og leyfir þeim að starfa hér meðan við erum að semja við Norðmenn um kjöttollinn, og reyndar meðan Norðmenn neita að semja við okkur um kjöttollinn. Samningarnir fóru líka eftir þessari byrjun hæstv. stj. Hvers vegna sagði ekki stj.: Við viljum ekki leyfa ykkur að starfa við Ísland sumarið 1932 með velviljaðri framkvæmd fiskveiðalaganna í ykkar garð, nema því aðeins, að ríkisstj. ykkar gefi kost á samningum um saltkjötstollinn. Það var ekki von, að Norðmenn væru fíknir í að láta einhver fríðindi af hendi, þegar þeir svo auðveldlega gátu fengið þau fyrir sína fiskimenn sumarið 1932 eins og ekkert væri búið að ske áður.

Annað mál var með verzlunarsamningana. Framkvæmd þeirra kom ekki til fyrr en miklu síðar. Þar álít ég, að hæstv. ráðh. hafi farið af stað með fullstórum orðum, enda dignaði hann þegar til Norðmanna kom og veitti þeim sömu réttindi til starfa 1932, eins og ekkert hefði í skorizt, þó að þeir vildu ekki við okkur tala um kjöttollinn.

Norðmenn sendu nú síðan menn til Íslands 1932. En mér er sagt, að þeir hafi ekkert umboð haft til þess að láta nokkurn skapaðan hlut í ljós, hvað þeirra stj. mundi leggja til. Svo þegar samningar eru gerðir í sept., þá er alveg komið að því að flytja út kjötið. Maður skilur þá aðstöðu þess mannsins, sem samdi af hálfu bænda, að hann sé ákaflega fús til samkomulags og vilji mikið til vinna að koma kjötinu á norskan markað, þegar allt var komið í eindaga. Það er eins og ólánið hafi verið yfir þessu frá byrjun, sem gerði það að verkum, að við hlytum að tapa í þessum samningum.

Það hefir ekki verið mikið talað um formshlið þessa samnings. En hún svarar svona h. u. b. til efnisins. Einhverntíma hefðu það nú þótt tíðindi, ef þeir menn, sem fylla sjálfstæðisflokk á Íslandi, hefðu farið að samþ. samning við annað ríki, sem er eins orðaður og þessi samningur. Norðmenn hafa auðsjáanlega lagt kapp á að orða þannig fyrirsögn 1. kafla, að það væri eins og að búa í haginn fyrir síðar meir að geta kallað eftir einhverjum réttindum. Hann hljóðar þannig:

„Fiskveiðahagsmunir Norðmanna“ ... (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á, að það er komið nokkuð langt fram yfir ræðutíma hans). Ég skal taka tilmæli forseta til greina, en verð þó að ljúka

máli mínu með nokkrum orðum. Samningurinn hefst á þessu: „Fiskveiðahagsmunir Norðmanna á Íslandi". Mér er sem ég sæi framan í Skúla Thoroddsen eða Bjarna frá Vogi, ef þeim hefði verið boðið upp á að samþ. samning, sem þannig var orðaður. Þeir, og aðrir sjálfstæðismenn, voru það viðkvæmir, þegar uppkastið 1908 var á döfinni. Ef þeim hefði verið boðið upp á slíkt orðalag, þá er ég hræddur um, að hefði sungið í sjálfstæðiskempunum. Það litur ekki út fyrir, að allir, sem telja sig sjálfstæðismenn nú á dögum, séu eins hörundsárir fyrir sjálfstæðisréttindum okkar. Því að allt efni og orðalag þessa samnings miðar að því að minnka okkur, en auka réttindi Norðmanna. Það er talað um „fiskveiðahagsmuni" Norðmanna, en það er bara talað um „innflutning" á söltuðu kindakjöti til Noregs. Á þetta var bent af hv. 3. þm. Reykv., við umr. í Nd. Því að það eru margir menn hér í landi, sem vilja nokkuð úr því gera, hvernig samningar við aðrar þjóðir eru gerðir, að þeir séu ekki brennimerktir með einhverju undirlægjuorðalagi.

Einar Þveræingur vildi ekki leyfa Norðmönnum fang í Grímsey og sagði, að þar mætti fæða her manns, ef engar vistir væru á burtu fluttar, og hefir hann þá vafalaust haft síldveiðina í huga. **(Forseti:** E. t. v. ætlar hv. þm. að slá sínum tíma saman í eina ræðu. Ég vil benda honum á, að ef hann talar í hálftíma nú í stað 15 mín., þá hefir hann lokið sínum ræðutíma). Ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti gæti að, hvað tímanum líður. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., og ætla jafnframt að víkja þeirri spurningu til hv. sjálfstæðismanna, hvort ekki sé svipað nú um þennan samning og forðum daga, þegar verið var að seilast eftir Grímsey. Norðmenn taka sérstaklega fram með sigurgleði, að þeir hafi öðlazt höfuðstað Norðurlands sem fríhöfn á Íslandi, auk Siglufjarðar, þar sem þeir geti nú aftur látið framtak sitt njóta sín.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég skal ekki koma inn á seinustu ummæli hv. 2. landsk. Hann var að minna á okkar sjálfstæðisbaráttu og okkar gömlu og góðu sjálfstæðismenn á þeim tímum. En hann gat þó ekki stillt sig um, að fara hálfskoplegum orðum um þá og nefndi þá „Sjálfstæðiskeppi". **(JBald:** Þetta eru öll rökin, misheyrnir. Ég sagði „kempur"). Það kann að hafa átt að vera „kempur", en það var ekki virðulegri hreimur en svo í orðunum, að hitt virtist hafa verið meiningin. Og svo hefir þessi hv. þm. fyrr talað um suma helztu sjálfstæðisforkólfa vora, að þessi hreimur í rödd hans þurfti ekki að undra neinn.

Hv. 1. landsk. talaði um það í upphafi sinnar ræðu, að þess hefði ekki verið gætt að skapa sér þá aðstöðu með löggjöf, að þjóðin stæði betur að vígi en er við uppsögn samninga. Þetta mun vera rétt. Það er gott að vera undir það búinn, að gagnvart þeirri viðskiptaþjóð, sem við verðum að segja upp samningum við, sé hægt að koma nokkrum viðurlögum við, svo sem tollahækkun og þvíl. En ég hygg jafnframt, að hvorki þessi hv. þm. né aðrir geti sakað núverandi stj. um, að svo var í pottinn búið, með því að hún kom ekki til valda fyrr en rétt í þinglokin. Hv. 1. landsk. bar að nokkru leyti sakir á samningamennina eða ríkisstj., sem gaf þeim umboð, fyrir það, að þeir hefðu mjög fljótt samþ. innflutningstakmörkun á ísl. saltkjöti til Noregs. Það mun vera rétt, að samningamennirnir hafi sagt, að komið gæti til mála innflutningstakmörkun, sem væri bundin við 15000 tunnur á ári. En ég veit ekki, hvort þessi sami hv. þm. hefir aðgætt, að árið áður (1931) hafði allt útflutt ísl. saltkjöt til Noregs ekki numið nema 12800 tunnum. Þeim samningamanninum, sem átti að vera fulltrúi landbúnaðarins, var það vel ljóst, að í Noregi gat ekki verið um það að ræða að auka sölumagn á ísl. saltkjöti í Noregi neitt til verulegra muna fram yfir það, sem þar hafði selzt hin síðustu ár. Hinsvegar var nauðsynlegt að fá haldið þar markaði fyrir það takmarkaða kjötmagn, sem þar var annars nokkur markaður fyrir. Það var svo langt frá því, að sú lækkandi tala, sem síðar varð ofan á í samningnum, væri boðin fram af Íslendinga hálfu, heldur var því þvert á móti veitt mikil og bein andstaða í samningatilraununum, þangað til loks, að þeir

urðu að ganga að þessu tilboði um lækkandi kjötmagn ofan í 6000 tunnur. En jafnframt vil ég benda á, að þótt tollsamningurinn nái að lokum aðeins til þessara 6000 tunna, þá er okkur væntanlega opin leið að flytja út ca. 1500 tunnur í viðbót, þ. e. a. s. það, sem hægt er að selja aftur til skipa og því um líkt, svo að sú tunnutala, sem við getum þangað flutt, verður ekki lægri en 7500. Þessi sami hv. þm. mælti á þá leið, að samningarnir leystu ekki nema að mjög litlu leyti þann vanda, sem við værum í með markað fyrir kjötafurðir okkar. Ég hefi það frá þeim, sem eiga að vera sérstaklega kunnugir á því sviði, að sú tunnutala, sem við megum selja næsta ár — 11500 tunnur + 1500 tunnum, samtals 13000 tunnur — muni nema allt að helmingi þess kjöts, sem nauðsyn er á að selja úr landinu. Svo að jafnvel þótt kjötmagnið, sem selja má til Noregs, færi smám saman lækkandi niður í 6000 + 1500 tn., þá er þar þó alltaf að ræða um ¼ af því kjötmagni, sem selja þarf, en ekki ⅕ eins og hv. 1. landsk. vildi vera láta. Og enn hefir ekki einu sinni verið gerð nokkur frambærileg tilraun til þess að sýna fram á, hvert við eigum að snúa okkur næsta haust með helminginn af ísl. útflutningskjöti, ef norsku samningarnir næðu ekki samþykki Alþingis. Enda virtist ræða hv. 1. landsk. meira ganga út á það, að sýna afrek sitt og fræknleik fyrir luktum dyrum í stjórnarráðinu í viðtali við þrjá norska sendimenn, er hingað komu 1926, en að hann sæi nú í raun og veru nokkrar aðrar útgöngudyr opnar en þær, að ganga að samningunum. Hv. þm. benti á, að tollalækkunin 1924 hafi orðið niður í 25% af þáverandi verði, en nú ekki nema niður í 40%. Það mátti eins segja, að 1924 hafi tollurinn lækkað úr 63 aur. niður í 38 aur. eða um ⅓, en nú lækki tollurinn úr rúmum 57 aur. niður í rúma 20 aur. eða nálega um ⅔. Ég hygg, að eins og hugir manna stóðu til þessa máls síðastl. vor, áður en samningar hófust, þá hafi þessi lækkun orðið meiri en vonir stóðu til. Það má vera rétt, sem hv. þm. sagði, að með þessu samkomulagi, sem hér er til umr., sé Norðm. í nokkrum einstökum atriðum veitt haganlegri aðstaða en var með samningunum 1924. Þó mun það hafa verið of fast að orði kveðið í hans seinni ræðu, þar sem hann gaf í skyn, að þau réttindi, sem Norðmönnum væri veitt, væri hreinlega sama sem að leyfa þeim að hafa „station“ hér á landi. Ég hefi a. m. k. fyrir mér orð manns, sem á að líta óhlutdrægt á þetta mál og þekkir þar vel til, og segir hann, að ekkert slíkt geti falizt í því að leyfa þeim að bæta net sín, gera að veiðarfærum, búlka afla eða nota síldarflutningsbáta. (**JónÞ**: Og selja afla). Já, og selja til verkunar hér á landi. Jafnvel þótt það sé talið með, nálgast það ekki, að Norðmönnum sé veitt heimild til þess að hafa „station“ hér.

Það er rétt hjá hv. þm., að frá því 1924 höfum við verið að búa okkur undir að þurfa ekki að vera upp á Norðmenn komnir með markað. Það hefir verið stöðug viðleitni í þá átt, og þing og stj. hafa stutt landbúnaðaratvinnuveginn að því marki. Það kann að vera rétt, að við höfum orðið að beygja þar nokkuð af leiðinni, en ég veit ekki, hvaða þjóð, sem nú á í samningum við aðra, verður ekki í einhverju að víkja af fyrri leiðum, jafnvel á óvenjulegan hátt. Eða getur hv. 1. landsk. bent á margar þjóðir, sem nú taki á þurru landi hlunnindi hjá öðrum þjóðum, án þess að láta nokkuð í staðinn? Á það hefir og verið bent, að í samningunum 1924 væru Norðmönnum gefin ýms fríðindi, sem líkjast því, sem hér á landi er kallað „hefð“. Vitum við, að þegar nágranni eignast hefðarrétt á einhverju af landi nábýlisjarðar sinnar, er stundum erfitt að hrinda þeim rétti, sem hann þykist þá hafa fengið hald á. Ég hygg því, að það sé ekki að öllu leyti ókostur, að nú er um þetta glöggur samningur, sem hægt er að segja upp með tiltölulega litlum fyrirvara. Það er vitanlega takmark okkar, að vera við því búnir að geta gert það. En við erum ekki búnir að ná því takmarki nú. Enn er svo ástatt, að bændur í heilum héruðum hafa ekki aðra aðstöðu til að selja sínar aðalafurðir en saltkjötsmarkaðinn. Við eigum að halda áfram að reyna að útvega þeim annan aðgengilegri markað, þótt annar sé nú ekki fyrir hendi. En slíkt verður ekki að fullu gert í skjótri svipan. Eins og bent var á höfum við síðan 1924

verið að búa okkur undir að þurfa ekki að hlíta þeim kostum, sem Norðmenn setja okkur um kjötsöluna. En þetta hefir ekki enn tekizt þrátt fyrir góðæri og allmikla peninga í ríkissjóði og þrátt fyrir mikinn áhuga og markvissa stefnu í þessa átt. Þess vegna verður eigi ætlazt til þess, að við séum við því búnir nú að hætta sölunni til Noregs svo skyndilega, sem hv. andstæðingar samninganna láta nú í veðri vaka, að oss sé unnt. Við verðum með þessum samningi — eins og samkomulaginu 1924 — að skapa okkur stundarfrið. Það var réttilega að orði komizt um samningana 1924, að þeir ættu að skapa stundarfrið, en sá friður hefir ekki reynzt nógu langur. Það mun reynast svo, að þrátt fyrir alla viðleitni, bæði hjá þingi og stj. og landbúnaðaratvinnuveginum sjálfum, þarf nokkurn tíma til undirbúnings. Við þurfum að sjálfsögðu að breyta að einhverju leyti til um okkar búnaðarhætti, bæta okkar samgöngur og hugsa upp ýms ráð og prófa okkur áfram með margt eitt, áður en við komumst til fullrar niðurstöðu um það, á hvern hátt og í hverri mynd verður hentugast að sigla framhjá skerjum. Við þurfum líka að koma okkur fyrir með að hafa bein í hendi til að geta komið upp verksmiðjum og taka iðnaðinn í þjónustu okkar til þess að gera vöruna verðmeiri. En til þess þarf líka tíma og umfangsmiklar tilraunir bæði um markaði og annað. En enginn hinna hv. andstæðinga þessara samninga hefir bent á, hvað við eigum að gera á meðan. Hv. andstæðingum fer því í þessu efni líkt og þeir væru komnir upp í sveit til bónda, sem væri orðinn heylaus á þorra, og segði við hann: „Þú skalt ekki vera að hugsa um neitt hey nú. Þú getur ræktað betur jörð þína og aukið heyfenginn á næstu árum“. En eins og fé bóndans er ekki í bráð að borgnara þótt honum séu gefin holl ráð fyrir næstu ár, eins eru ísl. bændum ekki nein bjargráð í bráðina að bollaleggingum um framtíðina, meðan þeim ekki er bent á nokkurt ráð til að losna við kjöt sitt næsta haust.

Hv. 2. landsk. fjölyrti um það, að Svíum væri nú boðin ódýr síld frá Noregi. Ég vil spyrja þennan hv. þm., hvort hann hafi aldrei heyrt þess dæmin fyrr, að verð síldar hafi breytzt, hækkað eða lækkað á viku eða mánuði, hvað þá frá ári til árs. Sami hv. þm. vildi og leggja áherzlu á það, að það væri ekki fyrirbyggt með þessum samningi, að norsku síldarverksmiðjurnar gætu keypt alla sína bræðslusíld af erlendum skipum. Ég hygg, að það sé erfitt að halda slíku fram, þar sem í samningauppkastinu stendur, að það magn, sem norsku síldarverksmiðjurnar megi kaupa af erlendum skipum, megi samanlagt ekki fara fram úr 60% af bræðslusíld verksmiðjanna á hverju síldveiðatímabili. Ég hygg nokkra tryggingu felast í þessu ákvæði. Það hefir áður verið bent á, að þessi sami hv. þm. hefir ekki slegið hendinni á móti vinnu fyrir ísl. verkamenn, jafnvel þótt hún hafi verið boðin fram af erlendri hönd. Jafnvel þótt Norðmenn notuðu sér þá heimild, sem þeir fá í þessum samningi til þess að selja meiri síld í land en áður, þá mun vinnan af þeirri síld, söltun og annað lenda í höndum Íslendinga og koma ísl. verkalýð til góða.

Þá benti hv. þm. á, að í þessu samningsuppkasti væru ákvæði, sem gerðu ísl. varðskipunum því nær ómögulegt að gæta landhelginnar, og mun hann þar hafa átt við ákvæðin í 12. gr., þar sem segir, að ef norsk fiskiskip „geta **sannað**, að þau hafi rekið inn í landhelgi vegna straums og / eða storms, skulu ekki sæta ákæru, **ef** það er ljóst af öllum atvikum, að þetta hafi ekki átt sér stað vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings í þeim tilgangi að veiða eða verka aflan innan landhelgi, enda sé þessu kippt í lag svo fljótt sem auðið er“. Ég hygg, að þarna bætist að vísu sá eftirlitsauki á varðskipin að athuga straum og mæla hann til þess að fyrir geti legið rétt skýrsla um hvað hafi raunverulega átt sér stað í hverju einstöku atviki. En jafnframt má benda á, að það eru ekki Norðmenn, sem eiga að dæma um það, hvort „ljóst er af öllum atvikum“, að þá hafi borið inn í landhelgina vegna straums eða storms. Íslenzkum stjórnarvöldum ber að dæma um þetta, en ekki Norðmönnum sjálfum, og verðum við að treysta, að þau reynist óvilhöll.

Hv. þm. var með miklar hrakspár. Hann hélt, að því er mér skildist, að Íslendingar mundu missa af þeim 7 millj., sem við höfum fengið fyrir ísl. síldarafurðir sum undanfarin ár. Ég verð að segja, að þetta var sem hvert annað gaspur út í loftið hjá hv. þm., og vil ég vona, að reynslan sýni, að við deyjum ekki fyrir þeim hrakspám.

**Forseti (GÓ):** Ég vil láta hv. þm. vita, að þeir hafa talað nokkuð fram yfir sinn tíma. Hv. 1. landsk. talaði 4 mín. fram yfir í fyrra skiptið og 2 í seinna skiptið og á því 9 mín. eftir. Hv. 2. landsk. talaði 4 mín. fram yfir í fyrra skiptið og 6 í síðara skiptið og á því eftir 5 mín. Hæstv. forsrh. talaði 2 mín. fram yfir og hæstv. atvmrh. 5, svo að þeir eiga eftir 8 mín. Vildi ég ekki trufla menn í fyrri ræðunum, en læt þá nú vita, hvernig þetta stendur.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég hafði ekki ætlað mér að standa upp í þriðja sinn, en ég vil þó út af nokkrum ummælum hæstv. atvmrh. gera aths. Hann var óþarflega hörundssár, þegar hann tók hér upp þá aðstöðu að slá því föstu, að hitt og annað, sem hefir verið vanrækt af Íslands hálfu, sé ekki að kenna núverandi stj. Ég tók það fram í upphafi máls míns, að ég ætlaði ekki að beina árásum gegn einum né neinum innanlands, heldur láta okkur alla eiga hér óskilið mál. En úr því að hæstv. ráðh. sagði þetta, þá get ég tekið undir það, að það hefði frekar verið fráfarandi stj. en núver. stj. að hafa forgöngu í þessum efnum. En allir muna, að hún hafði svo mikið að gera við að þumbast við réttlætiskröfum landsmanna, að hún kom engu öðru í verk seinustu mánuðina, sem hún lifði. —

Þá heyrði ég hæstv. ráðh. tala um þessar 1500 tunnur, sem hefir verið aukið við þessa samninga alltaf öðru hvoru í þingræðum og blaðagreinum, 1500 tunnur, sem við megum flytja út tollfrjálst. Ef þetta eru einhver sérstök fríðindi, er undarlegt, að þau skyldu ekki vera tekin upp í samninginn, því að um þessar tunnur stendur ekkert í samningnum — ekki eina einustu þeirra. Ég sé ekki, að við höfum þar nein réttindi, sem við getum talað um. Ég sé ekki betur en að Norðmenn geti sett um þessar tunnur öll þau ákvæði, sem þeim góð þykja, og við höfum ekkert leyfi til að reikna með þeim, þar sem þeirra er alls ekki getið að neinu í samningunum. Og þá held ég því fram, að þegar samningarnir eru komnir niður í 6000 tunnur, þá sé það liðugur $\frac{1}{5}$ af núverandi kjötútflutningi og það þykir mér allt of lítið til þess að gefa á móti fríðindi á því sviði, sem við þurfum að vera langvarastir um okkur. Það eru landsréttindi og efnaleg undirstaða okkar þjóðfélagsskapar.

Hæstv. ráðh. vildi þá halda því fram, að þessum síldveiðaskipum væri ekki veitt leyfi til að hafa hér „station". Ég notaði ekki það orð, heldur orð fiskiveiðalöggjafarinnar, og sé ég ekki annað en að þeim sé veitt allt, sem þeir þurfa til þess að hafast við hér við land og reka síldveiði utan landhelgi. En ef þetta skyldi vera misskilningur, þá vildi ég biðja hæstv. stj. að benda mér á það við 2. umr., hvað það er, sem þau ekki mega, af því, sem þau þurfa til þess að hafast við hér við land og stunda síldv. Ég kem a. m. k. ekki auga á neitt, eftir að þau hafa öðlazt það leyfi, sem í samn. greinir.

Ég er hæstv. atvmrh. innilega sammála um það, að aðalkostur þessa samnings er, að hann er uppsegjanlegur með stuttum fyrirvara. Ég álít, að við megum ekki láta neitt blindast af því, að við fáum miklar ívilnanir, þegar samningaþjóðin byrjar með því að setja hindrunartoll svo háan, sem henni sjálfri sýnist, og gefur svo afslátt frá honum. Það er rétt, að þeir hafa borið niður á 57 aur. á kg. og það er hærri tollur en verð vörunnar, þegar hún er flutt héðan, en hafa svo slegið af niður í 20 aur. Mér finnst þetta ekki meiri ívilnanir en svo, að hefðu þeir sett tollinn eina kr. þá hefði átt að slá af niður í 20 aur. Þetta verður að meta eftir því, hver sá endanlegi tollur er og í hvaða hlutfalli hann stendur við verð vörunnar og allar aðstæður. — Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að þeirra tollalöggjöf geti skapað okkur þá aðstöðu, að tollurinn geti verið einhvers virði, þó að hann sé óeðlilega hár, ef litið er á tollalöggjöf okkar Íslendinga.

Ég lík svo máli mínu og ætla ekki að nota mínúturnar frekar en með því að óska þess, að þrátt fyrir ágreining um þessa samninga geti orðið fullt samkomulag um þetta sem fyrst og líka það, sem ófarið er af leiðinni til þess að losa okkur undan nauðsyninni á því að semja við Norðmenn á þeim grundvelli að veita þeim ívilnanir á landsréttindum hér, í staðinn fyrir niðurfærslu á ósanngjarnlega háum tolli, sem þeir sjálfir hafa sett og skapað.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil vegna áheyrendanna leiðrétta það, sem hæstv. atvmrh. sagði (**Atvmrh.:** Misheyrn), að ég hefði kallað nokkra menn „sjálfstæðiskeppi", en það var misheyrn hjá honum. Ég kynnti mér þetta hjá skrifaranum, og hann hafði tekið upp orðið eins og ég sagði það. Það er síður en svo, að ég sé að gera gys að þeim mönnum, sem ég nefndi. Ég ber mikla virðingu fyrir minningu þeirra og baráttu fyrir málefnum þjóðarinnar, þó að það sé kannske glettni við þá „sjálfstæðismenn", sem skreyta sig með því nafni og vilja ólmir ganga að þessum samningum, en vilja þó eins og hv. 1. landsk. ekki skerðingu á landsréttindunum. Það hefði einhverntíma orðið hærri hvellur í herbúðum þeirra manna, sem telja sig til þess kjörna að vera á verði fyrir réttindum landsins, út af slíkum samningum sem þessum, ef ekki hefði verið búið fyrirfram og leynilega að binda marga þeirra við að fylgja þessum samningum fram. Það er ekki eingöngu vegna bænda landsins, að þeir vilja samþ. þessa samninga, heldur vegna hins, að hæstv. stj., sem er samsteypa úr báðum stóru flokkum þingsins, hefir lýst því yfir, að hún mundi fara frá völdum, ef þessir samningar verða ekki samþ. Svo að þeir eru þar af leiðandi nokkuð bundnir við að samþ. þessa samninga, sem telja þessa samsteypustjórn það hentugasta fyrirkomulag, sem verið getur, og það eru víst nokkrir menn úr báðum flokkum.

Þá vil ég víkja að ummælum, sem í hefir verið vitnað eftir mig frá þinginu 1921. Hæstv. forsrh. las þau upp og hæstv. atvmrh. tók þau einnig upp. Þau ummæli, sem vitnað var í, eru um frv., sem þá lá fyrir þinginu um „Síldveiðifélag Íslands", en þá flutti ég brtt. við það frv. ásamt hv. núverandi 3. þm. Reykv., þáverandi docent og núverandi prófessor. Við fluttum þessa brtt., sem fór fram á algerða einkasölu handa ríkisstj. á síld. Í þessari brtt. var sagt, að ríkisstj. skyldi hafa á hendi sölu og útflutning á allri síld, sem „Síldveiðifélag Íslands" hefði umráð yfir. Þarna var verið að taka umráðin af útlendingum, sem gátu selt síld til útlanda sem sjálfstæðir seljendur, alveg sama og síldareinkasalan gerði, en sem ekki má gera nú. Samtök eða lögþvingaða samvinnu má nú ekki hafa vegna Norðmanna, því að þá geta þeir sagt samningnum upp. Svo að þetta, sem þeir hafa sagt, er slitið út úr samhengi. Út af þessu vil ég vitna í kafla úr frumræðu minni áðan, þar sem ég minntist á það, að við Íslendingar hefðum ekki verið við því búnir að fylla í skörðin, þegar hin stranga fiskveiðilöggjöf var sett. Ég álít, að t. d. Austfirðir hafi orðið hart úti vegna fiskiveiðalöggjafarinnar, sérstaklega vegna þeirrar geysimiklu verzlunar, sem þeir höfðu við útlend skip, sem urðu að hætta, þegar fiskiveiðilöggjöfin gekk í gildi.

Ég fæ ekki annað séð en að eftir þeirri grein samningsins, sem hæstv. atvmrh. las upp, verði landhelgisgæzlan svo torvelduð, að ómögulegt verði að sanna brot á Norðmenn, því að ekki aðeins í stormi, heldur í hvítalogni geta þeir látið sig reka „inn fyrir", vegna straums! Þegar þrálát norðaustanátt er fyrir Norðurlandi og síldin heldur sig rétt upp við strendur Norðurlands, þá hugsa ég, að mörg skip Norðmanna láti sig reka inn í landhelgina og verði ekki við því gert.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég skal fyrst leiðrétta það, sem komið hefir fram í umr. og að nokkru leyti verið undir tekið, að kjöttollurinn núverandi í Noregi væri kannske allt að því 40% af andvirðinu. Þetta er ekki svo. Meðalverðið í ár virðist verða um 80 kr. á tollfrjálsa tunnu, og gerum ráð fyrir, að þar bætist við tollur 23 kr. á tunnu, svo að ekki er útlit fyrir, að tollurinn verði meira en 20% af kjötverðinu, og þar af er ljóst, að tollurinn, sem nú

gildir, er enn skaplegri sem verðtollur en tollurinn, sem gilti 1924.

Þetta er höfuðatriðið, sem mér láðist að geta um áðan.

Hv. 1. landsk. talaði um þær 1500 tunnur, sem fara til norskra skipa, og kvað enga tryggingu vera fyrir tollfrelsi þeirra. Slíkt ákvæði var óþarft að setja í samninginn, því að skip hafa leyfi til að kaupa ótollaðar matvörur, sem fluttar eru frá öðrum löndum, og það er full trygging fyrir því, að þessar tunnur seljast ótollaðar. Þá sagði hv. þm., að fráfarandi stj. hefði haft öðru að sinna en rækilegum undirbúningi þessa máls, en ég vil í því sambandi endurtaka það, sem ég áður sagði, að hafi eitthvað skort á undirbúning þessa máls, þá er sá skortur hjá öllum þm. og öllum þingflokkum. Þar getur enginn upp á annan klagað; auk þess tel ég, að ekki hafi verið mikið vangert af því, sem í okkar valdi stóð. Hv. þm. lagði áherzlu á, að allt það, sem gert hefði verið til útflutnings á frystu kjöti, hafi átt rót sína að rekja til óánægju út af fiskiveiðalöggjöfinni og samningunum 1924. Ég verð að mótmæla þessu, og kemur þetta m. a. ljóst fram hjá n., sem sett var til þess að íhuga kæliskipsmálið, því að þeir útgerðarmenn, sem sæti áttu í þeirri n., voru á móti því, að skipið væri keypt. Aðalatriðið í öllum þeim undirbúningi voru ekki síldveiðarnar, heldur, að bændur hafa viljað hafa öruggan markað. Það var afltaugin í allri þeirri viðleitni.

Þá vill hv. 1. landsk. halda því fram, að undanþága hafi verið gefin frá höfuðákvæði fiskiveiðalöggjafarinnar um að skip megi ekki hafast við hér við land. Ég sé ekki nema eitt ákvæði, sem gæti forsvarað það að komast þannig að orði, og það er ákvæðið um það, að norsk skip megi selja norskum síldarverksmiðjum afla sinn. Það má segja í þessu tilfelli, að skip hafist hér að nokkru leyti við, en þetta er ekki nýtt, þetta er gamalt og hefir alltaf átt sér stað, og í samningunum 1924 var þessi heimild miklu rýmri.

Hér hefir ekkert brot verið framið á fiskveiðalöggjöfinni, og hv. 1. landsk., sem var í stj. 1924, taldi þá, að ekki þyrfti að breyta fiskiveiðalöggjöfinni í tilefni af þessari heimild Norðmanna. Sama er að segja um 5. gr., um að norsk fiskiskip megi nota veiðibáta til flutnings. 1924 var ekki talið, að þyrfti lagabreyt. til að heimila slíkt. Þessi tvö ákvæði, sem ég hefi minnzt á, er gamall arfur frá 1924, og ef rétt er að komast svo að orði eins og hv. 1. landsk., að hér hafi verið verzlað með landsréttindi, þá hefir hann átt þátt í því sjálfur og allir þeir, sem að samningunum 1924 stóðu.

Hv. 2. landsk. var töluvert hátíðlegur í sambandi við sjálfstæðishlið þessa máls. Hann fáraðist jafnvel um það, að við mættum ekki vegna samninganna skipuleggja síldarútgerðina eða annað, sem henni við kemur, af því að ef við gerðum það, þá fengju Norðmenn leyfi til að segja upp samningunum með þriggja mánaða fyrirvara. Okkur er ekkert bannað í þessu efni, og mér finnst hv. þm. ætti að gleðjast yfir því, að ef við skipuleggjum síldarútgerðina, þá segi Norðmenn samningunum upp, því að það er heimilt, og er það ekki það, sem hv. þm. óskar eftir?

Hv. þm. spurði, hvort leitað hafi verið til útgerðarmanna eða sjómanna eða fulltrúa þessara stétta til að annast samningagerðina. Það hefir verið leitað til þeirra stétta, sem þetta mál við kemur, og þær hafa átt fulltrúa til að fylgjast með málinu bæði í gegnum utanríkismálanefnd og í gegnum málsvara, sem ekki hafa þar til nú á þinginu orðað það eða gefið leiðbeiningar um, að hér væri eitthvað athugavert á ferðinni. Svona hefir það verið.

Hv. þm. vítti það, að ég hefði talað um, að norskar verksmiðjur hefðu haft sama rétt hér á landi, og nefndi, að Raufarhafnarverksmiðjan hefði verið byggð réttlaus. Það er rétt, að hún var réttlaus, þegar hún var byggð. Það stendur svo á um Raufarhafnarverksmiðjuna, að fái hún þessi 60%, sem hún má kaupa af erlendum fiskiskipum, þá á hún að geta starfað lengur og öruggar, og þá aukast möguleikar ísl. skipa til að selja henni síld. Ef hún starfaði í 2 mán. t. d. í staðinn fyrir einn mánuð eins og síðastl. sumar, þá mundi ekki minnka, heldur vaxa það síldarmagn, sem ísl. skip gætu selt til hennar. Á Raufarhöfn eru áreiðanlega

til þeir menn, sem óska, að þessi samningur verði lögtekinn.

Hv. þm. heimtaði af mér, að ég hefði sagt við Norðmenn, að þeir skyldu missa öll sín réttindi 1932, ef þeir ekki semdu um sæmilega tolla, og ávítaði mig fyrir að hafa látið þá hafa full hlunnindi. Hv. þm. er þá kominn að þeirri niðurstöðu, að Norðmenn hafi haft hér á landi hlunnindi, áður en þessi samningur var gerður. Yfir hverju var þá kvartað í þinginu og blöðum hv. þm.? Nei, það er ekki kvartað fyrr en nú. (**JBald:** Það er verið að auka réttindin).

Hv. þm. talaði um, að ég hefði dignað í Noregi. Ég mun ekki hafa verið deigari þar en hann, þar sem hann sagði, að sér fyndist þetta vera nokkuð drastiskt. Slíkur Einar Þveræingur var hann þá. Hann fann að orðalagi samningsins og komst svo að orði, að það liti út fyrir, að við værum eitthvað annað en Norðmenn, slíkt væri orðalag samningsins. Ég veit, að hv. þm. hefir ekki vitað það, sem í þessu orðalagi liggur. Hvað Einar Þveræingur, sem mér skilst, að hafi verið fyrsti síldarútgerðarmaður landsins, hefði sagt, skal ég ekki segja, enda býst ég við, að hann mundi hafa sett hljóðan eftir ræðu hv. þm., þar sem hann gerði kröfu til að verða hans höfuðeftirmaður hér í hv. d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7:1 atkv. og sjútvn. með 6 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

**Jón Baldvinsson:** Af því að það mál, sem nú liggur fyrir, er mikið hitamál, sem líklegt er að valdi hörðum deilum, en þeir sorglegu atburðir, sem öllum eru kunnir, hafa gerzt í nótt, þá vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að taka málið út af dagskrá nú og setja það á dagskrá á morgun.

**Forseti (GÓ):** Ég mun verða við þessum tilmælum og taka málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 118, n. 367).

**Ingvar Pálmason:** Það er venja hér á Alþ., þegar mál er tekið til 2. umr., að einhver nm. taki til máls um það. Nú var það svo að þessu sinni, að sjútvn., sem hafði þetta mál til meðferðar, sá enga ástæðu til þess að kjósa sérstakan frsm.

Það hefir einn hv. þm. sagt, að nál. segði ekki neitt. En frá mínu sjónarmiði segir það allt, sem segja þarf, því móti því verður ekki mælt, að einungis það tvennt liggur fyrir: að samþ. frv. óbreytt eða fella það. Breyt. á því geta ekki komið til mála. Þm. verði því að gera það upp við sjálfa sig, hver og einn, hvern kostinn þeir taka. Hitt er annað mál, og það verður hver þm. líka að gera upp við sig, hvort hann vill eyða miklum tíma eða litlum til að gera grein fyrir atkv. sínu. N. tók fyrir sitt leyti þann kostinn, að hver nm. gerði sjálfur grein fyrir sínu atkv. Ég tel líka, þar sem mál þetta hefir valdið miklum umr. í Nd. og einnig hér við 1. umr., auk þess sem það hefir mikið verið rætt opinberlega, bæði á fundum og í blöðum, að ekki sé þörf á miklum umr. nú. En þar sem ég stóð upp hvort sem var, þá vil ég með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni, þar sem mér ber sem öðrum þdm. að greiða atkv. um frv.

Ég tel samning þennan, er lögfesta skal nú, raunverulega óhagstæðan okkur Íslendingum. Byggi ég þá skoðun mína ekki aðallega á því, sem umr. hafa þó mest snúizt um, að Norðmönnum sé með þessum samningi veitt allmikil ný hlunnindi, heldur á hinu, að hér er um verzlunarsamning að ræða, sem ekki er haldið innan síns ramma, heldur gengur yfir á önnur svið. Það er að mínu áliti versti gallinn. Að vísu má víst um það deila, hversu miklu þessi fríðindi til Norðmanna, sem ganga yfir fiskveiðalöggjöf okkar, eru meiri en þau, sem þeim voru veitt áður. Það hefði ekki að vísu verið óeðlilegt, að samningur þessi hefði gengið inn á þetta svið á þann hátt, að látið væri sitja óbreytt við það, sem áður var og að ekki væru aukin réttindi Norðmanna. En þessi samningur gengur, því miður, lengra, því með þessum samningi er það lögfest, að Norðmenn fái fríðindi, sem áður voru á þann hátt, að þau

breyttu í engu fiskveiðalöggjöf vorri. Ég tel, þótt samningur þessi breyti að vísu aðstöðu Norðmanna gagnvart fiskveiðalöggjöf okkar ekki mjög mikið, að þá geti þó lögfesting þessara ákvæða undir núverandi kringumstæðum haft töluvert alvarlegar afleiðingar fyrir okkur. En þess ber þó að gæta, að samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mán. fyrirvara. Þetta ákvæði tel ég aðalkost samningsins.

Ég vil geta þess, að ég lít svo á, að þetta mál hafi tvær hliðar. Önnur er sú, sem snýr að okkur Íslendingum beint og ég hefi nú talað um. Hin hliðin snýr að viðskiptalöndum okkar og ber líka að líta á það. Nú er það öllum vitanlegt, að Íslendingar hafa ekki farið einir að öllu með utanríkismál sín. Að vísu hafa þeir verið mjög sjálfráðir um þau og gott samkomulag um meðferð þeirra. Enn hefir litið á þetta reynt og allt gengið sæmilega. Með samkomulagi við Dani er það nú að færast æ meir í það horf, að við höldum meira sjálfir á þessum málum. En til þess að svo geti orðið, þurfa þær viðskiptaþjóðir, sem við okkur semja, að fá þá reynslu um okkur, að við heiðarlega menn sé að eiga. Nú er það svo, að ef samningur þessi verður felldur nú, þá uggir mig, að traust annara þjóða á okkur bíði við það ekki svo lítil spjöll. Við verðum í því sambandi að líta á það, á hvern hátt samningur þessi er til orðinn. Þess ber þá fyrst að gæta, að þingið hefir ætlazt til, að samið væri. Að vísu er ég ekki sammála hæstv. forsrh. um það, að þingið hafi lagt mjög mikla áherzlu á, að samningar næðust. En þó vefengja megi þetta að einhverju leyti, þá er þetta þó okkar mál innbyrðis, og ekki frambærileg afsökun fyrir því, að við stöndum ekki við samning þann, sem hefir verið gerður. Þetta hefir því ekki sérstaka þýðingu í þessu sambandi. Hafi stj. gengið feti framar en við ætluðumst til, þá verðum við að útkljá það við hana, og það má ekki hafa nein áhrif á afstöðu okkar við Norðmenn. Mig uggir því, að ef við neitum þessum samningi, eftir þann undirbúning, sem hann hefir hlotið, þá verði litið smærri augum á okkur af öðrum þjóðum en við eigum skilið. Þess ber og að gæta, að n. sú, er samninginn gerði, kom fyrst saman í Rvík. Hafði því ríkisstj. og utanríkismn. góða aðstöðu til að leggja frumdrögin að samningnum, og síðan fylgdust þessir aðiljar vel með í öllu því, er gerðist innan samningan., svo sem vera bar, og virtust vera samþ. niðurstöðu samningsins. Mig uggir því, að þegar það eitt er eftir, að þingið veiti samþ. sitt og því verði neitað, þá muni ekki vera gott fyrir þessa litlu þjóð að fá aðrar þjóðir til að gera við sig samninga. Sá orðrómur mundi þá á leggjast, að við héldum ekki gerða samninga. Og það er víst, að hvernig sem á umboð stjórnarinnar er litið af okkur, þá er öðruvísi litið á það frá sjónarmiði annara þjóða.

Þótt samningur þessi sé gallaður og ég líti svo á, að með honum hafi verið gengið inn á annan vettvang en þann, sem vera bar, þá álít ég, að sjálfstæði Íslands sé hætta búin af því, ef hann verður felldur. Og það álít ég meira virði en þau óþægindi, sem okkur stafa af samþykkt hans. En ef mér endist aldur til, þá mun ég leggja til, að sá uppsagnarfrestur, sem veittur er í samningnum, verði sem fyrst notaður og það jafnvel á næsta ári.

Ég lít svo á, að það sé meira til ógagns en gagns að halda uppi málþófi um þetta mál. Ég er þó ekki að lasta það, að umr. hafa orðið miklar og að þeim hefir verið varpað út. En þar sem málið er nú komið á það stig, að eingöngu er eftir að greiða um það atkv., þá ætti stutt aths. viðvíkjandi atkv. að duga. Með málþófi er litið unnið. Læt ég svo þetta nægja sem grg. fyrir minu atkv.

**Jón Baldvinsson:** Það hefir nú verið talað fyrir hönd n. af frsm. hennar. En ég vil byrja mál mitt á því að lesa upp álit n., svo það verði tvíprentað í Aþt., bæði í skjalaparti og umræðuparti þeirra. Það hljóðar þá svo, með leyfi hæstv. forseta:

Frv. þetta er þann veg vaxið, að breytingar verða ekki á því gerðar, og liggur því ekki annað fyrir en annað tveggja að samþykkja það eða hafna.

Um kosti og galla samnings þess, er frv. gerir ráð fyrir að lögfesta, hefir verið svo mikið rætt og ritað, að nefndin sér ekki ástæðu til í nefndaráliti að bæta þar við. Munu nefndarmenn gera grein fyrir

afstöðu sinni til málsins við umræður í deildinni.

Alþingi, 7. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form. Jakob Möller, fundaskrifari.

Magnús Torfason.

Þannig er þá þetta nál., og sýnir það, að hv. nm. hafa ekki komizt að neinni niðurstöðu um málið. N. hefir ekki klofnað, heldur hefir hún orðið sammála um að vísa málinu og vandanum, að segja nokkuð um það, yfir á þingdeildina. Nú hefir form. n. gert grein fyrir þessu frá sinni hálfu og n. og sagði sem satt var, að ekki væri mikið, sem hann hefði fyrir n. að segja.

Hv. frsm. n. sagði, að ekki væri þörf á miklum umr. um samning þennan, en sjálfur sagði hann samt talsvert um hann og það ekki fagurt. Hann sagði, að samningurinn væri óhagstæður og ávítar stj. fyrir að hann sé gerður öðruvísi en þingið ætlaðist til og finnur að því, að hann skerði fiskiveiðalöggjöf okkar. En svo fer hann að leita að kostum samningsins, nefnir þá þann einan, að honum megi segja upp. Og til þess ætlar hv. þm. að nota fyrsta tækifæri. En ég vil spyrja hv. þm.: Væri þá ekki betra og brotaminna að fella þennan samning strax, svo aldrei þurfi að hafa fyrir að segja honum upp? Það er hreinn misskilningur hjá hv. frsm. sjútvn. og öðrum, er þannig líta á, að það sé skylda þjóðar og þings að samþ. þennan samning, af því að stj. hafi samþ. hann og nefndin undirskrifað hann. Það er aðeins samkomulag n., sem hefir verið undirskrifað. Samningurinn verður ekki að milliríkjasamningi og fær ekkert gildi fyrr en Alþ. hefir lagt samþ. sitt á hann. Þessa er beint getið í samningnum sjálfum. Í 15. gr. hans er beint ákvæði um, að hann skuli lagður fyrir Stórþingið norska. Og í 17. gr. er talað um, að Alþ. taki málið til meðferðar. Þetta er því einungis uppkast að samningi, sem er lagt fyrir Alþ. til venjulegrar meðferðar. Alþ. getur því hvort sem það vill, samþ. þetta uppkast, fellt það eða breytt því. Ég álít, að gera megi allt þetta. Og ég fæ ekki séð, að heiður okkar sé á neinn hátt í veði, hvað af þessu sem verður gert, þrátt fyrir samkomulag n. Allt það tal er út í loftið, því allir vita, að það er undirskilið, að samþykki Alþ. komi til og að án þess samþykkis er samningurinn niður fallinn.

Það mun vera rétt hjá þeim þm., er það hafa sagt, að stjórnin muni verða að fara frá völdum ef samningurinn verður felldur, og það mun nú vera orðið aðalatriðið hjá þeim framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum, er vilja halda í stjórnina. Það er sennilegt, að hún verði að fara frá völdum. Og hún hefir lýst yfir, að hún muni gera það. En þó þessir menn hafi ást á stjórninni, þá ættu þeir þó ekki að verzla með réttindi landsins hennar vegna. Þeim ætti að verða auðvelt að setja aðra menn í stjórnarsætin. Það var auðheyrt, að hv. frsm. sjútvn. mun ganga nauðugur að því að samþ. þennan samning, að því er hann sagði sjálfur. En það eru ekki nógu ríkar forsendur fyrir því að samþ. þennan hættulega samning, þó stjórnin sé í hættu og verði að víkja frá völdum.

Við þessa umr. má ræða einstök atriði samningsins. Ég vil þá fyrst víkja að því, hvernig samningur þessi er lagður fyrir og þá aðallega að þýðingunni á honum. Það er sagt, að hann sé undirskrifaður af 4 mönnum, 2 frá hvorri þjóð. Nú er það svo, að þeir Norðmenn, sem undir samninginn hafa skrifað, hafa ekki tök á því að dæma um hinn íslenzka texta hans. Íslendingarnir, sem betri aðstöðu höfðu til að skilja norska textann, virðast því bera ábyrgð á þýðingunni. En nú er það svo, að ýms ákvæði virðast vera öðruvísi í íslenzka textanum en þeim norska. Það væri því gaman að vita, hvor textinn ætti að gilda, ef ósamkomulag yrði um textana. Það muna allir þýðinguna á sambandslagauppkastinu 1908 og hver ágreiningur varð um það. En þá var það tekið fram, að sá danski ætti að gilda, ef ágreiningur yrði.

Í 7. gr. samningsins er talað um ný réttindi handa Norðmönnum og norskum fiskiskipum — fríhafnir Norðmanna.

Þarna virðist felast meira í norska textanum. Þar stendur: „skal fartöiet være forankret eller fortöiet“. Eftir orðinu „fortöiet“ finnst mér, að skipið geti legið bundið við hafnarbakka eða bryggju, en um það segir íslenzki textinn ekkert, og er það mjög ónákvæm þýðing.

Þá kemur 10. gr. samningsins, sem hljóðar svo: „Nú varpar skip akkerum utan löggiltra hafna, og greiðast þá ekki opinber gjöld, ef skipið hefir ekki samband við land". Í norska eintakinu er þetta þannig: „Ved opankring utenfor legale islandske havner skal norske fiskefartöier ikke avkreves avgifter, såfremt skibet ikke har forbindelse med land". Þarna er nokkur munur á. Í stað „legale islanske havner" kemur aðeins, löggildra hafna". Og þar sem í norska eintakinu er talað um „fiskefartöier" er í íslenzku þýðingunni aðeins talað um „skip". Orðalagið er þannig nokkuð þrengra í norskunni. En það er e. t. v. svo, að þó jafnvel maður kæmist að raun um, að það væri verulegur munur á íslenzku og norsku eintökunum, þá mætti ekki breyta einum einasta stafkrók, af því samningsmennirnir hafa skrifað undir þetta samningsuppkast.

Þá er hér í 12. gr. talað um að „verka aflann". En í norska eintakinu er greinirinn ekki hafður með, heldur sagt „tilvirke fangst", sem getur verið dálítið annað. Í 13. gr. skilst mér einnig vera meiningarmunur. Í íslenzkunni hljóðar upphaf greinarinnar svo: „Ef norskt fiskiskip vill ekki greiða sekt ..." Hvenær halda menn, að Norðmenn vilji greiða sekt? Í norskunni segir: „Hvis norsk fiskefartöi ikke vedtar böteforlegg ..." sem þýðir: ef norsk fiskiskip **samþykkja** ekki að greiða sekt. Það er dálítið annað. (**Dómsmrh.**: Heldur hv. þm., að þeir samþykki að gera það, sem þeir ekki vilja?) Hæstv. dómsmrh. þarf ekki að vera með neina útúrsnúninga; hann finnur vel sjálfur, að þýðingin er ekki nákvæm.

Þá er 16. gr. Þar er verulegur munur á íslenzkunni og norskunni, og virðist íslenzka þýðingin vera okkur í óhag. A-lið gr. verður að lesa í sambandi við formála greinarinnar. Þar er í íslenzkunni talað um „aðaltoll", sem gilda eigi um eftirfarandi kjötmagn, en í norskunni er hann kallaður „grunnsats". Svo kemur í íslenzkunni: Árið 1933—34 fyrir 11500 tunnur, en af þeim flytjist ekkert inn frá 1. júlí til 15. október". Í norskunni er aftur greinin þannig: Den nye grunnsats av 10 öre pr. kg. gjöres fremtidig gjeldende ved fortolling av følgende mengder saltet islandsk sauekjött:

a) I sesongåret 1933—34 for 11500 tönner, hvorav intet i tiden 1. juli—15. oktober, —". Í stað þess, að í íslenzku þýðingunni er sagt, að ekkert kjöt megi flytja inn til Noregs héðan á þessu tímabili, þá er það ekki beint bannað í norskunni. Íslendingar mega flytja kjöt til Noregs hvenær sem er, en þeir fá ekki endurgreiðslu á tollinum á þessum tíma eða ívilnun á honum. (**Dómsmrh.**: Í íslenzkunni stendur: „þar af". Hvað þýðir það?). Hæstv. dómsmrh. getur komizt að með sinn vísdóm á eftir.

Það er víðar nokkur ónákvæmni í þýðingunni, sem ég hirði ekki um að fara út í. Það hefir góður íslenzkumaður gert uppkast að annari þýðingu á norska eintakinu, sem er í verulegum atriðum frábrugðin þessari. Það uppkast get ég látið hæstv. ráðh. og n. í té, ef menn vilja athuga það. Það er í fullu samræmi við norska eintakið af samningnum, sem upphaflega var skrifað undir og sem sennilega á að gilda fremur en það íslenzka, þar sem norsku samningamennirnir hafa ekki haft aðstöðu til að dæma um, hvort þýðingin er rétt.

Ég hefi nú minnzt á einstök atriði í þýðingunni og vil því næst minna á það, sem áður hefir verið talað um, hvað Íslendingum er misboðið með orðalagi samningsins. Má þar fyrst og fremst benda á fyrirsögn I. kafla. E. t. v. er hún fremur þýdd okkur í óhag, en það er samt mikill munur á henni og hinni þurru frásögn um innflutning á íslenzku saltkjöti til Noregs í fyrirsögn II. kafla. Samningurinn er þannig óhagstæður okkur bæði að formi og frágangi. Er leiðinlegt, að í honum skuli vera bæði formvillur og þýðingarvillur. Þó eru það ekki mestu ókostir hans. Mestu ókostir samningsins eru í því fólgnir, að hann rýrir og e. t. v. eyðileggur að nokkru leyti blómlegan atvinnuveg, sem við ættum að geta byggt þannig upp í framtíðinni, að hann yrði einn stærsti þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar; atvinnuveg, sem oft hefir veitt mjög fljóttekinn gróða.

Ég ætla að bera fleira fyrir mig heldur en þeir, sem nú hafa verið að mótmæla samningnum. Ég ætla að bera fyr-

ir mig mann, sem skrifaði á móti samkomulaginu við Norðmenn 1924. Það er einn af helztu útgerðarmönnum landsins, sem skrifaði langa grein í aðalmálgagn Íhaldsflokksins um kjöttollsmálið 25. marz 1924. Þessi maður rekur fyrst sögu málsins, og hirði ég ekki um að fara út í það. Hann segir um breyt. þá, sem gerð var á fiskveiðalöggjöfinni 1922, að hún hafi verið gerð með því að „sýnt þótti, að okkur væri sá einn kostur nauðugur að styrkja aðstöðu sjávarútvegsins á þann hátt, ella mundi hann verða undir í viðureigninni við erlenda keppinauta.“ Svo fer þessi útgerðarmaður að ásaka Norðmenn. Hann talar um þjóðir, sem hreiðrað hafi um sig hjá okkur. Á hann þar sýnilega við Norðmenn, sem sett höfðu upp veiðistöðvar hér og gert út héðan eins og þeir ættu allt og alla. Og hann telur, að fiskiveiðalöggjöfin hafi verið sett til þess að bola þeim burtu. Hann vill láta þann hafa happ sem hlýtur, láta Íslendinga sjálfa njóta auðæfanna við strendur landsins. Svo talar hann um tilraun Norðmanna til þess að höggva skarð í fiskveiðalöggjöf okkar og segir: „Ætla þá Norðmenn að hagnýta til hins ýtrasta vopnið, sem tilfellið hefir lagt þeim í hendur, og á þann hátt ryðja skarð í þann skjólgarð, er vér, að þeirra fordæmi, höfum talið þjóð vorri nauðsynlegan, svo vér mættum þroskast og dafna, þótt vér séum fátækir og smáir“. Og enn segir hann: „Það er nú í sjálfu sér undarlegt, að Norðmenn skuli leggja kapp á að þröngva oss til að víkja frá grundvallarreglum, er þeir áður í eigin löggjöf hafa viðurkennt, en þó er hitt furðulegra, að þeir krefjist sérréttinda af oss til þess eins að veita okkur jafnrétti við aðra. Hér sýnist sanngirnin lítil fyrirferðar, en þó minni þegar aðgætt er, hvað af mundi hljótast, ef kröfur Norðmanna næðu fram að ganga“. (**Forsrh.**: Var hv. þm. mótfallinn samkomulaginu frá 1924?). Ég skal svara því seinna. (**Forsrh.**: Annars gæti hann sparað sér að lesa þetta upp). Enn segir útgerðarmaðurinn:

„Enn er of snemmt að spá um væntanlegan hag Íslendinga af síldinni, ef úr henni verður unnið mjöl og lýsi í verksmiðjum, en þó skal á það bent, að vel mætti svo fara, að þar ættum vér þá gullnámu, er drýgst reynist. Væri því allt réttindaafsal á þessu sviði hið mesta glapræði“.

Það er hið mesta glapræði, segir þessi útgerðarmaður, að láta af höndum nokkur réttindi handa hinum norsku síldarverksmiðjum hér á landi. En í 1. gr. norsku samninganna er tekið fram, að hinar norsku verksmiðjur, sem nú eru á Íslandi, sé heimilt að reka framvegis. Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. stj., hvort þessi skilyrðislausa heimild þýðir ekki endanleg og eilíf réttindi handa norsku verksmiðjunum til að starfa hér á landi, og það þó þessum samningi sé sagt upp.

Þá kemur það atriði í greininni, sem sérstaklega á við sem andmæli gegn þeim samningi, sem nú liggur fyrir. Greinarhöf. fer að ræða um, hvernig tilslakanir við Norðmenn myndu verka gagnvart öðrum þjóðum. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að: „að hinu þarf að sjálfsögðu ekki að spyrja, að fái Norðmenn eða aðrir hér tilslökun, munu Englendingar krefjast hins sama“. Það er auðvitað og viðurkennt af öllum, að ef við veitum einni þjóð ívilnun, þá munu þær þjóðir aðrar, sem beztukjarasamninga hafa við okkur, ganga inn í þau réttindi án þess að þær þurfi einu sinni að krefjast þess; þær fá þau sjálfkrafa.

Svo hrópar þessi útgerðarmaður, sem líka er þingmaður: „Slökum til í engu!“ Þetta er fyrirsögn fyrir einum kafla greinarinnar. „Vér eigum hvergi að víkja fyrir Norðmönnum í þessu máli“, segir hann. Þessi þjóðmálamaður markar þannig skýrt sína afstöðu gagnvart Norðmönnum. Hann vill ekki láta þeim í té nein réttindi hér við land. Í lok greinarinnar gerir hann grein fyrir því, að hann vill, að fulltrúar framleiðenda í landinu til lands og sjávar taki höndum saman um bætur handa bændum vegna þess skaða, sem kjöttollurinn veldur þeim. Vill hann láta fulltrúa atvinnuveganna „ákveða sín á milli upphæð þá, er eðlileg og nauðsynleg teldist og um allt fyrirkomulag tollanna“. Hann vill láta bændur og sjávarútvegsmenn „bera hvers annars byrðar“. Hann vill ekki láta Norðmenn hafa nein réttindi til end-

urgreiðslu fyrir tilslökun á kjöttollinum, heldur einungis leggja byrðarnar á landsmenn sjálfa og skipta þeim upp á milli atvinnuveganna. Og svo bætir hann við: „Auðvitað viljum vér smælingjarnir halda frið við alla menn, en þó skal nú varið fátæka mannsins einasta lambi og heldur látið skeika að sköpuðu en kúgaðir verða“. Heldur hann svo áfram um það, hvað við eigum þá að gera: „Eigum vér Íslendingar nokkurn varasjóð, ef til kemur, þar sem eru mikil hlunnindi Norðmanna hér, verzlun í stórum stíl, flutningar miklir til landsins, en nær allir á fiski frá landinu; léleg strandgæzla nyrðra, sem vafalaust er þeim mikils virði, og óhæfilega slælegt eftirlit með ýmsum fyrirtækjum norðanlands, er grunur leikur á, að meir séu íslenzk í sjón en reynd“. Þarna bendir greinarhöf. á leið til þess að knýja Norðmenn til þess að sýna okkur sanngirni. Í rauninni hafa ekki verið færð sterkari rök gegn samþykkt þessa samningsuppkasts heldur en gert var af þessum manni árið 1924. Skrifaði hann þó ekki þessa grein fyrir það, að fyrir lægi til staðfestingar nokkur samningur um tilslakanir af okkar hálfu við Norðmenn. Það var aðeins umtal um tilslakanir við Norðmenn, sem komu honum til þess að skrifa greinina. Samkomulagið frá 1924 var þá ekki komið á, en eins og menn muna, var ekki með þeim samningi gerð nein breyt. á fiskveiðalöggjöfinni. Þar var aðeins um að ræða munnlegt samkomulag um „velviljaða“ framkvæmd á ýmsum atriðum fiskiveiðalaganna, sem í framkvæmdinni snertu Norðmenn. Kjöttollssamningurinn frá 1924 er því ekki sambærilegur þeim samningi, sem nú liggur fyrir, því með honum á að breyta fiskveiðilöggjöf okkar Norðmönnum í vil. Og það er játað, að þau hlunnindi, sem samkv. honum á að veita Norðmönnum, eru talsvert meiri heldur en þeir fengu með samkomulaginu frá 1924. Ég get gjarnan svarað því, sem hæstv. forsrh. spurði mig um áðan. Ég álít, að eftir atvikum hafi samkomulagið frá 1924 mátt teljast viðunanlegt. En eins og ég tók fram, er það alls ekki sambærilegt við þennan samning, m. a. vegna þess, að með því var okkur ekki meinað að haga innanlandslöggjöf okkar eins og okkur sýnist, né að skipuleggja afurðasöluna. En í samningnum, sem hér liggur fyrir, er tekið fram, að ef Íslendingar setji l., sem á einhvern hátt draga úr þeim hlunnindum, sem Norðmönnum eru veitt með samningnum, þá geti Norðmenn fyrirvaralaust sagt honum upp. Norðmönnum er með öðrum orðum gefið tækifæri til þess að sletta sér fram í okkar lagasetningu og veitt aðstaða til að nota það sem keyri á okkur, að þeir segi upp samningnum og hækki kjöttollinn. Ef við kæmum t. d. á sölusamlagi til þess að annast síldarsölu okkar og vildum styrkja það með lögum, á sama hátt og fisksölusamlagið var styrkt í vetur með bráðabirgðalögunum, þá geta Norðmenn neitað, að við setjum slík lög og sagt samningnum upp að öðrum kosti.

Nú hefi ég til þess að sýna tilhliðrunarsemi þeim, sem hart verða úti vegna tollhækkunarinnar, ef samningurinn er felldur, borið fram frv. um ráðstafanir til þess að bæta íslenzku bændunum upp þann halla, sem þeir yrðu fyrir vegna kjöttollsins. Í því frv., sem útbýtt hefir verið hér í dag, er leitast við að bæta bændum upp með framlagi úr ríkissjóði þann mismun, sem yrði á kjöttollinum frá því, sem nú er, ef samningsuppkastið er fellt, á því kjötmagni, sem samningurinn gerir ráð fyrir, að flytja megi til Noregs. Í frv. er aðeins talað um eitt ár, en l. mætti alltaf framlengja, ef ekki næðist samkomulag við Norðmenn á öðrum grundvelli. Ég taldi rétt að láta slíkar till. koma fram nú, til þess að þeir menn, sem vegna fylgis bændastéttarinnar telja sig e. t. v. verða að samþ. norska samninginn, fái tækifæri til þess að firra bændur skaða á annan hátt. Það má að vísu segja, að það hefði átt að vera verkefni ríkisstj. að bera fram till. í þessa átt, til þess að þingið hefði þó möguleika til þess að komast hjá að samþ. þennan samning, sem nær allir eru óánægðir með. Það þarf ekki annað en lesa nál. sjútvn. og hlusta á ræðu frsm. hennar til þess að sjá, hvernig hljóðið er yfirleitt í hv. þm. í þessu máli. Undir niðri munu allir hv. þm. vera á móti samningunum, að undanteknum þremur eða fjórum mönnum, sem sagt er, að fylgi honum af

sannfæringu. Þeir eru á móti honum vegna þess, að þeir álíta hann réttindaafsal og að með honum sé farið inn á þá braut að verzla með landsréttindi, eins og hv. 1. landsk. benti á. En af samskonar ástæðum og hv. form. sjútvn. lýsti hér, telja þeir sig bundna við að greiða honum atkv. Menn telja sig bundna við að samþ. samninginn, m. a. vegna þess, að hann hafi þegar verið undirskrifaður fyrir landsins hönd af samningsmönnunum og ríkisstj. En sú skoðun er á algerðum misskilningi byggð, því vitanlega var samningurinn undirskrifaður með þeim fyrirvara, að hann hlyti samþ. Alþingis. Og úr því samningurinn var lagður undir úrskurð Alþingis, þá var alltaf sá möguleiki fyrir hendi, að hann yrði felldur.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. 2. landsk. hefir sagt hér, að stj. hafi gert þennan samning að fráfararatriði. Hann hefir einnig leyft sér að fullyrða, að þingið væri samningnum mótfallið, en vegna stj. myndu margir hv. þm. telja sig bundna við að samþ. hann. Það má öllum ljóst vera, að í þessu sambandi biður stj. ekki um neitt sjálfrar sín vegna. Hitt er annað mál, hvað stj. mundi gera á sínum tíma, ef samningurinn yrði felldur, til þess að bjarga samningaheiðri landsins. Það hvílir engin skylda á þinginu að samþ. þennan samning. Hinsvegar geta hvílt skyldur á stj. í sambandi við það, ef hann væri felldur. En þar er um persónuleg atriði að ræða, sem ekki þurfa að hafa áhrif á neinn hv. þm. við atkvgr. Hitt er aðalatriði þessa máls, hvort samningurinn er heppilegur fyrir okkur eða ekki; eftir því verða menn að ákveða sig.

Það tjáir ekki að tala um það, að þessi samningur sé meira en almennur verzlunarsamningur. Samkomulagið frá 1924 var líka meira en almennur verzlunarsamningur í þeirri merkingu, sem hér er talað um. Það var samningur um kjötsölu Íslendinga til Noregs og síldveiðahagsmuni Norðmanna hér við land. Og það hefir engum þm. dottið í hug fyrr en nú á þessu þingi, að þessi samningur væri um annað en síldveiðar og kjötsölu. Stj. hafði að vísu ekkert hreint umboð frá síðasta þingi, en hafði öflugar áminningar um það, að reyna að komast að samningum, og hún leggur því samninginn með góðri samvizku fyrir þingið, en hann er í öllum aðalatriðum áþekkur samningnum frá 1924. Ég hefi aldrei skilið það, að það sé ókostur á þessum samningi, að skýrt er tekið fram um það, hvaða réttindi Norðmenn hafa. Í samningnum frá 1924 var ekkert skýrt tekið fram um slíka hluti.

Nú er það svo, að þessi samningur er í flestum greinum bundinn við þær skýringar, sem hefð hefir komizt á, í sumu þrengri, en í öðru nokkru rýmri. Og þm. eins og hv. 2. landsk. hafa nú yfir engu að kvarta, og er sízt ástæða fyrir þá að eyða löngu máli í að lesa upp viðvörunargreinar frá 1924. Ef þær greinar eru á einhvern hátt á móti þessum samningi, þá hafa þær á sínum tíma verið andstæðar hv. 2. landsk., svo hann hefði meiri ástæðu til að reyna að hrekja allt það, sem hann les upp, heldur en að nota það nú sem málsvörn fyrir sjálfan sig. Hv. þm. eyddi allmiklum tíma í að sýna d. fram á, að íslenzki og norski textinn væru ósamhljóða, og mér skildist á honum, að einhver hætta ætti að vera í þessu fólgin. Hann nefndi nokkur dæmi, sem aðeins eru aukaatriði. Hann talaði fyrst um 7. gr. Þar stendur á íslenzku, að skipið eigi að „liggja við akkeri eða festar", en á norskunni að „fartöiet skal være forankret eller fortöiet". Það þarf meiri óhlutvendni en þessi hv. þm. hefir til að bera, til þess að sýna fram á það, að hér sé á nokkur munur. Það var viðleitni hjá hv. þm., en engin geta í þessu efni. Sama er að segja um 10. gr., þar sem hv. þm. vill sýna fram á, að það skipti nokkru máli, að sleppt er í íslenzku þýðingunni að nefna „islanske havner" og að sagt er „norske fiskefartöier". Þetta getur vitanlega ekki haft nokkra minnstu þýðingu í framkvæmdinni. Það er ekki orðrétt þýtt þarna, en það hefir enga þýðingu um það, hvor textinn á að gilda. Eins er um 12. gr. Þar stendur á íslenzku að „verka aflann", en á norsku að „tilvirke fangst", og þar getur ekki verið neinn munur á. Og í 13. gr. stendur á íslenzku: „Ef norskt fiskiskip vill ekki greiða sekt" en á norsku: „hvis

norsk fiskifartöi ikke vedtar böte forlegg". Það væri náttúrlega nákvæmari þýðing að segja: „Ef norskt fiskiskip ekki samþykkir að greiða sekt". En í veruleikanum er þetta það sama, því ef fiskiskip ekki vill greiða sekt, þá samþ. það ekki að greiða hana. Hér er því ekki minnsti munur á.

Ég tók eftir því, að það brostu einhverjir áheyrendur og máske hlógu upphátt, þegar hv. þm. las þetta upp, því þeir hafa sennilega haldið í samræmi við þá „agitation", sem flutt hefir verið í þessu máli, að samningurinn hljóðaði um það, að norsk fiskiskip, sem ekki vildu greiða sekt, þyrftu þess ekki. Þess vegna tel ég mér skylt að lesa þessa grein: „Ef norskt fiskiskip vill ekki greiða sekt, heldur óskar, að dómur gangi, skal skipinu þegar sleppt gegn geymslufjárgreiðslu, en ekki haldið þar til dómur fellur".

Hér er ekkert um annað að ræða en það, sem gilt hefir og sjálfsagt er. Það er samkomulag um það eitt að tefja skipin ekki frá veiði, en tryggja sér fullkomlega, að þau sæti þeirri hegningu, sem þau eru dæmd í. En það að geta eytt helmingnum af ræðutímanum í það að sýna fram á mismunandi hljóðan textanna, sýnir, að hér getur ekki verið um mikið alvörumál að ræða.

Hv. þm. sagði, að íslenzku nefndarmennirnir muni náttúrlega hafa orðið að taka ábyrgð gagnvart norsku samningamönnunum á að íslenzki textinn væri samhljóða. En svona gengur það ekki til. Íslenzki textinn var gerður hér heima og síðan sendur Norðmönnum til samþykkis. Og þeir samþ. íslenzka textann eins og norski textinn hafði áður verið samþ. Báðir textarnir eru jafn gildir, og það er engin ástæða til að jafna þeim til frv. frá 1908, þar sem danski textinn átti að gilda, ef á milli bæri. Hér er um fullkomið jafnrétti að ræða og samningurinn verður framkvæmdur eftir íslenzka textanum, sem er það sama og að hann sé framkvæmdur eftir þeim norska. En vitanlega getur alltaf risið upp deila um það, ekki einungis, hvað norsk og ísl. orð þýddu, heldur hvað orð og setningar þýddu, því það er svo um mál mannanna, að það er ekki eins fast og ákveðið og tölur. Það er ekki hægt að deila um það, hvað 2 og 3 eru. En það er sjaldan hægt að komast svo að orði, að ekki þurfi setningarnar skýringar við. Og þetta er náttúrlega eins með þennan samning rétt eins og hverja aðra samninga, og ef deila rís um slíkt, verður að fara með það á venjulegan hátt. En við þessu er ekki hægt að gera nema hv. þm. vilji gera þá kröfu, að samningurinn sé á engu máli.

Hv. þm. leggur mikla áherzlu á það, að Norðmenn geti, ef við gerum samninginn „illusoriskan", með einhverri atvinnulöggjöf, sagt samningnum upp. Nú býst ég við, að hv. þm. muni óska þess, að sett væri einhver sú atvinnulöggjöf, eins og einkasala á síld, sem gerði samninginn „illusoriskan". Hann óskar líka eftir því, að samningnum sé sagt upp. Og ef hann óskar eftir þessu hvorutveggja, þá getur hann ekki verið óánægður um, að það fari saman. Hann þarf að vera óánægður með annaðhvort og ánægður með hitt, til þess að geta beitt svona útásetningi.

Hv. þm. endurtekur líka það, sem sagt hefir verið, að þessir samningar muni rýra stórlega eða máske eyðileggja einn blómlegasta atvinnurekstur, þar sem er síldarútgerðin. Með þessi orð út af fyrir sig er ég ánægður. Það kveður við dálítið annan tón en venjulega hefir verið, þegar talað er um „síldarbrask" og „svindl" í sambandi við þennan atvinnurekstur. En það hefir bara láðst að sýna fram á, að nokkuð slíkt sé til í þessum samningi frekar en í samningnum frá 1924, sem sé hættulegt síldarútgerðinni. En hitt get ég fúslega sagt hv. þm., að ég og þeir, sem nú eru í stjórn, eru vitanlega sama hugar og aðrir hv. þm. um það, að ef allar þessar hrakspár rætast, sem andstæðingar samningsins halda fram, að segja honum þá upp, en það er bara víst, að þær munu ekki rætast.

Þó skal ég játa, að það er ekki fyrirfram frekar en 1924 alveg víst um það, hvernig framkvæmdirnar reynast. Það er hægt að nota að miklu leyti eða að litlu leyti þá möguleika, sem í samningnum felast, og vitanlega verða framkvæmdirnar á sínum tíma að segja til um það, hvað við eigum þá að gera, og þeir, sem nú fylgja þessum samningi,

gera þar fyrir enga skuldbindingu um það, hvernig þeir út frá breytt. forsendum einhverntíma síðar kynnu að haga sér í þessu efni. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri að öðru leyti en því, að ég óska þess af forseta, að þetta mál verði tekið fyrir á fundi nú þegar að loknum þessum fundi til 3. umr. Þessi ósk byggist á því, að ég sé engar líkur til, að neitt nýtt geti komið fram í málinu til morguns. Nú hefir verið alllangt milli 1. og 2. umr. og ekkert nýtt hefir komið fram, nema þessi málfræði hv. 2. landsk. og ég sé engar líkur til, að neitt nýtt kæmi fram til morguns, nema ef einhverjir hv. þm. kynnu að vilja athuga nánar frv. hv. 2. landsk. um það, hvernig eigi að bæta bændum það að verða gersamlega af hinum norska kjötmarkaði, þá greiða þeir atkv. móti afbrigðum núna, en leyfa þau á morgun, því lengur má ekki draga afgreiðslu þessa máls. Ég samþ. fyrir mitt leyti, að málið yrði tekið út af dagskrá í gær með tilliti til þeirra, sem vildu deila um málið og af mjög skiljanlegum ástæðum ekki vildu gera það þann dag, en þeirri gagnkröfu held ég fram, að málið verði ekki tafið fram yfir helgidagana.

Ég skal ekki svara mörgu frsm. n. Hann telur hentast þrátt fyrir ókostina, að samningurinn sé afgreiddur. Og þegar hann finnur að samningnum, og hv. 2. landsk. segir, að enginn sé ánægður með hann, þá er það náttúrlega satt, að samningurinn er alls ekki allar kröfur Íslendinga. Þetta er sannleikurinn, og svo er um alla samninga, a. m. k. þá, sem gerðir eru á vorum dögum. En þær kröfur, sem hv. þm. virðist gera, eru þær, að við gerum aldrei samninga við aðra, aldrei annað en það, sem okkur sjálfum sýnist, án tillits til nokkurs hlutar.

**Bjarni Snæbjörnsson** [óyfirl.]: Ég vildi aðeins gera grein fyrir mínu atkv. þegar við þessa umr. málsins. Það getur náttúrlega verið, að ég verði dálítið langorðari en hv. frsm., því hann hafði ekki nema eitt atriði sér til afsökunar til þess að samþ. þennan samning. En ég verð að líta á samninginn frá fleiri hliðum, og þess vegna verð ég máske ofurlítið langorðari. Þegar maður gerir upp við sig, hvort maður á að greiða atkv. með þessum samningi eða ekki, þá verður maður að gera það eftir sinni sannfæringu um það, hvað maður álítur, að sé bezt fyrir þjóðina í heild. Ég býst við, að allir hér í þessari d. séu sammála um það, að fiskveiðalöggjöfin sé fjöregg þjóðarinnar, og ef hún er skert, þá verði afkomumöguleikar þjóðarinnar verri í framtíðinni. Það er ekki eingöngu, að ríkisbúskapurinn byggist á fiskveiðunum, heldur líka afkoma allra landsmanna. Ef vel árar fyrir ríkissjóði, þá er hægurinn nærri að hjálpa þeim, sem bágast eiga, hvort sem það eru bændur eða aðrir, og það verða bændur að hafa hugfast, þegar talað er um þetta mál. Það er heldur enginn þm., sem heldur því fram í alvöru, að fiskveiðalöggjöfin sé ekki skert með þessum samningi, en það er bara það, sem þeir halda fram, að nú sé ekki lakara komið en 1924. Nú verður maður að gæta að því líka, að afstaða landsmanna yfirleitt er dálítið öðruvísi nú en 1924. Þegar þetta samkomulag var gert við Norðmenn, þá átti undanþágan ekki að vera nema til bráðabirgða, eins og ætlazt er til af flestum þm. nú, og jafnvel að segja samningnum upp þegar á næsta ári. En þegar það ekki var gert, kom bersýnilega í ljós, að þetta samkomulag var alls ekki til frambúðar. Það hefir verið sagt, að ekki hafi komið fram nein óánægja út af því samkomulagi. En eins og okkur öllum er kunnugt, þá var mikil óánægja út af því, og það kom fram frv. á þinginu til þess að fyrirbyggja leppmennskuna. Og ég er alveg sannfærður um það, að síldareinkasalan var beinlínis fóstur af þeirri óánægju, sem þá reis upp. Sama óánægjan er bersýnilega fyrir dyrum nú, ef samningurinn verður samþ. Þar að auki verður maður að gæta þess, að það er meira í húfi núna, ef fiskveiðalöggjöfin er skert heldur en 1924, og er það af því, að þau vandræði, sem nú steðja að útgerðarmönnum um að fá vörur sínar seldar, voru ekki fyrir hendi þá, og þess vegna er þeim ennþá meira kappsmál að hafa allt óskert og þurfa ekki að heyja harðvítuga baráttu við aðrar þjóðir eins og nú mundi eiga sér stað. Það hefir líka verið talað um það, að hún væri ein-

kennileg þessi óánægja, sem nú er risin upp, þar sem við höfum búið við samkomulagið frá 1924. En það hefir líka verið bent á það, og það bið ég hv. þm. að athuga, að einmitt þau lög, sem samþ. voru til þess að fyrirbyggja leppmennskuna, síldareinkasölulögin, gerðu það að verkum, að menn voru blátt áfram búnir að gleyma því, að það var í samkomulaginu, að Norðmenn mættu leggja hér á land þessar 500—700 tunnur. Þegar ég athuga þetta mál frá sjónarmiði Norðmanna, þá skil ég, að þeim er kappsmál að fá þetta í gegn. Það er tvennt, sem gerir það að verkum. Í fyrsta lagi það, að vegna þessarar löggjafar, sem kom fram á þingi, síldareinkasölulöggjafarinnar, þá var þeim fyrirmunað að leggja síldina á land. Þegar svo fer, þá veiða þeir í móðurskipin. Þetta er Norðmönnum yfirleitt þyrnir í augum. Þeir segja eins og rétt er, að þarna sé síldareinkasölulöggjöfin komin inn á stórkapitalismann og þeir verða að forðast hann. Markaður þeirra verður líka þrengri eftir því, sem lengra líður og nýir markaðir skapast hjá okkur og veita Íslendingum betri aðstöðu en Norðmönnum. Þess vegna er það, að þeir kosta kapps um að fá þessu komið í það horf, sem þeir óska, eftir þessum samningi. Ef þessi samningur verður gerður, þá leiðir tvennt af því. Landhelgisgæzlan verður margfalt erfiðari og kostnaðarsamari, svo vafalaust má segja, að það verði talsvert upp í þá fjárfúlgu, sem fer í þennan kjöttoll. Í öðru lagi er það, að leppmennskan þrífst hér á landi alveg jafnt eins og var eftir 1924. Því hefir verið haldið fram, að slíkt væri undir okkur sjálfum komið, en þegar ég geri það upp við mig, hvort Íslendingar muni geta staðizt þá freistingu að fá fé að láni, salt og tunnur og ýmislegt fleira, þegar bankarnir eru búnir að neita um lán, þá get ég ekki ámælt þeim fyrir það, þó þeir féllu fyrir þeirri freistingu. Það er gefinn hlutur, að Norðmenn, sem eru fjárhagslega miklu sterkari en við, hafa nóg ráð til þess að koma því þannig fyrir og þá um leið erum við búnir að missa mikið til þá markaði, sem við erum nú að afla okkur, og þó samningnum verði sagt upp eftir eitt ár, þá getur það haft hinar alvarlegustu afleiðingar.

Þetta er þeir agnúar, sem ég finn á samningnum og gera það að verkum, að ég fyrir mitt leyti get ekki samþ. hann fyrir þeirra hönd, sem ég hefi umboð fyrir og vegna minnar sannfæringar líka.

Þegar maður aðgætir, hvað fæst í aðra hönd, þá er það takmörkuð sala á kjöti með slæmu verði. Og þar sem formælendur frv. hafa hvað eftir annað hamrað á því, að Norðmenn framleiddu það mikið kjöt, að þeir þyrftu ekki á íslenzku kjöti að halda, þá liggur í augum uppi, að kjötverð fer ekki hækkandi á næstu árum.

Það hefir verið sagt, að það eina góða við samninginn væri það, að honum væri hægt að segja upp. En við verðum að gæta að því, að það er hægara að samþ. hann en segja honum upp. Það þarf fleiri atkv. til þess að fella hann úr gildi, þegar hann einu sinni er kominn í gildi, heldur en að samþ. hann ekki. Mér dettur ekki í hug, eins og mér virtist hv. frsm. sjútvn. (IP) gera, að ámæla stj. og þeim, sem gerðu samningana, að þeir hafi gengið slælega að verki og gert eitthvað öðruvísi en búast mátti við frá þeirra hendi, því ég álít, að sú sök, sem veigamest er, hvíli á Alþingi sjálfu, þar sem það veitti þeim svo slælega afstöðu, sem frekast gat verið, til þess að ganga að þessum samningi. Þess vegna álít ég það skyldu Alþingis nú að sjá að sér og bæta það upp, sem það hefir áður brotið, með því að fella samninginn. Ég get ekki séð, að það sé neitt vansæmandi fyrir okkur Íslendinga, þó við ekki samþ. þennan samning, að það sé eins og hæstv. forsrh. sagði, að stj. yrði þá að taka til sinna ráða til þess að bjarga „samningsheiðri“ landsmanna. Ég get ekki séð, að það sé neinn samningaheiður að veði, vegna þess að vitanlegt er, að þessir menn höfðu ekkert umboð til að samþ. þennan samning fyrir hönd þingsins. Ég verð að segja það, að mér finnst ennþá meiri hringlandaháttur að samþ. samninginn nú og segja honum upp næsta ár heldur en að ganga hreint að verki og fella hann nú og búa sendimennina betur út næst með nýrri löggjöf frá þessu þingi.

Af þessum ástæðum get ég alls ekki greitt þessu frv. atkv. mitt, og ég álít, að

það sé ekki rétt gagnvart neinum að samþ. samninginn. Ég sé ekki betur en að það sé jafnbölvað fyrir bændastéttina og sjávarútveginn, að samningurinn verði lögfestur.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Út af því, sem hv. 2. landsk. beindi til sjútvn. í sambandi við nál. um þetta frv., vil ég aðeins vekja athygli hans á því, að hlutverk n., þegar henni er fengið mál til meðferðar, er fyrst og fremst að athuga, hvort málið sé þannig lagað, að á því þurfi ekki að gera einhverjar breyt. Hitt er aukaatriði, hvaða augum einstakir nm. líta á málið. Aðalatriðið er að grandskoða málið og vekja athygli þingsins á þeim breyt., sem óhjákvæmilegt er að gera, ef málið á að ganga fram.

Ég veit ekki betur en að það hafi komið til mála í Nd., að þetta mál mætti ganga þar fram nefndarlaust. Ef þetta er rétt, þá er það af þeirri eðlilegu ástæðu, að málið þyrfti ekki þessarar athugunar í n. Það var þannig útbúið, að á því urðu engar breyt. gerðar. Þetta er samningsuppkast, sem samþ. hafði verið af báðum samningsaðiljum og stendur ekki til að breyta. Þessi ummæli sjútvn. þessarar deildar eru því fullkomlega á rökum byggð.

Einstakir nm. hafa ekki látið í ljós álit sitt í nál., og er það fullkomlega eðlilegt, því að eins og áður hefir verið tekið fram, þá hefir svo mikið verið rætt og ritað um þetta mál bæði með og móti, að þeir höfðu litlu þar við að bæta. Þetta sannaði hv. þm. sjálfur með ræðu sinni hér, því að hún var ekkert annað en upplestur gamalla blaðagreina og svo vefenging á þýðingu texta samningsins, vefenging, sem alls ekki stóðst og var algerlega byggð á misskilningi, ekki misskilningi hv. þm., heldur þess ágæta íslenzkumanns, sem hann þó ekki nafngreindi. Það var alveg furðulegt, hvað hv. þm. bar fram í þessu sambandi. Sem dæmi vil ég benda á það sem hann fann að þýðingu 16. gr., sem hann sagði, að væri ekki rétt þýdd. En hann aðgætti ekki, að í upphafi ísl. textans er það tekið fram, sem er í niðurlagi norska textans. Þar stendur orðið „fortolling", sem er þýtt með „aðaltollur" í upphafi íslenzka textans. Orðalagið er því annað, en merkingin nákvæmlega sú sama.

Það er í raun og veru illa farið, að þetta mál hefir orðið annað eins æsingamál og orðið hefir, og er það sérstaklega fyrir tilverknað eins manns, sem allt frá upphafi samninganna hafði aðstöðu til að fylgjast með þeim og „kritisera" þá og gera aðvart, ef þurft hefði með. Þessi maður var í utanríkismálan. og virtist lengst af, að hann vildi fallast á samninginn, eða virtist a. m. k. láta í ljós, að hann væri honum ekki það mótfallinn, að ekki mætti samþ. hann, en svo á síðustu stundu bregzt hann þannig við, að fyrir hans atbeina varð málið að því æsingamáli, sem það hefir orðið. Þetta er illa farið og hefir fyrst og fremst óheppileg áhrif á lausn þessa máls. Það hefir orðið til þess, að fylgismenn málsins, og þá fyrst og fremst stj., hafa sótt mál sitt af meiri krafti og einbeitni en orðið hefði, ef þessi styrr hefði ekki staðið um málið.

Ég get alls ekki fallizt á, að þingið sé að sjálfsögðu bundið við að samþ. þetta mál fyrir það eitt, að samningurinn hafi verið gerður með vilja stj. og um samninginn hafi fjallað menn, sem stj. hafi valið til þess að fara með þetta mál. Ég efast ekki um, að ef þessar uppástungur, sem nú koma fram í samningnum, hefðu verið lagðar fyrir þingið í fyrra, um leið og uppsögn Norðmanna var tilkynnt, þá hefði þeim verið vel tekið, vegna þess að þær eru ekkert annað en endurtekning á þeim samningi, sem áður hefir gilt; munurinn er aðeins mjög lítill, og nenni ég ekki að fara nánar út í það, það hefir verið svo rækilega sýnt fram á, að munurinn er sáralítill. En menn verða að viðurkenna það, að kringumstæðurnar hafa breytzt verulega frá því í þinglok í fyrra. Afstaðan hefir breytzt þannig, að á undanförnum árum leit fyllilega út fyrir, að síldareinkasalan mundi algerlega leggja í rústir alla síldarútgerð og síldarsölu. Nú um hríð hafa menn aftur á móti fengið af nýju að reyna þennan atvinnuveg undir frjálsu fyrirkomulagi. Og síðan þetta frjálsa fyrirkomulag komst á, hafa fundizt nýir markaðir fyrir ísl. síld, markaðir, sem áður þekktust ekki eða þá fengu ekki að njóta sín. Þessir nýju markaðir eru í Póllandi og Þýzkalandi.

Þetta hefir haft þær afleiðingar, að síldarútgerðarmenn og sjómenn líta nú bjartari augum á þennan atvinnurekstur heldur en þeir gerðu áður. Þeir hafa byggt miklar vonir á þessum atvinnurekstri og hafa litið á hann sem lyftistöng fyrir efnalega afkomu þjóðarinnar. Það er því von, að þeim hnykki við, þegar nú á að veita Norðmönnum, sem á undanförnum árum hafa ekki haft aðstöðu til að verka síld hér á landi, tækifæri til ekki aðeins að auka útflutning á saltsíld, heldur líka að keppa við Íslendinga á þessum nýja markaði. Þessi aðstöðubreyt., sem orðið hefir á þessu sviði frá því í fyrra, er að mínu áliti svo mikilvæg, að hún ein gæti fullkomlega réttlætt, að þingið, sem ég játa, að í fyrra hefði sennilega samþ. þessa uppástungu ágreiningslítið, setti sig nú á móti þessum samningi og segði sem svo: „Eftir því, sem nú horfir við, virðist affarasælla fyrir þjóðarheildina að hafna þessum samningum og reyna nú að komast að betri kjörum".

Eins og oft hefir verið tekið fram áður, þá vantar mikið til, að þær ívilnanir, sem Norðmenn veita um sölu á ísl. saltkjöti, vegi upp á móti þeim hnekki, sem Íslendingar bíða, ef Norðmönnum verða veitt þau fríðindi, sem þeir eiga að fá samkv. þessum samningi. Það saltkjöt, sem tollurinn fæst lækkaður á, er í mesta lagi ½ millj. kr. virði. En síldarframleiðslan, sem á að hnekkja svo mjög með þessum samningi, getur komið til með að skipta mörgum millj. kr., svo að ef um það er að velja, að eyðileggja þessa möguleika ísl. þjóðarinnar til áframhaldandi síldarútgerðar, eða að stöðva sölu á þessum kjöttunnum til Noregs, þá er ekki áhorfsmál, hvort á að velja.

Viðvíkjandi samningaheiðrinum vil ég taka það fram, að ég sé ekki, að Íslendingar verði taldir neitt minni menn, þó að þeir sjái sig um hönd og samþ. ekki það, sem hlýtur að vera þeim til skaða, og það er ekki hægt að segja, að Norðmenn séu beittir neinum óheiðarlegum brögðum, þó að þessir samningar verði ekki samþ. nú. Eins og kunnugt er, þá voru það Norðmenn, sem sögðu upp samningnum frá 1924, en fljótlega samdist svo um, að reyna skyldi að semja af nýju og jafnframt skyldu á meðan gilda þessi ákvæði, sem gilt hafa að undanförnu. Norðmenn höfðu því á sumrinu 1932 öll sömu réttindi til þessa atvinnurekstrar hér við land eins og þeir höfðu samkv. samingnum frá 1924. Það kemur ekki málinu við, þó að þeir notuðu þau ekki, þeir höfðu fullan rétt til að nota þau, ef þeim hefði þóknazt. Jafnframt þessu var af Norðmanna hálfu gengið inn á það, að sama skyldi gilda um sölu á ísl. kjöti til Noregs og gilti eftir samningunum frá 1924. Samningurinn var þannig framlengdur um 2 vertíðir, ef svo mætti að orði kveða.

Þó að ekki verði af framhaldandi samningum, þá má gera ráð fyrir, að hvorugur geti kvartað, því að Norðmenn hafa sín hlunnindi næsta síldveiðatímabil og Íslendingar ívilnanir á kjöttollinum næsta sölutímabil. Hinsvegar má gera ráð fyrir því, að þótt samningarnir verði ekki samþ. á þessu þingi, þá verði fitjað upp á samningum á ný, og þá yrðu aftur framlengd þessi gömlu samningsákvæði frá 1924, svo að undir þeim kringumstæðum hefðu Norðmenn ekki yfir neinu að kvarta, og ég hygg, að ísl. útgerðarmönnum og sjómönnum þætti það einnig miklu betra heldur en að þessi samningur væri nú samþ. Ég held, að ástandið yrði þá mjög svipað því, sem yrði, ef samningurinn yrði samþ., og ef svo færi, að samningar yrðu teknir upp á ný, þá mætti einu gilda, hvor aðferðin yrði höfð, því að vitanlega eru möguleikar til að taka upp samningana aftur á ný.

Ef það er satt, sem fullyrt er, en ég hefi þó ekki heyrt sjálfur, að stj. geri þetta mál að fráfararatriði, þá verð ég að segja, að mér þykir það illa farið. En jafnvel þó að svo sé, að stj. leggi niður völd, ef frv. verður fellt, þá getur það út af fyrir sig ekki fengið mig til að greiða atkv. á móti þeirri sannfæringu minni, að samningarnir séu Íslendingum til hnekkis. Og jafnvel þótt stj. teldi sig skylda til þess formsins vegna að leggja svo mikla áherzlu á framgang þessa máls, að hún verði að segja af sér, ef Alþingi vill ekki samþ. það, þá liggur það í hlutarins eðli, að ekkert er því til fyrirstöðu, að sömu menn skipi þá nýju stj.

Ég sé ekki ástæðu til að segja fleira að

sinni. Ég mun greiða atkv. með málinu til 3. umr., en tæpast lengra.

**Magnús Torfason:** Eins og drepið hefir verið á, þá er nál. ekki fjölskrúðugt um afstöðu n. til þessa máls. Er mér því skylt að gera grein fyrir mínu atkv., og þá ekki síður fyrir það, að það á að heita svo sem ég sé í utanríkismálan., en henni hefir verið dreift við málið. Að því er það snertir, þykist ég ekki bundinn við þennan samning sökum þess að ég hafi átt sæti í utanríkismn. Þetta mál var á döfinni um það leyti, sem ég á annríkast í embætti mínu og þess vegna hafði ég sáralítil afskipti af því. Ég játa, að ég sá uppkastið að samningnum rétt áður en gengið var frá honum og gat athugað það stutta stund, en vitanlega var ekki hægt að fullu að gera sér grein fyrir slíku máli á stuttum fundartíma. Þess vegna þarf því ekkert að binda mig við þetta mál og ég vil halda því fram, að ég sé jafnvel óbundnari heldur en hv. 1. landsk. Ég er bara almennur meðlimur n. og þarf ekki að bera ábyrgð á öðru en mínu atkv., en hv. 1. landsk. er flokksformaður og ber sem slíkum skylda til að kynna sér rækilega öll mál, sem nokkru varða. Ég skal í þessu sambandi lýsa yfir því, að ég er engum böndum bundinn í þessu máli og sérstaklega ekki persónulegum böndum. Það hefir komið fram hér í d. og einn hv. þm. hefir beint lýst yfir því, að þessir samningar myndu öðlast samþykki sökum þess, að annars myndi stj. verða neydd til að segja af sér. Að því er þetta atriði snertir, þá hélt ég, að það væri svo sem ekkert launungarmál, að ég hirti aldrei, hvort þessi stj. sæti lengur eða skemur að völdum, svo að ég þykist hafa ósköp frjálsar hendur í þessu máli hvað það snertir. Og. m. a. s. — ef nokkuð væri — þá væri jafnvel fremur ástæða til að vilja nota þetta mál til þess að losna við stj. og það blátt áfram af flokkslegum ástæðum. Ég þykist standa alveg frjáls og vísa alveg á bug öllum svigurmælum í þá átt. Og ég get gert meira — vísað svigurmælunum heim til föðurhúsanna. Það hefir ekki farið leynt og það hefir a. m. k. verið talsvert um það talað úti í bæ, að af fjórum Jó-Jóum þessarar d., þá sárlangaði þrjú Jó-Jóin í stjórnina. Ég legg ekkert upp úr þessu og trúi, að þetta sé hin argasta lygi, en ef á að fara út í slíkar persónulegar sakir, þá vona ég, að sjáist, að ýmsir geta átt högg í annars garði. Að því er þetta mál snertir, þá get ég ekki heldur kannazt við, að það sé sérstaklega stj., sem ætti að fara frá, ef þessir samningar yrðu ekki samþ. Ég lít svo á, að ef samningarnir yrðu ekki samþ., þá væri eiginlega réttast, að hreint og beint þingrof færi fram og það fyrir þá ástæðu, að ég sé ekki betur en að allt þingið beri ábyrgð á þessum samningum, hvort sem þeir eru góðir eða vondir. Í því efni er það að telja, að mér vitanlega komu engar raddir fram um það, að ekki ætti að semja við Norðmenn, og mér er alls ekki kunnugt um, að nokkur rödd hafi komið fram þess efnis, að ekki mætti semja við Norðmenn á sama grundvelli og samningarnir frá 1924. Ég þykist vera þess alveg viss, að ef Norðmenn eftir viðtali við stj. hefðu tekið aftur uppsögn sína og við það hefði verið látið lenda, þá hefði engin rödd risið upp á móti því á Alþ. Út af þessu hafði stj. ástæðu til að ætla, að ef hún gæti komizt að samningum, sem væru ekki verulega verri en samkomulagið frá 1924, þá myndi hún verða vítalaus. Því hefir einmitt af einum ræðumanni, sem hefir lýst sig mjög andvígan samningunum, verið lýst yfir, að munurinn á þessum samningum og samkomulaginu 1924 væri svo lítill, að það gæti aldrei orðið að neinu deiluatriði. Eins og ég tók fram áðan, þá var utanríkismálan. oftar en einu sinni dreift við þetta mál og orð látin fylgja um það, að það hefði enga þýðingu, þótt samningarnir væru gerðir með ráði utanríkismálan. Þótt það lægi nú nærri að reyna að firra mig ábyrgð og taka þetta gott og gilt, þá get ég ekki gert það, blátt áfram af því, að það er ekki rétt. Utanríkismn. er sjö manna n., jafnmannmörg og fjvn. Hún er skipuð mönnum, kosnum hlutfallskosningum, og hún er eina n. þingsins, sem skipuð er mönnum úr öllum flokkum. Því er ekki nema eðlilegt, að þegar slík n. er í einhverju gerðum stj. samþykk, þá verði litið svo á, að því beri að treysta og megi treysta. Yfirleitt er ekki siður að bera slík mál undir þingin í öðrum löndum, en þau munu jafn-

an vera borin undir utanríkismálan. og stundum undir aðrar n., sem eiga að hafa sérþekkingu á málinu, og lengra komast slík mál venjulega ekki. Það er talið öruggt, ef einróma samþykki slíkrar n. fæst, að málinu sé borgið. Af þessu vænti ég, að það sé ekki alveg þýðingarlaust, að utanríkismálan. hefir fjallað um málið, en þar fyrir vil ég alls ekki segja, að sjálfsagt sé að samþ. samningana fyrir það eitt atriði. Það geta — og þá sérstaklega eftir — komið fram ástæður, sem gera það að verkum, að það teldist skaðlegt fyrir þjóðfélagið eða hagsmuni landsins eins og einn nefndarmanna hefir látið í ljós. En út í það skal ég ekki fara. Hann hefir þar sínar skoðanir og ég mínar. Og ég hefi heldur ekki tóm til að kryfja, á hve réttum rökum slíkt er byggt. En það er ennþá eitt atriði í venju milli ríkja um þessi mál, sem er alveg sérstakt fyrir þetta mál, sem er, að við höfum notið samningsins að nokkru leyti. Á samkomulaginu, sem gert var í sumar, byggðist það, að látið var eins og samningunum hefði ekki verið sagt upp og allt látið standa við hið sama, og það er vitanlega gert í vændum þess, að samningurinn yrði samþ. seinna. Annars hefðum við áreiðanlega ekki notið þessa samnings í sumar, eins og farið hefir fram. Ég ætla ekkert að fara út í það, hve mikla hagsmuni Norðmenn hafi haft af því eða á hvorn hafi hallazt. Mér er þetta nóg, að raunverulega höfum við lifað síðasta sumar og til þessa dags eins og það væri fulltryggt, að samningarnir yrðu staðfestir. M. ö. o. við höfum étið okkur inn í vistina. Og þetta atriði er svo þungt á metum, að við, sem verðum að gjalda varhuga við því að brjóta ekki á nokkurn hátt í bág við alþjóðareglur um viðskiptahætti milli þjóða, höfum þarna alveg sérstaka ástæðu til að láta málið ekki veslast út af í höndunum á okkur.

Ég gæti nú látið þetta nægja, sérstaklega með skírskotun til þess, að samkv. minni aðstöðu í þinginu og með tilliti til þeirra, sem ég er fulltrúi fyrir, þá eru samningarnir sæmilegir, svo að mér eða mínum flokki ber ekki sérstaklega að vera þeim andvígur. En ég vil þó fara nokkrum orðum um eitt atriði, sem talsvert hefir verið talað um, og það ekki af fullum skilningi, að mér hefir virzt. Því hefir verið haldið fram hér, að menn hefðu verið ánægðir með samningana 1924. Ég hygg, að þetta sé alls ekki rétt. Ég veit að vísu, að til voru menn í þinginu, sem voru ánægðir með þá, en yfirleitt held ég, að menn hafi verið sáróánægðir, þótt ekki bæri mjög á því. Og til þess voru þau rök, að bæði fráfarandi stj. og aðkomandi stj. áttu þar hlut í, og þá vill oft verða svo, að ekki beri eins mikið á óánægju sem elli myndi. En víst er, að óánægjan var talsverð, og sú óánægja átti sér langar og djúpar rætur. Hún átti sér það langar rætur, að þær ná allt til þess tíma, er Norðmenn fóru fyrst að stunda veiðiskap hér við land. Það hefir jafnan verið óánægja yfir yfirgangi Norðmanna frá því fyrsta og það ekki að ófyrirsynju, því að það er vitanlegt, að Norðmenn hafa brotið flest ákvæði í fiskveiðalöggjöfinni og jafnvel fleiri lagareglur fyrr og síðar og hafa vaðið hér uppi. Út af þessu var óánægja mikil, en samt fór það svo, að landsmenn risu aldrei þar öndverðir á móti af neinum krafti. Ef við minnumst á hvalveiðarnar, þá vitum við, að þeim veiðiskap létti ekki af fyrr en síðasti hvalurinn var drepinn norður undir Kolbeinsey. Þá fyrst fengum við því framgengt, að bundinn var endir á hvalveiðar þeirra hér við land. Við vitum um síldveiðarnar, að yfirgangurinn var afskaplega mikill og keyrði fram úr hófi í þeim efnum. Þarf ekki annað en minna á, að gæzluskipið „Gunna“ tók á mánaðartíma 28 síldveiðiskip á Eyjafirði. Allt var þetta þolað. Óánægjuraddir komu að vísu fram hvað eftir annað, en þó var ekkert verulegt gert fyrr en þjóðin fékk sjálfstæði sitt viðurkennt. Þá er loks farið að hugsa um þessi mál, og þá er fiskiveiðalöggjöfin sett, til þess að lagfæra misbrestina. Það má segja, að fiskiveiðalögin séu góð og gild í alla staði, og þar er fylgt fornum og nú viðurkenndum landsréttindum. En svo gerist það undur skömmu fyrir 1924, að farið er að slaka á og hverfa frá ýmsum ákvæðum þessara laga, og útaf því reis óánægja, sérstaklega frá hálfu þeirra manna, sem unnu sjálfstæði landsins og vildu ekki láta traðka á réttindum þjóð-

arinnar. Síðan hefir borið talsvert á yfirgangi Norðmanna. En ágang þennan allan höfum við þolað vegna þess að atburðum Norðmanna fylgdi mikil vinna fyrir landslýðinn, og tekjur í landssjóð, enda þótt ýmislegt hafi verið gert til þess að minnka hann, auk fiskiveiðalaganna.

Við höfum t. d. beitt ýmsum öðrum ráðum til þess að sporna við yfirgangi þeirra, t. d. með bættri strandgæzlu og byggingu síldarbræðslustöðvar. Ríkið og einstakir menn hafa stofnað og starfrækt síldarbræðslustöðvar. Og þetta hefir allt hnigið í þá átt að gera okkur sjálfstæðari í síldarútveginum gagnvart útlendingum og til að styðja að því, að við séum ekkert upp á þá komnir í þeirri atvinnugrein. Þetta langlundargeð þjóðarinnar áður en hún fór að reka þennan atvinnuveg, stafaði ekki af því, að hún hafi ekki viljað losna undan oki Norðmanna, heldur af hinu, að það þurfti á fleira að líta í viðskiptunum við þá. En nú er það enn augljósara, eftir að síldarútvegurinn er orðinn sjálfstæður atvinnuvegur hér á landi, að þá þykjumst við síður þurfa að líta til annarar handar. Hinsvegar þurfum við að sjá svo um, að þessum atvinnuvegi verði ekki traðkað til hnekkis og þá sízt af útlendingum. Það er okkur skylt, og er því sjálfsagt að gera það eins og efni standa til. Fyrir mitt leyti get ég sagt það, að ég óska einskis fremur en að við getum orðið algerlega frjálsir um okkar athafnir og lausir við öll nauðaviðskipti við Norðmenn. En vegna þess hvernig þetta mál er tilkomið, og að við höfum étið okkur inn í vistina hjá Norðmönnum, ef svo mætti segja, þá álít ég óráðlegt að staðfesta ekki þennan samning. Það eru líka mjög skiptar skoðanir um, hvaða ógagn okkur stafar af þessum samningi. En ef hinsvegar hinir illu spádómar um afleiðingarnar af samningnum rætast, þá er ég ekki í neinum vafa um, að þjóðin öll tekur rögg á sig. Og það er ekki einskisvert í slíku stórmáli sem þessu, að þjóðin öll verði á einu máli. En það gerist ekki nema einhver reynsla fáist af samningnum. Ég veit ekki til, að nokkurntíma hafi tekizt að stofna til samtakabyltingar, nema raun hafi á undan gengið. Það hefir ekki tekizt að knýja fram samtakamátt einnar þjóðar, nema að undangengnum raunum, sem hafa þrýst henni til þess. Á annan hátt er ekki hægt að fá þjóðina til þess að rísa samhuga á móti kröfum Norðmanna í þessum efnum. Þess vegna mun það greiða meira fyrir síldarútveginum, að þessi samningur verði reyndur. Ég skal játa, að út frá því, sem ég nú hefi sagt, þá er þessi samningur fullkominn nauðasamningur, og það verða yfirleitt allir samningar við Norðmenn, meðan við erum knúðir til við þá að semja. Þess vegna ættum við sem fyrst að reyna að komast hjá því, ef unnt er. En ég treysti mér ekki til að standa á móti þessum samningi nú. Og um samninginn má raunar segja, að fátt er svo með öllu illt, að ekki fylgi nokkuð gott. Mótstaðan gegn þessum samningi hlýtur að orka því, að landsmenn leggist nú allir á eina sveif um það, að gera þjóðina frjálsa í viðskiptunum við Norðmenn. Og ég óska einskis fremur en að svo verði. Því að fyrir mínum sjónum er það alltaf blettur á sjálfstæði þjóðarinnar, hvað við höfum orðið að þola öðrum þjóðum í viðskiptum, langt fram yfir það, sem þær láta bjóða sér.

Að síðustu vil ég svo aðeins mótmæla því, að það sé hægara að samþ. samninginn heldur en að fella hann. Það á aðeins við um aðstöðuna hér í þinginu, eins og um hvert annað mál. En hér er á fleira að líta, og þá sérstaklega aðstöðuna gagnvart öðrum þjóðum. Og ég vil ljúka máli mínu með því, sem ég hefi áður tekið fram, að það er mörgum sinnum hægara að segja samningnum upp fljótlega aftur heldur en að fella hann nú.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég verð að segja, að ég undrast það mjög, hvað þessi samningur hefir verið hártogaður í umr. hér í þinginu. Og ég minnist þess ekki, að slíkri aðferð hafi áður verið beitt á Alþingi nema um ritsímasamninginn 1905 og sambandslagauppkastið 1908. Venjulega fer það svo, að þegar gripið er svona hörðum tökum á einhverju máli, þá virðist ekki unnt að fá neinar ástæður teknar til greina. Mótstöðumenn málsins þykjast þá ekkert atriði finna, sem ekki megi eitthvað setja út á. Sem dæmi um það, hversu

smámunalega er hér farið í sakirnar, skal ég benda á það, sem hv. 2. landsk. fann að þýðingunni á samningnum, þar sem hann þóttist finna ósamræmi á milli íslenzka og norska textans. En út í það skal ég ekki fara, af því að hæstv. forsrh. hefir svarað því svo greinilega og sýnt, að þessi gagnrýni hv. þm. hefir ekki við nein rök að styðjast. Annars var það aðalþátturinn í ræðu hv. 2. landsk., að lesa upp grein úr Morgunbl. frá 1924, sem ég hygg, að hv. núv. þm. G.-K. hafi skrifað. Hv. 2. landsk. hefir víst þótt bera vel í veiði að minna á þessa grein, af því að hv. þm. G.-K. er nokkuð riðinn við þessa samninga nú og hefir mælt með þeim. En ég vil benda hv. 2. landsk. á, að þegar þessi grein var skrifuð, þá lágu fyrir mjög ýtarlegar og víðtækar kröfur frá Norðmönnum, sem engum gat komið til hugar að ganga að, enda urðu þeir að falla frá þeim. Það má líka segja um kröfur Norðmanna nú, áður en gengið var til þessara samninga, að þær voru miklu frekari en samkomulag varð um á milli samningsaðila að lokum. Ég get því ekki betur séð en að hv. þm. G.-K. hafi verið fullkomlega samkvæmur sjálfum sér í þessu máli, og að afstaða hans sé hin sama nú og hún var 1924. Norðmenn gerðu kröfur til þess 1924 að fá að salta síld hér í landi og yfirleitt að nota aðstöðu til síldveiða hér við land eins og þeim þóknaðist. En eins og allir vita, þá er Norðmönnum það alls ekki heimilt, hvorki samkv. samningunum frá 1924 né þeim, sem hér liggja nú fyrir til samþykktar. En þó að engir samningar hefðu verið gerðir við Norðmenn um þessi efni, þá verður að hafa það í huga, að þeir hafa hér nokkur réttindi samkv. fiskveiðalögunum. Og það vill nú ennfremur svo til, að samkv. stjórnarráðsbréfi frá 1922 er það ljóst, að það hefir ekki verið tilgangurinn að meina þeim algerlega að selja síld hér í land. Þetta bréf hefir svo oft verið dregið hér inn í umr. um þetta mál, að ég sé ekki ástæðu til að fara lengra út í það. En það er eins og ýmsir hv. þm. líti svo á, að Norðmenn hefðu hér engin slík réttindi, ef enginn kjöttollssamningur hefði verið gerður við þá.

Það er að vísu rétt, að með nýrri tollalöggjöf er hægt að gera þeim þessi réttindi lítils virði. En á síðasta þingi bólaði ekkert á því hjá neinum hv. þm., að þeir vildu, að hafið yrði tollstríð við Norðmenn. Og ég hygg, að þá hafi enginn búizt við því, að hægt yrði að komast að betri samningum við Norðmenn nú en 1924.

Ég er viss um, að það er hárrétt, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, að þingið í fyrra hefði tekið því með þökkum, ef samningarnir frá 1924 hefðu verið endurnýjaðir. Nú er það viðurkennt, jafnvel af þeim, sem hafa lýst því yfir, að þeir ætluðu að vera á móti þessum samningum, að þar sé ekki gengið verulega lengra um afslátt til Norðmanna heldur en í samningunum frá 1924. Í sumum atriðum mun vera farið nokkru lengra, en aftur á móti skemmra í öðrum. Og þá virðist mér nokkuð hæpin aðstaða þeirra þm., sem ætla að vera á móti þessum samningi, en hafa þó enga óánægju látið á sér heyra áður um samningskjörin frá 1924.

Hv. 2. landsk. þótti það mjög illa farið, hve mikil hlunnindi norsku síldarverksmiðjurnar á Norðurlandi fengju með þessum samningi. En ekki var það uppi á teningnum hjá honum á síðastl. sumri, þegar útlit var fyrir, að þessar verksmiðjur yrðu ekki reknar. Þá var uppi fótur og fit í flokki hv. þm. til þess að fá Norðmenn til að starfrækja verksmiðjurnar og veita verkalýðnum atvinnu. Og það er ekki mikill munur á því samkv. þessum samningi frá því, sem áður var, hve mikilli síld veiddri af Norðmönnum, verksmiðjurnar mega veita móttöku. En mér er spurn. Hvað átti stjórnin að gera við þær 8—11 þús. kjöttunnur, sem Íslendingar þurftu að fá markað fyrir síðastl. haust, ef ekki hefði verið samið við Norðmenn. Það er hægt að segja, að stj. hefði átt að kaupa saltkjötið. En fyrst og fremst er því að svara, að til þess hafði hún enga heimild frá þinginu, og í öðru lagi er það ekki svo, að ríkissjóður vaði í peningum. Hv. þm. Hafnf. sagði, að það hefði verið auðvelt að hjálpa bændum fram úr þessum vanda. En ég hygg, að það geti reynzt nokkuð erfitt á þessum tímum að leysa úr því, sem minna er. Og þó að ekki sé meira en að kaupa 8—10 þús. tunnur af saltkjöti til

þess að eyðleggja það, gæti það orðið dýrt spaug. Því að ef þetta kjöt ætti að bætast við til sölu á innlendum markaði, þá mundi það verða til þess að fella verðið stórkostlega og eyðileggja sölumöguleika fyrir hinn hlutann af kjötframleiðslunni. Ef ég hefi skilið hv. þm. Hafnf. rétt, þá virtist mér hann ekki vilja telja þennan samning lakari fyrir okkur en samninginn frá 1924. En sá samningur taldi hann, að hefði verið mjög slæmur, sérstaklega af því að hann hefði leitt til þess, að síldareinkasalan var stofnuð. Ég get tekið undir það með hv. þm., að þessi samningur sé ekki verri en hinn. En þó að samningurinn frá 1924 hafi máske verið orsök þess, að síldareinkasalan var stofnuð, þá ber einnig að gæta þess, að síldareinkasalan var afnumin á meðan sá samningur var í gildi. Og ég get því ekki séð neinar sérstakar líkur fyrir því, að það verði ástæða til að endurnýja síldareinkasöluna, þrátt fyrir þessa samninga. Þó að hv. þm. geri mikið úr leppmennskunni hér á landi, þá hygg ég, að hún þurfi ekki að verða meiri en samningurinn frá 1924 gaf tilefni til, og að því hefir ekki verið fundið sérstaklega fyrr en nú.

Þá hefir mikið verið um það talað, að erfiðara yrði að verja landhelgina eftir að þessi samningur væri genginn í gildi, og mun það vera byggt á ákvæðum í 12. gr. samningsins. En ég hygg, að það sé ekki hægt að færa gild rök fyrir því. Í þeim efnum er fylgt lögfestum reglum, sem gilda undantekningarlaust, a. m. k. þegar um togara er að ræða. Og það má enginn láta sér detta í hug þá firru, að hægt sé fyrir okkur að forðast öll viðskipti við Norðmenn eða aðrar þjóðir, þó að ekki séu gerðir við þá sérstakir samningar. Það vita þó allir, að til eru reglur samkv. alþjóðarétti, sem fyrirskipa vingjarnleg skipti á milli þjóða, jafnvel þó að um enga samninga sé að ræða þeirra á milli.

Það er annars ákaflega undarlegt, að þeir hv. þm., sem hæst hafa talað um það, hvað samningurinn frá 1924 hafi verið óhagstæður og slæmur, skyldu ekki koma auga á það á þinginu í fyrra og krefjast þess, að honum yrði sagt upp. Það er furða, segi ég, að þeir skuli ekki hafa komið auga á þetta fyrr en nú, er þessi samningur kemur til umr.

Það er rétt, sem hv. þm. Reykv. tók fram, að aðstaðan hefir að sumu leyti breytzt fyrir síldarútveginum síðan í fyrra, að því er snertir sölu á síld til Póllands og Þýzkalands. En ég er ákaflega hræddur um, eftir ýmsum sólarmerkjum að dæma, að markaður fyrir ísl. síld sé ekki tryggur í Þýzkalandi, og jafnvel ekki heldur í Póllandi, en um það skal ég ekkert fullyrða. En aðstaða okkar Íslendinga um sölu á kjöti til Bretlands hefir líka breytzt til stórra muna frá því í fyrra. Samkv. ákvæðum Ottawasamninganna megum við fullkomlega búast við, að við fáum ekki leyfi til að flytja til Bretlands nærri því eins mikið af kjöti og undanfarin ár. Og ef það verður ekki nema tiltölulega lítið, þá álít ég, að það sé nokkuð hæpið, að ætla þar á ofan að loka fyrir alla kjötsölumöguleika til Noregs, sem þó standa óneitanlega til boða samkv. þessum samningi. Ég veit ekki, hvað þeir hv. þm. hugsa um lífsmöguleika landbúnaðarins, sem vilja greiða atkv. gegn þessum samningi, hafandi það fyrir augum, að það getur farið svo, að kjötútflutningur okkar til Breta verði stórkostlega takmarkaður frá því sem nú er. Hvað á þá að verða um íslenzka landbúnaðinn? Hann yrði sýnilega dauðadæmdur, og þá er mikið í húfi. Þó að sumir telji, að hér sé ekki um mikla fjárupphæð að ræða, þá vil ég samt spyrja: Hvað á að gera við allan þann fjölda bænda, sem framleiða þessar 8—10 þús. tunnur af saltkjöti? Einhversstaðar verða þeir að vera. Og þeir hafa engan annan möguleika til þess að koma kjöti sínu í verð heldur en þennan eina í Noregi. Sennilega dettur engum það ráð í hug, að ríkið kaupi kjötið af bændum til þess að eyðileggja það. Hið eina, sem vit væri í, er að leita eitthvað annað fyrir sér um sölu á kjötinu. En ég hefi sýnt fram á, að í því efni muni vera þröngt fyrum dyrum. Mér finnst það satt að segja hið mesta glapræði að loka nokkrum möguleika fyrir markaði handa ísl. vörum nú á þessum erfiðu tímum. Allar þjóðir loka nú meir og meir fyrir innflutning til sín, sérstaklega á landbúnaðarafurðum, og þess vegna álít ég það al-

veg óforsvaranlegt af þinginu að loka fyrir sölumöguleikum á 8—10 þús. tunnum af kjöti árlega. Sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að hér er ekki um bindandi samning að ræða, nema til eins árs, og að hægt er að segja samningnum upp með 6 mán. fyrirvara. Þess vegna er hér svo sáralítið í húfi, þó að samningurinn verði samþ. Það er hægt að hafa mikið gagn af honum næsta ár meðan við erum í óvissu um, hvað hægt verður að selja mikið af kjöti til Bretlands. Ef við fáum nægilega rúman markað þar, sem litlar líkur eru til, þá getum við losað okkur við samninginn. Þá er það trú mín, að þessir samningar standi lengur en 1 ár, því að ég geri ráð fyrir, að það taki nokkur ár að undirbúa svo hér heima, að við þurfum ekki að flytja saltkjöt til útlanda. Fyrri hygg ég ekki, að við þorum að losa okkur algerlega við þennan norska markað, því vitaskuld er það aðalatriðið í þessu máli, að við verðum að búast við því, að markaðurinn í Englandi verði þrengdur, og þess vegna er það alveg sérstaklega óhyggilegt að loka þessum ekki litla möguleika í Noregi.

Út af orðum hv. 2. þm. Árn. þarf ég ekki mikið að segja. Hann hallaðist að því að samþ. þessa samninga, en taldi þá þó nauðasamninga. Það eru þeir að því leyti, að við vildum auðvitað hafa þá öðruvísi, en eftir því eru allir samningar, sem þjóðir gera sín á milli, a. m. k. nú á dögum, tómir nauðasamningar, en nauðasamningar eru þeir ekki a. m. k. að því leyti, að stj. hafi sett nokkurt band á þingið í þessu efni. Það getur verið og er algerlega frjálst, hvað það gerir, en umboð til að semja hafði stj. auðvitað.

Það er náttúrlega í mínum augum versti gallinn á þessum samningum, að árlega minnkar það kjötmagn, sem við megum flytja til Noregs. Ég skal ekki látast vera neinn spámaður, en trúað gæti ég því, að þegar við segjum upp samningi þessum, þá verði það af því, að okkur þykir of lítið, sem við fáum að flytja með hinum lækkaða tolli til Noregs, og þá geri ég mér vonir um, að Norðmenn fáist til að hækka þá tunnutölu, sem við megum flytja til Noregs, því að þó að þeir séu sjálfir að auka sína framleiðslu, þá er það svo um þetta ísl. kjöt þar, að það er fæða, sem viss hluti þjóðarinnar heldur mikið af og þykir góð og ég hefi sjálfur séð það í búðum í Noregi, að ísl. saltkjöt hefir verið selt svipuðu verði eins og norskt kjöt nýtt.

**Jón Baldvinsson:** Ég ætla að víkja örfáum orðum að hæstv. dómsmrh., sem talaði nú síðast, og þeim orðum, sem hann beindi til mín út af umr. í dag. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að hann hefði aldrei orðið var við eins miklar hártoganir í nokkru máli eins og út af þessum samningi. Hæstv. ráðh. verður að þola það, að samningurinn og orðalag hans sé „kritiserað", því að þetta er áreiðanlega mikilsvert mál, og það skín út úr hverri setningu hjá honum, hversu þýðingarmikið mál hann telur þetta vera, og þá er ekki nema eðlilegt, að því stærri sem málin eru, því meiri gagnrýni séu þau undirorpin. Hæstv. ráðh. taldi, að mínar aðfinnslur hafi ekki verið aðrar, en að lesa upp grein úr Morgunblaðinu eftir Ólaf Thors, sem hefði deilt á tilslakanir við Norðmenn 1924. Hæstv. ráðh. sagði, að þá hafi staðið öðruvísi á. Þá hafi verið gerðar kröfur af Norðmanna hálfu um miklar ívilnanir á fiskiveiðalöggjöfinni og við það hefði greinin verið miðuð. Það, sem ég las upp hér í dag, er ekki miðað við þær kröfur, sem Norðmenn gerðu þá, heldur er það almennt um fiskiveiðalöggjöfina og almennt um að slaka í engu til við Norðmenn. M. a. s. notar greinarhöf. sem fyrirsögn á einn kafla sinn „Slökum í engu til". Þessi grein á eins og ekki síður við samning þann, sem nú liggur hér fyrir, og að því leyti frekar, sem lengra er gengið í þessum samningi en samkomulaginu frá 1924. — Hæstv. ráðh. sagði, að eftir fiskveiðalöggjöfinni væru Norðmenn ekki réttlausir. Það er satt; þeir hafa vissan rétt til að selja lítilsháttar í land, en um það er sérstakt stjórnarráðsbréf frá 1924, sem um var deilt á sínum tíma og þingið var ekki á einu máli um skilning á því. Þær heimildir, sem eftir því fást, eru svo miklu minni en eftir samkomulaginu frá 1924 og sem verða samkv. samningi þeim, sem hér liggur fyrir, að þegar hæstv. ráðh. og aðrir fylgismenn samningsins eru að

tala um, að í sumum atriðum sé farið skemmra en 1924 og í sumum lengra, þá eru þeir að reyna að slá með þessu ryki í augu almennings, að þetta sé aðeins ofurlítil tilfærsla, því að sannleikurinn er sá, að í samningnum, sem hér liggur fyrir, eru í verulegum atriðum rýmkuð réttindi Norðmanna frá samkomulaginu 1924, en í óverulegum atriðum þrengd. Það er sá mikli munur. Hæstv. ráðh. spurði í sinni ræðu, hvað stj. hefði átt að gera á síðastl. hausti, ef ekki hefðu verið líkur til, að samkomulag næðist, hvort hún hefði átt að kaupa kjötið, en til þess vantaði hana heimild, sagði hæstv. ráðh. Það er sennilega rétt, að í l. var ekki heimild til þess, en ef hæstv. ráðh. grandskoðar huga sinn og hæstv. ráðherrar athuga sinn gang, munu þeir sjá, að þeir hafi gert eitthvað til útgjalda fyrir ríkissjóð, sem þá vantaði heimild til og þarf ekki annað en að benda á hin stórkostlegu útgjöld til ríkislögreglunnar, sem nema vænni sneið af andvirði þess kjöts, sem þeir hefðu þurft að kaupa á síðastl. hausti, því að allt saltkjöt frá síðastl. hausti er selt. Menn ganga nú hér í Rvík á milli búðanna og biðja um saltkjöt, en það fæst hvergi. Það, sem út var flutt af framleiðslu síðastl. árs, munu hafa verið liðugar 6 þús. tn., og nú er kjötlaust hér á landi. Ég vil ekki segja, að allt myndi hafa selzt, ef ekkert hefði verið flutt út, en mikið hefði selzt, og hefði það ekki haft nein veruleg áhrif á verðið; en það er rétt að taka það fram strax, að það er ekki víst, að öll haust sé eins lítið kjöt til útflutnings eins og síðastl. haust, og það sem út var flutt á síðastl. hausti var ekki það mikið, að stj. hefði ekki ráðið við að kaupa það upp og haft eins góða heimild til að gera það eins og að eyða fé í ríkislögregluna. Hæstv. ráðh. játaði, að aðstaðan hefði breytzt síðan á síðastl. ári og sérstaklega gagnvart Bretlandi. Þetta er rétt; nú er þar takmarkaður innflutningur á kjöti. En athugar hann þá, að í samningnum, sem hér liggur fyrir, og hann játaði, að væri ókostur samningsins, að við erum sjálfir að takmarka innflutning okkar til Noregs? (**Dómsmrh.**: Við sjálfir?). Ég man ekki betur en að ég hafi séð í einhverri skýrslu um kjöttollsmálið, að þetta hafi komið frá Íslendingum, því að það mundi fara svo að lokum, að við þyrftum ekki á neinum saltkjötsmarkaði að halda. Þetta er einn höfuðókostur samningsins, að okkar réttindi fara minnkandi, en réttindi Norðmanna haldast áfram, svo lengi sem samningurinn gildir. Norðmenn fara verr með okkur Íslendinga en með aðrar viðskiptaþjóðir sínar, vegna þess að tollurinn á ísl. saltkjötinu er hærri miðað við verð, af því að hann er þungatollur, en á öðrum dýrari kjötteg., sem aðrar þjóðir flytja inn, og þó höfum við mjög góða aðstöðu gagnvart Norðmönnum. Ég veit ekki annað en að til skamms tíma hafi alls ekki verið amazt við því, að norskir kaupmenn gengu hér á milli verstöðvanna og keyptu fisk eða lýsi og hefðu allt eftir sinni hentisemi. Þeir hafa strandferðir hér við land, og ég skal ekki segja nema það kunni að vera landsmönnum að gagni. Þeir hafa megnið af flutningum frá landinu, h. u. b. allan fisk; auk þess kaupa Íslendingar meira af Norðmönnum af vörum en þeir selja til Noregs, síðustu árin svo skiptir þó nokkrum milljónum. Auk þess er nokkuð af því, sem við seljum til Noregs, aðeins umboðsvara, sem seld er annaðhvort til Ameríku eða Þýzkalands, svo sem fiskimjölið og lýsið, sem Norðmenn selja til stóru verzlunarhringanna í Þýzkalandi eða Ameríku. Að þessu leyti ættum við að standa vel að vígi gagnvart Norðmönnum. Svo er í þriðja lagi það, sem vel mætti athuga, að ég sé ekki, að okkur sé lífsspursmál að semja við Norðmenn, því að þeir hafa svo mikilla hagsmuna að gæta hér, að þeir hljóta að vilja veita okkur betri rétt en að farið sé í tollstríð milli landanna; en ég játa, að til eru þær þjóðir, sem okkur er lífsnauðsyn að semja við, en í þeirra tölu eru ekki Norðmenn.

Hæstv. forsrh. talaði hér í dag og játaði nú, að ónákvæmni væri í þýðingunni á samningnum. Ég hirði ekki að fara út í hugleiðingar hans um rétt stj. til að gera þessa samninga og skyldu þingsins, en ég ætla að víkja að því, sem snertir þýðinguna. Hæstv. ráðh. varð að játa, að þetta væri ekki orðrétt þýtt og að það væri ónákvæmni í þýðingu á einni þeirri grein, sem ég las upp, 13. gr. Það játaði

hann. Ég býst við, að slíkur samningur sem þessi verði togaður eins og hrátt skinn milli þeirra aðilja, sem eftir honum eiga að fara, og sérstaklega af því að það er svo margbreytilegt, sem Norðmenn hafa við okkur að skipta eftir samningnum, þá er sennilegt, að þeir togi samninginn meira en við, og þá er leiðinlegt, að í slíku skjali skuli stj. ganga inn á, að íslenzki textinn sé ekki orðrétt þýddur og að það sé ónákvæmni í þýðingunni. Þá lýsti hæstv. ráðh., hvernig þessi texti hefði orðið til. Samningsuppkastið er gert í Noregi. Síðan er samningurinn sendur hingað heim og hér er hann þýddur á íslenzku og sendur til Noregs til athugunar og undirskriftar. Þetta þýðir, að það er norski textinn, sem fyrst er gerður og íslenzka þýðingin síðan byggð á honum. Norðmenn mundu þá sjálfsagt telja það alveg víst, að það sé norski textinn, sem ræður, ef ágreiningur verður um, hvernig skilja beri hina mismunandi texta samningsins. Ég minntist raunar á það í dag, að það er dálítið skiljanlegt, af því Íslendingar stóðu það betur að vígi, að þeir skildu norskuna, en Norðmennirnir skildu ekki íslenzkuna.

Hæstv. ráðh. sagði, að þessir samningar gætu ekki verið mér alvörumál, úr því að ég væri að fara út í aðra eins smámuni eins og þýðinguna. Það er nú svo, að við þrjár umr. í Nd. og eina umr. hér í Ed. er búið að ræða rækilega um kosti og ókosti samninganna, hvaða áhrif þeir hefðu á atvinnuhætti Íslendinga, og þá álít ég, að það sé rétt, að við einhverja umr. sé líka rædd sú formlega hlið málsins og ekki sízt við 2. umr., þegar þingsköp gera beinlínis ráð fyrir því, að rætt sé um einstakar greinar, orðalag þeirra og efni.

Þá talaði hv. 1. þm. Reykv. um samningana, og hafa þeir þá allir talað, nefndarmennirnir, og gert grein fyrir sinni afstöðu til samninganna, en hafa farið í nokkuð svipaða átt og í nál., sem þeir sendu okkur hér í d. Hv. 1. þm. Reykv. var að afsaka starf n. og sagði, að það væri hlutverk nefndar að athuga formhlið málanna og grandskoða, hvort þau kæmu í bága við önnur l. Yfirleitt virðist eftir ummælum hans, að n. hafi eingöngu athugað formshlið málsins, en hún hafi ekki minnzt á efni samningsins, sem er þó aðalatriðið í þessu máli, og hvaða áhrif þessi löggjöf hefði á atvinnuvegi landsmanna. Það var það, sem mér fannst að n. hefði fyrst og fremst átt að athuga, en það hefir n. vendilega forðast. Mér finnst sannast að segja, að n. hafi heldur ekki athugað formhlið málsins, úr því að hún hefir ekki einu sinni komið auga á þá ónákvæmni, sem er í íslenzka textanum, miðað við þann norska. Það lítur ekki út fyrir, að n. hafi athugað þetta, eða kannske á þetta allt að felast í þessu nál., þar sem segir, að það sé ekkert við samninginn að gera annað en að fella hann eða samþ.

Þá var hv. 1. þm. Reykv. með ónot og snuprur til hv. 2. þm. Reykv., sem ekki á sæti í þessari hv. d. og getur ekki svarað fyrir sig, fyrir að hafa vakið öldu gegn þessu frv. Hann hefði komið af stað heiftúðlegum andmælum gegn frv. eftir að hafa í utanríkismálanefnd samþ. samninginn eða a. m. k. látið hann ganga fram athugasemdalaust. Ég hlustaði á umr. í Nd. um daginn, og ég heyrði hv. 2. þm. Reykv. segja frá því, sem hann hefir endurtekið við mig í kvöld, að hann hefði gert ágreining á fundi, þegar samningurinn lá fyrir, um einstök atriði samningsins, og þegar hv. þm. G.-K. spurði hann á þeim fundi, hvort hann mundi greiða atkv. með samningnum, sagðist hann engu lofa um það. Hann myndi bera sig saman við sína flokksstjórn. Það var gert ráð fyrir, að þetta myndi verða stjfrv. og myndi koma fram á öndverðu þingi. Svo leið og beið og þá gerði stj. Alþýðusambands Íslands þá ályktun, að þessi samningur skyldi birtur, til þess að menn fengju tækifæri til að sjá hann áður en hann væri lagður fram til samþykktar. Það hefir sýnt sig, að það var ekki að ófyrirsynju gert. Hvaðanæfa hafa borizt andmæli gegn samningnum, fyrst og fremst frá þeim stéttum, sem eftirgjöfin á fiskiveiðalöggjöfinni bitnar á, sjómannastéttinni og útvegsmönnum, er stunda síldveiði. Þaðan hafa komið mjög ákveðin og eindregin mótmæli gegn því að samþ. þennan samning. Ég skil sannast að segja ekki, hvað hv. þm. (JakM) á við með því að láta þennan samning

ganga í gegnum „rólega athugun á venjulegan hátt“, eins og hv. 1. þm. Reykv. orðaði það. Mér skilst, að hann meini með því, að stj. hefði ekki átt að segja neinum utanþings frá þessum samningi, heldur hefði hún átt að leggja frv. fram á leynifundi til að láta samþ. það eða fella. Það er gefið, að hefði það verið gert á leynifundi, þá hefði lítið heyrzt utan að, hvernig menn tækju þessum samningi; svo að það er það, sem hv. 1. þm. Reykv. harmar, að það skyldi ekki vera hægt að afgreiða þennan samning á lokuðum fundi, því að þá þurfti hann ekki að gera kjósendunum grein fyrir afstöðu sinni til málsins. — Hv. 1. þm. Reykv. tók fram öll rök fyrir því, að þessi samningur ætti að samþykkjast. Hann sagði, að ef þetta hefði verið borið undir þingið í fyrra, hefði það verið samþ. í einu hlj. Það er hægt að segja það eftir á, en ekki er líklegt, að stj. hefði fengið heimild til að bjóða það, sem felst í þessum samningi. Hann vildi ekki halda í samninginn, þó að honum þætti vænt um stj., og það, sem hann sagði um samninginn og honum til andmæla, var, að síldarútvegurinn í fyrra undir frjálsu fyrirkomulagi hefði gefið vonir um, að nú myndi fara að rætast úr fyrir mönnum og gefið bjartari vonir um framtíðina en verið hefði meðan síldareinkasalan var. Þetta frjálsa fyrirkomulag var áður en síldareinkasalan kom, og hvernig var því lýst af þeim mönnum, sem aðallega hafa haft forgöngu í síldarútgerðinni eins og Birni Líndal og Ólafi Thors, þegar þeir á þinginu 1926 komu með frv. um lögbundin félagsskap til þess að selja síldina? Á þessu þingi lýsti Björn heit. Líndal þessu þannig, að það hefði verið vont í hitteðfyrra, það hefði verið verra í fyrra og liti út fyrir að fara versnandi hjá síldarútveginum, vegna hinnar taumlausu samkeppni, sem eyðilegði verðið og markaðinn. Alveg það sama hefir verið í fiskverzluninni. Það var svo komið á síðastl. ári, að framleiðendur og fiskútflytjendur, þeir, sem mest hafa talað fyrir frjálsri samkeppni í allri verzlun, hafa komið sér saman um og fengið til þess opinberan stuðning, að þvinga alla landsmenn undir eitt samlag til þess að geta ráðið framboðinu og til þess að geta haft hönd í bagga með verðinu. Hv. þm. G.-K. þurfti m. a. s. meðan hann var ráðh. á jólaföstunni, að gefa út ein bráðabirgðal. til þess að tryggja þennan félagsskap. Það eru þess vegna líkur fyrir því, að síldarútvegsmenn muni framvegis, þrátt fyrir það, hvernig fór um síldareinkasöluna, koma til löggjafans og biðja um stuðning, til þess að geta haft einhverjar reglur um sölu á síldarafurðunum.

Þó að þeir samningar, sem nú liggja fyrir, verði samþ., þá megum við Íslendingar að vísu koma á skipulagi um sölu á síldarafurðum, en ef Norðmenn telja það skerðingu á sínum réttindum, þá segja þeir upp samningnum. Þeir fá aukin réttindi nú miðað við samningana 1924, en okkar réttur fer minnkandi. Þá held ég, að það hafi verið hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Árn., sem báðir vildu halda því fram, að fyrir þessa samninga eða samkomulag, sem gert var á síðastl. hausti, hefðum við getað selt kjöt til Noregs.

Hv. 1. þm. Reykv. tók það réttilega fram, að Norðmenn höfðu sín réttindi óskert í sumar við síldveiðarnar. Það var það, sem ég álít, að hafi verið höfuðvillan hjá hæstv. forsrh. og þeim, sem að þessum samningi stóðu frá Íslands hálfu, að þeir skyldu ekki beinlínis kúga Norðmenn til þess að ganga inn á samninga áður en þeim voru veitt réttindi til að nota þessa ívilnun sumarið 1932. Þegar þeir höfðu fengið þessi réttindi, þá fóru þeir að semja og stóðu samningarnir yfir á meðan þeir nutu hlunnindanna, en þegar kom að þeim tíma, þegar Íslendingar þurftu að fara að flytja sína vöru til Noregs, þá voru Norðmenn búnir að njóta þessara hlunninda yfir sumarið. Þetta gerði Norðmönnum aðstöðuna miklu hagfelldari. Það er mín skoðun, að eitthvert mesta klaufastrikið í þessu máli hafi verið það, að Norðmenn voru ekki þvingaðir til samninga áður en síldveiðatímabilið sumarið 1932 byrjaði. Það má náttúrlega segja eins og hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Árn., að vegna þessara samninga höfum við getað selt okkar kjöt til Noregs. En það er nú bara eftir að bíta úr nálinni með það. Við höfum að vísu getað selt kjötið til Noregs, og við eigum að fá tollinn endurgreiddan þegar

samningarnir eru staðfestir, svo að það er ekki fyrr en samningarnir eru samþ., sem við njótum þessara hlunninda hjá Norðmönnum.

Hv. 1. þm. Reykv. byrjaði á því að tala með samningnum og fyrir honum á alla lund og lýsti því yfir að lokum, að hann mundi greiða atkv. með honum til 3. umr., „en tæplega lengra", sagði hann. Þetta verður sennilega útlagt þannig, að hann greiði samningunum atkv. til 3. umr. og áfram ef stj. þarf á að halda. Eins var með hv. 2. þm. S.-M., að hann talaði á móti samningnum á allan hátt, enda er það skiljanlegt, því að hann mun vegna afskipta sinna af síldareinkasölunni og síldveiðunum hafa þekkingu á því, hvað þetta er skaðlegt fyrir síldarútveginn, en samt vill hann láta hann komast áfram. Það er sannarlega undarleg afstaða þessara nefndarmanna, þegar þeir eru að gera grein fyrir atkvæðum sínum.

Það hefir ekki verið minnzt á eitt atriði hér, sem einn sjómaður vakti athygli mína á í dag skömmu fyrir fund. Það var viðvíkjandi reknetaskipunum. Það er talið, að norsk reknetaskip séu venjulega milli 50 og 60 hér við land. Og það er talinn sæmilegur afli, að þau fái 1200 tunnur hvert yfir síldveiðatímabilið. En til þess að geta selt síld í land þurfa þau ekki annað en að gera samning við Holdö í Krossanesi eða Evanger á Raufarhöfn. En þó að þau geri samning um síldarbræðslu, þá þurfa þau ekki að selja þangað neitt. Þau gætu kannske látið þangað nokkrar tunnur rétt til málamynda. Ef þau aðeins gera samning, þá geta þau fullkomlega hagnýtt sér sínar 1200 tunnur, 700 tunnur geta þau selt í land, en farið með 500 tunnur með sér.

Öll þessi síldarsala í land hlýtur að verða til þess að keppa við ísl. síldveiðiskipin, og verður það til þess, að Íslendingar geta ekki saltað eins mikið og hefir verið, eða að öðrum kosti hlýtur verðið að falla sakir vaxandi framboðs. Enda er nú þegar farið að bera á því, að farið er að bjóða síld með lægra verði en verið hefir síðastl. ár. En það er talið að vera í gegnum þá Norðmenn, sem ætla sér að gera út næsta sumar í skjóli þessa samnings.

Það er öllum vitanlegt, að það hefir reynzt svo á síðustu árum, að sú síld, sem söltuð hefir verið í landi, hefir þótt betri vara en sú, sem söltuð er í skipum, og það er nokkurnveginn víst, að svo framarlega sem ekki kæmi til þess, að Norðmönnum yrði veittur þessi réttur, sem þeir eiga að fá eftir þessum samningi, þá mundu Íslendingar geta notið þess markaðs, sem þegar er fenginn fyrir slíka síld. Og það er öllum augljóst, að það verður minna, sem ísl. síldveiðiskip geta selt til söltunar í landi eftir því, sem norsk skip mega salta og selja meira.

Það sem Norðmenn fá einnig með þessum samningi, er réttur til þess að láta síldarverksmiðjur sínar hér á landi starfa áfram, og mér skilst, að sá réttur gildi áfram þrátt fyrir það, að þessum samningi verði sagt upp. Þau skip, sem verksmiðjurnar gera samning við, öðlast meiri réttindi en önnur norsk skip til þess að selja síld í land til söltunar, og rétt til þess að athafna sig á ísl. höfnum, Siglufirði og Akureyri. Þeim er veittur meiri réttur en ísl. skip hafa. Þegar ísl. skip koma í höfn til þess að gera við veiðarfæri sín, verða þau að flytja þau til þeirra manna, sem hafa það starf með höndum, að gera við, en það lítur út fyrir, að skipshafnir norsku skipanna megi gera sjálfar við sín veiðarfæri. Hvar sem á þennan samning er litið, þá eru aukin réttindi Norðmönnum til handa, og það er játað af öllum og búið að taka það fram við allar umr. og ástæðulaust að gera það oftar.

En út af því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, að það væri ástæða til þingrofs um slíkan samning, þá vil ég segja annað, sem sé það, að það væri ástæða til að bera þennan samning undir þjóðaratkvæði áður en hann er samþ. hér og vita þá, hvort yrðu fleiri með en móti. Og ég er ekki í vafa um það, hvor atkvæðatalan yrði hærri. Því að það er vitanlegt, að flestir bændur, sem tala um þennan samning, eru á móti honum, þó þeir kunni kannske ekki við það að kveða upp úr með það, af því að þetta er gert í því skyni að veita þeim hlunnindi.

Það var sagt hér á dögunum og raunar fullyrt, að á búnaðarþinginu væru ekki nema 1 eða 2 menn, sem mæltu þessum samningi bót, en allir hinir væru á móti.

Þetta er í samræmi við það, að bændur hafa jafnan haldið fastast á öllum réttindum landsins. En eftir þessum samningi er verzlað með landsréttindi, eins og hv. 1. landsk. tók fram við 1. umr. þessa máls.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég þarf ekki að segja margt út af ræðu hv. 2. landsk. Hann sagði, að ég hefði sagt, að hann hefði hártogað þennan samning. Það er alveg rétt. En hann vildi segja, að það væri „kritik" á honum, en það er allt annað. Hann hefir einmitt verið hártogaður og það á mjög ósæmilegan hátt.

Um fiskiveiðalöggjöfina frá 1922 ætla ég eingöngu að taka það fram, að hún er svo ströng, að ég hefi enga trú á því, að vegna alþjóðaréttinda sé hægt að gera hana strangari. Þó að öllum samningum væri sleppt við Norðmenn, hafa þeir samt þau réttindi, sem fiskiveiðalöggjöfin veitir þeim og ekki er hægt að taka af þeim. Það má að vísu rýra þau með því að fara í tollstríð við Norðmenn, en það er oftast svo, að þjóðirnar reyna heldur að semja en að lenda í tollstríði, og ég hygg, að stærri þjóðir en við vildu heldur reyna að komast að samningum heldur en að lenda í tollstríði við sínar frændþjóðir.

Þegar ég minntist á það, að það hefði ekki verið gott fyrir stjórnina að kaupa allt það kjöt, sem út var flutt í haust, þá átti ég við það, að ríkissjóður hefði ekki haft fé til þess, og svo vantaði ríkisstj. fyrst og fremst heimild til þess. En þá kemur hv. þm. (JBald) með varalögregluna. Það er það eina dæmi, sem hann hefir um það, að stjórnin hafi eytt fé án þess að hafa heimild til þess. Þessu stagast hann alltaf á. Það er það eina. Ég segi því: Það eru þá ekki margar syndir stjórnarinnar (**JBald:** Þessi er líka slæm). Það kemur til álita síðar.

Þá sagði hv. 2. landsk., að það vantaði saltkjöt nú. Ég skal ekkert fullyrða um það, en ég veit, að það er nóg nýtt kjöt til í landinu. Ef nóg væri af saltkjöti, þá rýrði það sölu á nýju kjöti, því er ekki hægt að mótmæla, og það er líka viðurkennt, að nýtt kjöt er betra. Og það er það, sem við verðum að keppa að, að nota sem minnst saltkjöt. Þess vegna getur hv. þm. ekki notað þetta sem rök á móti samningnum. (**JBald:** En nú vilja menn heldur saltkjöt en það nýja). Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefir athugað það, að það var óvanalega litlu slátrað í haust og það er ekkert óeðlilegt, þó að bændur kinoki sér við að slátra miklu þegar verðið er mjög lágt. Í öðru lagi var heyskapur óvenjulega góður síðastl. sumar og í þriðja lagi var fé með rýrara móti í haust. Allt þetta eru nægar ástæður til þess, að minna kjöt er til heldur en venjulega hefir verið.

Þá sagði hv. 2. landsk., að takmörkunin á innflutningnum á kjöti til Noregs væri frá okkur sjálfum. Það vona ég, að sé ekki, að öðru leyti en því, að það var fyrst orðað af öðrum samningsmanni okkar, en það var þá fyrir þær ástæður, að hann sá enga von um það, að við mundum komast að samningum við Norðmenn að öðrum kosti. Ef það hefði ekki verið fyrir þessa sök, þá hefði verið óforsvaranlegt að fitja upp á slíku. En í því er ég hv. þm. alveg samþykkur, að þessi takmörkun er versti gallinn á samningnum.

Það er alveg satt, að Norðmenn hafa hlunnindi hér í verzlun og siglingum. En menn mega ekki halda það, að hægt sé að banna verzlun og siglingar. Allar þjóðir hafa heimild til þess að sigla til annara landa, ef greidd eru þau gjöld, sem heimtuð eru í því landi, sem siglt er til. Heldur hv. þm. virkilega, að hægt sé að banna mönnum að sigla um höfin og til hafna ýmissa landa. Nei, það eina, sem hægt er að gera, er að gera þessar siglingar svo dýrar með því að heimta svo há gjöld af skipunum, að þessar siglingar verði ógerningur.

Það, sem hv. þm. var að tala um, var því það, að við skyldum fara í viðskiptastríð við Norðmenn. Ég er nú hræddur um, að það yrði okkur nokkuð dýrt, ef við ætluðum að fara þannig að við aðrar þjóðir. A. m. k. getur enginn búizt við því, að nokkur stjórn fitji upp á því, án þess að þingið láti í ljós nokkra ósk um slíkt stórræði.

Það er algengt að tala um það, að við seljum Norðmönnum minna en við kaupum af þeim. En hefir nú hv. þm. athugað það, hvort það er meira eða minna hlutfallslega við verzlunarmagn landanna

beggja, sem við kaupum. Ég hygg, að það sé minna hlutfallslega, sem þeir selja okkur, en það, sem við seljum þeim. Það var upplýst við umr. í Nd., og það hefir heldur ekki verið hrakið, að það er 1% af þeirra viðskiptaveltu, sem verzlunin við okkur nemur. Svo er varhugavert að halda mjög einstrengingslega við það atriði, við verðum að muna það, að við verzlum mikið við aðrar þjóðir. Hvernig er um samninginn við Spán og Portúgal? Ekki er verzlunarjöfnuðurinn okkur í hag, ef við þurfum að semja við þá. (**JBald:** Hvað verður þeim boðið, fyrst Norðmenn fá þetta?). Ég veit það ekki, hvað þeim verður boðið, en það er bezt að láta tímann skera úr því.

En ef hv. þm. heldur, að það hafi verið hægt að komast að betri samningum við Norðmenn, þá fer hann villur vegar. Það sýnir bezt þessar hártoganir og aðfinnslur á þýðingu 13. gr. samningsins, hvað lítil rök andstæðingarnir hafa gegn þessum samningi. Það hefði að vísu verið réttara, eins og hæstv. forsrh. sagði, að orða þýðinguna þannig, að þar sem stendur: „vill ekki greiða sekt“ ætti að vera „samþykkja ekki að greiða sekt“. Þetta er nákvæmara, en meiningin er alveg sú sama. En auðvitað verður hér á landi farið eftir ísl. textanum, en í Noregi verður farið eftir norska textanum.

Þá sagði hv. 2. landsk., að aðstöðumunurinn hefði verið mikill vegna þess, hve samið hefði verið á óhentugum tíma. En man ekki hv. þm. eftir því, að Norðmenn vildu ekki semja fyrr en þetta? Ekki stóð á okkur. Sveinn Björnsson sendiherra var sendur hvað eftir annað frá Kaupmannahöfn til Noregs, til þess að reyna að taka upp samninga í fyrravetur. En það var ekki fyrr en hæstv. forsrh. hafði farið til Noregs, sem hægt var að fá þá til þess að byrja á samningum, og þá var rétt komið að síldveiðitímanum, svo það er ekki okkur að kenna, þó að þessi aðstöðumunur hafi verið. Það var ómögulegt að taka upp samninga fyrr en gert var, af þessari ástæðu. Þetta hlýtur hv. þm. að vita vel.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég skal ekki vera langorður um þetta, því að það eru mest endurtekningar, sem hér eru hafðar á orði. Ég vil þó neita því, að ég hafi viðurkennt, að þýðingin á samningnum væri ónákvæm. Ég hefi að vísu sýnt þá miklu sanngirni að segja, að ef þýða skal orðin, þá þýða orðin „vedtar ikke“, „samþykkir ekki“. „Vill ekki“ er betri íslenzka og venjulegt lagamál. Hv. þm. vinnur sínum málstað ekkert gagn, þótt hann ráðist á þau orð, sem eru góð íslenzka.

Hv. 2. landsk. telur það hafa verið höfuðvillu hjá stjórninni að kúga ekki Norðmenn til samninga fyrir síldveiðitímann með því að draga að sér hendina með öll réttindi Norðmanna hér á landi. Ég vil benda hv. þm. á það, að það hefði verið ástæða til að segja eitthvað slíkt, ef við hefðum sagt upp samningum við Norðmenn. En nú var þetta öfugt. Norðmenn sögðu upp samningnum og settu sig í þessa aðstöðu sjálfir, og þeir gátu með sinni aðstöðu gert hvað sem verkast vildi.

Það var óhugsandi, að við gætum nokkuð beitt okkur vegna fiskiveiðalöggjafarinnar, og þó að enginn samningur hefði verið, höfðu Norðmenn mikið til þessi réttindi, að selja síld í land til söltunar samkv. skýringum, sem ekki er hægt að breyta í neinni verzlun. Þetta er því tilhæfulaust, að stjórnin hafi haft nokkurt vopn í höndum, sem hún hafi ekki beitt.

Hv. þm. heldur því fram, hans flokkur og flokksblöð, að með þessum samningi sé landhelgin eyðilögð, síldveiðarnar lagðar í rúst og sjómenn, útgerðarmenn og bændur séu á móti samningnum. Mig skal ekki undra, þó að hann sé á móti samningnum, þegar svona er ástatt. En hvernig vill hv. þm. skýra það, að síðasta þing vildi gera ýtarlegar ráðstafanir til þess að koma á samningum? Hvernig vill hann skýra það, að samningurinn hefir mikið fylgi utan þings og innan? Og hvernig ætlar hann að skýra það, ef samningurinn verður samþ., eins og ég tel sjálfsagt að verði?

Ég býst við, að þegar til kemur muni hann finna, að það vantar eitthvað á það, að þetta sé rétt. Menn munu sjá, að hér er framkvæmd landhelgisgæzla alveg óskert, og síldarútgerðin mun geta þrifizt eftir sem áður og við höldum öllum okkar landsréttindum. En að því er snertir

ísl. netagerðarmenn vegna þeirrar ívilnunar, sem Norðmenn fengu með að bæta veiðarfæri sín í landi sjálfir, þá held ég að sé engin vinna frá þeim tekin. Ég veit ekki, hvort það er nokkur skylda fyrir ísl. skip að fara í land til þess að láta gera við veiðarfæri sín. Og ég veit ekki betur en að það megi hver sem er gera við net, og það hefir verið haft orð á því, hvort ekki væri réttara að taka upp venju Norðmanna í þessu efni heldur en að kaupa allt út. En sleppum því.

Það er talað hér eins og það sé engin hætta í því fólgin að fara í viðskiptastríð við Norðmenn. Ég vil hér bæta við einu atriði, sem ekki hefir verið nefnt áður, og það er, að slík barátta gæti flutzt yfir á sameiginlegan markað okkar í saltfiskslöndunum. Þetta er að vísu ekkert nýtt atriði. Það hefir oft áður komið fram hjá Norðmönnum, og nú síðast í sumar, er ég var þar staddur, varð ég þessa var. Það er því ekki gott að segja, hve miklu illu það gæti til vegar komið, ef við lentum í harkalegu viðskiptastríði við Norðmenn. Þetta á líka að koma til greina, þegar um það er rætt, hvort við eigum að gera samningsslit við Norðmenn. Ég segi, að það sé heppilegra fyrir sjávarútveg okkar, að við höfum vinsamlega samninga við Norðmenn.

**Halldór Steinsson:** Ég býst við að verða að gera örstutta grein fyrir atkv. mínu. — Ég er óánægður með þennan samning, en er þó ekki viss um, hvort hann er verri en samkomulag það, sem gert var 1924. Er ég því ekki viss um, að hann hafi mikið aukin óþægindi í för með sér fyrir síldarútgerð landsmanna. Ég lít svo á, að samningurinn frá 1924 hafi verið hreint neyðarúrræði. En þá var þó aðstaðan talsvert önnur, því þá var Noregur svo að segja eina markaðslandið fyrir ísl. kjöt. En nú er öðru máli um það að gegna og er því eðlilegt, að við finnum meira til þeirra galla, sem eru á þessum nýja samningi en á þeim eldri. Kjötsalan til Noregs hefir farið minnkandi ár frá ári, og má telja líklegt, að henni verði að fullu lokið á næstu árum. Og þegar útlitið með norska saltfiskmarkaðinn er svo, þá fæ ég eigi betur séð en að langt sé frá því, að okkur beri að semja við Norðmenn á þeim grundvelli, að þeim séu veittar nýjar ívilnanir, heldur þvert á móti ætti að keppa að því að afnema þær ívilnanir, er þeim voru veittar 1924. Þetta átti að fylgja okkar samningamönnum sem veganesti, þegar Norðmenn höfðu sagt samningnum upp. Og hið eina rétta svar Íslendinga átti að vera það, að leggja toll á þá síld, sem Norðmenn flytja út héðan. Það má segja, að of seint sé nú að sakast um orðinn hlut. Þetta hefðu menn átt að sjá og gera á síðasta þingi. En þó má segja, að bæði þingi og stjórn væri nokkru meiri vorkunn þá en nú, því útlitið fyrir því, að hægt væri að ná bærilegu samkomulagi við Norðmenn, var þá ekki eins vont og það hefir orðið síðan. Eins og málið horfir við nú, mun ekki vera um neina nýja bráða eða yfirvofandi hættu að ræða í bili, því enda þótt samningarnir verði ekki samþ., þá munu Norðmenn halda sömu réttindum óskertum næsta síldveiðitímabil, eins og þeir hafa haft eftir samningnum frá 1924. Er því ekki, vegna uppsagnarákvæðis samningsins með 6 mán. fyrirvara, bráð og yfirvofandi hætta á ferðum.

Meðferð þessa máls, bæði utan þings og innan, hefir verið óheppileg. Meðhaldsmenn samningsins hafa gert of mikið úr kostum hans og of lítið úr göllum. En andstæðingar hans hafa málað fjandann á vegginn. Í sambandi við þetta vil ég segja það, að ísl. nefndarmennirnir hafa orðið fyrir miklum og algerlega ómaklegum árásum. Þeir voru eingöngu umboðsmenn ríkisstj. í þessum samningum. Og þeir hafa ekkert gert í þeim, svo að ríkisstj. væri ekki kunnugt um það um leið. Og í annan stað gat utanríkismálan. einnig fylgzt með öllu, sem gert var og átti því kost á að gera sínar aths. og koma þeim til samningamannanna. En mér vitanlega hefir engin aðfinnsla komið frá henni, eins og þó var skylda hennar, ef hún áleit sjálfstæði landsins í hættu. Ekkert af því, sem samningunum hefir verið fundið til foráttu, kom upp fyrr en eftir á, þegar undirskrift var lokið. Ég lít því svo á, að n.mennirnir hafi gert fullkomlega skyldu sína og starfað í samræmi við utanríkismálan.

Ég geri ráð fyrir því, að ég greiði atkv.

með þessu frv. til 3. umr. En ég er ekki ráðinn í því, hvað ég geri þá. En verði þessi samningur lögfestur, treysti ég því, að honum verði sagt upp eins fljótt og ákvæði hans frekast leyfa.

**Bjarni Snæbjörnsson** [óyfirl.]: Mig langar til að víkja að því, sem hæstv. dómsmrh. sagði um ræðu *mína* í dag. Hann talaði um, að það væri hæpið fyrir þá þm., er væru á móti þessum samningi, að greiða atkv. gegn honum, þar sem þeir hefðu ekkert álit látið uppi um þetta í fyrra. En ég sagði, að það væri skylda þm. að bæta fyrir þá vanrækslu nú, og þyrftu þeir engan kinnroða að bera fyrir það. Ef það er Alþ. að kenna, hvernig komið er, þá er það skylda þess að taka afstöðu til þess að bæta úr því.

Þá talaði hæstv. ráðh. um þá miklu andúð, sem er nú gegn samningnum, þar sem engin andúð hefði heyrzt gegn ástandinu eins og það áður var. En það er einmitt svo, að þeir hafa vakið upp þá miklu andúð, sem var gegn samkomulaginu frá 1924, en sem nær því hafði lagzt í þagnargildi vegna einkasölunnar, sem útilokaði Norðmenn um skeið. Gremjan vekst upp aftur vegna þessa nýja samnings og kemst í sama kjölfar og áður var. Þetta verður hæstv. ráðh. að athuga og háttv. þm. líka. Ég er ekki í vafa um það, að sú krítik, sem gerð hefir verið á þessum samningi, hefir mikið gott í för með sér. Þótt við hljótum eitthvað illt af þessum samningi, þá er ég viss um, að þeir, er síðar fást við slíka samninga, munu láta þetta víti sér að varnaði verða.

Sami hæstv. ráðh. sagði, að ekki hefði verið fundið neitt að leppmennskunni fyrr en nú. En það hefir þó verið tekið fram bæði nú og áður, að það var hin mikla leppmennska, sem hratt síldareinkasölunni af stað.

Þá töluðu báðir hæstv. ráðh. um það, að landhelgisgæzlan myndi ekki verða erfiðari en áður fyrir ákvæði samningsins. En háttv. 2. þm. Árn. lýsti nú Norðmönnum svo, að enginn efi er á því, að auka verði landhelgisgæzluna. Hann sagði, að engin þjóð væri eins frek og Norðmenn. (**MT**: Þetta er ekki rétt!). Jú, hann sagði, að þeir hefðu brotið flest ákvæði í veiðilöggjöfinni og vaðið uppi. Þetta sýnir frekju Norðmanna og hvað ber að varast frá þeirra hálfu í því efni. Hæstv. dómsmrh. sagði, að nauðsynlegt væri að samþ. þennan samning, vegna þess að horfur væru á, að útflutningur á frystu kjöti mundi minnka til Englands. Ég verð nú að segja það fyrir mitt leyti, að mér þykir innflutningsleyfið til Noregs lítið, miðað við þau fríðindi, er þeir fá. Og þar sem við verðum að láta svo mikið fyrir svo lítið, þá er hætt við, að aðrar þjóðir, sem við þurfum mikið til að sækja og sem vita auðvitað um þennan samning, heimti mikið. Og hvað eigum við þá að láta?

Hæstv. sami ráðh. sagði, að ef við felldum þennan samning, þá yrði ríkið að kaupa kjötið af bændum og eyðileggja það, því enginn markaður væri fyrir það utan lands eða innan. Ég er nú ekki á sömu skoðun. Neyzlan hér innanlands gæti orðið miklu meiri, ef kjötið væri í svo vægu verði, að fátækari menn bæjanna gætu neytt þess að mun. Ég veit að vísu, að bændur þurfa að fá viðunanlegt verð fyrir kjöt sitt. En mér finnst ekki nema heilbrigt, að atvinnubótafé sé að einhverju leyti varið til að kaupa kjöt handa fátæklingum, sem styrks njóta hvort sem er. Ýmislegt þesshättar mætti gera, ef einlægur vilji er fyrir hendi. Ég býst við, að vegna þeirra miklu tollmúra, sem loka viðskiptunum, þá verði framtíðarstefnan sú, að bændur framleiði sem fjölbreyttast fyrir sölu á innlendum markaði. Að því ber efalaust að keppa. Ég vil minna á það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að niðurlagning síldareinkasölunnar hefði orðið til þess, að markaðsafstaðan með síldina hefði mjög breytzt frá í fyrra. Þetta vissu þm. ekki í fyrra. Og það afsakar þá, þó þeir hafi aðra afstöðu til þessara mála en þeir höfðu þá. Þeir geta því, þótt ekki væri nema vegna þessa stóra atriðis, kinnroðalaust fellt þennan samning nú.

Að endingu langar mig til að minnast á eitt atriði, sem hv. 2. þm. Árn. talaði um. Hann sagði, að rétt væri að samþ. þennan samning, því þegar þjóðin sæi, hve bölvaður hann væri, þá mundi hún sameinast um að segja honum upp. Ég hefi nú aldrei heyrt annað eins. Það á að gera þjóðinni stóra bölvun til þess að

sameina hana um að hrinda því af sér, sem hægt er að fyrirbyggja. Ég held, að það væri nær að gera það í upphafi. Þjóðin mun eflaust sjá þrátt fyrir það, að ekki var rétt að gera þennan samning. Ég get getið þess, að við hv. 2. þm. Árn. munum báðir vera mótfallnir byltingum kommúnista. Það er kannske rétt að láta þá skalta og valta, en það er þó of seint að grípa til góðra ráða, þegar allt er komið í kalda kol. Þótt ég segði ekki neitt á síðasta þingi, þá tel ég afsakanlegt, þótt ég sé á móti þessum samningum nú. Upplýsingar þær, sem síðan hafa komið fram í þessu máli, hafa vakið mig og alla landsmenn og vakið upp aftur andúð þá, sem var gegn samningnum 1924. Það var neyðarsamningur, og það er þessi líka. Og þetta viðurkenna nú orðið allir, nema hæstv. stj.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Þótt ég væri ekki viðstaddur, er háttv. 2. landsk. hélt ræðu sína, þá hefi ég þó fregnað það, að hann hafi beint orðum sínum til mín og sagt, að öll mín ræða hefði hnigið að því að færa rök fyrir, að rétt væri að samþ. samninginn. Ég veit nú ekki, hvernig hann hefir fengið þetta út úr minni ræðu, nema þá með því að hann hafi borið hana saman við sína eigin ræðu. Því þrátt fyrir allan bægslaganginn, sem var á honum, þá kom hann þó ekki með eitt einasta orð frá eigin brjósti í þá átt að sanna það, að þessi samningur væri óaðgengilegur. Það skyldi þá helzt hafa verið einhver slík rök í grein, sem hann las upp úr Morgunblaðinu. Ég tók fram hið nýja, sem við hefir borið síðan síðasta þingi sleit, en það er, að markaðshorfur fyrir ísl. síld hafa breytzt. Afstaðan er því breytt á þessu sviði.

Þar sem hv. þm. fullyrti, að hv. 2. þm. Reykv. hefði hreyft andmælum gegn samningnum í utanríkismálan. og sagt, að hann yrði þeim andvígur, þá hefi ég nú ummæli annara um, að þau mótmæli, ef nokkur voru, hafi verið svo kraftlaus, að enginn hafi eiginlega orðið þeirra var, þar til þeir félagarnir, hann og Finnur Jónsson, fóru með samninginn í Alþýðublaðið í þingbyrjun. Og þótt andmæli hefðu komið fram hjá hv. þm. í utanríkismálan., þá hrekur það ekki þá staðhæfingu mína, að utanríkismál sem þetta séu illa fallin til að gera þau að pólitísku æsingamáli innanlands og á Alþingi. Og slík meðferð fjarlægir, að hægt sé að færa til betri vegar það, sem óheppilegt er í samningnum. — Ég gat ekki hlustað á ræðu hv. þm. og get því heldur ekki svarað öllum þeim skeytum, er til mín kann að hafa verið beint í henni.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil víkja að ofurlitlu hjá hæstv. forsrh. Hann var að ógna okkur með því, að ef við ekki samþ. samninginn og færum að hefja viðskiptastríð við Norðmenn, þá mundu þeir hefna sín á okkur í sambandi við saltfisksmarkað okkar á Spáni. Ef Norðmenn færu að selja fisk þar suður frá með lægra verði en við, þá gerðu þeir sjálfum sér líka mikinn skaða. En mér finnast líkur til þess, að Norðmenn gerðu eitthvað það, sem hagur væri í fyrir sjálfa sig, frekar en fara að selja fisk með skaða. Þeir myndu líklega reyna að semja við okkur af nýju, þó að þeir fengju ekki eins mikil fríðindi og nú, samkv. þessum samningi, þar sem svo ójafnt er skipt, að Norðmenn fá mikil og aukin réttindi, en hlunnindi þau, sem við eigum að fá, eru mjög takmörkuð og fara minnkandi, og það er sá rauði þráður, sem gengur gegnum alla samningana. Þegar á þetta er litið, verður ekki annað sagt en að Norðmenn hafi mjög leikið á okkur.

Þá spurði hæstv. forsrh., hvernig stæði á því, að samningarnir hefðu svona mikið fylgi í þinginu, ef bændur, verkamenn og útgerðarmenn væru almennt á móti þeim. Þessu er því að svara, að fjöldi þeirra þm., sem greiða ætla atkv. með samningunum, hafa í ræðum sínum lagzt á móti þeim og talið þá óhafandi með öllu. En skýringuna fyrir þessari afstöðu þingmannanna er að finna í ræðu hv. frsm. (IP). Hann hélt því fram, hv. frsm., að það myndi geta skaðað okkur, ef við gengjum á móti samningunum, þar sem væri um að ræða milliríkjasamning, sem gerður væri af nefnd manna fyrir landsins hönd, og samþ. af ríkisstj. En þetta er misskilningur, því að þingið á að ganga frá samningnum að síðustu, og eru því engin viðurlög, sem

við liggja, þó að það felli hann. Í þessu liggur skýringin á því, hvers vegna svona margir þm. fylgja samningnum. Ennfremur er töluverður ótti hjá sumum hv. þm. um það, að allt samkomulag milli Íhalds og Framsóknar fari út um þúfur, verði þeir ekki samþ., og að stj. neyðist því til að segja af sér. Hv. 1. þm. Reykv. hlustaði ekki á ræðu mína, en þó segir hann að rök þau, er ég bar fram í ræðu minni, hafi verið léttvæg. Ég get svo sem vel skilið, að honum finnist það léttvæg rök gegn samningi þessum, þó að 300—400 sjómanna í Rvík og Hafnarfirði fái að ganga atvinnulausir í landi vegna ákvæða hans. Upp úr slíkum smámunum leggur hv. 1. þm. Reykv. ekki mikið. Honum tekur ekki svo sárt til hinnar fátæku sjómannastéttar.

Ég talaði áðan við mann, sem hlustaði á ræðu þessa hv. þm. í dag; taldi hann eins og fleiri, að ræða hans hefði að mestu hnigið að því að færa fram rök með samningnum, aðeins hefði hann tvístígið dálítið í endalokin og sagzt mundu greiða atkv. með samningnum til 3. umr., en tæplega lengur, sem flestir skildu þannig, að hann myndi þá greiða atkv. með honum, ef stj. vantaði atkvæði til þess að koma honum gegnum þingið.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég get vel skilið, að hv. 2. landsk. hafi fundið einhvern áheyranda sér ósnjallari, sem fundið hafi eitthvað annað út úr ræðu minni en rétt var. Aðalefni þess, sem ég sagði, var það, að samningur sá, sem hér væri til umr., væri að mestu endurtekning fyrri samninga. Ég hefi heldur ekki heyrt neitt það koma fram hjá hv. 2. landsk., sem sýni fram á, að þessi samningur sé í nokkru verulegu frábrugðinn því ástandi, sem var. Þá hefi ég heldur ekki heyrt hann halda því fram fyrri, að samningurinn gæti orðið til þess að svipta sjómenn atvinnu. En ég fæ bara ekki séð, að hann geri það á nokkurn hátt frekar en fiskiveiðalöggjöfin frá 1922 og samningurinn frá 1924. Annars er ég fús til að taka upp umr. um þetta við 3. umr. málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:2 atkv.
2. gr. samþ. með 7:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

**Forseti (GÓ):** Þá verður tekið til meðferðar 1. mál á dagskránni, en með því að of skammt er liðið frá 2. umr. þess, mun ég leita afbrigða frá þingsköpum, til þess að 3. umr. megi fara fram á þessum fundi.

**Jón Baldvinsson:** Ég sé ekki ástæðu til að hraða þessu máli mjög. Væri kannske jafnvel ástæða til að draga það svolítið enn. Er sagt, að Sveinn Björnsson sendiherra sé væntanlegur heim einhvern næstu daga, eða fyrir næsta laugardag. Hefir hann e. t. v. eitthvað að segja frá samningunum við Bretland. Annars vil ég fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki 2. málið á dagskrá á undan þessu, ef afbrigði fást, því það á að ganga á undan þessu og hefir enga þýðingu, ef þetta mál verður samþykkt.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Á mánudaginn var kom fram ósk um, að þetta mál væri tekið út af dagskrá, og var það veitt umyrðalaust. Er til þess ætlazt, að málið verði ekki tafið af þeim ástæðum. Þau tilmæli, að beðið verði eftir heimkomu Sveins Björnssonar hafa ekki við neinar viðvaranir frá honum að styðjast. Hefi ég reyndar heyrt það út undan mér, að stj. eigi að hafa fengið slíkar viðvaranir, en það er alveg tilhæfulaust. Þegar ég spurði Svein Björnsson, hvort Englendingar hefðu gefið nokkurt tilefni til þess að norsku samningarnir væru ræddir í sambandi við samningana við Breta, svaraði hann, að þeir hefðu ekkert tilefni gefið til þess. Síðan hefi ég staðið í skeytasambandi við hann viðvíkjandi ensku samningunum og hann engar viðvaranir gefið. Sveinn Björnsson fylgdist vel með kjöttollsmálinu, var t. d. í Noregi, þegar samningarnir voru gerðir, en hann hefir sem sagt engar viðvaranir gefið stj. Ef slíkt hefði verið væntanlegt frá honum, væri það komið í skeytaformi, því að honum var kunnugt um það, að laugar-

dagurinn næstkomandi er síðasti dagurinn. Vil ég ekki taka þá ábyrgð á stj. að bíða lengur með þetta mál.

**Jón Baldvinsson:** Það er rétt, að hæstv. forsrh. leyfði það umyrðalaust, að málið væri tekið út af dagskrá á mánudaginn var. Sé ég þó ekki ástæðu til að afgreiða málið fyrr en á síðasta degi, 15. apr. Ætti það þó að sýna, að menn eru ekki fúsir til að samþ. þessa samninga, eins og a. m. k. kemur fram hjá flestum, sem um málið hafa rætt. Sá dráttur ætti að sýna, að okkur er afgreiðsla málsins ekki ljúf. Sveinn Björnsson, sem hefir verið við samninga í Englandi, væri þá líka kominn fyrir síðustu umr. á laugardaginn. Væri það til gagns fyrir þá, sem vildu upplýsast um það, hvort þetta gæti haft einhver áhrif á fyrrnefnda samninga við Breta.

**Forseti (GÓ):** Viðvíkjandi 2. máli á dagskránni (bótum vegna kjöttollshækkunar í Noregi) er það að segja, að ég sé ekki ástæðu til þess að óska, að það verði tekið til umr. á undan þessu máli og afbrigði leyfð um það.

ATKVGR.

Afbrigði um að taka málið til 3. umr. leyfð og samþ. með 8:1 atkv.

**Jón Baldvinsson:** Við umr. í gærkvöldi urðu nokkrar orðræður milli mín og hv. 1. þm. Reykv. út af þessum samningum. Fannst mér, sem fleirum, hann fara lofsamlegum orðum um samn. og halda því fram, að þeir væru ekki afleitir, samanborið við samninginn 1924. Hv. þm. mótmælti þessu í síðari ræðu og skoraði á mig að ræða nokkur atriði samninganna við 3. umr. Þessi ummæli hv. þm., sem ganga út á það að verja samningana, eru ljósasti votturinn um hug hans í málinu. Vil ég verða við tilmælum hans og sýna, að hér eru meiri réttindi veitt Norðmönnum en 1924. Hv. þm. sagði í gær, að ekkert nýtt hefði komið fram í umr., og getur þá verið, að ekkert nýtt komi fram nú fremur en áður. Það, sem ég mun segja, er að vísu ekkert nýtt, en úr því að hv. þm. þóttist ekki hafa heyrt það áður, mun ég taka sumt af því fram á ný.

Það er þá fyrst það atriði, að norsku verksmiðjurnar fá leyfi til að starfa áfram, og þar sem þær nú eru einkafyrirtæki, má búast við því, að þær muni halda þeim rétti, enda þótt samningunum við Norðmenn verði sagt upp. Þetta er það fyrsta. Þá eru önnur atriði, sem hafa mikla þýðingu fyrir aukna sölu síldar í landi. Eftir 6. gr. er aukin sala reknetasíldar í land úr 500 í 700 tunnur og snurpinótasíldar úr 700 í 1200 tunnur. Þýðir þetta, að Norðmenn munu selja hér meiri síld og auka samkeppnina við ísl. síldveiðimenn, en það hefir auðvitað lækkandi áhrif á verðið. Þá eru erlendum fiskiskipum veitt réttindi, sem þau höfðu ekki áður, eins og segir í aths. við 3. og 4. gr., þar sem stendur: „Enda þótt erlend fiskiskip hafi til þessa ekki öðlazt með íslenzkri löggjöf eða leyfi ríkisstj. Íslands neina almenna heimild til þess að bæta veiðarfæri á íslenzkum höfnum eða flytja þau í land í því skyni, þá mun slíkt hafa fram farið“, o. s. frv. Og samningsmenn benda á það, að norskum skipstjóra hafi einu sinni verið veitt stjórnarleyfi til að bæta net á Siglufirði. Þetta var aðeins einstakt dæmi, en á nú að leyfast almennt. Þetta þýðir stórum betri aðstöðu fyrir þá.

Þá er 7. gr. samningsins. Hingað til hefir engin heimild verið talin fyrir því að búlka afla á íslenzkri höfn. Þetta er nú veitt á 2 höfnum á Norðurlandi, sem þar með eru orðnar einskonar fríhafnir fyrir Norðmenn, og er það alveg nýtt. Þeim er heimilað að búlka afla sinn á Akureyri og Sigluf. Þetta var ekki í samningnum frá 1924. Ýms fleiri ákvæði eru, sem víkka réttindi Norðmanna, en ég mun ekki fara nánar út í þau.

Útgerð Norðm. hér við land eykst við þetta, en að sama skapi dregur úr íslenzkum síldveiðimönnum, sem eiga að keppa við þá. Eru þeir því almennt andvígir samningunum. M. a. má benda á það, að á Akureyri, sem verða á önnur fríhöfnin, hafa á almennum borgarafundi verið samþ. einróma mótmæli gegn samningunum af öllum flokkum í sameiningu.

Ég vék að því í gær, sem hv. þm. þóttist ekki hafa heyrt fyrr, að sjómenn í Hafnarfirði og víðar segja: Við treystumst alls ekki til þess að fara á síldveið-

ar næsta sumar, því að Norðmenn auka svo veiði sína, að ekki verða nokkrir möguleikar til að hagnast á útgerðinni; þó að ísl. skip fengju leyfi til þess að komast að ríkisbræðslunni, þá getur það ekki borið sig, þó að allt yrði selt í bræðslu. Verðið á síldinni er svo lágt, að ekki eru líkur til, að útgerðin beri sig að dómi útgerðarmanna, aðeins 3 kr. málið, en við söltun er verðið tæplega lægra en 6—7 krónur tunnan. Þetta er mikill munur. Af þessu má sjá, að ekki eru líkurnar miklar til þess að ísl. veiðiskip geti séð sér fært að fara á síld. Enn er það, hve mjög þessir samningar gera landhelgisgæzlunni erfiðara fyrir, ef þeir ganga í gildi. Að mínu áliti er það einkum fyrir ákvæði 12. gr., að hún verður torveldari, sökum þess að hér er um svo mörg skip að ræða, sem þurfa nákvæms eftirlits. Síldveiðiskip norsk og mörg önnur, segjum mörg hundruð, eru dreifð um afarstórt svæði, og getur nærri, að þá muni erfitt að gæta þess, að ekkert komist óhegnt inn fyrir línuna, því ekki er unnt að hafa gætur á þeim öllum, jafnvel þótt gæzla væri aukin. Mundi þurfa að margfalda kostnaðinn við landhelgisgæzluna, ef duga skyldi. Ákvæði 12. gr. eru og þannig, að þau geta hæglega gefið tækifæri til þess að láta sig reka inn í landhelgina óvart, en það er í samningnum vítalaust, og mun þá vera allerfitt að færa sönnur fyrir sektum, þótt skipið sé tekið innan línunnar. Þetta er í stuttu máli það helzta, sem ég hefi fundið samningnum til foráttu, og þótti mér rétt að rifja það upp aftur, því svo skildi ég hv. 1. þm. Reykv., að hann þættist ekkert af því hafa heyrt.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Það var merkilega skammur tími, sem hv. 2. landsk. varði til þess að gera grein fyrir annmörkunum á samn. í samanburði við samninginn frá 1924. Hann minntist ekki einu orði á það aðalatriðið, sem veldur óánægju Íslendinga yfir að nú skuli eiga að endurnýja. Hættan er alls ekki fólgin í neinu af því, sem hann taldi upp. Það var þegar fyrir 1922, að Norðmenn kusu heldur að athafna sig utan landhelgi, vegna þess að of mikinn aukakostnað þótti leiða af að verka síldina í landi. Þetta hefir síðan haldizt og breyttist lítið 1924, svo lítið, að ég veit ekki til, að Norðmenn hafi yfir nokkra vertíð saltað meira en 30 þús. tunnur. Það er ekki þessi söltun, sem Íslendingum stendur stuggur af, ekki hvort Norðmenn flytja á land til söltunar 10, 20, 30 eða 40 þús. tunnur, heldur stafar sá ótti af öðrum ástæðum, þeim ástæðum, sem ég taldi upp, en þær eru fyrir hendi, hvort sem samningurinn frá 1924 heldur gildi eða samþ. verða þeir samningar, sem hér liggja fyrir. Um atriði þau, sem hv. 2. landsk. taldi upp, verð ég að segja, að þau eru smávægileg og sumt af því helber hégómi og misskilningur. T. d. fetti hann fingur út í það, að norska síldarverksmiðjan fengi að halda áfram að starfa; en þetta er auðvitað óbreytt frá 1924. Það er bara misskilningur eintómur, að þetta skapi sérstakan rétt eða öðlist hefð, því að þegar samningunum verður sagt upp, fellur þetta ákvæði auðvitað úr gildi alveg eins og önnur. Um það, að þessari norsku verksmiðju sé leyft að taka til meðferðar meiri afla af erlendum veiðiskipum en undanfarin ár, get ég frætt hv. 2. landsk. á því, að ekki var minna magn, sem henni var áður leyft, því að hún tók þá allan aflann, en nú er þetta þó takmarkað við 60%. Hvað snertir aukna sölu útlendinga á síld í land, þá er vafasamt, hvort 6. gr. hafi nokkur áhrif í þá átt. Áður mátti samkv. samningnum 1924 hvert skip selja í land 500—700 tunnur, og það voru þá um 140 þús. tunnur, sem tvímælalaust var leyft að selja. Ekki er auðvelt að sjá, hvað nú er leyfilegt vegna útilokunarskilyrðisins um samband við móðurskip. En mér skilst þó svo, að það sé algerlega bannað. Ég hefi nú heyrt því fleygt, að ómögulegt sé að kontrollera þetta, en slíkt er vitleysa ein. Þegar skipin koma að, verða þau vitanlega að sanna, að þau standi ekki í sambandi við móðurskip, og mun veitast auðvelt að konstatera, hvort satt sé sagt af leiðarbók skipsins. Hygg ég, að frádrátturinn verði fullkomlega nægur til þess að vega upp á móti þessu. Samkv. þessu sjáum við, að það er sízt meira, sem Norðmenn hafa leyfi til að selja í land heldur en verið hefir síðan 1924. Þetta er aðalatriðið, sem snýst um, að hve miklu leyti ísl. sjómenn

missi atvinnu, en það er komið undir því, hve mikið af norskri síld er komið í land. Hitt er frekar formsatriði, enda vita allir, að þetta hefir alltaf verið gildandi síðan 1924, þó að það hafi þá aldrei verið skjalfest. Ég viðurkenni það, að réttindi þau, sem 3.—4. gr. skapar, voru ekki orðuð þannig áður, en þó hafa þeir við það haft svipaða aðstöðu. Það er að vísu leiðinlegt að hafa slík ákvæði, en það hefir enga praktiska breyt. í för með sér. Sömu ákvæðin voru framkvæmd eftir vinsamlegri túlkun 1924. Út úr því, sem ég hefi sagt, hefir hv. 2. landsk. skilizt, að ég væri að verja samninginn. En sá munur er á aðfinnslum okkar, að hann hefir ekki önnur efni til andmæla en útúrsnúninga og öfugmæli, og læt ég honum slíkar aðfarir fúslega eftir, en sjálfur hefi ég atriði, sem ég get alveg staðið við, og ef hv. þm. vill til hlítar kynna sér álit ísl. útgerðarmanna og sjómanna á þessu máli með viðtali við þá, og spyr, hvort þeir séu ánægðari með samkomulagið frá 1924, þá fær hann það svar, að það sé engu betra. Ég hefi sjálfur fengið það svar við þessari spurningu, að ekki sé hægt að gera upp á milli þessara tveggja samninga. En hvað er þá það, sem veldur hræðslunni við þá? Það eru breyttar kringumstæður. Menn eru nú hræddir um, að hvert einasta norskt skip noti sér leyfið. En afleiðingar þess gætu verið þær, að síldarmagnið yrði 140—160 þúsund tunnur.

Hvað það snertir, að Norðmenn vildu heldur hafast við utan landhelgi til söltunar á sinni síld, þá er nú svo ástatt, að nýr markaður hefir opnazt ísl. síld, en þann markað er Norðmönnum ókleift að notfæra sér vegna verri aðstöðu til verkunar, sem þeir einmitt skapa sér sjálfir, með því að álíta, að betur borgi sig að athafna sig í hafi úti. Í raun og veru er þetta eina ástæðan fyrir þá menn, sem hafa lýst því yfir, að séu ánægðir með samkomul. 1924 eins og hv. 2. landsk., til þess að vera á móti þessum samningum. Ég vil nú ekki hafa fleiri orð um þetta, en get þess eins, að þó að þessir samningar séu í raun réttri ekki annað en endurtekning á þeim gömlu, þ. e. a. s. frá 1924, þá getur þetta samt verið ástæða til andmæla nú.

**Jón Baldvinsson:** Það hefir nú komið fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að hann vill ekki gera mikið úr þeim aukna rétti, sem Norðmenn munu öðlast. En í raun og veru var hann nú tilneyddur að viðurkenna öll atriði, sem ég hefi fært hér fram um þessi auknu réttindi, en hann vildi hinsvegar ekki gera mikið úr þeim. Það er einnig ágreiningsefni með okkur hv. þm., af hvaða ástæðum íslenzkir sjómenn og útgerðarmenn eru á móti samningunum. Hann heldur því fram, að ástæðan sé ekki ívilnanir og aukin réttindi Norðmanna með þessum samningi, heldur sé andstaðan síðan samkomulagið 1924 var gert. Hv. þm. verður þó að gera sér ljóst, að hverjar 10 þús. tunnur, sem Norðmenn flytja á land til viðbótar því, er þeir áður höfðu heimild til, skapa ísl. sjómönnum aukna atvinnuerfiðleika og útgerðarmönnum stórtjón. Það vitum við báðir, að síld er ekki jöfn vara að gæðum, þegar hún er verkuð á skipum úti, móts við síld verkaða í landi.

Ég tel hreint ekki svaraverðar rangfærslur hv. þm. og útúrsnúninga þá og brigzl, sem hann hefir viðhaft um mig og flokksmenn mína. En það get ég fullvissað hv. þm. um, að það eru þessi nýju auknu réttindi, sem ísl. sjómenn óttast, að verði þeim að stórtjóni, réttindi, sem leyfa, að mörg þús. tunnum meira sé flutt í land en var eftir samkomulaginu frá 1924, — réttindi, sem gera erlendri fiskiþjóð kleift og leyfilegt að athafna sig á ísl. höfnum.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta; hv. þm. hefir viðurkennt, að þessir samningar gangi lengra en samkomulagið frá 1924, enda yrði nokkuð erfitt fyrir hann að bera á móti því, vegna þess að það væri sama og að neita ýmsum ákvæðum samningsins. Og hjákátlegt væri það óneitanlega, þar eð samningamennirnir hafa sjálfir viðurkennt þetta allt saman.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég játaði að vísu, að meiri réttindi kæmu fram í formsatriðum nú heldur en skjalfest hefðu verið 1924, en ég hélt líka jafneindregið fram, að réttindin hefðu þá verið þau sömu, því að á undanförnum árum hafa menn bara lokað augunum fyrir því, að hegðun Norðmanna hefir komið

í bág við það, sem leyfilegt var, t. d. hafi haft alla sína hentisemi innan landhelgi. Hv. þm. sagði, að ísl. sjómenn gerðu ákaflega mikið úr þessum tugum þúsunda tunna, sem hann hélt fram, að Norðmenn mundu flytja inn meira en áður. En þar er því til að svara, að mjög vafasamt mun það reynast, að þetta verði mikil aukning. Því að samkv. 6. gr. sést ekki betur en að yfirleitt sé þetta atriði tekið varnartökum. Jafnframt má taka til athugunar, að þótt leyft hafi verið samkv. 1924 svo mikið magn, að nam 140 þús. tunna, þá voru þau ákvæði ekki notuð til hlítar, heimildin var aðeins notuð fyrir 30 þús. tunnur, og ekki meir. Svo að auðséð er, að þótt heimildin sé færð upp í 160—170 þús. tunnur og notuð eftir sama hlutfalli, þá skiptir það sízt svo miklu máli fyrir ísl. sjómenn sem hv. 2. landsk. vill vera láta. Nú, og þótt heimildin yrði notuð til hins ýtrasta, þá stafar nú engan veginn eins mikil hætta af því og áður. T. d. get ég minnzt á gang síldarinnar. Ekki er hann til hægðarauka Norðmönnum, þeir þyrftu annað árið að veiða utan landhelgi, en hitt árið innan hennar. Ég get rifjað hér upp gömlu söguna, sem gekk um áhrif síldveiðalöggjafarinnar áður en hún var sett: Ef hún kæmist á, átti hún að gera Norðmönnum hér svo þröngt fyrir dyrum, að þeir gætu ekkert aðhafzt, en yrðu neyddir til að láta af öllum sínum glæsilegu vonum um síldveiðarnar hér við land. En sú hefir reyndin orðið, að ekki var nóg með að veiðar Norðmanna hafa vaxið stórum, heldur hafa og fjöldi annara þjóða skipa siglt í kjölfar þeirra inn í hina íslenzku síldarparadís. Er engum blöðum um það að fletta, að spádómarnir íslenzku um útrýmingu norskra síldveiða hér hafa reynzt harla haldlitlir, og reynslan hefir sýnt sig þveröfuga við þá, því að sífellt færist og hefir færzt í aukana ófögnuður þessi. Það, sem hv. þm. sagði um að síld Norðmanna væri ekki samkeppnisfær, getur hvergi staðizt, því að það hefir komið í ljós, að Norðmenn eru fljótari til að selja en síldareinkasalan. Ég vona, að hv. þm. sé ekki að drótta því að síldareinkasölunni, að síldin sé svo miklu verr verkuð hjá henni heldur en öðrum! Nei, það stafar af því, að norska síldin er fljótunnin og kemst eðlilega fyrr á markaðina í Eystrasaltslöndunum. En það, sem hér ber að gera, er að tryggja íslenzkri síld þennan nýja markað, sem ég gat um, því að vorar verkunaraðferðir eru einmitt þær, sem eru skilyrðin fyrir vörugæðum þar.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Umr. um samningana hafa hér aðallega snúizt um þá hlið þeirra, er að síldveiðum veit. Ég skal ekki fara langt út í það, því að á því sviði eru til ýms atriði, sem ég er ekki gagnkunnugur. En ég vil í fáum orðum slá því föstu, að ég er, eins og ég hefi þegar látið í ljós, mjög hræddur um, að samningarnir séu óheppilegir fyrir afdrif ísl. síldveiði. En það er ekki nema reynslan ein, er getur til fulls skorið úr um framkvæmdahlið málsins. Menn geta farið í löggjöfina og grandskoðað hana og rannsakað eftir þeim föngum, sem fyrir liggja, en það, sem sagt hefir verið um framkvæmdirnar, er allt á getgátum byggt. Ég hefi ekki haft þessa hlið máls mikið að umræðuefni og mun heldur ekki gera það. En ég hefi hinsvegar vakið umtal um það, hvort hæstv. stj. muni gera þetta mál að fráfararatriði, og lýst því, að slíkt falli mér ekki í geð, því að ég lít svo á, að þetta mál sé svo vaxið, að það þoli ekki að vera dregið inn í flokkadeilur. Þetta mál er utanríkismál og verður að sæta annari meðferð en ágreiningsefni þingflokkanna. Þetta held ég fast við og álít ótækt athæfi stj. að draga með þessu móti sjálfa sig inn í flokkapólitíkina, og ég vil skora á stj. að sætta sig við, þó hún þurfi að hverfa frá því að gera málið að kabinetsspursmáli. Þetta er sjálfsögð krafa, og mundi sjálfsagt að gera hana til hvaða stjórnar, sem er. Það liggur engin ásökun í orðum mínum, því að enn hefi ég ekki heyrt af munni stj., að hún ætlist þetta fyrir, heldur er þetta viðvörun, svo að hæstv. stj. komist ekki í slíkt öngþveiti að óyfirveguðu. Um samningana er það að segja, að sem stendur eru fæstir ánægðir með þá. En það er ekkert eins dæmi að því er snertir utanríkismál, að eitthvað sé svo vaxið í þeim, að ekki þyki ljúft að ganga inn á þá skilmála, þótt menn séu e. t. v. nauðbeygðir til þess, svo að í gildi gangi aðrir hollir, sem bundnir

eru við þá. Það getur komið fyrir, að hagsmunir rekist svo á, að það er ekki hægt að gera þær kröfur til sjálfs sín eða annara, að ganga ekki að öðru en því, sem maður er ánægður með. Þetta er því miður svo.

Nú ber þetta mál þannig að hjá okkur í þessari deild, að samningurinn er samþ. með miklum atkvæðamun í Nd., eða með 19:6 atkv., að 3 þm. fjarstöddum. Þegar á að líta á það, hver leið sé líklegust til að fá Íslendinga til að standa saman um það, sem gera þarf í þessu máli, þá væri náttúrlega ekki álitlegt, ef það yrði ofan á, að tekin yrði upp sú aðferð með litlum atkvæðamun í þessari hv. d., sem hefir orðið undir með miklum atkvæðamun í hinni deildinni. Þetta út af fyrir sig gerir mig nú hikandi í því að vilja leggjast á móti því, að sú heimild sé veitt hæstv. stj., sem í þessu frv. felst. Ég held fast við þá skoðun mína, sem ég lét í ljós við 1. umr. þessa máls, að þegar litið er yfir málið í heild frá upphafi og til þessa dags — og til framtíðarinnar, þá er höfuðatriðið það, að haldið verði áfram þeim aðgerðum, sem nauðsynlegar eru til þess að losa okkur undan þeirri nauðsyn, að hafa markað fyrir saltkjöt í Noregi. Þá fyrst, er við höfum gert þær ráðstafanir, erum við alveg frjálsir í samningum við Norðmenn. Ég hefi ekki heyrt neinar mótbárur móti þessu; og ég geri mér eiginlega sterkar vonir um, að það muni vera hægt að sameina menn um aðgerðir í þessa stefnu. Og ef menn verða sammála og samtaka um það, þá leiðir það til þess að losa okkur undan því að þurfa að láta Norðmönnum í té nokkur þau fríðindi við síldveiðar og fiskveiðar hér, sem okkur er sárt um.

En til þess að koma slíku í framkvæmd, þá er auðvitað æskilegast fyrir okkur að skapa okkur þá aðstöðu, að við getum valið okkur þann tíma, sem okkur þykir heppilegastur. Nú ber þetta mál þannig að, að það eru því miður sérstakar ástæður, sem gera það alveg sérstaklega erfitt á þessu augnabliki að vita, hvar við stöndum að því er snertir getu okkar til þess fljótlega að losast við saltkjötsmarkað í Noregi. Það er öllum hv. þdm. vitanlegt, að þótt lítið sé um það talað, þá stendur þetta mál í nánustu sambandi við þá samninga, sem nú standa yfir, en eru ófullgerðir, milli okkar og Englendinga, um gagnkvæma verzlun milli landanna. Ég get ekki, fremur en áður, gert nokkur einstök atriði í þeim samningaumleitunum að umtalsefni, en get þó ekki annað en minnt á það, að þannig stendur það mál, að af þeim 3 þús. smál. af kindakjöti, sem við nú sem stendur þurfum að flytja út árl., höfum við ekki vissu fyrir á þessu augnabliki að geta orðið af með nema ¼ hlutann til Englands. Við höfum að vísu vonir um að selja meira, jafnvel allt að því að halda þeim markaði, sem við höfum notið þar síðastl. ár, sem mun nema allt að því ¾ hlutum af kindakjötsútflutningnum.

Sú eina ósk, sem ég hafði fram að bera í utanríkismálanefnd, eftir að samningar voru orðnir fullundirbúnir, var sú, að þeir mættu að öllu leyti bíða þangað til séð yrði um úrslit samninga við England.

Ég þarf ekki að útlista það, hvílíkan mun það gerir á getu okkar til þess að losna fljótlega við markaðsþörf í Noregi, hvort við fáum að flytja til Englands ¼ eða ¾ af því kjötmagni, sem við þurfum að selja út. En á þessu augnabliki er ómögulegt um þetta að vita. Þess vegna tel ég, að þessi tími sé fyrir okkur Íslendinga svo óhentuglega valinn sem nokkur tími getur verið, til þess að taka ákvörðun um það, að losa okkur til fulls við þörf fyrir norska saltkjötsmarkaðinn.

Ég álít þess vegna, að aðstaðan heimti það í raun og veru, að við tökum okkur frest til ákvörðunar um þetta, þangað til samningunum við England er lokið. Þá fyrst getum við vitað, hve mikið kjötmagn við þurfum að gera ráðstafanir til að útvega markað fyrir.

Nú hefir það verið margtekið fram, af þeim, sem eru óánægðir með þessa samninga, að aðalkostur þeirra sé sá, að þeir eru uppsegjanlegir með 6 mán. fyrirvara. Þeir eru gerðir til eins árs í senn. Ef við göngum að þeim nú, þá getum við látið þá falla úr gildi einhverntíma á tímabilinu frá 1. marz til 1. júní næsta ár. Það er fastlega búist við því, að samningum við England verði lokið nú á þessu vori eða sumri. Getum við þess vegna vonazt eftir því a. m. k., að þegar við komum saman á næsta þingi — og kannske áður en við

slítum þessu þingi — þá getum við haft nauðsynlegt yfirlit yfir það, hvaða ráðstafanir þarf að gera kjötmarkaðsins vegna. Ég legg þess vegna í þessu máli mesta áherzlu á það, að eins og nú stendur álít ég okkur nauðbeygða til að útvega okkur frest, til þess að geta tekið fullnaðarákvörðun í málinu. Þennan frest getum við útvegað okkur með því að veita stj. heimildina, sem frv. fer fram á, og veita hana sem beina bráðabirgðaráðstöfun. Og frestinn eigum við þá fyrst og fremst að nota til þess að koma löggjöf okkar í það horf sem þarf, til þess að við höfum sæmilega aðstöðu í slíkum samningum yfirleitt. Í því horfi er löggjöf okkar því miður ekki nú. Hefir að vísu komið fram frv. á þessu þingi til þess að bæta úr, en er ekki komið neitt áleiðis.

Í öðru lagi álít ég, að við eigum að nota frestinn til þess að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að verða, eftir að ensku samningunum er lokið, til að útvega markað fyrir það af okkar útflutta kindakjöti, sem við getum ekki fengið að verða af með á enskum markaði. En það segir sig sjálft, að það er ómögulegt að taka ákvörðun um slíkar ráðstafanir nú, meðan við höfum enga hugmynd um það, hvort það verður ¼ eða ¾ af öllu útflutningskjötmagni, eða einhversstaðar þar á milli, sem þarf að finna nýja leið fyrir.

Ég þarf ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði við 1. umr. um það, sem ég er óánægður með í þessum samningi. En af þessari höfuðástæðu, sem ég hefi nefnt, þeirri algerðu óvissu, sem nú um stund er um niðurstöðu hliðstæðra samninga við England, þá mun ég ekki sjá mér fært að leggjast á móti því, að stj. fái sem hreina bráðabirgðaráðstöfun þá heimild, sem farið er fram á í frv. Og ég vona svo, að sú tillátssemi mín og margra af þeim, sem greiddu atkv. með þessu frv. í Nd., geti orðið til þess, að við verðum samtaka betur heldur en nú gæti orðið, bæði um undirbúningsráðstafanir, sem þarf til þess að losa okkur undan þeirri nauðsyn að gera slíka samninga við Norðmenn, og um uppsögn samninganna og nýja verzlunarsamninga við þá, þegar þar að kemur, sem ég fyrir mitt leyti vona, að ekki verði langt að bíða, ef samningarnir við Englendinga ekki enda með neinum ósköpum fyrir okkur.

**Jón Baldvinsson:** Ég vildi út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. benda á, að sú takmörkun á sölu síldar í land frá skipum, sem salta í móðurskip og önnur erlend skip, er í raun og veru gerð eftir ósk Norðmanna. Er þá ekki erfitt að sjá, að þeir ætla sér ekki að nota sér þetta. Enda segja samningamenn í grg. við samninginn, 6. gr.:

„Halda Norðmenn því fram, að með komu þeirra hafi síldveiðar Norðmanna færst yfir í hendur stórkapitalismans, en bæði sé það gagnstætt þróun norskra fiskveiða, og hafi auk þess orðið til þess að auka síldveiðarnar, en það skaði sameiginlega hagsmuni Íslendinga og Norðmanna".

En sannleikurinn er sá, að þessir stóru leiðangrar hafa gefizt heldur illa. Sá eini leiðangur, sem ég þekki til, sem gerður var út í hitteðfyrra af hálfu Dana, bar sig alls ekki. (**JakM:** Það var með sócialistisku fyrirkomulagi). Nei, það var „liberal" íhaldsmaður, flokksbróðir þessa hv. þm., sem stóð fyrir þessum leiðangri. Það sýnir einmitt, að Norðmenn hafa óskað eftir því, að þetta takmark væri sett. Það sýnir annað. Það sýnir, að Norðmenn ætla sér að auka smáskipaútgerðina við Ísland, og það þýðir meiri sölu síldar hér í land, til hins verra fyrir okkur.

Ég held líka, að stórskipaleiðangrar hjá öðrum þjóðum gangi heldur stirðlega; en vitanlega hefir verðinu á síld frá þessum leiðangrum verið haldið uppi með gífurlegum tollum eða innflutningsbanni á annari síld. En við það er ekki hægt að miða.

Þá ætla ég að spyrja hv. 1. landsk. um það, hvernig hann hugsar sér að gefa stj. þessa heimild til að undirskrifa samninginn sem hreina bráðabirgðaráðstöfun, því að ég skil ekki, hvernig það má vera. Ef við samþ. samninginn, þá gengur hann í gildi, og honum er ekki hægt að segja upp fyrr en eftir heilt ár. Það hafa fleiri hv. þm. látið þetta í ljós, t. d. hv. 2. þm. S.-M., að þeir vildu segja upp samningnum við fyrsta tækifæri. Ég vil spyrja hv.

1. landsk.: Hvað á að þýða að samþ. samninginn í hendur stj. sem hreina bráðabirgðaráðstöfun? Er það ekki sama og að segja upp samningnum á næsta ári? Ég get ekki annað séð en að það líti út fyrir, eftir afstöðu þingmanna, að þeir í raun og veru samþ. samninginn frekar af því, að stjórnin hefir gert synjun hans fráfararatriði, heldur en að þeir séu sjálfir sannfærðir um, að samninginn beri að samþ. Og það er í rauninni það sorglega við þetta, ef hv. þm. halda svo fast í stj., að þeir þess vegna vilja gera stórkostlega skerðingu á atvinnumöguleika okkar Íslendinga.

Annars er það svo, að það hefir enginn tekið árinni eins djúpt og hv. 1. landsk. í andstöðu gegn þessum samningi. Þessi hv. þm. var sannfærður um, að þessi samningur væri „verzlun með landsréttindi". Á hann ekki erfitt með, eftir þessa skorinorðu yfirlýsingu, að greiða samningnum atkv. sitt? Eiga þeir menn ekki erfitt með slíkt, sem telja sig sjálfkjörna til að vera sí og æ á verði fyrir sjálfstæði landsins?

**Magnús Torfason:** Ég stend ekki upp til að ræða frekar um þetta frv. Með því, sem fólst í ræðu minni í gærkvöldi, gerði ég grein fyrir atkv. mínu fullnægjanlega. Ég hafði alls ekki ætlað mér að tala, en það er hv. þm. Hafnf., sem kom því til leiðar, að ég stóð upp aftur. Hann fór sem sé með nokkrar setningar eftir mér, sem ég nenni ekki að láta standa ómótmælt í þingtíðindum. Hann hafði þau orð eftir mér, að engin þjóð hefði sýnt aðra eins frekju og Norðmenn. Mér hefir aldrei nokkurn tíma dottið í hug að segja slíkt. Það væri sú reginvitleysa að bera slíkt í munni sér, að ég get jafnvel ekki hugsað mér, að maður, sem hefir lesið smáágrip af mannkynssögu, gæti látið sér slíkt um munn fara. Það eru svo ákaflega mörg dæmi sögunnar fyrir því, að öðrum þjóðum hefir verið sýnd meiri frekja en Norðmenn okkur Íslendingum í okkar viðskiptum. Ég get svona til skýringar minnt á það, að á 17. öld brytjaði ein þjóð niður rúmlega einn þriðja af nágrannaþjóð sinni á fáum árum.

Þá kvað hann mig hafa átt að segja, að það þyrfti að samþ. samninginn til að sýna, hve bölvaður hann væri. Ég verð nú að játa það, að þetta þarf ekki að vera bein vitleysa. Það er haft eftir merkum stjórnmálamanni, sem a. m. k. jafnast fyllilega á við okkur hv. þm. Hafnf., að hann hafi látið sér um munn fara, að ástandið þyrfti að versna, til þess að batna. Svo að hugsunin er alls ekki vitleysa. En það var bara þetta, að ég sagði ekki neitt í þessa átt. Það, sem ég sagði, var það, að ef afleiðingarnar af þessum samningi yrðu eins vondar og hv. þm. Hafnf. og fleiri vildu vera láta, þá hefðu þeir þá huggun, að þeirra málstaður mundi vinna sigur með þessari þjóð. En hinsvegar myndi alls ekki vera hægt að koma þjóðinni upp á spádómum einum, sem menn greindi á um, hve mikils virði væru og hve mikið lægi í.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hv. 2. landsk. gaf ágæta lýsingu á röksemdafærslu sinni yfirleitt og þeirra félaga hans í þessu máli, þegar hann fór að tala um móðurskipin. Hann gerði grein fyrir sinni skoðun á því ákvæði, sem fer í þá átt óbeinlínis að banna alla sölu í land af afla skipa, sem annars leggja síld í móðurskip til söltunar, á þá leið, að þetta yrði nú bara til bölvunar. Nú er hann búinn að segja, að aðalhætta af þessum samningi sé sú, að Norðmenn leggi meiri síld í land til söltunar. Þó kallar hann það bölvun, þegar útilokuð er sjálfsagt ekki lítil tala skipa frá þeim möguleika. (**JBald:** Þeir ætla að hætta við þau!). Nei, hann lætur sér ekki detta í hug, að útgerð, sem búið er að reka í meira en tug ára, hætti allt í einu, útgerð, sem á undanförnum árum hefir ekki byggt neitt á sölu í land. Því að þessi útgerð var rekin meðan síldareinkasalan starfaði og auðvitað stuðningslaust af þeim hlunnindum, sem það fyrirkomulag hafði í för með sér. Það þarf engum að detta í hug, að hún hætti allt í einu. Hitt má vera, að fiskistjórnin norska vilji eitthvað breyta þróun fiskveiðanna hjá þeim, en sú breyt. verður ekki í skjótri skipan.

Það er þess vegna áreiðanlega gott að fá þetta ákvæði í samninginn, að minna megi selja í land. Hvort uppástungan kom frá norskum aðiljum eða íslenzkum, skiptir engu máli, sama hvaðan gott kem-

ur. Þetta er nú góður spegill af röksemdafærslu hv. 2. landsk. og félaga hans í þessu máli. Enda er það vitanlegt, að það er í raun og veru ekki gæði eða gallar samnings, sem þeir vilja meta, heldur möguleikann til þess að slá pólitíska mynt af mótstöðu gegn samningnum. Þeir hafa aldrei komið auga á aðalatriðið, en einungis ætlað að nota stundaræsingu til þess að afla sér fylgis. Þar sem hv. 2. landsk. minnist á dönsku útgerðina, þá er það satt, sem ég sagði, að það er meira og minna sósialistisk útgerð. Þó að henni sé stjórnað af sérstökum framkvæmdarstjóra, þá vita allir, að danski forsrh. hefir verið mjög áhrifamikill maður í þessum framkvæmdum, og ég get ekki tekið það öðruvísi en sem stór kompliment, þegar hv. 2. landsk. segir, að þessi framkvæmdarstjóri, sem hinn mikilsmetni skoðanabróðir hans í Danmörku hefir valið, sé maður svona á borð við mig, hvernig sem þessi maður er nú. Og þótt mig langi nú ekkert sérstaklega mikið til að líkjast honum, þá hlýtur þetta að vera meint sem kompliment. Ég veit, að hv. 2. landsk. hefir það traust á flokksbróður sínum í Danmörku, að hann muni ekki velja menn af lakari endanum til forstöðu slíkra fyrirtækja og ég get þakkað hv. þm. þessa meiningu.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Það er komið að lokum þessarar umr. og ég býst ekki við að lengja hana mikið, en vildi segja fáein orð um málið áður en það fer úr d. Ég býst við, að fullyrða megi, að h. u. b. allir þm. og h. u. b. allir utanþingsmenn séu óánægðir með ástandið, sem samningarnir gera ráð fyrir að verði milli Noregs og Íslands nú um næstu ár. Þar fyrir er þó ekki annað sagt en að þessi er grunntónninn í málinu, að ísl. þjóðin virðist skoða þessa aðstöðu, sem við sumpart erum í, sem neyðarúrræði. Fram er lagt í móti, að á þessum tollmúra- og verzlunartímum hafi stór hluti ísl. þjóðarinnar ekki ráð á því að kasta frá sér markaði, sem þó tekur á móti um ⅔ af því útflutningsmagni kjöts, sem að líkindum verður hægt að flytja héðan út næsta haust.

Ég ætla þá að minnast fáum orðum á málið eins og það nú horfir við. Ég býst við, að það hafi e. t. v. verið sagt af öðrum, því að ég hefi ekki alltaf verið við umr. Aðalgalli þessa samnings er ekki sá, að hann sé óheppilegur fyrir oss gagnvart norsku þjóðinni, þó að hann standi í 1 eða 2 ár. Þann skaða getum við lifað af. Hitt er verra, ef sú aðstaða, sem við bæði með þessum samningum og samningunum 1924 verðum fordæmdir fyrir, verður til þess að við þurfum gagnvart öðrum þjóðum að gera samninga, sem verða óhagstæðir — samninga, sem við verðum að láta standa eftir að við e. t. v. höfum sagt upp þessum samningi. Ég álít, að aðalhættan fyrir okkur liggi í því, að reynt verði af öðrum þjóðum að krefjast þess, að þær fái hliðstæð hlunnindi eins og Norðmenn hafa nú vegna verzlunarsamningsins frá 1924, sem nú er staðfestur með nokkrum breyt. Ef svo vel tækist, að í samningnum við Englendinga, sem nú stendur fyrir dyrum, væri sneitt hjá þessari hættu, þá væri miklu minna í húfi. Okkar aðstaða við Norðmenn er þannig, að henni gæti orðið breytt innan skamms án óþæginda fyrir Íslendinga, en Englendingar eru þjóð, sem við þurfum alltaf að kaupa mest frá og selja mest til, og sú þjóð, sem hefir þá aðstöðu, sem er okkur miklu meiri ofjarl en frændur okkar í Noregi. Ég vil ennfremur minnast á, í sambandi við þessa opnun á fiskiveiðalöggjöfinni, sem gerð var bæði 1924 meira og minna óljóst, og nú aftur töluvert skýrar, að hún setur landhelgisgæzluna okkar í ákaflega mikla hættu. Það var náttúrlega eins óheppilegt og hægt var að gefa Norðmönnum fyrirheit um það 1924, að þeir skyldu fá í landhelgismálunum „velviljaða aðbúð". Ekki af því, að nokkur Íslendingur óski eftir því að vera ranglátur, heldur af því að þessi orð: „velviljuð aðbúð" voru svo ónákvæm, að í þau mátti leggja hið mesta ranglæti frá hálfu Norðmanna. Þessi ákvæði eru nú gerð skýrari, og er það að sumu leyti kostur, en um leið er þeim veitt meiri eftirtekt af öðrum þjóðum og stafar meiri hætta af því sem fordæmi. Ég vil t. d. benda á, að svo framarlega sem útlend veiðiskip frá Englandi, Frakklandi, Spáni og Þýzkalandi geta haldið því fram, að ekki sé að marka mælingar varðskipanna, því að sökudólg-

inn hafi rekið fyrir straumi og vindi inn í landhelgina, þá geri ég ráð fyrir, að erfitt verði fyrir Ísland að halda uppi landhelgisgæzlu, sem sé nokkurs virði. Í þessu liggur þó ekki nein sérstök ásökun, hvorki til landsstj. né til samningamannanna. Það er einungis raunveruleiki málsins, sem liggur þannig fyrir, að aðstaðan hefir neytt stj. og samningamennina og nú síðast þingið til þess að ganga inn á þá meðferð á þessu máli, sem er algerlega í ósamræmi við það, sem þjóðin, ekki einungis fiskimennirnir, heldur mikill meiri hl. bændastéttarinnar — álítur rétt. Ég verð að láta undrun mína í ljós yfir því, að þeir menn, sem mest hafa gengið á móti þessu máli og sennilega hafa á réttu að standa, skuli ekki fyrr hafa komið með þá uppástungu að reyna að leysa þetta mál með því að ríkið keypti kjötið og ráðstafaði því með nokkrum hætti þannig að væri til alþjóðarheilla. Svo framarlega sem sú kritik er réttmæt, að samningurinn geri sjávarútvegsmönnum svo stórkostlegan skaða, þá er það mikið athugunarefni, hvort ekki borgaði sig, að ríkið keypti á næstu 5—6 árum þetta magn af kjöti fyrir sama verð og er í Noregi á hverjum tíma eða yrði í Englandi á frystu kjöti, og leggja síðan út á þá braut, sem við komumst á fyrr en varir, að slíta verzlunarskiptunum við Norðmenn, til þess að þurfa ekki að hafa þá í landhelginni og svo nálægt, sem þeir eru nú. En eins og ég sagði áðan, þá harma ég það ekki svo mjög, þótt þjóðin yrði að bíða af þessu ástandi nokkurn halla skamman tíma. Það mætti laga, ef ekki væri nema um Norðmenn að ræða. Þá mætti bæta úr þessu með því að hafa einskonar einkasölu á síld. Og þótt ég ekki hæli öllum rekstri einkasölunnar gömlu, þá verður ekki um það deilt, að ef hún hefði verið nú, myndu Norðmenn ekki hafa lagt áherzlu á að selja í land, því að þeir vilja fá að verzla sjálfir. Því væri það hugsanlegt úrræði gagnvart Norðmönnum að hafa einkasölu á síld meðan samningurinn stæði, til þess að Norðmenn yrðu ekki svo fúsir á að leggja síld í land til þess að tapa yfirráðaréttinum yfir sölunni. Ég geri ráð fyrir, eins og sumir aðrir þm., sem talað hafa, að svo framarlega sem rætist sá uggur, sem er í hugum manna í sambandi við fríðindi þessa máls, þá muni ekki líða á löngu þangað til þeim verði sagt upp aftur, þótt þeir verði samþ. nú, sem í rauninni er ekki hægt annað en gera, þar sem Íslendingar hafa þegar að nokkru leyti notið hlunninda samninganna. Ég vona, að úr því máli rætist þó betur áður en mörg ár líða og um leið verður maður að vænta þess, að með þeim samningum, sem nú er verið að gera við Bretland, haldi menn sig á þeim grundvelli, að þessi samningur sé svo sérstaks eðlis, að hann skapi ekki fordæmi fyrir öðrum samningum.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Hv. 2. landsk. spurði, hvað það ætti að þýða, að ég vildi samþ. þessa heimild handa stj. sem bráðabirgðaráðstöfun. Það á að þýða svona hið sama og hv. 2. þm. S.-M. var búinn að orða hér áður og ég er búinn að skýra frá. Það er fyrst og fremst til þess að bíða eftir niðurstöðu ensku samninganna, og til þess þar á eftir að gera sem fljótast að mögulegt er þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að losna við saltkjötsmarkaðinn í Noregi. En fyrst þegar ensku samningunum er lokið getum við vitað, hve stórt verkefnið er, sem í þessu síðara felst. Ég er óhræddur, eftir þær umr., sem hér hafa orðið um þennan samning, bæði innan þings og utan, að samkomulag verði um að gera allt til að ná þessu marki, svo framarlega sem ekki fer svo illa, að eitthvað þurfi, sem er algerlega ókleift efnahagslegri getu þjóðarinnar. En það vil ég vona, að ekki verði. Í sambandi við þetta og út af því, sem hv. 5. landsk. sagði um hið sama, vil ég aðeins geta þess, að sú uppástunga, sem nú hefir komið fram í frv.formi frá hv. 2. landsk. um að endurgreiða ísl. útflytjendum tollmun eða kaupa af þeim kjötið eftir því sem á stendur, allt að 11500 tunnum, kemur nú fram á þeim tíma, að ég fyrir mitt leyti sé ekki, að unnt sé að taka afstöðu til hennar, þar sem ekki er unnt að vita, hvort hún leysir spursmálið á þessu sviði, sem eftir verður, þegar lokið er ensku samningunum. Ef maður vissi, að ekki væri um annað að ræða að því er kjötútflutninginn snertir en kaup á 11500 tunnum og ráðstafa þeim svo

með einhverju móti, þá hefði ég ekki hikað við að ganga á móti þessum samningum og tekið hinn kostinn. En ómögulegt er að vita í dag, hvort þessi ráðstöfun nægir. Þess vegna álít ég líka, að hvað hann snertir sé nauðsynlegt að útvega sér frest til ákvörðunar í málinu, þangað til lokið er ensku samningunum, og ég sé ekki aðra leið til þess en að veita stj. þá heimild, sem farið er fram á hér í dag.

Hv. 2. landsk. vék svo í ræðu sinni ekkert að þeirri ástæðu, sem ég bar fram og sem hefir þau áhrif, að ég treysti mér ekki að taka á mig þá ábyrgð, að þetta frv. verði fellt, heldur fór hann að gera mér upp ástæður, sem sjálfsagt eru nokkru nær hans huga, sem sé, að ég vildi halda í stj. En það liggur alveg utan við hjá mér. Ég álít, að ekki eigi að koma til mála að stj. geri þetta að fráfararefni. (**JBald:** Hún hefir lýst yfir því). Ég hefi ekki heyrt hana gera það. (**JBald:** Hún gerði það í Nd.). Hitt skal mér vera ánægja, bæði fyrr og síðar, að hv. 2. landsk. minni á hin alvarlegu orð, sem ég lét falla við 2. umr., að við eigum að varast að verzla með landsréttindi í staðinn fyrir tollívilnanir, og ég hefi fyrir nokkru borið fram frv. hér í þinginu, sem er nauðsynlegt til þess að við ekki þurfum að leiðast í slíka freistni framvegis, þegar líkt stendur á og staðið hefir á gagnvart Norðmönnum.

**Bjarni Snæbjörnsson** [óyfirl.]: Eins og ég tók fram í gær, þá er ég í þessu máli það bjartsýnn, að ég held, að þó að við samþ. ekki þennan samning og búum þá sendimennina betur út frá þingsins hálfu, þá muni samt sem áður verða samkomulag um samning við Norðmenn, sem er betri og hagstæðari í okkar garð en þessi er. Ég álít sem sé, að interessur Norðmanna, bæði hvað verzlun og siglingar snertir hér við land, séu miklu fleiri en þessi ívilnun um kjöttollinn, sem við fáum. Þess vegna tel ég það engan skaða, þótt við segjum upp samningnum. Og um hitt atriðið, sem hv. 1. landsk. drap á, að stj. geri þetta að fráfararatriði, vil ég segja það, að því trúi ég alls ekki fyrr en ég heyri það frá henni sjálfri. Ég er heldur ekki eins bjartsýnn og hv. 1. landsk. að halda að þessum samningi verði sagt upp eftir t. d. eitt ár. Hæstv. ráðh., sem tók hér til máls í gær, lét svo um mælt, að eftir nokkur ár væri það sín trú, að Íslendingar vildu gera samning aftur, til þess að fá hækkað kjötútflutningsmagnið til Noregs. Það sýnir, að ekki er meining hans að koma því þannig fyrir, að kjötútflutningurinn til Noregs hverfi. — Hv. 5. landsk. sagði, að ef þessi samningur yrði að l., gilti hann sennilega næstu ár og hvernig vill hann svo leysa Ísland frá þeim samningi? Jú, hann vill leysa það á þá lund að koma á ríkiseinkasölu með síld, og ég tek þetta sem slæman fyrirboða. Hann er áhrifamikill maður innan flokks hér í d., og allir vita, að hv. 2. landsk. er meðmæltur slíku fyrirkomulagi og þá kemur sama bölvunin fyrir aftur, sem létt var af í fyrra. Þetta gerir það að verkum, að mér finnst sjálfsagt að vera á móti samningnum eins og hann er nú.

Úr því að ég stóð upp, langar mig til að víkja ofurlítið að hv. 2. þm. Árn., sem mér virtist segja, að ég hefði farið rangt með orð hans, en það er ekki rétt. Ég skrifaði upp eftir honum, af því að mér þótti það svo einkennilegt, en það kemur auðvitað stundum fyrir, að það kemur stundum lítið eitt út úr honum, sem hann vildi ekki hafa sagt eða a. m. k. öðruvísi en hann vildi sagt hafa. Hann sagði: „Norðmenn hafa brotið flest ákvæði í veiðilöggjöfinni og vaðið hér uppi". Ég veit ekki, hvort þetta er nægilegt til þess að sýna fram á, hve torvelt verður að framkvæma landhelgisgæzluna vegna frekju Norðmanna. Ennfremur sagði hv. þm.: „Þjóðin verður að reyna samningana til þess að geta risið upp sem einn maður, ef illa reynist". Þetta er eitt af rökunum fyrir því að samþ. samninginn. Það er alveg sama og t. d. ef einhver maður væri álitinn vitskertur, væri sjálfsagt að setja hann fyrir banka og láta hann framkvæma allan þann óskunda, sem hann gæti, til þess að þjóðin gæti séð, að hann væri vitskertur.

**Halldór Steinsson:** Örstutt aths. út af ræðu hv. 1. landsk. Hann lagði aðaláherzlu á það í ræðu sinni, að ekki bæri að hafna þessum samningi, vegna þess að yfir stæðu samningaumleitanir við

Englendinga, og væri ekki útséð um, að hve góðum kjörum þar yrði komizt. En í þessu sambandi gleymdi hv. þm. algerlega aðalatriðinu í þessu máli, og það er, að kjötmarkaðurinn í Noregi hefir farið stórminnkandi ár frá ári og er um það bil að lokast. Þetta er svo stórt atriði, að því má ekki gleyma í sambandi við þetta mál. Því legg ég ekki eins mikla áherzlu á, hver úrslitin verða í Englandi. Við stöndum alla vega illa að vígi í Noregi, hvað sem verður ofan á í Englandi. Það er ekki nægilegt að hafa lágan toll á kjöti til Noregs, ef Norðmenn ekki vilja kaupa kjötið. Þess vegna hefir þetta afarmikla þýðingu. Málið liggur hreint og opið fyrir. Við verðum að gera okkur það ljóst, að við þurfum ekki að byggja á neinum verulegum markaði framvegis í Noregi, og þess vegna verðum við að leita markaðs fyrir okkar kjöt annarsstaðar, og ef samningar við Englendinga bregðast, verður að fara aðrar leiðir.

Eins og ég gat um í ræðu minni í gær, þá legg ég ekki sérstaklega mikla áherzlu á, hvort þessir samningar verða samþ. eða ekki. Ég skoða það einungis sem bráðabirgðaráðstöfun, ef samningurinn verður samþ., því að við myndum búa við sama ástandið yfirstandandi ár, hvort sem væri. Því endurtek ég það, sem ég sagði í gær, að ég trúi því fastlega, að þessum samningi verði sagt upp jafnskjótt sem ákvæði hans leyfa.

**Jón Baldvinsson:** Út af ummælum hv. 1. landsk. vildi ég einungis upplýsa, að í Nd. lýsti hæstv. forsrh. yfir því, að stj. myndi gera þetta að fráfararatriði. Hann sagði, að norska stj. myndi búast við, að ísl. stj. legði öll sín áhrif og stöðu sína í veð til að koma málinu fram. Þetta var að gefnu tilefni eftir fyrirspurn frá hv. 2. þm. Reykv., og áður hafði ráðh. í viðtali við þennan sama hv. þm. sagt hið sama. — Af umr., eins og þær hafa snúizt undanfarið, hefir það komið fram, að nokkrir vilja samþ. þetta til bráðabirgða handa stj., af því að þeir eru óánægðir með að vita ekki hvernig samningarnir við Englendinga muni fara. Í dag er 12. apríl og 15. á laugardaginn. Þá má í seinasta lagi, eftir ákvæðum samningsins, samþ. hann. Ég vildi því mælast til þess við hæstv. stj., að málið yrði tekið út af dagskrá, símað til Norðmanna og reynt að fá nokkurn frest á því að ganga frá þessum samningi. Þingmenn vilja fá að vita, hvernig fer um samningana við Englendinga, og verið gæti, að þeir yrðu búnir t. d. 14. maí, en engu er spillt þótt dragist að samþ. þessa samninga þangað til. Um það er því einungis að ræða, hvort hæstv. stj. treystir sér til að útvega frest hjá Norðmönnum. Það er ekki byrjuð nein síldveiði, svo að Norðmenn mundu geta veitt okkur þennan frest; hinsvegar væri hugsanlegt, að á þeim tíma væri komin full vitneskja um, hvernig semdist við Englendinga, og mér skilst á mörgum hv. þm., að þeir mundu vilja haga atkv. sínu nokkuð öðruvísi, ef þeir vissu til fullnustu um samningana við Englendinga. Þetta er það stóra atriði í þessu máli. Mér finnst sjálfsagt í svona þýðingarmiklu máli að fá svar við þessu fyrir laugardag, og mætti því taka málið út af dagskrá og taka það svo á dagskrá aftur, ef ekki fengist frestur, sem stj. vonandi gæti útvegað. Þessu vil ég alvarlega beina til hæstv. stj.

**Magnús Torfason:** Út af þessum deilum við hv. þm. Hafnf. þarf ég ekki annað en að skjóta máli mínu til þingskrifaranna. Ég hygg, að þeir beri mér vitni, en það vildi svo til, að hv. þm. las upp orð eftir mér og það var ekkert af því, sem hann hafði sagt áður, svo að hann hefir eiginlega líka borið mér vitni. Orðinu „frekju“ bætti hann við sem ályktun frá sínu eigin brjósti. Ég lýsti framferði Norðmanna hér í gamla daga og það af þekkingu, því að ég var yfirvald á Ísafirði, þegar þeir voru að hverfa þaðan, og mig minnir, að fyrsta málið, sem nokkru skipti og ég hafði til meðferðar fyrir vestan, væri tollsvikamál Norðmanna. Svo hnýtti hann aftan í því til viðbótar, að ég segði ýmislegt, sem ég ekki vildi sagt hafa. Ég veit ekki til þess, að ég hafi þurft að taka orð mín aftur á þingi eða beðið á þeim velvirðingar. Hvað þessa ræðu mína snertir, hélt ég, að ég hefði verið alveg kaldur og hefði ekki verið nokkur ástæða til þess að ég hlypi sérstaklega á mig, því að mér var þetta ekkert kappsmál, sem líka kom fram m.

a. í því, að hv. þm. Hafnf. hafði ekkert að athuga við mína ræðu. Ég býst við, að okkur fari öllum svo, að við segjum eitthvað öðruvísi en við myndum við síðari athugun viljað sagt hafa. Ég hygg, að það sé enginn af okkur svo mikill ræðumaður, að hann geti tekið fyrir, að slíkt komi fyrir hann. Ég hlustaði með talsverðri athygli á ræðu hv. þm. Hafnf. um þetta málefni, og mín ályktun af þeirri ræðu var, að hann hefði eiginlega ekki sagt eitt orð af því, sem hann hefði viljað sagt hafa; ætla ég svo hv. þm. að draga frekari ályktun af því.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Út af því, sem hv. 2. landsk. hreyfði, að fara fram á það við stj., að Norðmenn væru beðnir um frest, þangað til lokið væri ensku samningunum, þá vil ég taka það fram, að það væri sjálfsagt að taka það til athugunar, þar sem það er mín fyrsta ósk í þessu máli, sem ég tók fram áður en samningarnir komu fyrir þingið, en það er því miður ómögulegt að segja um, hvenær á vorinu eða sumrinu þessum samningum við Englendinga verður lokið, og þess vegna er ekki svo gott að fara fram á neinn ákveðinn frest við norsku stj., og ef það yrði gert, yrðum við að setja þann frest svo langan, að allar ráðstafanir viðvíkjandi síldarútveginum í sumar yrðu þá um garð gengnar. Afleiðingin af því, ef þeir veittu þennan frest, er auðsæ; hún yrði sú, að þetta sumar stæðu fríðindin þeim til handa, sem búið er að semja um og þeirra þing er búið að samþ. Þetta yrðum við að gera til þess að fá þennan frest. Niðurstaðan yrði því sú, að Norðmenn fá þau réttindi, sem þeim eru ætluð eftir samningnum, en við ekki. Eins og nú er komið um horfurnar fyrir því, hvenær ensku samningunum verði lokið, álít ég þessa leið ekki tiltækilega, heldur verði að samþ. samningana nú til bráðabirgða með það fyrir augum, að segja þeim upp með 6 mán. fyrirvara til brottfalls eftir ár, ef okkur heppnast að ná þannig samningum við Englendinga, að við teljum okkur það fært. Ég vildi gefa þessa skýringu; annars er þessi uppástunga hv. 2. landsk. í samræmi við það, sem ég hafði óskað, og skal ég fúslega játa, að mín afstaða til þessa frv. getur hæglega orðið gagnstæð að ensku samningunum loknum. Þá veit maður, hvar maður stendur og getur tekið sína afstöðu eftir því. Nú lamar óvissan að því leyti, að maður getur ekki gert upp við sig, hversu stórfenglegar ráðstafanir þurfi að gera til að losa okkur undan nauðsyninni á því að semja oftar við Norðmenn. (**JBald:** Er þetta svar fyrir stj.?). Nei, þetta er svar frá mér eftir mínum kunnugleika gegnum utanríkismálanefnd.

**Jón Baldvinsson:** Herra forseti! Það var ekkert, sem ég óskaði eftir annað en það, að stj. vildi svara þessu, sem mér skilst vera alvarlegt mál og hafa mikla þýðingu í sambandi við atkvgr., og í raun inni má trúa því, að hv. 1. landsk. fari nokkuð nærri um hugarfar stj., af því að hann stendur henni mjög nærri, en með því að hann sagðist tala fyrir sig, hefði ég kunnað betur við, að ríkisstj. hefði sjálf getað svarað þessu. Ég skil ekki annað en hægt væri að fresta atkvgr. í Nd. í tvær mínútur eða svo, á meðan hæstv. ráðh. svarar okkur.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** IP, JónJ, JónÞ, JónasJ, MT, PHerm, PM, EÁrna, GÓ.

**nei:** JakM, JBald, BSn, GL.

HSteins greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 409).

## 40. Stimpilgjald.

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 1921, um stimpilgjald** (þmfrv., A. 161).

Á 27. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Guðbrandur Ísberg):** Það er svipað með þetta frv. og það, sem síðast var til umr. Frv. er flutt til þess að hægt sé að koma afsals- og veðmálabókum í betra horf en nú er. — Menn hafa sér-

staklega trassað að láta þinglesa eignarheimild sína, þegar þeir fá eignina að erfð, og mun það mikið kostnaðarins vegna. Nú er það svo, að þegar um venjuleg kaup og sölu er að ræða, er skylt að láta stimpla slík bréf innan tveggja mánaða; annars verður að greiða stimpilsekt. Þess vegna er næstum útilokað, að menn láti dragast að þinglýsa slíkum bréfum. Allt öðru máli gegnir, þegar eignin er fengin að erfð. Mönnum finnst hart að þurfa að greiða bæði stimpilgjald og erfðafjárgjald af fasteignum við skipti, en aðeins erfðafjárgjald af lausafé. Og óneitanlega er þetta mjög ósanngjarnt, þar sem oft kemur fyrir, að einn erfinginn fær í sinn hlut fasteignina, en hinir lausaféð. — Þó er enn verra við að eiga, þegar fasteignin fellur til eftirlifandi maka upp í búshelming hans af arfahluta. Þá er hér um tvennskonar eignayfirfærslu að ræða og augljóst, að ekki á að greiða stimpilgjald vegna þess, sem hann fær sem búshelming. En þegar eftirlifandi maka er lagt út við skipti bæði lausafé og fasteign, án aðgreiningar á því, hvað skuli teljast lagt út upp í búshelming og hvað í erfð, þá er eigi hægt að ákveða, að hve miklu leyti stimpilgjald á að greiðast. Verður slíkt jafnan, þegar svo stendur á, hreint handahóf, sem alveg er óþolandi. Réttaróvissan á þessu sviði kemur skiptaráðendum oft í hin mestu vandræði. En framhjá ákvæðum skiptalaganna verður ekki komizt, því þau eru svo skýr, að ég býst ekki við, að sýslumenn eða bæjarfógetar treysti sér til að sleppa erfðafjársölum við stimpilgjaldsgreiðslu. Ég hefi leitað mér upplýsinga um það í stjórnarráðinu, hvort hægt myndi að sleppa þessu gjaldi. Fékk ég það svar, að að óbreyttri löggjöf væri það ekki hægt. — Þannig er nú sú hliðin, sem snýr að erfingjunum. Þá er eftir hin, sem snýr að því, að hafa veðmálabækurnar í lagi. Það er nú svo, að þeir menn, er fá fasteignir að erfð, draga von úr viti að láta þinglýsa eignarheimildir sínar, og stundum kemur það fyrir, að eignin gengur að erfð mann fram af manni án þess að eignarheimild sé þinglesin. Fyrir ríkissjóð er hér um lítið tap að ræða, þótt stimpilgjald félli niður í slíkum tilfellum, sem frv. gerir ráð fyrir. Oft og tíðum verður að fá eignarheimild án þess að stimpilgjald komi til greina, og tel ég alla sanngirni mæla með því, að gjaldið sé ekki greitt við slíkar eignayfirfærslur yfirleitt. Vænti ég, að hv. dm. komist að sömu niðurstöðu, að þetta sé ósanngjarnt fyrirkomulag gagnvart erfingjum og óhagkvæmt þeim, sem færa eiga veðmálabækurnar. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. frv. og legg til, að málinu verði að lokinni umr. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 40. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 269).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Það er eins um þetta mál og næsta mál á undan, að n. leggur til, að það verði samþ. með dálítilli breyt. Það er svo, að af mörgum hefir verið látið undan falla að þinglesa eignaskipti, sem fara fram, þegar skipt er búi, vegna þess að stimpilgjaldið er æðihátt. Hinsvegar er ósanngjarnt, að t. d. kona, sem á óskiptan fjárhag með manni sínum og á þess vegna hálft búið — í sumum tilfellum hálfar jarðirnar, sem skipt er —, þurfi að greiða stimpilgjald af yfirfærsluupphæð síns hluta félagsbúsins, af því að nálega í öllum tilfellum er það svo, að maðurinn er talinn fyrir eigninni í veðmálabókunum. Það er í slíkum tilfellum hin mesta ósanngirni, að greiða þurfi stimpilgjald fyrir slíka yfirfærslu á eigninni, þar sem hér er ekki um eignaafsal að ræða, heldur yfirtekur konan einungis sinn hluta. Sama má segja, þegar erfingjar fá útlagt í arfshlut og þurfa að láta þinglesa eignarheimildina, þar sem þeir hafa greitt erfðafjárskatt, að einnig skuli þurfa að greiða stimpilgjald. N. er sammála flm. um, að rétt sé að leiðrétta þetta og að slík yfirfærsla, **þegar ekki er um afsal** að ræða, skuli vera stimpilgjaldsfrjáls. Í mörgum tilfellum er það svo, að einn erfingjanna kaupir eignina og þarf að fá eignarafsal fyrir því, sem hann ekki fær upp í sinn arfshlut. Verður hann þá að sjálfsögðu að greiða stimpilgjald af því, sem hann

kaupir af samörfum sínum. Til þess að koma á samræmi í þessu að því er snertir opinber skipti og erfingjaskipti, þá flytur n. brtt. um, að á eftir orðunum „úr skiptabók“ komi: og önnur skjöl. Með þessu er átt við útdrátt úr erfingjaskiptum. því að það væri ekki samræmi í að stimpilskylda öll slík skjöl, þar sem eignayfirfærsla hefir farið fram við erfingjaskipti. Þetta er gert til þess að samræma svo erfingjaskipti, að þau hlíti sömu reglum sem opinber skipti hjá valdsmönnum. Vænti ég svo, að d. sjái sér fært að samþ. frv. með brtt. n.

ATKVGR.
Brtt. 269 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 300).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. úthýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 300).
Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 420).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá Nd. og var þar flutt, að ég ætla, af hv. þm. Ak. Efni þess er að undanþiggja stimpilgjaldi útdrætti úr skiptabók og önnur skjöl, er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða. Fjhn. hefir haft þetta frv. til meðferðar og athugunar og fallizt á, að rétt sé að láta það ganga fram. Þetta veldur ríkissjóði tiltölulega lítillar tekjurýrnunar, og virðist sanngjarnt, að ekki sé verið að taka stimpilgjald af þessum skjölum. Vænti ég, að hv. þd. lofi þessu litla frv. að ganga fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 467).

---

## 41. Hafnarlög Reykjavíkur.

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, og l. um breyt. á þeim l., nr. 49, 23. júní 1932** (þmfrv., A. 191).

Á 31. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Á síðasta þingi var að vísu afgr. frv. um breyt. á hafnarl. fyrir Reykjavík, en það hefir þó komið í ljós, að ekki hafa verið tekin þar inn í öll nauðsynleg ákvæði. Er því hér farið fram á tvö ný ákvæði. Það fyrra fer fram á, að varafulltrúar skuli vera í hafnarstjórn. Í síðari gr. frv. eru ákvæði, sem tryggja gjaldheimtuna. Er það í rauninni ekkert annað en lögfesting á framkvæmd þeirrar venju, að skoða ó-

greidd hafnargjöld sem forgangsskuldir í þrotabúum og dánarbúum. Þó er þarna nýmæli, sem sé það, að tryggja hafnarsjóði lögveð í skipinu fyrir skipagjöldum, og gangi það veð í eitt ár fyrir samningsveði í skipinu. Er ekki farið fram á, að þetta sé hliðstætt sjóveði eða gangi fyrir sjóveði, heldur aðeins að það gangi fyrir samningsveði.

Eins og nú hagar til um innlend fiskiskip, þá verður oft ekki komizt hjá því að veita þeim gjaldfrest á hafnargjöldum frá vertíðarbyrjun og þangað til seint á haustin, þegar afli þeirra kemst í peninga. Hjá sjávarútveginum er svo þröngt um rekstrarfé, að draga verður allar greiðslur svo sem hægt er. Hefir hafnarsjóður heldur kosið að veita gjaldfrest en að stöðva skipin. En þá er líka nauðsynlegt að hafa einhverja tryggingu fyrir greiðslunni. Er þá ekki ósanngjarnt, að þetta hvíli sem lögveð á skipinu í eitt ár. Þetta lögveð í ekki lengri tíma ætti ekki að þurfa að gera innheimtuna slælegri en vera ber.

Hafnarsjóður vildi ekki fara fram á, að lögveðið gilti í 2 ár, eins og annars tíðkast um opinber gjöld, sem venjulega halda rétti sínum í 2 ár.

Að endingu vil ég láta þá ósk mína í ljós, að hv. d. lofi málinu að fara sína leið. Ég legg til, að því verði vísað til sjútvn.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil beina því til hv. flm. og n. að athuga, hvort heppilegt muni vera að veita þetta lögveð í skipum, sem farið er fram á í 2. gr. frv. Held ég, að þetta geti einmitt valdið drætti á greiðslu gjalda, þó að flm. hafi viljað varast það. Myndi það geta komið sér illa fyrir þá, sem lána skipum kol, salt o. fl., að vita ekki fyrr en eftir eitt ár, að svo og svo mikið hafi safnazt upp af gjöldum, því að það geta orðið stórar fjárhæðir á heilu ári. Held ég, að betra væri fyrir höfnina að innheimta heldur öll gjöld tafarlaust. Þeim, sem lána til útgerðarinnar, kæmi þetta betur, og skipin hefðu þá öruggara lánstraust. Væri þá vitað fyrirfram, hversu mikið lánsfé þyrfti til að leggja. Væri eðlilegast, að fyrirtæki eins og höfnin gæti fengið sína peninga strax, en væri ekki að gefa skipunum undir fótinn um að draga þetta í heilt ár.

**Flm. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Það kann að vera, að sú krafa láti vel í eyrum, að heimta skipagjöld jafnóðum. En hér er aðallega um að ræða gjöld af fiskiskipum. Gjöld af útlendum skipum eru auðvitað alltaf tekin áður en skipunum er sleppt. Innlend fiskiskip koma og fara á öllum tímum sólarhringsins. Tíminn er þá jafnan svo dýrmætur, að ekki er forsvaranlegt að tefja skip um svo mikið sem einn klukkutíma til þess að heimta inn gjöldin. Reynslan hefir orðið sú, að þeir, sem skammta útveginum lánsfé, eru þess ekki megnugir að veita svo ríflegt rekstrarfé, að skipið geti þegar greitt öll áfallin gjöld, fyrr en aflinn selst. Vona ég, að hv. sjútvn. leiti upplýsinga um þetta hjá hafnarstjóra Reykjavíkur og taki svo fullt tillit til þeirra upplýsinga. Hér er ekki verið að að fara fram á annað en það, sem telja verður nauðsynlega ráðstöfun, eins og nú er ástatt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 42. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 307).

**Frsm. (Jakob Möller):** Þess gerist ekki þörf að hafa langa framsögu fyrir þessu frv. Eina atriðið, sem hugsanlegt er, að ágreiningur geti risið um, er ákvæði 2. gr., að skipagjöld séu tryggð með lögveði í skipinu.

Efni 1. gr. frv. er í samræmi við þá skipun, sem upp hefir verið tekin og nauðsynleg er, til þess að hafnarstjórn sé jafnan fullskipuð, enda hefir verið samkomulag um að koma þessu þannig fyrir. — Fyrra ákvæði 2. gr. lögfestir skýrt þá venju, sem komin er á um forgangsrétt hafnargjalda, en um lögveð fyrir skipagjöldum er það að segja, að á síðasta þingi a. m. k. voru samþ. l. með sömu ákvæðum, um Vestmannaeyjahöfn, og á fyrri þingum munu hafa verið samþ. l. fyrir aðrar hafnir með sömu ákvæðum. Þetta skiptir og ekki veðhafa í skipum

eins miklu og ýmsir virðast halda. Eftir upplýsingum, sem ég hefi aflað mér, nema þessi gjöld, sem tryggð yrðu með lögveði í skipinu, 700—800 kr. fyrir togara og þar undir fyrir öll minni skip, en þess ber að gæta, að gjöldin hafa verið lækkuð nú um sinn, og er þó vafasamt, að þau hækki aftur, en ef þau verða hækkuð upp í það sama og áður, verður þetta þó ekki nema 1200—1300 kr. fyrir stærri skip á ári. Hefir þetta lítil áhrif til eða frá á rétt þeirra, sem hafa veð í skipunum. Afnot hafnar eru hinsvegar nauðsynleg fyrir öll fiskiskip, og er sjálfsagt, að þeir, sem sjá skipunum fyrir rekstrarfé, sjái einnig fyrir greiðslu á þessum gjöldum, en noti sér það ekki að koma þeim yfir á hafnarsjóð. Tel ég því víst, að hv. d. muni fallast á frv. eins og það liggur fyrir, enda er það í fullu samræmi við það, sem þingið hefir áður gert í þessum efnum, eins og ég hefi bent á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 191, 357).

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að flytja litla brtt. við þetta frv. Gengur hún út á það, að kjörtímabil hafnarstj. verði lengt úr einu ári upp í 4 ár, þ. e. a. s. að kjörtímabil hafnarstjórnar verði jafnlangt og kjörtímabil bæjarstj. Ég flyt þessa till. eftir tilmælum hafnarstjórans í Reykjavík, en hafnarstj. hafði lagt fyrir hann að fara fram á það við Alþingi, að það gerði þessa breyt. á hafnarlögunum.

Ástæðan til þess, að hafnarstjórnin telur heppilegra að hafa kjörtímabilið 4 ár, er m. a. sú, að með því fæst meiri trygging fyrir því, að hafnarnefndarmennirnir hafi þekkingu á lögum hafnarinnar, þegar ekki er hægt að skipta um menn í n. árlega.

Auk þess kemur sú ástæða til greina í þessu efni, að í gildandi hafnarlögum er ákvæði um það, að samþykktir bæjarstj., sem snerta fjárhag hafnarinnar, öðlast ekki gildi fyrr en samþykki hafnarstjórnarinnar kemur til. Þetta ákvæði þykir verða lítils virði, ef bæjarstj. getur árlega skipt um menn í hafnarstjórn. Afleiðingin af því verður sú, að ef hafnarstjórn gengur á móti samþykktum bæjarstj., verða bara valdir inn í hafnarstjórnina nýir bæjarfulltrúar.

Reykjavíkurhöfn er nú orðin mjög umsvifamikið fyrirtæki og hefir að ýmsu leyti sérstöðu á meðal þeirra mannvirkja, sem bærinn hefir með höndum, enda er stjórn hennar eftir gildandi lögum óháðari bæjarstjórn heldur en þær nefndir, sem stjórna öðrum fyrirtækjum bæjarins. Það sýnist því ekki nema eðlilegt, að höfninni sé tryggt það, að stjórn hennar geti starfað nokkurnveginn sjálfstætt, án þess að bæjarstj. geti tekið af henni ráðin hvenær sem henni sýnist.

Ég hefi sem sagt flutt þessa brtt. eftir tilmælum hafnarstj. sjálfrar, og vænti ég, að bæði sú n., sem þetta mál hafði til meðferðar, og hv. d. í heild líti til hennar með velvilja.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Hv. 4. landsk. hefir gert rétta grein fyrir efni þessarar brtt., og þarf ég því ekki öðru við að bæta en því, að eins og kom fram í ræðu hans, þá er um þetta atriði ágreiningur á milli bæjarstjórnar og hafnarstjórnar. Þær breyt. á hafnarlögunum, sem með þessu frv. er farið fram á, lágu fyrst fyrir hafnarstjórn og voru samþ. þar ásamt þeirri breyt., sem felst í brtt. hv. 4. landsk. En í bæjarstj. var ákveðin andstaða gegn því að kjósa í hafnarstjórnina til lengri tíma heldur en í aðrar nefndir, sem bæjarstjórnin kýs, og allar eru kosnar aðeins til eins árs í senn. Ég vil taka það fram, að í bæjarstj. var þetta atriði ekkert flokksmál. Ég held, að það hafi verið fulltrúar af öllum flokkum, sem bentu á, hvað óheppilegt það gæti verið, ef árekstur yrði milli bæjarstj. og hafnarstj. út af málefnum hafnarinnar, og sá ágreiningur yrði að standa óleystur allt að því í fjögur ár. Sjálfur var ég mjög hlutlaus í þessu máli, bæði í bæjarstj. og hafnar-

stj., en gat þó ekki annað en viðurkennt þessar mótbárur bæjarstj. Mér finnst, að úr því búið er að lögleiða, að samþykki beggja aðilja, bæjarstj. og hafnarstj., þurfi að koma til um fjármál hafnarinnar, þá sé ekki rétt að stofna til þess með nýju löggjafarákvæði, að ágreiningur út af slíkum málum geti ekki fengið úrlausn innan hæfilegs tíma. Og ég tel það fyrir mitt leyti hættulaust fyrir málefni hafnarinnar, þó bæjarstj. geti skipt um menn í hafnarstj. á eins árs fresti. Vil ég því heldur mæla á móti brtt. hv. 4. landsk. Ég álít, að mótbárur bæjarstj. gegn þeirri breyt. hafi við meiri rök að styðjast heldur en óskir hafnarstj. um það, að hún fái að verða meira hliðstæð bæjarstj. sjálfri, sem er kosin til fjögurra ára.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Það er rétt hjá hv. 1. landsk., að meiri hl. bæjarstj. er á móti þeirri breyt., sem ég geri hér till. um, enda er ekki nema eðlilegt, að hún vilji halda í það vald, sem hún hefir. En mér finnst þingið ekki eiga að taka mjög mikið tillit til skoðunar bæjarstj. á þessu atriði, heldur verði hv. þm. að gera upp við sig, hvort heppilegra muni verða fyrir Rvíkurhöfn, að vald hafnarstj. sé fært eitthvað út, eða aðalvaldið yfir málum hennar sé haft í höndum bæjarstj., eins og verið hefir. Ég verð að álít, að það sé heppilegra fyrir höfnina, að hendur hafnarstj. séu ekki um of bundnar í því efni, hvernig hún ræður fram úr hennar málum. Það má gera ráð fyrir, að hafnarstj. hafi fyrst og fremst í huga, hvað höfninni er fyrir beztu sem sérstakt fyrirtæki, en í bæjarstj. getur frekar ýmislegt annað blandazt þar inn í, flokksdeilur o. fl. (**JónÞ**: Alveg eins í hafnarstj.). Ég held, að hafnarstj. hugsi fyrst og fremst um hag fyrirtækisins. Önnur sjónarmið og flokkadeilur komast eftir því síður að, sem færri fjalla um málin.

**Frsm. (Jakob Möller)**: Ég held, að það sé nokkuð mikill ábyrgðarhluti fyrir Alþingi að taka fram fyrir hendurnar á bæjarstj. Rvíkur, þegar ágreiningur verður milli hennar og stjórnar eins af fyrirtækjum bæjarins. Slíkur ágreiningur getur oft komið upp, og þá er þess að gæta, hvort meira á að meta þá hagsmuni, sem allsherjarstjórn bæjarins á að svara fyrir, eða hagsmuni einstakra fyrirtækja bæjarins. Finnst mér, að í slíkum tilfellum geti ekki verið álitamál, hvað á að ráða.

Til þess ágreinings, sem hér er um að ræða, liggja sérstakar orsakir, sem mér þykir rétt að segja hér frá. Eftir því, sem ég bezt veit, er þessi krafa um að lengja kjörtímabil hafnarstj. fram komin vegna ágreinings, sem varð á síðastl. ári um gjöld til hafnarinnar. Var þar aðallega að ræða um gjöld af fiskiskipum. Bæjarstj. vildi ganga lengra í því að létta gjöldum af útgerðinni heldur en hafnarstjórn vildi fallast á. Mér finnst eðlilegt, að bæjarstj. fái að ráða, þar sem gilda heildarhagsmunir bæjarins gagnvart fjárhag hafnarinnar. Það verður að treysta bæjarstj. til þess að fara ekki lengra en fært er hafnarinnar vegna. Hinsvegar er ekki nema skiljanlegt, að hafnarstj. vilji hag hafnarinnar sem mestan. Sá varnagli, að láta hafnarstj. hafa neitunarvald í bili gagnvart þeim ráðstöfunum bæjarstj., sem snerta fjárhag hafnarinnar, ætti að vera nægileg trygging gegn því, að bæjarstj. gangi í fljótræði lengra í því að þrengja hag hafnarinnar heldur en fært er.

**Ingvar Pálmason**: N., sem hafði þetta frv. til meðferðar, hefir ekki átt kost á því að taka til meðferðar þessa brtt., sem nú liggur fyrir. En við fljótt álit virðist sem þessi brtt. sé efnismeiri en frv. sjálft, því sú breyt., sem frv. fer fram á að gera, er í sjálfu sér smávægileg og eðlileg, og mér virðist, að þessi brtt. sé miklu efnismeiri og afdrifaríkari, og þess vegna verð ég að segja fyrir mitt leyti, að ég er ekki við því búinn að greiða atkv. um þessa brtt. Ég skal játa, að það geti verið nokkur ástæða til þess, að breytingin verði gerð, þó ég í fljótu bragði sjái það nú ekki, að það sé nauðsynlegt, en ég vil ekki fortaka það. Ég vildi því óska þess mín vegna, að málið yrði tekið út af dagskrá og n. athugaði brtt., því á því stigi, sem málið er nú, treysti ég mér ekki til að greiða atkv. um það.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

**Ingvar Pálmason:** Við fyrri hluta þessarar umr. mæltist ég til þess, að málið yrði tekið út af dagskrá, vegna þess að þá kom fram brtt. við frv. Hafði mér og sjútvn., sem hafði málið til meðferðar, ekki gefizt kostur á að athuga þessar brtt., og þess vegna óskuðum við eftir, að málinu yrði frestað. Nú hefir sjútvn. athugað þessa brtt. og komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé heppilegt að samþ. hana. Það má að vísu segja, að Reykjavíkurhöfn sé svo fjárhagslega tryggt fyrirtæki, að það gæti haft sína eigin stjórn út af fyrir sig. En til þess bendir þessi brtt., að hafnarnefndin verði að mestu einráð um mál hafnarinnar. Því að þegar svo er fyrir séð, að hafnarnefndin er ekki kosin nema á 4 ára fresti, þá er erfitt fyrir bæjarstj. að grípa inn í starfssvið hennar. En þetta telur n. ekki heppilegt, því að eins og áður er tekið fram, þá má líta á þetta sem sjálfstætt fyrirtæki, og án þess að fá nokkurt framlag úr bæjarsjóði geta ákvæði hafnarnefndar gripið þannig inn í bæjarmálin, að ekki sé heppilegt að ganga inn á slíkar ráðstafanir, enda veit ég ekki til, að þetta hafi nokkursstaðar átt sér stað. Mér finnst, að hafnarnefndin eigi að lúta sömu ákvæðum og aðrar nefndir, sem bæjarstjórn kýs. Ég sé því enga ástæðu til, að þessi brtt. nái fram að ganga, því að hún miðar að því að gera hafnarnefndina einráða, og það er áreiðanlega ekki til bóta, því að ýmsar ráðstafanir hennar gætu snert hag bæjarins. N. leggur því eindregið til, að þessi brtt. verði felld.

**Pétur Magnússon** [óyfirl.]: Það er rétt, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði, að þessi brtt. miðar að því að gera hafnarnefndina einráðari í málum hafnarinnar heldur en nú er. En hitt álít ég aftur á móti, að ekki sé rétt, sem hv. þm. sagði, að við höfnina eigi að nota sömu meðferð og önnur fyrirtæki Reykjavíkurbæjar. Ef maður lítur t. d. á vatnsveituna, rafmagnsstöðina eða gasstöðina, þá eru þetta allt augljóslega einkafyrirtæki Rvíkurbæjar, mannvirki, sem Rvík ein nýtur hagsmuna af, en ekki aðrir hlutar landsins. En það gegnir öðru máli með höfnina. Það má segja, að Rvíkurhöfn sé fyrirtæki, sem snerti hagsmuni alls landsins. Það er kunnugt, að mikill hluti verzlunarinnar gengur í gegnum Rvík, og sama er að segja með útgerðina, að mikill hluti togaraflotans er gerður út héðan, og margir aðrir togarar og fiskiskip, sem ekki eru gerð út héðan, nota höfnina að meira og minna leyti. Einmitt það, hvað höfnin hefir víðtæka þýðingu, sýnist mér að geri það að verkum, að það sé eðlilegt, að hún hafi sérstöðu innan fyrirtækja bæjarins, og að sú stjórn, sem yfir hana er sett, fái að vera nokkuð einráð um stjórn hafnarinnar. Bæjarstj. getur eftir sem áður haft sinn íhlutunarrétt, fyrst og fremst af því, að hún kýs hafnarnefndina og getur haft tök á því að velja þá menn í hafnarstj., sem hún treystir til þess að stjórna höfninni í samræmi við hagsmuni bæjarins. En svo er hitt, að vegna þeirrar flokkaskiptingar, sem nú er orðin í bæjarstj., eins og kunnugt er, þá er aðstaða allra flokkanna þannig, að þeir geta haft áhrif á það, hvernig nefndin er skipuð. Ég get ekki séð nokkra hættu samfara því að samþykkja þessa brtt.

**Ingvar Pálmason:** Ég skal ganga inn á það, sem hv. 4. landsk. sagði, að hér sé ekki um neina hættu að ræða. En, ef til þess kæmi, að eitthvert ósamræmi kæmi fram milli hafnarnefndar og bæjarstjórnar um ákvarðanir hafnarnefndar, þá tel ég tvímælalaust, að ákvörðunarrétturinn eigi að vera í höndum bæjarstjórnar. Því að þótt hv. 4. landsk. færði það sem rök fyrir sínu máli, að þetta fyrirtæki væri með öðrum hætti en önnur fyrirtæki bæjarins, af því að það snerti svo mjög mikið hag annara landshluta og útgerðina utan Rvíkur, þá getur verið spursmál, hvort þetta eru ekki einmitt rök fyrir því gagnstæða.

Það getur verið álitamál, ef hafnarnefndin aðhefðist eitthvað það, sem ekki væri fullkomlega réttmætt í garð þessara aðilja, að þá væri réttara, að úrskurðarvaldið væri í höndum bæjarstj., svo að hún gæti skipt um hafnarnefnd, og komið henni í samræmi við vilja bæjarstjórnar. En hitt játa ég fúslega, að ekki eru miklar líkur til, að þetta muni valda ósamræmi milli bæjarstjórnar og hafnarnefndar, en kæmi til þess, þá álít ég, að

úrskurðarvaldið eigi að vera í höndum bæjarstjórnar.

ATKVGR.
Brtt. 357 felld með 7:3 atkv.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 191).
Á 52. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 191, n. 434).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Sveinn Ólafsson):** Fyrir hönd sjútvn. hefi ég aðeins fátt að segja um þetta frv., enda er það ekki mjög mikilvægt að efni. Í því felast ekki neinar verulegar efnisbreyt. á hafnarlögum Rvíkur frá 1911. 1. gr. frv. lýtur aðeins að fyrirkomulagi við kosningu hafnarnefndar. En 2. gr. býr nokkru betur en áður var um innheimtu hafnargjalda, m. ö. o., færir þau í flokk með öðrum opinberum gjöldum, svo sem sveitargjöldum og bæjargjöldum. — Það er ekki neitt í þessum breyt. fólgið, sem n. telur ástæðu til að vara við eða leggja á móti. Ég vil því f. h. n. vænta þess, að frv. fái að ganga áfram óbreytt, svo sem hún leggur til, að gert verði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 486).

---

## 42. Vitagjald.

Á 20. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 11. júlí 1911, um vitagjald** (þmfrv., A. 130).

Á 22. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Magnús Jónsson):** Eins og flestum mun vera kunnugt, þá hefir farið mjög í vöxt á síðari árum, að gufuskipafélög hafi sent hingað stór skemmtiferðaskip. Farþegar munu vera aðallega verzlunarmenn og hinir og þessir, sem eru að taka sér sumarfrí. Þessar ferðir aukast svo gífurlega á síðari árum, að móttaka þeirra er orðinn stór liður í búskap þeirra þjóða, sem þau heimsækja, sérstaklega við Miðjarðarhafið og svo aftur í norðurvegum, Noregi og Spitzbergen, Eistlandi, Leningrad og Finnlandi. Í Noregi er þetta orðinn mjög mikill liður, þótt náttúrlega sé langt frá, að í honum sé innifalinn nær allur hagur, sem Norðmenn hafa af ferðamönnum. Það er sagt, að slík línuskip komi sem svarar annanhvern dag til Noregs að sumrinu og hvert skip skilji eftir mikla peninga, sem eru algerlega fundið fé.

Nú á síðustu árum eru nokkur þessara gufuskipafélaga farin að taka Ísland á áætlun sína. Þau hafa tekið Reykjavík og jafnvel stundum Akureyri. En árangurinn hefir ekki orðið eins mikill og búast hefði mátt við. Sum félög eru hætt við þetta. Fullyrt er af ýmsum, sem skrifað hafa hingað, — því að grennslazt hefir verið eftir ástæðum fyrir þessu af mönnum, sem hafa áhuga fyrir þessum ferðum hér —, að ástæðan sé engan veginn sú, að ómerkilegt þyki að koma hingað, heldur hitt, að Reykjavík sé langdýrasti staðurinn á öllum jarðarhnettinum, þar sem þessi skip koma. Og það er vitagjaldið, sem þessu veldur. Vitagjald fyrir skemmtiferðaskip er sérstaklega ákveðið í l. um vitagjald, 40 aurar á nettósmál.;

með 25% gengisviðauka verða það 50 aurar. Og þetta vitagjald verður svo sérstaklega tilfinnanlegt, af því að skipin eru svo geysilega stór. Það mun nema frá 4 þús. og upp í eða yfir 6 þús. kr. á skip. Þó að þetta séu ekki stórar upphæðir á rekstri slíkra gífurlegra fyrirtækja, þá er nú þessum fyrirtækjum stjórnað með mikilli nákvæmni. Hvort þau munar lítið eða mikið um hlutinn, þá er ekkert gert, nema það, sem borgar sig, þetta sést m. a. á því, að þótt þetta gjald sé ekki nema 15—20 kr. á farþega, þá taka þeir þetta gjald inn á einhvern annan hátt en í fargjöldum, t. d. með því að selja ýmislegt í landi, sem skipið útvegar, þeim mun dýrara verði en keypt er. Svo er um fargjöld með bifreiðum.

Nú hefir það komið upp, að þessi félög hafa skrifað hingað og farið fram á, að þetta vitagjald yrði lækkað, því að öðrum kosti mundi Reykjavík verða strikuð út af áætluninni. Það er engin ástæða til að taka þetta sem hótun frá félögunum. Þau munar ekki svo mikið um það. Fyrir okkur er þetta meira keppikefli, það sér maður á upplýsingum úr bréfi, sem ég prentaði kafla úr í grg. Samkv. þeim er vitað um ítalskt skip, sem kom hingað fyrir nokkrum árum, en kom aldrei aftur, og kváðust þeir ekki koma vegna vitagjaldsins. Hollenzkt skip, sem hingað kom tvisvar, strikaði Reykjavík aftur út af áætlun sinni. Sama er að segja um þýzkt skip og tvö ensk. Þessi skip halda áfram ferðum til Noregs. Eina ástæðan fyrir því, að þau strikuðu Rvík út af áætlun sinni, er sú, að þeim þykir vitagjaldið ósanngjarnlega hátt.

Ég hefi hér í höndum tvö bréf, annað frá Hamborgar-Ameríkulínunni, en hitt frá svensku Ameríkulínunni, sem hv. þm. geta átt aðgang að, ef þeir óska, til þess að kynna sér nánar.

Til að sýna, hvernig aðrar þjóðir, sem hér eiga hlut að máli, hafa farið að, má benda á, að Norðmenn taka ekkert vitagjald af slíkum skipum, til þess að hæna þau að sér. Þau verða að borga hafnsögumanni og önnur smágjöld. En Eistlendingar og Rússar hafa algerlega afnumið vitagjöld fyrir þessi skip. Hér er ekki farið fram á slíkt. En það er trú þeirra manna, sem þekkja þetta bezt, að skipin mundu ekki láta vitagjaldið standa í vegi, ef það væri fært niður um helming, og því er farið fram á það í þessu frv., þó að vel gæti verið hyggilegra að afnema það alveg.

Ég vil láta það koma skýrt fram, að engum dettur í hug að lækka vitagjaldið fyrir skipafélögin, nema í þeirri von að hafa meira í aðra hönd en lækkuninni nemur. Þetta frv. er því til að tryggja hærri upphæð í vitagjöldum en áður. Og það eru einnig aðrir peningar, sem fljóta af þessum skipum. Mér er sagt, að hvert þeirra muni skilja eftir eitthvað um tíu þús. kr. Og þó að við mundum ekki geta borið okkur saman við Noreg í þessu efni, þá gætu t. d. 10—30 skip skilið talsvert fé eftir, sem munaði um. Því er ekki rétt að kasta frá sér, sérstaklega vegna þess, að það er algerlega fundið fé og ekkert lagt í sölurnar fyrir öflun þess. Þessu vildi ég þá beina til hv. n., hvort hún telur ekki vera um fjárhagsatriði að ræða, sem vert er að taka tillit til.

Ég vil svo leyfa mér að óska, að málinu verði vísað til 2. umr. og til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 369).

**Halldór Stefánsson:** Ég skal í fjarvist hv. frsm. n. gera stutta grein fyrir afstöðu hennar til málsins.

Þetta frv. er flutt af þeirri meginástæðu, að vitagjaldið fyrir skemmtiferðaskip sé hér á landi svo hátt, að ferðafélögin, sem látið hafa skip sín sigla hingað undanfarin ár og kvartað hafa um lengri tíma undan vitagjaldinu, hafi mjög á orði ýmist að draga úr eða hætta viðkomum hér, og óttast kunnugir menn um þetta efni, að svo muni verða. Aðrar þjóðir hafa allar miklum mun lægri vitagjöld fyrir skemmtiskip en vér, og sum ríki hafa fellt það með öllu niður, til þess að beina til sín þessum siglingum. Til n. hafa borizt allýtarlegar upplýsingar, sem staðfesta líkurnar fyrir því, að það sé á rökum byggt, að þessi félög fráfælist það

að senda skip sín hingað, vegna hins háa vitagjalds. Þó að n. þyki út af fyrir sig ekki ástæða til að hlífa þessum félögum við gjöldum, þá telur hún þessar ástæður muni vera á rökum reistar og að vera megi — og enda líklegt —, að vitagjald af skemmtiskipum muni engu meiri tekjur gefa í ríkissjóð, þó því sé haldið óbreyttu, en þótt það verði lækkað nokkuð eftir till. frv., auk þess beina og óbeina hagnaðs annars, sem af þessum siglingum er. Það kom til tals í n. að gera ívilnun í þessa átt á þeim grundvelli t. d. að setja tvennskonar hámark fyrir vitagjaldinu, þannig, að annarsvegar væri ekki greitt meira en einhver hámarksupphæð að krónutölu fyrir hvert skip, hve stórt sem það væri, og hinsvegar ekki hærri upphæð en 10—15 kr. fyrir hvern farþega. N. féll þó frá þeirri hugmynd, með því að ferðafélögin myndu ekki telja sér það jafnhagstætt.

N. er ekkert kappsmál um þetta frv., en þó varð niðurstaða hennar sú, að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

**Magnús Jónsson:** Ég þakka hv. n. fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég er henni sammála um það, að ég hefi engan áhuga á því að létta neinum gjöldum af þeim gufuskipafélögum, sem hingað sigla skipum sínum. Tilgangurinn með þessu frv. er einungis sá, að reyna að koma í veg fyrir, að landið verði af þeim hagnaði, sem því er samfara, að þessi félög haldi áfram ferðum sínum hingað til lands.

Síðan málið fór til n. hefir borizt skeyti, þar sem Hamborgar-Ameríkufélagið getur þess, vegna fyrirspurnar, að það sé að vísu ekki rétt, að það hafi þegar strikað Ísland út af áætlun skipa sinna, en segir samt, að lækkun vitagjaldsins sé skilyrði til þess, að það geti látið viðkomur skipanna hér við land halda áfram. Ísland er ekki svo stór liður í þessum ferðum skipafélaganna, að þau eigi nokkuð erfitt með að strika það út. Það mun vera fátt af farþegum, sem fara með skipunum vegna þess, að þau koma hér við, en félögin vilja veita þeim þessa skemtun, ef ekki stafar sérstakur kostnaður af.

Frv. er borið fram til þess, að ríkissjóður verði ekki af þeim óbeina hagnaði, sem leiðir af viðkomum þessara skipa hér, af því að miklu fleiri skip mundu koma hingað frá þessum félögum, ef vitagjaldið yrði lækkað, og vænti ég þess, að hv. þdm. samþ. frv.

Umr. frestað um stund, en síðar á sama fundi var umr. fram haldið.

**Magnús Jónsson:** Ég stend aðeins upp vegna þess, að mér sýnist brtt. n. ekki vera alveg fullnægjandi eins og hún er. Það komst óvart skekkja í tilvitnun á l., sem breytt er með þessu, en það þarf að breyta því bæði í gr. og fyrirsögninni, en brtt. er einungis við fyrirsögnina. Ég býst við, að atkvgr. mætti haga þannig, að tilvitnunin breyttist á báðum stöðum, annars má auðvitað breyta þessu við 3. umr., ef forseti sér sér ekki fært að breyta þessu nú í báðum tilfellum.

ATKVGR.
Brtt. 369 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 130, 390).

**Frsm. (Ólafur Thors):** Ég gat ekki verið viðstaddur, þegar þetta mál var til 2. umr., af því að ég var þá ásamt hv. þm. Str. boðaður á bændafundinn til umr. um gengismálið, en hv. formaður n. tók þá að sér framsögu þessa frv. Sé ég enga ástæðu til að endurtaka þau rök, sem hann flutti þá fram um málið. Ég vil aðeins skýra frá því, að n. hefir borið fram brtt., sem er aðeins leiðrétting, af því að n. hafði láðst í nál. við 2. umr. að athuga, að í frv. þurfti að breyta tilvitnunum í l. um vitagjald, sem eru frá 1919, en ekki frá 1911. Ég geri ráð fyrir, að efnishlið málsins hafi verið rædd við 2. umr., og vil ég því láta þessi fáu orð nægja og vænti, að frv. megi ganga til Ed.

ATKVGR.
Brtt. 390 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 50. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 405).

Á 52. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 405, n. 447).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta er komið frá hv. Nd., og er efni þess það, að lækka vitagjöld fyrir erlend skemmtiferðaskip, sem hingað koma. Eftir núgildandi lögum er það 40 aur. pr. smál., en frv. gerir ráð fyrir, að það lækki niður í 20 aur. pr. smál. Þeir, sem flutt hafa frv., og aðrir kunnugir menn telja, að hin erlendu skemmtiferðaskip komi síður hingað fyrir það, hve vitagjaldið sé hátt. Mér er t. d. tjáð, að það geti numið frá 5000—6000 kr. fyrir skip eins og það er nú. Með frv. þessu er farið fram á skattalækkun, og því tekjumissi fyrir ríkissjóðinn, eftir því sem það lítur út í fljótu bragði. En þar sem það hinsvegar er talið tap fyrir ríkissjóðinn og þjóðina í heild, að skip þessi vilja ekki koma hingað vegna þessa háa vitagjalds, á að verða ávinningur í því að lækka gjaldið, ef skipin taka Ísland þá frekar upp í áætlun sína.

Ég geri ráð fyrir, að hv. dm. hafi gert sér ljósa grein fyrir þessu máli og séu því reiðubúnir að greiða um það atkv. F. h. fjhn. legg ég til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 493).

---

## 43. Hafnargerð á Húsavík.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um hafnargerð á Húsavík** (þmfrv., A. 146).

Á 25. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Ingólfur Bjarnarson):** Alþ. hefir á síðustu árum tekið upp þá stefnu, að setja sérstök hafnarl. fyrir ýmsa kaupstaði og kauptún víðsvegar um land með fastákveðnum hlutfallslegum ríkisstyrk til hafnargerðanna, og ennfremur hefir ríkið tekið á sig ábyrgð á láni til framkvæmdar þessum fyrirtækjum. Á síðustu árum hafa verið sett slík hafnarl. fyrir Akranes, Dalvík, Sauðárkrók, Skagaströnd, Eyrarbakka o. fl. — Þetta frv., sem ég ber hér fram, er um hafnargerð á Húsavík. Það er algerlega eins sniðið og þau hafnarlög, sem ég fyrr nefndi, sömu ákvæði um ríkisframlög o. s. frv. Ég býst því við, að frv. mæti velvild þingsins og nái greiðlega samþykki þess. Þó er rétt að taka það fram, að hafnargerðir á hinum ýmsu stöðum eiga misjafnan rétt á sér. Kemur þá til greina, hvað þörfin er brýn fyrir slík mannvirki og hve mikils gagns má vænta af þeim. Ég vil því fara nokkrum orðum um aðstöðuna á Húsavík og nauðsynina á hafnargerð þar. Flestum hv. þm. mun vera kunnugt, að Húsavík er með fjölmennustu þorpum landsins, íbúar munu vera um 900. Þar er nú komin á fót stórmyndarleg túnrækt, sem vex hröðum fetum, og kvikfjárrækt býsna mikil í sambandi við hana. Ég hygg, að nú séu í þorpinu um

130 kýr og 2000 sauðfjár, og er það auðvitað mikið hagræði fyrir þorpsbúa. Einnig er þar talsverð verzlun, og munu það vera einir 8 hreppar, sem sækja þangað með viðskipti sín. En þrátt fyrir þetta er það þó sjávarútvegurinn, sem er aðalatvinnuvegur þorpsbúa, og svo mun það einnig verða í framtíðinni. Húsavík liggur ákaflega vel við útgerð, og eru hin ágætustu fiskimið þar skammt frá. En sá galli er á gjöf Njarðar, að höfnin er ótrygg og slæm, og stendur það útgerðinni mjög fyrir þrifum, ekki hvað sízt nú á síðari árum, þegar farið er yfirleitt að sækja á stærri bátum en áður. Nú eru það um 20—30 vélbátar, sem sjó sækja frá Húsavík. En mjög er örðugt að geyma þá þar. Það hefir þó nokkrum sinnum komið fyrir, að bátar hafa sokkið þar á höfninni, og sumir eyðilagzt alveg. Nú eru þarna aðeins smábryggjur, og þær verða stöðugt meira og meira ófullnægjandi, eftir því sem bátarnir verða yfirleitt stærri. Tilfinnanlegast er að hafa ekki svo myndarlega bryggju, að síldveiðaskip geti lagzt þar að. Síldarafli er mikill á Skjálfanda á sumrum, og væri ágæt aðstaða til síldarverzlunar á Húsavík, ef þar væru sæmilegar bryggjur og alltrygg höfn.

Af þessum ástæðum hefir hreppsnefnd Húsavíkurhrepps og hafnarnefnd kauptúnsins ákveðið að leggja út í það mannvirki, sem fyrirhugað er með þessu frv. Hefir málið undanfarin ár verið til meðferðar heima í héraðinu. Áður hefir legið fyrir Alþingi beiðni frá héraðinu í því formi, að veittur yrði ríkisstyrkur til bryggjubyggingar á Húsavík. Alþ. tók þessu erindi vel. Fjvn. lagði til 1930, að ríkið styrkti þessa bryggjugerð með 60—70 þús. kr. upphæð, sem skipt yrði á 3 ár, og var það samþ. á þinginu. En samt varð ekkert af bryggjubyggingunni. Var það bæði vegna fjárskorts og þess, að mönnum heima fyrir þótti sýnt, að bryggjan ein, eins og hún hafði verið fyrirhuguð, mundi ekki vera fullnægjandi lausn þessa máls. Niðurstaðan varð sú, að ákveðið var að leggja út í fullkomna hafnargerð, byggja bæði skjólgarð og myndarlega bryggju, og liggur nú fyrir þessu þingi áætlun um þetta fyrirhugaða mannvirki frá vitamálaskrifstofunni. Hún er að vísu lausleg. Sömuleiðis teikning af fyrirtækinu, þar sem gert er ráð fyrir, að byggð verði bryggja og hafnargarður framan við höfnina. Áætlað er, að hafnargerðin muni kosta um 1 millj. kr. Það er mikil fjárupphæð fyrir ekki stærra kauptún, en hugmyndin er að dreifa kostnaðinum á lengri tíma. Nú þegar er hafizt handa heima fyrir, með því að flytja að grjót og annað efni. Hugsunin að halda verkinu áfram smátt og smátt, eftir því sem fé fæst til fyrirtækisins, og hafa Húsvíkingar nú þegar tryggt sér töluvert fé til þess, og fyrir þessu þingi liggur nú beiðni um byrjunarstyrk til fyrirtækisins.

Með tilliti til þess, hvernig slíkum málum sem þessum hefir verið tekið á undanförnum þingum, sé ég ekki þörf á því að hafa fleiri orð um málið að sinni. Vil ég að endingu óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni, og til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 352).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Nefndin hefir athugað þetta mál gaumgæfilega og orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þó hefir einn nm., hv. þm. S.-M., áskilið sér nokkurn fyrirvara. —

Það hefir komið fram innan n., að sumir álíta, að þingið hafi bundið ríkissjóði nokkuð þungan bagga, er lögfest var, að framlag til hafnargerða úr ríkissjóði skyldi hækkað upp í ⅔ kostnaðarins. Hefði þetta ekki þegar verið orðin viðtekin regla í öðrum hafnarlögum, hefði n. lagt til, að framlagið væri ekki nema ⅓. En hinsvegar álítur n. ekki rétt að taka þessa höfn út úr og samþ. til hennar lægra framlag en til annara. N. er og sannfærð um, að af þeim hafnarmannvirkjum, sem í ráði er að gera um land allt, sé þessi staður einna sjálfsagðastur til styrktar. Út frá Húsavík liggja ein allra fiskauðugustu mið landsins, sérstaklega þó síldauðugustu. Og mundi vegna

aðstöðunnar til fiskiveiðanna o. fl. veitast auðvelt að moka síldinni á land, ef ekki yrðu menn að gjalda hafnleysis. Rækt er og mikil í kauptúninu sjálfu og afbragðs afkomumöguleikar fyrir þá menn, sem þar settust að t. d. til þess að stunda fiskveiðar, ef hafnar nyti við, svo að þeir fengju nytfært sér til hlítar þau hlunnindi, er hin auðugu fiskimið bjóða. Enn vil ég geta þess, að upp af Húsavík eru landkostahéruð, en hafnleysið er þeim erfiður Þrándur í Götu, því að eins og nú háttar eru þau svo að segja afskorin frá markaði fyrir afurðir sínar. En það er einmitt það, sem áherzluna á að leggja á, að efldur sé innanlandsmarkaður fyrir afurðir bænda. En með aukinni velmegun og aukningu fólks í kauptúnum eru skilyrði fyrir hendi til aukinnar afurðasölu þar, og með aukinni höfn opnast auk þess möguleiki til að nota sér betur markað annarsstaðar, bæði innanlands og utan. Af þessu má sjá, hversu stórkostlegur styrkur er í því bæði fyrir bændur og kauptúnsbúa, að höfnin verði gerð, svo að vissari samgöngur fáist í gegnum kauptúnið. Hvort sem litið er á hagsmuni sjávarútvegsins eða landbúnaðarins í héruðunum í kringum kauptúnið, má því gerla gera sér grein fyrir, hve aðkallandi þörf er, að þessu nauðsynjamáli verði komið í kring sem fyrst.

Ég mun ekki fara nánar út í einstök atriði málsins, því að þetta er svo þaulrætt á undanförnum þingum, en vona, að þessir aðaldrættir og álit n. verði nógu þungt á metunum.

**Sveinn Ólafsson:** Ég hefi ritað undir nál. á þskj. 352 með fyrirvara. Þetta má ekki skilja svo, að ég álíti, að Húsavík eigi ekki jafnríkan rétt til stuðnings um hafnarbætur sem aðrir hafnarstaðir, heldur vil ég enn sem fyrr minna á þá hættulegu braut, sem þingið hefir lagt inn á, er það breytti eldri ákvæðunum um framlag ríkissjóðs til hafnarbygginga 1929 úr ¼—⅓ í ⅖ byggingarkostnaðar. Þessi óheillabreyting byrjaði þá með lögum um hafnargerð á Skagaströnd, en síðan hafa 4 vafasamir hafnarstaðir fengið fyrirheit þingsins um ⅖ kostnaðar af hafnargerð og ábyrgð á láni að ⅗. Eðlilega krefjast Húsvíkingar nú sömu vilkjara. Ég vildi ekki kljúfa n. út af þessu, en fyrirvarinn er til kominn vegna þess, að ég hefi um nokkur ár reynt að fá þessum ákvæðum breytt til hins fyrra forms við meðferð hafnarmála, en allt hefir komið fyrir ekki. Upphæðir þær, sem nú eru fyrirheitnar höfnum á Eyrarbakka, Akranesi, Sauðárkróki, Dalvík, Hafnarfirði og Ólafsvík, nema nærri 2 millj. kr., beint framlag úr ríkissjóði, og 3 millj. króna í ríkisábyrgð, — eða alls sem næst 5 millj. kr. Er þar Hafnarfirði ætlaður ⅓ kostnaður úr ríkissjóði, Ólafsvík ¼, en hinum öllum ⅖. Hefir ennþá mjög lítið af þessum hafnabótum komið til framkvæmda, en skuldbindingar ríkissjóðs vaxið árlega. Ég býst nú við, að þetta frv. verði samþ., enda þótt ég ætli að sitja hjá við atkvgr. Ég hefi á undanförnum þingum árangurslaust reynt að takmarka þessar skuldbindingar ríkissjóðs við hóflegar upphæðir, eða ⅓ af framlaginu. Ef frv. þetta verður samþ., bætist enn við, 1000000 kr., og nema þá þessi framlög, sem á ríkissjóði hvíla um bein framlög og ábyrgðir vegna nefndra hafna, nær 6 millj. kr. Auk þess liggur nú fyrir frv. til l. um þá breyt. á hafnarlögum Ísafjarðar frá 1922, að hlutfallið ¼ úr ríkissjóði breytist í ⅖. Og það má ganga að því vísu, að aðrar hafnir hér á landi, sem fengið hafa áður fyrirheit um opinberan styrk til framkvæmda í þessu efni, miðaðan við ¼ eða ⅓, fari einnig fram á það, að þeim verði bætt það upp af ríkissjóði, að þær hafa lagt fram ýmist ⅔ eða ¾ hluta kostnaðar. Við þessu má búast t. d. í Vestmannaeyjum. (**PO:** Hvað er mikið búið að leggja fram af því opinbera til hafnargerðar í Vestmannaeyjum?). Það var ákveðið ¼ kostnaðar á sínum tíma. En auk þess gæti Rvík krafizt líkrar ívilnunar um sína höfn.

Eina leiðin út úr þessum vanda virðist mér að ákveða í almennum hafnarlögum eitthvert hámarksframlag úr ríkissjóði í þessu efni, og hygg ég, að rétt og sanngjarnt væri að hafa það hið sama og var til 1929, eða ¼—⅓ eftir aðstöðumun.

Það er ekki sýnilegt annað en að á næstu árum muni verða mikið kapphlaup um að fá viðurkenningu þingsins fyrir þessum ábyrgðum og framlögum. Og þá er spurningin: Hverjir eiga að ganga fyr-

ir? — Það er ljóst, að þegar ríkissjóður er búinn að binda sér 6—8 millj. kr. bagga með þessum framlagaloforðum, þá verður ekki öllu sinnt í einu, nema þá að mjög litlu leyti. Ég get hugsað mér, að meiri háttar ágreiningur geti orðið um það, hvar eigi að byrja á framkvæmdum, þegar svo er komið.

Með þessu, sem ég hefi sagt, er þá gerð grein fyrir fyrirvara mínum við nál. En ég tek það aftur fram, að ég álít Húsavík eiga jafnan rétt og hinar hafnirnar til ríkissjóðsframlags að ⅖. Hinsvegar álít ég, að þeim hafi öllum verið ívilnað of mikið með fyrirheitinu um ⅖ framlags af ríkisfé, og sumum alveg að óþörfu.

**Ingólfur Bjarnarson:** Ég vil þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðslu þessa máls, enda þótt einn nm. hafi skrifað undir nál. með fyrirvara, vegna þess að hann telur hafnarlög þau, sem sett hafa verið síðustu árin, yfirleitt viðsjárverð. En í þessum fyrirvara felst ekki nein bending í þá átt, að hv. þm. ætli sér að vera á móti þessu frv. Þvert á móti hefir hann lýst því yfir, að hann álíti, að þessi hafnargerð hafi fyllilega jafnmikinn rétt til framlags úr ríkissjóði sem ýmsar þær hafnir, er lög hafa verið sett um. Ég treysti því fyllilega, að hv. dm. haldi áfram þeirri stefnu, sem tekin hefir verið upp í þessu efni, og samþ. frv.

**Jón Auðunn Jónsson:** Af því að ég hefi átt kost á að kynna mér þörfina fyrir hafnargerð á Húsavík, vil ég segja fáein orð. Ég dvaldi þar um tíma haustið 1930 vegna fiskikaupa o. fl. Eftir að hafa séð aðstöðu til sjávarútgerðar þar og í Eyjafirði og alla leið til Skagastrandar, þá er það mitt álit, að á þessu svæði sé mest þörf á að byggja höfn á Húsavík. Þaðan er svo stutt að sækja mikinn afla. Bæði er þaðan stutt að sækja mikla síld á hverju sumri, og þaðan má í flestum árum afla mikið af ýmiskonar fiski, sem er hentugur til að setja í ís.

Auk þessa mikla möguleika til sjávarútvegs er þarna mikið og frjótt uppland. Hafnargerð mundi verða til hagsbóta þessu héraði á tvennan hátt, með því að greiða fyrir verzlun þeirra við aðra landshluta og útlönd og í öðru lagi með því að skapa þeim aukinn markað fyrir sínar vörur í kauptúninu. Ég er sannfærður um það, að Húsavík yrði með góðri höfn bezta verstöð á Norður- og Austurlandi.

Hv. 1. þm. S.-M. er óánægður út af því, að breytt var til 1928 og tillög ríkissjóðs til hafnargerða aukin. Ég lít nú öðruvísi á það mál. Ég sé þess greinilegan vott, að þar sem þessi framlög hafa komið niður, hafa tekjur ríkissjóðs aukizt, og það meira en sem framlögunum nemur, svo að ég er sannfærður um, að ríkissjóður fær sitt tillag til hafnargerða vel uppborið á mjög skömmum tíma. Auðvitað aukast tekjur ríkissjóðs samhliða því sem atvinnulíf blómgast í landinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 49. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 146).
Á 50. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 465).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Fyrir hönd n. hefi ég fátt að segja um þetta frv. Það er komið frá Nd. og er flutt af hv. þm. S.-Þ. Frv. er, eins og titillinn bendir til, um hafnargerð á Húsavík og er samið að heita má orði til orðs eftir öðrum frv. um hafnargerðir, sem gengið hafa gegnum þingið á undanförnum árum, að undanteknum orðabreytingum, sem hljóta að koma fyrir vegna staðhátta.

Í grg. frv. er það tekið fram, hver er ástæðan fyrir því, að frv. er fram komið. Það er sem sé í ráði að hefja að einhverju leyti undirbúning að bryggjugerð á þessum stað, en bryggja sú verður nokkur hluti hafnargerðarinnar. Þess vegna er það, að viðkomendur óska eftir að fá l. um hafnargerð í heild, þó ekki sé að svo stöddu gert ráð fyrir, að í hafnargerðina verði ráðizt nema að því leyti, sem bryggjuna snertir.

Ég ætla, að ekki sé að neinu leyti áhætta fyrir þingið að samþ. þessi l., þar sem ákvæði 1. gr. mæla svo fyrir, að frá ríkisins hálfu verði ekki lagt í þetta mannvirki nema eftir því sem fé er veitt til þess í fjárl.

Ég vil svo fyrir hönd n. mæla með því, að frv. gangi fram eins og það liggur fyrir. Ég býst alls ekki við, að það sé nein þörf á breytingum á því, því n. hefir athugað frv. og borið það saman við önnur hliðstæð frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
12.—19. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 501).

---

## 44. Bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Á 22. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum** (þmfrv., A. 140).

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Á þessum erfiðu tímum, sem yfir standa, hefir það komið fram, og ekki sízt í Vestmannaeyjum, að það er ógaman að byggja tekjuöflun bæjarsjóða einungis á útsvörum. Því hagar nú svo til hjá okkur, að bærinn á ekki neitt land og hefir því ekki tekjur af lóðum, eins og sum bæjarfélög. Það hefir verið farið fram á við þingið, að bærinn fengi keyptar Eyjarnar, en það fékkst nú ekki.

En þótt tekjuöflunin gangi erfiðlega, þá eru kröfurnar til bæjarfélagsins sívaxandi, en minnka hvergi á slíkum krepputímum. Sérstaklega get ég minnst á t. d. útgjöld til skóla, sem eru orðin milli 50 og 60 þús. kr. á ári. Og fátækraframfærið hefir aukizt að miklum mun vegna kreppunnar. En til atvinnubótavinnu varði bærinn síðastl. ár nær 40 þús. kr., þ. e. a. s. kr. 38262,91, þar með talið framlag til ræktunarvegar. Þetta er miklu meiri fjárhæð en gert var ráð fyrir á fjárhagsáætlun bæjarins. Við höfum nú reynt að halda útsvörunum svo í hófi sem unnt hefir verið. En þrátt fyrir það innheimtast þau hvergi nærri öll. Það var þess vegna tekið til athugunar hjá bæjarstjórn, þegar síðasta fjárhagsáætlun var samin, hvaða leiðir væru færar til að afla nokkurra tekna til viðbótar fyrir bæjarsjóð. Niðurstaðan varð sú hjá meiri hl. bæjarstj., að fara fram á við hið háa Alþingi að fá heimild til að leggja nokkurt vörugjald, sem rynni í bæjarsjóð, á þær vörur, sem fara um höfnina. Nú kannast ég við, að það vörugjald, sem þegar er greitt í Vestmannaeyjum, er hærra en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu, enda eru hafnarmannvirki þar ákaflega dýr.

Vörugjaldið hefir nú þann kost, að það

er h. u. b. tryggur tekjustofn, því að afhending fer ekki fram fyrr en bæjarsjóður hefir fengið sitt gjald. Er því þessi tekjustofn hinn líklegasti til að koma að gagni.

Það hafa nú ýmsar fleiri uppástungur komið fram um tekjuöflun, t. d. um það, að bærinn fengi heimild þingsins til einkasölu á vissum vörutegundum. En slíka till. flutti hv. þm. Ak. fyrir skömmu og fékk þungar undirtektir. Og mannaskipti hafa ekki orðið síðan, svo að von sé til betri undirtekta nú.

Það er úr vöndu að ráða fyrir bæjarfélag, sem hefir fyrir stórum hóp atvinnuleysingja að sjá, og ennþá stærri hóp þurfalinga, en fær svo ekki nema um ⅔ af þeim útsvörum, sem lögð hafa verið á. Það er eiginlega neyðarúrræði að þurfa að fara fram á þessa heimild. En bæjarstj. hefir ekki séð sér annað fært, þar eð hún vill í lengstu lög reyna að standa við skuldbindingar bæjarfélagsins og í lengstu lög reyna að hjálpa þeim, sem þurfa að leita á náðir bæjarfélagsins, og hinum, sem ganga atvinnulausir langa kafla ársins. Því miður er ekki hægt að búast við, að þessum byrðum taki að létta af bráðlega, og þess vegna er alveg nauðsynlegt að fá nokkra tekjuöflun til viðbótar.

Ég vildi svo mælast til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 235).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Eins og nál. 235 ber með sér, hefir n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þeirri lítilfjörlegu breyt., að lögin yrðu tímabundin, þannig að þau gildi aðeins til ársloka 1935. — Hefi ég ekki annað að segja en óska, að frv. verði að lokinni umr. samþ. til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:4 atkv.

Brtt. 235 samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 259).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 259).

Á 38. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 259, n. 437).

**Frsm. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Frv. þetta er flutt af hv. þm. Vestm. eftir ósk bæjarstj. í Vestmannaeyjum og hefir nú gengið gegnum hv. Nd. og mætti þar lítilli mótstöðu.

Hvað tekjustofna snertir, þá er Vestmannaeyjakaupstaður verr settur en aðrir kaupstaðir landsins, því að hann hefir enga aðra tekjustofna en aukaútsvörin, og í árferði eins og nú er innheimtast þau mjög illa, svo illa, að í mörgum tilfellum mun ekki vera hægt að ná þeim inn. Úr þessum örðugleikum bæjarsjóðsins er frv. ætlað að bæta, þar sem bæjarstj. er heimilað að leggja aukavörugjald á allar vörur, sem flytjast að og frá Vestmannaeyjum. Eins og nú standa sakir er vörugjaldið allhátt, og verður þessi hækkun á því gagnvart Vestmannaeyjum því óneitanlega til þess að hækka vöruverð þar, en þrátt fyrir það sá allshn. sér ekki fært að leggjast á móti málinu, sérstaklega líka þegar þess er gætt, að þessi heimild á ekki að gilda lengur en til ársloka 1935.

Eins og frv. er nú úr garði gert, myndi

gjald þetta ná jafnt til þeirra vara, sem fluttar væru frá Vestmannaeyjum til annara héraða, t. d. til Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og einnig á vörur, sem sendar kynnu að vera til Vestmannaeyja frá þessum héruðum, til útflutnings þaðan. Að athuguðu þessu máli gat n. ekki fallizt á að heimila það, að sérstök héruð utan Vestmannaeyja yrðu skattskyld þangað. Hún telur það óeðlilegt og ekki geta komið til greina, að íbúar annara héraða verði skattlagðir fyrir það eitt, að erfitt er að ná inn útsvörum í Vestmannaeyjum. Fyrir því leggur hún til, að undanþegnar gjaldi þessu séu vörur, sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu á land í Vestmannaeyjum.

Hin brtt. n. er svo lítilfjörleg, að ég sé ekki ástæðu til þess að gera hana að umræðuefni. — Vil ég svo f. h. allshn. leggja til, að frv. verði samþ. með þessum tveimur breytingum.

ATKVGR.

Brtt. 437,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 437,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 479).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 479).

Á 63. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 515).

---

## 45. Meðalalýsi.

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis** (þmfrv., A. 271).

Á 41. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Eins og sjá má á þskj. 271, er frv. þetta flutt af sjútvn. En grg. þess ber með sér ástæðurnar fyrir því, að n. tók að sér flutning frv. nú. Það eru að vísu til nokkuð gömul l. um lýsismat, en þau eru mjög ófullkomin. Þar er aðeins heimilað, að lýsisútflytjendum sé gefinn kostur á að fá meðalalýsi flokkað og metið, ef þeir óska eftir því. Hinsvegar getur hver og einn sent út lýsi og selt án þess að það hafi verið metið.

Í frv. er ætlazt til, að mat og vinnsla meðalalýsis fari fram á líkan hátt hér og hjá þeim þjóðum öðrum, sem hafa fullkomnasta vinnslu og verkun meðalalýsis. Ætlast frv. til, að því verði náð á þann hátt, að vinnsla og verkun meðalalýsis fari aðeins fram á vinnslustöðvum og verkunarstöðvum, sem atvmrn. löggildir, samkv. reglugerð, er um þetta verður sett, ef frv. verður gert að l.

Þá er og gert ráð fyrir því í frv., að skipaður verði einn yfirlýsismatsmaður, er umsjón hafi með öllu lýsismati á landinu, og einnig með þeim lýsismatsmönnum öðrum, er undir hann eru settir. Þetta er svipað og á sér stað nú um annað opinbert mat, t. d. á fiski, sem reynsla er nú fengin um, að stórum hefir bætt söluna á saltfiski. Hins sama má vænta af l., er skuldbinda alla til að hlíta settum reglum í meðferð og verkun á lýsi til sölu út úr landinu.

Norska meðalalýsið er nú viðurkennt um allan heim. Íslenzkt lýsi hefir á síðari árum mestmegnis verið flutt til Noregs og þaðan hefir lýsið svo aftur verið flutt út, og þá sem norskt lýsi, eða kallað svo. Bæði í Noregi og Nýfundnalandi hafa verið gerðar víðtækar ráðstafanir

um vöndun á framleiðslu þessa lýsis, til þess að tryggja sér að standast samkeppnina um heimsmarkaðinn. Með þessu frv. er spor stigið í þá átt, að íslenzkt meðalalýsi geti unnið sér álit sem íslenzkt meðalalýsi á heimsmarkaðinum. Er þetta því næsta þýðingarmikið spor, því hin mesta nauðsyn er að koma þessari framleiðslu okkar í það horf, að hún vinni sér álit á heimsmarkaðinum sem góð og vönduð vara. Eins og vitanlegt er, þá höfum við Íslendingar lært að búa til meðalalýsi af Norðmönnum þeim, er settu upp sínar bræðslustöðvar hér á landi fyrir nokkrum áratugum. Íslendingar bræða nú allt sitt lýsi, en bræðslustöðvum þeirra, einkum í smærri verstöðvum, er enn í ýmsu ábótavant, einkum hvað mat snertir. Mest framför á þessu sviði hefir orðið fyrir samstarf það, er íslenzkir botnvörpuskipaeigendur hófu um verkun og sölu lýsis. Síðan þetta hófst, sem var 1921, hefir þessi framleiðsla tekið miklum umbótum undir stjórn lýsissamlagsins, einkum þó hér í Rvík. Lýsissamlagið hefir komið á gæðajöfnun á þessari vöru. En það, sem hefir bakað íslenzkri lýsisframleiðslu mest tjón, er það, að varan hefir ekki verið „standardiseruð". Allt lýsi frá keppinautum okkar sætir þessari meðferð, er gæðajafnað. Nú er farið fram á, að þetta verði gert hér, og ætti að því að vera mikil framför. — Í Vestmannaeyjum er nú verið að koma lýsisframleiðslunni í betra horf. Sama er að segja um Keflavík, Sandgerði og ég hygg einnig Akranes. Mikið er nú lagt á sig á þessum stöðum til þess að gera þessa vöru betri og markaðshæfari. Þær tilraunir, sem Íslendingar hafa gert í þessa átt, hafa þegar borið árangur og eru líklegar til að bera enn meiri árangur. Við verðum þess fljótt varir, að útlendir kaupendur hafa vel opin augu fyrir því og fylgjast vel með því, sem við Íslendingar gerum til að bæta okkar lýsisframleiðslu. Og nú er svo langt komið umbótum, fyrir samstarf botnvörpuskipaeigenda, að tækilegt þykir að stíga síðasta sporið til að gera íslenzkt meðalalýsi algerlega hæfilegt til sölu á heimsmarkaðinum sem fyrsta flokks vöru hvað hreinsun, meðferð og allan tilbúning snertir. Sem sagt, félagið er að koma sér upp kaldhreinsunarstöð fyrir lýsi, og er lýsisvinnslan þá komin á það fullkomnasta stig, sem þekkist. Ég skal geta þess, að um leið og þetta er gert, sem er mest fyrir forgöngu Reykvíkinga, þá opnast sá markaður í Bandaríkjunum, sem áður var lokaður, en sá markaður er líklegur til að hafa mikla þýðingu fyrir okkar meðalalýsi. Bæði í Bandaríkjunum og öðrum löndum eru strangar kröfur gerðar í lyfjabúðunum til meðalalýsis, bæði hvað lit, bragð og efnasamsetningu snertir. Íslendingar hafa nú verið að keppa að því að gera meðalalýsið svo úr garði, að við verðum á engan hátt eftirbátar annara þjóða um að það mundi takast. Það má telja víst, að eins verði með meðalalýsið íslenzka og er um ísl. saltfisk, og að ekki verði langt þar til íslenzkt meðalalýsi er selt í lyfjabúðum víðsvegar um heim við hliðina á norsku og nýfundnalenzku meðalalýsi.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar í Rvík hafi yfirumsjón með framleiðslu meðalalýsis, gegn 1500 kr. árslaunum og ferðakostnað og fæðispeninga að auki, þegar hann dvelur utan síns heimilis. Að vísu verða margir fleiri lýsismatsmenn víðsvegar um land í verstöðvunum, sem reynast vitaskuld misjafnlega hæfir. Það þarf vitanlega mikla æfingu í því að verða góður lýsismatsmaður — að bragðreyna lýsið, en svo er matið kallað. En með fullkomnari verkun, sérstaklega kaldverkun lýsis, er ekki nóg að bragðreyna það. Þá þarf líka fram að fara nákvæm efnafræðileg rannsókn á því. Eins og nú horfir virðist því heppileg ráðstöfun að fela forstöðumanni efnarannsóknarstofunnar yfirumsjónarstarfið, því þar eru efnarannsóknirnar á íslenzka lýsinu gerðar. Ég vona, að hv. deild verði samþykk sjútvn. um það, að ekki megi lengur úr hömlu dragast að koma þessu máli í rétt horf.

Þar sem málið er flutt af sjútvn., þá vænti ég þess, að það þurfi ekki að sæta þeirri töf að vera vísað til n. Vona ég, að því verði vísað til 2. umr. n.laust, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Sjútvn. hafa borizt tilmæli frá hæstv. ríkisstj., þar sem óskað er eftir samkomulagi um orðalag 1. gr. frv., en þar sem ráðh. sá, er um ræðir, er nú tepptur í Ed., vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að málið verði tekið af dagskrá.

**Forseti (JörB):** Ég get orðið við tilmælum hv. þm. Reyndar er þetta 2. umr., en hv. þm. kærir sig e. t. v. ekki um að flýta málinu svo mjög.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Þessi beiðni er eftir tilmælum hæstv. ráðh., og þarf hún ekki að seinka málinu til skaða.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég hafði ætlað að koma fram með brtt. við þetta frv., en varð of seinn. Hinsvegar vil ég ekki fara fram á að fresta umr. um málið, vegna þess að ég lít svo á, að nóg sé að koma með brtt. við 3. umr. Ég ætla ekki að bregða fæti fyrir frv., heldur eru aðeins nokkur atriði í því, sem ég vildi fá breytt. Mun ég bera mig saman milli umr. við hv. sjútvn. og hefi þess vegna ekkert á móti því, að frv. fari til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 271, 354).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég lét þess getið við 2. umr., að það gæti komið til mála, að brtt. kæmu fram við frv., og liggja þær nú fyrir á þskj. 354. Þessar brtt. eru bornar fram eftir ósk og í samráði við hæstv. dómsmrh. N. leit svo á, að þær væru eftir atvikum til bóta, og þær raska í sjálfu sér ekki efni frv., svo að n. í heild sinni fylgir þessum brtt.

ATKVGR.
Brtt. 354,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 354,2 samþ. með 15 shlj atkv.
— 354,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 354,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 371).

Á 47. fundi í Ed., 10 apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 371, n. 464).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var flutt þar að tilhutun fiskalýsissamlagsins hér í Rvík. Eins og hv. dm. mun vera kunnugt, fjallar það um mat á meðalalýsi og verkun þess. Það eru til l. um mat á lýsi frá 1917, en eftir því sem lýst er í grg. frv., hafa þau mjög lítið eða jafnvel ekki komið til framkvæmda.

Nú er það svo, að meðalalýsi er svo dýr vara, að miklu arðvænlegra er að framleiða það heldur en að framleiða úr lifrinni aðrar tegundir lýsis, til iðnaðar eða þess háttar. Það er því ekki lítils virði fyrir lýsisframleiðsluna og þjóðina í heild, að gert sé það, sem gera má, til þess að þessi vara geti orðið sem vönduðust og verðmætust. Þess vegna er þetta frv. fram komið, sem ekki einungis inniheldur ákvæði um mat á meðalalýsi

heldur einnig ákvæði um, að engar bræðslustöðvar geti starfað að framleiðslu þessarar vöru nema undir eftirliti og með leyfi ríkisstj.

Sjútvn. hefir athugað frv. Telur hún fulla nauðsyn á að setja lagaákvæði um þetta efni. En eins og nál. ber með sér, lítur n. svo á, að fullrar varúðar verði að gæta að því er snertir kröfur um útbúnað lýsisbræðslustöðva í smærri verstöðvum. Þessi vinnsla er ekki á svo háu stigi né svo arðvænleg, að of háar kröfur megi gera til hennar. En af því að n. játar, að þörf sé á einhverju eftirliti með bræðslustöðvunum, vill hún mæla með því, að frv. gangi fram. Hún treystir því, að a. m. k. fyrst í stað verði ekki gerðar of harðar kröfur til hinna minni lýsisbræðslustöðva. Hinsvegar játar n., að á því veltur mikið, að bræðsla meðalalýsisins fari vel úr hendi, að við hana sé gætt fyllsta þrifnaðar og allrar varúðar gætt um meðferð lifrarinnar áður en hún er brædd; ella er enginn kostur að fá úr henni góða vöru.

Að öðru leyti hefir n. það að athuga við frv., að hún telur litlar líkur til þess, að hægt verði að fá hæfan yfirlýsismatsmann fyrir þau laun, sem frv. gerir ráð fyrir, sem eru aðeins 1500 kr. Ef þetta starf á að koma að dálitlum notum, hlýtur að fylgja því töluvert erfiði, a. m. k. fyrst í stað. Ef kippa á í lag því ólagi og bæta úr þeim ófullkomleika, sem vera kann nú á lýsisbræðslustöðvum úti um land, þá hlýtur yfirmatsmaðurinn að verða að hafa allmikil ferðalög meðan á því stendur.

Í grg. þeirri, sem upphaflega fylgdi þessu frv., kemur fram, að þeir, sem að frv. stóðu, hafa litið svo á, að til mála gæti komið, að forstöðumaður rannsóknarstofunnar hér í Rvík gæti einnig verið yfirlýsismatsmaður. Ég hefi borið þetta bæði undir hæstv. atvmrh. og viðkomandi mann, og töldu báðir, að ekki mundi vera hægt að sameina þessi tvö störf, a. m. k. alls ekki nema bæta um leið við manni. Virðist ekkert eftirsóknarvert að taka þá stefnu í málinu, að gera forstöðumann rannsóknarstofunnar að yfirlýsismatsmanni, ef bæta þarf við starfsmanni hvort sem er. Því auðvitað mundi forstöðumaður rannsóknarstofunnar láta yfirlýsismatsmanninum í té allar þær rannsóknir, sem hann kynni að þurfa að láta framkvæma. Er raunar engum efa bundið, að til þess að fá ríkismatið á meðalalýsi í virkilega gott horf, þarf aðstoð rannsóknarstofunnar, því það er afarþýðingarmikið, að lýsið sé efnisgreint og vottorð geti fylgt því þess efnis.

Að þessu öllu athuguðu leggur n. til, að launaákvæði frv. verði þannig, að laun yfirlýsismatsmanns verði 2400 kr., í stað 1500 kr. Telur n. ekki hægt að vænta þess, að hæfur maður fáist til þess starfa fyrir minni laun.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara mikið fleiri orðum um þetta frv. Aðeins skal ég benda á það, ef einhverjum hv. þdm. kynni að þykja óvarlega farið í till. n. um að hækka laun yfirlýsismatsmannsins, að ríkissjóður hefir sjálfur nokkurra hagsmuna að gæta á þessu sviði. Af lýsinu er greiddur verðtollur í ríkissjóð, og aukast því tekjur hans við hverjar þús. kr., sem hægt er að hækka lýsisframleiðsluna í verði. Líti maður til annarar matsstarfsemi í landinu, er heldur ekki hægt að segja, að þessi laun séu mjög há, þar sem þetta er eini maðurinn, sem launaður á að vera af ríkisins hálfu til að líta eftir framleiðslu þessarar vörutegundar. Vænti ég, að hv. d. líti fremur á það, að hvaða gagni þessi starfsemi má koma, heldur en hitt, að spara þessa litlu upphæð, þó mikil þörf sé á sparnaði á þessum tíma, því það er spá mín, að sá sparnaður mundi hefna sín.

**Jón Baldvinsson:** Það er eflaust mikil þörf á að hafa eftirlit með framleiðslu og útflutningi þeirrar vöru, sem hér er um að ræða, eins og annara vörutegunda, og sjá um, að hún sé fyllilega markaðshæf. Það er vitanlega Íslendingum mjög gagnlegt, að vörur þeirra séu vel vandaðar; hækka þær við það í verði.

En ég vildi beina því til hv. n., að mér finnst dálítið klúðurslegt orðalagið í 1. gr. frv., þar sem talað er um merkingu orða í frv. Í síðustu málsgr. stendur „Lýsismatsmaður hvern þann undirlýsismatsmann, sem lýtur yfirlýsismatsmanni". Mér finnst þetta hálfgert klúður og vil biðja hv. n. að athuga, hvort ekki má orða þetta á skemmtilegri hátt.

Ef til vill er orðalag frv. víðar dálítið óviðfelldið, og mætti breyta því þannig, að betur færi í munni.

Þá er efnishlið frv. Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að yfirlýsismatsmaðurinn sé skipaður samkv. till. lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga. Það má vera, að það sé stærsta lýsissamlagið hér. En það eru einnig lýsissamlög úti um allt land, og í stórum verstöðvum eru þau allumfangsmikil. Það má því segja, að það sé að taka eitt samlag út úr að láta lýsissamlag ísl. botnvörpunga hafa rétt til að benda á mann til að gegna yfirlýsismatsstarfinu. Á hinn bóginn virðist dálítið óviðkunnanlegt, þar sem lýsissamlögin hljóta að eiga talsvert saman við yfirlýsismatsmanninn að sælda, að þau geti ráðið, hvaða maður er skipaður í þá stöðu. Það er eins og hann gæti orðið þeim að einhverju leyti háður, þó auðvitað þurfi það alls ekki að verða svo.

Ég bendi aðeins á þessi atriði til athugunar. Mér dettur í hug, hvort ekki mætti breyta 5. gr. þannig, að í stað „Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga" kæmi t. d.: stjórn Fiskifélags Íslands. — Vænti ég, að hv. n. athugi þessa hluti.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Fyrir hönd n. tek ég vinsamlega öllum bendingum um það, hvað e. t. v. mætti betur fara í frv. Hvað snertir ábendingu hv. 2. landsk. um 1. gr. frv., þá virðist mér, að ekki verði hjá því komizt að benda á, hvað meint er með orðinu „lýsismatsmaður" (**JónÞ:** Það skilst án þess). Hér er þó um að ræða bæði yfir- og undir-lýsismatsmenn og báða verður að kenna við sinn starfa. Verður því einhvernveginn að skilgreina þar á milli. Það má vera, að orðalagið megi eitthvað laga, og hefir n. sízt á móti því. En heldur finnst mér þetta ástæðulítil aðfinnsla hjá hv. þm.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ráðuneytið leyti tillagna um útnefningu yfirlýsismatsmanns og um reglur fyrir starfi hans. Ég kannast fyllilega við, að æskilegt væri, að þar gætu fleiri lýsissamlög komið til greina. En eins og sakir standa, þá er þetta eini félagsskapurinn hér í þessari framleiðslugrein, sem bundinn er dálítið traustum böndum. Að fara að láta þetta heyra undir lýsisframleiðendur úti um land, getur vitanlega ekki komið til greina.

Uppástunga hv. 2. landsk. um það, að láta forseta Fiskifélags Íslands gera till. um skipun og starfsemi yfirlýsismatsmanns, skal ég ekki hafa mikið á móti að svo stöddu, annað en það, að engin trygging er fyrir því, að sá maður, sem er forseti Fiskifél. á hverjum tíma, hafi neina sérþekkingu á þessari framleiðslugrein. Fljótt á litið finnst mér eðlilegast, að stærsti félagsskapurinn innan þessarar framleiðslugreinar og sá, sem er sterkustum félagsböndum bundinn, sé til að byrja með látinn gera till. um þetta efni.

Hinsvegar er ég fús á, að n. taki aths. hv. þm. til athugunar. Ég vildi aðeins láta í ljós strax, hvernig ég lít á þetta mál, og ég hygg, að n. í heild hafi litið svipað á, þegar hún hafði málið til meðferðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. á þskj. 464 samþ. með 8:1 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 485).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 485).
Á 64. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 520).

## 46. Happdrætti fyrir Ísland.

Á 25. fundi í Nd. 15. marz, var útbýtt: **Frv. til l. um stofnun happdrættis fyrir Ísland** (þmfrv., A. 158).

Á 27. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Ein af þeim kröfum, sem fylgdu sjálfstæðisbaráttu Íslands, var það, að flytja inn í landið æðstu menntastofnunina, hvort sem hún var kölluð þjóðskóli eða háskóli. Fyrst var settur á stofn prestaskóli, þá læknaskóli og loks lagaskóli. Þegar stj. var flutt hingað til lands, jukust kröfurnar um það, að setja hér á fót eina stofnun, þar sem þessar deildir væru sameinaðar og svo bætt við því, sem þyrfti til þess, að hægt væri að tala um það, að hingað inn í landið hefði verið fluttur háskóli. Sá, sem fyrst kom fram með þessar kröfur og bar þær bezt fram, var Jón Sigurðsson. Þegar 100 ára afmælis hans var minnzt, 1911, þá var það gert m. a. með því að leiða í framkvæmd þessa eina af uppáhaldshugsjónum hans, hugmyndina um þjóðskóla. Var þá háskólinn settur hér á fót, að lítið undirbúnu máli; sérstaklega vantaði hann húsrúm. Fyrir því, að skólinn fengi viðunandi húsrúm til afnota, stóð það í vegi, að mönnum óx í augum kostnaðurinn við að byggja yfir hann. Þá hugkvæmdist mönnum, að nota mætti stofur landsbókasafnsins til að hola skólanum niður í fyrstu árin, til þess að hugsjóninni yrði þó hrundið í framkvæmd. Þetta var svo gert. En það var álit manna þá, að draga mætti það ekki lengi að koma upp húsi handa háskólanum. Hann er að þessu leyti langverst settur af öllum stofnunum á landinu, að hann á ekkert hús. Enginn annar skóli á landinu er eins illa settur að þessu leyti. Sumir álíta, að háskólinn þurfi lítið húsrúm. En að öllu samanlögðu mun hann þó vera stærsti skólinn á landinu, því að þar munu vera, nemendur og kennarar, samtals um 200 fullorðnir menn.

Nú er það vitanlegt, að kennsla er nokkuð með öðrum hætti í háskólanum en í öðrum skólum flestum, að því leyti, að kennslustundir eru ekki eins margar, og fyrir það verður skólinn ekki eins rúmfrekur. En námið er oft rúmfrekt. Ég hygg, að fáir háskólar séu til í heiminum, þar sem ekki sé séð fyrir mjög miklu húsnæði fyrir vinnustofur, auk kennslustofa til bóknáms. Læknadeildin er þó langplássfrekust.

Stúdentar þurfa að hafa tækifæri til að koma saman til þess að iðka leikfimi og annað, sem ungum mönnum er hollt. En með núv. fyrirkomulagi er hér allt slíkt útilokað. Þá hefir skólinn ekki haft sérlega rúmgóð eða björt bókasafnsherbergi.

Ekki er hægt að kenna öllum nemendum skólans í kennslustofunum. Til þess er ekki rúm, svo að nota verður einnig til þess kennaraherbergi. Ef stúdentarnir vilja koma saman, hafa þeir engan stað utan kennslustofanna til þess, nema anddyri með dragsúg. Þótt mönnum sé þetta kunnugt, nefni ég það hér til þess að gera mönnum það betur skiljanlegt, að það er óhugsandi, að dregizt geti lengi, að ríkið verði að leggja fram mikið fé til háskólabyggingar. Þetta hefir Alþingi viðurkennt með lögum frá síðasta ári um byggingu fyrir Háskóla Íslands. En þótt þau l. væru sett, hygg ég, að það hafi verið nokkuð ofarlega í huga margra, að dráttur mundi verða á því, eins og fjárhag ríkisins er háttað, að farið yrði að taka upp á fjárlög 200 þús. kr. tillag á ári, til þess að koma upp háskólabyggingu. Ég hygg, að mönnum sé það flestum ljóst, að það muni dragast nokkuð lengi að fá þessa byggingu, ef ekki verður leitað einhverra sérstakra annara ráða. Háskólaráðið hefir vitaskuld verið alltaf við og við að bera fram kveinstafi okkar um að koma upp húsi fyrir skólann. Nú hefir háskólaráðið ekki látið sitja við það eitt, heldur líka bent á leið til að afla fjár til háskólabyggingar, en að vísu á löngum tíma. Og það eru þessar till. háskólaráðsins, sem menntmn. þessarar d. hefir fallizt á og borið fram fyrir hæstv. Alþ. með þessu frv. Hugmyndin er að taka upp að mestu óbreytt frv. það, sem fram var borið hér á Alþ. 1925 um íslenzkt ríkishappdrætti, og að verja ágóðanum af því happdrætti til háskólabyggingar. Með því móti yrði létt af ríkissjóði þeirri þungu kvöð að koma þessu húsi upp á næstu árum. Sjálf

hugmyndin um happdrætti hefir orkað nokkuð tvímælis. Sumum hefir fundizt þetta hálfsvindilbraskkennt. Eftir ósk minni lét hæstv. þáv. ríkisstj. rannsaka málið mjög vandlega og sérstaklega það, á hvern hátt hægt væri að byggja upp happdrætti á fullkomlega heilbrigðum grundvelli, sem ekki byggðist á sölu í öðrum löndum. Verk þetta var leyst af hendi af sérfræðingi við hið danska klasselotteri, og kom út mjög ýtarleg skýrsla um það, sem frv., er lagt var fyrir þingið 1925, var svo byggt á. Hygg ég, að fá mál hafi fengið betri undirbúning. Þótt hv. þm. séu að vísu ekki fullkomlega færir um að dæma um fyrirkomulag happdrættisins, því að það er sérgrein, þá má hiklaust treysta því, að málið er vel undirbúið. Í frv. er t. d. ein gr. um það, hve hárri hlutatölu eigi að gera ráð fyrir. Má vel vera, að 25 þús. hlutir sé of hátt, en það skaðar ekki, þótt ég búist ekki við að svo há hlutatala seldist í upphafi. Annars er frv. miðað við það, að ef menn vilja viðurkenna hugmyndina um happdrætti, þá sé sem heilbrigðast frá öllu gengið. Yfirleitt er lagt meira upp úr því, að margir geti unnið heldur en hafa fáa afarstóra vinninga. Ég býst ekki við, að menn greini á um það, að mikil nauðsyn sé að koma upp háskólabyggingu. Er þá gott fyrir ríkissjóð, ef hann gæti verið laus við að leggja til þess fé af sínum árlegu tekjum. En deilan stendur sennilega aðallega um það, hvort rétt sé yfirleitt að innleiða happdrætti hér. En ég vil benda hv. þdm. á, að happdrætti mun vera til í öllum löndum meira og minna, nema Englandi, eins og sjá má í erindi háskólaráðsins, sem fylgir þessu frv. Englendingar hafa algerlega staðið á móti happdrætti hjá sér, af því að það sé óheilbrigð meðferð fjár. En þessi þjóð hefir einmitt fengið happdrættið í annari mynd, þar sem eru veðmálin. Englendingar hafa orðið að fullnægja þessari ævintýralöngun manna, sem er fullnægt með happdrættinu. Og ég verð að játa, að ég get ekki séð, hvað er athugavert við það. Það er mikill kostur, að þetta breytir í engu viðskiptunum við útlönd og þarf ekkert þangað að flytja eða sækja. Hin einu áhrif happdrættisins á þjóðarbúskapinn myndu verða þau, sem alltaf leiðir af því, að peningar hreyfast manna á meðal. Þetta fé rennur beinlínis úr einum vasanum í annan. Eins og frv. gerir ráð fyrir, að happdrættið verði byggt upp, þá renna 70% fjárins beint í sömu vasana aftur í vinningum. Og af þessum 30% fer nokkur hluti til rekstrar fyrirtækisins, laun stjórnar og annara starfsmanna o. s. frv. Er ekkert við þetta að athuga, og er það ekki annað en atvinna fyrir talsvert af fólki. Afgangurinn rennur svo til þessa fyrirtækis, sem hvort sem er verður að komast á fót. Ég vil svo benda á það, að um leið dreifðist þetta fé út til þeirra, sem að byggingunni vinna, og yrðu það nokkrar atvinnubætur á þeim tímum, þegar annars er lítið um vinnu.

Ég sé svo ekki þörf á fleiri ummælum að sinni, en ef það er eitthvað, sem hv. þm. leikur hugur á að fá vitneskju um í sambandi við frv., þá skal ég með ánægju leysa úr því eftir megni.

Vil ég leyfa mér f. h. menntmn. að óska, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

**Tryggvi Þórhallsson:** Ég vil leyfa mér að óska, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vil benda hv. þdm. á það, að frv. þetta er, eins og þeir sjá, flutt af n., og það er ekki mjög algengt að vísa máli, sem ein n. ber fram, til annarar. Ég sé út af fyrir sig ekkert við það að athuga, en ég vildi aðeins benda á, að það er ekki venja að láta mál ganga í gegnum tvær n.

**Tryggvi Þórhallsson:** Ef þetta frv. hefði komið frá fjhn., þá var allt öðru máli að gegna. Þetta mál á heima hjá fjhn. Í 4. gr. frv. er ákvæði, sem sjálfsagt er, að fjhn. fjalli um, og legg ég eindregið til, að frv. verði vísað til þeirrar hv. n.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég skal ekki gera þetta að neinu kappsmáli, en hinsvegar er hér ekki um að ræða venjulegt fjárhagsmál. Hér er ekki að ræða um ríkisskatt eða eftirgjöf á nokkrum þeim skatti, sem nú er. Það, sem tekið er fram í

4. gr., er, að vinningar, sem falla mönnum til í happdrættinu, skuli ekki vera taldir með við útreikning tekjuskatts og aukaútsvars. Annars skal ég ekki gera það að neinu kappsmáli, hvort málið fer til fjhn. eða ekki.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég óska þess fyrir mitt leyti, að málinu verði vísað til fjhn. Ég ætla að tala um það við n., að hún athugi í þessu sambandi þá möguleika, sem til þess eru, að þetta geti orðið tekjuöflun fyrir ríkið sjálft. — Ég er því í sjálfu sér hlynntur, að háskólinn fái slíkt einkaleyfi, en það er venja, að ríkissjóður áskilji sér nokkurt gjald fyrir slík leyfi. Og það er nú svo ástatt fyrir ríkissjóði, að ekki er annað hægt en heimta gjald fyrir þetta, þótt þar sé verið að vinna að menningarmálum. Háskólinn getur verið ánægður með, að hann taki fyrst mestan, en svo minnkandi hluta af fénu, ef aðeins er miðað við ágóðann.

**Frsm. (Magnús Jónsson):** Það er í raun og veru utan við þetta þingskapaatriði, sem hæstv. ráðh. minntist á, en ég vil þó benda á, að það væri eðlilegt, að ríkissjóður tæki eitthvert gjald fyrir þetta leyfi, ef hér væri t. d. um einkaleyfi fyrir einstaklinga að ræða. En þegar hér er um að ræða að afla ríkissjóði tekna til þess að koma fram þeirri skyldu, sem á honum hvílir, þá finnst mér mjög óeðlilegt, að ríkissjóður taki af slíku gjald.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Fyrst hér er um að ræða að afla ríkissjóði tekna, þá á málið vitanlega heima hjá fjhn.; og þegar um það er að ræða að afla fjármuna, þá er það umhugsunaratriði, hvort ríkissjóður getur látið allar þessar tekjur af hendi í nokkrum alveg sérstökum tilgangi.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjhn. með 12:3 atkv.

---

Á 36. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 222, 229, 230).

**Frsm. (Ólafur Thors):** Þessu máli var vísað til fjhn. N. mælir í nál. 222 með frv. með þeirri breyt., að ríkissjóður fái 20% af nettóágóða.

Þetta mál er þegar orðið kunnugt, þar sem það hefir legið fyrir áður og samþ. á þingi 1926. Jafnframt fylgir allýtarleg grg. frv., svo að ástæðulaust er að bæta miklu við.

Það hafa verið samþ. lög, sem heimila stj. að byggja háskóla, ef fjárhagur ríkisins leyfir. Í þessari samþ. felst viðurkenning á brýnni þörf á háskólabyggingu og jafnframt á skyldum ríkisins til þess að styðja þetta mál. Rektor háskólans, prófessorarnir og háskólastúdentar og aðrir akademiskir borgarar líta svo á, að þessi vilji, sem kom fram í samþ. í fyrra, sé þakkarverður, en ekki nægilegur. Telja þeir nauðsynlegt að leysa þetta viðfangsefni á annan hátt, finna önnur ráð, sem fremur næðu samþykki þingsins, án þess að pína ríkissjóð til fjárframlaga í þessu skyni. Til þessa virðist einmitt hugmyndin um happdrætti vel fallin, þar sem arðurinn af því rynni til háskólabyggingar. Mér virðist óþarfi að fara mörgum orðum um frv. Það er stutt og greinargott og skýrir sig að mestu leyti sjálft, og það, sem á vantar, er tekið fram í grg. Hér er aðalatriðið, hvort menn viðurkenni þörfina fyrir háskólabyggingu. Ég fyrir mitt leyti get ekki neitað því, að mér finnst tæplega unandi við þau húsakynni, sem háskólinn hefir, svo að ég segi ekki meira, sem fremur er sanni nær, að það sé hrein og bein minnkun að bjóða háskóla upp á önnur eins húsakynni.

Ég geng þess ekki dulinn, að t. d. stj.-ráðshúsið er orðið algerlega ófullnægjandi, svo að tignir erlendir gestir hafa varla tréstóla til þess að sitja á, meðan þeir bíða eftir viðtali við ráðherra. Ég get gengið inn á, að brýn þörf væri á því að byggja hús fyrir stjórnarráðið, sem fullnægði betur kröfum tímans, en af því að hugmyndin er að koma þessu happdrætti upp til ágóða fyrir háskólabyggingu, og þar sem rektor háskólans á uppástunguna, þá væri ódrengilegt að segja sem svo: Frv. er gott, en við tökum ágóðann af happdrættinu fyrir annað.

Ef þetta frv. nær fram að ganga, þá er bætt úr þörfinni á háskólabyggingu og þannig létt undir með löggjöfinni. Ég get

því eindregið mælt með því, að frv. gangi fram.

Ég hefði heldur kosið að þurfa ekki að bera fram brtt. um, að ríkissjóður fái 20% af ágóðanum. Í raun og veru er það skylda ríkisins að sjá háskólanum fyrir viðunandi húsnæði. En ríkissjóður kallar á sinn part af þessum tekjum happdrættisins, og má að vísu segja þar um, að „skylt er skegg höku“ og „náið nef augum“, en heldur hefði ég kosið, að arðurinn hefði runnið óskiptur til háskólabyggingarinnar. Ég mun því fyrst greiða atkv. með brtt. á þskj. 230, um að þessi 20% til ríkissjóðs lækki í 10%, en hinsvegar síðar greiða till. n. atkv., þar sem ég tel þetta ekkert aðalatriði.

Þá vil ég geta um nokkrar ástæður til að sinna því, sem hér er fram borið um lögfestingu á happdrætti fyrir Ísland. Íslendingar hafa gert þó nokkuð að því að kaupa erlenda happdrættismiða að undanförnu. En nú hafa gjaldeyrishöftin dregið úr þessu. Hinsvegar mun spilaþörfin nokkuð vakandi meðal þjóðarinnar, og væri gott, ef hægt væri að beina þessari spilaþörf inn á réttar brautir, inn í innlend happdrætti. Venjulega þarf alveg sérstök átök til þess að breyta rásinni burt frá gömlu venjunum, en hér hygg ég, að vel megi takast, þar sem hvort sem er er hindruð að miklum mun þátttaka manna í erlendu happdrætti. Þær till., sem liggja fyrir, hefir n. enn ekki haft aðstöðu til þess að taka til íhugunar. Þær eru alveg nýkomnar fram. — Ég fyrir mitt leyti mun greiða atkv. með till hv. 3. þm. Reykv. Till. hv. þm. Dal. tel ég persónulega ekki skipta miklu máli; hygg ég, að þær hnigi í sömu átt og flm. frv. hafa hugsað sér. Þegar arðurinn af happdrættinu er orðinn nægilega mikill til þess að hægt sé að koma upp háskólabyggingu, þá tekur ríkissjóður við tekjunum og ver þeim til opinberra bygginga. Virðist mér þetta vera beint áframhald af þeirri grundvallarhugsun. sem fram kemur í frv. og grg. — Brtt. hv. þm. V.-Húnv. á þskj. 229 er ég ekki reiðubúinn til að ræða — og vil ég mælast til þess, að hann taki þær aftur til 3. umr., svo að n. gefist kostur á að athuga þær betur.

Að lokum vil ég eindregið mæla með því, að háskólinn fái hag af þessu happdrætti, en það renni ekki í ríkissjóð, bæði af því, að þörfin fyrir háskólabyggingu er meira aðkallandi en nokkur önnur, og svo er það þannig, að ég tel þessu máli betur borgið undir forustu prófessoranna og annara menntamanna heldur en ef það á að vera undir dutlungum þings og stj. komið, hvort háskólinn verður byggður eða ekki. Í höndum rektors háskólans, prófessoranna og annara áhrifaríkra manna er vel séð fyrir þessu máli; þeir munu leggjast á eitt um að hrinda háskólabyggingunni í framkvæmd og fyrirbyggja með því, að l. verði pappírsl. ein.

Vil ég svo leyfa mér að vænta þess, að málið nái samþykki d., og vil ég eindregið mælast til þess, að hv. þm. V.-Húnv. taki till. sínar aftur til 3. umr., svo að hægt sé að ræða þær í n., því að með því mætti fremur fyrirbyggja óþarft þref um þær við umr. vegna misskilnings af því að þær kæmi lítið hugsaðar til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 251, sem of skammt var liðið frá útbýtingu hennar, leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Haraldur Guðmundsson:** Það er vissulega alveg rétt, að það er mikil þörf á því að bæta úr húsnæðisskorti háskólans, og ég tel engan vafa á því, að allir þm. séu sammála um það. En hitt er víst, að margt er enn meir aðkallandi nú á þessum tíma. Ég býst því ekki við að geta greitt þessu frv. atkv. mitt. Ég álít, að það sé gersamlega ómögulegt að forsvara það, að þetta þing hætti svo störfum, að það geri ekki ýmsar stórfelldar ráðstafanir vegna kreppunnar. Og það er alveg víst, að það verður ekki nema kák, ef ekki er tryggt um leið, að fé fáist til þessa. Ég býst við því, að síðar verði bornar fram í þessari hv. d. till. um slíkar ráðstafanir. Ég sé ekki, að hægt sé að afla þessa fjár með skattaálagningu. Ég álít, að leita beri innanlands eftir lántöku fyrir ríkissjóð. Hér er nú laust sparifé, innstæðufé og skírteini í hlaupareikningum, sem nemur alls 60 millj. kr. Og ég álít sjálfsagt fyrir ríkissjóð að leita í þá átt eftir fé til lántöku til kreppuráðstafana. Hingað til hefir ríkissjóður ekki leitað eftir lánum innanlands, heldur til útlanda aðeins.

Það er orðin reynsla annara þjóða, að þau skuldabréf ríkisins, sem auðseldust eru, eru ekki þau, sem tryggð eru einungis með ákveðnum vöxtum, heldur þau, sem fylgir von um vinninga, ekki ósvipað því, sem hv. þm. G.-K. orðaði það, „að spilaþörf þjóðarinnar væri vakandi“ og að það þyrfti að beina henni í réttan farveg. Það er alveg rétt, hvort sem mönnum þykir það gott eða illt, að það er jafnan þó nokkur fjöldi af fólki, sem vill eiga eitthvað dálítið á hættu. Svíar hafa tíðkað happdrættislán, bæði með því að greiða enga vexti af skuldabréfunum og sumpart með því að greiða vexti af nokkrum hluta, en láta annan ágóða, sem um er að ræða af bréfunum, vera vinning í happdrætti. Teldi ég þá leið heppilega hér.

Mjög sennilegt er það, að ef hvorttveggja væri reynt í senn, bæði að fá lán fyrir ríkissjóð innanlands og líka að stofna til happdrættis, mundi það að sjálfsögðu draga mjög hvað frá öðru. En ég legg meiri áherzlu á, að reynt verði að gera ráðstafanir til þess að bæta úr kreppuvandræðunum heldur en að stofnað verði til háskólabyggingar, eins og nú stendur á.

Í grg. frv. er gert ráð fyrir því, að ágóðinn af þessu happdrætti, ef allir miðar seljast, verði 300 þús. kr. á ári. Það er þess vegna bert, að það muni taka alllangan tíma að safna fé með þessu móti til háskólabyggingar, þótt allir miðar seljist, sem ekki eru þó líkur til. Ef ekki seldist nema helmingur miðanna, þá fengjust 130 þús. kr. árlega. Ef verr seldist, gæti svo farið, að tíminn þrefaldaðist, sem þyrfti til að koma háskólanum upp. Það yrði að vísu nokkur atvinnubót að því að byggja þetta stórhýsi, en þó hverfandi lítil, eins og sést á því, hve tekjurnar eru litlar, sem gert er ráð fyrir á hverju ári. Og ekki er líklegt, að byrjað yrði á byggingu á fyrstu árunum.

Eins og ég hefi tekið fram, álít ég brýnasta þörf á að verja því fé, sem á þennan hátt gæti aflazt, til ráðstafana vegna kreppunnar. En þegar hún er liðin hjá, gæti ég fellt mig við, að sú leið yrði farin, sem um ræðir í brtt. á þskj. 229, að stofna sérstakan byggingarsjóð, sem yrði varið til að reisa ýmsar opinberar byggingar, og sé ég ekki, að þá kalli annað frekar að í því efni en háskólabygging, stjórnarráðshúsbygging og breyt. á húsnæði Alþ. sjálfs.

**Hannes Jónsson:** Það er enginn nýr gestur á hæstv. Alþ., frv. um happdrætti. En þegar það hefir verið hér á ferð, hefir aðallega verið um það rætt, hvort það væri hollt fyrir hugsunarhátt þjóðarinnar eða ekki, og hvort það ætti að vera eða ekki. Það kann að vera, að hv. þm. álíti það nú ekki óhollt. Ég tel, að ekki nein veruleg hætta geti af því stafað. En ég gat ekki orðið sammála samnm. mínum um fyrirkomulagið. Ég tel það óheppilegt spor, sem stigið hefir verið hér á þingi, í þá átt að binda tekjur ríkisins um langt árabil. Nú geri ég að vísu ráð fyrir því í brtt. minni á þskj. 229, en að þær séu þó bundnar nokkuð á annan hátt en gert er ráð fyrir í frv. sjálfu. Í því er gert ráð fyrir að veita einkarétt á happdrætti. En ef það er stofnað hér á landi, þá á það að vera rekið af ríkinu sjálfu strax. Því að það er hætt við, að aðrir vildu annars síðar fá svipað einkaleyfi og með sama rétti og háskólinn vill nú fá það. Það er fjarstæða, sem hv. frsm. hélt fram, að það sé verið að reyna að stela þessari hugmynd frá háskólanum, með því að flytja brtt. eins og mína. Það mætti frekar segja, að háskólinn hafi stolið hugmyndinni frá ríkissjóði, því að árið 1925 var svipað frv. flutt hér á þingi, til þess að reyna að ná tekjum fyrir ríkissjóð. Flm. þess þá, hv. núv. 3. þm. Reykv., taldi einn höfuðkost þess frv. það, að með því fengjust vissar tekjur fyrir ríkissjóð, sem hann áleit þá, að full þörf væri fyrir. Hafi sú þörf verið þá, mun hún ekki síður brýn nú. Þess vegna vil ég breyta frv. nú í það horf, sem frv. 1925 hafði, að láta veita ríkissjóði tekjur þess.

Hv. frsm. gat þess, að það væru aðrar byggingar, sem meiri þörf væri á að reisa en háskólabyggingu. Það getur orðið ágreiningsmál. Mér skildist, að í ársbyrjun 1935 geti fyrst verið um að tala framlög af þessu til framkvæmda. Árið 1934 á happdrættið að byrja að starfa og varla getur á því ári orðið að ræða um framkvæmdir fyrir framlög frá því. Það er því nægur tími til að athuga það, á hvaða

byggingum ætti að byrja, þótt það verði ekki nú ákveðið.

Till. mín gengur í þá átt, að frv. verði gert eins og frv. var 1925, að öðru leyti en því, að nú eiga tekjurnar af happdrættinu að renna í sérstakan sjóð, sem nota á til opinberra bygginga, og ráðstöfun á fé hans á að hlíta samþykktum þingsins í hvert skipti. Ég hefi viljað setja tryggingar fyrir því, að væntanlegum tekjum sjóðsins yrði ekki ráðstafað um óákveðinn tíma, og því sett þetta ákvæði um úrskurð þingsins í því efni. Þó að nú sýnist máske mest þörf á að reisa einhverja sérstaka byggingu, getur aðstaðan breytzt þannig, að síðar þyki annað nauðsynlegra að byggja. Auðvitað ef byrjað er á einhverri byggingu samkv. ákvæðum þingsins fyrir fé úr þessum sjóði, þá verður að klára hana. Svo að það má segja, að með því að byrja að veita fé til einhverrar byggingar, þá sé endanlega gengið út frá því að halda áfram með þá byggingu. En gætilegar ætti að vera farið í þær sakir, ef það þyrfti að sækja um fjárveitingu úr sjóðnum í hvert skipti, heldur en ef hægt væri að agitera í eitt skipti um fjárframlög úr sjóðnum um óákveðinn tíma.

Hv. frsm. hélt því fram, að það hefði litið að segja, hvort tekjurnar, sem rynnu í ríkissjóð af þessari starfsemi beint, væru meiri eða minni. Það má kannske segja, að það skipti ekki miklu máli, en þó teldi ég ekki óeðlilegt að ætla ríkissjóði nokkurn hluta þeirra. Og hinar opinberu byggingar mættu vel við una, þótt allar tekjurnar rynnu ekki til þeirra. og þó að farið yrði eftir minni till., sem gerir ráð fyrir, að meira af tekjum þessum renni í ríkissjóð heldur en brtt. n. gerir ráð fyrir.

Út af tilmælum hv. frsm. um að ég taki brtt. mína aftur nú við þessa umr., er það að segja, að ég get gengið nokkuð á móti honum í þessu efni, ef hann vill mælast til þess við hæstv. forseta að taka málið af dagskrá. En ég vil ekki láta þessa umr. fara svo fram, að ekki verði greidd atkv. um þær brtt., sem ég hefi hér borið fram. Því að verði þær felldar, þá mun ég enn gera tilraun til að færa þetta mál í það horf, sem ég get unað við.

Út af þeirri brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Dal., vil ég segja það, að ég kann ekki við, að verið sé með frv. að fastbinda það, að nokkur viss stofnun fái þetta til einkarekstrar fyrir sig. Og sama er að segja um það, eins og þau ákvæði í frv. sjálfu, að mér finnst það nokkuð fyrir sig fram að ákveða það nú, að þegar sá tími er liðinn, sem einkaleyfi háskólans á að ná yfir, þá eigi happdrættið að verða ríkisfyrirtæki. Ég held, að það ákvæði hefði getað beðið svo sem eitt eða tvö ár. Ég finn svo ekki ástæðu til þess að rökræða frekar um afstöðu mína til þessa máls. Atkvgr. mun sýna afstöðu hv. dm. til aðalatriða og ágreiningsatriða þessa máls.

**Jónas Þorbergsson:** Ég hefi borið fram brtt. á þskj. 251. Ég skal játa það, að ég hefði fellt mig betur við, að málið hefði verið borið fram í svipuðum farvegi eins og hv. þm. V.-Húnv. hefir gert í sinni brtt., ef hann hefði viljað láta það vera tryggt, að þörf háskólans yrði fyrst fullnægt með ágóða af happdrættinu. En þar sem hann virðist vera fjarri þeirri stefnu, þá geri ég ekki ráð fyrir, að við getum orðið samferða. Hinsvegar ber ég fram brtt. þessa til þess að byggja brú milli þeirra, sem vilja styrkja háskólann um 10 ára bil með því að veita honum þetta einkaleyfi, og hinna, sem vilja ríkishappdrætti. Eftir minni till. er gert ráð fyrir því, að þegar þörf háskólans væri leyst, sem gæti orðið innan 10 ára, þá yrði málinu komið í þann farveg, sem hv. þm. V.-Húnv. vill láta það falla í nú þegar. Mig furðar á því, hve lítils hann metur við mig, að ég vil þannig leitast við að koma til liðs við hann í málinu. Út af því, sem hann segir, að það sé nokkuð fyrir sig fram að ákveða nú um, að happdrættið skuli verða ríkisfyrirtæki, þegar þörf háskólans er leyst, þá finnst mér það ekki mæla á móti minni till., þó að þingið geri ráð fyrir, að þetta starf haldi þá áfram sem ríkisfyrirtæki og ágóða þess verði varið til opinberra bygginga fyrir ríkið.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um brtt. Hún hefir ekki sætt neinum mótmælum og er í sjálfu sér meinlaus, og vænti ég þess, að hv. dm. treysti sér til að samþ. hana. Mér virðist að með því mundi málið síður vera eins í lausu lofti og það er nú samkvæmt frv. En ég býst

við, að ég treysti mér ekki til að fylgja brtt. hv. 3. þm. Reykv. á þskj. 230.

**Magnús Jónsson:** Við 1. umr. gerði ég allýtarlega grein fyrir frv. f. h. menntmn., sem hefir flutt frv., og ég skal ekki endurtaka neitt af þeim almennu rökum, sem ég bar fram til stuðnings málinu. Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir það, að hún mælti einróma með því, að þetta frv. verði samþ. En hinsvegar hefir rætzt sá grunur, sem ég hafði um það, að tilgangurinn með því að koma þessu máli til fjhn. væri sá, að skerða dálítið tekjurnar, sem eiga að ganga af happdrættinu til þessa ákveðna verkefnis. En annars skal ég ekki ræða mikið um það. Hv. dm. verða hver og einn að gera það upp við sjálfa sig, hvort þeir vilja láta ríkissjóð seilast til að taka nokkuð af tekjum þessum til sinna almennu þarfa. Það stappar nærri hugsunarvillu, að ríkið fari þannig að skattleggja sjálft sig. Tilgangurinn, sem á að ná með tekjunum af happdrættinu, er ekki annar en sá, að leysa eina af þörfum ríkissjóðs, þar sem það er tvímælalaust, að ríkið verður að taka á sig og mundi taka á sig, ef þess væri nokkur kostur, að koma upp þessari byggingu fyrir háskólann. Þetta þýðir þá ekki annað en það, að ríkið vill ekki fara eins hart í að sinna þessu verkefni eins og farið yrði, ef þessar tekjur rynnu allar til þess óskertar. Ef ekki verður bætt úr þessari þörf með slíku móti sem þessu fyrirtæki, þá yrði ríkissjóður að leggja fram fé til þess. En þegar stungið er upp á að losa ríkissjóð við bein fjárframlög til þessa þarfa málefnis, þá vill ríkið fá dálítið fyrir að leyfa það. Það er náttúrlega mjög einkennileg aðferð. Þó ætla ég ekki að gera þetta að kappsmáli. Ég bar fram brtt. um að lækka þennan ríkisskatt niður í 10%, einungis til þess að ekki yrði tafið eins mikið fyrir framkvæmd þessa þarfa málefnis.

Mér mundi þykja vel ganga, ef allir miðar seldust og ágóði yrði um 300 þús. kr. árlega. En við því þarf ekki að búast. Ef helmingur miðanna seldist, mundu tekjurnar verða á annað hundrað þús. kr. og varla er hægt að leggja upp með minna en það til þess að byrja framkvæmd á svona fyrirtæki. Ef happdrættið fær að njóta allra teknanna í 10—20 ár, er augljóst, að hægt er að gera mikið á þeim tíma. En úr þessum tekjum má ekki draga, enda getur hreint og beint orðið óhentugt að vinna verk það, sem fyrir liggur, ef ekki falla nokkuð miklar tekjur til, eins og ég mun síðar víkja að.

Hv. þm. Seyðf. er hinn eini, sem hefir tjáð sig andvígan frv. Þó er það ekki sjálf hugmyndin, sem hann amast við, heldur vill hann verja tekjunum til annars. Happdrættið hefir áður verið innlimað í tekjuöflunarfrv. hans og flokksmanna hans, í því skyni að koma út innlendum ríkisskuldabréfum. En ég hefi ekki trú á því, að innlend lánsútboð beri mikinn árangur. Það þýðir ekki að vitna til þess, að 60 millj. kr. af innstæðufé sé til í landinu. Það fé er allt fast. Ef þetta fé væri bundið í ríkisskuldabréfum í sambandi við happdrætti yrði að kalla inn tilsvarandi mikið fá frá atvinnuvegunum. Ég álít ekki rétt að hleypa spilalöngun manna á það stig, að hún valdi raski í atvinnulífinu, né heldur að rétt sé að keppa við önnur verðbréf hins opinbera, eins og veðdeildarbréf og ræktunarsjóðsbréf. Ég ætla, að slík ráðstöfun gæti leitt af sér meira atvinnuleysi og vandræði en svaraði til gagnsins.

Hv. þm. V.-Húnv. er með allvíðtækar brtt. og vill koma málinu í annan farveg. Fyrsta brtt. er langvíðtækust, að formi til a. m. k. Hún gengur í þá átt, að ríkið sjálft reki happdrættið í stað háskólans. Þetta atriði var vandlega athugað í menntmn. og það varð einróma álit nm., að það væri háskólanum fyrir beztu, að hann sjálfur ræki happdrættið, en ekki ríkið. Ef rekstur þess er falinn háskólanum, er fengin trygging fyrir því, að hann sé í höndum þeirra manna, sem hafa sérstakan áhuga á málinu. Ég er ekki að efast um, að happdrættið gæti gefið arð sem ríkisstofnun, en ég efast um, að það yrði rekið eins vel. Ég held, að það væri einmitt gott fyrir ríkið að varpa af sér áhyggjunum af þessu fyrirtæki yfir á annan aðila í byrjun, en taka það svo að sér, þegar það er komið á legg og hefir öðlazt vinsældir þjóðarinnar, því að enginn vafi er á, að háskólinn myndi reka happdrættið með meiri natni og minni tilkostnaði en kostur er á í höndum hins

opinbera. Það er ekki heldur svo, að hér sé verið að selja heppdrættið í hendur neinum braskara, þótt það sé um vissan tíma falið virðulegri ríkisstofnun, sem háð er eftirliti ríkisvaldsins.

Annað atriðið í till. hv. þm. V.-Húnv. er, að ágóðinn skuli tekinn með stimpilgjaldi af brúttótekjum happdrættisins. Ég held, að tekjur ríkissjóðs, teknar af brúttóágóða, geti orðið óeðlilega miklar, og jafnvel töluverðar, þótt lítill eða enginn hagnaður væri af happdrættinu. Ég tel því sjálfsagt, að nettóágóði sé lagður til grundvallar.

Í þriðja lagi vill hv. þm. V.-Húnv. breyta til um úthlutun fjárins. Vill hann láta Sþ. ákveða um úthlutun fjárins í hvert skipti. Ég veit nú satt að segja ekki, hvernig hv. þm. hugsar sér þetta. Mér skilst, að tilgangur byggingarsjóðs sé sá, að reistar verði fyrir hann oft og tíðum alldýrar opinberar byggingar, og veit ég þá ekki, hvernig á að komast hjá því að binda tekjurnar fyrir fram um víst tímabil, nema það sé meiningin að verja 150 þús. kr. í stjórnarráðshús eitt árið, og næsta ár sé svipuð upphæð lögð til háskóla og síðan sé haldið svo áfram með listasafn, kvennaskóla o. s. frv. Það er vitanlega óhjákvæmilegt að binda ágóðann meðan verið er að koma upp hverju húsi. Verkið verður að bjóða út í samningsvinnu, og vel getur þurft ágóða 3—4 ár til að standa við akkorðið, og ég get ekki skilið, hversu það má verða, ef engin trygging er fyrir því, að peningar fáist til framkvæmda.

Hv. þm. V.-Húnv. og hv. frsm. töluðu um, að orkað gæti tvímælis, hvert fyrsta húsið ætti að vera. En það er eitt hús, sem Alþingi hefir ákveðið að reisa á vissu árabili, og ef aflað er fjár til opinberra bygginga, hlýtur það hús að sitja fyrir vegna sæmdar Alþingis. Og þetta hús er háskólabyggingin.

Um brtt. í heild er það að segja, að ég get ekki fallizt á þær né ráðið öðrum til að samþ. þær, með því að ég tel þær miða til hins lakara. Brtt. hv. þm. Dal. má kallast miðlunartill. milli frv. og brtt. hv. þm. V.-Húnv. Í henni er tekið fram, að ríkið skuli taka happdrættið í sínar hendur, er hús handa háskólanum hefir verið reist. Ég get fallizt á efni brtt., en finnst þó 10 ár vera nægur tími til stefnu til að athuga þetta. Happdrættið er í frv. hugsað sem ríkishappdrætti, þótt ríkið feli það um stund öðrum aðila.

**Hannes Jónsson:** Hv. flm. lagði mikið upp úr því, að gull og grænir skógar væru í vændum, ef háskólinn hefði forgönguréttinn, en ekki ríkið. Ég sé nú enga ástæðu til að ætla þetta, nema gengið sé út frá því, að ríkisstofnanir séu með betra stjórnarfyrirkomulagi en ríkið sjálft, en ég sé enga ástæðu til að ætla slíkt, enda hefir reynslan oft sýnt hið gagnstæða.

Hv. flm. talaði einnig um, að óeðlilegt væri, að taka stimpilgjaldið af brúttóágóða. Hann sagði, að af því gæti leitt töluverðar tekjur fyrir ríkissjóð, jafnvel þótt rekstrarhalli væri á happdrættinu. Ef slíkt gæti komið fyrir, virðist ekki svo mikið vera upp úr þessu fyrirtæki að hafa, að vert sé að leggja út í það. Ég held, að enginn andstæðingur hefði getað svert happdrættishugmyndina meira en hv. flm. hefir gert með þessu. Til hvers ætti að vera að stofna happdrætti, ef tap ætti að verða á því? Ef málið á hér nokkra andstæðinga, hefir hv. flm. styrkt þá í trúnni.

Með þeirri ráðstöfun á tekjum sjóðsins, að ekki megi binda tekjurnar fyrirfram á ég við, að ekki skuli byrjað á byggingu fyrr en nægilegt fé er fyrir hendi. Ef háskólinn á að hafa einkaleyfið í 10 ár, getur ekki verið meiningin, að byrjað sé að byggja strax. Byggingunni á að vera hægt að ljúka á 1—2 árum, og það á þann hátt, sem óbornar kynslóðir geta unað við, en ekki eins og þjóðleikhúsið eða aðrir slíkir steinstöplar, sem eru og verða öldum og óbornum til hrellingar. Mín brtt. vill einmitt koma í veg fyrir flaustursverk og óhagstæða samninga.

Ef háskólanum er veittur þessi réttur, sé ég ekki neitt á móti því, að svo geti farið, að einstaka ríkisstofnanir aðrar fari fram á, að ríkið fái sér í hendur vissa tekjustofna, t. d. kolaverzlun eða þess háttar. Eigi að ganga inn á þessa braut, veit ég ekki, hvar verður látið staðar numið. Ég álít, að á skuli að ósi stemma og afhenda ríkissjóði þegar þessar tekjur, svo að hægt sé að verja þeim eftir

þörfum í hvert skipti. Það tjáir ekki að vera að benda á skyldleika háskólans og ríkissjóðs, því að slíka frændsemi geta í raun og veru allar ríkisstofnanir rakið. Ég mun því halda fast við brtt. mínar.

Ég get fallizt á með hv. flm., að brtt. hv. þm. Dal. sé viðaukatill. (**MJ**: Miðlunartill.), því að í henni felst í raun og veru ekki annað en það, sem er í frv. sjálfu, nema hvað við eigi að taka, er háskólabyggingunni er lokið. En það má líka segja, að tími sé til kominn eftir 10 ár, að ríkið taki að sér happdrættið. Það er líka alveg fráleitt í frv. að binda einkaleyfið við svo langan tíma, þótt byggingunni kynni að verða lokið töluvert fyrr. Ef tekjurnar yrðu t. d. 350 þús. kr. á ári, þyrfti tíminn ekki að verða svo langur. Þetta er ein veila af mörgum í frv.

Ég vil alvarlega vara við því að ganga inn á þá braut að afhenda tekjustofna ríkissjóðs til einstaklinga eða stofnana innan ríkisins. Bæjar- og sveitarfélög gætu farið að ganga á lagið, og óvíst, hvar yrði látið staðar numið. Ég vil vara við þessu um alla tekjustofna ríkisins, og þá ekki síst happdrætti, sem er einn hinn sjálfsagðasti liður í ríkisrekstri.

**Jónas Þorbergsson**: Ég get ekki fallizt á það með hv. þm. V.-Húnv. og hv. flm., að till. mín sé óþörf. Verði hún samþ., lætur þingið þar með í ljós vilja sinn um það, hvernig þessum málum skuli hagað eftir að háskólinn hefir verið reistur. Ég vil benda á það, einmitt af því að svo langur tími er til stefnu, að þeim hv. þm., er nú sitja á þingi, er fært að láta í ljós vilja sinn nú, en alls óvíst, hvort þeir eiga þess kost eftir 10 ár.

**Magnús Jónsson**: Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. hv. þm. Dal. Hún er miðlunartill., og hvort sem hún verður samþ. nú eða ekki, geta síðari þing auðvitað tekið sínar ákvarðanir.

Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að ég hefði sagt, að gull og grænir skógar væru í vændum, ef háskólinn fengi að njóta happdrættisins. Ég komst vitanlega aldrei neitt á þessa leið að orði, en það er nú vandi þessa hv. þm. að vera nokkuð öfgakenndur, þegar hann er að gera andstæðingunum upp orðin. Ég gat þess áðan, að menntmn. hefði athugað vandlega hvor leiðin væri heppilegri, og komizt að þeirri niðurstöðu, að betra væri, að happdrættið væri fyrst um sinn rekið af minni aðilunum, þar sem vænta mátti meiri áhuga og minni kostnaðar.

Það er nú vanalega svo, þegar um nýjar stofnanir er að ræða, að maður getur alltaf hugsað sér, að eitthvað gangi skrykkjótt til að byrja með, meira að segja þó ágætlega gangi þegar fram í sækir. Það eru vafalaust allmargir menn nú, sem hafa fé í veltunni hjá erlendu happdrætti, og það eru vitanlega þeir mennirnir, sem mest eru fyrir það að taka þátt í happdrætti. Það er alls ekki víst, að innlendu happdrætti tækist þegar í stað að ná þeim mönnum til sín, þó þeir flyttu viðskipti sín þangað með tíð og tíma. Ég býst ekki við, að það sé nein hætta á því, að þetta happdrætti mundi ekki bera sig, en hinsvegar get ég vel hugsað mér, að það yrði ekki mikill ágóði af því til að byrja með. Þess vegna álít ég ósanngjarnt, að ríkið leggi skatt á bráttóágóða þess. Ef ríkið endilega þarf að taka prósentu af happdrættinu, ætti það miklu fremur að vera af nettóágóða þess.

Þá skildist mér af því, hvernig hv. þm. vill ráðstafa því fé, sem inn kemur, að hann vilji láta bíða að ráðast í byggingu þangað til svo og svo mikið fé hefir safnazt fyrir. Eitthvað verður það auðvitað að bíða, að á byggingunni sé byrjað, þar sem óvíst er, hverjar tekjurnar verða. Og það er engin hætta á öðru en svo verði, því háskólabyggingin er enn að mestu óundirbúin, og þegar ráðizt er í slíka framtíðarbyggingu, hlýtur undirbúningurinn alltaf að taka nokkuð langan tíma. Á meðan mundi eitthvað af fé safnast fyrir. Að öðru leyti sé ég enga ástæðu til þess að bíða með að hefja framkvæmdir. Verkið yrði meiri hjálp í atvinnuleysinu að byrja svo fljótt sem ástæður leyfa, en fara ekki mjög geist. Ég get hugsað mér, að nægilegt væri að byggja fyrir svona 200 þús. kr. á ári. Háskólinn er þannig stofnun; að ekki þarf stórt húsnæði í byrjun til þess að hann geti farið að hafa gagn af því. Þó ekki væri byggt fyrir nema 400 þús. kr. fyrst, gæti slík bygging komið að góðum not-

um, þó hún væri ekki nema vísir að því, sem koma ætti í framtíðinni. Aðalatriðið er, að tryggt sé, að tekjurnar haldi áfram.

Hv. þm. var að benda á þjóðleikhúsið. Það er einmitt gott dæmi um, hvað óheppilegt er, að verið sé að hringla með tekjur, sem ætlaðar hafa verið til ákveðinna framkvæmda. Það var ekkert of snemma byrjað á þjóðleikhúsinu. Ef það hefði fengið að halda sínum tekjum, þá hefði allt gengið vel. Það voru ráðstafanir Alþingis, sem gerðu það að verkum, að nú stendur þessi stein-„kolos" þarna upp við Hverfisgötuna og kemur engum að gagni. Þannig óttast ég, að geti farið, ef þingið á að ráðstafa tekjum happdrættisins í hvert skipti.

Hv. þm. talaði um, að það væri óheppilegt, að þingið væri að afhenda vissa tekjustofna til sérstakra framkvæmda. Þetta er rétt. Ég er líka yfirleitt á móti því að binda ákveðnar tekjur ríkissjóðs til þess að vinna fyrir ákveðin verk. Ég álít, að allar tekjur ríkisins eigi að lenda beint í hinn sameiginlega sjóð, og það an eigi svo að veita fé til allra framkvæmda, sem ríkið vill leggja í. En ef maður lítur á, hvað hér er eiginlega um að ræða, þá er það ekkert, sem brýtur í bága við þessa skoðun. Hér er aðeins stungið upp á sérstöku skipulagi til þess að leita almennra frjálsra samskota til framkvæmda, sem ríkið þarf annars að leggja fé til. Með þessu frv. er ekki lagður skattur á nokkurn mann, aðeins boðið upp á sérstaka aðferð til frjálsra samskota. Það tel ég aðalkostinn við þessa lausn á byggingarmáli háskólans. Í hvert skipti sem slík uppástunga kemur fram, hefir Alþingi á sínu valdi að skera úr, hvort það verkefni, sem um er að ræða, er svo nauðsynlegt, að fallast beri á uppástunguna. Þess vegna er ekkert fordæmi gefið með samþykkt þessa frv., sem þingið er bundið við í framtíðinni, þó líkar till. kæmu fram. Í sjálfu sér væri engin fjarstæða, þó Alþingi veiti einstökum bæjar- eða sveitarfélögum heimild til að taka upp ákveðinn, nýjan tekjustofn til ákveðinna framkvæmda, sem hið opinbera þarf hvort sem er að kosta. Slíkt verður Alþingi bara að meta í hvert skipti.

Hv. þm. drap á, að 10 ára leyfistími mundi vera óþarflega langur, að óþarflega mikið fé mundi geta safnazt á þeim tíma til háskólabyggingar. Í því sambandi vil ég minnast á tvennt. Annað er það, að þó miðafjöldinn sé ákveðinn 25 þús., þá er sú tala hugsuð sem hámark. Það er sú hæsta miðatala, sem talið er hugsanlegt, að gæti selzt hér á landi, t. d. miðað við það, sem selst í Danmörku, sem er gamalt happdrættisland. Það eru því engar líkur til, að 25 þús. miðar seljist fyrstu árin. En það skaðar ekki að hafa takmarkið nokkuð hátt, ef svo kynni að fara, að betur seljist heldur en búizt er við. Ég hefi gert mér þá hugmynd, að seljast kynni helmingurinn af þeim miðum, sem gert er ráð fyrir, og tekjurnar yrðu hátt á annað hundrað þús. kr., og væri það mjög hóflegt í þessum tilgangi.

Hitt, sem ég vil minna á í þessu sambandi er það, að varla mun vera til nokkur stofnun, sem er eins teygjanleg að því er húsnæðisþörf snertir eins og háskólar. Þeir geta komizt af með lítið húsnæði, en þeir geta líka notað og haft þörf fyrir næstum því óendanlega mikið húspláss. Þetta fer aðeins eftir því, hvað menn vilja búa háskólana vel út og hvað yfirgripsmiklir þeir eru gerðir. Mér þykir mjög líklegt og eðlilegt, að við Háskóla Íslands verði bætt nýjum deildum á næstu árum, t. d. landbúnaðardeild og verzlunardeild, til þess að beina einhverju af stúdentafjölguninni inn á aðrar brautir heldur en embættisbrautina. Auk þess eiga rannsóknarstofur, bókasöfn og ýmislegt fleira þesskonar mjög vel heima í sambandi við háskólann, og er því húsnæðisþörf hans nærri ótakmörkuð. Ég er því alveg viss um, að langt er frá því, að nokkuð yrði byggt til óþarfa fyrir 10 ára tekjur af happdrættinu. Auk þess er hér aðeins um heimild að ræða til þess að veita einkaleyfið til 10 ára. Býst ég við, að ekki veiti af þeim tíma.

Þá held ég, að ég hafi svarað flestu, sem fram hefir komið um þetta mál, sem ég kæri mig um að svara.

**Hannes Jónsson:** Hv. 3. þm. Reykv. er nú nokkuð farinn að draga úr því, sem hann hefir áður sagt hér í hv. d. Hann er nú farinn að viðurkenna, að svo geti farið, að happdrættið yrði ekkert verr

rekið sem ríkisfyrirtæki heldur en undir stjórn háskólans. Og ég er ekkert undrandi yfir því, þó hann hafi komizt að þeirri niðurstöðu. Ég veit ekki, hvað háskólinn ætti að vera færari um að skipa stjórn þessa fyrirtækis heldur en ríkisvaldið.

Þá vildi hv. þm. telja, að dæmið um þjóðleikhúsið væri einmitt sönnun um það, hvað nauðsynlegt væri að samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir. Ég vil nú benda hv. þm. á það, hvort ekki hefði verið heppilegra, að ákveðið hefði verið af Alþingi, hvort byrjað skyldi á byggingu þjóðleikhússins að svo stöddu eða ekki, áður en farið var að reisa húsið. Ég er alls ekki viss um, að Alþingi hefði fallizt á, að sjálfsagt væri að byrja byggingu leikhússins á þessum tíma. Og ég hygg, að flestir hefðu verið ánægðir með það nú, þó að það hefði verið látið bíða nokkur ár að leggja fé í þá byggingu. Ef það lægi undir ákvörðun þingsins í hvert skipti, hvernig ágóðanum af happdrættinu er ráðstafað, yrði e. t. v. athugað nokkuð nánar, hvort heppilegt væri að byrja á byggingunni eða ekki. Og þegar Alþingi væri einu sinni búið að ganga inn á, að verkið væri hafið, mundi það sjá svo um, að það stæði ekki allt of lengi yfir.

Mér finnst því allt, sem fram hefir komið við þessa umr., styrkja það, sem ég hefi sagt, að nauðsyn beri til að hafa framkvæmdirnar í þessu máli sem mest á valdi Alþingis á hverjum tíma. Og þar sem ekkert hefir komið fram, sem mælir með framgangi frv. í þeirri mynd, sem það var borið fram í, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar og læt atkvgr. skera úr um brtt. mínar. Verði þær felldar, mun ég við 3. umr. gera tilraun til að koma frv. í það horf, að við það megi una.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Ég get leitt hjá mér að minnast á flest þau atriði í þessu máli, sem ég ella hefði e. t. v. haft ástæðu til að drepa á, vegna þess að hv. frsm. menntmn. hefir nú tekið af mér allan vandann og mestalla virðinguna af því að vera frsm. þessa máls. Mér finnst ekki hafa komið fram neinar mótbárur gegn frv., sem verulegu máli skipta. Það eru eðlilegar þessar almennu aths. um það, að margt annað þurfi að gera heldur en byggja háskóla, og þess vegna geti komið til greina að ráðstafa því fé á einhvern annan hátt, sem hér er gert ráð fyrir að afla. Ég geng þess ekki dulinn, að hvaða mál sem borið er fram hér á Alþingi og hvað mikil nauðsyn sem liggur þar til grundvallar, þá eru alltaf nokkuð skiptar skoðanir; alltaf koma einhverjir og segja, að það liggi ennþá meira á einhverju öðru. Það þýðir því ekki að vera að lengja umr. út af slíkum viðbárum. Hitt má vera stuðningsmönnum þessa frv. gleðiefni, að allir, sem um þetta mál hafa rætt, viðurkenna, að fyrir hendi sé mjög brýn nauðsyn á því að bæta úr húsnæðisvandræðum háskólans. Þessa viðurkenningu álít ég skipta talsverðu máli, og ég tel, að allir unnendur þessa máls megi gleðjast yfir henni og þeim velvilja, sem fram hefir komið, enda þótt sumir vilji ganga lengra og aðrir skemmra í málinu.

Ég hefi ekki umboð til þess frá n. að fara fram á við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá og fyrir mitt leyti óska ég ekki heldur eftir því. Brtt. þær, sem fyrir liggja, hafa þegar verið nokkuð ræddar, og sé ég því ekki ástæðu til þess að fresta umr.

ATKVGR.

Brtt. 229,1 felld með 14:7 atkv.

— 229,2.a—3 teknar aftur.

— 230 felld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, GÍ, JÓl, JónasÞ, MG, MJ, ÓTh, PHalld, SvbH.

nei: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr. HStef, HJ, JJós, JAJ, LH, PO, StgrS, SvÓ, IngB.

HG greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (JörB, BJ, HV) fjarstaddir.

Brtt. 222 samþ. með 15:3 atkv.

— 251,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 15:1 atkv.

— 251,2 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 229,2.b felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, HJ, MG, PO, SvÓ.

nei: TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BKr, GÍ,

HStef, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MJ, ÓTh, PHalld, StgrS, SvbH, IngB.

Fjórir þm. (JörB, BJ, HG, HV) fjarstaddir.

4.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 38. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 255, 262).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 262. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:** Ég stend upp að þessu sinni aðeins til þess að mæla nokkur orð með þessari litlu brtt. Eins og hv. þdm. sjá, er svo ákveðið í 1. gr. frv., að fyrsti dráttur í happdrættinu ár hvert skuli fara fram í marzmánuði. Á hinn bóginn er svo ákveðið í 7. gr., að lögin skuli öðlast gildi 1. jan. 1934, og á þá að draga í fyrsta skipti í marzmánuði sama ár. Nú er það svo, að í frv. er aðeins dregið upp í aðaldráttum, hvernig á að haga þessu fyrirhugaða happdrætti. Miklu fleiri atriði því viðvíkjandi verður að taka fram í reglugerðum og erindisbréfum, sem gefin yrðu út í sambandi við þessi lög. Tíminn frá 1. jan. og þangað til fyrsti dráttur ætti að fara fram yrði allt of stuttur til þess að koma öllum slíkum undirbúningi í kring, og er því miklu eðlilegra, að lögin öðlist þegar gildi. Brtt. gengur aðeins út á að kippa þessu smáatriði í lag. Vonast ég eftir, að enginn ágreiningur verði um að samþ. hana.

**Hannes Jónsson:** Það er auðséð, að hér er á ferðinni stórt mál og mjög þýðingarmikið fyrir allan landslýð, þar sem svo mjög er flýtt umr. þess og afgreiðslu, að sjálfur flm. þarf að fá afbrigði frá þingsköpum til þess að koma að brtt. við frv. Þykir mér að vissu leyti gott, að hann hefir lent í því sama og ég, sem hefi einnig orðið of seinn með brtt., sem ég ætlaði að koma hér að. Ég bjóst nefnil. alls ekki við, að þetta mál kæmi á dagskrá í dag. Við hv. þm. Borgf. ætluðum að flytja saman brtt. við frv., en urðum of seinir að láta prenta þær, eftir að við sáum, að búið var að taka málið á dagskrá. Verð ég nú að vænta þess, að hv. d. taki þeim brtt. eins vel og brtt. hv. 3. þm. Reykv., og leyfi þeim að koma hér til atkv. nú. Sjái d. sér það ekki fært, verð ég að óska eftir, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá, svo okkur gefist tækifæri til að leggja brtt. okkar prentaðar fyrir hv. d. áður en þessari umr. er lokið.

Undanfarandi daga hefir oft verið á það minnzt hér í hv. d., að stærsta verkefni þings og þjóðar á yfirstandandi tíma væri það, að reyna að létta undir með atvinnuvegum landsins og hjálpa þeim til að standast þá kreppu, sem þeir eiga nú við að stríða. Og það er sízt að ástæðulausu, að slíkar raddir koma fram. N. var skipuð fyrir jólin í vetur, sem starfað hefir að því að undirbúa till. um ráðstafanir í þessa átt, sérstaklega að því er landbúnaðinn snertir. Hún hefir haft marga menn í sinni þjónustu, svo mikils hefir þótt við þurfa til þess að undirbúningur þessara mála væri sem beztur. Enn eru engar till. fram komnar frá þessari n. En það stendur ekki á till. úr öðrum áttum, hvað sem þær verða nú landbúnaðinum að miklu liði. Hv. 3. þm. Reykv. hefir nú fengið menntmn. til þess að flytja frv. um að leggja stórfé í háskólabyggingu. Sami hv. þm. hefir flutt hér í d. frv. um að nema úr gildi þau lög, sem takmarkanirnar á innflutningi á óþörfum varningi byggjast á, til þess, að mér skilst, að bæta úr atvinnuleysi þeirra manna, sem lifa á því að selja hér þann ónauðsynlegasta varning, sem til landsins er fluttur.

Nú fannst mér ekki nema eðlilegt, að tekjuöflun sú, sem hugsuð er til þess að reisa háskólabyggingu, væri fyrst um sinn notuð til að stuðla að því, að ríkissjóður geti haft handbært fé til þeirra ráðstafana, sem atvinnuvegunum eru nauðsynlegar. Og í þá átt miðuðu brtt. þær, sem ég flutti hér við 2. umræðu þessa máls. Í þeim var ákveðið, að ráðstafa ekki þessu fé fyrir sig fram, hvorki nú eða endranær, og ég treysti þinginu að vera bæði nú og á næstunni svo varfærið, að það muni ekki fara að binda þetta fé í háskólabyggingu. En þetta fékk nú ekki náð fyrir augum hv. d. Ég og hv. þm. Borgf. höfum því stigið þetta spor til þess, að hv. dm. gefist tækifæri til þess

að sýna sinn virkilega hug til þess ástands, sem nú er yfir þjóð vorri. Það er ekki nóg að skipa nefndir, sitja í n. og koma með till., kannske seint og síðar meir og of seint til þess að geta komið að nokkru gagni. Það verður að grípa þau tækifærin, sem gefast, og þann stuðning, sem hægt er að fá, til þess að eitthvað megi verða gert, sem lið sé að.

Þær brtt., sem við flytjum nú, eru breyt. við 1. málsgr. 1. gr. frv., þannig, að ráðuneytinu sé gefin heimild til þess að stofna íslenzkt happdrætti með þeim skilyrðum, sem þar eru fram tekin. Hin brtt. er við e-lið 1. gr., þar sem tekið er fram um það, hvað einkaleyfið eigi að standa lengi og hvernig ágóðanum skuli verja. Þann lið orðuðum við upp á þann hátt, að ágóði happdrættisins skuli til ársloka 1936 renna í ríkissjóð upp í greiðslu vegna kreppuráðstafana. Svo er að lokum brtt. við 2. gr., þar sem við getum fallizt á ákvæði frv. um það, að eftir þennan tíma skuli ágóðinn af happdrættinu fara til þess að mynda byggingarsjóð fyrir opinberar byggingar. Þetta eru þær breyt., sem við höfum farið fram á, að verði gerðar á frv. við þessa umr. Nú gefst mönnum tækifæri til þess að láta það í ljós, hvort þeir álíti meira virði fyrir þjóðina á þessum tímum að byrja á nýrri háskólabyggingu, milljónabyggingu hér í Reykjavík, eða reyna að reisa við ósköp lítið þá bændur landsins, sem eiga við verstu kjörin að búa. Þeir hv. þm., sem hafa mest látið uppi um það, að þar kreppti mest að og þar væri hjálpin svo brýn, að það yrði að taka á sig ýms óþægindi, m. a. með óeðlilegri samvinnu milli flokka til þess að eitthvað mætti úr rætast á þessu sviði, fá nú tækifæri til þess að sanna það, að þetta sé eitthvað annað en orðin innantóm. En aftur á móti þeir menn, sem finnst, að allt *hafi* verið *lagt á hilluna* fyrir stórbyggingar hér á landi, vilja nú kannske grípa tækifærið til þess að auka enn við einni milljónabyggingu, og þeir eiga þá erfitt með að færa þjóðinni heim sanninn um það, að það hafi allt verið heilagur sannleikur, sem þeir á undanförnum árum hafa verið að brýna þjóðina á og andstæðinga sína, að það hafi verið varið allt of miklu fé í þessu skyni.

Ég skal ekki fjölyrða mikið um þetta nú að þessu sinni, en það getur vel verið, að mér gefist tækifæri til þess að árétta það betur, sem ég hefi sagt um þetta. Og ég er þess fullviss, eftir þeirri atkvgr., sem fór fram við 2. umr., að það er ekki vanþörf á því að gera sér ljóst, að hverju er stefnt, ef haldið er áfram á þeirri stefnu, að festa hundruð þús. og jafnvel millj. í steinkumböldum hér í Reykjavík.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 272) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þessar till. hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Borgf. Það er nú náttúrlega enginn vafi á því, að þingheimur allur skilur glöggt, að í þjóðfélaginu er fyrir hendi mjög rík þörf fyrir aðstoð hins opinbera til lausnar á margvíslegum vandamálum, sem sérstaklega stafa frá yfirstandandi kreppu. Það er held ég ekki vafi á því, að hugur manna í þessu efni, að því er snertir þá stétt, sem hv. flm. till. nefndi, bændastéttina, er mjög óskiptur og allur í þá áttina að verða þeim að liði, eftir því sem föng standa til. En mér finnst þessi málaflutningur hv. þm. (HJ) allur ógeðslegur. Annarsvegar þetta tilfinningarsöngl hans um þörf bænda, og hinsvegar að ónýta þær hugsjónir, sem liggja til grundvallar fyrir frv. Og hv. þm. Borgf. vil ég spyrja sérstaklega að því, hvort hann sem kreppunefndarmaður hafi í sínum vísdómi komið auga á þessa einu leið til þess að bjarga við kreppumálum landsins. Og hv. þm. Str. vil ég einnig spyrja hins sama. Ef þessir menn, sem eru jafnkunnugir bændaþörfinni eins og hv. þm. Borgf. og hv. þm. Str., og sem af einlægum og heilum hug hafa á undanförnum árum unnið að því að reyna að leysa þessi þrifamál bænda, hafa í allri sinni viðleitni og einlægni komið auga á það, að ráðið til þess að leysa bændakreppuna væri að ásælast hugmynd háskólans um happdrætti, þá er ég ekki trúaður á þetta eina ráð.

Það er alltaf óviðfelldið, þegar menn bera fram einhverjar hugmyndir, að taka þær til fósturs í allt öðrum tilgangi og

skilja svo þetta mál, sem hugsjónamennirnir hafa borið fyrir brjósti, eftir á gaddinum.

En ég tek það skýrt fram, að við, sem stöndum að því að lofa háskólanum að njóta þess, sem forystumenn hans hafa borið fram til þess að leysa hans málefni, göngum þess ekki duldir, að hjá bændastéttinni og í rauninni öðrum stéttum líka er mikil og rík þörf fyrir hendi um aðstoð frá hinu opinbera. En þessu tvennu er óþarfi að rugla saman, eins og flm. þessara till. gerði.

Ég hefi ekki leyfi til þess að tala fyrir hönd n. í þessu máli, þó ég sé frsm. hennar, en ég get þó sagt það, að ég hygg, að n. muni halda fast við þær till., sem hún bar fram, með þeim breyt., sem fyrir tilstilli hennar voru gerðar. Ég tjái því ekki fylgi till. þeim, sem hér liggja fyrir.

Um till. hv. 3. þm. Reykv. get ég heldur ekkert sagt f. h. n., en mun sjálfur greiða henni atkv.

**Lárus Helgason:** Það var svo, þegar málið var til umr. síðast, að mestallur fundartíminn fór til að ræða þetta eina mál, og það fór svo, að sú till., sem um var að ræða, var drepin rækilega, enda fannst mér það mjög eðlilegt. Hér kemur fram áhugamál frá þeim mönnum, sem finna sárast til þeirra þrengsla, sem háskólinn á við að búa. Og ég segi fyrir mig, að ég get ákaflega vel unnað þessum mönnum og landinu því í heild, að það geti sem fyrst rætzt úr þessum húsnæðisvandræðum, sem háskólinn á við að búa. En ef á að breyta þessu frv. eins og hv. þm. V.-Húnv. vill vera láta, þá kæmi mér ekki á óvart, þó það liðu ár og dagar þangað til nokkuð yrði úr framkvæmdum þessa happdrættis, sem hér er um að ræða. Það verður svo bezt nokkuð úr framkvæmdum þessa máls, að menn hafi mikinn áhuga fyrir þessu, og það menn, sem hafa töluverð ráð til þess að geta komið þessu í framkvæmd. Ég geri ráð fyrir, að það verði að láta meira eða minna af mörkum, ef þetta mál á að komast í framkvæmd. Ég trú því ekki, að bændur yfirleitt séu svo þröngsýnir, að þeir vilji ekki gjarnan stuðla að því, að þetta mál nái fram að ganga.

Ég tel rangt af hv. þm. V.-Húnv. að seilast hér inn á þetta mál. Mér finnst mjög eðlilegt, að frv. eins og það var í byrjun nái fram að ganga. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að þegar safnazt hefir nóg fé til þess að koma upp þessari nauðsynlegu byggingu, þá eigi ríkið að taka við henni, og þá er fengin reynsla fyrir því, hvernig þetta muni ganga. Og ég trúi þeim mönnum bezt til þess að koma þessu fram, sem finna sárast til þrengslanna, sem háskólinn á við að búa. Ég held, að þessu máli sé bezt borgið með því að vera ekki að hringla neitt í þessu og samþ. frv. eins og það liggur fyrir.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég vil út af ræðu hv. þm. G.-K. segja það, að mér þykir það náttúrlega leiðinlegt, að hann skuli hafa fundið svona mikið til með þessu fyrirtæki, sem hér er um að ræða, háskólabyggingunni, að hann skyldi finna ástæðu til að sneiða að okkur flm. og þeirri hugsun, sem liggur bak við þá meðferð fjárins, sem við gerum ráð fyrir samkv. þessum till. Ég veit, að hv. þm. skilur þetta ákaflega vel og hefir glöggan skilning á því, hvaða þörf er hér fyrir hendi að greiða úr þessum málum, kreppumálum landsmanna, sem því miður hafa ekki einungis komið fram í sveitum landsins, heldur landinu í heild. Og ég þekki líka góðan vilja hans til þess að vinna þeim málum gagn og greiða úr þeim á sem beztan hátt, en hitt hélt ég, að hv. þm. ætti að vera fullkomlega ljóst, að til þess að geta greitt úr þessum málum, þá þarf ákaflega mikið fé, og það er svo um fjáröflunarleiðir ríkissjóðs, að það er reynt að dreifa þessu sem mest yfir á allan almenning, en hinsvegar er það vitaður hlutur, að með þeim aðalleiðum, sem farið er eftir til að ná fé inn í ríkissjóð, er þeim mjög mikið beint eða óbeint stefnt á atvinnuvegi landsmanna og þau fyrirtæki, sem atvinnuvegirnir eru nú reknir með og aflað er fjár með í þjóðarbúið. Eiginlega er svo ástatt fyrir atvinnuvegum landsmanna, þó það sé brýn þörf að afla fjár í þessu og öðru augnamiði, að það má öllum vera ljóst, að það er að ýmsu leyti óforsvaranlegt, eins og ástæðurnar eru, að leggja þetta að svo og svo miklu leyti beinlínis á þeirra herðar með þeim tekjuöflunaraðferðum,

sem hér er um að ræða. Aftur á móti er ekki verið að leggja neinn þvingunarskatt, hvorki á atvinnuvegi landsmanna né einstaka menn. En það má segja, að hér sé verið að leggja gildru fyrir þá fýsn, sem liggur í því að kasta peningum um gæfuna, en þetta gera ekki aðrir en þeir, sem hafa eitthvert fé til að leggja í slíkt fjárhættuspil. Þess vegna er það harla einkennilegt, þar sem jafnbrýn nauðsyn er fyrir hendi eins og hér, að afla fjár til þess að greiða fram úr kreppunni, ef ekki má nota einmitt þessa eða einhverja álíka leið til þess að afla fjár í þessu augnamiði. Það, sem hér er um að ræða, er það, hvort kallar meira að, að reyna að afla fjár til að greiða fram úr kreppumálunum, eða þá hitt, að afla fjár til þess að byggja háskóla. Það er ekkert annað, sem greitt er atkv. um, en þetta. Ég og meðflm. minn lítum svo á, að eitt af þeim verkefnum, sem fyrir liggja, sé bygging háskóla. En hinsvegar er því svo farið með okkur, að við lítum svo á, að það séu önnur verkefni í þjóðfélaginu eins og nú standa sakir, sem ber að taka fram yfir þetta, og þess vegna er það, sem við höfum lagt inn á þá braut, að reyna að knýja fram þessa möguleika til þess að greiða úr þessum miklu erfiðleikum.

Ég vildi líka benda á það, hvernig fjvn. Nd. lítur á húsbyggingar eins og nú standa sakir. Hún hefir í sínum till. yfirleitt numið burt úr fjárl. fjárhæðir, sem staðið hafa í undanförnum fjárl. til húsabygginga frá hendi stj., af því það yrði að víkja fyrir annari brýnni þörf á þessum tímum að verja fé í þessu augnamiði.

Hv. þm. G.-K. dró það út úr orðum þessarar brtt., eða e. t. v. út úr orðum hv. 1. flm., að þessu fé ætti að verja til þess að greiða úr kreppumálum bænda. Það stendur nú ekkert um það í brtt. Það stendur þannig þar, að þetta fé eigi að nota vegna kreppumála, eða kreppunnar yfirleitt í landinu. Og að því leyti, sem hann vék orðum sínum að mér og hv. þm. Str., sem erum í þessari bændanefnd, þá get ég svarað honum því, að við munum bráðum koma með till. til viðreisnar í kreppumálum bænda, og ég býst við, að þegar þær till. koma fram, þá muni mörgum óa hreint og beint við, hvað það er mikið fé, sem við gerum ráð fyrir, að óhjákvæmilega verði að verja í þessu augnamiði, og þó við bendum á leiðir til þess að afla þessa fjár, þá er okkur vitanlega ljóst, að það er engan veginn sársaukalaust fyrir þjóðfélagið að inna þessa skyldu af hendi, að leggja þetta fé af mörkum. Einnig er okkur ljóst, að þrátt fyrir hina nákvæmu rannsókn á efnahag bænda, er ekki hægt að segja fyrir um það, hvað það fé er mikið, sem muni duga til þess að greiða úr því, sem allra mest er aðkallandi. Ég held því, að menn verði að gera sér það ljóst, hvort það er fært að fella niður í þessu augnamiði þann tekjuöflunarmöguleika, sem liggur í þessu happdrætti. Hinu er náttúrlega ómögulegt að neita, að þó það valdi háskólanum mikilla erfiðleika að starfa í svona þröngum húsakynnum eins og hann hefir nú, að miðað við aðrar þarfir, þá sé hægt að starfa þarna 2—3 ár enn. Það veldur ekki neinni byltingu, þó að skólinn verði að búa áfram við það skipulag, sem nú er og búið er að búa við síðan háskólinn var stofnaður. En hitt veldur byltingu í þjóðfélaginu, ef sá grundvöllur fellur undan þeim atvinnurekstri, sem meira en 40% þjóðarinnar byggist á. Það er ekki strax búið að afla möguleika fyrir þetta fólk til þess að ryðja sér braut á öðrum sviðum. Það kostar svo miklar breytingar í þjóðfélaginu að ætla sér að gera slíkt, auk þeirra erfiðleika og vandræða, sem leiðir af tilfærslum og snöggum breytingum milli atvinnuveganna, og ekki síst, þar sem atvinnuvegirnir er jafneinhæfir og þeir eru nú í þessu landi.

Það er því engin tilbekkni við þessa hugmynd, sem er bak við þessa till. okkar. Hún byggist eingöngu á þessu, að við álítum ekki annað fært en að nota allar færar leiðir til fjáröflunar fyrir ríkissjóðinn, svo að hægt sé að greiða sem bezt úr þeim vandræðum, sem nú steðja að.

Ég held, að það sé svo ekki fleira, sem ég þarf að segja út af þessu. Það er líka auðséð á brtt., að það er aðeins um stundarsakir, sem við viljum víkja út af þessari braut, því að í brtt. er gert ráð fyrir, að eftir árslok 1936 renni þetta fé í svokallaðan húsbyggingarsjóð, og verði þá varið samkv. ákvörðunum þingsins til

þess að koma upp háskólanum eða öðrum slíkum byggingum.

Ég er ekki í minnsta vafa um það, að þegar þinginu þykir fært að verja fé til háskólabyggingar, þá verður litið með fullri sanngirni á þarfir og nauðsyn þessarar virðulegu stofnunar, Háskóla Íslands.

**Jónas Þorbergsson:** Brtt. sú, er hv. þm. V.-Húnv. bar hér fram við 2. umr., miðaði allmjög til þess að hnekkja framgangi þess máls, sem koma á í framkvæmd með stofnun þessa happdrættis. En þessi tilraun hv. þm. að reyna ennþá einu sinni að tefja framgang þessa máls misheppnaðist þá. En nú hefir hann ásamt hv. þm. Borgf. lagt inn á nýja leið í þessu máli, sem þeir munu telja sigurvænlega, með því að þeir hafa nú tekið kreppuna í lið með sér.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta mál; ég álít enga þörf á því, en mér dylst ekki, að með þessum till. er verið að egna fyrir menn. Þessar till. eru, að því er mér virðist, bornar fram í þeirri trú, að bæði ég og aðrir fulltrúar bændastéttarinnar þorum ekki að ganga á móti brtt. til að bæta úr þeim húsnæðisvandræðum, sem háskólinn hefir haft við að búa. En ég get sagt þessum hv. flm. það, að ég er ekki svo hræddur við mína kjósendur, að ég af þeirri ástæðu snúist á þeirra mál. Ég læt ósagt, hvað aðrir kunna að gera, en ég fylgi hiklaust þeirri hugmynd, sem felst í frv. eins og það er nú og fylgi því óbreyttu.

**Magnús Jónsson:** Ég er ekki viss um, að langar umr. um þetta mál hafi mikla þýðingu. Hv. þd. hefir nú þegar látið í ljós vilja sinn í málinu, og ég hefi enga trú á, að hv. þm. verði talið hughvarf, þó að bornar séu fram till., sem þar að auki voru boðaðar við 2. umr., því að hv. þm. V.-Húnv. vildi þá ekki fresta sínum till., af því að hann kvaðst ætla að koma með aðrar till. við 3. umr., ef þær féllu, og munu flestir hafa vitað, hvað það var, sem hv. þm. hafði þá í huga.

Hv. þm. var að fagna yfir því, að þurft hefði að leita afbrigða til, að brtt. mín kæmist að, en ég vil geta þess, að ég afhenti hana í tæka tíð, en það var aðeins fyrir eitthvert athugaleysi, að henni var ekki lýst. En ástæðan til, að þessi brtt. kom ekki fram fyrr en þetta, var sú, að mér var ekki bent á það fyrr en þetta, að þessa breyt. þyrfti að gera, en þessi till. er svo smávægileg, að það gerir ekki mikið til, þó að hún komi seint fram.

Það er sennilega lítið deilumál, sem hv. flm. þessara till. voru að tala um, að það sé kreppa í landinu, að bændur eigi við erfiðleika að stríða og erfitt sé að afla peninga í ríkissjóðinn. Ef mönnum er kunnugt um nokkurn hlut, þá vita þeir þetta. Hitt held ég, að mönnum þyki einkennilegra, að Alþingi þurfi að fara til háskólans og fá þar ráð til að létta þessum vandræðum af, en það er það, sem hér er verið að gera, þegar verið er að tala um, að ef ríkinu sé ekki bjargað með því að taka það fé, sem háskólinn átti að fá, þá drepi kreppan okkur alla saman, þá hrynji grunnurinn, sem þjóðskipulagið hvílir á, og blóðug bylting brjótist út. Þetta er vitanlega fjarstæða, því að þótt frv. verði samþ. óbreytt, þá stöndum við engu verr að vígi að leysa öll þessi vandamál. Það stendur eftir sem áður opið að leita eftir úrræðum til að bæta úr kreppunni. Og það er ekki víst, að við, sem höfum áhuga fyrir þessu máli, verðum neitt stirðari til samvinnu til lausnar kreppumálunum, þó að þetta mál okkar fái nú að vera í friði.

Þar að auki vil ég benda á það, að þetta mál er alls ekki með öllu óviðkomandi kreppunni. Hv. þm. G.-K. benti á það, að þetta væri að vísu lítið, en þó í áttina til að vera gjaldeyrisráðstöfun. Nú fara árlega mörg þús. kr. út úr landinu fyrir það, að menn spila í erlendum happdrættum, sem mundi hverfa, ef þetta yrði samþ.

Þá má og benda á það, að það er talsverð atvinnubótaráðstöfun, ef hægt er að verja þótt ekki sé nema 200 þús. kr. á ári hverju til þessarar byggingar. Það er því langt frá, að hér sé verið að spilla fyrir lausn kreppumálanna, heldur þvert á móti, þótt ef til vill í litlu sé.

Þegar l. um byggingu háskólans voru sett, fundu allir, að það voru bara pappírslög. Menn létu þar aðeins í ljós þennan vilja sinn, en fundu, að ekki var hægt að fá honum framgengt. Allir vissu þó,

að þetta var kvöð, sem ríkissjóður hlaut að verða að taka á sig fyrr eða síðar. Það er því hart, að þegar þeir, sem áhuga hafa á þessu máli, koma með till. til að koma þessu í framkvæmd án þess að ríkissjóður þurfi að leggja fram einn einasta eyri, þá eigi að fara að meina mönnum þetta. Ég get ekki með nokkru móti trúað því, að hv. þm. fáist til að gera slíkt. Það hefir venjulega fengið lof hjá þinginu, ef menn, sem berjast fyrir einhverju máli, sýna þá ráðsnilld, að þeir geti bætt úr fjárþörfum sínum sjálfir, en hlaupa ekki strax til þingsins og heimta, að ríkissjóður leggi féð fram. En það er langt frá því að láta menn í friði og láta ekkert lof í ljós, til þess að taka hugmyndina frá mönnum og snúa henni upp í allt annað. Það er von, að menn grípi til ýmissa örþrifaráða á erfiðleikatímum, en þeir mega ekki láta sér farast eins og mönnum, sem voru að bjarga ýmsum munum út úr brennandi húsi og tóku postulínsborðbúnað og leirtau og köstuðu út um glugga á 3. eða 4. hæð og leystu frá strausykurpoka og hvoldu úr honum út um gluggann. Menn mega ekki hamast svo mikið, að þeir í ósköpunum spilli meiru en þeir bjarga. Ég veit, að þingið ætlar ekki að beita þessari aðferð hér; það getur það ekki sóma síns vegna.

Ég vil þakka hv. þm. Borgf. fyrir þau ummæli, sem hann hafði um þessa fjáröflunarleið. Hann færði skýr rök fyrir því, að þetta sé heppileg leið til að afla fjár án þess að íþyngja atvinnuvegunum. Þessi viðurkenning hans er mikils virði. Hún sýnir, að háskólaráðið hefir hér fundið leið, sem er fyrir utan alfaraleiðir, en er heppilegt að ganga. Ég er því mjög hissa á því, þegar hv. þm. kemur með till. um að gera úr þessu hreinan ríkisrekstur, en vill ekki fela það umsjón þeirrar stofnunar, sem komið hefir upp með það og mestan áhuga hefir á, að það sé rekið.

Hv. þm. Borgf. segir: „Það, sem hér er greitt atkv. um, er þetta: Hvort er nauðsynlegra að bæta úr kreppunni eða að byggja háskóla? Þetta er það, sem greiða á atkv. um“. — Þetta er alls ekki rétt. Það, sem greiða á atkv. um, er þetta: Eigum við þrátt fyrir kreppuna að leyfa að reisa háskólann, ef hægt er að afla fjár til þess án þess að skerða á nokkurn hátt það fé, sem ríkissjóður hefir yfir að ráða? Hér er alls ekki um það að ræða að við viljum hafa þetta, en engar kreppuráðstafanir; þetta er kreppunni óviðkomandi. Hér var aðeins spurt í mestu auðmýkt: Megum við létta þessari skyldukvöð af ríkissjóði, ef við getum komið því svo fyrir, að ríkið þurfi ekkert fram að leggja? Við 2. umr. var því svarað af þessari hv. d.: Þið megið það ekki, nema ríkið fái ⅕ af því fé, sem þið aflið í þessu skyni. Það verður ekki annað sagt en að það sé einkennileg tregða, að menn skuli ekki vilja leyfa, að þessari kvöð sé létt af ríkissjóði nema ríkissjóði sé borgað mikið fé til að fá að gera það. Það sýndist, að menn ættu að vera fegnir, þegar fram koma till. um, að þessar framkvæmdir, sem fyrr eða síðar hefðu hlotið að lenda á ríkissjóði, skuli nú gerðar án þess að ríkið þurfi að leggja neitt fram.

Hv. þm. sagði, að það séu engin vandræði, þó að háskólinn verði að búa í nokkur ár enn við það húsnæði, sem hann hefir búið við að undanförnu. Þetta kann satt að vera, og mætti þá alveg eins halda áfram að róa á Akranesi, þó að engin höfn væri byggð þar. Þeir hafa búið þar lengi við hafnleysi, og því skyldu þeir ekki geta gert það í nokkur ár enn? Það er svo með allar umbætur, að þær bæta úr því, sem áður hefir viðgengizt, en gæti þó ef til vill dugað nokkra stund enn.

Hitt veit ég ekki, hvenær þeir tímar renna upp, að allir hv. þm. álíti, að brýnasta þörfin sé að byggja háskólann. Það væri gaman að sjá, hvenær þessir hv. þm. kæmu og segðust hafa litið yfir allt, sem lægi fyrir að framkvæma, og það nauðsynlegasta af því öllu væri bygging háskólans. Ætli það drægist ekki, að háskólinn kæmist upp, ef ætti að bíða eftir, að hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. Borgf. álitu, að háskólabyggingin væri það, sem væri mest aðkallandi.

Þessir hv. þm. vilja láta þetta fé renna í ríkissjóð og veita svo síðar meir fé úr ríkissjóði til byggingar háskólans. En ég er ákaflega hræddur um, að ef við megum ekki fá að hafa þessa aðferð til að koma þessari hugmynd okkar í fram-

kvæmd, þá verði erfiðara að fá peninga úr ríkissjóði eftir á, og þá skal ég vorkenna hv. þm. þó að þeir verði þá þungir í taumi, enda þarf ekki að efa, að þeir verða það.

Nei, ég er ákaflega hræddur um, að þingið stigi ekkert happaspor með því, að skemma þetta frv. og meina mönnum að byggja háskólann án nokkurs framlags úr ríkissjóði, og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að þingið fáist til að samþ. það.

**Hannes Jónsson:** Það er tvennt einkennilegt í umr. um þá tekjuvon, sem þetta frv. gefur, og þá fyrst og fremst það, að þetta sé einhver hugmynd, sem háskólinn sérstaklega eigi, og verið sé að seilast inn á svið háskólaráðsins, ef talað er um happdrætti til rekstrar fyrir þjóðarbúið í heild sinni. Ég skil ekkert í þessari rökvillu hjá þeim; það er a. m. k. óskiljanlegt hjá þeim mönnum, sem áður hafa flutt frv. á Alþingi um að afla ríkissjóði tekna á þennan hátt. Það er því sannarlega ekki verið að taka neina löghelgaða séreign frá háskólanum, þótt lagt sé til að snúa þessu frv. upp í það, að hjálpa þeim nú, sem við allra mesta örðugleika eiga að stríða.

Annað er líka einkennilegt í sambandi við þetta, og það er það, að það er eins og enginn geti fest hendur á þessu nema háskólaráðið sjálft. Það er eins og þessi tekjustofn sé eins og bragandi norðurljós, sem gangi út frá veldisstóli háskólaráðsins og enginn geti fest hendur á nema háskólaráðið. Það þurfi ekki annað en að rétta út hendina og kinka kolli, svo að þingið allt falli fram fyrir þessum gullkálfum og tilbiðji þá og viðurkenni, að það, sem mest ríður á fyrir þjóðfélagið, sé að reisa háskóla, milljónabyggingu. Hv. þm. talaði eins og ekkert væri hægara en að láta allt ganga sinn gang og bæta við nýjum framkvæmdum, en þessi kreppumál séu einhversstaðar úti í horni og útheimti ekki nema einhver smávægileg gjöld, sem engu nemi, og að við skulum halda áfram eins og áður að auka þau útgjöld, sem allir hafa verið að tala um, að helzt mætti spara.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það væri ekkert deilumál, að hér væri kreppa og bændur væru í vandræðum. Hann getur vel fallizt á það, að atvinnurekendur landsins séu yfirleitt í mestu vandræðum, en þeir eiga bara að vera þeir aðrir eða þriðju í röðinni, þegar verið er að úthluta því fé, sem landsmenn hafa yfir að ráða. Hann vildi telja það stóran kost á frv., að ef það næði fram að ganga, þá fengjust 200—300 þús. kr. árlega til atvinnubóta. Það hefir nú samt verið svo hingað til, að húsbyggingar hafa ekki verið taldar beztu atvinnubæturnar, vegna þess að svo mikill hluti af öllum kostnaði fer til annars en verkakaups. Það er því áreiðanlega miklu heppilegra að fara aðrar leiðir, þegar um er að ræða atvinnubætur fyrir Rvík.

Hv. 3. þm. Reykv. fór í þessu sambandi að bera saman hafnargerðina á Akranesi og háskólabygginguna. Hann sagði, að eins og hv. þm. Borgf. sagði, að skólinn gæti starfað áfram við sömu kjör og hann hefði gert, eins mætti segja, að menn gætu haldið áfram að róa á Akranesi, þó að engin höfn væri byggð. Ég get tekið það fram, að ég hefi ekki verið mjög „spenntur“ fyrir öllum þessum höfnum, sem hefir átt að reisa hér við land, en það verð ég þó að segja, að ég álít ólíkt betra að verja fé til þess heldur en til háskólabyggingar, a. m. k. eins og nú standa sakir, því að það yrði þó til að létta eitthvað undir með atvinnuvegunum, og þorskur, sem dreginn er á land á Akranesi, mundi skapa meira verðmæti en þorskur, sem dreginn er á land í háskólanum.

Hv. þm. G.-K. var að tala um, að þessi málflutningur minn væri ógeðslegur, þar sem ég var að tala um vandræði bænda og þeirra þarfir. Ég skal ekkert væna hann um, að hann hafi þar talað á móti sannfæringu sinni. Ég get vel búizt við, að honum þyki ógeðslegt, að talað sé um vandræði og þarfir bænda og að þeir þurfi hjálpar við. Enn þá hefir ekkert komið fram um það, á hvern hátt það verði bezt gert. En þó að n. sú, sem hefir haft þau mál til athugunar, beri fram till. í því efni, sem að miklu gagni mega koma, þá hygg ég, að möguleikarnir verði ekki of miklir, þó að þetta ráð, sem ég hefi nú bent á, sé tekið upp til viðbótar.

Hv. þm. Dal. var að tala um, að till. mínar við 2. umr. hefðu verið til þess að tefja þessa nauðsynlegu byggingu háskólans, og nú við þessa umr. hefðum við flm. þessarar brtt. komið með aðra till., sem við teldum sigurvænlegri, af því að við hefðum þar tekið kreppuna í okkar þjónustu. En ég get sagt hv. þm. það, að þessar till. eru eingöngu bornar fram af því, að við viljum meta meira að reyna að leysa yfirstandandi fjárhagsvandræði en að reisa milljónabyggingu hér í Rvík.

Hv. þm. sagði, að till. okkar hv. þm. Borgf. væru agn, sem þm. bændakjördæma væri ætlað að bíta á, og lét mikið yfir því, að hann mundi ekki gína við þeirri flugu og þora alls óhræddur að standa við það frammi fyrir sínum kjósendum. Ég býst líka við, að það sé óþarfi fyrir hann að vera hræddur í því efni, því að enginn mun geta farið óhræddari heim til kjósenda sinna en hann. Annars þarf hann ekki að vera neitt smeykur, þó að hann drýgi einhverjar syndir, því að þær koma aldrei á hans reikning, heldur verða þær bara skrifaðar hjá útvarpinu.

ATKVGR.

Brtt. 272,1—2 felld með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, BÁ, BKr, HJ, PO, SvÓ.

**nei:** BSt, GÍ, HStef, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, StgrS, SvbH, TrÞ,[1]) JörB.

VJ[2]) greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (ÁÁ, BJ, HG, HV, IngB) fjarstaddir.

Brtt. 273,3 kom ekki til atkv.

— 262 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:3 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 273).

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 273, n. 421).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta er komið frá Nd. og fjhn. hefir haft það til meðferðar. Efni frv. er að veita ríkisstj. heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar happdrættis hér á landi. N. sá ekki ástæðu til að leggjast á móti þessu frv., jafnvel þótt hún fyndi á því ýmsa smágalla, sérstaklega formgalla, þótt þeir séu í sjálfu sér ekki mikilvægir. Þeir eru sérstaklega fólgnir í orðalagi og smáatriðum, sem sennilega mætti þá lagfæra eftir því, sem reynslan og framkvæmd l. segði til um. Ég get getið þess, að ég er yfirleitt á móti því, að fjár sé aflað á þennan hátt, en þar sem þetta virðist hafa talsvert fylgi hér í þinginu og hér á í hlut stofnun, sem ég tel lífsnauðsyn að geti eignazt húsnæði, þá hefi ég þó gengið inn á að fara þessa leið. Ég tek þetta fram vegna þess, að þessi stefna mín kom hér fram í fyrra og er að vissu leyti óbreytt, og einnig vildi ég taka þetta fram, ef ég skyldi síðar eiga eftir að greiða atkv. um slíkt mál. — Fjhn. telur rétt, að frv. gangi fram í þeim búningi, sem það nú er, og er það aðallega byggt á þeirri nauðsyn, sem háskólanum er á fé til húsbyggingar. Ég geri ráð fyrir, að þar sem háskólaráðið hefir fengið allmikinn áhuga fyrir þessu máli, megi vænta þess, að sem mestur hluti fjárins komi háskólanum sjálfum til góða. Einn af þeim göllum, sem ég tel á þessu fyrirkomulagi, er, að töluverður hluti fjárins fer í rekstrarkostnað, og verður þá nokkurskonar atvinnubótavinna fyrir þá, sem að þessu vinna. Vona ég þó, að í þessu tilfelli megi treysta því, að unnið verði á svo ódýran hátt sem framast er unnt og að háskólinn njóti fjárins sjálfur. Vil ég svo mælast til, að frv. nái fram að ganga.

1) TrÞ: Ég vil gera þá grein fyrir atkv. mínu, að ég lít svo á, að hér sé um hliðstætt að ræða við hin fornu ákvæði um reka, og hafi háskólinn markað sér þessa leið til tekjuöflunar fyrir sig, og segi ég því nei.

2) VJ: Þar sem við jafnaðarmenn munum bera fram frv. um happdrætti til kreppuráðstafana, og það rekst á þetta frv. að sumu leyti, greiði ég ekki atkv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 8:1 atkv.
4.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 273, 460).

**Jón Baldvinsson:** Menn hafa löngum verið í vafa um það hér í d., hvort rétt væri að stofna til happdrættis. Þinginu hefir jafnan þótt það leiða til spillingar í landinu að ýta undir menn að kaupa happdrættismiða. Saga þessa máls er orðin löng hér á þingi. Hér voru einu sinni samþ. l. um þetta, sem ráðh. bar þó ekki fyrir konung, og braut þar að vísu á móti Alþingi. En hann mótiveraði þetta með því, að þessi l. væru svo skaðleg, að hann hefði ekki viljað bera þau fram. Hefir verið svipaður hugur þingmanna til málsins síðan, þar til nú, er samþ. var í Nd. að stofna til happdrættis í sérstöku augnamiði. Mun ég ekki fara nákvæmlega út í frv. Ég viðurkenni nauðsynina á því, að háskólinn sé styrktur til þess að koma sér upp byggingum, þó að það gæti vitanlega orðið á annan hátt en þennan. En fyrst málið lá nú hér fyrir, fór ég að athuga einstök atriði frv., og fannst mér að því búnu ekki rétt að samþ. öll ákvæði óbreytt, enda þótt mér fyndist höfuðatriðin mega standa. Þess vegna flyt ég 3 brtt. á þskj. 460. Mér þykir í fyrsta lagi sektarákvæði í 3. gr. nokkuð há og ósanngjörn, miðuð við hugsanleg brot á l. Ef einhverjum hefði orðið það á að selja 25 aura eða 10 aura lotteríseðil, mætti refsa honum með 200 kr. útlátum eða meiru. Er það óhæfilega mikið, og væri 10 kr. nægileg sekt fyrir slíkt brot. Er hugsanlegt, að sá, sem seldi, gæti ekki borgað 200 kr., og yrði hann þá e. t. v. að fara að Litla-Hrauni, til þess að sitja af sér sektina. Væri það þá svipað og 25 aura sakamálið á hendur hreppstjóranum á Vesturlandi hérna um árið.

Þá er önnur brtt. mín við 3. gr., sem er í því fólgin, að ég vil láta slá því föstu, að það sé ekki talið brot á l. að selja hlutamiða happdrættisins innan ákveðins félagsskapar. Ýms félög hafa happdrætti innan vébanda sinna í sérstöku skyni, menningarskyni eða góðgerðaskyni, og vil ég ekki, að talið sé brot á l., þótt happdrættismiðar séu seldir innan þessara félaga. Í 2. málsgr. 3. gr. er ráðh. að vísu heimilað að veita undanþágu um happdrætti, sem eingöngu er stofnað til í góðgerðaskyni. Vil ég ekki, að þetta heyri svo beint undir ráðh., og sízt, að hægt væri að banna ákveðnum félagsskap að leggja sérstök gjöld á meðlimi sína til þess að kaupa innanfélagshappdrætti. Þau leyfi, sem ráðh. má veita, eru ekki veitt nema fyrir einn bæ eða sveitarfélag og aldrei nema fyrir einn dag í einu. Myndi þessi till. mín leysa félög, sem vildu koma á happdrætti innan vébanda sjálfra sín, undan því ómaki að þurfa að leita leyfis ráðh. Tel ég eðlilegast, að þetta sé eins og nú, nema fram komi skýr yfirlýsing frá ráðh. um það, að þetta muni verða heimilað eftirleiðis. Leyfi lögreglustjóra til þess að hafa happdrætti innan félaga held ég, að ekki þurfi að hafa.

Þá er 3. brtt. mín. Hún er sú, að ekki skuli það teljast brot á l., þótt ríkissjóður bjóði út innanlands happdrættislán á einkaleyfistímabilinu.

Í kreppuráðstöfunarfrv. Alþfl., sem borið var fram í Nd., er lagt til, að ríkissjóður fari þessa leið, þótt ekki sé í eins stórum stíl og þetta happdrætti, sem hér ræðir um. Vil ég ekki, að ríkissjóður sé svo bundinn við þessa löggjöf, að hann megi ekki setja slíkt lán í gang. Má gera ráð fyrir því, ef l. verða samþ. óbreytt, að gefið verði út skjal handa háskólanum, þar sem honum séu veitt einkaréttindi á að hafa happdrætti hér á landi, og mætti þá efast um það, hvort ríkissjóði væri þetta heimilt. Þess vegna fer ég fram á þessa breyt. á 3. gr. Meðan happdrættið er í höndum ríkissjóðs sjálfs, getur hann ákveðið þetta, en það getur hinsvegar bundið löggjafarvaldið, ef ákveðinni stofnun hefir verið veitt þetta leyfi, og mætti þá sækja ríkið til sekta, ef það stofnaði sjálft til happdrættis.

Vænti ég því þess, að hv. d. samþ. þessar till. mínar.

**Jón Þorláksson:** Ég lagði til í fjhn., að frv. yrði samþ. Hefi ég látið á móti mér með þessu, því að ég er mótfallinn því, að stofnað verði til þeirrar starfsemi, sem frv. ætlast til. Er það eingöngu vegna nauðsynjar háskólans, að ég fylgi þessu máli. Ef ekki hefðu komið fram brtt. við frv., hefði ég getað látið við það sitja, en þar sem komnar eru fram nokkrar brtt. á þskj. 460, verð ég að fara um þær nokkrum orðum. Ég hefi athugað frv., og tek ég það fram, að mér virðist það í ýmsu flausturslega samið. En hinsvegar hefi ég ekki viljað leggja hönd að því að búa til löggjöf um happdrætti, og því kem ég ekki með neinar brtt. til lagfæringar á því.

Í síðasta lið 1. gr. er heimilað að veita háskólanum einkaleyfið í 10 ár. En 2. gr. byrjar ekki, eins og þó hefði mátt vænta, á því að ákveða, hvernig að skuli fara, þegar leyfistíminn er útrunninn, heldur er þar talað um, hvað verða skuli, þegar háskólanum hafi aflazt nægilegt fé. Er í þessu nokkurt ósamræmi.

Þá er 2. gr. Þar stendur: „Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands“ Þeir, sem frv. sömdu, hafa auðsjáanlega ekki veitt því eftirtekt, að til er sjóður með þessu nafni stofnaður 1925. Er óviðkunnanlegt að mynda með l. nýjan sjóð, er beri sama nafn.

Í 3. gr. eru bönn og refsiákvæði við brotum á þessum l. En um þetta eru til önnur l. frá 15. júní 1926, og banna þau nokkurnveginn það sama. Er þar lögð sekt við brotum á þegar gildandi l. En nú eru eftir þessu frv. lagðar aðrar sektir við sömu brotum. Hv. 2. landsk. flytur meira að segja brtt. um þessi sektarákvæði, þar sem þau eru færð enn fjær gildandi l. Eftir l. frá 1926 er ákveðin 500—5000 kr. sekt við verzlun með happdrættismiða. Nú á samkv. frv. að færa þessa sekt niður í 200—2000 kr. og eftir till. hv. 2. landsk. niður í 10—2000 kr.

Þá flytur hv. 2. landsk. þá brtt. við 3. gr. frv., að það skuli „eigi teljast brot á l. þessum að selja hlutamiða happdrættis innan ákveðins félagsskapar“. Þetta ákvæði kemur sem álfur út úr hól. Frv. fjallar alls ekki um happdrætti innan ákveðins félagsskapar, heldur er hér um peningahappdrætti að ræða, og er ekki venja að hafa peningahappdrætti innan félaga. Lögin frá 1926 kveða alveg nógu nákvæmlega á um happdrætti innan félaga. Tel ég því enga bót á frv. að samþ. till. hv. 2. landsk., þó að sannarlega væri hægt að gera ýmsar endurbætur á því. Um innanlandshappdrættislán (síðari liður 2. brtt. hv. 2. landsk.) er það að segja, að ég er þeim alveg jafnmótfallinn og öðru peningahappdrætti hér á landi.

Ég mun að vísu greiða frv. atkv. mitt, en ég vildi þó sýna, að tekið hefði verið eftir þeirri hroðvirkni, sem frv. ber með sér.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 477) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Jón Jónsson:** Það er rétt, sem hér hefir verið sagt, að slík starfsemi sem þessi hefir mætt nokkurri andúð þjóðarinnar. En hv. Nd. hefir þó fallizt á þetta frv., sjálfsagt af velvilja til háskólans. Enn eru nokkur smíðalýti á frv., og þyrfti að gera nánari athugun á því.

Þegar sérstakri stofnun eru veitt slík fríðindi sem þessi, einkaréttur á því að reka þennan arðsama atvinnuveg, þá er ekki ósanngjarnt, að ríkið fái þegar nokkra hlutdeild í arðinum. Má reyndar segja, að það fái óbeinlínis hlutdeild í arðinum, með því að það losnar við framlög til háskólans, en ég vildi leggja til, að það fengi 25% af arðinum beinlínis. Brtt. er ekki stór. Aðeins farið fram á að hækka þetta ákvæði úr 20% og upp í 25%. Vona ég því, að hv. deild geti fallizt á hana og veiti henni samþykki sitt.

**Jónas Jónsson:** Ég held, að vansmíði þau, sem hv. 1. landsk. taldi vera á frv., séu ekki hættuleg fyrir framkvæmd laganna. Við, sem sæti áttum í fjhn., vorum að hugsa um að gera smáorðabreyt. á frv. En við hættum þó við það, vegna þess að við vildum ekki setja frv. í neina hættu vegna smáorðabreyt., sem við töldum ekki hafa mikla þýðingu fyrir framkvæmd laganna.

Sú breyt. við frv., sem hv. 2. landsk. ber fram, er ekki samrímanleg þeirri hugmynd, sem liggur til grundvallar fyrir frv., að byggja hús. Ef það verður framkvæmt, verður sennilega lítið eftir handa öðru happdrætti, sem stofnað væri í öðrum tilgangi, hér í okkar litla og fámenna landi. Þeir aðrir, sem hafa viljað breyta, hafa viljað nota það fé, sem happdrættið gefur, til annara hluta. Á slíku bar í hv. Nd., en stór meiri hl. samþ. þó frv. nær óbreytt og ætlaði því að leysa byggingarspursmál háskólans, enda er ekki séð, að sú framkvæmd verði leyst á annan hátt á næstu árum.

Um till. hv. 3. landsk. er það að segja, að enda þótt hún sé ekki stór að efni til, þá leiðir hún þó til þess, ef samþ. verður, að frv. verður að ganga aftur til Nd. og ekki sýnilegt, að það batni við það. Sá hundraðshluti, sem nú er ákveðinn í frv., er settur í samráði við fjármálastjórn landsins. Er því ekki sýnilegt, að svona smábreyt. verði annað en fleygur í frv., sem setur það í hættu. Þeir, sem því vilja leysa byggingarmál háskólans á þennan hátt, munu því óska eftir, að frv. verði samþ. óbreytt. Fleygar, sem settir yrðu í það nú, gætu orðið til þess að eyðileggja málið.

**Jón Baldvinsson:** Það virtist helzt vera meiningin í ræðu hv. 1. landsk., að frv. þetta væri illa samið, kæmi í bága við gildandi l. og væri forkastanlegt í sjálfu sér. En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum ætlar hann þó að greiða þessu óféti atkv. sitt. Þetta er nokkuð undarlegt, en þó ekki án fordæmis. Það fordæmi er sem sé til, að einn meiri háttar maður í þinginu, meira að segja flokksforingi, sagði fyrir ekki löngu síðan um eitt mál, að það bæri í sér afsal á landsréttindum, en samt greiddi hann atkv. með því máli. Það fer að verða nokkuð óskiljanlegt, þegar því er yfir lýst um eitt mál, að það feli í sér afsal landsréttinda, en sá, sem yfirlýsinguna gefur, greiðir þó atkv. með því. En þetta er fordæmið. Eins og hv. 1. landsk. benti á, þá eru til l. um happdrætti frá 1926. (**JónÞ:** Það eru líka til önnur l. um slíkt frá 1926!). Já, og samkv. þeim l. er stj. heimilt að veita félagi leyfi til að reka happdrætti. Ég get því ekki betur séð en að samkv. því hafi stj. hvenær sem er rétt til að veita slíkt leyfi. Hún gæti meira að segja gert það strax í dag, og kæmu þessi l., sem hér er verið að samþ., þá að litlu gagni. Hv. 1. landsk. gat átt kost á því að koma þeim l. í framkvæmd, en vildi ekki gera það, sjálfsagt af morölskum ástæðum. Nú vill hann þó samþ. þetta frv., þótt hann sjái á því ótal smíðagalla. Það lítur því svo út, að hinn moralski sans hv. þm. hafi dofnað með aldrinum. — En fyrst minnzt er á smíðagalla, þykir mér rétt að benda á einn í viðbót: Ég get hvergi séð það í frv. þessu, að l. frá 1926 séu numin úr gildi, ef þetta verður samþ. Það er hvergi gert beint og heldur ekki með hinu almenna orðalagi, sem stundum er notað, að öll önnur l.-ákvæði, sem komi í bága við viðkomandi l., séu úr gildi numin.

Út af öllu þessu vil ég nú fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá nú, svo tími vinnist til að athuga galla frv. og lagfæra þá. Það er skömm að því að samþ. frv., sem er svo hroðvirknislega samið, að það brýtur í bág við önnur l., auk ýmsra annara ágalla. Og í sambandi við þetta er ekki hægt að komast hjá því að undrast afgreiðslu n. á þessu máli. Hún gefur víst út eitt af þessum einnar línu nál., sem sagt, segir ekki neitt. Hún leynir deildina því, að frv. sé að efni og formi óhafandi. Þetta tel ég óhæfilega afgreiðslu. Vil ég því fastlega mælast til, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá að sinni, svo tími vinnist til að athuga frv., sem er að dómi eins manns úr n. óhafandi að efni og formi.

Viðvíkjandi brtt. minum vil ég segja það, að mér þykir undarlegt, að hv. 1. landsk. vill ekki gera neinar umbætur á frv. Það er t. d. harkalegt að ákveða lægstu sekt 200 kr. fyrir hvað sáralítið brot sem er. Þá teldi ég það betra, að í l. stæði, að happdrætti mætti hafa innan ákveðins félagsskapar. En heldur en að láta fella þetta, tek ég a-liðinn aftur, enda er víst bezt, að allt sé sem vitlausast. Það er þó ekki rétt hjá hv. 1. landsk., að undir þeim kringumstæðum sé alltaf um muni að ræða. Happdrætti innan félags getur líka verið um einhverja peningaupphæð. En þar sem ég held, að ríkið

muni aldrei fara að skipta sér af slíku innan félags, ef ekki er selt utan þess, þá tek ég a-liðinn aftur. Hinar brtt. mun ég láta ganga til atkv., en endurnýja þó þá ósk mína, að málið verði tekið út af dagskrá til frekari athugunar.

**Jón Þorláksson:** Ég get ekki gert að því, þótt hv. 2. landsk. þyki það óskiljanlegt, að ég skuli vilja greiða frv. þessu atkv. og sér enga frambærilega ástæðu fyrir því, vegna þess að ég sé ýmsa annmarka á frv. Ástæðan fyrir þessu liggur þó ekki langt undan landi; hún er sú, að ég vil greiða fyrir því, að háskólinn geti eignazt hús yfir sig. Að hv. 2. landsk. telur þetta óskiljanlegt, hlýtur að grundvallast á hans eigin afstöðu til þessa máls. Ég veit, að allir þeir hv. dm., sem eru sammála mér um það, að æskilegt sé, að háskólinn verði byggður, telja þessa ástæðu fullkomlega skiljanlega.

Þá taldi hv. 2. landsk. það galla á frv., að l. frá 1926 um heimild til að stofna happdrætti héldu gildi. En þetta er skakkt álitið hjá hv. þm. Í upphafi 3. gr. er lagt bann við, að stofnuð séu önnur happdrætti hér á landi, og þar með er sú heimild, er l. frá 1926 veittu, með skýrum orðum afnumin. (**JBald:** En væri ekki viðkunnanlegra, að beint væri tekið fram, að l. væru numin úr gildi?). Það væri að vísu ekkert á móti því, að þetta hefði staðið í frv., en ákvæði frv. eru þó nægilega skýr í þessu efni, enda mætti ávallt afnema l. frá 1926 með sérstökum l. Verði hinsvegar ekkert úr háskólabyggingu, stendur heimildin frá 1926, og má þá nota hana.

Þeir gallar, sem eru á frv., skipta ekki verulegu máli í framkvæmd l. En þessi frágangur frv. er þó leiðinlegur og ekki samboðinn svo virðulegri stofnun sem Háskóli Íslands er, og sem eiga mun verulegan þátt í samningu þessa frv. En ég sé þó ekki, að þeir agnúar, né heldur það, sem hv. 2. landsk. sagði með tilvitnun í l. frá 1926, sé næg ástæða fyrir því að taka frv. út af dagskrá.

**Forseti (GÓ):** Það hefir verið borin fram ósk um, að frv. verði tekið út af dagskrá. Og þar sem hv. þm. greinir mjög á um framgang þess, enda þótt sumir telji, að það megi slarka eins og það er, þá tek ég það samt út, enda ætti að verða nógur tími til að gera frv. að l., þótt gefinn sé frestur til að athuga það nánar.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 273, 460, 477).

**Jón Baldvinsson:** Það var svo mikið rætt um galla þessa frv. við fyrri hluta umr., að ég ætla ekki að fara inn á það. En það var upplýst af hv. 1. landsk., að frv. gengi eiginlega fram hjá þrennum l. Ég hefi aðeins komið hér með till., sem ég gat um við umr. síðast, og vísa algerlega til þess, en ég hafði getið þess þá, að ég myndi taka aftur a-lið till. á þskj. 460 og láta hann eigi koma til atkv. vegna þess, að búast mætti við, að þetta yrði eins og áður, að félög hefðu heimild til að hafa innanfélagshappdrætti, ef utanfélagsmönnum væri ekki boðin þátttaka. Þessi missmíði frv. var bent á við fyrri hluta umr., og vonaðist ég til þess, að n. kæmi með umbætur á frv., en það hefir hún ekki gert. Ósamræmið milli 1. gr. og upphafs 2. gr., þar sem tiltekinn er sá tími, sem l. gilda fyrir háskólann, er áberandi, því að í upphafi 2. gr. er þetta að því er virðist ótímabundið, bara þangað til komnir eru nægir peningar handa háskólanum. Réttast hefði verið að orða upphaf 2. gr. þannig: Þegar leyfistími er á enda, skal ríkissjóður taka happdrættið í sínar hendur o. s. frv. Meira samræmi yrði í frv., ef þetta yrði samþ. Ég var í lengstu lög að bíða með að láta þessa till. koma fram, því að ég vonaði, að n. myndi bera hana fram. Eina mótbáran gegn þessu kynni að vera sú, að eftir 10 ár væri háskólinn ekki búinn að fá nægilegt fé og þyrfti að fá leyfið áfram. En ekki þyrfti þá annað, en að veita það með sérstökum l. — Ein ástæðan til þess að ég óskaði eftir, að n. hefði gert lagfæringar á því, sem ég tel áfátt í formi frv., er sú, að þetta er samið af þeirri virðulegu stofnun háskólanum og það væri leiðinlegt að láta sjá í lagasafni landsins l., sem samin væru af háskólanum og svo illa gerð, að þau sköruðu fram úr í því efni og brytu í bága við

önnur l. Þykja þó ýms önnur l. fremur illa samin. Ég held ég verði því að leggja fram þessa brtt. um að orða upphaf 2. gr. eins og ég hefi nú lesið upp.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Ed., 3. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 273, 460, 477, 512).

ATKVGR.
Brtt. 477 felld með 7:3 atkv.
— 512 felld með 7:3 atkv.
— 460,1 felld með 7:2 atkv.
— 460,2.a tekin aftur.
— 460,2.b felld með 8:1 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 535).

## 47. Innflutningur nautgripa.

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni** (þmfrv., A. 384).

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Landbn. flytur frv. þetta eftir tilmælum hæstv. atvmrh. Það er samið af hinni svokölluðu bændanefnd, mþn., sem falið var að athuga hag bænda. Er grg. frv. einnig frá henni komin.

Landbn. hefir aðeins lauslega litið yfir frv., en ekki rannsakað það svo, að vissa sé fyrir, að hún kunni ekki að stinga upp á einhverjum breyt á því síðar. Áskilur hún sér því rétt til þess að bera fram brtt. við 2. umr., ef henni þykir þörf á við nánari athugun.

Það hefir fyrr í dag verið rætt allmikið hér í hv. d. um lagafrv., sem snertir kjötframleiðslu og sölu kjöts út úr landinu. Þetta frv. snertir einnig það efni. Eins og útlitið er nú, má jafnvel búast við því, að landsmenn verði að minnka framleiðslu sauðakjöts í framtíðinni frá því, sem nú er. Væri þá að sjálfsögðu hin mesta þörf á, að einhver önnur framleiðsla gæti komið í staðinn. Mönnum kann nú að virðast í fljótu bragði, að lítið þýði að draga úr sauðakjötsframleiðslu til þess að auka jafnframt framleiðslu nautakjöts. En það er þó alls ekki víst, að eins miklir erfiðleikar verði á því að selja nautakjöt eins og kindakjöt. Byggist það á því, að fram til þessa hefir ekki þótt kleift að flytja sauðakjöt út úr landinu öðruvísi en annaðhvort saltað eða fryst. En frosið kjöt er ekki talin fyrsta flokks vara. Talið er, að miklu fremur megi flytja nautakjöt héðan nýtt heldur en sauðakjöt, og kynni því að verða minni erfiðleikum bundið að koma því í verð. Ef það reynist svo, leiðir af sjálfu sér, að nokkuð mikils er um það vert að stuðla að því, að sláturnautin gefi af sér sem mestan og beztan kjötþunga.

Líka má á það benda, að mjólkurpeningsræktin er nú óðum að aukast í landinu. Og í sambandi við aukna tölu kúnna má búast við, að heppilegt þyki að fara að ala naut til slátrunar jafnframt. Sérstaklega mun kálfaeldi þykja hentugt þar, sem mjólkurframleiðslan er aukin vegna smjörbúa, en ekki mjólkurbúa, og er þá mjög mikilsvert, að kálfarnir geti orðið sem beztir til frálags.

Ég geng út frá, að hv. d. vísi þessu máli til 2. umr. Eins og sjá má, er frv. flutt af n., og mun því ekki þurfa að gera till. um að vísa því til n. Geri ég ráð fyrir, að landbn. athugi málið frekar fyrir 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Þetta frv. er fyrr tekið á dagskrá heldur en ég hafði búizt við, og ég verð að láta þess getið, að landbn., sem flytur frv., en ætlaði þó að yfirvega það milli 1. og 2. umr., hefir ekki tekið frv. til meðferðar. Mér finnst samt, þó að svo sé, þetta mál vera svo

einfalt, að ekki sé beinlínis ástæða til að taka það út af dagskrá fyrir því. Það, sem í frv. felst, er einungis það, að gefa ríkisstj. heimild til þess að flytja inn, ef henni sýnist svo, nautgripi af brezku holdakyni til hreinræktar eða blendingsræktar. Þetta er vitanlega ætlað til umbóta á slátrun nautpenings. Að öðru leyti er í 2. gr. gert ráð fyrir, að ef ríkisstj. vilji nota þessa heimild, þá eigi hún að hafa Búnaðarfélag Íslands í ráðum með sér og flytji inn þau ein kyn, sem Búnaðarfélagið mælir með. Í 3. gr. er gert ráð fyrir varúðarráðstöfunum gegn sótthættu af innflutningnum, að hér verði, eftir því sem við á, hagað sér eins og gert er ráð fyrir í l. nr. 27 8. sept. 1931, sem eru um innflutning á sauðfé. Ég hygg, að hv. dm. geti vel áttað sig á frv., þó að ég geti ekki gefið þeim bendingar frá n.; en ég mun, ef frv. verður samþ., sjá til þess, að landbn. yfirvegi málið fyrir 3. umr. og beri fram brtt., ef henni sýnist þess þörf.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 55. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 384).
Á 57. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 384, n. 495).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. hefir fallizt á að mæla með þessu frv. óbreyttu. Það, sem hér er um að ræða, er tilraun til að koma á ræktun nautgripa hér á landi til slátrunar. Er það einn liður í þeim tilraunum, sem nú verða að hefjast innan hins íslenzka landbúnaðar, til þess að breyta honum þannig, að hann verði frekar við hæfi þeirra tíma, sem við lifum nú á.

Eins og kunnugt er, er á ýmsum tímum árs kjötekla á markaðinum hér innanlands, þó á öðrum tímum berist aftur svo mikið kjöt á markaðinn, að það gengur ekki út. Þetta kemur af því, hvað kjötframleiðslan er einhæf. Nær eingöngu er framleitt sauðakjöt. Sauðfénu er nær eingöngu slátrað á haustin, og því getur of mikið kjöt borizt á markaðinn þann tíma árs, þó á öðrum tímum sé jafnvel mikill skortur á nýju kjöti. Með þeirri tilraun, sem hér er um að ræða, er verið að leita eftir leið til að fullnægja kjöteftirspurninni þann tíma ársins, sem nýtt sauðakjöt er ekki á boðstólum, og jafnframt leið til þess að skapa nýja möguleika fyrir sölu á íslenzku kjöti erlendis. Nautgripum er miklu hentugra að slátra á hvaða tíma sem er heldur en sauðfé. Þess vegna ætti sala nautakjötsins að geta fallið inn á dauðan tíma í innlenda kjötmarkaðinum. Einnig er hugsanlegt, að við gætum framleitt nautakjöt fyrir brezkan markað. Í því liggur hið mikla gildi, sem ræktun nautgripa til frálags gæti haft fyrir okkur nú, að kjöt þeirra gæti orðið verzlunarvara bæði innanlands og utan.

Ennfremur má benda á í þessu sambandi, að í sumum landbúnaðarsveitum, einkum hér sunnanlands, eru landkostir betur fallnir til nautgriparæktar heldur en sauðfjárræktar. Það eru góðar heyskaparsveitir, þar sem slægjur eru miklar, en léleg beit og lítil afréttarlönd. Á slíkum stöðum er sauðfjárrækt eigi talin arðsöm. Hugsanlegt er, að á þeim jörðum, þar sem sauðfjárræktin er ekki arðvænleg, geti það orðið bændunum til mikillar hjálpar að ala upp nautgripi til slátrunar, einkum ef þeir fengju þau nautgripakyn, sem bezt eru til frálags.

Landbn. lítur svo á, að sjálfsagt sé að gera þá tilraun, sem frv. ræðir um, til

þess að bæta úr einhæfni hins íslenzka landbúnaðar.

Leggur hún því til, að frv. sé samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 564).

---

## 48. Veð.

Á 50. fundi í Nd., 11. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um viðauka við l. um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og l. um viðauka við þau l., nr. 34 31. maí 1927** (þmfrv., A. 395).

Á 52. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Þetta frv. er flutt af allshn. eftir beiðni fjmrh. og ósk bankastjórna Landsbankans og Útvegsbankans. Eftir að málið kom til n. var allmikið um það rætt, þótt afgreiðsla þess biði nokkuð. En nú er svo komið, að n. hefir afgr. frv., þótt að þeirri afgreiðslu standi aðeins 2 nm., vegna veikinda og forfalla annara, sem í n. eru. Sá hluti n., sem að frv. stendur, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Frv. fylgir ýtarleg grg., og vísa ég til hennar í öllum aðalatriðum. Frv. hefir aðallega að flytja 2 tiltölulega smávægilegar breyt. á tvennum lögum, l. 18/1887 og 34/1927. Annað atriðið er það, að afli fiskiskips, sem settur er að sjálfsvörzluveði, sæti ekki sömu meðferð og önnur sjálfsvörzluveð. Hin breyt. er þess efnis, að leyft verði að veðsetja með skipinu ýms þau veiðarfæri og aðrar nauðsynjar skipsins, svo sem kol- og olíubirgðir, sem áður hlíttu reglum um venjulegt sjálfsvörzluveð í lausafé. Þetta er í sjálfu sér alveg hliðstætt við lausafjármuni þá, sem veðsettir eru með jörðum og verksmiðjum, samkv. 5. og 6. gr. veðlaganna. Fyrra atriðið er hinsvegar sérstætt, og mundi n. hafa talið það athugavert og jafnvel varhugavert, ef ekki væri um fiskveð að ræða. En eins og okkar fiskframleiðslu er háttað, virðist nauðsynlegt, bæði vegna fiskframleiðendanna og bankans, að skapa fiskveði með lögum meira öryggi en öðru lausafjárveði. Flestir útgerðarmenn hafa upp á lítið annað að bjóða til tryggingar en aflann jafnótt og hann kemur á land. Út á þessa tryggingu lána svo bankarnir stórfé. Það er ekki nema eðlilegt, að bankarnir krefjist þess, að þetta veð sé tryggt. Komist þetta ekki á, er hætt við, að þessi tegund veðtrygginga verði talin áfram fremur ótrygg, eins og hingað til, og geti jafnvel svo farið, að hætt yrði að taka slík veð. Þarf eigi að benda á, hversu brýn þörf það er lántakendum að öðlast bætta aðstöðu að þessu leyti.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég get alls ekki verið samþykkur þessu frv. Það ætlast til þess, að bönkum sé veittur miklu meiri réttur en þeir hafa nú, og þann aukna rétt eiga þeir að fá á kostnað verkafólksins, því að frv. fellir jafnframt niður þann rétt, sem það hefir í fiskinum. Þetta finnst mér algerlega ástæðulaust, og á garðinn ráðizt þar, sem hann er lægstur, því að fjarri fer, að hagsmunir verkafólksins séu oftryggðir í þessum efnum.

Að því er snertir seinni breyt., þá eru það alls ekki bankarnir, sem lána fé til olíukaupa eða veiðarfæra, heldur verzlanir, sem láta útgerðarmenn venjul. fá 3—6 mánaða gjaldfrest við þau kaup. Yrði frv. þetta að lögum, gæti hæglega svo farið, að bankinn fengi að veði kol eða olíu, sem verzlanirnar ættu, en ekki útgerðarmaðurinn, sem veðsetur það; og það kæmi ekki kynlega fyrir sjónir þá, þótt verzlanirnar yrðu tregar til að veita gjaldfrest. Mér virðist ekki ástæða til annars en að halda sig framvegis við skipin

sjálf, en láta lausaféð í friði. Líklegustu afleiðingarnar af þessu frv. yrðu sem sagt erfiðleikar á gjaldfresti. Bankarnir yrðu þá píndir til að borga út fyrir þetta, og það er ekki æskilegt fyrir útgerðarmenn og óþarfur grikkur gerður bönkunum. En hinsvegar er gersamlega óverjandi að svipta verkafólkið þessari einu kauptryggingu og gefa hana bönkunum, sem nóg hafa fyrir.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Það er rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að vel gæti komið til mála, að kröfur verkamanna og sjómanna kynnu stundum að þurfa að víkja fyrir fiskveðskröfu bankanna, en í því sambandi vil ég þó benda á, að sjómenn hafa oft veð í skipinu. Í öðru lagi er það að athuga, að útgerðarmenn geta ekki fengið lán til útgerðarinnar á annan veg en með því að veðsetja aflann, og því tryggilegar sem um það veð væri búið, því meira ættu þeir að geta fengið lánað til atvinnu sinnar, og því meiri vinnu mundu þeir jafnaðarlega geta veitt, enda mundi lánsféð jafnaðarlega ganga fyrst og fremst til að greiða verkakaup þeirra, er að framleiðslunni ynnu. Um síðara atriðið vil ég segja, að mér finnst það hótfyndni að taka því eins og hv. 2. þm. Reykv. Þótt kaupmenn selji útgerðarmönnum eldsneyti, þá get ég ekki séð, að seljandinn sé að neinu leyti verr farinn, þó frumv. verði samþ., heldur en nú á sér stað. Seljandi, sem eigi tryggir sér sérstaklega veð í seldum hlut, hefir engan forgangsrétt að honum umfram aðra skuldheimtumenn. Þannig er það samkv. gildandi lögum, og eigi farið fram á neina breyt. í þá átt. Nefndin hefir sem sagt mælt með, að frv. verði samþ. vegna nauðsynja þeirra manna, sem að útgerð vinna og annmarkar þeir, sem á því kunna að vera, hafa ekki vaxið henni svo í augum sem hv. 2. þm. Reykv.

**Héðinn Valdimarsson:** Hér er ekki um að ræða, hvort atvinna fáist eða ekki. En þó held ég ekki, að hv. frsm. geti bent á beina atvinnuaukningu þessu frv. fylgjandi. Heldur skilst mér, að verkamenn og ríkissjóður séu sviptir réttindum, sem þeim eru ætluð samkv. 83. gr. skiptalaganna, og þau flutt yfir á bankana. Til þessa sé ég enga skynsamlega ástæðu, því að þó að þeir þurfi og að hafa lán sín tryggð, þá eru fleiri, sem heimtingu eiga á því samkv. 83. gr. skl. Hvað snertir fylgifé, þá má teygja það hugtak, og hefir verið gert svo mikið að þessu, að menn hafa ekki getað fengið tryggingu fyrir fé sínu, því að allt veðhæft var þá uppurið. Engin ástæða finnst mér til þess að lögfesta þetta. Bankarnir hafa nú þegar svo mikil ítök í útveginum, að tæpast er æskilegt, að bætt sé við.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Það er alveg rétt, að þetta frv. er ekki lagt fram sem atvinnubótafrv., en í mörgum tilfellum mundi fara svo, að ákvæði þess mundu gera bönkunum kleift að lána fé til atvinnurekstrar, sem ella yrði að leggja niður. Og það hélt ég ekki, að hv. 2. þm. Reykv. mundi telja einskis virði.

**Héðinn Valdimarsson:** Ef bankarnir lána í þessu tilfelli, þá yfirfærist áhættan á verkamenn og ríkissjóð. Ég tel afartvísýnt um réttlætingu á slíku láni, þegar ekki er unnt að fá tryggingu fyrir opinberum gjöldum og ekki fyrir þeim, sem hér eiga aðallega hlut að máli — verkafólkið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég hefi orðið of seinn með að koma með brtt. við frv. við þessa umr., en lýsi yfir, að ég mun gera það við 3. umr., á þann hátt, að þetta nái ekki yfir verkakaup.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

---

Á 56. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 395, 422).

**Héðinn Valdimarsson:** Ég talaði við 2. umr. um brtt. þá, sem hér er fram kom-

in, þess efnis, að undanskilið þessari breyt. sé verkakaup og opinber gjöld. Vona ég, að n. taki þetta til greina og sjái sér fært að fallast á, að verkakaup fái að ganga fyrir, og sömuleiðis opinber gjöld, því að engin ástæða er til þess að teygja rétt bankanna yfir á þau svæði.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Þegar n. tók afstöðu til þessa máls, þá athugaði hún, hvað um er að ræða í 83. gr. skiptalaganna, meðal annars, að þessi aukna trygging fiskveðs gengi einnig út yfir verkakaup, og þótt n. hafi ekki öll verið viðstödd afgreiðslu frv. og ég geti því ekki sagt, að allir nm. séu því samþykkir, þá held ég fast við mína skoðun í málinu. Ég sé ekki neina ástæðu til að taka undan verkakaup. Með því að skapa fiskveðum aukna tryggingu á þann hátt, sem farið er fram á, er mikið unnið, því útgerðarmaður getur fengið meira lán og á þá hægara með að greiða verkakaup en ella. Ég gat um það við aðra umr., að sjómenn hefðu almennt ekki skaða af þessu, því þeir hafa jafnaðarlega tryggingu í skipinu, og er þá hér aðallega um verkafólk í landi að ræða. En ég get ekki fallizt á, að það eigi mikið á hættu, jafnvel þótt um gjaldþrot væri að ræða. Því varla mundi útgerðarmaður, sem á annað borð fær lán til atvinnurekstrar, vera látinn gefa sig upp fyrr en í vertíðarlok, en þá er verkafólk jafnaðarlega búið að fá allt sitt, þar sem það fær greitt kaup sitt vikulega. F. h. þess hluta allshn., sem stendur að nál., legg ég á móti því, að brtt. hv. 2. þm. Reykv. verði samþ.

**Héðinn Valdimarsson:** Ekki hefi ég mikla trú á því, að bankarnir veiti meiri lán út á fiskinn eftir samþykkt þessa frv. en áður, enda held ég, að þeir æski heldur meiri tryggingа fyrir þegar veittum lánum. Það hefir verið fyrirskipað með lögum, að verkakaup skuli útborgað vikulega. En víða hafa verklýðsfélög gert verkföll til mótmæla gegn slælegu eftirliti ríkisstj. í þessum sökum. Og nú vil ég skora á hana að sjá um, að lögreglustjórar framfylgi lögum þessum betur en gert hefir verið.

Það er algerlega rangt, að útgerðarmenn liggi sjaldan með mjög miklar fiskbirgðir lengi. Ef til vill er þetta svo fyrir norðan, en hér sunnanlands, t. d. í Keflavík, Grindavík, Akranesi, Vestmannaeyjum og víðar, hefir orðið önnur reyndin á. Vertíðin byrjar í janúar, en aðalútflutningur hefst oft ekki fyrr en með haustinu. Og oft er ekki verkafólkinu borgað út fyrr, þótt sumir dragi það ekki lengur en fram í vertíðarlok. Hætta verkalýðsins liggur í augum uppi, og áður voru reistar skorður við því af löggjöfum, sem höfðu skilning á þessu, þótt eftirlit með þeim skorðum hafi ekki verið gott. Það er náttúrlega gott fyrir útgerðarmenn að komast að betri lánskjörum hjá bönkunum, en þótt vont sé fyrir bankana að tapa fé, er það helmingi verra fyrir verkafólk, sem ekki aflar sér þess, nema með sínum tveim höndum.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Út af orðum þeim, sem hv. 2. þm. Reykv. lét falla í minn garð, vil ég geta þess, að mér hefir enn ekki borizt nein kæra um, að lögreglustjórar fylgdu ekki fram þessum lögum um útborgun verkakaups. Og vitanlega getur hv. þm. ekki ætlazt til þess, að stj. viti um slíkt, ef henni er það ekki tilkynnt. En ég skal hinsvegar gjarnan brýna þetta fyrir lögreglustjórum, ef hv. þm. lætur mér í té þau skjöl, sem sýna vanrækslu þeirra í þessum efnum. Þá skal ég ekki telja eftir að birta skipun um það. Um brtt. er það að segja, að hana á að samþ. Fiskveð eru tekin út úr og gerð miklu rétthærri en þau eiga kröfu til. Þetta finnst mér rangt, sérstaklega með tilliti til krafna hins opinbera, og hart þykir mér, að það skuli ekki ganga fyrir. Ég hefi séð svo mörg þrotabú gerð upp um dagana, að ég get borið um, að hið opinbera hlýtur af þessu miklu meiri skaða en verkafólk, en hinsvegar er auðvitað alveg rétt að gæta hags verkafólks í hvívetna. Ég mun því greiða brtt. atkv. Það yrði hættulegt að jafna þann sanngjarna mun, sem er á veði í lausafé og fasteignum.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég þakka hæstv. dómsmrh. vingjarnlegar undirtektir og mun afhenda honum von bráðar kærumál út af þessu, en þau munu koma mörg fram.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Ég get ekki fallizt á, þrátt fyrir rök þau, sem færð hafa verið fram, að brtt. eigi rétt á sér, svo fremi gengið er inn á þá braut að láta nokkuð af þeim kröfum, er falla undir 83. gr. skiptal., víkja fyrir fiskveði.

Ég kann að vísu illa við sem reglu að gera lausafé jafnhátt undir höfði og fasteignum, er um veð ræðir, en það, sem hér um ræðir, er alveg sérstakt. Fiskframleiðslan hér á landi byggist að allmiklu leyti á því, að lán fáist í bönkum gegn fiskveði og þess vegna er það sameiginlegt nauðsynjamál, bæði fiskframleiðenda og bankanna, að fiskveð njóti frekari tryggingar en annað lausafjárveð.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það stendur nokkuð sérstaklega á um þetta. Ég veit þess nokkur dæmi af Vesturlandi, að bankarnir hafa orðið af veðum, sem þeir hafa haft í fiski við þrotabú. Í mörgum tilfellum hafa þeir tapað tugum þúsunda. Það verður ekki ætlazt til þess, að bankarnir láni gegn fiskveðum, ef svo skipast sem hér er farið fram á. Það hafa komið kröfuhafar og gengið fyrir þeirra veðrétti með kröfur, sem stofnaðar voru áður en byrjað var á útgerðinni. Hafa bankarnir þannig sannanlega lagt fram fé til þess að tryggja fyrri kröfuhafa, sem fyrirsjáanlega máttu einskis vænta áður en bankinn lagði útgerðinni til fé. Og ég sé ekki, hvernig þeir, sem standa á móti þessum breyt., geta búizt við, að bankarnir haldi áfram á þeirri braut að lána gegn fiskveðum, ef þeir fá ekki meiri rétt en áður.

Auk þess hafa veðin verið „reviseruð" og tugir og jafnvel hundruð þúsunda kr. lögð inn á reikning búanna og þau látin taka vexti í heilt ár eða upp undir tvö ár af fé, sem átti að vera veð bankanna og almennir kröfuhafar fengið vextina, en bankarnir setið með skuldirnar.

Ég er sannfærður um, að það verður til að draga úr útgerðinni hjá smærri og miður megandi útgerðarmönnum, ef þessi breyt. fæst ekki, sem frv. fer fram á.

ATKVGR.

Brtt. 422 samþ. með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** MG, StgrS, SvbH, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, HStef, HV, IngB, LH, JörB.

**nei:** MJ, PHalld, SvÓ, ÁÁ, GÍ, HJ, JAJ, JÓl.

Sex þm. (ÓTh, PO, BÁ, HG, JJós, JónasÞ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 55. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 435).

Á 56. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 435, n. 507).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Ég þarf ekki margt um þetta frv. að segja. Eins og það upphaflega var borið fram á þingi, var svo til ætlazt í 1. gr. frv., að fiskveð samkv. ákvæðum laga nr. 34 31. maí 1927 skyldu ganga á undan hinum svokölluðu forgangskröfum samkv. 83 gr. skiptalaganna. En þessu var breytt þannig í meðferð málsins í Nd., að vinnukröfur og opinber gjöld eru látin ganga á undan fiskveðinu eins og öðrum lausafjárveðum, en vitanlega eru það stærstu liðir 83. gr. skiptal.

Mér finnst í raun og veru, að 1. gr. frv. hafi litla þýðingu, eins og hún nú er orðin, og það megi einu gilda, hvort hún er látin haldast í frv. eða ekki. En allshn. Ed,. sem hafði málið til athugunar, sá samt ekki ástæðu til þess að gera till. um að fella gr. burt, því að þá varð að flækja málinu milli deilda, en til þess þótti ekki ástæða.

Um 2. gr. frv. er það að segja, að hún heimilar að veðsetja með skipinu auk venjulegs fylgifjár kol og olíubirgðir, veiðarfæri og skipsbúnað. Þetta síðasta

ákvæði er eðlilegt og í fyllsta samræmi við það, sem heimilað er í 5. gr. veðlaganna að því er til fasteigna kemur.

5. gr. segir svo: „Þegar jörð er sett að veði, er rétt svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja, auk kúgilda og jarðarhúsa, önnur tiltekin hús á jörðinni, áhöld, búsgögn og heyforði sá, sem er á henni í hvert skipti".

Hér er því farið inn á sömu braut að því er til skipa kemur. N. er því þeirrar skoðunar, að rétt sé að samþ. frv. óbreytt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 574).

---

## 49. Eignarnámsheimild á landi við Skerjafjörð.

Á 35. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um eignarnámsheimild á landi við Skerjafjörð** (þmfrv., A. 240).

Á 37. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Héðinn Valdimarsson):** Frv. þetta flytjum við þm. Reykv. að tilhlutun bæjarstj. Rvíkur. Landið, sem hér um ræðir, er Nauthólsvík, sem nú er eign ensks félags, The Harbours and Piers Association, en félag þetta hefir ekki starfað neitt á þessu svæði um langan tíma. Um landið er það að segja, að víkin virðist afar vel fallin til sjóbaða fyrir bæjarmenn, svo að varla er völ á betra landi til þess. Bæjarbúar almennt óska þess, að þetta gangi í gegn, því að þeir hafa ekki hingað til átt kost á öðru eins, hvað þá betra tækifæri til baðstaðar. Ég mun ekki fjölyrða um þetta, en óska þess, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, n. 431).

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Allshn. hefir haft þetta frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. N. hefir fallizt á þau rök, sem í grg. eru fram færð, og ég get sem frsm. n. látið mér nægja að vísa til hennar.

**Ólafur Thors:** Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm., hvort leitað hefir verið umsagnar Seltjarnarneshrepps og sýslunefndar viðkomandi sýslu um þetta landnám, sem þarna á að fara fram. Það hefir legið fyrir undanförnum þingum dálítið svipað málefni, sem valdið hefir miklum ágreiningi. Þetta mál er náttúrlega ekki eins þýðingarmikið, en þó af sama toga spunnið. Ég vildi gjarnan fá að vita, hvort fullnægt hefir verið þeirri skyldu að leita umsagnar hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar. Annars get ég upplýst, að ég hygg, að þetta frv. sé að því leyti óþarft, að það liggur önnur greiðari leið fyrir Reykvíkinga að fá þennan baðstað, því landeigendurnir hafa boðið að afhenda bænum þetta land endurgjaldslaust, einungis gegn því, að Reykjavík leggi veg um landið.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Ég skal taka það fram, að ég hefi staðið í þeirri meiningu, að þetta land, sem liggur hér rétt við bæinn, væri innan lögsagnarumdæmis Rvíkur. Ef svo er ekki, þá væri ef til vill rétt að athuga málið að nýju í

n. og eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi hreppsfélags. Ég vil því, ef svo er í raun og veru, að landið sé ekki innan lögsagnarumdæmis Rvíkur, fara fram á það við hæstv. forseta, að málið verði tekið út af dagskrá.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég sé ekki, að í frv. sé farið fram á að leggja þetta land undir lögsagnarumdæmi Rvíkur. Þetta er því á röngum forsendum byggt, sem hv. þm. G.-K. var að tala um. Hér er aðeins um eignarnámsheimild að ræða. Það liggur á bak við þetta almenn ósk íþróttamanna hér í bæ, og ég hygg, að allir fulltrúar bæjarstj. séu því samþykkir.

**Ólafur Thors:** Ég hefi skilið frv. svo, að það ætti að leggja landið undir Reykjavík. Það getur verið, að formlega sé ekki ástæða til að leggja þetta fyrir viðkomandi hreppsnefnd og sýslunefnd. En þegar búið er að taka þetta land eignarnámi og gera að baðstað, þá þekki ég illa hógværð Reykvíkinga í þessu efni, ef ekki kemur á eftir sem sjálfsagður hlutur, að bærinn eignist landið, þ. e. a. s., að landið verði innlimað í bæinn.

Það má segja, að formlega sé rétt, þegar að því kemur, þá sé þessu máli beint til hreppsnefndar og sýslunefndar. Ég get því sagt hv. frsm. það, að ég held, að engin ástæða sé til þess að fara fram á, að málið verði tekið út af dagskrá.

**Héðinn Valdimarsson:** Það er ákaflega lítið, sem ég hefi við ræðu hv. þm. G.-K. að athuga. En það er rétt að vekja athygli á því, að Rvík á jarðir utan síns lögsagnarumdæmis, sem ekki hefir verið farið fram á, að lagðar verði undir Rvík, eins og t. d. Gufunes. Þó að Rvík eignist þessa landspildu, er ekki þar með sagt, að hún verði lögð undir lögsagnarumdæmi Rvíkur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 240).
Á 60. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, n. 508).

**Magnús Torfason:** Sakir þess, að hv. frsm. er ekki viðstaddur, skal ég aðeins óska þess, að hv. d. vilji vera svo væn að vísa málinu til 3. umr. Þá mun frsm. væntanlega gera grein fyrir málinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 575).

---

## 50. Manntal í Reykjavík.

Á 34. fundi í Ed., 25. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. um manntal í Reykjavík** (þmfrv., A. 249).

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jakob Möller):** Þetta frv. er flutt að tilhlutun bæjarráðs Reykjavíkur. Eins og menn vita, er svo ákveðið í l. frá 1901, að manntal í Reykjavík skuli framkvæmt af lögreglustjóra. Áður var það dómkirkjupresturinn, sem stóð fyrir þessum framkvæmdum, og svo er það enn úti um land, að prestarnir taka manntalið. En í l. um manntal á Íslandi frá 1920 er ákveðið, að bæjarstjórn framkvæmi það manntal. Því er það, að sjálfsagt þykir að láta bæjarstj. líka framkvæma hið árlega manntal. Lögreglustjórinn hefir orðið að fá fjölda starfsmanna fyrir utan sína skrifstofu til að vinna þetta verk, og bæjarstj. verður að láta vinna úr því að nokkru leyti. En verkið verður dýrara, ef það er unnið svona á tveim stöðum, en ef öll vinnan væri framkvæmd á einum stað. Ég geri ekki ráð fyrir því, að um þetta frv. verði ágreiningur, en þó má vísa því til allshn., ef þurfa þykir.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil beina því til hv. flm., hvort ekki væri réttara að fela bæjarstjórn þetta verk en borgarstjóra.

**Flm. (Jakob Möller):** Það yrði bara orðabreyting. Bæjarstjórn ræður öllu um þetta, en borgarstjóri hefir framkvæmdarvaldið. Orðalag frv. er í samræmi við l. frá 1920.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 47. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 249, n. 356).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Þetta frv. er borið fram fyrir beiðni bæjarráðs Reykjavíkur, sem hefir álitið, að heppilegra væri og ódýrara fyrir bæinn að láta borgarstjóraskrifstofuna hafa á hendi manntal í Reykjavík heldur en að fela lögreglustjóra það, eins og gert hefir verið hingað til. Þetta er líka vafalaust rétt, því að til borgarstjóraskrifstofunnar verður hvort sem er að sækja margar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru við manntalið, og sú skrifstofa hefir haft með höndum ýmislegt þessu viðkomandi, t. d. samningu kjörskrár.

Allshn. hefir haft þetta frv. með höndum, hefir fallizt á það og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 249).

Á 53. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 249, n. 529).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Allshn. hefir haft frv. þetta til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Ed. Ég vil aðeins benda á það, að aðalreglan er, að prestar framkvæmi hið árlega manntal. En með l. frá 1901 var lögreglustjóranum í Reykjavík falið þetta starf og því þar með létt af prestunum þar. Í öðrum kaupstöðum, t. d. á Akureyri, munu bæjarstjórnir hafa þetta starf með höndum, og virðist það eðlilegast að svo sé, þar sem sóknarprestur getur ekki annað því. Að öðru leyti get ég vísað til grg. frv.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 591).

---

## 51. Útsvör.

Á 25. fundi í Ed., 15. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör** (þmfrv., A. 155).

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Einar Árnason):** Ástæðurnar fyrir því, að frv. þetta er borið hér fram, eru teknar fram í grg., og vísa ég því til hennar í því efni. Vona ég, að þar sé gerð sú grein fyrir frv., sem nauðsynleg er til þess að hv. þdm. geti áttað sig á því, og vil svo aðeins leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 155, n. 423).

**Frsm. (Jónas Jónsson):** N. hefir orðið sammála um að mæla með þessu frv. með örlitlum orðabreyt., til þess að gera frv. gleggra. Ástæðan til þess, að frv. er komið fram, er sú, að orðið hefir meiningarmunur um, hvernig bæri að skilja þetta atriði í útsvarslögunum, og hefir því orðið til þess að koma af stað óþörfum kærum, sem ekki hafa orðið til nokkurs gagns.

ATKVGR.
Brtt. 423 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 443).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 443).
Á 60. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 1. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 528).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Allshn. mælir einhuga með því, að þetta frv. verði samþ. Það hefir gengið í gegnum hv. Ed. og hefir ekki mætt neinum andmælum þar. Frv. fer fram á ofurlitla breyt. á útsvarsl. frá 1926, viðvíkjandi samvinnufélögunum, og er fram komið af því, að það hafa risið upp megnar deilur milli niðurjöfnunarnefndar, sem á að ákveða, hvað þau skuli greiða í útsvar, og félaganna, og þykir tryggara að leggja það í hendur skattanefndar að ákveða þann arð, sem félögin hafi af verzlun við utanfélagsmenn. — Ég hefi svo ekki meira að segja, en vænti, að hv. d. geti fallizt á þetta litla frv.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

---

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 617).

## 52. Útflutningsgjald af síld o. fl.

Á 26. fundi í Ed., 16. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.** (þmfrv., A. 162).

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Ingvar Pálmason):** Í grg. frv. er skýrt frá efni þess, sem er breyt. á tolli á 2 tegundum sjávarútvegsafurða. Að því er snertir tollinn á síldinni, þá er það tekið fram í grg., að á öndverðum þessum vetri, þegar tilraun var gerð til þess að flytja út nýja, ísvarða síld frá Austfjörðum, þá voru l. skilin þannig, að sama toll bæri að greiða af þeirri íssíld eins og saltaðri síld. Ég álít, að ákvæði l. séu ekki nógu skýr, til þess að hægt sé að færa þessa tegund síldar undir ákvæðið um útflutningstoll af saltsíld, 1½% af verði síldarinnar. Hæstv. stj. sýndi þann velvilja, að hún tilkynnti, að ekki mundi verða krafizt þess útflutningsgjalds án þess að hv. Alþingi ætti kost á að breyta ákvæðunum um, að þessi tegund síldar yrði færð undan þessu ákvæði. Ég vil af þessu mega draga þá ályktun, að hæstv. stj. vilji greiða fyrir frv. að því er þessa gr. snertir.

Til skýringar skal ég ennfremur gefa þær upplýsingar, að þessar tilraunir, sem gerðar voru á öndverðum þessum vetri með útflutning á ísvarinni síld, hafa ekki verið nema ófullkomnar og í smáum stíl. En þær hafa leitt það í ljós, að þessi tegund síldar líkar kaupendum vel að stærð og gæðum, ef hægt er að koma henni óskemmdri á markaðinn. Hinu ber ekki að neita, að á þessum útflutningi síldar í vetur hafa orðið þeir ágallar, að segja má, að ekki hafi tekizt að koma síldinni á markaðinn í því ástandi, sem þurft hefði. Ollu því mest hinar erfiðu samgöngur, sem Austurland á við að búa. Það voru gerðar tilraunir með að koma ísvarinni síld til Englands með togurum, en um árangur þess er ekki fyllilega hægt að dæma, vegna þess að síldin, sem þannig var send, var seld í skip hér við land, og ekki er fullvíst um, hvernig hún seldist, þegar á markaðinn kom.

Önnur tilraun var gerð með skipi, sem flutti út ísvarinn fisk. Það kom til Austfjarða, tók þar nokkuð af ísvarinni síld, fór með hana til Rvíkur og síðan til Englands. 3 vikur liðu frá því er síldin var tekin í skipið og þangað til hún var seld, en samt fengu framleiðendurnir sem svaraði 5 kr. fyrir hverja tunnu. Ég vona, að hv. þdm. sé það ljóst, að það er með öllu fráleitt að skattleggja þessar tilraunir. Vil ég því mega vænta þess, að hv. d. veiti þessu máli stuðning sinn.

Að því er snertir hina vörutegundina, sem er þurrkað fiskmjöl, þá er einnig í grg. getið, hvers vegna það er tekið með í frv.

Því er réttilega haldið mjög á lofti, að okkur Íslendingum ríði mikið á því að auka okkar iðnað. En hér er um að ræða iðnað, þar sem unnið er úr alíslenzku efni, sem hingað til hefir að litlum eða engum notum orðið fyrir eigendurna. En þessum iðnaði fylgir sá stóri annmarki, að til hans þarf að kosta miklum byggingum og dýrum vélum, svo að mikill höfuðstóll verður ávallt bundin í því. Rekstur þesskonar verksmiðja er nokkuð dýr, en mikill hluti hans er vinna. Eftir þeirri litlu þekkingu, sem ég hefi á samskonar fyrirtækjum og þessu, virðist mér framleiðslukostnaður muni vera fyllilega að hálfu leyti vinna.

Þegar þetta tvennt er lagt á metin, það að hér er um að ræða vinnslu úr innlendum hráefnum, sem eru verðlítil eða verðlaus, suma tíma ársins a. m. k., og hitt, að fyllilega helmingur framleiðslukostnaðarins er vinna, þá virðist full ástæða til þess, ef okkur er annars þörf á auknum iðnaði, að ekki sé lagður steinn í götu

fyrir þess háttar fyrirtæki. En það má segja, að það sé þó gert með l. um útflutningsgjald af síld o. fl., því að þar er mælt svo fyrir, að tollað sé þurrkað fiskmjöl með 1 kr. gjaldi af tunnu, eða 10 kr. af hverri smálest.

Ég held, að það sé fyllsta sanngirniskrafa, að þessu skuli breytt, og að af þessum afurðum skuli ekki fremur greiða útflutningstoll en af öðrum sjávarafurðum. Það mundi að vísu valda nokkurri tekjurýrnun fyrir ríkissjóð að afnema þennan toll, hve mikilli veit ég ekki, en það mun sjálfsagt upplýsast við umr. um málið í hv. d. En að því er snertir toll af ísvarinni síld, er hér ekki um neina tekjurýrnun að ræða, því að ríkissjóður hefir aldrei haft tekjur af þeim útflutningstolli, af því að þessi vörutegund, ísvarin síld, hefir aldrei áður verið flutt héðan út. Um fiskmjölið er nokkru öðru máli að gegna. Það má vera, að segja megi, að frv. sé borið fram á óhentugum tíma að því leyti, sem það innifelur tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, af því að hann megi einskis í missa á þessum erfiðu tímum. Hér verður þó að leggja aftur á móti sjálfsbjargarviðleitni borgaranna í landinu og þá staðreynd, að það verður skammgóður vermir fyrir ríkissjóðinn, tekjurnar af þessari atvinnugrein, ef hún bráðlega leggst niður, sem allt útlit er fyrir, að muni verða, ef þessum tollum verður ekki af henni létt.

Vona ég, að hæstv. Alþ. sjái ástæðu til að taka málinu vel og láti frv. ná fram að ganga. Óska ég svo, að málinu verði, að aflokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 162, n. 321).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Við 1. umr. þessa frv. gerði ég nokkra grein fyrir helztu ástæðum þess, að það nú kemur fram, og geri ég ráð fyrir, að óþarfi sé að endurtaka það nú. En ég tel rétt, þar sem hér um ræðir mál, er nokkur áhrif hefir á tekjur ríkissjóðs, að fara nokkrum orðum um það út frá því sjónarmiði.

Þá er fyrst frá því að segja, að hvað snertir ákvæði frv. um að færa íslagða síld undan þeim tollalögum, sem á henni hvíla nú, þá hefir það engin áhrif á tekjur ríkissjóðs, af því að af þeim útflutningi hefir ríkissjóður engar tekjur haft hingað til. Ég hefi átt tal við hæstv. forsrh. um þetta atriði, og er hann mér sammála um réttmæti þessarar breyt. Ríkisstj. mun hafa gert þá ráðstöfun síðastl. vetur, að útflutningsgjalds af þessari síld yrði ekki krafizt fyrst um sinn.

Hvað fiskimjölið snertir, þá er líka meiningin að færa það undan þeim háa tolli, sem á því hvílir nú, og undir lægri flokk. Ég hefi reynt að gera mér grein fyrir tekjurýrnun ríkissjóðs af þessum lið, ef frv. yrði að l. Það er að vísu erfitt að gefa upp fastar tölur, því að óvíst er um útflutningsmagn þessarar vöru. En verði þessi breyt. gerð um toll af þurrkuðu fiskmjöli, fer útflutningsgjaldið eftir verði, og verður þá tap ríkissjóðs minna eftir því sem verðið stígur. Ég hefi athugað það eftir síðustu fáanlegu útflutningsskýrslum, sem eru frá 1930, hver þessi munur hefði orðið það ár, með þáv. verði og útflutningsmagni, og mér hefir talizt til, að tekjurýrnun ríkissjóðs á því ári hefði orðið um 24 þús. kr. Allar tekjurnar af þessum lið námu 50 þús. kr., og sé reiknað með því, að greiddur hefði verið 1½% af söluverði með þáverandi verðlagi, hefði mismunurinn orðið þetta, sem ég nefndi, 24 þús. kr. Hinsvegar hefi ég reynt að gera mér grein fyrir því, hvað tekjurýrnun ríkissjóðs hefði orðið mikil síðastl. ár af þessum lið, og taldist það vera 34 þús. kr. Ég tel rétt að taka þetta fram hv. þm. til athugunar. En þó að ríkissjóður verði af þessum tekjum, þá fara þær samt ekki forgörðum. Þessi hagnaður rynni þá til þeirra fyrirtækja, sem nú reka þessa framleiðslu og berjast nú mjög í bökkum víðast hvar. Og þegar litið er á það, að verulegur hluti framleiðslukostnaðarins er vinnulaun — það mun vera um 58% af öllum framleiðslukostnaðinum —, þá er ekki eins mikil ástæða til þess að horfa í tekjurýrnun ríkissjóðs hvað þetta snertir. Sú tekjurýrnun verður að ágóða þörfum fyrirtækjum, sem veita

fjölda fólks atvinnu, og verður því þjóðarheildinni til gagns.

N. hefir öll fallizt á að mæla með þessu frv. En eins og hv. þm. munu taka eftir, er í fyrirsögn frv. vísað til l. nr. 60 frá 27. júní 1921, en við nánari athugun taldi n. réttara að vísa til l. nr. 15 frá 14. júní 1929, sem er breyt. á l. frá 1921. Það er svo með þessi l., að l. frá 1921 eru í gildi, að viðbættum þeim breyt., sem l. frá 1929 gera á þeim. Og sé flett upp í l. frá 1921, geta þær breyt., sem hér um ræðir, ekki passað inn í þau, af því að aðrar breyt. eru komnar á milli. Að þetta fór svona í smíðum, kemur til af því, að þetta frv. er samið með hliðsjón af l. um útflutningsgjald af síld, sem prentuð eru í nýútkominni lögbók. En þau l., sem tekið hafa breyt., eru samandregin í lögbókinni, svo að þar standa öll þau l., sem nú eru gildandi um hvað eina fyrir sig. Þetta þarf að athuga, þegar samin eru frv. um breyt. á l. með stuðningi lögbókarinnar. Þessi brtt. er því réttmæt og til bóta, og leggur n. til, að frv. verði samþ. með þessari einu breyt. — Út af því, sem ég sagði um undirtektir hæstv. fjmrh. hvað snertir síldarútflutningsgjaldið, þá vil ég taka það fram, af því að hæstv. ráðh. er ekki hér í d. nú, að hann tók ekki eins vel undir þau atriði, er fiskmjölið snerti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 321 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 15 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].**

---

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 362).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 362).

Á 50. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 362, n. 553, 572).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 572. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Ég vísa til þess, sem ég sagði um næsta mál á undan (frv. um útflutningsgjald), og tek f. h. n. brtt. á þskj. 553 aftur til 3. umr.

**Jóhann Jósefsson:** Ég skírskota til þess, sem ég sagði um fyrra málið, og tek brtt. á þskj. 572 aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 553 og 572 teknar aftur.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 362, 603).

**Jóhann Jósefsson:** Við 2. umr. þessa máls tók ég aftur, til 3. umr., brtt., sem þá var og er enn á þskj. 572, en ég sé ekki, að hennar sé getið hér á dagskránni. Það skiptir ekki verulegu máli, en ég geri ráð fyrir, að hún verði tekin til greina. (**Forseti:** Já, sjálfsagt). Menn höfðu vonað, að fjhn. myndi eitthvað breyta afstöðu sinni til þessa frv., en ég sé ekki merki þess í þeim till., sem hér liggja fyrir. Samt sem áður vil ég vona það, að n. sé ekki öll jafnákveðin í því að breyta frv. á þann veg, sem fyrir hefir legið í brtt. hennar. Frv. eins og það kom frá hv. Ed. hefði að minni hyggju átt fullkomlega rétt til þess að ná samþykki þessarar hv. deildar. Eins og verðið er nú á fiskmjölinu, er útflutningsgjaldið, sem af því er tekið, um 6%, og getur þess vegna talizt óhæfilega

hátt, miðað við útflutningsgjald af öðrum vörum. Fjhn. hefir gripið til þeirra ráða að leggja til að hækka tollinn á beinum, til þess að veita innlendum fyrirtækjum meiri vernd, en þessi hækkun er þó eins og tvieggjað sverð. Ég hygg, að hv. frsm. hafi alls ekki vitað nægilega vel, hvað hann var að tala um, þegar hann hér á dögunum var að tala um beinaverkunina. Mér er kunnugt um, að þetta er einskonar heimilisiðnaður í mörgum sjávarþorpum, því að þessari beinaverkun er hægt að vinna með unglingum og gamalmennum. Ég veit ekki, hvaða áhrif það hefir, ef tollurinn er hækkaður um helming, en það gæti vel farið svo, að þeir, sem leggja fyrir sig að kaupa bein, myndu draga úr þessari starfsemi sinni, og afleiðingin yrði verðfall á þessari vöru. Mér virðist eiginlega sanngjarnast og í samræmi við það, sem á að gera með tilliti til hins atvinnuvegarins, að frv. eins og það kom frá hv. Ed. hefði náð samþykki n. óbreytt. Ef n. vill ekki fallast á frv. óbreytt, hefði ég viljað leggja til að létta undir með fiskmjölsiðnaðinum í landinu með því að taka helmingi minna útflutningsgjald af eldþurrkuðu fiskmjöli en sólþurrkuðu, og flyt ég brtt. um það á þskj. 572. Vélþurrkað fiskmjöl selst fyrir talsvert minni verð en það fiskmjöl, sem er sólþurrkað, og þó að áhöld kunni að vera um kostnaðinn, hygg ég, að hann sé fullt svo mikill við vélþurrkunina. Þessi vara hefir því fyllilega rétt til þess að vera í lægra útflutningsgjaldsflokki en sólþurrkaða fiskmjölið. Ég álít, að réttasta leiðin í þessu máli hefði verið að samþ. frv. eins og það kom frá hv. Ed.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Fjhn. tók þetta mál til athugunar nú undir þessa umr., en hún fékk ekki þær upplýsingar, sem gátu fullnægt henni til þess að hverfa frá þeim ákvörðunum, sem hún hafði tekið um afgreiðslu þessa máls. Það er vitanlega rétt, sem hv. þm. Vestm. heldur fram, að vélþurrkað fiskmjöl er í nokkru lægra verði en sólþurrkað, en ég hygg, að það muni verða erfitt að hafa fullnægjandi eftirlit með því, hvað er sólþurrkað og hvað er vélþurrkað. Eins og kunnugt er, fer ekkert mat fram á þessari útflutningsvöru, og útreikningurinn á útflutningsgjaldinu yrði því alveg að vera eftir því, sem upp væri gefið af verksmiðjunum. Mismunurinn á þessum mjöltegundum er ekki meiri en t. d. á síldarmjöli, því að það er mjög *mikill* verðmunur á síldarmjöli af fyrsta flokki eða saltsíldarmjöli. Það mun vera um 50% lægra í verði en annað síldarmjöl. Ef á að taka tillit til þessa mismunar á þessum mjöltegundum, fiskmjölinu, þá ætti einnig að taka til greina þann mismun, sem er á verðgæðum síldarmjölsins. Þessari iðngrein, fiskmjölsframleiðslunni í landinu, er gert hægara fyrir með till. n., og það svo verulega, að ég álít, að það sé engu minni stuðningur fyrir fiskmjölsframleiðendurna en það, sem fólst í frv., þegar það kom frá hv. Ed. Það, sem aðallega hefir verið fært fram sem andmæli gegn till. n., er það, sem hv. þm. G.-K. hefir haldið fram, að þessi tollhækkun á útfluttu efni, hausum og beinum, myndi verða til þess að skapa lægra verð fyrir þá, sem selja þessa vöru til verksmiðjanna. Nú var bent á það við 2. umr. þessa máls, að það væru líkur til þess, að aðstaða verksmiðjanna hér heima batnaði svo við það, ef aukin væri vinnsla í landinu, að líkur væru til þess, að þær gætu a. m. k. greitt *sama* verð og *nú er* borgað, og jafnvel heldur ríflegar. Ég hefi reynt að afla mér upplýsinga um það, hvaða verð væri á þessari vöru, hráefnum til fiskmjölsgerðar, en hefi ekki fengið nógu ábyggilegar upplýsingar um það. Ég hygg, að það muni vera nokkuð óákveðið og að þessi hráefni séu keypt á hverjum tíma og á hverjum stað allt eftir því, hvað hægt er að fá þau fyrir. Eins og tekið var fram við 2. umr., þá skapar þessi verksmiðjurekstur talsverða atvinnu í landinu, og því er ástæða til að reyna að hlynna að þessum fiskmjölsverksmiðjum eftir því sem föng eru á. Það hefir verið bent á það, að þessi fiskmjölsframleiðsla eykur þann erlenda gjaldeyri, sem þjóðin hefir yfir að ráða, og er það engu að síður nauðsynlegt en að auka atvinnuna í landinu. Af öllum þessum ástæðum hefir n. ekki séð ástæðu til að víkja frá sínum fyrri till. um þessi efni, og við atkvgr. gefst hv. dm. tækifæri til þess að lýsa skoðun sinni á till. hv. þm. Vestm., ef

þær koma hér til atkv. Annars hafði ég litið svo á, að það yrði að bera fram nýjar till. við þessa umr., ef þær ættu að geta komið til atkv., og af þeirri ástæðu bar meiri hl. n. fram að nýju sínar brtt. Ég ætla eiginlega ekki að fjölyrða um þetta frekar. Það verður sennilega ekki hægt að færa fram nein óyggjandi rök fyrir málstað þessara tveggja aðila, sem hér eiga hlut að máli, eða hvora leiðina eigi að fara til þess að efla þessa innlendu framleiðslu: að lækka útflutningsgjaldið af fiskmjölinu eða hækka útflutningsgjaldið af hráefnunum; en ég vil að lokum benda á það ósamræmi, sem yrði við það, að lækka útflutningsgjaldið af fiskmjöli, en láta útflutningsgjaldið af síldarmjöli haldast, og mér skilst, að það væri lítt verjandi, enda mun verðið á síldarmjöli vera heldur lægra.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég kann ekki við, að menn tali um þetta mál eins og fjhn. sé öll sammála um málið. Ég gerði við 2. umr. þessa máls grein fyrir afstöðu minni til málsins, að ég hélt allrækilega, og sú grg. bar með sér, að ég er á öndverðum meið við meðnm. mína um þetta mál. Ég hirði ekki um að fara að endurtaka þau rök, sem ég þá færði fyrir því, að mín afstaða til málsins væri rétt, en afstaða meiri hl. n. væri röng, enda geri ég ekki ráð fyrir, að það ráði neinum úrslitum á þessu máli að fara að tvítaka þau rök. Ég get einungis um það og legg áherzlu á, að það, sem okkur ber á milli, er það, að meiri hl. telur, að heppilegra sé að ráða bót á því meini, sem báðir viðurkenna, að sé fyrir hendi, með því að leggja skatt á hausa og bein, til þess á þennan hátt að hindra útflutning þeirrar vöru í því skyni, að hún verði unnin í hinum innlendu verksmiðjum. Ég tel eðlilegu og réttu leiðina vera þá, að láta útflutningsgjaldið af hausum og beinum nú haldast, en lækka útflutningsgjald hinnar unnu vöru, fiskmjölsins, til þess að á þennan hátt mætti gera jafnari aðstöðu hinna innlendu vinnslustöðva. Meginástæðan fyrir þeirri till. minni er sú, að innlendir framleiðendur selja þessa vöru að nokkrum hluta erlendum kaupmönnum, vegna þess að erlendir kaupmenn bjóða betur, en ég vil ekki fáum verksmiðjueigendum til framdráttar skerða hlut hinna mörgu smáu framleiðenda. Ég vil segja frá því, að í n. var þetta mál til athugunar milli 2. og 3. umr., og kom þá fram sú upplýsing frá frsm. meiri hl., að þessi sala til útlendinga færi fram af því, ef svo mætti segja, að viðskiptin héldust í gömlum farvegi, en ekki af því, að erlendir menn byðu betur fyrir vöruna. Ég sagði, að ef þetta ætti við rök að styðjast, myndi það valda því, að ég breytti minni afstöðu til málsins; en ég hygg, að það megi segja með fullri vissu, að ástæðan til þess, að erlendir menn fá þessa vöru, er ekki þessi, heldur hin, að þeir borga hana hærra verði en innlendu verksmiðjurnar. Ég legg til, að brtt. frá meiri hl. fjhn. verði felldar; einnig leyfi ég mér að leggja til, að hv. þm. Vestm. taki aftur sínar brtt. Verði þær samþ., er frv. þar með spillt. Verði frv. samþ. óbreytt, er það það, sem hann vill helzt. Fari það svo, að brtt. meiri hl. n. verði samþ., mættu brtt. hv. þm. koma fyrir á eftir, ef það er samrímanlegt þingsköpum, sem ég skal ekki um segja, en ef svo er, þá vildi ég, að þær yrðu teknar aftur, og mætti bera þær fram í Ed., því þangað fer frv., ef á því verða gerðar breyt. Ég vænti, að mönnum sé ljóst, að þeir, sem ekki vilja skerða hlut smáútvegsmanna, þeir eiga að fella brtt. meiri hl., en samþ. frv. óbreytt.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég vildi aðeins taka undir með meiri hl. fjhn. og vænti, að till. hans verði samþ. Að vísu get ég hugsað mér, að það mætti í þessu máli sættast með því, að hækkunin á fiskúrgangi félli niður, en fiskmjölið héldist í sama tolli og það er nú. Það hefir oft undanfarið verið óskað eftir hærri tolli á fiskúrgangi, til þess að jafna aðstöðu þeirra erlendu kaupmanna og innlendu fiskmjölsverksmiðja. Þessu hefir ekki verið sinnt fyrr en nú er fitjað upp á því. Ef till. meiri hl. fjhn. verða samþ., verður ekki um það kvartað, að aðstöðumunur sé hjá þessum innlendu verksmiðjum og útlendu kaupmönnum, því að hann er þar með jafnaður. (**ÓTh:** Á hverra kostnað?). Á þann hátt, að hvortveggja borgar jafnmikið til ríkisins af sinni framleiðsluvöru, og það

er nú svo um þetta gjald, að það er meðal þeirra tekna, sem ríkið má ekki láta niður falla. Það er sá einfaldi sannleiki í þessu eins og svo mörgu öðru, að ríkið má ekki við að missa neitt af því, sem það hefir nú í tekjur. Það koma till. úr ýmsum áttum að fella niður þetta og hitt gjaldið, og því miður er ekki hægt að sinna neinum sérstökum till. af því tægi og því réttlátt að vísa þeim öllum frá, og þessari líka. Þó að fiskmjölið væri fellt niður, kæmi fram annað misrétti, og það er, að síldarmjölið ætti að standa undir óbreyttum tolllögum. Ef ætti að fikra sig áfram eftir þessari braut, mundi ekki vera numið staðar hér, heldur haldið áfram. Ég legg til, að till. meiri hl. verði samþ.

**Sveinn Ólafsson:** Þetta mál virðist í sjálfu sér ekki flókið eða vandasamt, en mér virðist þó, að till. fjhn., eins og þær koma fram á þskj. 603, um að tvöfalda útflutningsgjald fiskbeina, muni vera sprottnar af ókunnugleika á því, hvernig hagar til í verstöðvunum til og frá um landið. (**ÓTh:** Meiri hl. fjhn. á að segja). Það er ekki vafi á því, að víða í verstöðvum er það einhver hin helzta atvinnubót liðléttinga, barna og kvenna og annara þeirra, sem lítt eru vinnufærir, að hirða fiskúrgang og gera hann að vöru, og það er ekki nándar nærri alstaðar, að kostur er á að koma þessari vöru í peninga með öðru móti en því að selja hana útlendingum, með því að verðið er lágt hjá beinamylnum innlendum, en flutningur að þeim of dýr. Útlendu kaupendurnir eru mér vitanlega engir aðrir en umboðsmenn norskra verksmiðja, sem frá afskekktum stöðum safna fiskbeinum gegn viðunanlegu verði og koma þeim á útlendan markað.

Þessi hækkun á útflutningsgjaldinu mundi draga tilfinnanlega úr atvinnuvonum þeirra, sem af því hafa stuðning að verka beinin, og yrðu hvorki ríkissjóði sá tekjuauki, sem ætlað er, né heldur til þess að beina þessum viðskiptum til hinna innlendu verksmiðja. Ég held, að samþykkt þessarar till. á þskj. 603 myndi verða hreint og beint til þess að ræna nokkurn hluta þeirra manna, sem litlar atvinnuvonir hafa, að öllu leyti þeim atvinnuvonum, sem þeir nú hafa, og fyrir ríkissjóð verður þetta stopul og óábyggileg tekjuvon. Ég verð þess vegna eindregið að taka undir grg. hv. þm. G.-K. og get fallizt á skoðun hans á þessu máli. Skal ég ekki fjölyrða frekar um þetta, enda ætla ég, að það sé óþarft eins og komið er.

**Jóhann Jósefsson:** Ég get sagt það sama og hv. 1. þm. S.-M., að mér virðist hv. minni hl. fjhn. hafa fært svo góð rök fyrir því, að þessi leið, sem hv. meiri hl. fjhn. hefir fundið út, sé ekki fær. Ég fæ ekki annað skilið en að hv. d. muni geta fallizt á að samþ. frv. eins og það kom frv. hv. Ed. Náttúrlega getur sú mótbára alltaf komið til greina við hverskonar slíkar till., að ríkissjóður megi illa við þessu; en ég vil spyrja, — verður þeirri mótbáru haldið fram, þegar niðurfærsla gjaldsins af landbúnaðarafurðum kemur hér til atkv.? Ég held, að ómögulegt sé að samríma það, að ætla að tvöfalda útflutningsgjaldið af þurrkuðum fiskúrgangi, en afnema, sem ég geri ráð fyrir að verði, útflutningsgjaldið af öðrum vörum, eins og t. d. landbúnaðarafurðum. Það er ekki farið fram á að afnema útflutningsgjaldið af fiskmjöli, heldur að útflutningsgjaldið af fiskmjöli verði eins og á öðrum vörum, eins og t. d. af fiski. Það er misskilningur hjá fjhn., að frv. eins og það kom frá Ed. hafi farið fram á að undanþiggja fiskmjölið útflutningsgjaldi — fjarri því. Ég get orðið við tilmælum hv. þm. G.-K. um að draga til baka þá till., sem ég hefi flutt á þskj. 572, í því trausti, að réttlætið verði ofan á í þessu máli og menn fari ekki að jafna aðstöðumuninn með því að taka mismuninn í flestum eða öllum tilfellum frá fátækum sjómannaheimilum, sem vinna að þessari framleiðslu.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. lét í ljós sína skoðun á þessu máli, og ég verð að segja, að hans eina afsökun er sú frá mínu sjónarmiði, að fjmrh. verða á hverjum tíma að halda fast um pyngju ríkissjóðs og gjalda varhuga við öllum þeim till., sem draga úr fjáröflunarleiðum ríkissjóðs. Þetta er líka einasta afsökun ráðh., þessi meðfædda nízka, sem

má færa einum ráðh. til afsökunar. Hitt verð ég að segja, að þegar stj. hæstv. fjmrh., sem líka er forsrh., ber fram till. um, að varið skuli 12 millj. kr. til bænda, sem ég skal ekkert telja eftir, kann ég illa við það, að hér sé verið að fjargviðrast út af því, þó að örfáir, kannske ekki nema 2—3 tugir þúsunda eigi að fara úr ríkissjóði til þess að forðast að skerða hagsmuni sjávarútvegsmanna, og sannleikurinn er nú sá, að það hefir enginn komið með útreikning um, hvort þetta verður tap fyrir ríkissjóð. Útflutningsgjaldið af fiskmjöli verður að lækka, en sú ráðstöfun nær því aðeins sínum tilgangi, að sú lækkun sé ekki gerð á kostnað framleiðendanna. Að vinna úr hausum og beinum fylgir aukin atvinna í landinu, sem hefir í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð; auk þess fer mikið af kolum til þessarar vinnslu, og þar fær ríkið tekjur af kolatollinum. Hitt er kaldrifjað, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., hvernig á að fara að jafna aðstöðuna. Ég spurði hæstv. ráðh., á hvers kostnað það ætti að gera, og ég spyr, hvernig stendur á því, að nokkur hluti þessarar vöru er fluttur út óunninn, þó að til séu vinnustöðvar hér á landi, sem geta unnið úr vörunni? Það stendur þannig á því, að erlendir kaupmenn bjóða hærra verð fyrir vöruna en hinar innlendu vinnustöðvar. Ég vil segja, að okkur, sem þyngstar búsifjarnar berum af þessu útflutningsgjaldi af síld, er það engin huggun, þó að í fylkingu okkar standi minni sjávarútvegsmenn, sem einnig sé íþyngt með þungum böggum. Okkur finnst ekki þessir baggar léttari, þó að hinir séu klyfjaðir líka. Það er hægt að viðurkenna, að fjárhagur ríkissjóðs er þröngur, en við getum ekki viðurkennt, að þær aðþrengingar eigi að verða þess valdandi, að hlutur sjávarútvegsmanna verði verri í þessum efnum. Ég legg til, að brtt. meiri hl. fjhn. verði felldar, en frv. samþ. eins og það kom frá hv. Ed.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. þm. G.-K. lagði fyrir mig þá spurningu, hvernig á því stæði, að óunninn fiskúrgangur væri að töluvert miklu leyti fluttur út úr landinu. Þessu hefir af sumum verið svarað á þann veg, að verzlunin á þessari úrgangsvöru muni falla eftir gömlum farveg, og þó að aðstaðan yrði jöfnuð á milli fiskmjölsins og úrgangsins úr fiskinum, þá mundi samt verða haldið áfram að flytja hann út til sölu. Þetta hefir verið sagt af sumum hv. þdm., sem þó eru andstæðir brtt. hv. meiri hl. fjhn.

En á því, sem mér virðist vera um deilt í þessu máli, tel ég að megi fá úrlausn til samkomulags, með því, ef hv. fjhn. leyfir það, að till. hennar sé borin upp í tveimur liðum. Og þá vil ég mæla með því, að fyrri liður till. verði samþ., svo að það haldist óbreytt, sem nú er í lögunum. En viðvíkjandi síðari liðnum get ég sagt það, að mér er ekkert kappsmál að hækka tollinn á þurrkuðum fiskúrgangi og get gefið það eftir, að hann haldist óbreyttur. Hv. þdm. geta svo ráðið það við sig, hvort heldur þeir aðhyllast viðvíkjandi síðari liðnum, að hækka tollinn á fiskúrganginum eða hafa hann óbreyttan. Ég hefi heyrt suma af andstæðingum þessarar till. halda því fram, að fiskmjölsverksmiðjurnar hér á landi væru að talsverðu leyti eign erlendra manna og þess vegna væri ekki sérstaklega nauðsynlegt að hlynna að þeim með því að hækka tollinn á fiskúrgangi. En hvað sem því líður, þá ætlast ég til, að þetta tilboð standi til fátækra fiskimanna, er selja óunninn fiskúrgang, og vonast ég til, að hæstv. forseti beri till. upp í tvennu lagi.

Hv. þm. Vestm. var að tala um útflutningsgjaldið af landbúnaðarafurðum og hélt því fram, að ef það yrði fellt niður, þá ætti einnig að fella niður þetta útflutningsgjald af fiskafurðum. Ég veit ekki, hvað þessi streita á að verða öflug milli þessara aðalatvinnuvega hér í þd. En ég get sagt það fyrir mitt leyti sem fjmrh., að ég vil láta útflutningsgjaldið standa bæði á landbúnaðar- og sjávarafurðum, þeim sem hér um ræðir. Það munar ríkissjóð a. m. k. um 200 þús. kr. árlega, og ég geri ráð fyrir, að það mundi heyrast hljóð úr einhverju horni, ef þeirri upphæð væri bætt ofan á þá „skattavitfirringu“, sem svo mikið er nú umtöluð þessa dagana í blöðunum og manna á meðal.

Ég hygg ennfremur, að hv. þm. Vestm. og fleiri þdm. mundu fá litla áheyrn hjá

þingi og stjórn við þeim kröfum, sem þeir bera fram fyrir sín kjördæmi, ef skattarnir verða ekkert hækkaðir. Annars er það alveg einstakt að kalla má, hvað skattar til ríkissjóðs hafa lítið verið hækkaðir hér á landi síðan kreppan fór að gera vart við sig. Hækkunin hefir verið svo hverfandi lítil, að slíkt þekkist ekki í neinu öðru landi í Evrópu. Nú er gert ráð fyrir, að ríkið leggi talsvert fé af mörkum til ýmiskonar ráðstafana gegn afleiðingum kreppunnar, og það dregur sannarlega ekki úr þörf ríkissjóðs fyrir aukna skatta. Hefði fyrr mátt vænta þess, að hert væri á skattaskrúfunni hér á landi en raun er á orðin, fyrst og fremst til þess að bæta upp þá tekjurýrnun, sem ríkissjóður hefir orðið fyrir vegna þverrandi tekjustofna í kreppunni.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Skýzt þó skýrir séu, má segja um þá hv. þm. G.-K. og hv. þm. Vestm. Þeir virðast ekki hafa athugað, hversu náið samband er á milli beggja þessara frv., sem eru 4. og 5. mál á dagskránni. Samkv. báðum þessum frv. eru útfluttar vörutegundir færðar á milli tollflokka. Í fyrra frv. eru taldar upp þær vörur, sem heyra undir 1½% útflutningsgjald, og eins og frv. kom frá Ed. er fiskmjöl þar komið inn undir 1½% verðtollinn, og einnig síldarmjöl, en eftir brtt. meiri hl. fjhn. við það frv. er fóðurmjölið fellt úr frv., og þar með út úr þessum tollflokki. **(ÓTh:** Var það þetta, sem þið voruð að leyna mig?). Það var engu að leyna. **(ÓTh:** Ég spurði bæði form. og frsm. n. eftir þessu, og hafi þeir leynt því vísvitandi, þá er það meiri ósvífni en ég hefi þekkt í nefndarstörfum). Ég skal fúslega játa það, að ég get ekki verið fullviss um hvort hv. þm. G.-K. les þingskj. venjulega eða ekki, og þess vegna get ég enga ábyrgð borið á því. Ef hv. þm. getur ekki skilið, hvernig í málunum liggur, þá verður hann eingöngu að ásaka sjálfan sig fyrir það. Ég finn ekki, að mér beri skylda til að leiðbeina honum svo, að hann geti greitt atkv. í samræmi við sjálfan sig.

Í síðara frv., því sem hér liggur nú fyrir, eru taldar þær vörutegundir, sem heyra undir hærri toll til útflutnings. Og ef frv. verður samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed., verður afleiðingin sú, að fiskmjölið fellur undan öllu útflutningsgjaldi. Og úr því að þessir hv. þm. fylgdust ekki betur með fyrra frv., þá verða þeir að sætta sig við að láta bæði frv. ganga aftur til Ed. og vinna að því, að þau geti bæði hlotið þar þá úrlausn, sem leiðir til fullkomins samræmis á milli þeirra. En eins og málin horfa nú við, sé ég enga leið til þess fyrir hv. þdm. að samþ. frv. óbreytt frá Ed., enda mundi það ekki verða talið skammlaust fyrir þessa hv. þd. að afgr. málið frá sér í slíkum viðrinisbúningi.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Heyr á endemi, verður mér að orði, þegar hv. þm. V.-Húnv. þykist vera að gera sig breiðan í þessu máli, því að það litla, sem hann veit um og skilur í þessu máli, hefir hann frá mér. Hann sat sofandi yfir þessu frv. í fjhn., svo vantaði mig á einn nefndarfund, og þá var það afgr. frá n. í hinu mesta öngþveiti. Mig rámar eitthvað í, að það bærist í tal á fundi fjhn. fyrir hálfum mánuði síðan um sambandið á milli þessara tveggja frv. um breyt. á l. um útflutningsgjald, sem hér eru talin 4. og 5. mál á dagskránni. Svo fór ég áðan til form. og frsm. n. og spurði þá enn eftir þessu, hvert samband væri á milli þessara brtt. fjhn. við bæði frv. En þeir sögðu, að þar byggi ekkert undir. Það er nú augljóst, að þeir hafa sagt mér ósatt. Og svo kemur hv. frsm. á eftir með ógurlegum rosta og rembingi út af því, að ég skuli ekkert vita um það, sem fram hafi farið í n., og skuli ekki vilja hlíta hans forsjá í þessu máli. En úr því að ég sýndi hv. frsm. þann sóma að spyrja hann um sambandið á milli þessara tveggja frv., og hann svaraði því ekki, þá er mér næst að halda, að hann hafi ekkert um það vitað, eða a. m. k. ekkert munað eftir því í svipinn. En þegar hv. þm. fór að kynna sér málið, sótti lagasafnið og leitaði í því, og fór því næst til form. fjhn., er mun hafa gefið honum þessar upplýsingar, sem hv. frsm. var að flagga með áðan og hreykja sér af, þá vona ég, að hv. þdm. sjái, að þessi framkoma hans er á allan hátt óverjandi og að þessi aðferð hv. meiri hl. fjhn. til þess að fá tollinn hækkaðan á þurrkuðum fiskúrgangi er

ekkert annað en ránsferð á hendur þeim atvinnurekendum við sjóinn, sem stunda smáútveg.

Þó að það kunni að þykja vansmíði á þessu frv., ef það verður samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed., þá er engin þörf á að hlíta forsjá hv. frsm. um lagfæring. Ef ástæða þykir til, þá má búa þannig um, að hitt frv. verði lagfært í Ed., þannig að fiskmjölinu verði aftur komið undir tolllögin, á sama hátt og verið hefir.

Hæstv. forsrh. var að bjóða þá sættargerð í þessu máli, að tollurinn skyldi haldast óbreyttur á fiskmjölinu, en að tollur skyldi aftur á móti ekki verða hækkaður á þurrkuðum fiskhausum og beinum. Þetta er að vísu talsvert skárra. En tilgangur frv. eins og það kom frá Ed. er fyrst og fremst sá, að styðja fiskmjölsiðnaðinn í landinu, og hinsvegar að ná þeim tilgangi án þess að íþyngja smáútvegsmönnum, sem hafa fiskúrgang til sölu. Ég álít, að hvorttveggja sé lofsvert. En ef gengið verður að þessu tilboði hæstv. ráðh., að útflutningsgjaldið haldist óbreytt á fiskmjölinu, þá nýtur þessi innlenda iðngrein eigi nauðsynlegrar verndar. Ég álít, að það sé alveg rétt að hlynna talsvert að þessum atvinnurekstri, en hinsvegar er það óséð, hvort niðurfelling á þessum tolli veldur ríkissjóði verulegu tapi. Það getur enginn upplýst með vissu, hvað ríkissjóður fær í toll af innfluttum vörum og tækjum, sem notuð eru til þess að vinna úr beinunum í verksmiðjunum og breyta þeim í mjöl, auk þeirra tekna, sem fást vegna þeirrar atvinnu, sem þessi iðnaður veitir verkafólki í landinu.

Ég endurtek það, sem ég áður sagði, að þeir hv. þdm., sem ekki vilja fara ránshendi um hinar galtómu fjárhirzlur smáútgerðarmanna og vilja styðja að auknum atvinnurekstri í landinu, eiga að samþ. þetta frv. óbreytt eins og það kom frá Ed. Ekki sízt þegar hv. þdm. ætla samtímis að veita bændum 12 millj. kr. til kreppuráðstafana.

**Jóhann Jósefsson:** Ég verð að segja hæstv. forsrh. það, að þó að ég beri hér fram á Alþingi kröfur og óskir fyrir mitt kjördæmi, þá sé ekki ástæða til að láta kjördæmið gjalda þess, þó að ég sé hér á öndverðum meiði við till. hv. meiri hl. fjhn. í þessu máli. Ég kannast ekki við, að Vestmannaeyjakaupstaður sé sá þurfalingur á ríkissjóði, að ástæða sé til að benda á hann einan allra kjördæma í því efni. Hæstv. ráðh. veit, hversu miklar tekjur ríkissjóður fær úr Vestmannaeyjum. Og ég get fullvissað hann um það, að í Vestmannaeyjum er enginn maður, sem mundi slá hendinni á móti því að fá ríkissjóðsgjöld Eyjanna í bæjarsjóðinn og greiða svo úr honum öll gjöld og þarfir kaupstaðarins, að viðbættu því, sem ríkið leggur fram til embættismanna sinna og annars, sem því ber þar að kosta. Ég kann því illa, að hæstv. ráðh. sé að beina þessu spjóti sínu einungis til Vestmannaeyjakjördæmis, og hygg ég, að hann megi engu síður snúa því til annara.

Hv. frsm. fjhn. hélt því fram, að það gæti ekki annað komið til mála en að d. samþ. brtt. meiri hl. n., sérstaklega eftir afgreiðslu þess frv., sem hér var næst á undan á dagskránni. Það kemur þá að því, að prófuð verði til þrautar sanngirni þessarar hv. þd. gagnvart smærri útvegsmönnum, samanborið við sumar aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er að vísu ekki stórt, en í sambandi við önnur úrlausnarefni, sem fyrir þinginu liggja, getur það verið góður leiðarvísir til bendingar um það, hvers sá hluti landsbúa — smáútgerðarmenn — getur vænzt af þinginu, enda hafa þeir ekki fylgt sínum kröfum með hávaða á fundum og kröfugöngum hér í höfuðstaðnum í vetur, en það hafa aðrir gert. Hér er um að ræða lítilsháttar leiðréttingu á skattskyldu, þannig að létt verði af að nokkru leyti útflutningsgjaldi af fiskmjöli, sem er alveg ný framleiðslugrein hér á landi og nauðsynleg. Og það er ekki fyrr en þessi iðnaður var hafinn hér á landi, sem útlendingar fara að keppa um að ná í hráefnið, fiskúrgang og hausa. Hæstv. ráðh. sagði, að beinaverzlunin mundi falla eftir gömlum farvegi, en það er ekki rétt. Það er fyrst eftir að landsmenn eru vaknaðir til þess að starfrækja beinamjölsverksmiðjurnar, þá koma útlendir menn hingað til þess að keppa um kaup á fiskúrganginum. Mér

virðist, að afstaða hv. meiri hl. fjhn. í þessu máli sé alveg laukrétt. En aftur á móti finnst mér, að hæstv. ráðh. og hv. frsm. meiri hl. leggi allt of mikið kapp á að viðhalda óréttlátum tolli á þeirri vöru, sem hér um ræðir. Ég stend við það, sem ég sagði áður, og mun taka aftur brtt. við þetta frv., en greiða atkv. á móti brtt. meiri hl., þrátt fyrir ofsa hv. frsm. meiri hluta.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Hv. þm. Vestm. getur verið viss um það, að kjördæmi hans verður ekki látið gjalda þess, þó að hann hafi nú tekið þessa afstöðu í máli því, sem hér liggur fyrir. En það er alveg óhjákvæmilegt, þegar verið er að biðja um tollaívilnanir á einstökum vörutegundum, að þá er ekki hægt að standa á móti öllum tollahækkunum á öðrum vöruflokkum.

Vestmannaeyjar eru mesti myndarstaður, en ríkið hefir oft hlaupið undir baggann í málum þeirra og sýnt mikla linkind um greiðslu á skuldum bæjarfélagsins við ríkissjóð, sem stundum hefir staðið styrr um, og verður þó líklega að gera meira að því síðar. En það kemur ekki þessu máli við.

Hv. þm. Vestm. lét þess getið, að með afstöðu hv. þdm. í þessu máli sýndu þeir hugarfar sitt til sjávarútvegsins. Þetta nær ekki nokkurri átt. Það er allt of mikið gert úr þessu máli hér í umr. Hér er um að ræða eina af smærri iðngreinum sjávarútvegsins, og virðist ekki ástæða til að taka hana út úr og fella niður útflutningsgjald af fiskmjöli einu út af fyrir sig. Þessi krafa um afnám á útflutningsgjaldi á þeirri vöru á ekki meiri rétt á sér heldur en margar aðrar kröfur um tollalækkun á sjávarafurðum, sem ekki eru teknar til greina. Vitanlega er alltaf hægt að hrópa til þeirra, sem vilja halda þessum sköttum, að þeir séu allir fjandmenn sjávarútvegsins, og hið sama verður náttúrlega einnig sagt um hina, sem ekki vilja fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, að þeir séu allir fjandmenn landbúnaðarins. Vitanlega koma þessi hróp sitt úr hvorri áttinni, ef hvorugt af þessum útflutningsgjöldum verður afnumið. Ég held, að á þessum tímum sé bezt að sleppa slíkum stóryrðum sem þessum og hreyfa ekki við þessum tekjustofnum ríkissjóðs, sem hefir svo miklum og auknum þörfum að gegna, enda mun ég leggja á móti því, að hreyft verði við útflutningsgjaldi af landbúnaðarafurðum, þegar það frv. kemur frá fjhn.

Um sjávarútveginn er það að segja, að hann hefir alltaf notið sæmilegrar aðstöðu hér á Alþingi og býr nú við sömu skattalög og verið hefir, meðan ég hefi átt sæti á þingi. Þetta ranglæti, sem sumir hv. þdm. nefna svo, er því ekki nýtt í sögunni. Og svo kemur þessi till. um afnám á útflutningsgjaldi fram, þegar engir möguleikar eru fyrir hendi til þess að lækka tekjur ríkissjóðs. En hitt er þó merkilegra, að við, sem erum till. andvígir og höfum borið hér fram aths. út af henni, erum allir kallaðir fjandmenn sjávarútvegsins.

**Frsm. (Hannes Jónsson)**: Mér þótti hv. þm. G.-K. heldur gustillur í ræðu sinni áðan. Hann ber á mig svo að segja alla þá lesti og fávísi, sem óprýða mega einn mann, og hélt því fram, að ég hefði frá sér allt það, sem ég vissi í þessu máli. Eftir því að dæma virðist hann hafa gertæmzt svo sjálfur af fróðleik til mín, að hann veit nú hvorki upp né niður í málinu. Hann veit ekkert um efni þess frv., sem afgr. var hér áðan, næst á undan þessu máli. Hann veit ekkert — eða lætur ekkert vita — um samband þess við það frv., sem nú er til umr. Hann skilur það ekki, að brtt. meiri hl. n. er fram komin til þess að setja inn í þetta frv. það ákvæði, sem fellt var úr hinu. Ef hv. þm. hefir ekki verið að gera að gamni sínu með þessum fávitalátum, þá bendir þessi framkoma til þess, að hann sé farinn að delera. Og þá er vel, að við höfum landlækninn hér viðstaddan í d., ef hv. þm. G.-K. kynni að fá aftur annað verra kast undir þessum umr. Ég vona, að hv. þd. líti í náð sinni til þessa hrjáða þm., sem hefir nú hlaupið svo herfilega á sig í þessu máli, af því að ég gætti þessi ekki að leiðbeina honum við afgreiðslu fyrra frv., og vona ég, að d. bæti úr því og mildi mistök hans, með því að samþ. brtt. meiri hl. n. og samræma frumvörpin. Þessi frv. verða ekki afgr. forsvaranlega á annan hátt.

Ég held, að hv. þm. Vestm. hafi orðið mismæli, þegar hann var að tala um ofsa minn í umr. Hann hefir þar hlotið að eiga við hv. frsm. minni hl., en ekki meiri hl. n. Ég þykist hafa verið siðprúður í þessum umr., og ef eitthvað ásökunarvert hefir fram komið, þá er það af hálfu hv. frsm. minni hl. Eftir afgreiðslu fyrra frv. lýsti ég greinilega sambandinu á milli þessara tveggja frv., þannig að hv. þm. var vorkunnarlaust að vita, hvað í þeim fólst. Annars er það heldur hjákátlegt af hv. þm. G.-K. að halda því fram og telja öðrum trú um, að ég hafi verið sofandi á fjhn.-fundum og að ég hafi fengið allar upplýsingar frá honum í þessu máli. En svo kemur það í ljós, að hann hefir sjálfur hlaupið svo herfilega á sig við afgreiðslu fyrra frv., og verið svo utan við sig, að það er algerlega í ósamræmi við það, sem hér liggur fyrir. Það þarf áreiðanlega önnur rök en fram hafa komið frá hv. þm. G.-K. til þess að ætla hv. þd. að samþ. þetta frv. óbreytt eins og það kom frá Ed. Og afleiðing þess yrði þá vitanlega engin önnur en sú, að Ed. yrði að samræma þessi frv. aftur.

Það var aldrei tilgangur hv. flm. eða Ed. með þessu frv. að afnema algerlega útflutningsgjaldið af fiskmjölinu; og ef hv. d. vill komast hjá því og hafa fullkomið samræmi í þessum tollalögum, þá getur hún það aðeins á þann hátt að samþ. brtt. meiri hl. n.

Ef hv. þm. G.-K. kynni að fá eitt deliriumkast enn, þá mun ég reyna að gefa honum einn skammt síðar.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Húnv. þarf ekki að vera hræddur um, að ég hristi hann mjög tilfinnanlega í þetta sinn. Ég er vanur að láta mér nægja eitt skot á svona gemling í sláturtíðinni. — Ég var á einum fundi í fjhn., sem fjallaði um þetta mál, og gaf þá hv. frsm. ýmsar upplýsingar um þessa mjölvinnslu úr fiskúrgangi og hausum o. fl., þannig að ýmislegt af því, sem hann hefir sagt um þetta mál af viti, er á því byggt. Ég álít, að hann þurfi ekkert að skammast sín fyrir þetta; ég efast ekki um, að hann muni geta frætt mig eitthvað viðvíkjandi landbúnaði, sem mér er ekki kunnugt. Ég er ekkert að miklast af því, þó að ég viti talsvert meira en hv. frsm.; það þarf ekki að vera svo mikið til þess. — Sannleikurinn í þessu máli, sem hér liggur fyrir, er sá, að það varð samkomulag um það í fjhn. að afgr. þessi tollafrv. án þess að nokkurt samband væri á milli þeirra, Ég fór til hæstv. form. n., 1. þm. N.-M., og spurði hann eftir, hvort nokkuð hefði búið hér á bak við hjá meiri hl. n., eftir að hv. frsm. fór að reyna að slá sig til riddara á mér hér í umr., og form. n. neitaði því. Hann hafði þá ekki áttað sig á þessu sambandi á milli frumvarpanna fremur en hv. frsm. og hæstv. forseti, sem ekki hefir látið þessi mál koma í réttri röð á dagskrána til afgreiðslu. Málin komu í öfugri röð hér inn í þd., að hv. frsm. alveg óafvitandi, af því að hann hafði ekki áttað sig á sambandinu á milli þessara frv. fremur en aðrir. Það er bezt, að við tökum þessa sök á okkur allir sameiginlega og séum ekkert að grobba.

Ef brtt. meiri hl. verður felld og frv. samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed., þá verður það tryggt, að fiskmjöl kemur undir sama útflutningsgjald og áður var. Er því óhætt að fella brtt. meiri hl. og samþ. frv. óbreytt.

Ég segi sem karlinn, að sá liggur, sem liggur, og ef við verðum ofan á í þessu máli, þá skal ég ekki kvarta eða sjá eftir því, að hv. þm. hefir sýnt hér sínar andlegu listir.

**Forseti (JörB)**: Út af ummælum hv. þm. G.-K. um, að raskazt hafi röð á málum hér, vil ég taka það fram, að sú breyt. hefir orðið í Ed. Annars er það hæpið um sjálfstæð mál, að þau verði ekki aðskilin í meðferð. Það hefir hver þingd. á valdi sínu, en ekki forseti.

**Frsm. (Hannes Jónsson)**: Hv. þm. G.-K. var talsvert mildari í síðustu ræðu sinni en áður. Út af frásögn hans um það, að ég hafi gefið rangar upplýsingar, má minna á, að ég talaði ekki við afgreiðslu fyrra málsins. En ég hefi talað um þetta áður, og hv. þdm. geta lesið ræðu mína og athugað, hvort ég hafi þar skýrt rangt frá. Brtt. eru alveg þær sömu og lágu fyrir eftir 2. umr.

Það er eins og það hefði átt að detta

yfir mig allt í einu, að afgreiðsla fyrra málsins hefði áhrif á afgreiðslu þess seinna. Það er eins og hv. þm. G.-K. hafi einkarétt á því að hafa réttan skilning á málunum, eins og allir taki það til láns hjá honum, ef þeir skilja eitthvað í málum, enda þótt hann botni kannske ekkert í þeim sjálfur. Ég mótmæli því, að ég hafi gefið nokkrar rangar upplýsingar. Ég skýrði frá málinu þannig, að honum átti að vera vandalaust að skilja það. Er það alveg ástæðulaust, þegar hv. þm. kennir mér um skyssur sínar, en þakkar mér aftur á móti, ef ég hefi rétt fyrir mér. Ég hefi áður tekið það fram, að mér finnst óviðfelldið, að hv. d. afgr. málið svo, að ekkert samræmi sé í. Ef frv. verður samþ. óbreytt, þá leiðir það til þess, sem allir dm. eru á móti, að útflutningsgjaldið af fiskmjöli fellur alveg niður. Þeir, sem eru á móti því, að útflutningsgjald af hráefnum hækki, geta samþ. fyrri liðinn að till. hæstv. ráðh., en fellt seinni liðinn. Þá eru menn lausir við agnúa þann, sem sagður er vera á till. n. Ásakanir á hendur n. hafa aðallega snúizt um það, að það er gert ráð fyrir útflutningsgjaldi af hausum og slíku. Þetta vil ég benda hv. þm. á, svo að ekki sé hægt að saka mig um að hafa ekki gefið vísbendingu um það, hvernig beri að greiða atkv. í málinu.

ATKVGR.

Brtt. 603, fyrri málsgr., felld með 12:8 atkv.

— 603, síðari málsgr., felld með 15:1 atkv.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 619).

---

## 53. Flóaáveitan.

Á 46. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann** (þmfrv., A. 351).

Á 48. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. var sent þetta frv., og er það útbúið af n. þeirri, sem ríkisstj. skipaði síðastl. sumar samkv. ályktun síðasta Alþ. til að hafa þetta mál með höndum. Landbn. komst að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að leggja málið fyrir d. eins og það kom frá þessari n., og legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. utan n. Þó mun landbn. bera ýmsar brtt. fram við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 52. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég gat þess við 1. umr. þessa frv., að það hefir verið lagt fyrir þingið í sömu mynd og það kom frá n. þeirri, er ríkisstj. skipaði síðastl. sumar til að athuga þetta mál. Ég gat þess þá einnig, að n. áskildi sér rétt til að bera fram brtt. En n. hefir ekki enn unnizt tími til að undirbúa þessar brtt., svo að þær liggja ekki fyrir nú. N. vill þó ekki fara fram á, að málið sé tekið af dagskrá. Hún mun bera brtt. sínar fram við 3. umr., en áskilur sér, að sú umr. fari ekki fram fyrr en næstkomandi laugardag.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál mikið almennt á þessu stigi, en vil þó drepa á nokkur atriði.

Samkvæmt skýrslum n. er allur kostnaður við Flóaáveituna 1430000 kr. En ég vil benda á, að þessi kostnaður er aðeins beint framlag til áveitunnar sjálfrar. Þar eru ekki reiknaðir með þeir vextir, sem á upphæð þessa hafa fallið, og mun það nú orðin álitleg summa. Ekki mun heldur talinn með sá styrkur, sem ríkissjóður hefir veitt til vegalagningar á þessu svæði, og ekki heldur það fé, sem farið hefir í að byggja garðana. Ef þetta allt er tekið með í reikninginn, er mér nær að halda, að upphæðin verði á 3. millj. kr.

Sú greiðsla, sem nefndarmenn fara fram á af hálfu þeirra ábúenda á áveitusvæðinu, sem ekki greiða í landi, er 80 aurar á hvern hektara, sem mældur hefir verið til áveitu, í 30 ár, og svo sé allri greiðslu af þeirra hálfu lokið. Ef þarna

er reiknað með því, að vextir séu 5%, en hitt afborganir, er höfuðstóllinn 12,30 kr. fyrir hvern hektara, og ætti ríkið, samkvæmt þessu frv., að láta sér það nægja upp í áveitukostnaðinn. Öll greiðslan til ríkisins yrði með þessu móti um 140000 kr., eða 10% af áveitukostnaðinum eins og hann liggur fyrir, fyrir utan vexti og útgjöld til vega og flóðgarða. Það er ætlazt til þess, að ríkið fái aðeins 10% upp í sitt beina framlag til þessa fyrirtækis. En n. ætlast til, að þessháttar greiðsla verði aðeins undantekning, og ríkið fái framlag sitt aðallega endurgreitt í landi. Með þeirri aðferð á ríkið að fá 1 hektara af hverjum 4 af áveitulandi. Sé gengið út frá því, að það, sem ríkið á að fá af hverjum hektara, sé 12,30 kr., verður gildi hektarans af áveitusvæðinu þá metið um 50 kr. Verð alls áveitulandsins verður þá, reiknað út frá þessu, 500—600 þús. kr., eða tæplega helmingur áveitukostnaðarins. Eftir allar umbæturnar er landið þá ekki meira virði en tæpur helmingur þess fjár, sem lagt hefir verið í áveituna. Þegar þetta er athugað, er hægt að vera n. sammála, er hún segir, að „sjáanlegt sé af niðurstöðum hennar, að áveitukostnaðurinn sé ekki á beinan hátt ríkissjóði að fullu greiddur". Ég vil þar að auki benda á, að með framkvæmd þessara l. verður ríkið stóreflis jarðeigandi, og á það fellur kostnaður af mælingu og skiptingu lands síns. Auk þess er ekki vafi á því, að ríkinu mun talið skylt að koma upp góðum vegum á þessu landi sínu og gera þar allar nauðsynlegar umbætur. Ég er fyrir mitt leyti í vafa um, hvort ríkinu væri ekki betra að gefa skuldirnar alveg eftir. En n. hefir sem sagt ekki enn tekið fullnaðarákvörðun um einstök atriði frv., en gerir það við 3. umr.

En þessi n., sem átti að athuga Flóaáveituna og hefir nú gert það, átti líka að athuga fjárhagsástæður Mjólkurbús Flóamanna og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til greiðslu á skuldum vegna þess mjólkurbús. Ég vil spyrja hæstv. stj., hvað gert hafi verið viðvíkjandi þessu atriði. N. virðist hafa gengið frá hlutverki sínu hvað áveituna snertir, en ekkert hefir komið fram um hitt atriðið. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um, hvað langt sé komið að athuga fjárhagsástæður Mjólkurbús Flóamanna.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:1 atkv.
2.—15. gr. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 54. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 351, 426).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. hefir orðið sammála um það, að flytja við frv. á þskj. 351 brtt. á þskj. 426, og mælir hún með því, að frv. verði samþ. með þeim breytingum.

Höfuðbreytingin með till. n. er fyrst og fremst sú, að í stað þess, að í frv. er gengið út frá því sem aðalreglu, að bændur á áveitusvæðinu endurgreiði lán ríkissjóðs til áveitunnar með landi, er gengið út frá því í brtt., að þessar greiðslur verði aðallega peningagreiðslur. N. leit svo á, að bændum mundi þessi aðferð yfirleitt eins farsæl, sérstaklega þar sem ekki er um hærra gjald að ræða en hér er. Hinsvegar leit n. svo á, að ef meiri hl. þessara greiðslna yrðu í landi, þá mundi þessum eignum ríkissjóðs fylgja svo mikill og margháttaður kostnaður fyrir ríkissjóð, að slíkt mundi ekki borga sig, og gæti þá svo farið, að ríkissjóði yrði betra að losna alveg við löndin fyrir ekki neitt heldur en að bera væntanlegan kostnað af þeim. Það var gert ráð fyrir því í n., að þessi lönd, sem ríkissjóði yrðu greidd eftir till. frv., mundu verða í mörgum smásneplum víðsvegar um áveitusvæðið, sem oft gæti orðið erfitt að sameina í nægilega stór lönd fyrir nýbýli. Ennfremur þótti mjög líklegt, þegar ríkissjóður væri farinn að eiga nýbýli víðsvegar um Flóann, að búast mætti við ótal kröfum um vegalagningar, framræslu og fleira þesshættar, sem ríkissjóði yrði ekki fært að sinna. Með öðrum orðum, n. varð sammála um það, að bezta og einfaldasta afgreiðsla þessa máls væri sú, að taka greiðslur þessar aðallega í peningum, en

ekki í landi. Hinsvegar vildi n. ekki alveg taka fyrir það, þar sem svo stæði á, að sérstaklega þætti hentugt að stofna nýbýli, að þá mætti taka land upp í greiðslu. Þess vegna vildi n. ekki útiloka alveg þessa leið, en þó bæri að líta á hana sem undantekningu, en hitt aðalreglu, að greitt verði með peningum. Í sambandi við þessa höfuðbreyt. hefir n. gert ýmsar brtt. um tilfærslu greina í frv., úrfellingar eða viðauka við greinar, sem leiðir af þessari höfuðbreytingu.

Þá er önnur breytingin, sem n. leggur til, sú, að peningagjaldinu, sem í frv. er 80 aurar af ha. á ári í 30 ár, verði breytt í 1 kr. af ha. á ári í 40 ár. Er þetta gjald greiðsla höfuðstóls og 5% vaxta af því fé, sem Flóaáveitan telst þá skulda ríkissjóði og ætlazt er til, að hún endurgreiði. Með þessu gjaldi verður greiðslan fyrir utan vexti 17 kr. á ha., ef miðað er við allt áveitusvæðið, sem er 11—12 þús. ha., en miðað við allt það fé, sem ríkissjóður beinlínis hefir lagt til Flóaáveitunnar, verður gjaldið samkv. till. n. samtals um 200000 kr., eða 14% af framlagi ríkissjóðs, og er þá sleppt öllum öðrum óbeinum styrkjum úr ríkissjóði, bæði samkv. jarðræktarlögunum o. fl. Verður tæplega annað sagt en að mjög hóflega sé farið í sakirnar í till. n.

Þá taldi n. ekki réttlátt, þegar land yrði tekið upp í greiðsluna, að jafnmikið yrði gefið fyrir landið, hvort sem það væri áveituengi í góðri rækt eða óræktað beitiland, eins og gert var ráð fyrir í frv. Því hefir n. lagt til, að ræktað land og óræktað land skuli meta með hlutfallinu 3 á móti 2.

Þá er það að síðustu ein aðalbreyting, sem n. leggur til, að þriggja manna n. sú, er frv. gerir ráð fyrir, að hafa skuli umsjón og yfirstjórn áveitumálanna, verði lögð niður. N. leggur til, að atvinnumálaráðuneytið skuli hafa þetta starf með höndum með aðstoð Búnaðarfél. Íslands. Það er auðséð, að á þann hátt kostar þessi yfirstjórn ríkið miklu minna heldur en verða mundi eftir frv. N. hefir ekki sett nein ákvæði í sínar brtt. um það, hverjir greiða skuli kostnaðinn við umsjón þessara mála, en hún gengur út frá því sem sjálfsögðu, að þann aukna kostnað, sem Búnaðarfélag Íslands verður fyrir vegna þeirrar aðstoðar, er það veitir, greiði ríkissjóður félaginu.

Þó svo virðist, að með brtt. n. sé gerð allmikil röskun á frv. milliþinganefndarinnar, þá eru höfuðbreytingarnar ekki aðrar en þær, sem ég hefi nú skýrt frá. 1. brtt. n., sem að efni til er eins og 11. gr. frv. með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar höfuðbreytingar um reglur á greiðslu áveituskuldanna, sem ég áður hefi skýrt frá, að það skuli vera aðalregla, að sú greiðsla sé í peningum. Þess vegna er það rétt, að byrja á því ákvæði, sem 11. gr. frv. fjallar um, flytja greinina fram og gera að 2. gr. Þá er af sömu ástæðu 5. gr. frv. gerð að 3. gr., ofurlítið breytt. Ég skal geta þess, að í niðurlögum 2. gr. og 3. gr. eins og þær verða samkv. brtt. eru ákvæði, sem tryggja ríkinu aðstöðu til þess bæði að krefjast og eins að heimila, að gjöldin séu greidd í eitt skipti fyrir öll með landi, þegar það telst nauðsynlegt til þess að hægt verði að stofna nýbýli á landi ríkissjóðs, þannig, að við land, sem ríkissjóði hefir verið afhent frá einni jörð, sé hægt að bæta skák frá landi annarar eða annara jarða, eftir því sem hæfilegt þykir til stofnunar nýbýla.

3. brtt. n., um 4. gr. frv., er ennfremur að efni til skyld 5. gr. og fjallar um mat á landi upp í áveitugjaldið með þeirri breyt., sem stafar af mismunandi mati á ræktuðu og óræktuðu landi.

Þá er 5. brtt., við 6. gr. frv., sem verði 5. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, hvert tillit skuli tekið til þeirra mannvirkja, sem kunna að vera á því landi, sem tekið er upp í greiðslu. Hefir n. gert hér þá breyt. með tilvitnun til jarðræktarlaganna, að mannvirkin skuli lögð í dagsverk, hvert á 3 kr., og að þar frá dragist sá hluti, sem ríkið hefir sérstaklega lagt til mannvirkisins, eins og gerist um jarðræktarframkvæmdir, sem teknar eru upp í landskuld af kirkju- og þjóðjörðum.

Þá er með 6. brtt. lagt til, að 7. gr. frv., um verksvið áveitunefndarinnar, falli niður, og er það samkv. því, sem ég áður hefi skýrt frá. 7. brtt., um að 8. gr. verði 7. gr., fellir af sömu ástæðu orðið „nefndinni“ burt og sömuleiðis orðin í niðurlagi gr., og er það í samræmi við það, sem ég áður hefi tekið fram. Virð-

ist það rétt, að kostnaður þessi falli samkv. landskiptalögunum á báða aðila.

Þá held ég, að ekki gerist þörf að víkja nánar að hinum einstöku brtt. Þær síðustu eru allar beinar og rökréttar afleiðingar af þeim breyt., sem gerðar eru á fyrra hluta frv., og ég hefi áður skýrt frá.

**Jörundur Brynjólfsson:** Ég get verið hv. landbn. þakklátur fyrir undirtektir hennar í þessu máli. Þó ég að vísu hefði kosið að hennar till. hefðu verið nokkuð öðruvísi, þá eru þær samt sem áður ekki svo stórvægilegar, að ég get verið henni þakklátur fyrir þann skilning, er hún hefir sýnt á þeirri nauðsyn, sem er á því, að mál þetta verði leyst á viðunandi hátt, og verð ég að telja, að það sé gert að miklu leyti, ef till. n. verða samþ.

Ég skal ekki fjölyrða um einstaka liði málsins. Ég ætla, að bæði þdm. og hv. n. séu svo vel kunnar allar aðstæður í þessu máli, að ekki gerist þörf á því að fara út í sögu þess hér í þessum umr. Það er kunnugt, að kostnaður við þessar framkvæmdir hefir orðið það mikill, að ekki er viðlit að ætlast til þess, að hlutaðeigandi bændur standi straum af honum nema að nokkru leyti, og það ekki nema örlitlu broti af honum. Þetta skal fúslega viðurkennt, því það þýðir ekki að draga fjöður yfir það. Í nál. milliþinganefndarinnar er nokkuð vikið að þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið á áveitusvæðinu á síðari árum. Sömuleiðis fylgdi frumvarpinu frá nefndinni búnaðarskýrsla, er náði yfir þetta svæði, en hún hefir ekki verið prentuð með, enda ætti það ekki að hafa beina þýðingu. Í skýrslu þessari var ýmsan fróðleik að finna um búnaðarafkomu á áveitusvæðinu og samanburður á afkomu og ástæðum bæði áður og eftir að þessar mikilvirku framkvæmdir voru gerðar. Þessi skýrsla ber það greinilega með sér, að breytingar á framleiðslunni hafa ekki orðið jafnhraðfara eftir að áveitan var gerð eins og búizt var við, miðað við þá miklu möguleika, sem álitið var, að áveitan gæti skapað. Þetta stafar af mörgum ástæðum, en fyrst og fremst af því, að gróðurinn óx ekki eftir að áveitan var gerð nærri því eins mikið og við var búizt; svo hafa einnig þessir erfiðu tímar gert sitt að verkum til þess að draga úr góðum árangri. Þetta mál er þannig vaxið, að það er mikil nauðsyn bæði fyrir hlutaðeigandi bændur og ríkissjóð, að það sé leyst sem fyrst, og eigi síður fyrir það, þó árangurinn af áveitunni hafi ekki náð þeim vonum, sem til hennar stóðu, og ég get sagt það viðvíkjandi undirbúningnum, að meðnm. mínir í mþn. létu sér mjög annt um að kynna sér málið sem bezt. Till. voru miðaðar eingöngu við þá getu, sem okkur virtist, að hlutaðeigandi menn hefðu til þess að greiða áveitukostnaðinn. Upphaflega hafði ætið verið hugsað svo, að menn yrðu að greiða áveitukostnaðinn með landi eins og ýtarlega er vikið að í nál. Út af þeim fjárhagsástæðum, sem okkur virtist íbúarnir eiga við að búa á áveitusvæðinu, leizt okkur sem það mundu vera helztu möguleikarnir, að þeir greiddu áveitukostnaðinn með landi. Landbn. hefir ekki að sumu leyti getað fallizt á þetta og hefir meira gert ráð fyrir, að þessi kostnaður greiðist í peningum, en sem betur fer heldur hún opinni leið fyrir þá menn, sem vilja greiða hann í landi. Slíkt var mjög heppilegt, álít ég, vegna þeirra manna, sem hafa meira land en þeir hafa brúk fyrir, að n. skyldi halda þessari leið opinni, svo menn geti þá greitt með landi, sem þess óska, og mér skildist, að í till. n. séu ekki skorður við því reistar, að þeir, sem vilja greiða með landi, geri það. Það hlýtur að verða svo í framkvæmdinni, því samkv. hinum upphaflegu l. um Flóaáveituna höfðu menn heimild til þess að greiða áveitukostnaðinn í landi, og þeim rétti er ekki hægt að svipta menn með nýrri löggjöf. — Ég held, að landbn. hafi látið sér um of í augum vaxa þann kostnað, sem af því leiddi, að ríkið tæki á móti landi á áveitusvæðinu. Við kynntum okkur það eftir föngum og nutum þar leiðbeiningar verkfræðings, sem var í n., sem er mjög kunnugur þessum málum og staðháttum þarna, og við vorum sannfærðir um, að hægt væri að taka nokkurn veginn samfellt land á öllu svæðinu. Og viðvíkjandi kröfunum um nýjar endurbætur, t. d. vegi, eins og hv. frsm. hafði orð á, þá ætla ég, að þær komi ekki til mála, því það er nær lokið allri vegagerð á þessu svæði. Og viðvíkjandi skurðum og flóðgörðum,

þá er a. m. k. skurðgerðinni að mestu leyti lokið, en flóðgörðunum er ekki algerlega lokið. En þann kostnað, sem af slíku leiðir, eiga ábúendurnir að greiða. En þar sem nú þessi ákvæði eru þetta frjálsmannleg, þá sé ég ekki ástæðu til að rísa mjög öndverður gegn þeim, þó ég hefði óskað, að n. hefði ekki farið að íþyngja mönnum með greiðslu. Því þessar greiðslur eru af okkar hendi, sem undirbjuggum þetta mál í n., eingöngu miðaðar við ýtrustu getu þessara manna á því að greiða áveitukostnaðinn. Og þó að tímarnir kunni að breytast eitthvað til hins betra frá því, sem nú er, þá ætla ég að óvarlegt sé að gera ráð fyrir svo skjótum og góðum breytingum og að ekki sé hyggilegt að gera harðari kröfur en menn geta undir risið nú.

Þar sem landbn. hækkar gjaldið á hvern hektara úr 80 au. upp í 1 kr. og lengir tímann úr 30 árum upp í 40 ár, þá langar mig til að fara fram á það við n., að hún geti fallizt á skrifl. brtt., sem ég ætla að bera fram og vænti, að stj. og d. heimili afbrigði fyrir. Brtt. gengur í þá átt að færa tímann úr 40 árum niður í 30 ár. En gjaldið, sem n. leggur til, 1. kr. á hvern hektara, læt ég halda sér.

Menn hafa talsverðan kostnað af áveitunni. Það er fyrst og fremst viðhaldskostnaður, sem er 75 au. á hektara, og auk þess er sérstakur kostnaður af flóðgörðum, og þetta mun nema til samans nokkuð á aðra kr. Nú er mannvirkið nýtt, og má því búast við, þegar stundir líða, að þess kostnaður verði mun meiri en hann er nú. Og þó þessi gjöld hvert út af fyrir sig séu ekki mikil upphæð, þá safnast þegar saman kemur, og ég ætla, að þegar frá líður, geti þetta orðið tilfinnanlegt gjald. Ég vil benda á í þessu sambandi þá niðurstöðu, sem tekin var á sínum tíma hér á þingi viðvíkjandi Skeiðaáveitunni. Þá var samkv. till. þeirrar n., sem hafði undirbúið málið og vildi leiða það til eins góðra lykta og hún framast gat, gert ráð fyrir 2 kr. til greiðslu á hvern hektara. En sú sorglega reynsla hefir fært heim sanninn um það, að íbúum þessa áveitusvæðis er ofvaxið að standa straum af þessum kostnaði. Og þó var það á þeim tíma, sem afurðaverð var nær því þrisvar sinnum hærra en nú, og er þá ekki tekið tillit til verðfalls, sem orðið hefir á peningum síðan. En eins og menn vita, þá hefir tilkostnaður við atvinnurekstur landsmanna ekki fallið neitt í námunda við það, sem afurðaverð hefir fallið. Aðstaða manna til greiðslu er því vissulega miklu meira en helmingi verri nú en þegar l. voru sett.

Ég hefi ekki, af því að ég hefi orðið að líta svo fljótlega á þessar till., treyst mér til að segja, hvort það er fullkomlega tryggt, að þeir, sem eiga að taka á móti löndum, hafi nægan rétt til þess að ráða hvernig löndin eru tekin og landamerkjum breytt og annað þess háttar. En við skjótan lestur á þessum till. held ég, að fyrir því sé séð, en samt þori ég ekki að segja um það með vissu.

Ég get svo sagt viðvíkjandi hinum öðrum brtt. n., að ég ætla, eins og hv. frsm. komst að orði, að þær séu eiginlega ekki nema eðlileg afleiðing af þessum tveim aðaltill. n. og skipta í sjálfu sér ekki svo miklu máli.

Um frjálsræði manna til þess að mega velja um að greiða í peningum eða landi get ég sagt það, að sú leið var mjög heppileg. En ég get búizt við, að það verði nokkuð margir, sem vilja láta land upp í áveitukostnaðinn, vegna þess að þeir hafa ekki aðstöðu til þess að greiða hann á annan hátt. Og vitaskuld verður það land, sem ríkið tekur á móti, að geta komið því að sem beztum notum.

Ég vil þá leyfa mér að bera fram hina skrifl. brtt. við till. n., og hún er þannig, að við 1. tölul. komi í stað 40 ár: 30 ár, — og að við 13. tölul. bætist: og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

Hv. frsm. gat þess, að n. ætlaðist til, að Búnaðarfélag Íslands undir stjórn atvmrh. annaðist um framkvæmd laganna, og jafnframt ætlast n. til, að sá kostnaður, sem af því leiddi, yrði greiddur úr ríkissjóði. Það nægir nú reyndar, að þessi skýring kom fram hjá honum, en mér virðist, sem ekkert geti mælt á móti því, að þessi viðauki komi við þessa till. nefndarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 428) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Tryggvi Þórhallsson:** Aðaltilefnið til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var það, að ég vildi koma með samskonar brtt. og hv. 1. þm. Árn., sem veitt hafa verið afbrigði fyrir. Mér finnst það sjálfsagt mál, úr því að það er meining n., að ríkið eigi að kosta það, sem gert er ráð fyrir með þessum l., að það eigi þá að standa í l., og þarf ekki að taka það fram, að ómögulegt er af ríkinu að leggja kostnað af framkvæmdum á slíkum l. sem þessum á herðar Búnaðarfélags Íslands. Nú hefir hv. 1. þm. Árn. borið fram till. um þetta, og ég vildi einungis leggja áherzlu á, að sú brtt. hans verði samþ.

En úr því að ég kvaddi mér hljóðs, vildi ég segja örfá orð til viðbótar. Það er ekki um það að villast, að hér er á ferðinni vandasamt og stórt mál, og það hefir í framkvæmdinni verið viðurkennt að því leyti, að það hefir verið skipuð sérstök n., sem starfað hefir á milli þinga og borið hefir fram till. um það, og ég hygg, að n. hafi þar innt af hendi mikið og myndarlegt starf. En ég vildi láta koma fram þá skoðun mína, að ég tel, að það sé bæði óvanaleg og lítt forsvaranleg afgreiðsla, að landbn. kemur fram með svona gagngerðar brtt. ekki fyrr en við 3. umr., og þær komu fram svo seint, að það þurfti að leita afbrigða til þess, að þær mættu komast að. Ég álít, að um svo vandasamt mál geti það tæpast talizt verjandi afgreiðsla að láta svona róttækar og víðtækar brtt. ekki koma fram fyrr en við 3. umr., og það með afbrigðum, svo að mjög lítill tími hefir verið til þess að átta sig á þeim.

Eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Árn., þá er ekki verulegur ágreiningur um þetta. En ég vildi skjóta því fram, að það er einn liður, sem ekki hefir komizt inn í frv., en verður að mínu viti að fá afgreiðslu á þessu þingi. Með þessu frv. er einungis gert ráð fyrir að ráðstafa þeim peningum, sem beint hafa farið til áveitunnar, en það er annar liður, um peningana, sem farið hafa til rjómabúsins, sem ég get fallizt á, að ekki eigi að vera í þessu frv. En ég verð að leggja áherzlu á það, að löggjöf um það og ráðstöfun fari fram á sama þingi sem gerð er ráðstöfun um þetta. Ef til vill er það meining hæstv. ráðh. að láta það koma fram í sambandi við annað frv., sem er hér á ferðinni.

Ég verð svo að lýsa ánægju minni yfir því, að horfur eru á, að löggjöf verði sett um þetta og afgreiðsla fáist á því; einungis hefði ég talið betra, að það hefði borið að á viðkunnanlegri hátt en með þessari afgreiðslu landbn.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég vil að gefnu tilefni út af orðum hv. þm. Str. endurtaka þá spurningu, sem ég bar fram við 2. umr. þessa máls til stj. Þegar ákveðið var á þingi 1932 að skipa þessa 3 manna n., þá var annað verkefnið að athuga greiðslu á skuldum við ríkissjóð vegna áveitu og mjólkurbús Flóamanna. Hér liggur fyrir annað atriðið af því verkefni, sem n. átti að inna af hendi, en hitt er ekki ennþá komið fram. Ég spurði um það f. h. n. hverju þetta sætti, en fékk ekki svar, af því að stj. var ekki viðstödd. En ég vil nú endurtaka þessa spurningu mína. Annars þarf ég litlu við að bæta, en vildi aðeins svara ávítum hv. þm. Str. til n. fyrir að hafa ekki borið fram brtt. fyrr en við 3. umr. og svo seint, að afbrigða þurfti að leita. Ég vil ekki taka á móti ákúrum f. h. n. fyrir þetta, því það er ekkert, sem veldur þessu, annað en óþreyja forseta, sem hefir rifið málið á dagskrá fund eftir fund, þótt n. hafi ekki verið búin að ljúka störfum sínum. Hann vissi, að n. ætlaði að koma með brtt. eftir 1. umr., en hann bíður ekki eftir því, heldur tekur málið á dagskrá. Það var bara af meinleysi, að við heimtuðum ekki þá, að málið væri tekið af dagskrá. Ef hér er um sök að ræða, þá er hún hjá forseta, sem hefir rifið málið á dagskrá eins og hans er venja, þegar hann á mál hér á þingi.

Ég skal svo geta þess út af ræðu og till. hv. 1. þm. Árn., f. h. n., að hún fellst alveg á till. hans og vill mæla með þeim, ef hann vill ganga að öllum till. n. óbreyttum.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég skal taka það fram út af fyrirspurn hv. þm. Mýr., að milliþingan., sem skipuð var um þetta, var falið, eins og fyrir stj. var lagt í fjárlfrv. síðasta árs, að leggja fram till. og skýrslu um mjólkurbú Flóamanna og

mjólkurbú Ölfusinga. N. afgreiddi til stj. till. sínar um Flóaáveituna, en till. hennar og skýrslur um mjólkurbúið eru ekki komnar, og hafa þeim drætti valdið sérstakar ástæður. N.-formaður hefir tjáð mér, að till. mþn. séu væntanlegar mjög bráðlega. Í öðru sambandi hefi ég haft nokkurn undirbúning að lausn þessara mála. Og þm. í báðum d. hafa þegar haft nokkur samtök um lausn mjólkurbúamálanna á annan veg. Ég vænti þess, að mþn. sjái sér fært að leggja fram till. sínar sem fyrst, eins og hún hefir lofað, til þess að þær geti komið til álita í sambandi við lausn mjólkurbúamálanna í heild sinni. — Ég sé ekki ástæðu til þess, að það þurfi að tefja afgreiðslu þessa frv., þó að mál mjólkurbúanna liggi ekki þegar fyrir, jafnvel þó það sé réttilega tekið fram af hv. þm. Str., að vel eigi við, að hvortveggja málin leysist á sama þingi.

Ég verð einnig að taka undir það með hv. þm. Str., að það er nokkuð óvanaleg afgreiðsla á þessu máli að því leyti, að brtt. n. hafa komið svo seint fram. En ég skal ekki átelja það, því ég veit ekki, hverjum það er að kenna.

Út af hinni skrifl. brtt. hv. 1. þm. Árn., vildi ég skjóta fram þeirri fyrirspurn til hv. flm., hvort þeim bændum, sem þarna eiga hlut að máli, sé gerður fullur greiði með því að klippa aftan af greiðslutímanum, og hvort þeim muni ekki vera kærara, að klippt sé framan af honum, þannig, að þeir fengju frest 1—3 næstu ár, meðan þessir erfiðu tímar standa yfir. Þá bjartsýni verðum við að hafa, að á þessu blómlega svæði rétti hagur bænda svo við, að þeim veitist léttara síðar að greiða þessi gjöld. Ég skýt þessu fram til athugunar, en það kann að vera of seint fram komið.

**Jörundur Brynjólfsson:** Út af orðum hv. frsm., sem sagði, að ég hefði tekið málið mjög fljótlega á dagskrá, verð ég að segja það, að mér fannst ég hafa verið ákaflega þolinmóður. En þar sem n. hefir fallizt á brtt. mína, þá get ég fallizt á að beita mér ekki gegn hennar till., eins og ég tók fram í minni ræðu, því ég álít, að ekki beri svo mikið á milli, og sízt ef þessi brtt. mín verður samþ.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. var að tala um, hvort ekki mundi heppilegra, að menn væru fríari við að greiða þennan kostnað fyrstu árin, þá get ég svarað því, að ég get búizt við, að það kæmi mönnum vel. En þá ber þess að gæta, að þannig er ástatt um málið, að það er hin mesta nauðsyn, að því verði ráðið til lykta og að þeir, sem láta land af höndum upp í áveitukostnað, geri það nú sem allra fyrst.

Ég held, að um leið og þetta mál er tekið fyrir sé nauðsynlegt að gera mönnum jafnt undir höfði með greiðslurnar, hvort sem þær fara fram í landi eða peningum. Það hefði auðvitað verið æskilegra, að yfirleitt hefði verið hægt að greiða í peningum, en á þessum tímum er erfitt að koma því fyrir, og verður því að gefa frest á greiðslunum. Út frá þessu sjónarmiði held ég, að réttast yrði að samþ. till. mínar, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að sinni.

**Sveinn Ólafsson:** Ég stend upp til þess að gera grein fyrir atkv. mínu um þetta mál. Ég á erfitt með að greiða atkv. um það óskorað og óskoðað. Það er að miklu leyti óskoðað enn, þar sem aðalbreytingarnar koma nú fyrst fram á þessum fundi. Það er nú orðið engum blöðum um það að fletta, að Alþingi hefir gengið í egnda gildru 1917 þegar Flóaáveitan var sett á stofn. Allir loftkastalarnir, sem þá voru byggðir í sambandi við þetta fyrirtæki, eru hrundir í rústir. En vonandi læra hv. þdm. eitthvað af þessu máli, fyrst og fremst líklega að varast slíkar gildrur í framtíðinni. Till. hv. landbn. eru mjög nærri því, sem ég hafði hugsað mér, að tiltækilegt væri að gera, eftir að út í slíkt óefni er komið. Það er vissulega óefni, þegar svo er komið, sem upplýst er í skýrslu mþn., að eftir síðasta jarðamati séu jarðir á áveitusvæðinu langtum minna virði en nemur fé því, sem lagt hefir verið í áveitu þeirra.

Þótt ég eins og nú er komið álíti till. landbn. það tiltækilegasta, sem um verður valið í þessu máli sem stendur, þá hefði ég fyrir mitt leyti heldur kosið, að gjaldgreiðslu landeiganda væri dreift yfir lengri tíma, en gjaldið haft lægra á ári. Hér er ekki um marga góða kosti að

velja, og mun ég þó greiða atkv. með till. n., en þar á móti ekki með þeirri skrifl. brtt., sem fram er komin og gerir ráð fyrir því, að færa greiðslutímann niður í 30 ár úr 40. Það er langt frá því, að ég sé ánægður með lausn þessa máls, en þar sem ekkert undanfæri er til þess að fresta framkvæmdum, verð ég sem aðrir að taka neyðarkostinn og fylgja frv. með brtt. hv. landbn.

**Hannes Jónsson:** Ég stóð upp til þess að mælast til, að hæstv. forseti tæki þetta mál af dagskrá. Það er ekki forsvaranlegt að ætla að hespa það af á svo stuttum tíma án nokkurrar verulegrar athugunar.

Hv. flm. þessa frv. hefir þá aðstöðu að vera forseti þessarar d., en hann má ekki misnota þá aðstöðu til að afgreiða þetta frv. með meiri hraða en forsvaranlegt er. Hér er um svo mikið mál að ræða, að ekki er sama, hvernig það er afgr. Mér sýnist full ástæða til þess, að dm. fái að athuga það nánar, og það verður með því eina móti, að málið sé tekið af dagskrá.

**Jörundur Brynjólfsson:** Mér þykir undarlega við bregða, er menn tala nú um það, að of mikið sé rekið eftir þessu máli. Ég ætla, að þeir, sem þetta segja, hafi ekki kynnt sér hvað langt er síðan þetta frv. kom fram. Það er nú til meðferðar í fyrri d., og ég vona, að svo sé nú orðið liðið á þingið, að ástæða sé að fara að hraða þeim málum úr fyrri d., sem fram eiga að ganga. Brtt. hafa að vísu komið nokkuð seint fram, en efni þeirra er svo náskylt efni frv., að hafi dm. kynnt sér frv., ætti ekki að taka langan tíma að kynna sér brtt. Aðalatriðið í brtt. n. er það, að meiri áherzla er lögð á greiðslu í peningum en gert var í frv. Gjaldið á hektara er fært upp um 20 aura og gert ráð fyrir lengri greiðslutíma en í frv. n.

Ég hefi borið fram brtt. um, að í stað 40 ára komi 30. Landbn. hefir látið í ljós, að hún gæti fallizt á þessa till. Ég vona því, að hv. þm. V.-Húnv. falli frá ósk sinni um, að málið verði nú tekið af dagskrá, þar sem komið er að helgi, og áliðið orðið á þingtímann. Viðvíkjandi því, að ég hafi sýnt óforsvaranlegt kapp í flutningi þessa máls, er því að svara, að mörg mál hafa gengið hraðara gegnum d. en þetta, og sem forseti þykist ég hafa tekið fullt tillit bæði til hv. landbn. og annara þm. (**HJ:** Ég óska, að málið verði tekið af dagskrá).

**Forseti (JörB):** Af því að ég á hér hlut að máli, vil ég skirskota til hv. frsm. n. um það, hvort hann álíti þörf á því að taka málið af dagskrá.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Fyrir hönd n. get ég lýst því yfir, að hún gerir engar kröfur til þess, að málið sé tekið af dagskrá. N. hefir kynnt sér málið eins og henni er unnt, en ég skil það, að einstakir þm., sem ekki hafa séð brtt. n. fyrr en nú á fundinum, vilji fá lengri frest til athugunar.

**Forseti (JörB):** Það kann að vera, að hv. þm. V.-Húnv. þykist beittur harðræði, hafi hann ekki kynnt sér málið fyrr en nú. En það er engin afsökun, og vænti ég þess, að hann haldi ekki fast við beiðni sína um, að málið verði tekið af dagskrá.

**Hannes Jónsson:** Hæstv. forseti er með tómar vífilengjur. Ég var ekkert að tala um það, hvað vel ég hefði kynnt mér þetta mál. Hæstv. forseti á að segja hreint og beint, hvort hann ætlar að verða við tilmælum mínum eða ekki. Hæstv. forseti segir, að langt sé síðan þetta mál var lagt fram. N. skilaði áliti sínu 7. marz, en var skipuð í ágúst í fyrra. Þessi n. mun hafa aflað sér skýrslna um búendur á áveitusvæðinu og efnahag þeirra, hún hefir þurft að vinna úr búnaðarskýrslunum frá árunum 1915—31 og fara í gegnum reikninga áveitunnar. Þetta er ekki lítið verk, sem sjá má á því, að yfir þessu hefir n. setið frá því í ágúst til 7. marz. Samt er hæstv. forseti undrandi yfir því, að þm. geti ekki strax áttað sig á þessu máli. Brtt. hafa verið lagðar fram í dag, en forseti vill engan umhugsunarfrest gefa. Ég óska ákveðins úrskurðar hæstv. forseta um það, hvort málið verði tekið af dagskrá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Nd., 24. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 351, 426, 428).

ATKVGR.

Brtt. 428,1 samþ. með 15:1 atkv.
— 426,1, svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.
— 426,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 426,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 426,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 426,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 426,6 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 426,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 426,8 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 426,9 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 426,10—12 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 428,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 426,13, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
— 426,14 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHalld, StgrS, SvbH[1]), SvÓ, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HV, IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, JörB.
nei: HJ,[2]) MJ.
ÓTh greiddi ekki atkv.
Þrír þm. (PO, HG, JJós) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

---

Á 55. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 436).

Á 56. fundi í Ed., 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

---

1) **SvbH:** Þótt ég telji upphaflega till. mþn. í þessu máli í betra samræmi við það, sem bændum var skýlaust lofað í upphafi, nefnil. að þeir mættu greiða með landi, ef þeir óskuðu, þá mun ég samt fylgja þessu frv. eins og það nú er orðið, að þessu sinni, en vona, að hv. Ed. geri breyt. á því, svo að það komi aftur til athugunar hér.

2) **HJ:** Af því að ég get ekki fylgt þeim hundavaðshætti, sem viðhafður var við afgreiðslu þessa máls, og tel enda, að það sé gert á mjög óheppilegum grundvelli, þá get ég ekki fylgt þessu frv. eins og það liggur fyrir, en vonast eftir að fá tækifæri til að leiðrétta það, þegar það kemur aftur frá Ed., og segi því nei.

**Forseti (JörB):** Þetta verður vafalaust fyrirgefið, því að ég gleðst yfir því, að hv. þm. hefir aftur fengið málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 9. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 436, n. 544).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Í upphaflegu löggjöfinni um Flóaáveituna var gert ráð fyrir því, að ¾ af áveitukostnaðinum greiddust af eigendum jarðanna á áveitusvæðinu, sem auk þess skyldu gera alla flóðgarða fyrir eigin reikning. Mönnum var það einnig frá upphafi ljóst, að áveitukostnaðurinn mundi verða svo mikill, að tvímælis orkaði, að bændur gætu greitt sinn hluta í peningum, og af þeim ástæðum var það sett í l. 1917, að heimilt væri að greiða áveitukostnaðinn í landi, og var þá gert ráð fyrir, að heyaukinn, sem fengizt við áveituna, yrði svo mikill, að hann nægði til að vega upp á móti.

Nú fór það svo, að framkvæmd þess verks varð miklu dýrari en gert hafði verið ráð fyrir. Upphaflega kostnaðaráætlunin, frá 1917, hljóðaði upp á 600 þús. kr., en svo sem kunnugt er breyttist verðlag mjög til þess tíma, er hafizt var handa um verkið. Áætlun, sem vegamálastjóri síðar gerði, 1919, hljóðaði upp á 1100000 kr., auk flóðgarða og aukaskurða, en sá raunverulegi kostnaður, sem framkvæmd verksins hafði í för með sér, varð 1430 þús. kr., og er þá ekki tekið tillit til þeirra vaxta, sem fallið hafa á það fé, sem til áveitunnar hefir gengið og ríkissjóður hefir lagt fram. Kostnaðurinn við hvern hektara, sem mældur hefir verið undir áveituna, hefir þannig orðið 120 kr., og kemur því í hlut landeigenda að greiða 90 kr. fyrir hvern hektara, en það er miklu meira gjald en bændur fá risið undir að greiða, enda verður niðurstaðan sú, ef áveitulandið er metið til verðs, að matsverðið nemur ekki jafnmiklu og áveitukostnaðurinn hefir orðið. Hefir þetta orðið til þess, að dráttur hefir orðið á því, að þessi viðskipti bænda og ríkissjóðs væru gerð upp, og hefir ríkissjóður

þannig lagt fram allt féð til áveitunnar, án þess að honum hafi verið gerð nokkur skil þar á allt til þessa dags. Hefir þetta eðlilega valdið nokkurri óánægju, ekki sízt á meðal bænda, er hafa þessi skuldaskil stöðugt hangandi yfir höfði sér.

Á síðasta þingi var samþ., að skipuð yrði n. til að athuga þetta mál og gera till. um það, hvernig úr því skyldi leyst. Er álit þessarar n. prentað með frv., eins og það upphaflega var lagt fyrir, á þskj. 351, en úrlausnartill. n. hnigu í þá átt, að kostnaðurinn yrði aðallega greiddur með landi. Taldi n., að meiri hl. landeigenda á áveitusvæðinu væri svo settur, að þeir gætu látið land af hendi án þess að rýra svo við það heyfeng sinn, að þeir gætu ekki framfleytt þeirri áhöfn, sem þeim er nauðsynleg til að framfleyta fjölskyldum sínum. Gerir n. ráð fyrir, að ríkissjóður muni á þennan hátt eignast 2000 ha. í áveitu- og beitilöndum, og mætti koma upp mörgum nýbýlum á því svæði, en á það hefir einmitt frá upphafi alltaf verið lögð höfuðáherzlan, að með þessu skapaðist aðstaða til að fjölga býlunum á þessum slóðum. Má auðvitað um það deila, hver hagnaður það er fyrir ríkissjóð að fara þessa leið. Ég býst við, að færa megi nokkur rök fyrir því, að ríkissjóði hefði ekki orðið peningalegur hagnaður af framkvæmd þessara till. n., en á það ber að líta, sem ég áður sagði, að þetta skapar aðstöðu til að fjölga býlunum á þessum slóðum, þar sem aðstaðan til að framleiða mjólk með góðum árangri er betri en í flestum héruðum öðrum. Frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar taldi því nefndin, að nokkur ávinningur gæti orðið að þessu, enda þótt það yrði ekki beinn peningalegur hagnaður fyrir ríkissjóð. Nd. hefir þó ekki getað fallizt á þessar till. n., heldur hefir hún breytt frv. í þá átt, að aðalreglan verður sú, að bændur greiða svonefndan áveituskatt, 1 kr. á ha. áveitulandsins í 30 ár, og er það aðeins leyft sem undantekning frá þessari aðalreglu, að bændur megi láta land af hendi til greiðslu áveitukostnaðarins. Má vera, að peningalega sé þetta heppilegra fyrir ríkissjóð. Í öllu falli hefir landbn. Ed. ekki viljað leggja út í stríð við Nd. út af þessu og taka upp till. mþn., en meiri hl. n. a. m. k. leit þó svo á, að nokkur atriði frv., eins og það nú er orðið, væru ekki í samræmi við þann grundvöll, sem frv. þannig hefir verið beint inn á. N. lítur svo á, að annaðhvort beri að gera, að skylda bændur til að láta land af hendi til þess að verða eftirgjafar aðnjótandi, eða losa þá við landtökuna gegn því að greiða áveituskattinn. Í 2. gr. frv. er hinsvegar heimild fyrir stj. til þess að krefjast þess af landeiganda, að hann láti land af hendi, ef nauðsyn þykir vegna stofnunar nýbýlis. Er hér verið á sömu braut og mþn. var á, en þar sem þetta fer í bág við þann grundvöll, sem frv. nú er komið á, leggur n. til, að þetta ákvæði 2. gr. verði fellt niður og frv. breytt í það horf, að landeiganda gefist þess því aðeins kostur að greiða áveitukostnaðinn með landi, að ríkissjóður sjái sér fært að taka á móti landinu, þann veg, að nægilegt land samfellt fáist til þess að stofna á nýbýli. Vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á þessar brtt. n., sem aðeins miða til að samræma ákvæði frv.

Þá flytur n. brtt. við 8. gr. frv., þess efnis, að síðari málsl. gr. falli niður, þar sem leiguliði er skyldaður til að veita full skil á áveituskattinum til jarðeiganda. Er ekki sanngjarnt að leggja allan kostnaðinn á leiguliða, og enda auðsætt, að sá, sem borgar skattinn með landi, verður sjálfur að bera kostnaðinn við það. Hitt má vel vera, að n. beri fram viðaukatill. við 8. gr., ef þessi till. n. verður samþ.

Að öðru leyti get ég látið mér nægja að vísa til nál. mþn. á þskj. 351. Þykist ég vita, að þm. sjái nauðsynina, sem á því er, bæði fyrir bændur og ríkissjóð, að lausn sé bundin á þessu máli. Það er í alla staði óheppilegt að láta lausn þessa máls dragast lengur. Það væri ekki rétt að láta þessa svipu vofa lengur yfir búendum á áveitusvæðinu, enda gæti það auðveldlega orðið til að draga úr eðlilegri framfaraviðleitni þeirra, því að vitanlegt er, að bændum yrði það flestum ofvaxið, ef ganga ætti að þeim með greiðslu á miklum hluta áveitukostnaðarins. Ég vænti því þess, að d. fallist á að leysa þetta mál nú, og þótt skoðanir geti verið skiptar um það, hvernig eigi að leysa það, hygg ég þó, að sú leið, sem hér er stungið upp á, sé svo nær sanni, að ekki sé ástæða til að slá málinu enn á frest.

**Páll Hermannsson:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og ber ekki að skilja fyrirvara minn svo, að ég sé ekki sammála meðnm. mínum um það, að leysa eigi þetta mál nú. Mér er það fyllilega ljóst af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um tilkostnaðinn við Flóaáveituna, að bændum er það algerlega um megn að greiða nokkurn verulegan hluta af þessum kostnaði, ekki sízt í því árferði, sem nú er. Í raun og veru er líka áveitukostnaðurinn gefinn upp eftir frv., því að þótt bændum sé gert að greiða 1 kr. af ha. í 30 ár upp í þennan kostnað, er það svo lítið, að það nemur undir 1% í ársvexti af því fé, sem til áveitunnar hefir verið varið, og hefði ég fyrir mitt leyti því allt eins vel getað gengið inn á að strika þetta alveg út.

Ég get hinsvegar ekki gengið inn á, að rétt sé að sleppa þeim möguleika úr frv., að hægt sé að fjölga býlum á þessu svæði, þar sem slíkt má verða án verulegra óþæginda fyrir landeigendur. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að stj. geti krafið landeigendur þess, að þeir greiði með landi, ef nauðsyn þykir vegna nýbýlastofnunar. Nú hefir n. viljað fella þetta niður. Ég býst að vísu ekki við, að þetta komi að sök yfirleitt, en þó getur það í vissum tilfellum orðið því til fyrirstöðu, að nýbýli sé stofnað. Segjum svo, að tvær jarðir leggi fram engjaland til nýbýlis, en þriðja jörð vilji ekki láta land undir tún eða bæjarstæði. Ég vil því ekki láta fella þetta ákvæði niður. Ég geng út frá því, að stj. beitti þessu skynsamlega og krefðist ekki lands, nema nauðsynlegt væri og landeigendum nokkurn veginn bagalaust. Ég mun því greiða atkv. gegn þessari brtt., en mun verða n. sammála að öðru leyti. Að vísu álít ég, að það, sem greinir á milli n. og frv., hefði mátt laga með því að láta skilning sinn í ljós í nál. eða ræðu, svo að brtt. hefði ekki þurft með.

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Ég get verið sammála hv. 2. þm. N.-M. um það, að ríkissjóð skiptir það ekki miklu máli, hvort skuldin er strikuð út eða ekki. En þó er hér um afgjald af rúml. 20 þús. hekturum að ræða, svo að áveitugjöldin nema talsverðu með tímanum, þó að þau séu hverfandi í samanburði við tilkostað ríkissjóðs.

Það er fullvíst, að mikill meiri hluti bænda vill heldur greiða áveituskatt en láta land af hendi, jafnvel þótt það sé máske ekki ávallt búhnykkur fyrir þá. Landið, sem ríkissjóður fengi, gæti heldur ekki haft neina þjóðhagslega þýðingu, vegna þess hve það yrði lítið — ef til vill undir 4—5—6 býli. Ég vil því halda fast við það, að úr því að horfið var frá að krefjast lands af öllum bændum, eigi ekki að kúga suma til þess að láta land af hendi. Enda myndi lítil eða engin áhætta fylgja því að falla frá þessu ákvæði. Hv. 2. þm. N.-M. sagði, að komið gæti fyrir, að tvær jarðir legðu fram engjaland, en nýbýlið strandaði á því, að þriðja jörð vildi ekki leggja til land undir tún eða bæjarstæði. En þó að svona stæði á, eru alveg hverfandi líkur til þess, að samkomulag næðist ekki. En þótt svo tækist til, að ekki næðist samkomulag, leiddi þetta aldrei til annars en þess, að þessar tvær jarðir yrðu að greiða áveituskattinn, sem ekki er hærri en það, að bændum ætti ekki að vera um megn að greiða hann, þótt ekki megi gleyma því, að fleiri gjöld hvíla á þeim vegna áveitunnar, svo sem viðhaldskostnaður, sem nemur 75 aurum á hektara, og vextir og afborganir af lánum, sem þeir hafa orðið að taka margir hverjir til að byggja flóðgarðana.

**Magnús Torfason:** Mér er skylt að hefja mál mitt með því, að lýsa þakklæti fyrir meðferð málsins, og þá ekki síst til hv. landbn. hér í deildinni. Ég get fylgt öllum brtt. n. og hefi ekkert við þær að athuga, svo að þess vegna þyrfti ég ekki að segja meira.

En sakir þess, sem fram hefir komið í umr., vil ég geta nokkurra atriða, sem þýðingu hafa og eru til skýringar.

Hv. 4. landsk. sagði, að það orkaði tvímælis hvort ágóði væri fyrir ríkissjóð að sælast eftir löndum í áveitugjald. Þetta er alveg rétt, ef það væri meiningin að fara að reka á eftir stofnun nýbýla. En ef nýbýlastofnunin fer eftir eðlilegri rás, getur þetta ekki orðið ríkissjóði til útgjalda. Ég þykist vita, að ábúendur myndu yfirleitt vilja leigja þessi slægjulönd af ríkissjóði. Vera mætti, að sú leiga

yrði ekki há, a. m. k. austan til í Flóanum, meðan kreppan stendur yfir, því að jarðarafgjöld þar hafa yfirleitt verið ákveðin í peningum, en ekki í landaurum, og því hafa afgjöldin ekki lækkað að sama skapi og afurðirnar. Því er ekki hægt að leggja þann skatt á þessar jarðir, sem ella hefði mátt.

Hv. 4. landsk. sagði, að fleiri bændur vildu greiða áveituskatt í peningum en láta land af hendi. Mér er óhætt að segja svo mikið, að þetta muni geta orkað tvímælis. Þeir, sem búa næst við Ölfusá, munu flestir heldur kjósa peningaborgun, en þeir, sem búa austur í Flóanum, fremur að láta land af hendi. Jarðirnar við Ölfusá eru verðmeiri en hinar, vegna betri samgangna og markaðsaðstöðu. Ég fór austur um síðustu helgi, m. a. til að kynna mér þetta mál, og hafði tal af ýmsum glöggum og góðum mönnum, og fannst það koma fram, að fleiri vildu láta af hendi land en fé.

Um brtt. við 2. gr. er það að segja, að mér hefir virzt það vaka fyrir mönnum eystra, að þeir vildu, að lögin væru í samræmi við Flóaáveitulögin frá 1917, og að því er stefnt hér, og mun ég því greiða brtt. þeirri atkv.

Þótt gjaldið sé ekki hátt, verður þetta þó nokkur upphæð með tíð og tíma, en leiga fyrir slægjur myndi líka verða nokkur fúlga. Greiðsla bændanna er ekki mikil, en ríkið hefir þegar fengið nokkra uppbót með allmjög hækkuðu fasteignamati á jörðum á þessu svæði. Og það fær líka uppbót á þann hátt, að á þessu svæði verða betri búþegnar en ella, vegna þessa áveitufyrirtækis, og aukin menning í öllum greinum, svo að ríkissjóður sker upp bæði sýnileg og ósýnileg verðmæti af áveitunni.

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Þegar ég sagði, að mþn. hefði ekki talið, að ríkissjóður hefði peningalegan hagnað af því að taka löndin, var það ekki af því, að n. teldi löndin verðlaus, heldur af því, að búizt var við, að ríkissjóður yrði að kosta allmiklu til umbóta á löndum og leigja þau eða láta af hendi með mjög góðum kjörum. Yrði því ekki peningalegur hagnaður af þessu, þó að það hefði hinsvegar þjóðfélagslega þýðingu að fjölga sveitabýlum, og aðstaða heildarinnar myndi batna.

Það þýðir ekki að leiða neinar getgátur að því hér, hvort bændur vilji heldur borga í löndum eða peningum. En framkoma Flóaáveitufélagsins bendir til þess í fundarsamþykktum, að félagarnir óski eindregið að losa sig undan landtökunum með peningagjaldi.

Brtt. við 2. gr. eru engan veginn til að samræma frv. við Flóaáveitulögin frá 1917, enda er málið nú komið á allt annan grundvöll en þá, er bændur áttu að borga ¾ kostnaðar. Þetta er gert til að fá samræmi innan frv. sjálfs, þar sem áveituskatturinn er principatriði.

Ég legg ekki mikið upp úr hækkuðu fasteignamati á þessum slóðum, því að matið mun ekki hafa hækkað meira þar en annarsstaðar á landinu. En hitt er alveg rétt, að ríkið og þessi landshluti ætti að hagnast af því, að aðstaða manna hefir stórkostlega batnað og menn verða, eins og hv. þm. sagði, betri búþegnar en ella. Ég held, að illa hefði farið fyrir bændum á þessu svæði nú, ef áveitan hefði ekki verið komin, þegar litið er á ástandið, hvernig það er, þrátt fyrir stórbætta aðstöðu með auknum heyfeng og minnkuðum rekstrarkostnaði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með öllum (14) atkv.

Brtt. 544,1 samþ. með 8:3 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með öllum (14) atkv.

Brtt. 544,2 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 544,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

5.—7. gr. samþ. með öllum (14) atkv.

Brtt. 544,4 samþ. með 10 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

9.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum (14) atkv.

---

Á 69. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 614).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 614).
Á 73. fundi í Nd., 13. mai, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 678).

---

## 54. Hegningarlög (frv. MG).

Á 41. fundi í Nd., 31. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breyt. til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana** (þmfrv., A. 297).

Á 44. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það var fyrst tekið í l. hér á landi árið 1907, að skilorðsbinda mætti dóma. Hefir þetta síðan verið talsvert notað og gefizt vel. Þó eru l. þannig, að ekki má dæma skilorðsbundnum dómi aðra en þá, sem brotlegir hafa orðið við hin almennu hegningarl. En nú fjölgar stöðugt refsiákvæðum, sem liggja utan við þau. Kemur það undarlega fyrir sjónir, að dæma skuli mega skilorðsbundnum dómi þá, sem brotlegir verða við aðalrefsil., en ekki þá, sem framið hafa smærri brot. Kem ég því með frv. þetta, um að skilorðsbinda megi alla dóma, nema fjársektardóma. Kemur auðvitað ekki til mála að skilorðsbinda þá.
Vona ég, að þetta frv. muni ekki valda miklum ágreiningi. Vil ég svo óska, að því verði vísað til allsherjarnefndar að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 297, n. 432, 456).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Eins og sést á nál., hefir allshn. lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.
Eins og nú er háttað löggjöf um skilorðsbundna refsidóma, þá er ekki heimilt að beita þeim um önnur brot en þau, sem ákvæði eru um í hinum almennu hegningarlögum. En þar sem fjöldi brota er ákveðinn utan hegningarlaganna og mörg þeirra eru oft smáfelldari en þau, sem hegningarlögin ná til, þá er full ástæða til að láta skilorðsbundna refsidóma ná einnig til brota, sem eru fyrir utan hegningarlögin. Þegar ég og annar þm. úr n. fórum að athuga málið síðar, virtist okkur ekki rétt að taka upp nýmæli það, sem felst í síðari setningu 1. gr., að ekki megi skilorðsbinda fjársektardóma. Það er nýmæli og hefir ekki gilt hingað til, og skilorðsbundinni refsingu hefir verið beitt við sektardóma áður.
En þar sem brtt. er ekki komin fram fyrr en nú og þm. hefir ekki gefizt tækifæri til að athuga þetta atriði, þá ætla ég að taka till. aftur að þessu sinni til 3. umr. Að öðru leyti leggjum við til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Brtt. 456 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 297, 468).

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vil aðeins skýra það, að brtt. á þskj.

468 er borin fram í samráði við mig. Ég held því, að ekkert geri til, þó að hvorugur flm. brtt. sé nú viðstaddur hér í hv. deild.

ATKVGR.
Brtt. 468 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 484).
Á 60. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

---

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 484, n. 506 og 661).

**Frsm. meiri hl. (Magnús Torfason):** Frv. þetta er ekki langt og meiri hl. n. hefir lagt til, að það verði samþ. óbreytt. Efnið er það, að með þessari viðbót við l. frá 1928 á að vera unnt að dæma menn í skilorðsbundna dóma, þótt það sé fyrir önnur brot en þau, sem hegningarl. ákveða. Ennfremur að minna er takmörkuð sú fangelsishegning, sem miðað er við, þar sem ákvæðinu er ætlað að ná upp í eins árs hegningardóm. Þó er það hinsvegar tekið fram, að fésektardóma má ekki skilorðsbinda, aðra en þá, sem dæmdir eru eftir hinum almennu hegningarl. eða viðaukum við þau. Er það vitanlega gert af því, að mörg þeirra brota, sem koma fyrir lögreglurétt, eru auðgunarbrot, sem rétt er að láta menn greiða peninga fyrir.

Það má óhætt segja, að ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma hafa reynzt vel. Góðar skýrslur eru fyrir því, að fæstir, sem dæmdir eru skilorðsbundnum dómi, brjóta í annað sinn. Og svo framarlega sem það er hlutverk þeirra, sem halda uppi lögum og rétti í landinu, að fækka brotum og stuðla að því, að l. séu í heiðri haldin, þá hefir þetta létt það verk og orðið að miklu gagni. Mín persónulega reynsla hefir farið í sömu átt. Ég vil því mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, og geri ég það fyrir hönd meiri hl. n. Það er vitanlegt, að á þessu máli, eins og svo mörgum öðrum, eru tvær vendir, því fátt er svo með öllu gott, að það hafi ekki áhrif í aðra átt. En ég álít þó þessa agnúa svo litla, að þeir séu hverfandi á móti kostunum. Ég leyfi mér því að leggja til, að hv. d. samþ. þetta frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:1 atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 688).

---

## 55. Útflutningsgjald.

Á 26. fundi í Ed., 16. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald** (þmfrv., A. 163).

Á 28. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Ingvar Pálmason):** Eins og getið er um í grg., er frv. þetta afleiðing af því frv., sem ég hefi nýlokið við að mæla

fyrir (um útflutningsgjald af síld o. fl.). Gengur það út á að gera vörutegundir þær, sem ég í því frv. ræddi um, undanþegnar l. nr. 70 frá 1921, um almenn útflutningsgjöld.

Sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en óska, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 163, n. 320).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort hann vill ekki taka 6. málið á dagskrá fyrir á undan þessu, því að 5. málið er afleiðing af því, og er eðlilegra að tala um þau í þeirri röð.

Umr. frestað um stund, en síðar á sama fundi var málið tekið til meðferðar.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég hefi ekki mikið um efni þessa frv. að segja. Það er nefnil. bein afleiðing af frv. því, sem hv. d. var að vísa til 3. umr. (útflutningsgjald af síld o. fl.). N. leggur til, að frv. verði samþ. að því er efni snertir, en af sérstökum ástæðum telur hún réttara að breyta formi 1. gr. frv. og taka í hennar stað upp 1. gr. l. nr. 70 1921. Orsökin til þessa er sú, að eins og hv. d. mun kunnugt, hefir nýlega verið afgr. breyt. á þessum lögum um að fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Ef þingið nú afgr. þessa breyt. í frv. þskj. 163, eins og hún er þar orðuð, virðist koma fram við þetta nokkurt ósamræmi, þar sem áður var samþ., að ekki skyldi greiða útflutningsgjald af öllum afurðum. Af þessum ástæðum er það, að n. hefir talið rétt að breyta formi gr., bæta inn þessari nauðsynlegu breyt. Með henni telur n. ekki að neinu sé raskað um efni og meiningu laganna. Til þess að fyrirbyggja allan þann misskilning, sem ella getur leitt af lögunum, er n. sammála um, að réttara sé að taka upp lagagreinina og breyta þannig orðalagi 1. gr. frv. eins og brtt. á þskj. 320 gerir ráð fyrir. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, þar eð, eins og ég tók fram áðan, þetta mál er bein afleiðing af fyrra frv. Annars get ég skírskotað til grg. og nál.

ATKVGR.

Brtt. 320 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 361).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 361).

Á 50. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 361, n. 552).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Þetta mál og það næsta (útflutningsgjald af síld) eiga samleið við umr. Í þessu frv. er farið fram á að lækka útflutningsgjald af nýrri síld ísvarinni og þurrkuðu fiskmjöli. N. er sammála um, að sjálfsagt sé að lækka útflutningsgjaldið af síldinni, því að það mun ekki hafa verið gert ráð fyrir þessháttar útflutningi, þegar l. voru sett, enda kemur slíkt útflutningsgjald mjög harkalega niður á þessari nýju útflutningsvöru.

Aftur á móti telur n., að öðru máli sé að gegna með fiskmjölið. Hér er um innlenda framleiðslu að ræða. Þetta mjöl er unnið úr fiskúrgangi, og skiptir þessi vara talsverðu máli fyrir landið. Þessi framleiðsluvara mun vera um 6 þús. tonn að þyngd, og er það vörumagn unnið úr nálega ⅔ af þeim fiskúrgangi, sem til fellst í landinu, en ⅓ er fluttur út óunninn. Fyrir þennan óunna fiskúrgang, sem út er fluttur, fæst um 170 þús. kr., en ef þetta hráefni væri unnið í landinu, fengist fyrir það ½ millj. kr. Það er því talsvert mikið hagsmunamál fyrir þjóðarheildina, að þessi vinnsla verði aukin, eftir því sem föng eru á, og að því mun hafa átt að stefna með þessu frv. Í grg., sem fylgdi frv., þegar það kom fram í Ed., var þess getið, að þessi framleiðsla hefði ekki gert meira en svo að borga sig á undanförnum árum, og jafnvel að halli hafi orðið á. Þetta mun mikið stafa af því, að menn hafa selt þetta hráefni út úr landinu fyrir mjög lítið verð til þeirra útlendinga, sem hafa verið keppinautar Íslendinga á þessu sviði.

N. hugsaði sér í sambandi við næsta mál á eftir að flytja brtt., og er hún á þskj. 553 og þess efnis, að í staðinn fyrir að fella niður útflutningsgjald af fiskmjöli sé hækkað útflutningsgjald af því hráefni, sem gengur til fiskmjölsgerðar, svo mikið, að útflutningur þessa hráefnis minnki og skaði okkur ekki eins mikið í samkeppninni við útlendinga.

Ég álít, að ekki þurfi að fjölyrða frekar um þetta; málið ætti að vera sæmilega ljóst öllum þeim, sem hafa lesið nál. og kynnt sér gang frv. Það gæti orðið ágreiningur um, hvora af þessum tveimur leiðum ætti að velja til að vernda þá innlendu framleiðslu. Á það er þó að líta, að útflutningsgjald af fiskmjöli er nú ekki hærra en af öðrum tilsvarandi vörum, t. d. síldarmjöli. Ég álít, að þær tvær vörutegundir, eigi að fylgjast að, a. m. k. eigi útflutningsgjald af fiskmjöli ekki að lækka á undan útflutningsgjaldi af síldarmjöli.

Það mun vera nokkur áhugi í nokkrum hv. þdm., að hér verði farin önnur leið en n. leggur til. Mun það sjálfsagt koma fram við þessa umr., á hve miklum rökum sú stefna er byggð.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég gat ekki verið viðstaddur, þegar þetta mál var afgr. frá n., og ég er alveg ósammála hv. meðnm. mínum um afgreiðslu þess.

Það hefir verið svo til þessa, að nokkur hluti þessarar vöru hefir verið seldur úr landinu, og þá aðallega Norðmönnum. Því er ekki að neita, að út af fyrir sig er ekki æskilegt, að þessi vara sé flutt út óunnin, fyrst fiskmjölsverksmiðjur eru til í landinu. En ef menn athuga, hvers vegna nokkur hluti þessarar vöru er fluttur út óunninn, þá sjá menn, að það er af því, að útlendingar kaupa hana hærra verði en þær innlendu fiskmjölsverksmiðjur. Ég get ekki tekið þátt í því með mínu atkv. að útiloka hina mörgu smáu og fátæku framleiðendur þessarar vöru frá því að sitja við þann eldinn, sem bezt brennur, þó að það yrði til framdráttar nokkrum verksmiðjueigendum hér á landi. Og ég get því síður gert þetta, þar sem þessar verksmiðjur eru að nokkru leyti reknar af útlendingum.

Ég játa hinsvegar, að það er Íslendingum fagnaðarefni, að þessi iðnaður hefir nú færzt inn í landið, og ég vil gjarnan meta það við þá menn, sem hafa lagt fé sitt í þennan iðnrekstur, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir. Ég álít, að langréttasta afgreiðsla þessa máls sé að afgr. frv. eins og það kom frá Ed., nefnil. að lækka útflutningsgjaldið af beinamjöli, en hækka ekki útflutningsgjald af beinum og hausum. Á þann hátt öðlast þær innlendu verksmiðjur, að vísu á ríkissjóðskostnað, betri aðstöðu til að greiða framleiðendunum hærra verð fyrir þessa vöru heldur en nú er gert. Þetta virðist mér það sanngjarnasta, þegar þess er líka gætt, að útflutningsgjald af þessum afurðum, þegar búið er að breyta þeim í mjöl, er eftir núv. verðlagi 4—5%, og er það þrefalt útflutningsgjald á við það, sem greitt er nú af öðrum útfluttum vörum.

Ég heyrði það á hv. frsm., að hann var ekki fjarri því, að þetta, sem ég held fram, væri nú kannske réttasta lausn málsins. Ég er viss um, að það, sem hefir ráðið því, að n. tók þessa afstöðu, er það, að n. vildi hér fremur auka tekjur ríkissjóðs en draga úr þeim. Er það eðlilegt, og ekki sízt nú á þessum erfiðleikatímum. En

fyrir hönd þeirra mörgu og fátæku manna, sem þessa vöru selja, vil ég mótmæla því, að réttlátt sé að leggja nú þessa aukningu ofan á þann þrefalda útflutningstoll, sem þeir verða nú að bera samanborið við aðra framleiðendur.

Ég vona því, að hv. d. samþ. frv. eins og það kom frá Ed., og að ef hv. frsm. sér sér ekki fært að gera það, þá vilji hann ganga inn á, að málið verði tekið út af dagskrá, svo að n. öll geti athugað það á ný í þeim anda og því bróðerni, sem verið hefir í þessari n. bæði á þessu þingi og undanförnum þingum.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Ég er auðvitað fús á að ræða þetta mál við hv. þm. G.-K., og ég vil fullkomlega taka undir það, sem hann sagði um, að samkomulag hefði verið gott í n., og ég efast ekki um, að við getum orðið sammála um þetta atriði.

Ég get fallizt á það með hv. þm., að það er mjög æskilegt bæði fyrir þessa framleiðendur og aðra, að þau gjöld, sem á þeim hvíla, séu lækkuð. Ed. hefir nú nýlega afgr. til þessarar d. frv. um, að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Ég get tekið það fram strax nú, að ég er ekkert ginkeyptur fyrir því, þó að margar stoðir renni undir þær óskir, sem í frv. felast.

Þá vil ég benda á það, að ef við styðjum að aukinni framleiðslu í þessum verksmiðjum, þá er það ekki einungis aukið verðmæti á þessari útflutningsvöru, sem við það vinnzt, heldur eykst líka atvinnan í landinu við það. Þó að þessar verksmiðjur séu að einhverju leyti reknar fyrir útlent fé, þá skapar þetta ríkissjóði og sveitarfélögum miklar tekjur. Er það því á margan hátt til hagsbóta fyrir landið, að þessi iðnaður aukist.

Mér er ekki kunnugt um, hve mikið þessi vara rýrnar við vinnsluna, en það mun vera allmikið. **(ÓTh:** 20%). Þó að nú yrði nokkuð lækkaður tollur af fiskmjöli, þá er það í rauninni ekki svo ýkjamikið, þegar tekið er tillit til þess, hve mikið varan rýrnar við vinnsluna. Það yrði eflaust talsverður hagur að því að fá útflutningsgjaldið lækkað niður í 1½%, eins og upphaflega var lagt til í frv. Hitt væri þó eigi síður mikill hagur, ef hægt væri að koma því svo fyrir, að kaup útlendinga á þessum íslenzku hráefnum bæru sig ekki lengur. Það er því spursmál, hvort ekki sé rétt að gera þær ráðstafanir, að hægt verði að kaupa þessi hráefni eðlilegu verði.

Þetta verður allt að rannsaka, áður en nokkru er slegið föstu. Ég hefi ekki umboð frá n. að taka brtt. aftur. Við höfum athugað málið í n. eftir föngum, og ég hefði haft ánægju af því, að hv. þm. G.-K. hefði verið viðstaddur þær umr., því að vitanlega hefði afgreiðsla hér í hv. d. gengið þá betur.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hér er tvenns að gæta. Í fyrsta lagi er það ekki lítils virði, ef hægt væri að stuðla að vinnslu í landinu sjálfu. Ég hefi yfirlit yfir, hvað eitt félag með þremur verksmiðjum hefir greitt í vinnulaun, opinber gjöld, flutningsgjöld og útflutningsgjöld árið sem leið. Vinnulaunin ein nema 190 þús. kr., útsvör og skattar 15 þús., flutningsgjöld 65 þús. og útfl.gjald 32 þús. kr. Á landinu munu vera 6 fiskmjölsverksmiðjur. Það er mikill vinningur fyrir ríkissjóð, að þessi vinnsla missist ekki út úr landinu. En það verður líka að gæta þess, að hráefni lækki ekki svo í verði, að það borgi sig ekki að framleiða það. Ég er ekki viss um, að rétt sé að útiloka erlenda samkeppni. Nú stendur svo á, að rekstrarafl (mestmegnis rafmagn) er ⅓ ódýrara erlendis en hér og vinnulaun langtum lægri, svo að útlendingar ættu að vera samkeppnisfærir, þó að eitthvað yrði hækkað útflutningsgjald af beinum.

Það er alveg rétt, sem fram kemur í brtt. hv. þm. Vestm., að nokkur munur er á sólþurrkuðum og eldþurrkuðum beinum. Ávallt er hærra verð á fiskmjöli úr sólþurrkuðum beinum heldur en úr beinum, sem þurrkuð eru í ofni, og væri rétt að taka tillit til þess. Auk þess er talsverð vinna við að sólþurrka beinin, og er því heppilegast, að sem mest sé sólþurrkað af þeim. Það er ekki nema eðlilegt, að útflutningsgjald af eldþurrkuðum beinum sé lægra en af sólþurrkuðum, þar sem verðið er lægra. Útflutningsgjald af fiskmjöli og síldarmjöli er óvenjulega hátt. Venjulega er útflutningsgjald 6—9% miðað við verð vörunnar.

Af þessum vörutegundum var útflutningsgjald 8—10% á síðasta ári. Þetta er afskaplega hátt og ekki eðlilegt, að útfleytjendur geti staðizt erlenda samkeppni með þessu móti. Það vakti fyrir n. með till. sínum, að nú er þannig ástatt, að ríkissjóður virðist þurfa að beita hreinni og beinni skattaáþján, og þá er spursmál, hvort lækka beri þessi óbærilegu útflutningsgjöld eða láta þau halda áfram. N. hefir fallizt á að létta undir með samkeppninni með því að hækka innl. útfluningsgjald af beinum.

Ef hv. þm. Vestm. vill taka sína till. aftur, þá get ég fyrir mitt leyti fallizt á að láta till. n. bíða til 3. umr.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég hygg, að n. hafi ekki haft alveg réttar upplýsingar um aðstöðu Norðmanna í þessu efni. Það liggur í hlutarins eðli, að farmgjald af beinum er allverulegt, því að þau eru rúmfrek í skipunum, og þær innlendu verksmiðjur, sem hér eiga hlut að máli, hafa að því leyti betri aðstöðu en erlendu keppinautarnir.

En ég held, að þó að þeir greiði hærra fyrir beinin, þá geti þeir selt framleiðsluna ódýrara af því að þeir ætla sér minni gróða heldur en innlendu verzlanirnar.

Hv. frsm. minntist á, að fyrir n. lægi frv. um afnám útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum, en það er alls ekki sambærilegt. Hér er nú farið fram á að íþyngja ekki þeirri framleiðslu, sem greiðir 5—6% meira í ríkissjóð. En að ætla sér að hækka útflutningsgjald af beinum, það væri að færa peninga úr tómri buddu hinna mörgu smáframleiðenda yfir í ríkissjóð. Að hækka útflutningsgjald af beinum er að banna framleiðendunum að hagnýta þann markað, sem beztur hefir verið. Þessi kali til smáframleiðenda, sem kemur fram í þessu hjá n., kemur líklega til af því, að hún hefir ekki grandskoðað málið. Mér þætti því vænt um, ef hv. meiri hl. n. og hv. þm. Vestm. sæju sér fært að taka brtt. aftur til 3. umr. og vil mælast til þess, að hv. frsm. leiti samkomulags um þetta við meðnm. sína.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Mér finnst dálítið hæpið að slá því föstu, að þó að hækkað yrði útflutningsgald af beinum, þá myndi verðið innanlands lækka mikið. Mér finnst, að miklar líkur séu til, að verksmiðjurnar geti keypt, ef þær ykju framleiðsluna, þennan ⅓ hluta, sem nú fer til útlanda, jafnháu verði og þá ⅔ hluta, sem þær kaupa nú. Ég veit það a. m. k. með frystihúsin, að því meira, sem fæst í þau, því ódýrari verður geymslan, og það skiptir afarmiklu máli, að hægt sé að fá í þau tvisvar. Það munar miklu á hvert kíló af kjöti. Tilkostnaðurinn minnkar, og vextirnir eru ekki hærri fyrir það, þó að framleiðslan tvöfaldist. Ég er yfirleitt ekki það trúlítill á þessa framleiðslu, að farið verði beinlínis að okra, þó að aðstaðan verði ögn betri. En hv. þm. G.-K. þekkir þetta sjálfsagt betur en ég; ég hefi bara ekki ástæðu til þess að búast við slíku.

Út af því, sem hv. þm. sagði, að það skipti allt öðru máli um útflutningsgjald á kjöti, þá er því til að svara, að það er afskaplegt óréttlæti, að nokkur hluti þess sé tollaður, en hinn ekki. (**ÓTh:** Það, sem neytt er innanlands?). Já, og það er alls ekki svo lítill hluti. Þeir, sem verða að byggja á útflutningi, eru miklu verr settir en þeir, sem búa að innlenda markaðinum. Þetta er lítt viðunandi. En þrátt fyrir allt, þá er varhugavert að ganga inn á að afnema útflutningsgjald af kjöti, eins og nú standa sakir.

Ég vil svo ekki fara lengra út í þetta að sinni. N. hefir komið sér saman um að verða við beiðni hv. þm. um að taka brtt. bæði við þetta mál og næsta mál á dagskrá aftur til 3. umr., svo að n. geti rætt við hv. þm. út af þessu, og vænti ég, að hv. þm. Vestm. geri slíkt hið sama.

**Jóhann Jóefsson:** Ég verð að játa, að ég hefi alltaf verið á móti því að hækka útflutningsgjald af beinum. Þó verð ég að kannast við það, að eins og nú er erfið aðstaða fyrir fiskmjölsframleiðendur, þá gæti þetta orðið þeim til bóta gagnvart erlendum keppinautum, en það má ekki gleyma því, að beinaþurrkunin veitir atvinnu mörgu fólki, sem annars myndi enga atvinnu fá. Smærri framleiðendur nota a. m. k. unglinga, konur og gamla menn til þess að gera beinin að verzlunarvöru. Hv. þm. G.-K. tók að mínu áliti

svo réttilega á þessu máli, að ég gæti gert hans orð að mínum.

Ég vil svo ekki orðlengja þetta meira, og úr því n. hefir fallizt á að taka aftur sínar till. til 3. umr., þá skal ég einnig fúslega taka mína aftur, þó að hún sé eiginlega við næsta mál á dagskrá, en þessi mál verða að ræðast saman.

**Ólafur Thors:** Ég get fallið frá orðinu, en vil aðeins þakka hv. n. og hv. þm. Vestm. fyrir að verða við tilmælum mínum um að taka till. aftur til 3. umr., og vona, að þá gefist tækifæri til að ræða þetta betur hér í deildinni.

ATKVGR.
Brtt. 552 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 361, 602).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 602 samþ. með 15:4 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 68. fundi í Ed., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 615).

Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 615, 630).

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Tímanlega á þinginu flutti ég frv. til l. um breyt. á l. um útflutningsgjald af síld, og sem afleiðing þess flutti ég einnig frv. það, sem hér liggur fyrir. Eins og hv. þdm. muna, er um tvennskonar útflutningsgjald að ræða. Frv. hlutu því að fylgjast að, og er þetta afleiðing þess fyrra, og þurftu þau að afgreiðast í þeirri röð. Nú tókst nokkuð óhöndulega til um afgreiðslu þessara mála í hv. Nd. Þessi mál voru hér afgr. af sjútvn., en þar var þeim vísað til fjhn. Nú vil ég að vísu ekki segja, að þetta hafi haft veruleg áhrif á afgreiðslu málanna þar, en það er þó ekki eins og þingsköp mæla fyrir. En afgreiðsla þessara mála tókst einnig óhöndulega til á annan hátt þar. Þess var ekki gætt að afgr. þau með tilliti til þess sambands, sem var á milli þeirra. Þetta frv. var afgr. á undan og með breyt., sem stenzt ekki eftir afgreiðslu hins frv., eða a. m. k. hafði ég ekki hugsað mér afgreiðslu þess svo í fyrstu. Ef þetta frv. fer fram óbreytt, þá verður síldarmjöl algerlega undanþegið útflutningsgjaldi. En það var ekki meining mín, heldur aðeins það, að útflutningsgjaldið yrði lægra. Sjútvn., sem athugað hefir frv. að nýju, leggur til, að það verði fært til þess horfs, sem það var í þegar það fór héðan. Verði breyt. n. samþ., þá flyzt þetta frv. til samræmis við hitt frv., sem þegar er orðið að l. Vona ég því, að brtt. n. verði samþ. Að vísu verður það þess valdandi, að frv. verður að ganga til Nd. aftur til einnar umr. þar. En hjá því verður ekki komizt, því nauðsynlegt er að hafa útflutningsgjald á þessu sem öðrum sjávarafurðum.

ATKVGR.
Brtt. 630 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 73. fundi í Nd., 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 665).

Á 74. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 689).

---

## 56. Eiðaskóli.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um alþýðuskóla á Eiðum** (þmfrv., A. 137).

Á 24. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Páll Hermannsson):** Það stendur þannig á frv. þessu, að skólastjórinn á Eiðum hefir farið fram á, að gerðar yrðu breyt. á lögum þeim, er skólinn starfar eftir. Nú þótti gleggra, þar sem lögin voru ekki löng, en áður í tvennu lagi, að semja þau um, steypa þeim í eina heild, heldur en að fara að auka við nýjum viðbæti, svo þau yrðu í þrennu lagi.

Hér er ekki um neinar stórvægilegar breyt. að ræða. Aðalbreytingarnar frá gildandi lögum eru tvær. Fyrst, að niður falli ákvæðin um verklegt búnaðarnám við skólann. Eins og kunnugt er starfaði búnaðarskóli á Eiðum áður en ungmennaskólinn var stofnaður; mun því þetta ákvæði um verklegt búnaðarnám vera leifar frá þeim tíma. Reynslan hefir nú sýnt, að þessi verklegu námskeið við skólann voru alltaf frekar illa sótt, og í seinni tíð voru þau alls ekkert sótt og því ekki framkvæmd. Skólastjórinn telur því rétt að fella niður þessi ákvæði laganna, um hin verklegu námskeið, þar sem þau hafa enga þýðingu.

Hin aðalbreyt. frá núgildandi lögum um skólann er sú, að hér er farið fram á, að skólatíminn verði styttur frá því, sem nú er. Nú er skólaárið frá 20. okt. til 10. maí. Það þykir þegar hafa komið í ljós, að skólaslit 10. maí séu of seint. Hið fátæka námsfólk, sem skólann sækir, þarf að geta komizt í atvinnu sem fyrst að vorinu. Þetta hefir Alþingi líka viðurkennt, er sett voru lögin um héraðsskóla. Hér er því lagt til, að skólaárið verði líkt og í héraðsskólunum, eða frá 20. okt. til fyrstu sumarhelgar. Kemur þessi breyt. til með að stytta skólaárið um 2—3 vikur.

Hér eru ekki tekin upp ákvæðin um afhending Eiðaeignar, þar sem hér er aðeins um að ræða framtíðarstarfsreglur fyrir skólann. Hitt er greinilegt í eldri lögum, á hvern hátt Eiðaeignir afhendist ríkissjóði og með hverjum skilyrðum. — Legg ég svo til, að frv. þessu verði að umr. þessari lokinni vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 325).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Menntmn. hefir athugað þetta frv. og fengið umsögn fræðslumálastjóra um það, og mælir hún með því, að það nái samþykki. Frv. gerir ekki miklar breyt. á núgildandi l., fellir aðeins úr þeim bráðabirgðaákvæði, sem upphaflega voru sett um afhendingu Eiðaeignar, o. s. frv. Ennfremur er slakað á ákvæðum um það, að þar skuli fara fram búnaðarkennsla, en þó er gert ráð fyrir, að vornámsskeið í búnaðarfræðslu séu haldin, þegar stjórn skólans telur ástæður til. Breyt. voru raktar ýtarlega við 1. umr. af flm., og sé ég því ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þær.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 137).
Á 50. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 62. og 64. fundi í Nd., 1. og 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 137, n. 480, 566).

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Menntmn. hefir athugað þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ.

Í grg. frv. er það tekið fram, að það sé flutt að tilstuðlan skólastjórans á Eiðum. Breyt. eru ekki stórvægilegar og skipta ekki miklu máli. Helztu breyt., sem skipta máli, og þó ekki miklu, eru þessar:

Í fyrsta lagi breyt. á skólatímanum, að stytta skólaárið. Nú er það frá 20. okt. til 10. maí, en í frv. er gert ráð fyrir, að það sé frá sama tíma að haustinu til fyrstu sumarhelgar. Þetta er gert til þess, að nemendur tapi vinnu styttri tíma að vorinu vegna skólanámsins. Mun þessi tími vera í samræmi við það, sem er í öðrum alþýðuskólum.

Þá er svo ákveðið í l., að haldið skuli við skólann búnaðarnámsskeið haust og vor. Þessi námskeið hafa ekki verið svo vel sótt sem skyldi, svo að vandkvæði hafa verið á að halda þeim uppi. Þess vegna er farið fram á í frv., að ekki sé skylda að halda þessi námskeið, heldur sé aðeins heimild til að halda vornámskeið.

Um námsgreinar er farið fram á þá breyt. í frv., að í stað þess, að danska er nú skyldunámsgrein, skuli svo ákveðið, að eitt af Norðurlandamálunum skuli vera skyldunámsgrein í skólanum, og gæti þá verið valin danska eins fyrir því eins og hvert annað af Norðurlandamálunum.

Eiðaskóli hvílir á stofnl. frá 1917 og breyt., sem gerðar voru á þeim l. 1921. Í stofnl. er einskonar samningur milli fyrrv. eigenda skólans, Múlasýslnanna, og ríkisins. Múlasýslur ráku þarna búnaðarskóla með styrk frá ríkissjóði. Sýslurnar lögðu niður búnaðarskólann og þá féll af sjálfu sér niður krafan um ríkisstyrk — og afhentu eignir skólans, sem voru allverulegar — nál. 100 þús. kr., ef ég man rétt —, til ríkisins, en ríkið tók að sér að reka þarna alþýðuskóla, samkv. því, sem segir í stofnlögunum.

Nú segir í 9. gr. þessa frv., að hvortveggja lögin séu úr gildi felld, stofnlögin 1917 og breyt. 1921. Hv. flm. hefir tjáð mér, að þótt að forminu til væru felld úr gildi þessi lög, þá væri það hugsun sín og annara, sem að flutningi frv. stæðu, að jafngildur fyrir báða aðilja væri eftir sem áður sá samningur, sem geymist í stofnl., þótt hann sé ekki ítrekaður í þessu frv. Hin nýju lög tækju þá aðeins til rekstrar skólans.

Ég sé, að eftir að málið var afgr. frá n. hafa komið allfyrirferðarmiklar brtt. á þskj. 566 frá hv. 1. þm. S.-M. En þegar á brtt. er litið í heild, þá kemur í ljós, að brtt. eru í raun og veru aðeins um formsatriði, en ekki efnisbreyt. Og ég hygg, að ég megi segja fyrir hönd n., að hún sjái ekki beina ástæðu til að leggjast á móti þessum till., þótt hún telji þær ekki nauðsynlegar, enda eru þær að engu leyti efnisbreyt. Fyrir flm. brtt. mun vaka aðeins það, að skeyta frv. að því leyti, sem í því eru efnislegar breyt., við hin upphaflegu stofnlög. Teldi ég bezt farið, ef brtt. verða samþ., að svo yrði ákveðið, að fella texta frv. inn í stofnlögin og gefa þau út í heild, til þess að lagaákvæða um skólann væri ekki að leita nema í einu lagi.

**Sveinn Ólafsson:** Í frv. þessu á þskj. 137 eru taldar nokkar minni háttar breyt. á fyrirkomulagi Eiðaskóla auk breyt. þeirra, sem gerðar voru með l. nr. 24 1921, eins og tekið var fram af hv. frsm. n. Ég fellst að öllu á þessar breyt. á fyrirkomulagi skólans, en ekki á form frv. eða efni 9. gr. þess. Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að úr gildi falli stofnlög skólans. Þessi stofnlög frá 1917 fela í sér samning milli Alþingis og Múlasýslnanna um allveruleg fjárskipti og rekstur alþýðuskóla á Eiðum, svo sem frsm. skýrði frá, og annarsstaðar er ekkert skjallegt til viðvíkjandi þessum samningum. Ekkert afsal til ríkisins er til fyrir eignum hins forna Eiðaskóla, nema það, sem felst í 1. gr. stofnlaganna frá 1917. Mér finnst, að ef l. þessi verða felld úr gildi, svo sem 9. gr. frv. mælir fyrir, þá geti jafnvel orkað tvímælis, hvort ríkissjóður eigi eftir þetta jarðagóssið og þær aðrar eignir, sem afhentar voru með samningnum, sem felst í 1. gr. l. nr. 36 1917.

Ég tel því að öllu athuguðu, að betur fari á því, að þessi samningur standi óhaggaður eins og verið hefir undanfarið, en breyt. þær á rekstri skólans, sem frv. gerir ráð fyrir, komi fram eins og breyt. á stofnlögunum, og að frv. heiti, eins og ég legg til: „Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 20. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs".

Hér er því, eins og hv. frsm. benti á, engin efnisbreyt. á frv. eftir mínum till. á þskj. 566, önnur en þessi eina, að ekkert verði haggað við því, sem nú er ætlazt til að óskráð og óbreytt standi í gildandi l. um skólann.

Ég finn ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, af því að þetta hefir svo ljóslega verið tekið fram af hv. frsm. En samkv. till. mínum eiga að standa áfram í gildi 1. og 2. gr. stofnl., en vísast til frv. á þskj. 137 um þær gr., sem á eftir fara.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Mér virðast þessar brtt. hv. 1. þm. S.-M. með öllu óþarfar og óprýði á frv., ef það yrði samþ. í þeirri mynd, sem hann leggur til. Ég sé ekki, að það skipti neinu máli um afhendingu Eiðaeignar á sínum tíma og um meðferð á þeim, hvort þessi ákvæði gömlu laganna eru látin standa eða ekki. Ríkið hefir þegjandi samþ. með stofnun skólans allt það efni, sem er í 1. gr. l. frá 1917, og þau ákvæði eru þar með viðurkennd um aldur og æfi af ríkisins hálfu. Ég hygg, að það sé á engan hátt meir bindandi fyrir ríkið, þó að þessi gr. standi áfram í l. óbreytt. Enda finnst mér óviðkunnanlegt, þar sem skóli hefir nú staðið svo lengi á Eiðum, að það sé látið standa í lögum, „á Eiðum skal stofnaður alþýðuskóli“ o. s. frv. Að mínu áliti skiptir þetta engu frá lagalegu sjónarmiði hvað eignina sjálfa snertir, en er óprýði á lagasetningu, að kippa þessu ekki í lag á líkan hátt og gert er í frv. því, sem hingað er komið frá Ed.

**Sveinn Ólafsson:** Það eru aðeins örfá orð. Ég get ekki komið auga á þá óprýði á frv., sem hæstv. ráðh. talaði um. Það er afaralgengt, að eldri l. er breytt á þann hátt, að skeytt er við þau eða breytt einstökum gr., en l. þó látin halda meira eða minna af upphaflegum stofni þeirra. Hæstv. ráðh. sagði að vísu, að það mundi ekki hagga neinu um gamla samninga, þótt frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Slíkt er tilgáta fremur en vissa. En eins og ég hefi tekið fram áður, verð ég enn að segja það, að um leið og sjálfur samningurinn er felldur úr gildi, eins og gert er ráð fyrir í 9. gr. frv., getur það vissulega orðið vafasamt, hvort ákvæði hans eiga framvegis að gilda að öllu leyti, einhverju leyti eða alls ekki. Öllum óskum, sem komið hafa frá skólastjórn um kennslutilhögun o. fl., er fullnægt engu síður, þó frv. sé fært í það form, sem ég legg til, og það er vitanlega aðalatriðið.

Þar sem hér er um allstóra ríkiseign að ræða og allmikla fjárupphæð, sem komið getur upp deila um, ef l. frá 1917 væru úr gildi numin, finnst mér eðlilegast að vera ekkert að hrófla við þeim umfram þær eftiræsktu fyrirkomulagsbreyt. Það eru 6 jarðir, sem tilheyra stólseigninni fornu og afhentar voru 1917 gegn því, að ríkið héldi uppi skóla á Eiðum. Í 1. gr. stofnlaga skólans er ríkinu áskilinn réttur til að færa skólann úr stað, ef ástæða þætti til síðar. Það ákvæði fellur einnig niður, ef frv. er samþ. óbreytt og stofnlögin þar með felld úr gildi. Það getur vel komið sá tími, að hentugra þyki að hafa skólann á einhverjum öðrum stað í Múlaþingi heldur en Eiðum. Og auðvitað yrði Eiðaeignin eftir sem áður eign ríkissjóðs, ef samningurinn forni heldur gildi. Það er þá líka kunnugt, að á seinni árum hefir aftur og aftur verið leitazt fyrir um það úr Múlasýslum báðum að fá skólann fluttan að Hallormsstað. Ég kannast við, að þar væri skólinn að ýmsu leyti betur settur, og ekkert er því til fyrirstöðu, að hann verði þangað fluttur, ef Alþingi vildi svo vera láta. En engu að síður mundu Eiðar, með því jarðagóssi og þeim byggingum, sem staðnum fylgja, vera nýtileg eign til margra hluta, svo sem fyrir læknissetur, sjúkraskýli o. fl.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég legg ekki svo mikið kapp á þetta, að ég þess vegna vilji fara út í svæsnar deilur. En eins og áður er tekið fram, finnst mér svo fara bezt á þessari lagabreyt., að það, sem gilda á af gömlu lögunum, sé látið óhaggað, en aukið þar við eða burt numið eftir þörfum.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég ætla ekki að segja mörg orð. Ég lít svo á, að sá samningur, sem gerður var samkv. lögunum frá 1917, sé jafnt í gildi og ákvæði hans jafnbindandi fyrir ríkisstj. á hverjum tíma, hvort sem lögin eru felld niður eða ekki, og að því sé ekki ástæða til

að vera að burðast með gamlar lagagreinar, sem hættar eru að hafa þýðingu. Efni þeirra gildir áfram sem samningur þó þær séu felldar niður sem lög.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Ég get ekki fundið, að það sé neinn efnislegur ágreiningur um þetta mál, og þar af leiðandi skiptir í raun og veru ekki miklu máli, hvort brtt. eru samþ. eða ekki. Ég fyrir mitt leyti hefi í sjálfu sér talið óþarft að bera brtt. fram, því ég álít, eins og hæstv. atvmrh., að samningsatriði stofnlaganna séu jafnvel geymd, þó þau séu ekki ítrekuð í þessum lögum. Hinsvegar þykir mér réttara að samþ. brtt., úr því þær eru komnar fram og heyrzt hefir rödd um, að draga megi í efa, hvort stofnákvæðin séu í gildi eftir sem áður, ef frv. er samþ. óbreytt. Mér finnst það að vísu ekki nein prýði á frv., fremur en hæstv. ráðh., en ég get ekki fundið, að það sé nein veruleg óprýði að því heldur. Það mætti a. m. k. finna mörg sambærileg lög í löggjöf okkar, sem mundu verða höfð talsvert öðruvísi, ef þau væru endurnýjuð alveg, enda gilda hér ýms æfagömul lög, sem ekki eru einusinni sett af Alþingi, heldur með konungsbréfi eða tilskipun.

**Hannes Jónsson:** Ég hefi nú leitað með logandi ljósi að ástæðum fyrir þeim brtt., sem hér liggja fyrir, en er ómögulegt að koma auga á nokkra. Ég hefi heldur ekki heyrt hv. þm. segja neitt, sem styrkt getur það, að brtt. séu réttmætar eða nauðsynlegar. Það eina, sem ef til vill mætti segja, að væri þeim til stuðnings, eru þær umr., sem fallið hafa um það, hvort hægt væri að losa ríkið undan þeim skyldum, sem það tók á sig, er það tók við Eiðaskóla, með því einu að fella l. frá 1917 úr gildi. Ég skoða ummæli hv. 1. þm. S.-M. í þessa átt sem yfirlýsingu um það, að ríkið geti hvenær sem er losað sig undan þessum skyldum með því að breyta eða fella úr gildi l. frá 1917. **(Dómsmrh.:** Og skila aftur eigninni?). Annað hefi ég ekki heyrt, sem stutt gæti þessa breyt. á frv. Mér skilst það vera samhuga álit hv. nm., að brtt. séu óþarfar. En hv. frsm. sagði, að úr því þessi óþarfi væri kominn fram, þá væri leiðinlegt að fella hann. Það eru nú dálítið veikar röksemdir fyrir brtt., að þær séu alveg óþarfar, en þó megi ekki fella þær, úr því þær eru einu sinni komnar fram. Ég veit ekki, hvenær má greiða atkv. móti brtt., ef ekki má fella þær brtt., sem eru alveg óþarfar. Það mætti lengi halda áfram að breyta frv., ef samþ. ætti allar brtt., sem ekki eru beinlínis skaðlegar, hvað óþarfar sem þær eru. Allar óþarfa till. á þvert á móti að útiloka, þær eru ekki til annars en tefja þingið og tefja málin. Ef þessar brtt. eru samþ., þarf frv. aftur til hv. Ed., og það er óþörf töf. Ég skil ekki afstöðu hv. 1. þm. S.-M. Hann vill láta samþ. brtt. af því þær séu meinlausar, þýðingarlausar og gagnslausar. Af þeim einföldu ástæðum tel ég sjálfsagt að fella þær.

**Sveinn Ólafsson:** Ég ætla ekki að fara að eltast við þennan afgæðing hv. þm. V.-Húnv. En út af niðurlagi ræðu hans vil ég geta þess, að sjálfur flm. frv. er því samþykkur, að það taki þeim breyt., sem ég legg hér til. Það hefi ég eftir honum sjálfum.

Að vera að teygja málið út í gamansemi og glettnisspjall, eins og hv. þm. V.-Húnv. reyndi, er síður en ekki til þess að flýta þingstörfum eða greiða götu málsins.

Engu af því, sem óskað hefir verið eftir að fá breytt, er spillt með till. mínum. Þess vegna geri ég ráð fyrir, þrátt fyrir „innlegg“ hv. þm. V.-Húnv., að hv. þm. hallist að því að samþ. þær, það er eðlilegasta og heppilegasta lausn málsins.

ATKVGR.

Brtt. 566,1 (1. gr. falli burt) samþ. með 20:1 atkv.

— 566,2 (2. gr. falli burt) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 566,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

3. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 566,4 samþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 566,5 samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 566,6 samþ. með 17 shlj. atkv.

6. gr. (verður 4. gr.), svo breytt samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 566,7 samþ. án atkvgr.
7.—8. gr. (verða 5.—6. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 566,8 (ný 9. gr., verður 7. gr.), samþ. með 17 shlj. atkv.
— 566,9 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 20. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs.**

---

Á 70 fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 594).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 594).

Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Páll Hermannsson:** Ég ætla bara að geta þess, að þetta frv. hefir tekið talsverðum breyt. að búningi til í hv. Nd. Ég átti tal við hv. form. menntmn., og gerði hann ráð fyrir að óska þess, að frv. verði tekið af dagskrá í dag. Get ég sem flm. þess tekið undir þá ósk.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég vil geta þess út af þessu máli, að menntmn. hefir engan fundartíma haft síðan málið kom frá Nd. Vil ég því óska þess, að málið verði tekið af dagskrá í dag, svo n. gefist tækifæri til að athuga það.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 16. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Menntmn. hefir athugað þær breyt., sem orðið hafa á þessu frv. í Nd. Þær eru ekki svo mjög stórvægilegar, aðeins þær, að þessi ákvæði eigi aðeins að koma sem breyt. á upphaflegu l. um stofnun Eiðaskóla, en með frv. eins og það lá fyrir hér var ætlazt til, að þetta yrðu heildarlög fyrir Eiðaskóla, en hin upphaflegu l. féllu úr gildi. N. telur í sjálfu sér, að þetta sé nokkru klúðurslegra, en þar sem þetta hefir ekki raunverulega þýðingu, þá leggur hún til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

**Páll Hermannsson:** Hv. frsm. hefir getið þess, sem líka er rétt, að þær breyt., sem þetta frv. tók í Nd., séu í raun og veru ekki eins stórar og litið gæti út fyrir.

Ég er viss um, að hv. 1. þm. S.-M., sem stóð að þeim brtt., sem samþ. voru við frv. í Nd., hefir borið þær till. fram með hagsmuni skólans fyrir augum og af velvild til hans. Hann lítur svo á, að í l. skólans, eins og þau eru nú, séu ákvæði, sem megi ekki falla niður, þótt þau hinsvegar séu þess eðlis, að ekki eigi við að taka þau upp í nýsamin lög fyrir skólann. En þótt ég viti, að þessar breyt. eru bornar fram af velvilja til skólans, þá get ég ekki fallizt á, að þörf sé á að halda gildandi þeim lagaákvæðum, sem hv. flm. brtt. í Nd. vildi ekki niður fella, þ. e. ákvæðunum um afhendingu Eiðaeignar. Ég held sem sé, að alþýðuskólinn lifi aldrei til lengdar á gömlum lagabókstaf einum eða lagakrókum. Það verður ekki bókstafurinn, sem lífgar þar fremur en endranær. Þar þarf annað og meira að koma til. Þar þarf samhent átök beggja þeirra aðilja, sem að skólanum standa, annarsvegar ríkisvaldsins, sem á að sjá skólanum fyrir starfskröftum, rekstrarfé og þeim útbúnaði, sem með þarf, og hinsvegar þeirra manna, sem skólann eiga að nota og áhrifa hans að njóta.

Mér þykir rétt að geta þess hér, að á síðari árum, og einkanlega nú á þessu síðasta, hefir vaknað almennur verulegur áhugi þar eystra um að sporna við því, að þessi menntastofnun legðist niður. Mönnum er nú að verða það ljóst, að ef svo færi, að Eiðaskóli legðist í auðn, væri þar með smíðaður einn stærsti naglinn í líkkistu Austurlands. En ég er þess fullviss, að sá áhugi megnar þó ekki að halda skólanum lifandi,

nema ríkið sjái sér jafnframt fært að útbúa hann betur en gert hefir verið hingað til. Kennslukraftar og stjórn öll er í bezta lagi. Þó er þessi skóli ekki samkeppnisfær við aðra sambærilega skóla. Þar er enginn jarðhiti, og þar vantar einnig það, sem helzt gæti komið í stað jarðhita, sem sé rafmagn. Sundlaug hefir skólinn ekki heldur, svo sem aðrir skólar. Það, sem skólinn því sérstaklega þarfnast, er rafmagn, en það er hægt að veita honum. Í sambandi við það gæti svo líka komið sundlaug, sem skólinn hefir einnig ríka þörf fyrir. Skóli, sem er afskekktur, býr við fámenni, strjálbýli og illar samgöngur, eins og Eiðaskóli gerir, getur ekki staðizt samkeppni við þá hliðstæðu skóla, sem í þessum efnum eru að mun betur settir, sé hann jafnframt að öðru leyti verr útbúinn.

Í þessari d. var nú nýlega við umr. fjárl. samþ. að veita nokkra fjárhæð til umbóta útbúnaði Eiðaskóla. Tel ég skylt að þakka það. Ég geri mér von um, að þótt beðið verði um meira fé til skólans á næstu árum, þá verði því tekið jafnvel. Býst ég líka við, að þeim fjárbónum verði stillt í hóf. En hitt má telja víst, að Austfirðingar hljóta að sækja það fast á næstu árum, að Eiðaskóli verði gerður það vel úr garði, að hann þurfi ekki að gefa upp öndina fyrir kulda né klæðleysi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 701).

## 57. Lokunartími sölubúða.

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum** (þmfrv,. A. 254).

Á 37. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jón Baldvinsson):** Þetta frv. er gamall kunningi í þessari hv. d., en hefir hingað til sofnað í þinginu. Það er viðauki við samþ. um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum frá 1917 og fer fram á að bæta þar við, að sendisveinar þurfi ekki að hafa eins langan vinnutíma og nú er. Í frv., sem hefir verið rætt nokkuð ýtarlega við umr. á undanförnum þingum í þessari hv. d., hefir verið gerð grein fyrir þessu, og þykir mér ekki ástæða til þess að fara frekar út í það. Vil aðeins gera þá aths. um skilning á 2. gr., að ég tel, að undir þessa gr. mundu koma allar þær búðir, sem þar eru nefndar, og auk þess sala á heimabökuðu kaffibrauði, sem ýmsar konur hafa tekið upp og selt er í heimahúsum. Það er nú byrjaður atvinnurekstur á þessu sviði, sem auðvelt er að fella undir það sama og aðrar verzlunarbúðir eftir þessari gr. frv. Vil ég svo mælast til, að frv. verði vísað til allshn. og 2. umr. Vil jafnframt mælast til þess við hv. allshn., að afgreiða þetta frv., sem sérstaklega tryggir þessari ungu kynslóð í verzlunarstéttinni skaplegan vinnutíma. Það ætti ekki að vera heimilunum nein óþægindi þó ekki væri verið að senda vöru fram eftir öllu kvöldi. Menn mundu fljótt átta sig á þessu og panta vöruna í tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, n. 323).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Ég get að mestu látið mér nægja að vísa til grg. frv. Það er aðeins síðasta málsgreinin í 1. gr. Þetta nýmæli gengur út á það, að heimila bæjarstjórnum að takmarka vinnutíma sendisveina eins og annars verzlunarfólks. Þetta nýmæli er fyllilega réttmætt. Sendisveinar þurfa ekki síður verndar hins opinbera gegn of löngum vinnutíma en aðrir, og alveg er áhættulaust að trúa bæjarstjórnunum á hverjum stað að gera ráðstafanir til þessa.

Allshn. varð sammála um að mæla með þessu frv., og ég vil fyrir hönd n. óska

þess, að það verði samþ., og vísað til 3. umr. að þessari lokinni.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil aðeins þakka hv. n. fyrir ágætar undirtektir við þetta mál, og vil taka undir ósk hv. frsm. n. um, að það megi ná fram að ganga.

**Jakob Möller:** Eins og kunnugt er, eiga þessi l. um lokunartíma sölubúða aðeins við kaupstaði. Nú vita allir, að mörg þorp hér á landi, sem ekki mundu falla undir þessi l., eru jafnstór og sumir kaupstaðirnir, og gæti því verið alveg sama ástæða til þess að láta l. líka ná yfir þau. Ég vil beina því til hv. n., hvort hún vilji ekki taka þetta atriði til athugunar milli umr., hvort ekki sé rétt að víkka svæði l., svo að heimildir þeirra næðu víðar en til kaupstaða. Úr því að löggjöfin er nú einu sinni búin að viðurkenna þörf slíkra ráðstafana, er rétt að láta þær ná sem víðast.

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Ég tel rétt að taka þessa bendingu frá hv. 1. þm. Reykv. til greina, og geri ég ráð fyrir, að allshn. muni verða við þeim tilmælum að athuga þetta milli 2. og 3. umr. En ég geri ráð fyrir því, að mest sé þörfin á slíkum l. hvað kaupstaðina snertir, því að víða í smærri kauptúnum er atvinnurekstri talsvert öðruvísi fyrir komið og ekki eins bundinn við vissa tíma og í kaupstöðunum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 46. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 254).

Á 50. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 254, n. 625).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Frv. þetta er komið frá Ed. og hefir gengið breytingalaust í gegnum hana. Allshn. mælir með því, að það verði samþ. Þó hafa 2 nm., hv. þm. Vestm. og hv. þm. Ak., haft fyrirvara um fylgi við frv. Ég sé ekki ástæðu til að ræða frv. þetta mikið. Hv. dm. hafa náttúrlega kynnt sér, hvað hér er um að ræða. Það er aukin heimild fyrir bæjarstjórnir til þess að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða, þannig að samkv. frv. geta bæjarstjórnir gert samþykktir um lokunartíma fleiri sölubúða en áður var heimild til. Líka er hér um að ræða heimild til að takmarka vinnutíma sendisveina. Mun ekki vafi leika á því, að brýn þörf er á, að bæjarstjórnir hafi heimild til að takmarka slíkt, þar sem hér er um börn að ræða, sem búast má við, að oft verði misboðið með of löngum vinnutíma, nema lögverndaður verði réttur þeirra til nægilegrar hvíldar. N. leit því svo á, að sjálfsagt væri og rétt að veita bæjarstjórnum þessar heimildir.
Fyrirvara sínum munu hinir 2 nm. gera sjálfir grein fyrir.

**Guðbrandur Ísberg:** Eins og frsm. n. skýrði frá, er ég annar þeirra, sem skrifuðu undir nál. með fyrirvara. Ég álít það óheppilegt að takmarka starfsdag sendisveinanna þannig, að honum sé lokið klukkutíma fyrir lokunartíma sölubúðanna. Eins og kunnugt er, eru ekki allir sendisveinar börn, þótt margir þeirra séu það. Og í niðurlagi sömu mgr. er sagt, að heimilt sé að „ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra". En það er fjarstæða að ákveða, að sendisveinar skuli fá frí klukkutíma áður en búð er lokað. Það

getur skaðað kaupmanninn og kaupendurna. Og ef gengið er út á þá braut, að banna jafnvel fullorðnum sendisveinum að vinna eins og algengt er í búðum, þá er ekki að vita, hvar yrði staðnæmzt á þeirri braut. Á síðasta klukkutímanum fyrir lokunartíma þarf fólk oft að fá vörur sendar heim til sín, og gæti þetta ákvæði haft mjög óþægilegar afleiðingar. Álít ég það því mjög óheppilegt og óþarft, og vil þess vegna leyfa mér að koma fram með brtt., þannig orðaða:

Við 1. gr. 3. mgr. Í stað orðanna „eigi síðar en einni klukkustund fyrir lokunartíma" komi: eigi síðar en á lokunartíma.

Þessa till. leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta.

**Forseti (JörB):** Þessi brtt. er of seint fram komin, og þar að auki skrifleg, og þarf tvennskonar afbrigði til þess að mega koma hér til umr. nú.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 674) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Jóhann Jósefsson:** Ég vil styðja það, sem hv. þm. Ak. sagði um þetta mál. Það er engin ástæða til að setja svo skörp ákvæði um, að sendisveinar megi ekki vinna eins lengi og búðirnar eru opnar. Í þessu sambandi vil ég benda hv. dm. á það, að það hefir alls ekki verið óþægindalaust fyrir almenning, að þessar lokunarreglur voru innleiddar, sem nú eru í löggjöfinni. Það hefir verið gengið nokkuð langt í því efni, og sérstaklega er það orðið svo víða, að verkafólk hefir óþægindi af of stuttum sölutíma í búðum. Í Vestmannaeyjum hefir verið gengið svo langt í því að loka sölubúðum svo snemma dags, að fólk, sem er í fiskvinnu og ætlar sér venjulega að hlaupa í búð að vinnu lokinni, um kl. 6 eða að ganga 7, kvartar mjög undan því, hve snemma sé lokað búðum. Það gæti valdið allmiklum auknum óþægindum, ef einnig ætti að þrengja vinnutíma sendisveina til muna og þeir mættu ekki vinna jafnvel á meðan búðir eru opnar. Ég mæli því með því, að brtt. hv. þm. Ak. verði samþ.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég held, að þegar þetta mál fór til allshn., hafi ég afhent einhverjum nm. bréf, sem mér hefir borizt, þar sem er beiðni um það, að þetta frv. nái einnig til kauptúna, en ekki eingöngu til kaupstaða. Ég vil gera fyrirspurn til hv. n. um það, hvort hún hafi athugað það atriði, og hvort hún telji ekki svipaða ástæðu til að láta þessi ákvæði ná einnig til kauptúna, a. m. k. hinna stærri. Mér finnst eins ástæða til að láta þessi ákvæði ná til stærri kauptúna, og það því fremur, sem það er siður að hafa búðir lengur opnar í kauptúnum heldur en í kaupstöðum.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Út af fyrirspurn hæstv. dómsmrh. vil ég taka það fram, að ég er hræddur um, að bréf þetta hafi farið forgörðum, a. m. k. minnist ég þess ekki, að það hafi verið athugað í n. En ég skal lofa því, að n. athugi það fyrir 3. umr., hvort hún vilji bera fram brtt. um þetta atriði, sem hæstv. ráðh. talaði um. Brtt. þeirra hv. þm. Vestm. og hv. þm. Ak. um, hvort heimilt skuli að skipa svo fyrir, að útsendingu úr búðum skuli lokið klst. áður en búðir loka, mun ég ekki gera að neinu deiluefni. Ég get að vissu leyti fallizt á röksemdafærslu þeirra, um að það geti valdið óþægindum, að flutningar úr búðum hætti áður en búðum er lokað. En þar sem sendisveinar oft eru börn, getur verið ástæða til að takmarka vinnutíma þeirra að einhverju leyti frekar en fullorðinna manna. En ég vil benda hv. þm. á það, að hér er aðeins um heimild að ræða í frv., svo að það er á valdi bæjarstj. á hverjum stað, að hve miklu leyti þessi ákvæði verða notuð. Tel ég litlar líkur til þess, að þessum ákvæðum yrði beitt, nema ríkar ástæður lægju til, og sízt þeim í óhag, sem þurfa að kaupa vörur í búðum, og álít ég frv. því ekki að neinu leyti hættulegt í því formi, sem það hefir nú. Hinsvegar geri ég það ekki að kappsmáli, hvort brtt. hv. þm. Ak. verður samþ. eða ekki.

ATKVGR.

Brtt. 674 samþ. með 13:5 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, IngB, JJós, JAJ, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, StgrS, SvÓ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, HStef, HJ, HG, JörB.
Sjö þm. (JÓl, SvbH, TrÞ, VJ, ÁÁ, BÁ, GÍ) fjarstaddir.
Frv. endursent Ed.

---

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 675).
Á 74. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Jón Baldvinsson:** Hv. Ed. afgreiddi frv. þetta eins og það var upphaflega borið fram, og voru þá í því ákvæði til þess að tryggja vinnutíma sendisveina, eins og nauðsyn bar til. Þar var svo ákveðið, að útsendingu vara skyldi lokið einni klst. fyrir lokunartíma, en hv. Nd. hefir breytt þessu ákvæði þannig, að útsendingunni skuli lokið á lokunartíma. Enda þótt þetta sé skemmd á frv., þá sé ég ekki, að það þýði neitt úr þessu að fara að hrekja það á milli deilda, og legg því til, að það verði samþ.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 713).

---

## 58. Dýralæknar.

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. um dýralækna, nr. 61 3. nóv. 1915** (þmfrv., A. 106).

Á 20. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Magnús Torfason):** Það er ekki langt frv. þetta og efnið ekki mikið. Hér er farið fram á, að bætt verði við fimmta dýralækninum, sem hafi búsetu á Suðurlandi. Ég skal geta þess, að þessi krafa styðst fyrst og fremst við álit þeirra manna, sem sérstaklega hafa þekkingu á landbúnaði, og ennfremur við kröfur og beiðni þeirra manna, sem standa nú fyrir samvinnu á landbúnaðarsvæðinu þar eystra. Ég get vísað til grg. frv., en skal geta þess, að þar sem talað er um, að nauðsyn sé á dýralækni á Suðurlandi í sambandi við mjólkurbúin, þá er það svo að skilja, að ekki er talið nægilegt, að kýrnar séu skoðaðar aðeins einu sinni á ári, eins og gert er ráð fyrir í reglugerð frá 1917. Þetta eftirlit er á engan hátt fullnægjandi. Hér er ekki einungis að tala um landbúnaðaratriði, heldur einnig heilbrigðisráðstöfun, sérstaklega fyrir Reykvíkinga, sem kaupa allmikla mjólk frá búunum, og eykst það væntanlega á næstu árum. Ég vona, að þessu frv. verði vel tekið og óska, að því verði að lokinni umr. vísað til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Ed., 28 apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

**Páll Hermannsson:** Það vill svo til, að einn nm. úr landbn. — hv. 4. landsk. — er hér ekki viðstaddur, en það er einmitt hann, sem hefir framsögu fyrir n. hönd í þessu máli. Mér þykir samt rétt, úr því að málið er tekið hér fyrir, að n. fylgi því úr hlaði með fám orðum.

**Forseti (GÓ):** Ég mundi ekki eftir því fyrr en nú, að ég var í gær beðinn að taka þetta mál út af dagskrá vegna fjarveru frsm., en tók það á dagskrá í dag, þar sem ég hélt, að hann mundi verða kominn. En úr því svo er ekki, þá held ég, að ég verði að taka málið af dagskrá og þarf hv. 2. þm. N.-M. ekki að tala

meira um það en honum sýnist. (PHerm: Jæja, ég vona þá, að skrifararnir gangi á viðeigandi hátt frá þessari ræðu minni). Betra væri nú, að þeir afbökuðu hana ekki mjög mikið. — Málið er þá hér með tekið út af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 106, n. 448).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Þessu frv. er ætlað að gera þá breyt. eina á gildandi l., að dýralæknar skuli vera fimm, í stað þess, að nú eru þeir fjórir. Svo er kveðið á, að tveir skuli vera í Sunnlendingafjórðungi, en nú er einn dýralæknir í fjórðungi hverjum.

Af grg. má sjá það, að þessum nýja lækni er ætlað að hafa aðsetur á Suðurlandsundirlendinu, og má gera ráð fyrir, að aðsetursstaður hans verði nálægt Ölfusá, þar sem byggðin er þéttust. Suðurlandsundirlendið heyrir nú undir dýralækninn í Reykjavík. En eins og gefur að skilja, hefir hann ákaflega erfiða aðstöðu til að gegna lækningum fyrir austan fjall. Fyrst og fremst er það, að hann mun vera ákaflega störfum hlaðinn hér, a. m. k. hefi ég heyrt hann sjálfan segja, að hann hefði meira en hann gæti komizt yfir. Auk þess eru samgöngur yfir fjallið að vetrinum mjög örðugar, enda mun læknisins lítt eða ekki vera vitjað á þeim tíma. Hinsvegar þarf enginn að efast um, svo framarlega sem hann álíti nokkurs virði að hafa dýralækna, að á þessu svæði sé þess mikil þörf. Í því efni get ég látið nægja að mestu leyti að vísa til grg. frv., sem er allýtarleg. Þar sést, að um ¼—⅕ hluti af öllu sauðfé á landinu er á þessu svæði, þ. e. í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, rúmur ¼ hluti kúa á öllu landinu, og um ¼—⅓ allra hrossa á landinu.

Það liggur því í augum uppi, að þessi dýralæknir mundi hafa meira að gera en flestir dýralæknar nú, óhætt að segja allir, að lækninum í Reykjavík undanteknum.

En auk þess hvað skepnufjöldinn er mikill, þá má benda á, að mjólkurframleiðslan er orðin svo að segja höfuðatvinnuvegur á miklum hluta þessa svæðis. En það munu menn sammála um, að einmitt í sambandi við mjólkurframleiðslu sé dýralækna mest þörf. Er ekki ólíklegt, að það geti haft nokkur áhrif fyrir mjólkursöluna á þessu svæði, að unnt sé að hafa eitthvert dýralækniseftirlit með kúnum.

Það virðist því allt bera að sama brunni um fullar ástæður til að taka þessa till. til greina. En menn kynnu að spyrja, hvort nokkuð þýddi að setja slíka löggjöf, vegna þess að enginn maður sé til í landinu, sem tekið gæti starfið að sér. Það mun vera svo, að allir, sem hafa numið dýralækningar, eru í embættum. En þar til er því að svara, að fyrst og fremst er ekki ósennilegt, að einhverjir af þeim dýralæknum, sem nú eru í embætti, mundu vilja sækja í þetta embætti. Ég verð að segja það, að það myndi borga sig, þótt eitthvað af þeim embættum, sem nú eru fyrir, ættu að standa laus dálítinn tíma, til þess að fullnægja þörf á lækni á þessu svæði. Það er einnig vitað, að tveir menn eru að því komnir að taka próf í dýralækningum, svo að ekki er mikil hætta á, að neitt embættanna stæði laust til langframa.

Landbn. hefir haft þetta mál til meðferðar, og eru a. m. k. tveir nm. sammála um að mæla eindregið með því, að frv. verði samþ. Þriðji nm., hv. 3. landsk., hefir skrifað undir nál. með fyrirvara og gerir sennilega grein fyrir því, í hverju hann er fólginn.

**Jón Jónsson:** Ég hefi, eins og frsm. tók fram, skrifað undir nál. með fyrirvara, sem ég ætla að gera nokkra grein fyrir.

Eins og augljóst er af frv., er hér farið fram á að stofna nýtt embætti, m. ö. o. að bæta árlega útgjöldum á rekstrarreikning ríkissjóðs. Það er alltaf ástæða til að hugsa sig tvisvar um áður en bætt er á ríkið föstum gjöldum, jafnvel þótt í smáu séu. Sérstaklega á þetta við nú á þessum örðugu tímum, og þá frekast um þau útgjöld, sem hætt er við, að leiði af sér enn meiri útgjöld. Það væri nú sök sér um þetta embætti, ef ekki þyrfti að búast við, að annar kostnaður flyti í þess far.

Nú skal ég að vísu játa það, að eins og

nú stendur er ríkari þörf fyrir dýralækni austanfjalls en víða annarsstaðar. Þó er svo ástatt um vesturhluta Norðurlands, Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, að þar er enginn dýralæknir. Næsti dýralæknir er á Akureyri, svo að þarna er ekki lítið svæði, sem er verr sett en þau héruð, sem um er að ræða í frv.

Annars hafa verið hér uppi tvær stefnur viðvíkjandi dýralæknum. Önnur er sú, að varla væri hægt að hafa fleiri dýralækna en það, að allir landsbúar gætu leitað til þeirra ráða í síma. Hin er sú, að hægt sé að ná í þá til að stunda einstaka gripi. En slíkt er of kostnaðarsamt miðað við það verðlag, sem er á okkar peningi. Þess vegna hefir skotið upp þeirri skoðun, að það gæti verið ástæða til að koma á fót einskonar námsskeiðum í meðferð á algengustu búfjársjúkdómum. Þessi skoðun virðist hafa nokkurt fylgi, og það hjá dýralæknum landsins.

Þar sem svona er ástatt um skipun dýralækna í landinu og um skoðun manna á þessu máli, þá virðist mér ekki óeðlilegur sá gangur málsins, að ríkisstj. sé falið þetta mál til athugunar og að hún hafi lagt niðurstöðuna af sinni athugun fyrir næsta þing. Þetta virðist mér því frekar ástæða til að gera, þar sem þannig er háttað, að mér vitanlega er enginn dýralæknir til í það embætti, sem nú á að stofna. Því að þeir tveir menn, sem hv. frsm. gat um, munu varla verða tilbúnir alveg á næstunni. Hugsazt gæti, að því minni væri þörf fyrir lækni á Austfjörðum en hér, að flytja mætti hann til og spara embættið. Þetta vil ég þó ekki fullyrða. En sem sagt, mér finnst það eðlilegt, að ríkisstj. sé falin athugun málsins til næsta árs. Ég geri ekki að kappsmáli að flytja slíka till. við þessa umr., en hugsa til þess við 3. umr. Er sá frestur fyrir ósk hv. þm. Árn., sem flytur frv.

**Magnús Torfason:** Ég hafði kvatt mér hljóðs áður en hv. 3. landsk., og af sérstakri ástæðu, því að ég þykist kunna það þingsköp, að það sé eðlilegt, að nm. tali fyrst og skýri frá sinni skoðun, sem þeir hafa komizt að. En sú sérstaka ástæða til, að ég kvaddi mér strax hljóðs, var sú, að ég ætlaði að óska þess, að hv. 3. landsk. gerði ekki grein fyrir afstöðu sinni við þessa umr., sakir þess, að ég verð að fara héðan úr deildinni. Nú hefir hann hætt við að bera fram till. í þetta sinn, og er ég honum þakklátur fyrir það, og svo n. fyrir afgreiðslu málsins.

Af þessari sömu ástæðu ætla ég ekki að fjölyrða um málið í þetta sinn, en óska þess, að málinu verði vísað til 3. umr.

**Halldór Steinsson:** Ég stend ekki upp til að andmæla þessu frv., þó að mér virðist ekki beinlínis í samræmi við fjárhagsástæður ríkissjóðs og þjóðarviljann að stofna nú ný embætti á þessum erfiðu tímum. Annars hefir hv. 3. landsk. að nokkru leyti tekið fram það, sem ég vildi segja í þessu máli.

Ég vil þá minnast á það, að eins og dýralæknaskipun er hagað nú hér á landi, þá er óhætt að segja, að meira en helmingur bænda í landinu á alls ekki kost á að notfæra sér þær leiðbeiningar, sem dýralæknar gætu gefið fólki. M. ö. o. þessir menn eru gagnslausir fyrir meiri hluta bænda í landinu, eins og fyrirkomulagið er nú. Þetta stafar fyrst og fremst af því, hve dýralæknar eru fáir, og að sumu leyti ekki eins vel settir eins og æskilegt væri. Þess vegna vil ég leggja áherzlu á það, sem hv. 3. landsk. tók fram, að dýralæknum sé gert að skyldu, hverjum í sínum landsfjórðungi, að hafa námskeið einu sinni á ári, a. m. k. mánaðartíma. Gætu þeir menn úr ýmsum sveitum landsins, sem hafa hug á að kynna sér alidýrasjúkdóma, haft mjög gott af námskeiðum þessum. Tel ég þetta eina ráðið til að bæta úr þörfinni meðan við höfum ekki ráð á að hafa nægilega marga dýralækna. Furðar mig reyndar, að þetta fyrirkomulag skuli ekki fyrir löngu hafa verið tekið upp. Ég tel, að þó að þyrfti að borga dýralæknum einhverja sérstaka þóknun fyrir þessi námsskeið, mundi það margborga sig.

Í sambandi við það, sem ég sagði áðan, að dýralæknar væru ekki sérlega vel settir alstaðar, skal ég geta þess, að þegar dýralæknirinn í Vestfirðingafjórðungi var fluttur úr sínu héraði 1928, þá var sá nýi dýralæknir ekki látinn setj-

ast að í Stykkishólmi, þar sem dýralæknirinn hafði alltaf setið síðan l. um dýralækna gengu í gildi 1915, heldur í Borgarnesi. Það sjá allir, að með þessu móti má segja, að enginn dýralæknir sé í Vestfirðingafjórðungi. Allir Vestfirðir og héruðin kringum Breiðafjörð mega heita alveg dýralæknislaus. Þeir, sem vilja leita dýralæknis gegnum síma, þeir fara í síma til Reykjavíkur, heldur en til Borgarness. Er því dýralæknirinn í Vestfirðingafjórðungi eiginlega aðeins fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Árið 1929 flutti ég í þessari hv. deild þáltill., sem ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp.

„Efri deild ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að dýralæknirinn í Vestfirðingafjórðungi verði framvegis látinn hafa aðsetur í Stykkishólmi".

Þessi þáltill. var samþ. í þessari deild, en þrátt fyrir það þverskallaðist stj., og dýralæknirinn situr enn í Borgarnesi. Mér vitanlega hafa ríkisstjórnir að jafnaði talið sér skylt að fylgja fram þáltill., svo framarlega sem nokkur möguleiki hafi verið til þess. Ég vil því, með skírskotun til alls þess, sem ég hefi sagt um þetta mál, alvarlega skora á ríkisstj. að taka þessa þál., sem ennþá er í fullu gildi, til greina hið allra bráðasta.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég heyrði því miður ekki alla ræðu hv. þm. Snæf., en hjó þó eftir því, að hann taldi, að hægt myndi vera að finna nýjar leiðir til að bæta úr dýralæknisleysinu, nefnil. með námskeiðum. Skal ég ekki hafa mörg orð um það, en mun athuga það efni nánar. Hv. þm. talaði einnig um, að að hann teldi miður farið, að breyting hefði orðið á setri dýralæknisins í Vestfirðingafjórðungi 1928, þegar honum var gert að skyldu að sitja í Borgarnesi, en ekki í Stykkishólmi, eins og áður hafði verið. Ég hygg, að þeirri breyt. hafi sérstaklega valdið það, að heppilegt hafi þótt, vegna bændaefna landsins, sem stunda nám á Hvanneyri, að dýralæknirinn væri einmitt búsettur þar í grennd, til þess að geta veitt bædaefnunum, sem búnaðarskólann sækja, fræðslu í sinni grein. Um þál. frá 1929, sem hv. þm. hafði þá flutt hér í d., er mér ekki kunnugt, hvort hún var samþ. í báðum d. Ég hygg, að sú stj., sem þá sat að völdum, hafi tekið þá þál. til athugunar, og hið sama get ég talið mér skylt að gera, ef ég á sæti í stj. framvegis. En ég hygg, að ýmsar fleiri ástæður hafi verið til þess, að heppilegt þótti að flytja dýralæknissetrið úr Stykkishólmi í Borgarnes. Þótt landbúskapur sé allmikill á Snæfellsnesi og í kringum Breiðafjörð, þá er Borgarfjörðurinn ekki síður stórt og mikið landbúnaðarhérað. Og í Mýra- og Borgarfjarðarhéraði er mikið mjólkurbú, og þykir brýn þörf á eftirliti með heilbrigði nautgripa á því svæði, sem framleiðir mjólk til vinnslu þar. Ef hnigið yrði að því ráði, sem hv. þm. talaði um í sinni ræðu, að bæta úr dýralæknisleysinu með námsskeiðum, þá hygg ég, að vart myndi nokkur staður heppilegri til slíkra námskeiða en búnaðarskólinn á Hvanneyri, og bætist við ein ástæðan enn til að hafa dýralækninn búsettan þar nálægt. En viðvíkjandi námskeiðum yfirleitt vil ég geyma mér að ræða um þau til 3. umr.

**Halldór Steinsson:** Ég get þakkað hæstv. ráðh. fyrir það, að hann vill taka mál mitt til athugunar, og vona, að það leiði til þess, að hann færist yfir á mína skoðun. Annars er ég honum ekki samdóma um, að nægileg ástæða væri til að flytja dýralækninn, að hann gæti jafnframt haft kennslu við Hvanneyrarskólann. (**Atvmrh.:** Ég sagði ekkert um, að það eitt hefði verið nægileg ástæða, en að það mundi hafa verið aðalástæðan). Það er rétt, að það var borið fram sem aðalástæðan 1929, og heyrði ég ekki minnzt á aðrar ástæður í sambandi við það mál. En mér finnst hún ekki nægileg til þess að flytja dýralækninn, sem á að hafa Vestfirðingafjórðung, á annan enda héraðs síns. Ekki get ég samþ. það, að heppilegra myndi að hafa námsskeið á Hvanneyri en í Stykkishólmi, því að Stykkishólmur liggur svo að segja í miðjum Vestfirðingafjórðungi, og myndi því auðvelt fyrir menn að sækja þangað námsskeið, og vera námsmannsins yrði þar fullt eins ódýr og á Hvanneyri. Ég vona, að við nánari athugun á málinu sjái hæstv. ráðh., að Vestfirðingafjórðungur er

hér nokkuð miklum rangindum beittur, sem hann verðskuldar ekki.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég skyldi auðvitað vera þakklátur hv. þm. Snæf., ef hann á sínum tíma gæfi mér upplýsingar um það, hvað myndi kosta námsskeið í Stykkishólmi, og ef það yrði ódýrara fyrir alla hlutaðeigendur, yrði það sjálfsagt tekið til athugunar. En í fljótu bragði virðist mér, að þar sem nægilegt húsnæði er til á Hvanneyri og mötuneyti í skólanum, og auk þess kennarar í öllum greinum búfjárræktarinnar, sem geta gripið inn á dýralæknissérsviðið, þá liggi nú sá staður öllu beinna við. En hinsvegar, að fengnum upplýsingum um allar ástæður þar vestra í kjördæmi hv. þm., þá er sjálfsagt að taka það til athugunar, ef til kæmi.

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Það hefir verið bent á það, bæði af hv. 3. landsk. og af hv. þm. Snæf., að dýralæknunum væri mjög misskipt og mislangt á milli þeirra. Þessu verður ekki neitað. En það er skiljanlegt, þar sem dýralæknunum hefir verið ákveðið setur á þeim stöðum, þar sem nautgriparæktin er mest. Þetta er eðlilegt og rétt, þar sem ég hygg, að það sé aðallega með sjúkdóma í nautgripum, sem leitað er læknis. Auðvitað efast ég ekki um, að þegar koma upp farsóttir í sauðfé, eins og lungnapest og þess háttar, þá sé til þeirra leitað og þeir geri sínar ráðstafanir. En þótt einstöku kind veikist, þá borgar sig ekki að leita læknis, því að kostnaðurinn við það verður í flestum tilfellum meiri en nemur verði kindarinnar. En auk þessa þykir það nauðsynlegt af heilbrigðislegum ástæðum að láta kýrnar vera undir eftirliti dýralæknis, þar sem mjólkin er seld. Talað hefir verið um að bæta úr þeirri eklu, sem er á dýralæknum, með því að koma upp námsskeiðum, og er ég samþykkur því, að vert sé að taka þetta til athugunar. Þykir mér líklegt, að á mörgum svæðum landsins væri hægt að bæta úr þörfinni á þennan hátt. En á þeim stað, sem hér er rætt um, — í Árnessýslu — getur slíkt ekki komið að notum. Nautgriparæktin er að verða aðalatvinnuvegur í Árnessýslu og miklum hluta Rangárvallasýslu, og þetta fer í vöxt vegna þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið hin síðari ár, bæði miklar áveitur í Árnessýslu, sem vonandi leiða til aukins heyfengs, og einnig með stofnun mjólkurbúanna er stefnt að aukningu mjólkurframleiðslunnar. Ég tel því, að það séu alveg næg rök, sem færð hafa verið fyrir því, að fullkomin þörf sé fyrir að fá dýralækni á þetta svæði. Það hefir verið talað um, að ekki væri í samræmi við þá stefnu, sem nú er ríkjandi, að vera að fjölga embættum. Það er rétt, að í þessu árferði er leiðinlegt að fjölga embættum, en þó því aðeins leiðinlegt, að þau séu óþörf. En um það er ekki að ræða hér, því að brýn þörf er á stofnun þessa embættis.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 10 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

**Jón Jónsson:** Ég geri frekar ráð fyrir því, eftir atkvgr. síðast, að ákveðið sé um framgang þessa máls. Ég gerði þá grein fyrir afstöðu minni, að ég teldi ekki beina ástæðu til þess að afgr. málið á þessu þingi, en hinsvegar væri rétt að vísa því til stj., með þeim tilmælum, að hún rannsakaði það og athugaði, hvar dýralæknum skyldi skipað, og legði álit sitt fyrir næsta þing.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en leyfi mér að bera fram rökst. dagskrá, sem hljóðar svo:

**„Í því trausti, að ríkisstj. láti fara fram athugun á því, hversu dýralæknum sé heppilegast skipað á landinu, og leggi niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“**

Vil ég svo leyfa mér að afhenda hana hæstv. forseta með beiðni um, að hann beri hana undir deildina.

**Magnús Torfason:** Af sérstökum ástæðum tók ég ekki þátt í umr. síðast um þetta mál, og var því þá samkv. beiðni minni hleypt til 3. umr., og er mér skylt

að þakka það. Nú er komin fram rökst. dagskrá frá hv. 3. landsk. En þau rök, sem hann ber fram, hafa ekki getað sannfært mig um, að ástæða sé til þess að stöðva málið. Ég er í engum vafa um það, að þó að þingið legði til, að athuguð yrði skipun dýralækna, þá yrði ekki hreyft við því, að dýralæknir yrði settur fyrir austan fjall. Við megum ekki gleyma því, að þetta mál er ekki aðeins um skipun dýralækna, heldur er það heilbrigðismál, alls ekki lítilsvert heilbrigðismál, og árhrif þess og þýðing mundi aukast með hverju ári. Ég sé ekki betur en að það gæti orðið til þess að auka stórum reynslu dýralæknanna hér á landi, að þarna verði sett á stofn dýralæknisembætti. Eins og við vitum, hafa dýralæknar mörg störf á hendi, sem ekki koma dýralækningum við, mörg störf, sem hafa hamlað því, að þeir gætu sinnt sínum eiginlegu störfum. Ég þarf ekki að taka það fram við hv. þdm., hversu brýn þörf er á því, að undinn sé bráður bugur að því að fágmenn geti kynnt sér dýralækningar. En þess er nú ekki kostur. Aftur á móti hefði þessi dýralæknir austur frá aðeins þeim eiginlegu dýralæknisstörfum að sinna; þar er ekkert, sem glepur hann frá þeim. Og þarna er svo margt húsdýra, að vænta má, að dýralæknirinn mundi fá miklu meira efni og fleiri skepnur að vinna úr heldur en kostur er á annarsstaðar, þar sem stofnuð hafa verið slík embætti. Ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um það, að ef stofnað yrði þetta nýja dýralæknisembætti, þá myndi það verða til þess að auka stórum þekkingu og kunnáttu á þessu sviði.

Eftir því sem meðferð á búpeningi hefir batnað, eftir því hefir orðið kvillasamara. Því ber ekki að neita, að horinn hafði það gott í för með sér, að hann drap allan þann fénað, sem óhraustur var. Það hraustasta lifði af. En nú á tímum, eftir að menn eru farnir að gera betur við skepnurnar, er sú vörn fallin burtu. Þess vegna fara nú sjúkdómar í húsdýrum óðfluga vaxandi með hverju ári, sem líður, og breiðast mikið út. Sem dæmi má nefna ormaveikina, sem Suðurland var áður laust við, en er nú farin að gera vart við sig og hefir veitt ýmsum þungar búsifjar upp á síðkastið. Ég kenni þetta m. a. aðfluttu fé, sem fengið hefir verið til kynbóta. Vitanlega liggja til þessa líka aðrar ástæður, en breyttir lífshættir þessa fénaðar hafa valdið miklu um fjölgun sjúkdómanna.

Loks vildi ég, að menn gleymdu því ekki, að hér er ekki aðeins um hagkvæmt mál að ræða, heldur einnig mannúðarmál gagnvart húsdýrunum. Áður var farið mjög illa með húsdýr. Þetta hefir breytzt, sem betur fer, til batnaðar á síðari árum, þó að enn skorti mikið á, að vel sé. Þetta frv. er spor í rétta átt.

Að endingu vil ég geta þess, að allir þeir, sem kunnáttu hafa til að bera um þetta mál, hafa eindregið mælt með þessu, ekki sízt þeir, sem að dýraverndun standa hér á landi. Það hefir verið talað um að koma hér á dýralæknanámsskeiði. Hvergi er til þess heppilegri staður en þarna austur frá.

Vona ég svo, að hv. d. sýni máli þessu fulla sanngirni og sjái sér fært að samþ. frv.

**Jón Jónsson:** Hv. þm. Árn. talaði svo lengi og mildilega, að ég vil ekki tefja fyrir þeim umr., sem allir eru spenntastir fyrir, með því að fara mörgum orðum um þetta. Hv. þm. hrakti ekki með einu orði mitt álit um það, að ekki væri ástæða til að afgr. þetta mál nú á þinginu, heldur að rannsaka öll skilyrði fyrir því, hvar heppilegast væri að setja dýralæknana og leggja það fyrir næsta þing. Og þó að málinu yrði hraðað og frv. samþ., þá er enginn dýralæknir við hendina; þeir koma fyrst að ári, enda mun þess ekki vænzt, að dýralæknir þessi verði skipaður fyrr en næsta ár. Þá er einmitt gott að nota tímann til að rannsaka þetta. Hvað þeim atriðum viðkemur, sem hv. þm. minntist á, þá sanna þau ekki mikið. T. d. er mér kunnugt um, að það eru ekki dýralæknarnir, sem hafa hjálpað til þess að lækna ormaveikina, heldur aðrir vísindamenn, sem fundið hafa meðul við henni og gefið ráðleggingar. Hv. þm. sagði í ræðu sinni, að horinn, sem hefði verið einhver mesti bjargvættur móti sjúkdómum, að því er mér skildist, væri nú fallinn úr sögunni, og batnandi meðferð á húsdýrum hefði gert sjúkdómana tíðari. Það má vel vera, að

svo sé, en ekki er það tilfellið fremur í þessum héruðum heldur en annarsstaðar á landinu.

Ég geri nú þetta ekki að neinu kappsmáli, en held við það, sem ég áður sagði, að heppilegt væri, að málið yrði látið bíða til næsta þings.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 3. landsk. felld með 8:3 atkv.

Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 66. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 106).

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 106, n. 647 og 682).

**Frsm. meiri hl. (Lárus Helgason):** Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. Eins og sést á nál. á þskj. 647, hefir n. ekki getað orðið á eitt sátt um málið. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Öllum þeim, sem hafa kynnt sér grg. frv., er ljóst, hver tilgangur þess er, sem sé sá, að bæta úr því, hvað Suðurlandsundirlendið er nú útundan með dýralækni. Dýralækni þeim, sem situr í Rvík, er ætlað að hafa eftirlit á öllu þessu svæði, en það er vitanlegt, að það er of mikið starf handa einum manni. Það er fengin reynsla fyrir því, að hann hefir ekki tíma til að gegna dýralæknisstörfum þar eystra svo sem vera þarf. (JAJ: Hefir hann svo mikið að gera innan Framsfl.?).

Það þarf ekki að eyða orðum að því, að þörf fyrir dýralækna fer alltaf vaxandi. Nú er dýralækninum í Rvík ætlað t. d. að hafa eftirlit með öllum kúabúum hér í kring, og er það svo mikið starf, að hann getur ekki sinnt lækningastörfum á svo stóru svæði sem honum er nú ætlað. Þess vegna er það, að þetta frv. er nú borið fram.

Hv. þm. Borgf. hefir gefið út minnihl.álit um frv. Það, sem hann segir þar, virðist ekki þurfa að koma í bág við fjölgun dýralækna. Það er annað, sem hann bendir þar á, að þurfi að gera. Það, sem hann vill aðallega styðja í þessum málum, eru þær rannsóknir, sem Níels Dungal hefir að undanförnu verið að starfa að, en það mál er óskylt þessu frv.

Ég vil vænta þess, að hv. d. geti fallizt á þetta frv., því að allir, sem annars hugsa nokkuð um þessi mál, hljóta að viðurkenna, að þörf fyrir dýralækna er mikil, og einum manni er ómögulegt að inna af hendi öll dýralækningastörf á öllu þessu svæði, fyrst og fremst í Rvík og nágrenni hennar og svo í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslum. Hér er um svo miklar vegalengdir að ræða og svo mikinn fjölda búfjár, að þar getur einn einasti dýralæknir ekki nægt. Það virðist því óhjákvæmilegt að fá hér einn lækni í viðbót.

Vil ég svo vona, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

**Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen)** [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. Ég hefi gert grein fyrir afstöðu minni í nál. á þskj. 682, sem sýnir það, að ég hefi ekki getað orðið samferða hv. meðnm. mínum í afgreiðslu þessa frv.

Eins og tekið er fram í nál., hefi ég ekki séð mér fært að leggja til, að frv. verði samþ. að þessu sinni. Byggist það fyrst og fremst á því, að ég vil, að áður en tekin er ákvörðun um fjölgun dýralækna, sé athugað, hvort ekki sé hægt, með breyttri búsetu dýralæknisins, að hafa hans meiri not en nú er hægt.

Svo er annað atriði. Eins og nú er, þá nær sú hjálp, sem dýralæknar geta veitt bændum, harla skammt. Eftir því, sem mér er bezt kunnugt, þá er ekki hjálpar til þeirra að leita í baráttunni við þá búfjársjúkdóma, sem landbúnaðinum stendur nú mestur voði af. Á undanförnum árum hafa ýmsir faraldrar komið upp í búfé bænda bæði á Norðurlandi og eins í

Borgarfirði, einkum sauðfé. T. d. hefir lungnabólga í sauðfé gert stórtjón í þessum héruðum. Dýralæknarnir réðu ekkert við þessa veiki. Því var það, að stj. fékk Níels Dungal lækni til að fara vestur í Borgarfjörð og rannsaka veikina. Tókst sú rannsókn svo giftusamlega, að honum tókst að finna sýkilinn og öruggt meðal við veikinni.

Annar skæður faraldur í sauðfé bænda er ormaveiki í lungum og görnum. Við þeirri veiki hafa dýralæknar ekki heldur getað gert neitt. Þessi veiki hefir ekki enn verið rannsökuð af þeim eina manni, sem fær er um það hér á landi, sem sé Níelsi Dungal, en brýn nauðsyn er til, að það verði gert það allra bráðasta. Landbúnaðinum stafar mesta hætta af þessum faraldri; sama er að segja um hina svonefndu Hvanneyrarveiki, sem verið hefir hinn mesti vágestur og gert mikinn usla. Fyrir nokkrum árum var erlendur maður, þjóðverji, að ég ætla, fenginn til þess að rannsaka þessa veiki. Hann gerði það, rannsakaði hana og gaf ráð og leiðbeiningar, sem komu að nokkru liði. Væri sjálfsagt að rannsaka þetta betur, en reynslan hefir sýnt, að það er ekki að byggja á dýralæknunum, heldur verður að leita hjálpar á annan hátt. Það er ekki nema á mjög takmörkuðu sviði, sem dýralæknarnir koma að liði. Þó tel ég bót að því, ef tekið væri til athugunar, hvar dýralæknar skuli eiga sæti, því að ekki vil ég með þessu, sem ég sagði áðan, gera lítið úr þeirra starfi. Niðurstaðan af mínum till. er sú, að skora á ríkisstj. að taka til rækilegrar athugunar, bæði hvernig dýralæknum yrði bezt hagað, svo að sem bezt gagn yrði að starfi þeirra í þágu landbúnaðarins, og eins hitt, að rannsaka búfjársjúkdóma og neyta allrar orku til þess að afstýra þeim.

Ég hefi falið mína afstöðu í rökst. dagskrá, sem ég ætla að lesa upp með leyfi hæstv. forseta, og vænti ég þess, að hún verði borin undir atkv. Hún er svo hljóðandi: [sjá þskj. 682].

Eins og getið er um í nál., verður það miklu meiri og betri ráðstöfun fyrir landbúskapinn, ef þetta verður gert og látin fara fram nákvæm rannsókn, heldur en þótt fjölgað væri dýralæknum. Það hefir sýnt sig, að landsmenn bera lítið traust til dýralæknanna, og ég held, að í fyrra hafi komið fram í frv.formi till. um að fækka dýralæknum um helming, úr 4 niður í 2. Og það voru bændur, sem stóðu að þessari till. Þetta er spegilmynd af því, hvað bændur álíta, að felist í starfi dýralæknanna til úrlausnar á vandamálum landbúnaðarins.

Umr. frestað um stund.

Síðar á sama fundi var fram haldið 2. umr. um frv.

**Jörundur Brynjólfsson** [óyfirl.]: Eins og hv. þdm. vita, er mál þetta komið frá Ed. og gekk í gegnum umr. þar nær því mótstöðulaust. Vil ég því vænta þess fastlega, að hv. Nd. taki því ekki síður, en kunni að meta nauðsyn héraðanna austan Hellisheiðar um að fá sérstakan dýralækni, búsettan þar.

Ég get að vísu tekið undir þau orð hv. þm. Borgf., að dýralæknar þeir, sem nú eru, séu ekki búsettir eins haganlega og skyldi. Hið æskilega virðist mér, eins og honum, að flestir þeirra væru búsettir í sveit, en eins og kunnugt er, þá er enginn þeirra það nú. Þeir eru allir fjórir búsettir í kaupstöðum. Að nokkru liði kemur vafalaust sú tilhögun, sem nú er á þessu, en þó vafalaust minna en ef þeir væru búsettir í hinum þéttbýlustu héruðum, þar sem gripafjöldinn er jafnframt mestur.

Ég hefi að vísu áður látið þá skoðun mína í ljós, að með þeirri tilhögun, sem nú er, þá sæi ég ekki ástæðu til þess, að dýralæknum væri fjölgað. En með þeirri breyt., sem hér er gerð um búsetu, get ég þó fylgt þessu frv. Þess ber og að gæta, að eftir því, sem búhættir breytast og færast í það horf, að bústofninn verður dýrari, eða hver einstaklingur hans, verður meiri þörf í hinum fjölbýlustu héruðum að eiga greiðan aðgang að dýralækni. Svo er á því svæði, sem hér um ræðir. Síðan áveitan var gerð austanfjalls hefir nautgripum fjölgað, en sauðfé fækkað, og horfur eru á, að enn meir stefni í þá átt. Og með vaxandi kynbótum og úrvali verður hver gripur verðmætari. Verður því þörfin vaxandi fyrir því að hafa dýralækni búsettan austan-

fjalls, til þess að fylgjast með um hirðingu og heilsufar gripanna og bæta úr því, sem bót þarf á að ráða, og eftir því sem þörfin segir til um. En slíkt eftirlit og slík leiðbeiningarstarfsemi og aðstoð í sjúkdómstilfellum gripanna er því aðeins möguleg, að dýralæknar séu búsettir á hinum stóru landbúnaðarsvæðum. Og þótt dýralæknar séu ekki vísindamenn eða hafi ekki aðstöðu til að iðka vísindamennsku, þá er ég ekki í vafa um, að af starfi þeirra leiðir hina mestu gagnsemi. Á því svæði, sem hér um ræðir, er svo mikil þörf fyrir dýralækni, er menn geti á viðráðanlegan hátt leitað til, að ég er fullviss þess, að þó þetta frv. sé samþ., þá truflar það á engan hátt ráðstafanir síðari tíma um skipun dýralækna. Af þeim ástæðum, sem ég hefi tilgreint nú, er ég eins viss um, að þeim málum verður aldrei þann veg skipað af framtíðinni, að ekki verði ákveðið, að dýralæknir skuli vera búsettur í þessu stærsta landbúnaðarhéraði, sem héraðið austan Hellisheiðar er. Ég hygg því, að samþykkt þessa frv. komi á engan hátt í bága við skoðun hv. þm. Borgf. En hans rökst. dagskrá skil ég svo, að hann vilji gera aðra skipun á um búsetu dýralækna en þá, sem nú er. Þótt svo verði gert, mun áreiðanlega verða svo ákveðið, að einn dýralæknir skuli eiga búsetu austan Hellisheiðar. Er því óþarfi þess vegna að slá samþykkt þessa frv. á frest. Nauðsyn þess, að þar sé búsettur dýralæknir, eykst að sama skapi og verðmæti búgripa eykst. Nú eru t. d. góðar kýr 300—400 kr. að verðmæti, og þar yfir, ef um sérstaka kostagripi er að ræða. Er því nauðsynlegt að tryggja heilsu og líf svo verðmætra gripa, eftir því sem hægt er og í þingsins valdi stendur. Ég verð því að bera fram þá ósk mína, að þingið felli rökst. dagskrá hv. þm. Borgf., en samþ. frv. — Er ekki ástæða til að ræða þetta nánar. Aðeins vil ég óska þess, að hv. d. leyfi frv. að ganga fram.

**Steingrímur Steinþórsson:** Mér virðist hv. þm. Borgf. hafa sett okkur í hinn mest vanda með hinni rökst. dagskrá sinni, enda býst ég við, að það hafi verið tilætlunin með henni. En dagskráin snertir þó ekki nema að nokkru leyti það mál, sem hér liggur fyrir. Og þess vegna verð ég að gera grein fyrir því, hvers vegna ég og meiri hl. landbn. verðum að leggja til, að dagskráin verði felld.

Ég er sammála því, sem dagskráin segir um rannsókn búfjársjúkdóma og um nauðsyn þess að finna ráð gegn þeim. En mér virtist kenna nokkurs ósamræmis í ræðu hv. þm. og rökst. dagskránni. Hann var að tala um, að dýralæknar hefðu ekki starfað í sveit né verið búsettir þar. Þeir hefðu því ekki fengið tækifæri til að kynna sér af eigin raun búfjársjúkdóma. Þessu get ég vitanlega verið sammála. En ósamræmið kemur einmitt fram í því, að dagskráin leggur stein í götu þess, að sú skipun verði gerð, að dýralæknir taki sér búsetu í einu stærsta landbúnaðarhéraðinu. Frv. þetta leiðir því á rétta braut samkv. skoðun hv. þm. Borgf., og einmitt þess vegna tel ég fært að greiða því atkv. Ég vildi taka þetta fram, því einmitt af þessari ástæðu get ég greitt atkv. gegn rökst. dagskránni, en með frv.

**Jónas Þorbergsson:** Ég vil taka það fram, að ég treysti mér ekki til að greiða atkv. með rökst. dagskránni frá hv. þm. Borgf., þótt ég sé sammála þeim atriðum, sem í henni felast. Vildi ég því mælast til þess við hv. flm. hennar, að hann taki hana aftur til 3. umr. Mætti þá athuga, hvort ekki væri fært að bera fram efni hennar í því formi, að hægt sé að greiða því atkv. án þess að eyða því máli, sem hér liggur fyrir og ég vil fylgja.

Út af ummælum hv. þm. Borgf. vil ég segja nokkur orð. Hann bar það fram sem röksemd fyrir dagskrártill. sinni og gegn frv., að till. hefði áður verið borin fram af bænda hálfu, eða bændasinnaðra manna, um að fækka dýralæknum um helming. Taldi hann, að þetta sýndi það, að bændur hefðu haft litla trú á gagnsemi dýralækna. Einnig taldi hv. þm., að skilyrði þau, sem dýralæknar hafa átt við að búa, búseta í kaupstöðum, hefðu verið þess valdandi, að lítið gagn hefði orðið að starfsemi þeirra. En þessu tvennu má ekki blanda saman. Almenningur hefir vegna búsetu þeirra í kaupstöðum ekki átt kost á að kynnast starfsemi dýralækna og hefir því ekki kunnað um að dæma, eða a. m. k. sá hluti

bænda, sem býr í fjarlægð við aðsetursstað dýralæknanna.

Nú er með þessu frv. hafin sú stefna, að dýralæknir sitji í þéttbyggðu landbúnaðarhéraði. Er það því í samræmi við efni dagskrártill. og kemur á engan hátt í bága við hana. Þess ber að gæta, að hvernig sem skipun dýralækna verður ákveðin í framtíðinni, þá mun ávallt verða brýn þörf á að hafa dýralækni búsettan hér í Reykjavík. Hér og í nágrenninu verður ávallt mikið starfssvið fyrir dýralækni vegna búpeningseignar manna. Auk þess fer hér margt það fram, sem krefst þess, að dýralæknir sé við hendina. Dýralæknir sá, sem hér er búsettur, verður ráðunautur stj. í margvíslegum málum, sem fyrir koma. Hann hefir eftirlit með mesta kjötmarkaði landsins. Hann hefir eftirlit með útflutningi hrossa, sem að mestu eru tekin í skip hér. Og margt fleira kemur til greina um starfsemi hans hér, vegna hins sérstaka sambands Reykjavíkur við landið allt.

Hjá því verður þess vegna ekki komizt, ef litið er svo á, að gagnsemi sé að starfi dýralækna, að fjölga þeim. Og þess má geta í sambandi við þetta frv., að það er sýnt, að dýralæknir verður að vera búsettur hér í Rvík og að hann hefir svo mikið að gera, að hann getur ekki sinnt þörfum bænda austanfjalls. Verður því ekki undan því skorazt að samþ. þetta frv., sem bætir úr brýnni þörf eins hins stærsta landbúnaðarhéraðs.

Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég mun svo greiða atkv. með frv., en gegn dagskránni, enda þótt ég sé samþykkur efni hennar. En þá ósk mína vil ég endurtaka, að hv. flm. taki hana aftur að sinni.

**Frsm. meiri hl. (Lárus Helgason):** Ég skal ekki þreyta hv. deild með löngum umr. Hv. þm. Borgf. bendir á það í nál. sínu og einnig í ræðu, að taka þurfi til athugunar breyt. á búsetu dýralækna. En hér hagar nú svo til, að þetta er ekki mögulegt. Ef dýralæknir sá, sem hér á búsetu, væri tekinn héðan og fluttur austur í sveitir, mundi ekki taka betra við. Það mundi fljótlega verða kveðið upp úr með það, að nauðsynlegt væri að bæta öðrum við fyrir Rvík og nágrennið. Og þetta svæði allt er svo stórt, að einum dýralækni er ofætlun að koma að fullum notum á því öllu. Hér er því ekkert hægt að laga um búsetu dýralæknis, hvað sem kann að vera um það annarsstaðar.

Hv. þm. talaði um, að dýralæknar gætu lítið, þegar um sjúkdóma í búpeningi væri að ræða. Þetta kann að vera. Hv. þm. átti víst við sjúkdóma í sauðfé, því þeirra hefir gætt einna mest. En þótt þeim hafi ekki tekizt það til fulls, þá er þó þeirra að sjá og ákveða sjúkdóminn og gefa góð ráð, ef þeirra er leitað. En það er því aðeins hægt, að þeir búi í ekki allt of mikilli fjarlægð. Getur það oft komið í veg fyrir mikið tjón, ef þeirra er leitað í tíma. Er það svo með alla sjúkdóma, bæði í mönnum og skepnum, að hægast er að vinna bug á þeim, ef læknis er leitað í tíma.

Ég vildi nú gjarnan mælast til þess við hv. þm. Borgf., að hann taki aftur dagskrártill. sína, af því að það er leitt að þurfa að fella hana, en hinsvegar verður ekki hjá því komizt, þegar um það er að velja, hvort eigi að fá dýralækni á þetta svæði eða ekki. Að taka dýralæknirinn frá Rvík til þess er ógerningur. Af því að sumt í dagskrártill. er þess eðlis, að það er réttmæt, er leitt að fella hana, og þess vegna betra að taka hana aftur.

En það er mjög svo þýðingarmikið, að þingið stuðli að því, að sem mest gagn verði að uppgötvunum þeim, sem Niels Dungal hefir gert, og reyni að byggja sem bezt ofan á hans starf.

**Sveinbjörn Högnason:** Það er vitanlegt, að á mörgum stöðum á landinu hefir landbúnaðurinn orðið fyrir hinum mestu skakkaföllum vegna alidýrasjúkdóma, sem gengið hafa ört yfir landið hin síðustu ár. Og þegar reynt er að veita landbúnaðinum stuðning í þeim erfiðleikum, sem yfir hann ganga nú, þá er það ekki nema eðlileg krafa, að þeim, sem ekki geta tímunum saman, og það einmitt á þeim tímum, sem helzt þarf, náð til dýralæknis, verði veittur sá stuðningur, að eiga kost á aðstoð dýralæknis.

Þótt hv. þm. Borgf. dragi í efa, að dýralæknir geti hjálpað viðvíkjandi þeim

alidýrasjúkdómum, sem nú þjá landbúnaðinn mest, svo sem ormaveiki í lungum og görnum í kindum, þá hygg ég, að hann efist ekki um það, að í mörgum tilfellum er hinn mesti stuðningur að því að geta náð til dýralæknis. Einkanlega hafa ýmsir sjúkdómar í kúm á suðurlandsundirlendinu valdið miklu tjóni, svo að sumir bændur hafa misst kýr sínar fyrir það, að ekki var hægt fyrr en í ótíma að ná til dýralæknis. Það er harla einkennilegt, að stærsta landbúnaðarsveitin á landinu skuli ein vera afskipt í þessu efni. Því að þótt dýralæknir sé í Rvík, sem á að gegna skyldum þar, þá er það víst, að marga tíma — og það langa tíma — er ekki hægt að ná til hans, og það oft þegar mest liggur við. T. d. var það svo í vetur, að í mörgum hreppum í Rangárvallasýslu varð lungnaormaveiki í sauðfé mjög skæð. Við henni hefir einn dýralæknir, Jón Pálsson, fundið gott meðal, sem verkar vel, að talið er, þar sem það er notað á réttum tíma. Þessu meðali er sprautað í barka kindanna. Þegar ormaveikin gerði vart við sig þarna austur frá, vildu bændur reyna þetta meðal. En ég held, að tveir mánuðir hafi liðið frá því að þeir báðu um að fá dýralækni og þangað til hægt var að koma því við að fá hann. Og það er fullyrt, að þar sem þessi lækningaraðferð var reynd, þar hafi hún ekki nærri komið að eins miklum notum og við hefði mátt búast, ef reynd hefði verið í tíma. Fjöldamargir bændur hafa í vetur og vor misst ekki svo lítið af fénaði sínum einmitt úr þessari veiki. Ég er sannfærður um það, eftir þeim tilraunum, sem hjá okkur hafa verið gerðar um þetta meðal, að það hefir mjög góð áhrif, ef það er notað í tíma. Marka ég það einkum af þeirri reynslu, sem ég hafði sjálfur í þessu efni af tilraunum til lækninga á mínu eigin fé.

Af greindum ástæðum tel ég það alls ekki sanngjarnt, ef á að neita þessum héruðum, sem nú hafa ákaflega mikla þörf fyrir dýralækni, um þá hjálp, sem hægt er að veita þeim með því að gefa þeim kost á að njóta starfs dýralæknis, þegar margskonar erfiðleikar í búskapnum steðja að úr öllum áttum auk þessara sjúkdóma í búfénu. Og ég vona, að þm. sjái í þessu efni hina brýnu nauðsyn bænda á þessu svæði og samþ. frv. eins og Ed. hefir afgr. það.

Ég játa, að það er að mörgu leyti rétt, sem hv. þm. Borgf. tekur fram í dagskrártill. sinni, að æskilegt sé, að fé verði veitt til þess að gera ýtarlegar tilraunir. En það sannar ekki, að ekki sé þörf á að hafa dýralækni fyrir austan fjall, og á þeirri hjálp, sem það getur veitt.

**Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen)** [óyfirl.]: Ég skal út af því, sem hv. þm. sagði um reynslu þeirra þarna austur frá, að meðalið við lungnaormaveiki hefði komið að litlu liði vegna þess, að ekki varð nógu fljótt náð í dýralækni (**SvbH**: Ekki að eins miklu liði), benda á reynslu í mínum hreppi í þessu efni. Þannig var, að í fyrravetur bar þar töluvert á þessum kvilla í sauðfé á nokkrum stöðum fyrir utan Skarðsheiði. Við höfðum heyrt talað um þær tilraunir, sem Jón Pálsson dýralæknir hefir verið að gera í þessu efni á Austurlandi, og reyndum að fá dýralækni, en hann sendi mann, því að sjálfur hafði hann ekki tíma til að koma til okkar. Þessi maður kenndi okkur handtökin við barkasprautunina. Við tvísprautuðum svo hverja kind í hreppnum. Reynslan af þessu var sú, að þessi kvilli varð engu minni í vetur eða vor heldur en í fyrra, en hafði á sumum bæjum ágerzt.

Þetta spursmál um garna- og lungnaormaveiki er því að mínu áliti algerlega óleyst, þrátt fyrir þær tilraunir, sem gerðar hafa verið, enda þótt þær hafi sumstaðar kannske komið að einhverju liði. Þess vegna er jafnmikil nauðsyn á því, að hafizt verði handa um það, að faglærður maður í þessum sökum verði látinn gera ýtarlegar tilraunir til að finna bót við þessum kvilla.

Allir, sem hér hafa talað, hafa lýst því yfir í sambandi við hina rökstuddu dagskrá mína, að þeir viðurkenni réttmæti hennar — sem ég er mjög ánægður yfir —, en að þeir hinsvegar ætli að fella hana við þessa umr. Ég get náttúrlega ekki ráðið neitt við það, þótt hún verði felld, en mér þykir vænt um að hafa fengið þessa viðurkenningu fyrir rétt-

mæti hennar. Ég er alveg jafnsannfærður, þrátt fyrir þessar umr., um það, að þegar litið er á hagsmuni landbúnaðarins í heild, þá yrði með því að samþ. till. minar, ef eftir þeim yrði farið, stefnt til miklu meiri gagnsemi fyrir landið í heild, eins fyrir sveitirnar austanfjalls sem annarsstaðar, heldur en þótt dýralæknum yrði fjölgað, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Þó að dýralæknirinn, sem hér situr í Rvík, hafi mikið að gera hér — því verður náttúrlega ekki neitað —, þá virðist mér samt, að starfsemi hans í þarfir landbúnaðarins hafi verið miklu meiri fyrir austan fjall heldur en í næstu sveitunum hér í kringum Reykjavík, enda fannst mér hv. 1. þm. Árn. taka undir þetta með mér.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning hjá hv. þm. Borgf., að við séum allir samþykkir hinni rökst. dagskrá hans. Það var aðeins eitt atriði í henni, sem mér virtist menn taka í mál að samþ. Dagskrártill. hans ruglar saman tveim alveg óskyldum atriðum, og þess vegna getur maður verið henni samþykkur í öðru atriðinu, en ekki hinu. Vitanlega er brýn þörf á því að rannsaka eðli búfjársjúkdómanna, sem gert hafa landbúnaðinum mikinn skaða, og reyna að finna ráð við þeim. En hinsvegar hygg ég, eins og hv. þm. V.-Sk. tók fram, að hv. þm. Borgf. mundi ekki óska þess, að úr hans héraði yrði fluttur sá dýralæknir, sem þar er, til þess að hægt yrði að láta fara fram þessa vísindalegu rannsókn. Það væri hliðstætt því, ef því væri haldið fram, að ekki þyrfti lækni í héraði, þar sem vísindaleg lækningatilraunastöð væri styrkt og starfrækt.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 682, frá minni hl. landbn. (PO), felld með 13:4 atkv.

Frvgr. samþ. með 13:2 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.

**Hannes Jónsson:** Frv. þetta er borið fram í hv. Ed. og flutt þar af hv. 2. þm. Árn. Eins og flestum hv. þm. mun kunnugt, hefir hér á Alþingi gætt allmjög ýmissa frv., sem snerta þessar austursýslur sérstaklega, og er frv. þetta aðeins einn liður í þeirri keðju. Ég hefi athugað nokkuð þær ástæður, sem færðar eru fram fyrir því. Þó að sumar þeirra séu eðlilegar og réttmætar, þá hefi ég þó rekið mig á ýmsar missagnir, sem þar er farið með. Sumar upplýsingarnar eru beinlínis alveg rangar, aðeins gerðar til þess að afla málinu fylgis.

Í grg. frv. er það tekið fram sem grundvallaratriði fyrir kröfu þessari um fjölgun dýralæknanna, að dýralækniseftirlit sé m. a. orðið mjög nauðsynlegt þar eystra vegna mjólkursamlaganna, og ennfremur vegna þess, hversu búpeningur sé orðinn mikill á þessu svæði, sem dýralækninum er ætlað að hafa fyrir umdæmi. Því er t. d. haldið fram, að dýralæknir þessi þyrfti að annast um 15 þús. sauðfjár, 2200 nautgripi og 4200 hross fram yfir það, sem aðrir dýralæknar landsins hefðu að annast. En nú vill svo til, að í reyndinni er þetta svo, að t. d. dýralæknirinn á Akureyri þarf að annast 370 nautgripum færra en hér segir, en hart nær 2000 fleiri hross og um 72 þús. fleiri sauðkindur. Hefir hann þannig í sínu umdæmi um helmingi fleira sauðfé en þessum nýja dýralækni er ætlað að hafa umsjón yfir, og lætur það nærri að vera ⅓ af öllu sauðfé landsmanna. Þó er þetta öll nákvæmnin í grg. frv., að dýralæknir fyrir Suðurlandsundirlendið muni koma til að hafa um 15 þús. fleira sauðfé í sínu umdæmi en nokkur annar dýralæknir landsins.

Sama er að segja um hrossaframtalið; það verður töluvert á annað þús. hrossum færra í Suðurlandsumdæminu heldur en í umdæmi dýralæknisins á Akureyri.

Ég skil nú alls ekki, hvers vegna verið er að skreyta sig með svona illa fengnum fjöðrum. Það eru ekki allir, sem láta slíkar blekkingar villa sig. Það má vel vera rétt, að meiri þörf sé á dýralæknis-eftirliti á þessum slóðum en víða annarsstaðar á landinu, en það er ekki fyrir bætta meðferð á búfé á þessu svæði, að þörfin fyrir dýralækni hefir aukizt þar,

eins og segir í grg. frv. Hitt mun sýnu nær, að þörfin fyrir dýralækni hafi aukizt þar, að svo miklu leyti sem hann gæti haft áhrif á það, að búpeningur væri þar ekki settur á „guð og gaddinn“, svo að menn verði þar heylausir um miðjan vetur fyrir stórbú.

Þá hefir því verið haldið fram, að sérstök ástæða sé til þess að bæta við dýralækni þarna sökum þess, hversu samgöngurnar séu orðnar góðar á þessu svæði, og því meiri hætta á, að búfjársjúkdómar berist á milli héraðanna. Ég fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, að slíkir sjúkdómar geti jafnt borizt á milli héraða, þó að samgöngur séu ekki góðar. Þetta er því átylla, sem gripið er til til þess að segja eitthvað. Annars er það töluvert athyglisvert, að fyrst skuli vera heimtaðar samgöngubætur á kostnað ríkissjóðs um svo að segja hvern einasta hrepp á þessu svæði, en svo komið á eftir og sagt, að fyrir þessar auknu samgöngur verði að fá aukið framlag úr ríkissjóði vegna sýkingarhættu, sem búfé manna sé búin vegna samgangnanna. Þetta er allt á sömu bókina lært.

Við 2. umr. þessa máls hér í d. bar hv. þm. Borgf. fram till. um að vísa því til stj., en hún náði ekki samþykki hv. d., enda þótt það hefði verið réttasta meðferðin á málinu. Með þessu er ég ekki að neita því, að ekki sé þörf fyrir fleiri dýralækna í landinu, en því neita ég fastlega, að þarna austur frá sé meiri þörf fyrir þá en víða annarsstaðar á landinu. Ég er því þeirrar skoðunar, að frv. þetta eigi ekki að ná fram að ganga, því að ríkisvaldið á að sjá jafnt fyrir þörfum allra landsmanna í þessu sem öðru.

Þeir, sem samið hafa frv., hafa sennilega treyst á það, að ekki væri hægt að ná í þær skýrslur, sem vitnað er til, en það eru búnaðarskýrslurnar fyrir 1931, því að annars myndu þeir ekki hafa sett slíkar firrur á prent eins og gert er í grg. Þær tölur, sem ég hefi byggt á, hefi ég fengið hjá hagstofustjóra og vænti því, að þær séu ábyggilegar.

Ég býst nú við, að ekki tjái að tala mikið um mál þetta úr því, sem komið er; það mun eiga að samþ. það hvað sem tautar, en ég vildi ekki láta það fara í gegnum þessa umr. án þess að gera við það aths. Að sjálfsögðu mun ég greiða atkv. á móti frv., því að ég tel, að það eigi að falla, en að stj. eigi að bera fram á næsta þingi frv. um þetta efni, þar sem litið sé á þarfir allra landsmanna jafnt, og þá að sjálfsögðu að taka ekki tillit til rökstuðningsins fyrir frv. þessu, þar sem hann er byggður á fölskum grundvelli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 731).

---

## 59. Refaveiðar og refarækt.

Á 66. fundi í Nd., 5. maí, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 44 19. maí 1930, um refaveiðar og refarækt** (þmfrv., A. 554).

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Pétur Ottesen):** Ég þarf ekki annað en vitna til grg., sem fylgir þessu frv. Þar er gerð grein fyrir, að í frv. felst sú ein breyt. frá núgildandi l. um þetta efni, að inn í þau er bætt, að þær reglur, sem sýslunefndir og atvmrh. eiga að setja um refagirðingar, geti einnig náð til girðinga um önnur loðdýr, sem ræktuð eru hér. Þegar þessi lög voru sett 1930, var hér ekki um aðra loðdýrarækt að ræða en refarækt. En síðan hafa ýmsar dýrategundir verið fluttar til landsins í því skyni að ala þau vegna skinnanna, sem engu síður þarf að sjá um, að séu vel geymd, heldur en refirnir. Þess vegna er farið fram á að bæta þessu ákvæði inn í l.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 72. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 554).
Á 72. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Ed., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 554, n. 694).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Í frv. þessu felast þær breyt. og sá viðauki við l. um refaveiðar og refarækt frá 1930, að tekið er tillit til þess, að nú eru ræktaðar hér á landi fleiri tegundir loðdýra en refir. Þær varúðarráðstafanir, sem gerðar eru í lögunum frá 1930 að því er snertir refi, eru hér færðar yfir til þeirra loðdýra, sem ræktuð eru hér og ræktuð kunna að verða, að því leyti sem þau gætu orðið hættuleg villidýr í landinu. Um aðrar breyt. á l. frá 1930 er ekki að ræða í frv. Það hefir gengið gegnum hv. Nd. og ekki tekið neinum breyt. frá því, sem það var lagt fyrir þingið. Landbn. þessarar d. leggur því til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 735).

---

## 60. Tolllagabreyting.

Á 49. fundi í Nd., 10. apríl, var útbýtt: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911** (þmfrv., A. 377).

Á 51. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 377, n. 452).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Ég hefi ekki mikið að segja f. h. n. viðvíkjandi þessu frv. Má vísa til grg., þar er allt tekið fram, sem máli skiptir. Eins og hv. þdm. hafa séð af henni, þá er þessi breyt. á tolllögunum frá 1921 gerð í því augnamiði að ná inn í ríkissjóð nokkru meiru heldur en fæst samkv. lögum frá 1927 og 1931. Þessar ívilnanir frá 1927 og 1931 voru gerðar til þess að styðja innlendan iðnað, og nú hefir tekizt svo vel, að þessar tvær vörutegundir, sem hér um ræðir, eru algerlega framleiddar í landinu. Þess vegna er hér ekki um inn-

flutningstoll að ræða, þar sem engin hætta er á, að innflutt verði, svo nokkru nemi, af þessum vörutegundum á næstunni. Eins og hv. þdm. hafa séð bæði á grg. og nál. á þskj. 45, þá er búizt við, að tekjuauki ríkissjóðs nemi 142 þús. kr., og er þá miðað við svipaða framleiðslu eða neyzlu og árin 1931 og 1932. Auðvitað getur þetta orðið minna eða meira, eftir því, hvort neyzlan minnkar eða eykst. Tekjur ríkissjóðs yrðu af þessum vörum, miðað við það, ef allt væri innflutt og tollur greiddur samkv. lögum frá 1921, af öli 47% og af kaffibæti 84% af innflutningsgjaldinu.

Einn nm., hv. þm. N.-Ísf., hefir haft fyrirvara um upphæð hækkunarinnar, og einn, hv. þm. G.-K., var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins og hefir því að sjálfsögðu óbundnar hendur við atkvgr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta; hv. þdm. hafa séð grg. og geta gert sér ljóst af henni, hvað hér er um að ræða.

**Jón Auðunn Jónsson:** Eins og hv. frsm. tók fram, skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Ég er þeirrar skoðunar, að svona mikil hækkun leiði ekki til tekjuauka, heldur þvert á móti til tekjurýrnunar. Hvað ölið snertir, þá veit ég, að farið er að brugga það óleyfilega á ýmsum stöðum á landinu. Hvort það er mikið yfir það áfengismagn, sem lög heimila, veit ég ekki, en þó býst ég við, að svo sé á nokkrum stöðum. Með því nú að hækka tollinn svona mikið, þá er hætt við, að óleyfilegur tilbúningur á öli mundi aukast. Einhverjir hafa ef til vill heyrt þess getið í útvarpinu, að öltollurinn í Englandi hefir brugðist, og er hann þó þar ekki nema 40 aurar á lítrann. Þar var gjaldið talið of hátt, og var þess vegna það ráð tekið til þess að auka tekjur ríkissjóðs að lækka tollinn um ¼, og telja þeir, að við þetta muni neyzla og tekjur ríkissjóðs aukast. Ég held, að talsvert taki fyrir öldrykkju á opinberum veitingastöðum, ef ölið verður mjög dýrt, einkum ef tekinn verður upp veitingaskattur, eins og ég hefi heyrt, að í ráði sé.

Þá kem ég að kaffibætinum. Ég hygg, að gífurleg hækkun tollsins muni líka draga úr neyzlu hans. Og þá er á það að líta, hvort það er til hagsbóta fyrir ríkissjóð, að minna verði neytt af kaffibæti og meira af kaffibaunum. Hvernig sem á þetta er litið, þá þýðir þetta aukin útgjöld fyrir neytendurna. Það má vera, að þessi tollur á kaffibæti gefi ríkissjóðnum auknar tekjur, en það eykur innflutning á kaffibaunum, dregur úr innlendri framleiðslu og verður dýrara fyrir neytendurna.

Ég hefi haft mikið annríki undanfarna daga, svo að mér hefir ekki unnizt tími til þess að koma með brtt. ennþá, en mun gera það til 3. umr. Ég sé fulla nauðsyn á því að afla ríkissjóði tekna, en hinsvegar sé ég getuleysi almennings, og ég tel varhugavert að auka skattana, svo að ríkissjóður verði ekki fyrir tekjumissi, í stað þess að tekjur hans aukist, og að mönnum verði ekki um of íþyngt með auknum sköttum.

**Fors.- og fjmrh (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Það má alltaf segja, þegar um tollhækkun er að ræða á munaðarvöru, að það dragi úr neyzlunni. Reynslan verður að skera úr um það. En ég held, að það verði alltaf meira, sem ríkissjóður fær eftir þessu frv., heldur en eftir gildandi lögum, þó nú svo færi, að eitthvað drægi úr neyzlunni. Ég held, að ekki þurfi að óttast, að neyzla minnki að mun, þegar ekki er farið lengra en svo, að tollurinn verður á hvorugri vörutegundinni meiri en hann var, áður en nokkuð var framleitt af þeim hér, allt flutt inn. Það má vera, að bruggið aukist, en þá er það skylda hins opinbera að sjá um, að eftirlitið verði aukið. Ég hefi átt tal um þetta bæði við tollstjóra og forstjóra ölgerðarinnar, og ég býst við, að hægt verði að auka svo eftirlitið, að ekki komi að sök. Þeir, sem framleiða ölið, fá þá góðu aðstöðu og beztu, sem á verður kosið, að sitja einir að markaðnum. Og þær tvær verksmiðjur, sem hér framleiddu öl, gátu boðið kaupendum betri kjör á því áður en þær runnu saman. Ég hygg því, ef sala þverrar vegna þessarar hækkunar, að þær geti tekið sér að skaðlitlu nokkuð af tollinum á sínar herðar, til tryggigar sölunni. Engin ástæða er heldur til að ætla, að minna yrði notað af kaffibæti og meira af

baunum, þótt tollur kaffibætis verði hækkaður eins og um getur í frv. Það er engin ástæða til að ætla, að kaffið yrði öðruvísi blandað en áður hefir verið gert. Ekki hefir verið svo mjög kvartað um innflutningstoll á þessari vöru, meðan hún var þó öll framleidd erlendis og innflutt. Og hér er þó ekki eins langt farið. Þetta eru góðir tollstofnar, sem ekki mega rýrna. Og þetta frv. er eingöngu borið fram til þess að bæta ríkissjóði að nokkru þann halla, er hann hefir beðið við það, að framleiðsla þessara vörutegunda hefir fluzt inn í landið. Tekjumissir ríkissjóðs er þó ekki með því bættur nærri að fullu, en þó að nokkru. Að vísu eru framleiddar fleiri vörutegundir hér á landi, en þær keppa þó flestar enn við erlenda framleiðslu samkynja, sem innflutt er. Um sumar þeirra, svo sem konfekt o. fl., er líka svo ástatt, að nokkur verulegur tollur er goldinn af innflutningi hráefna til framleiðslu þeirra. Ég hygg, að þeir, sem nú framleiða þessar vörutegundir, öl og kaffibæti, séu svo settir, að þeir þurfi ekki að kvarta, þótt tolli á þeim vörum sé hagað svo, að ríkið tapi ekki stórfé á því, að þær eru ekki lengur fluttar inn í landið.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Ég vil benda á vegna ummæla hv. þm. N.-Ísf., að engin ástæða er til að ætla, að þessi tollauki dragi úr neyzlu öls, þar sem hann nemur ekki meiru en tæpum 4 aurum á flösku. Auk þess mun hann ekki koma allur á neytendur, því ég býst við, að svo góð útkoma hafi verið þeim, sem bruggað hafa ölið, að rekstrarhagnaður þeirra þoli að minnka nokkuð. Hann ætti að geta orðið viðunanlegur fyrir því. Og þegar það líka er aðgætt, að ívilnunin, sem gefin var í l. frá 1927, hefir algerlega náð út yfir ölið, þá verður tollhækkunin ekki eins mikil og hún sýnist vera.

Eftir því sem menn hafa talað, þá virðist svo, að þeir séu hræddir um, að tollhækkun á öli muni meira draga úr notkun þess en tollhækkun á kaffibæti úr notkun hans. En þó er það svo, að ráðgerð tollhækkun frv. kemur þyngra niður á kaffibætinum, því talsverður hluti þeirrar framleiðslu hefir ekki náð í tollívilnunina frá 1927. En það er ekki rétt, að ölneyzlunni sé nokkur hætta búin. 4 aurar gera lítið til eða frá um notkun þess, og a. m. k. nokkuð af því kemur á framleiðendur. — Hið eina leiða við þetta er það, að ekki skuli mega framleiða að mun sterkara öl, — þá mætti eflaust tífalda tollinn án þess að salan væri í hættu.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég býst við, að þessi tollhækkun lendi á neytendum. Ég hefi átt tal við framleiðendur kaffibætis, og þeir segja, að sú framleiðsla beri sig ekki svo vel, að hún þoli neinn viðbótarkostnað. Slíkt mætti frekar hugsa sér með ölframleiðsluna, þar sem hún er nú rekin af aðeins einu félagi. Þó mun þetta fyrirtæki ekki hafa gefið góðar tekjur síðastl. ár. Framleiðslan hefir minnkað til muna. Einkum hefir salan í einn landsfjórðunginn minnkað stórkostlega. Má vera, að það standi að einhverju leyti í sambandi við minnkandi kaupgetu. En það mun þó að miklu leyti stafa af því, að menn eru farnir að búa það til sjálfir á heimilunum til eigin þarfa og einnig til sölu. Ég er hræddur um, að slík framleiðsla aukist, ef tollurinn verður hækkaður svo mikið, sem hér er ráð fyrir gert. 47% hækkun á annari tegundinni og 84% hækkun á hinni er ekki smáræði. Ég tel varhugavert að taka svo stór stökk í einu. Betra væri að fara af stað með minna. Síðar mætti svo hækka tollinn meira, ef reynslan sýndi, að neyzlan færi ekki til stórra muna niður.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég mun ekki greiða atkv. með þessu frv., og má það engum á óvart koma, sem kunnugur er stefnu okkar jafnaðarmanna í slíkum málum sem þessu yfirleitt. Ég vil benda á það í sambandi við þau tekjuaukafrv., sem fram eru komin, að það er ekki heppileg leið í skattamálum að bæta vissri % sí og æ ofan á þá tolla, sem fyrir eru. Skattalöggjöf okkar var slík, að varla varð við unað, en hún stórversnar þó við þetta. — Þetta á almennt við um þau skattafrv., sem fram hafa komið, og einnig um þetta frv. Hér er um mikla hækkun að ræða. Og þótt hæstv. fjmrh. segði, að tollurinn yrði ekki hærri en innflutningstollurinn af sömu vörum

hefði verið og hann teldi, að hann mundi ekki lenda allur á neytendum, þá mun það þó mjög orka tvímælis, hve sannspár hann reynist um það. Engin trygging er sett fyrir því, að tollhækkunin komi ekki öll fram sem verðhækkun á vörunni. Mér er nú að vísu ekki neitt sárt um ölið. Það er nær að tolla það en ýmislegt annað. En hitt er óhæfilegt, að hækka kaffibætistollinn upp í 2 kr. á kg., sem þýðir það, að innlenda tollvörugjaldið verður 1 kr. á kg. af því, sem framleitt er hér. Hér er um miklu meira en verndartoll að ræða. Hér er um að ræða hreint innflutningsbann í tollagaformi. Þessi tollur gefur þeim, sem framleiða kaffibæti hér á landi, tækifæri til að hækka verðið á honum upp í það, sem innfluttur kaffibætir mundi kosta, og þó meira en nemur tollinum, því ef þeir geta framleitt hann fyrir sama verð og hægt er erlendis, þá kemur einnig til greina, að flutningur hráefnis er ódýrari en á unninni vöru. Í frv. eru engin fyrirmæli, sem meini framleiðendum að hækka vöruna að þessu marki. Ég get því tekið undir það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, að þetta mundi líklega valda meiri hækkun á verði vörunnar en sem tollhækkuninni nemur. Mismunur sá, sem verið hefir á innflutningstolli og framleiðslutolli á kaffibæti, hefir þegar verið svo mikill, að kaffibætisgerðir hafa þegar þotið upp miklu meira en heppilegt er. Þessi mikli mismunur á innflutnings- og framleiðslutolli skapar skilyrði fyrir stórgróða og gerir vöruna dýrari en vera þyrfti.

Að öðru leyti get ég vísað til þess, er ég hefi áður sagt um tollamálin almennt. Hér er ekki þörf á að endurtaka það.

**Guðbrandur Ísberg:** Í frv. því, sem fyrir liggur, er um mikla tollhækkun á öli að ræða, hækkun úr 30 aurum upp í 80 aura á hverjum lítra öls. Þetta er mjög mikil hækkun, og þó einkum á hvítöli, sem er mjög miklu ódýrara en aðrar tegundir öls, enda framleitt úr ódýrari hráefnum. Ég sé enga ástæðu til þess, að á því sé hærri tollur en t. d. limonade. Mér þykir því rétt, að brtt. komi fram um þetta. En þar sem nál. fór framhjá mér, er ég eigi viðbúinn að flytja hana nú, en mun gera það við 3. umr.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Það er mesti misskilningur, sem kemur fram hjá mönnum, sem halda, að tollur á þessum vörutegundum hækki mikið frá því, sem var í l. frá 1921. Þessi hækkun á innflutningi kemur ekki til greina, vegna þess að ekkert er flutt inn af þessum vörutegundum. Og með l. frá 1927 er ákveðið, að greiða skuli ⅓ innflutningstolls af innlendu öli og ½ af kaffibæti framleiddum hér. Og þetta gjald var svo enn fært niður í ⅙ fyrir það magn, sem framleitt hafði verið af þessum vörutegundum 1926. Af þessu leiðir, að gjöldin af þessari framleiðslu í ríkissjóð eru orðin alveg hlægilega lítil, þegar þess er gætt, að iðnaður þessi ber sig ágætlega, eins og kapphlaupið um framleiðslu kaffibætis sýnir. Hv. þm. N.-Ísf. þótti hér of stórt á stað farið. En hér er sannarlega ekki farið stórt af stað. Aðeins 4 aurar á ölflöskuna. Nú er þetta gjald 7 aurar á lítra, sem hækkar um 11 aura og verður því alls 18 aurar á lítra. Áður var tollurinn 30 aurar á lítra af innfluttu öli, en verður samkv. þessu frv. 18 aurar af öli framleiddu hér. Þessi misskilningur stafar af því, að menn líta á þá hækkun, sem sést á frv., en taka ekki tillit til þeirra ívilnana, sem gerðar voru með l. frá 1927 og víkkaðar voru út með l. frá 1931.

**Guðbrandur Ísberg:** Það er rétt hjá hv. frsm., að hækkun framleiðsluvörugjaldsins er ekki ýkjamikil. En ég vil benda honum á, að þótt nú sé bannað að flytja inn öl, þá má vona, að svo verði ekki alltaf. Ef ölframleiðslan á að miðast við þennan toll og það, hvað framleiðendum þóknast að leggja á í skjóli hans, þá er ég hræddur um, að ölsalan verði ekki í stórum stíl og tekjur ríkissjóðs þá ekki miklar af ölinu. Tollurinn kemur sérstaklega hart niður á hinni ódýru öltegund, hvítölinu. Það hefir að vísu ekki verið gerður greinarmunur á þessu í l. Sami tollur hefir gilt fyrir hvítöl sem aðrar dýrari öltegundir. En þetta er rangt og ætti að vera lagfært fyrir löngu. Ef ekki á að útiloka framleiðslu og neyzlu á þessari ódýru öltegund, þarf að leiðrétta þetta nú. Og þessi tollhækkun, sem nú er gerð till. um, gefur mér tilefni að

bera fram brtt. þessu til leiðréttingar, og mun ég, eins og ég hefi áður lýst, gera það við 3. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Út af ummælum hv. þm. Ak. vil ég geta þess, að frv. þetta er, eins og vitanlegt er, bráðabirgðaráðstöfun. Það verður að gera ný l., þegar þau l., sem nú gilda um toll á innlendum tollvörutegundum, renna út. Þessi hækkun er lögð til með það fyrir augum, að þessi framleiðsla gefur nú mjög litlar tekjur í ríkissjóð. En þetta er gert til bráðabirgða, eins og ég hefi sagt.

Vegna ummæla hv. þm. Seyðf. vil ég segja það, að verndin á innlendri framleiðslu þessara vörutegunda verður ekki meiri en hún er, því öll framleiðslan á þessum vörum er nú innlend, og innlend samkeppni því ein um að skapa verðið. Svo var það um ölið, þótt það sé nú máske ekki framleitt í samkeppni. Og nú er mikið kapphlaup um kaffibætinn. Og vegna ótta um verðhækkun á kaffibæti í skjóli þessa tolls vil ég benda á, að Samband ísl. samvinnufélaga hefir komið sér upp kaffibætisgerð og fylgir þar sömu álagningarreglu og á öðrum sviðum. Því má óhætt treysta, hvað sem trausti til annara kaffibætisframleiðenda líður. Það má segja, að þetta sé verndartollur, en með honum er þó að engu breytt því ástandi, sem nú er. Innflutningsgjaldið kemur ekkert til greina. En það er hækkað til þess að fá hærra framleiðslugjald af þessum vörum í ríkissjóð. Með samþykkt þessa frv. er því ekki stofnað til neinnar nýrrar hættu. Ástandið helzt óbreytt fyrir því. — Annars var margt af því, sem hv. þm. Seyðf. sagði, alveg rétt. En það átti ekki við eins og nú er ástatt og getur því ekki talizt rök gegn frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 377, 487, 492).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 492. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði um þetta mál við 2. umr. En ég hefi í samræmi við það borið fram brtt., sem ég vænti, að nái samþykki deildarinnar, því að hér er farið fram á svo litla breyt., minni en ég hefði talið rétt vera. Hinsvegar sá ég, að fast var fyrir um að breyta neinu í þessu efni. Sneið ég því brtt. mína með tilliti til þess. Brtt. fer fram á að tvöfalda skatt af öli og kaffibæti, sem hvorttveggja er framleitt í landinu sjálfu, en í frv. er gert ráð fyrir að þrefalda þennan skatt.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég á brtt. á þskj. 487, sem gengur í þá átt, að hvítöl sé látið vera í sama tollflokki og límonaði. Eftir núgildandi lögum er 30 aura tollur af hverjum lítra af öli og gosdrykkjum, og breytingin, sem frv. fer fram á, er því í rauninni sú, að hækka eingöngu toll af öli, öðru en hvítöli, en ekki af gosdrykkjum.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á það, að hvítöl á eftir eðli sínu fremur að fylgja límonaði og gosdrykkjum en öli. Það er miklu ódýrara að framleiða það en aðrar öltegundir, og þeir, sem það gera, eiga ekki að hafa leyfi til þess að selja það sama verði, sem annað öl. Hvítölið er notað allmikið með mat, og margir mundu sakna þess, ef verð þess hækkaði að mun. Það er að vísu svo, að samkv. núgildandi lögum er hvítöl í sama flokki og annað öl að því er snertir framleiðslugjald. En þar sem líkt er um framleiðslukostnað hvítöls og límonaðis, þá finnst mér, að hvítöl eigi eftir eðli sínu að vera í sama tollflokki og það.

Ég vil svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vænti, að hv. þdm. taki þessari till. með sanngirni og sjái, að hér er aðeins um að ræða, að hvítöl og gosdrykkir séu áfram í sama tollflokki.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Það er mjög mikil viðkvæmni, sem kemur fram hjá hv. þdm. gagnvart þessu frv. Ég er undrandi yfir þeim áhuga, sem kemur fram í því að lækka þennan tollauka, sem hér

kemur fram á öli, þegar þess er gætt, að tollurinn eftir lögunum frá 1921 er 38 aurar á hverjum lítra, að viðbættum 25% gengisviðauka. En eftir þessu frv. verður tollurinn aðeins 18 aurar á lítra. Virðist því sæmilega vel farið með ölgerðirnar, að láta þær sleppa með að borga 18 aura, þegar ríkissjóður hefir fengið 38 aura af samskonar öli, sem flutzt hefir inn í landið, eftir lögunum frá 1921.

Ég get frekar skilið ástæður manna fyrir því að bera fram lækkun á tolli á kaffibæti. En það er ekki fyrir það, að ég telji, að hann sé óeðlilega hár, því að tollurinn er lægri en greiðzt hefði í ríkissjóð, ef kaffibætirinn flyttist inn í landið í staðinn fyrir að framleiða hann hér.

Þess ber að gæta, að á undanfarandi árum hefir ríkissjóður tapað stórfé vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar voru með l. frá 1927 og 1931. Þetta tap hefir vitanlega komið fram í auknum eignum hjá þessum framleiðslufyrirtækjum. Þegar þess er gætt, að þetta frv., ef að l. yrði, gæti alls ekki gilt lengur en til 1935, þar sem þá falla úr gildi lögin frá 1927 og 31, þá sýnist ekki of hart að gengið.

Að því er snertir ölið vil ég benda á það, að örðugt mundi að framkvæma lögin, ef annar tollur yrði greiddur af hvítöli en öðru öli, enda er það ástæðulaust, því að hjá öðrum þjóðum er alls ekki gerður greinarmunur á þessum öltegundum. Það, sem þær gera greinarmun á, er það, hvert áfengismagnið er. En hér er ekki um neitt áfengismagn að ræða. Báðar öltegundirnar eru óáfengar og eiga því að vera undir sömu lagaákvæðum. En að haga tollálagningunni þannig, að gera mismun á þessum tveimur öltegundum, mundi ef til vill verða til þess að gera ölgerðunum ennþá erfiðara fyrir um starfrækslu sína en annars þyrfti að vera. Því að það mundi leiða til þess, að þær mundu reyna að auka framleiðsluna á hvítöli til þess að sleppa við hina ölgerðina.

En um nauðsynina á því að ívilna með toll á hvítöli með tilliti til þess, að það sé notað svo mikið með mat, þykir mér veigalítil ástæða. Ég hygg, að hv. þm. Ak. flytji þessa brtt. aðallega með tilliti til einnar ölgerðar á Akureyri, sem lengi hefir framleitt hvítöl. Mér er ekki kunnugt um, að það sé mikið keypt til þess að hafa á borðum með mat. Nei, það er selt og drukkið í afgreiðslubúðum ölgerðarinnar. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að gera sérstakar ráðstafanir út af hvítöli eða hafa annan tollstiga á því.

Tollurinn nemur, eins og ég hefi tekið fram, 47%, ef ölið væri flutt inn í landið. Og þessi tollur er ekki meiri en svo, að hann nemur um 4 aura á hverja flösku, og ætti það alls ekki að hafa áhrif á öldrykkjuna. Auk þess hefir verið mikill hagnaður á framleiðslunni, svo að hún gæti auðveldlega tekið á sig helming byrðarinnar til þess að halda markaðinum við. Þess ber að gæta, að tolllögin frá 1927 og 1931 hafa verkað svo rækilega og tekizt svo vel, að ekkert hefir verið flutt inn af þessum vörutegundum. Það hefir því verið misgáningur af löggjafarvaldinu að tiltaka þennan tíma allt til ársins 1935, því að tilgangurinn með þessum lögum var sá, að hægt yrði að koma upp framleiðslu í þessum greinum í landinu sjálfu. Þetta hafa lögin nú gert, svo að fyrirtækin þurfa ekki að óttast erlenda samkeppni, og þau halda sömu aðstöðu áfram, svo að ekki kemur til mála, að innflutningur verði að tjóni. En því ber ekki að neita, að með þessari till. hækkar tollurinn, og er það gert til þess að ná því inn, sem ríkissjóður afsalaði sér 1927 og 1931.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hv. frsm. hefir ekki hrakið það, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls. Mín brtt. er alls ekki samin vegna framleiðendanna, heldur vegna neytendanna. Í fyrsta lagi myndi svo gífurleg hækkun á tollinum draga úr neyzlunni. Og hvað ölinu viðkemur, þá held ég því fram, að þetta mundi auka til muna ólöglegan tilbúning á öli, en af því öli kemur ekkert inn í ríkissjóðinn. Þessi þrefalda hækkun yrði því engin tekjuhækkun fyrir ríkissjóð, heldur þvert á móti til þess að draga úr þeim, og mundi auk þess skaða löglegu framleiðsluna í landinu.

Um kaffibætinn er það að segja, að ég hefi átt tal um þetta við húsmæður, sem þekkja til um kaffitilbúning, og telja þær, að þetta mundi verða til þess að draga úr notkun kaffibætis, en í stað þess yrði not-

að meira af kaffibaunum. En þá yrðum við að flytja inn í landið vöru, sem bætti upp innlendu framleiðsluna. Hér álít ég, að rangt sé stefnt. Auk þess mundi þetta minnka atvinnuna. Ölgerðin hefir greitt um 100 þús. kr. í vinnulaun á ári og kaffibætirinn yfir 40 þús. kr. Auk þess hefir ölgerðin greitt drjúgan skerf í tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs. Það er því sýnilegt, að ríkissjóður mundi bæði beinlínis og óbeinlínis missa tekjur við þessa hækkun.

**Guðbrandur Ísberg:** Hv. þm. V.-Húnv. lagði í ræðu sinni einkennilega mikla áherzlu á hagsmuni ölframleiðendanna. Hann gat þess, að með gildandi tolllögum hefði útlent öl verið útilokað og innlend framleiðsla blómgazt. Ég hefi litið svo á frv., að það væri fram komið til þess að afla ríkissjóði tekna, og mun greiða því atkv. af þeim ástæðum, en ekki til þess sérstaklega að vernda framleiðendurna, sem samkv. gefnum upplýsingum eru nú þegar búnir að vinna bug á allri erlendri samkeppni í skjóli gildandi innflutningstolls, og væntanlega einnig innflutningshafta nú síðasta árið. Í því sambandi vil ég spyrja hæstv. stj., hvaða ráðstafanir gerðar verði til þess að koma í veg fyrir, að innlendir framleiðendur okri beinlínis á þessum vörutegundum, ef tollhækkunin verður samþ.

Eins og ég hefi bent á, þá er hvítöl nálægt helmingi ódýrara almennt heldur en flest annað öl. En þegar lagður verður 80 aura tollur á það, þá verður það væntanlega aðeins 10—12% ódýrara en annað öl, í stað 50%, ef miðað er við innflutning. Ef tekið er tillit til neytendanna, þá er sýnilegt, að þeim verður gert erfitt fyrir að halda áfram að kaupa hvítöl með því verði, sem gera má ráð fyrir, að á því verði framvegis, og tel ég það miður farið, og beint óheppilegt að svipta menn praktiskt séð þeirri öltegundinni, sem mest er notuð með mat í mjólkur stað, sérstaklega þar sem lítið er um mjólk. Þess vegna legg ég til, að hvítölið verði látið sæta áfram sama tolli og gosdrykkir, þótt tollur á dýrari öltegundum verði hækkaður. Öll sanngirni mælir með þessu. Það væri einnig ástæða til þess að gera aths. við fleiri liði frv., ef það er meiningin, að hér væri eingöngu um að ræða verndun framleiðendanna, eins og hv. þm. hélt fram. Ég tel, að neytendurnir eigi líka rétt á sér.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hér er um að ræða tolla, sem allir ættu að geta verið sammála um, hvort sem þeir eru til hægri eða vinstri í stjórnmálum. Deilurnar eru mestar til hægri og vinstri, ef leggja á tolla á nauðsynjavörur. En þegar um svonefndar eyðsluvörur er að ræða, þá má helzt vænta samkomulags.

Á hvítöl hefir verið lagður sami tollur og á annað öl, og ef það er ódýrast af öllu öli, þá sé ég ekki ástæðu til þess að breyta til um það. Það ætti að þola hækkunina betur en annað öl. Og þó að tollurinn verði hækkaður um 4 aura á flösku, þá verður álagningin aðeins 2 til 3 aurar á flösku, ef gert er ráð fyrir, að framleiðendur beri nokkuð af tollinum. Ég vorkenni ekki manni, sem drekkur eina hvítölsflösku á dag, að greiða 3 aurum meira fyrir hana en áður. Hækkunin næmi aðeins 90 aurum á mánuði. Ég teldi það misrétti, ef hvítöli væri gefin sérstaða gagnvart öðru öli.

Stj. hefir verið spurð að því, hvaða ráðstafanir yrðu gerðar gegn okri innlendra framleiðenda. Á þessu stigi er engu meiri ástæða til þess að gera ráðstafanir gegn okri heldur en undir gildandi lögum, þar sem útlendingar eru svo að segja útilokaðir frá markaðinum og því ekki um samkeppni að ræða. Ef ástæða yrði til, eftir fengnum upplýsingum, þá gæti hvert þing gripið í taumana og sett einhver ákvæði viðvíkjandi þessu. Í þessu sambandi er engin ástæða til þess að flagga með því, að hér sé um innlenda framleiðslu að ræða, sem ætti að njóta vildarkjara. Auk þess er það villandi að kalla kaffibætinn innlenda framleiðslu, þó að erlendum hráefnum sé hrært hér saman af fáum mönnum. Þetta skapar að vísu dálitla atvinnu í landinu, og er það vitanlega strax betra heldur en að flytja það algerlega unnið inn. En ég held, að ekki sé ástæða að kvarta undan þessari tollhækkun á meðan tollurinn verður ekki eins hár og áður, þegar allt var flutt inn af þessum vörutegundum.

Þetta frv. er komið fram til þess að afla ríkissjóði tekna, og til einskis annars.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Ég hefi litlu að bæta við það, sem hæstv. ráðh. sagði. Ég vildi aðeins taka það fram út af ummælum hv. þm. Ak., að frv. væri fram komið til þess að vernda framleiðsluna. Það er vitanlega ekki flutt til þess, heldur til að afla ríkissjóði meiri tekna.

Þá er það villandi hjá sama þm., þar sem hann talar um 80 aura toll, en frv. ákveður ekki meira en 18 aura á lítra. Það verður að athuga það, að breyt. er ekki annað en að verka á önnur lög, þar sem nú er ekkert flutt inn af þessum vörutegundum. Hæstv. ráðh. svaraði fyrirspurninni um ráðstafanir gegn okri, enda er til ráðstöfun gegn því frá neytendunum sjálfum. Þeir munu sjá um það sjálfir með því að kaupa ekki vöruna, ef hún er óhóflega dýr.

Aukinn tollur verður 4 aurar á flöskuna. Ég geri ráð fyrir því, að fyrirtækin hafi grætt á framleiðslunni, og ég veit það með vissu. Þá gætu þau ósköp vel tekið dálítið af gróðanum og borgað eitthvað af tollinum, svo að flaskan þyrfti ekki að hækka nema um 2 aura.

Það er fjarstæða hjá hv. þm. Ak. að halda því fram, að hvítöl eigi að heyra undir gosdrykki, en ekki undir öl, og ég er hissa, hvað hann virðist vera djúpt sokkinn niður í hvítölið á Akureyri, að hann skuli ekki sjá tilgang frv. Ég er líka hissa á hv. þm. N.-Ísf., að telja þessa hækkun gífurlega, þar sem hún nemur ekki nema 4 aurum á flöskuna. Og ég hygg, að menn drekki engu síður öl fyrir því, þó að flaskan hækki um 2—4 aura.

Um kaffibætinn er það að segja, að það hefir verið kapphlaup um að koma upp þessum fyrirtækjum. Verði nú ekki hægt að keppa með þessari tollhækkun, þá dragast þessar verksmiðjur saman í eina, alveg eins og ölgerðin, og þá verður framleiðslan ódýrari og hægt að selja hana þrátt fyrir 84% álagningu.

**Guðbrandur Ísberg:** Hæstv. fjmrh. sló því fram, að hér væri í raun og veru einokun á þeim vörum, er í frv. greinir, og hann hefir sjálfsagt vitað, hvað hann sagði. En ef svo er, þá hefði ég endurtekið fyrirspurnina, ef ráðh. hefði verið viðstaddur, um það, hvaða ráðstafanir væru gerðar til þess að hindra, að verðið hækki úr hófi við tollhækkunina. Mér skilst sem sé, að hinum innlendu framleiðendum sé unnt að hækka verð á framleiðsluvörum þeim, er tollhækkunin nær til, allt að þeirri upphæð, er tollhækkuninni nemur, án þess að þurfa að óttast erlenda samkeppni. Og það mundi koma hart niður á neytendunum, ef þeir gera það, en engan veginn þó líklegt að þeir hætti að kaupa, þótt þeir hinsvegar kunni að draga úr neyzlunni.

Viðvíkjandi hvítölinu, þá er það, eins og ég hefi bent á, sem næst helmingi ódýrara en aðrar öltegundir, en þessi tollur mundi gefa framleiðendunum aðstöðu til þess að selja það jafndýrt og annað öl. Þá dettur vitanlega engum í hug að kaupa það fremur. Þeir, sem keypt hafa hvítöl með mat, verða annaðhvort af því eða kaupa annað í staðinn.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Þetta er nú sú makalausasta röksemdafærsla, sem ég hefi heyrt. Dettur hv. þm. í hug, að nokkur sé svo vitlaus, þó að tollurinn verði hækkaður, að hækka svo verðið á ölinu, að ekkert seljist? Fyrst skapast framleiðendunum möguleiki á því að hækka verðið við það, að tollurinn er hækkaður, og svo hækka þeir það svo mikið, að enginn vill kaupa það! Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég hefi aldrei sagt, að innlendir framleiðendur myndu setja verðið svo hátt, að þeir gætu ekkert selt. En viðvíkjandi hvítölinu sagði ég, að með þessari tollhækkun á því yrði það að líkindum selt með svipuðu verði og annað öl, en við því verði kaupa menn það ekki. Ég segi að líkindum, því ég býst við, að verð hvítöls mundi verða miðað meira við innkaupsverð þess, að viðbættum tolli, heldur en raunverulegt framleiðsluverð innanlands. A. m. k. er engin trygging gefin fyrir því, að svo verði ekki.

Það var þetta, sem lá í orðum mínum, að tollhækkunin gerði það að verkum, að mjög lítill munur yrði á verðinu á hvítöli og öðru öli, og þá yrði það að rýma af markaðinum.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Þetta er lítið og mjög auðvelt reikningsdæmi. Hv. þm. segir: Hvítöl er helmingi ódýrara en annað öl. Er það ekki rétt hermt? (GÍ: Jú, það er rétt). Og svo segir hann, ef 4 aur. er bætt við beggja vegna, þá verður verðið hið sama á báðum tegundunum. Reikningsdæmið er einfalt og lítur svona út: 4+15=19 og 4+30=34 og eftir því, sem hv. þm. segir, ætti þá 19 að vera jafnt og 34. Ég botna ekkert í því, að hv. þm. skuli fara með slíkar fjarstæður hér í hv. d.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég vil aðeins benda á það, að hvorki hæstv. fjmrh. né hv. frsm. hafa treyst sér til að mótmæla því, að tollhækkun þessi muni draga úr neyzlu og þar með draga úr tolltekjum ríkissjóðs af þessum vörutegundum. Ég efast meira að segja um, að tekjur ríkissjóðs vaxi nokkurn hlut við þessa hækkun, vegna minnkandi neyzlu. En hitt er víst, að neytendur verða að greiða hærra verð fyrir vöruna. Er þá reikningsdæmið einfalt. Neytendur greiða meira fyrir ölið og kaffibætinn vegna hækkaðs tolls. En ríkissjóður fær þó eigi meiri tolltekjur af því, vegna minnkandi neyzlu. Þessir 4 aurar á flösku af öli eru ekkert lítil tollhækkun. Svo tekið sé dæmi af hvítölinu, sem nú mun vera selt á 20 aura potturinn í 5 potta ílátum, þá nemur tollurinn nær því jafnmiklu og útsöluverðinu nú. Verð þess myndi því tvöfaldast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 1. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 492,1 felld með 13:5 atkv.
— 487,1 felld með 14:4 atkv.
— 487,2 kom ekki til atkv.
— 492,2 felld með 13:7 atkv.

Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 377).

Á 62. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 75. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 377, n. 699).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Frv. þetta er flutt í Nd. af hæstv. forsrh., en er þó ekki stjfrv. Efni frv. er, eins og hv. dm. vafalaust vita, það, að hækka innflutningsgjaldið af öli og kaffibæti. En um leið og innflutningsgjaldið á þessum vörutegundum hækkar, þá hækka líka tollar til ríkissjóðs af samskonar innlendri framleiðslu. Í frv. er gert ráð fyrir að hækka toll á öli upp í 1 kr., þ. e. a. s. 80 aura, en þar við bætist gengisviðauki, svo að hækkunin nemur samtals 1 kr. Tollur á kaffibæti er færður upp í kr. 1,60, með gengisviðauka 2,15 kr.

Svo er fyrirmælt í núgildandi tolll., að af ísl. framleiðslu skuli greiða ⅓ hluta innflutningsgjalds. En nokkuð sérstaklega stendur á með þessar vörutegundir. Aðflutningur á öli er nú miklu minni en áður fyrr, og aðflutning á kaffibæti má nú þegar telja horfinn. Þarna hefir ríkissjóður orðið fyrir stórfelldum tekjumissi, og því er sanngjarnt, að tollar af þessum vörutegundum séu nokkuð hækkaðir, að íslenzkir framleiðendur þeirra greiði hærri toll en gert er ráð fyrir í núgildandi l. Þess ber einnig að gæta, að þau fyrirtæki, sem stofnsett eru fyrir 1928, njóta ívilnana með þessar tollgreiðslur, svo að tollurinn verður mun lægri á þeim. Það er svo t. d. með ölgerð hér á landi, að hún mun njóta þeirra mestu ívilnana um tollgreiðslur, sem yfir höfuð þekkjast. Samt er gert ráð fyrir, að þessi tollahækkun muni auka tekjur ríkissjóðs árlega um 60 þús. kr. af ölinu, og 80 þús. kr. af kaffibætinum.

Fjhn. þessarar d. hefir nú athugað frv.

og meiri hl. hennar komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að mæla með því til samþykktar. Ég tel ekki ástæðu til að gera afstöðu hv. minni hl. að umræðuefni. Hann hefir ekki skilað nál. enn, en ég býst við, að hann geri grein fyrir afstöðu sinni.

Svo held ég, að ég hafi þessi orð mín ekki fleiri, málið er ljóst og einfalt, og ég geri ráð fyrir því, að flestir hv. dm. hafi þegar kynnt sér það. En fyrir hönd meiri hl. fjhn. legg ég til, að frv. verði samþ.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil aðeins lýsa afstöðu minni til þessa frv. í stuttu máli. Ég tel, að tollahækkun, sem kemur fram á vörum, er almenningur notar sem nauðsynjar, sé mjög ranglát. Það má að vísu segja, að ekkert skaði, þó að öl sé tollað talsvert hátt, en allt öðru máli er að gegna um hinn gífurlega toll af kaffibæti. Almenningur kaupir þessa vöru í stórum stíl, og tollahækkun, sem kæmi niður á henni, yrði einn þátturinn í því, að auka þá miklu dýrtíð, sem nú er hér í landinu. Þó mun nú þegar svo komið, að Ísland sé eitt af dýrustu löndum í heiminum að lifa í.

Ég ætla því að greiða atkv. á móti frv., þó að í því sé vörutegund tekin með, sem mér þætti skaðlaust, að aukinn yrði tollur á.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég vil mótmæla þeim orðum hv. 2. landsk., að tollurinn á kaffibæti væri gífurlegur. Það getur litið svo út í fljótu bragði, ef aðeins eru athugaðar tölur frv. En það var engin aðferð til þess að hækka toll af kaffibæti önnur en sú, að hækka innflutningsgjaldið. Í hinum sérstöku l., þar sem veittar eru tollaívilnanir fyrir íslenzkan kaffibæti, er t. d. miðað við innflutningsgjaldið. En það er ekki hægt að tala um gífurlega tolla af þessari vörutegund, þegar innlendur kaffibætir kemst ekki í sama toll og áður var á öllum þeim kaffibæti, er til landsins fluttist. Í skjóli tollaívilnana hefir langmestur hluti öl- og kaffibætisframleiðslu flutzt inn í landið, en af því hefir ríkissjóður beðið verulegan skaða. Og hér er ekki einu sinni farið fram á að gera tollinn jafnháan og hann var áður, heldur aðeins að bæta ríkissjóði lítillega upp þann halla, er hann hefir beðið af þessu. — Og fyrir hönd íslenzks iðnaðar verður ekki kvartað, — í skjóli tollaívilnana hefur mestöll þessi framleiðsla flutzt inn í landið, en ég vil taka það skýrt fram, að til þess var aldrei ætlazt, að tekjur ríkissjóðs rýrnuðu mikið við þessa tilfærslu.

**Jón Baldvinsson:** Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh., sem var vitað áður, að sá íslenzki iðnaður, sem hér um ræðir, hafi þrifizt í skjóli tollaívilnana. Af því leiðir, að verð á þessari íslenzku vöru verður hærra en annars myndi. Og framleiðendur nota auðvitað tollhækkunina sem tækifæri til þess að setja upp verðið, og sú hækkun nemur vafalaust meiru en tollahækkunin, því við hana bætist álag stórsala og smásala. Annars er það ekki heilbrigt fyrirkomulag, að íslenzkur iðnaður þrífist í skjóli hárra tolla. Það er auðvitað gott fyrir þá menn, sem græða á því, en almenningi kemur slíkt illa.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Það er tæplega rétt hjá hv. 2. landsk., að mikil hætta sé á verðhækkun á þeim tveim vörutegundum, sem hér er hækkaður tollur á. Núgildandi tollur hindrar alla erlenda samkeppni. Þetta breytist á engan hátt, þó að frv. nái samþykki. Nú þegar er öll erlend samkeppni útilokuð á þessu sviði, og hún getur ekki orðið meira útilokuð, þó að þetta frv. verði samþ. Hv. þm. taldi óheppilegt, að iðnaðurinn hér á landi skyldi þrífast í skjóli hárra tolla, en um það tjáir ekki að sakast í sambandi við þetta frv., heldur þarf hv. þm. í því atriði að snúast gegn öllu núgildandi ástandi og l. á þessu sviði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:1 atkv.
2. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7:1 atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, EÁrna, GL, HSteins, IP, JónJ, MT, PHerm, GÓ.

nei: BSn, JakM, JBald, JónÞ.

Einn þm. (JónasJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 753).

## 61. Sýsluvegasjóðir.

Á 50. fundi í Ed., 18. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði** (þmfrv., A. 406).

Á 52. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jón Jónsson):** Þessi l. frá 1923, sem hér er lagt til að gerð verði lítilsháttar breyt. á, hafa reynzt mjög gagnleg. Þau hafa örvað það mjög, að sýsluvegir væru lagðir út um sveitirnar, og hafa 9 sýslur notað sér þessi l.

Hér er farið fram á tvær breyt. á þessum l. Fyrri breyt. er sú, að vegaskattur af húseignum verði helmingi minni en af löndum og lóðum. Eins og sést á fylgiskj. 1 við frv., hefir fasteignamatið hækkað stórkostlega frá því, sem var þegar l. um sýsluvegasjóði voru samb. Sérstaklega hefir þó húsaverðið hækkað. En afleiðing þess er sú, að sýslufélögin verða að leggja fram miklu meira fé til vegagerða en áður var, til þess að verða aðnjótandi hlutfallslega jafnmikils styrks frá ríkinu. Heildarhækkun í þeim 9 sýslum, sem komið hafa á hjá sér sýsluvegasamþ. eftir l. frá 1923, er um 32%. Í Mýrasýslu er hún 131%. — Afleiðing þessa er sú, að sýslufélögin verða að leggja fram þriðjungi meira fé til þess að ná sama hlutfalli um framlag ríkissjóðs, sem þá verður einnig að leggja fram meira fé í þessu skyni og að sömu tiltölu. Þetta kemur illa við framkvæmdasöm sýslufélög eins og nú árar, auk þess sem það er óeðlilegt að refsa mönnum fyrir að byggja dýr og vönduð hús með hærri sköttum en áður. Er því um sanngjarna ívilnun að ræða, sem farið er fram á í þessu frv., að lækka vegaskattinn um helming á húseignum. Og afleiðingin af samþ. frv. yrði sú, að skatturinn yrði svipaður og áður. Síðari breyt. er sú, að auk sýsluvegaskattsins megi telja þau framlög önnur, er til falla hjá héruðunum hvert ár og notuð eru, á móti framlagi ríkissjóðs. Svo er um framlög einstakra hreppa eða vegafélaga, sem sumstaðar hafa greitt fyrir vegalagningum. Er sanngjarnt, að ríkið leggi fram fé á móti því, sem lagt er fram innan hverrar sýslu, án tillits til þess, hvernig þess fjár er aflað, enda slíkt ríkinu óviðkomandi. Síðari breyt, fer fram á þetta. — Vona ég, að hv. þd. telji, að hér sé um sanngirnismál að ræða og leyfi frv. að ganga áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til samgmn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 406, n. 470).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Einar Árnason):** Aðalbreyt., sem þetta frv. gerir á l. um sýsluvegasjóði, felst í 1. gr. og er um það, að vegaskattur af húsum verði helmingi lægri en af löndum og lóðum. Í núgildandi l. um sýsluvegasjóði er ákveðið, að í þeim sýslum, sem l. nota, skuli lagður vegaskattur á allar fasteignir innan sýslunnar, og þá jafnhár bæði á hús, lóðir og jarðir. Þessi skattur getur verið misjafnlega hár eftir árlegri ákvörðun hlutaðeigandi sýslunefndar, allt frá 1½‰ til 6‰ af fasteignamati, og má skatturinn ekki vera hærri, nema með sérstöku leyfi ráðh. Þessi l., sem hér er um að ræða, hafa verið notuð í 9 sýslum á landinu, að ég ætla, og framkvæmd þeirra hefir orðið til þess, að í þeim sýslum hefir vegagerð mjög fleygt fram, því að sýslurnar hafa lagt á sig mjög mikil gjöld í því skyni að fá á móti tillag úr ríkissjóði. Ég skal t. d. benda á, að ein sýslan hefir sjálf lagt fram yfir

100 þús. kr. á síðustu 4 árum og fengið annað eins úr ríkissjóði, svo að á þessum fáu árum hefir sýslan lagt vegi fyrir rúmar 200 þús. kr. Því er ekki að neita, að þetta hefir verið allþungur skattur á þeim sýslufélögum, sem hafa notað l. En samkv. hinu nýja fasteignamati, sem nú er komið í gildi, verður þessi skattur þó enn þyngri en áður, ef ekki eru neinar breyt. gerðar á l. Það er eins og menn vita, að fasteignamatið hefir víða hækkað um ⅓, og þá verða sýslurnar að leggja á sig þriðjungi hærri gjöld til þess að geta fengið hlutfallslega á móti úr ríkissjóði. Nú er aðalbreyt., sem frv. gerir á l., að gjald af húsum verði helmingi lægra en af löndum og lóðum. Það hefir nú raunar verið svo, að nokkur óánægja hefir ríkt hjá þeim sýslum, sem nota l., um það, að gjaldið væri jafnhátt af húsum og löndum, og hefir hún haft við töluverð rök að styðjast. Þetta frv. gerir því hvortveggja í senn að reyna að lægja þá óánægju, sem verið hefir, og fá, úr því fasteignamat er nú miklu hærra en áður, þær breyt., að framlög sýslnanna verði ekki þyngri en þau voru áður en nýja fasteignamatið gekk í gildi.

2. gr. frv. er að mestu tekin orðrétt úr l. frá 1927, sem eru breyt. á sýsluvegal. frá 1923. Í þeim l. fólst heimild til að hreppsn. mætti jafna þessum fasteignaskatti niður með útsvörum. Þá heimild hafa ýmsir hreppar innan þeirra sýslna, sem komu á samþykktum um sýsluvegasjóði, notað. En þó hefir verið jafnan nokkur óánægja út af þessu ákvæði líka, þar sem svo hefir staðið á, að einstöku bændur hafa átt dýr hús á jörðunum, en aðrir lítil. Þá myndast nokkur ágreiningur milli þessara manna um það, hvort réttara sé að greiða skattinn beint af fasteignunum eða jafna honum niður með útsvörum.

Nefndin hefir fallizt á frv. þetta að mestu leyti óbreytt eins og það liggur fyrir og telur, að aðalatriði frv., sé til mikilla bóta frá því, sem nú er. Aðeins tvær breyt. vill n. gera. Sú fyrri er einungis um að færa eina setningu til betra máls og hefir því enga efnisbreyt. í för með sér. En hin brtt. er til orðin út af þeim ágreiningi, sem verið hefir innan sveitarfélaga um, hvernig skuli innheimta skattinn. Til eru tvær leiðir, eins og ég drap á. Önnur er sú, að skatturinn sé beint innheimtur hjá hverjum hús- eða jarðareiganda eða að skattinum sé jafnað niður með útsvörum. Í brtt. n. er reynt að miðla þarna dálítið málum, þannig að heimilt sé að fara þar millileið, t. d. að sveitarfélagi heimilist að taka helming skattsins með útsvörum, en hinn hlutinn sé innheimtur hjá ábúendum eða húseigendum beint. Þetta er millivegur, sem getur jafnað dálítið úr því, sem á milli ber, og gert ákvæði 2. gr. lítið eitt rýmri. Ég hefi borið þessa brtt. undir flm. frv., og hann er henni algerlega samþykkur. Má því vænta, að um það verði ekki ágreiningur.

Ég held, að ég þurfi ekki að taka annað fram viðvíkjandi þessu frv. Aðrar breyt., sem á l. eru gerðar með frv., eru svo smávægilegar, að ekki þarf um þær að ræða, og vil ég því fyrir hönd n. leggja til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fluttar eru á þskj. 470.

**Jón Jónsson:** Ég get fært samgmn. þakkir fyrir, hve greiðlega hún hefir tekið undir þetta frv. og hve fljótt hún hefir afgr. það. Ég get tekið það fram, að brtt. n. tel ég til bóta eða seinni brtt. — hin skiptir litlu máli. Ég vil benda á, að það er allveruleg breyt., sem 3. gr. þessa frv. gerir á gildandi l, og vildi þess vegna aðeins undirstrika það, til þess að það fari ekki fram hjá mönnum. Eftir henni á að miða framlög ríkisins við framlög héraðanna í heild til vega, en ekki eins og eftir núgildandi l. eingöngu við þann skatt til sýsluvegasjóða, sem lagður er beint á fasteignir. Ég get nefnt ljóst dæmi um þetta. Hugsum okkur, að í einni sýslu séu fasteignir metnar á eina millj. kr. Til þess að sýslan fái jafnt á móti úr ríkissjóði, þarf hún að leggja á 6‰ af fasteignunum, m. ö. o. 6 þús. kr. Svo eru það margar sýslur, sem hafa tekið upp þá reglu, að þær áskilja, að hreppar eða vegafélög leggi fram tiltölulega á móti sýslunni. Í sumum sýslum er áskilið, að lagt sé fram jafnt eins og sýsluvegaskattinum nemi, í öðrum ⅓, en þetta er nokkuð mismunandi. Eftir þessu frv. á þetta fé, sem kemur annarsstaðar að, að reiknast með sýsluframlaginu, þegar reikna á

út, hver ríkisstyrkurinn eigi að vera; því getur farið svo, að sýslan, í staðinn fyrir að leggja 6‰ á fasteignirnar, þurfi ekki að leggja nema 4‰ til þess að fá jafnt á móti úr ríkissjóði. Þetta gerir það að verkum, að í einstökum tilfellum getur sýslan hagað eftir ástæðum, hvernig hún jafnar niður því fé, sem þarf að koma úr sýslunni á móti ríkisstyrknum, þ. e. eitt árið getur sýslufélag lagt á 6‰ sýsluvegaskatt og krafizt einskis á móti frá hrepp eða vegafél. og fengið þá jafnt á móti úr ríkissjóði. Hitt árið getur svo sýslufél. lagt að eins á 4‰ sem sýsluvegaskatt, en krafizt jafnframt framlags frá hrepp eða vegafélögum í viðbót við sýsluvegaskattinn, sem nemi sömu fjárhæð og 2‰ sýsluvegaskattur. Í báðum tilfellum fær sýslan jafnháa fjárhæð innan sýslu og á þá líka eftir frv. að fá jafna fjárhæð úr ríkissjóði. Það komu engin mótmæli gegn þessu frá hv. frsm., svo að hann virðist þessu samþykkur, en ég vil undirstrika þetta af því að það hefir komið fyrir, að það hafi orðið misskilningur einmitt út af þessu.

ATKVGR.
Brtt. 470,1 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 470,2 samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 60. fundi í Ed., 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 494).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 62. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 494).
Á 64. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 494, n. 727).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Frsm. (Hannes Jónsson)** [óyfirl.]: Á þskj. 727 er gerð nokkurnveginn nákvæm grein fyrir því, hvert er efni þessa frv., og einnig fyrir samræminu á milli þess og gildandi lagaákvæða. Ég skal geta þess um samanburð á nýja og gamla matinu, þar sem sýsluvegasjóðir eru starfræktir, þá mun láta nærri, að fasteignamatið frá 1922, með þeim viðbótum, sem urðu til 1931, og sem kemur til greina við útreikning sýsluvegasjóðsgjalds, samsvari nýja fasteignamatinu (1932) eins og það er á löndum og lóðum, að frádregnu ½ verði húsa. Eins og tekið er fram í grg. frv., þá verður fasteignamatið, sem sýsluvegasjóðsgjaldið er reiknað af, svipað og það var árið 1931 samkv. gamla matinu. Á því verða þó nokkrar breyt. á milli einstakra sýslna, sem komið hafa á hjá sér sýsluvegasjóðum, þó það muni ekki miklu í flestum þeirra. En þar er um að ræða 9 sýslur. Í 4 af þessum sýslum hefir matið lækkað, en í 8 sýslum hefir það hækkað. Mestur er mismunurinn í Mýrasýslu; þar hækkar matið um 63,6%. Í nál. er gert ráð fyrir, að það geti ekki stafað af öðru en óeðlilega lágu mati samkv. eldra fasteignamatinu. Mér hefir einnig verið bent á, að þetta stafaði að nokkru leyti af óeðlilega háu mati nú, en það skiptir ekki miklu máli, hvort heldur er. Hitt skiptir máli, að hækkunin er þar miklu meiri en annarsstaðar. Og hvernig sem að hefði verið farið um sýsluvegasjóðsgjaldið, þá hefði það hlotið að hækka mikið og koma harðar niður á þessari sýslu en öðrum. Sú grundvallarbreyting, sem felst í þessu frv. fer í þá átt að þyngja ekki um of á sýslufélögunum með þessum gjöldum til sýsluvegasjóða.

Þá vil ég minnast á nokkur önnur atriði í frv. til breytinga á núgildandi lögum. Er þá fyrst, að lágmark þess gjalds, sem sýsluvegasjóðum ber, er fært upp úr 1½‰ í sem svarar 2‰ samkv. eldra matin, eða 2‰ af löndum og lóðum og 1‰ af húsum. Það er fært í það lágmark, sem veitir rétt til framlags úr ríkissjóði á móti

sýsluvegasjóðsgjaldinu. Hlutfallinu er haldið á móti framlaginu úr ríkissjóði. En samkv. lögunum er svo ákveðið, að þegar prómillegjaldið er komið yfir 6‰ í sýsluvegasjóð, þá veitir það rétt til þrefalds framlags úr ríkissjóði á móti. Ef einhver sýsla vill leggja yfir 6‰ í sýsluvegasjóð, þá þarf sérstaka heimild frá ráðherra til slíkrar hækkunar. Mér er sagt, að það hafi aðeins einu sinni komið fyrir og þá verið heimilað í hálfgerðu ógáti af stj. og að það hafi verið hv. flm. frv., sem kom því til leiðar. Þetta ákvæði um skyldu ríkissjóðs til þrefalds framlags er nú fellt niður samkv. frv., þannig að ríkissjóður er nú ekki skyldaður til þrefalds framlags, þó að prómillegjald í sýslusjóði fari upp úr 6‰. Aftur á móti er haldið ákvæðunum um það, að heimild ráðh. þurfi til hækkunarinnar.

Síðasta verulega breyt., sem gerð er á lögunum, er um aukafjárframlög einstakra sveitarfélaga. Samkv. gildandi lögum er sýslunefndum heimilað að skylda sveitarfélög til þess að greiða aukaframlög í sýsluvegasjóð, og hafa lögin verið skýrð þannig, að ríkissjóði bæri aðeins að leggja fram á móti þeim sérstaklega án þess að telja þau með ‰ gjaldi sýsluvegasjóðanna til hækkunar.

Sá skilningur mun vera gagnstæður því, sem til var ætlazt með lögunum, og er nú séð fyrir því, að svo verði ekki framvegis. Samkvæmt frv. ber því ríkissjóði að greiða á móti öllum slíkum aukaframlögum eins og þau væru lögð á sem ‰ gjald. Ef eitthvert sýslufélag leggur á samkv. hámarki ‰ gjalds til sýsluvegasjóða og krefur sveitarfélög ennfremur um aukaframlög, þá verður ríkissjóður að leggja fram á móti aukaframlaginu eins og hæsta ‰ gjaldi til sýsluvegasjóða, jafnmikið samkv. lögunum, en tvöfalt samkv. frv. Þetta er talsverð réttarbót fyrir sýslufélögin frá því, sem verið hefir. Ég skal taka það fram, að hingað til hafa lögin ekki verið skilin á þann hátt, sem ég nú hefi gert. En nú ætti ekki að vera ágreiningur um þau hér eftir, og framlagið úr ríkissjóði ætti að verða nokkru ríflegra en verið hefir. Ég vil taka það fram, til þess að fyrirbyggja misskilning, um heimild fyrir sýslufélög til þess að leggja aukaframlög á hreppsfélög, að þó svo sé ákveðið í frv., að framlagið fari aldrei yfir 6‰, þá getur það krafizt fjár á móti aukaframlaginu, þó að sýslufél. hafi í raun og veru ekki heimild til að leggja á hærra ‰ gjald. En með þessu fyrirkomulagi er því breytt, að sveitarfélögin sjái fótum sínum forráð og leggi ekki á hærri vegagjöld en fært þykir að standa undir.

Ég held, að ég hafi þá tekið fram allt það, sem nauðsynlegt er til þess að fyrirbyggja misskilning. Vænti ég, að þetta mál hafi verið skýrt svo rækilega í grg., nál. og framsöguræðu minni, að hv. þdm. hafi við athugun á því áttað sig á, hvað í frv. felst og hverjar breytingarnar eru frá núgildandi löggjöf um þetta efni. Hinsvegar geri ég ráð fyrir því, að ef einhverjum þykir á skorta um upplýsingar, þá muni hann láta til sín heyra. Gæti ég þá brotið málið betur til mergjar, svo að enginn þurfi að vera í óvissu um þessi atriði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 765).

---

## 62. Almennur ellistyrkur.

Á 41. fundi í Nd., 31. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk** (þmfrv., A. 304).

Á 44. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 304, n. 449).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Ég hefi engu við að bæta nál. á þskj. 449. Hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, en n. þótti rétt að fallast á þessa till. hv. flm., þar sem fyrirsjáanlegt er, að ekki verði komið nú um stund skipulagi á almennar ellitryggingar.

Í nál. er skýrt frá því, hvernig sjóðirnir hafa byggzt upp, og n. álítur, að þessi hækkun gjaldsins til sjóðanna verði ekki tilfinnanleg. Hinsvegar er mjög nauðsynlegt, að gjald sjóðanna til gamalmenna verði hækkað, því að það eru þeir, sem fyrst verða atvinnulausir, og atvinnuleysið kemur harðast niður á þeim. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess, að hv. d. samþ. þetta frv.

**Jóhann Jósefsson:** Ég vil fyrir hönd flm. frv. þakka n. greiða afgreiðslu málsins og góðan skilning. Það er rétt hjá hv. frsm., að hér er ekki tekið stórt stökk, en við vitum bezt frá okkar eigin héruðum, að hér er stigið spor til þess að létta undir með fullorðnu fólki, sem hikar við að leita sveitarstyrks, enda þótt þröngt sé í búi, og er þeim ellistyrkurinn miklu dýrmætari. Vil ég svo ekki fjölyrða um þetta, en vonast til þess, að málið fái greiðan gang eftirleiðis.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

---

Á 63. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 304, 498).

Fram kom skrifl. brtt. frá fjhn. (sjá þskj. 511). — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Vilmundur Jónsson:** Við hv. þm. Mýr. flytjum brtt. við þetta frv. á þskj. 498, og er aðalefni þeirra að breyta fyrirkomulagi ellistyrktarsjóðanna þannig, að tekjur sjóðanna verði ekki innheimtar með nefskatti allra gjaldenda jafnt, eins og verið hefir, heldur jafnað niður á gjaldendur í hverju umdæmi eftir efnum og ástæðum. Er ljóst af fyrstu brtt. okkar, hvernig við hugsum okkur þetta í framkvæmdinni, og hinar aðrar brtt. eru í samræmi við það. Slík niðurjöfnun er almennt viðurkennd að vera miklu sanngjarnari en nefskatturinn, sem nú er, og vænti ég því þess, að brtt. okkar fái góðar undirtektir og nái fram að ganga.

Mér koma spanskt fyrir upphafsorð grg. fyrir þessu frv., en þau eru þessi: „Það virðist ekki ætla að ganga svo fljótt sem skyldi, að almenn tryggingarlöggjöf komist á". Mér koma þessi orð spanskt fyrir vegna þess, að við jafnaðarmenn höfum nú flutt á tveim þingum frv. til l. um almenna tryggingarlöggjöf, og hefir hv. flm. þessa frv. og höf. grg., hv. þm. Vestm., átt sæti í þeirri n., sem um frv. hefir átt að fjalla, án þess að þess hafi orðið vart, að hún hafi rankað við sér, að sjá skyldu sína í þessum efnum. Það er eins og hv. þm. búist við, að almenn tryggingarlöggjöf detti ofan úr skýjunum einn góðan veðurdag, án þess að nokkur, sem þar megnar einhvers, hreyfi til þess hönd eða fót. A. m. k. hefir hv. þm. ekki fundið skyldu hjá sér til að reyna að knýja þessa löggjöf fram, þrátt fyrir þau hjartnæmu orð grg., sem ég tilfærði.

Þá vil ég mótmæla því í nál. fjhn., þar sem gumað er af ellistyrktarsjóðunum. Þar segir m. a.: „Það er víst, að styrkir þeir, sem gamalt fólk hefir fengið úr sjóðnum, hafa í fjölda tilfella forðað því frá hinni erfiðu göngu til sveitarsjóðanna og glætt og aukið sjálfsbjargarhvöt þess". — Þessir styrkir eru svo hlægilega lítilfjörlegir, að það er meira til að gera gys að þeim, sem þá fá, en að það geti haft nokkra þýðingu fyrir afkomu þeirra, hvað þá að þeir geti forðað fólki frá að lenda á sveitinni. Ellistyrkirnir, sem veittir eru, eru tíðast þetta frá 20—30 kr. á ári, og verða því ummæli eins og þau, sem ég tilfærði úr nál., varla tekin alvarlega, enda geta þau ekki verið alvarlega meint.

Samkv. till. okkar þm. Mýr. fá sjóðirnir nokkru meiri tekjur en áður, þótt eftir sem áður verði þeir þess ómegnugir að forða fólki frá sveit. Höfuðendurbæturnar yrðu fólgnar í því, að teknanna yrði aflað á sanngjarnari hátt. Höfum við hugsað okkur, að ríkissjóður leggi sjóðunum kr. 1.50 fyrir hvern mann, karl sem konu, 18 ára eða eldri, heimilisfastan í hreppnum eða kaupstaðnum, og síðan, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður leggi fram kr. 3.00 fyrir hvern heimilisfastan mann, karl sem konu, 18 ára eða eldri. Verða framlög ríkis og hlutaðeigandi kaupstaðar eða hrepps allmiklu hærri með þessu móti einnig fyrir það, að færri falla undan af þeim, sem gjaldið er miðað við, en nú gera það samkv. gildandi ellistyrktarsjóðslögum.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Í þessu frv. felst ekki annað en bráðabirgðafyrirkomulag. Gert hefir verið ráð fyrir, að stjórnin undirbyggi tryggingarlöggjöf. En nú virðast horfur á, að slík löggjöf verði ekki samþ. á þessu þingi, og ef til vill ekki næstu þingum. Í frv. því, er jafnaðarmenn hafa borið fram, eru ýms atriði, sem ólíklegt er, að nái lögfestu þingsins í náinni framtíð, svo sem atvinnuleysistryggingarnar, sem flestir munu telja okkur ofviða eins og stendur.

Hv. flm. brtt. á þskj. 498 sagði, að styrkur þessi væri svo lágur, að það væri að draga dár að gamla fólkinu að veita hann. Kvað hann styrkinn oftast vera um 20—30 kr. Þessi upphæð er alveg röng hjá hv. flm. Mér er kunnugt um, að hin síðari ár hefir styrkurinn numið 50—80 kr. og þar yfir. Eftir brtt. okkar ykist hann um 40%, og ég veit, að mörg gamalmenni í sveit munar um 100 kr. Í kaupstöðum munar auðvitað minna um þetta. En í sveitum getur þessi upphæð orðið til þess í mörgum tilfellum að forða gömlu fólki frá því að fara á hreppinn.

Nefndin getur ekki fallizt á brtt. á þskj. 498. Álítur hún, að með þeim yrði innheimtufyrirkomulagið allt of margbrotið.

**Sveinn Ólafsson:** Hugsuninni, sem vakti fyrir Alþingi, þegar lögin um almennan ellistyrk voru sett 1909, er alveg bylt við með brtt. á þskj. 498. Hugsunin var sú, að allir vinnufærir og vinnandi menn legðu nokkuð til hliðar vegna gamalmennanna og þannig myndaðist sjóður til styrktar þeim. Sjóðurinn er að vísu lítill ennþá, en fer þó vaxandi með ári hverju.

Það er rétt hjá hv. þm. N.-Ísf., að upplýsingar hv. þm. Ísf. um úthlutun styrksins eru alls ekki réttar. Ég þekki ekki dæmi til þess, að 20—30 kr. hafi verið úthlutað nú síðari árin. Oftast hefir úthlutun verið, þar sem ég þekki til, neðan við eða um 100 kr. handa styrkþega hverjum, og það er svo verulegur stuðningur við gamalmenni í sveitum, að mörg þeirra telja sér borgið að miklu leyti, ef þau fá slíkan styrk í viðbót við litla atvinnu.

Með brtt. á þskj. 498 eru verulega þungar byrðar lagðar á sveitarfélögin. Gjaldið er hækkað og hvorki styrkþegar sjálfir né sveitarómagar undanþegnir, en gjaldið lagt á fáa menn með niðurjöfnun. Þessi margumtalaði jöfnuður, að taka allt af þeim fáu, sem einhverja gjaldgetu hafa, kann að mælast vel fyrir í herbúðum hv. flm. till., en ég og mínir líkar líta öðruvísi á hann. Þessi jöfnuður minnir mig á gestgjafann illræmda í grísku fornsögunni, með sængurnar tvær, langa og stutta. Jafnaðarmennska hans var sú, að leggja í löngu sængina lágvaxna menn og teygja þá, unz þeir biðu bana, en í stuttu sængina lagði hann hávaxna menn og hjó af fótum þeirra þar til rekkjunni hæfði. En saga þessi sýnir skyldleika jafnaðarmennsku í fortíð og nútíð.

Með þessari niðurjöfnunaraðferð er tekinn frá gjaldendum sá heilbrigði metnaður, að þeir geti sjálfir vitað og séð, hvað þeir leggja til almenningsþarfa.

Hér er því stefnt í öfuga átt við upphaflegan tilgang laganna frá 1909. Ég tel brtt. miða til skemmda á frv. og ógagns fyrir gjaldendur, en hæpins hagnaðar fyrir gamalmennin. Sjóðurinn mun halda áfram að vaxa sínum eðlilega vexti og tiltölulega ört eftir frv. Í brtt. við 2. gr. er gert ráð fyrir 2% innheimtulaunum til sýslumanna og bæjarfógeta, þetta er óþarfur byrðarauki, því að hreppsnefndir ættu að innheimta gjaldið á hverjum stað, ef gjaldinu yrði breytt í niðurjöfnun.

**Jóhann Jósefsson:** Hv. þm. Ísaf. beindi nokkrum orðum til mín sem aðalflm. frv. út af því, að ég segi í grg., að ekki sé útlit fyrir, að almennar tryggingar komizt á á næstunni. Var helzt á honum að skilja, að það væri á mínu valdi, að koma gegnum allshn. frv. á þskj. 81 um alþýðutryggingar. En hvernig sem ég liti á það frv., sem ég skal að vísu játa, að hefir margt gott að geyma, er á það að líta, að ég ræð litlu um það, hvaða mál eru tekin á dagskrá í nefndinni. Hv. þm. Ísaf. ætti miklu fremur að snúa sér til form. n. út af því. Annars vil ég minna þennan hv. þm. á það, að þótt hann hafi gert sér mjög títt um allshn. í vetur, sem eðlilegt er, þar sem hún hefir haft til meðferðar mörg af þeim málum, sem hann hefir borið fram, þá hefir hann aldrei ýtt við þessu máli. Það er líka svo um þetta frv., þótt það sé að ýmsu merkilegt plagg, að ég býst við, að till. þær um atvinnuleysistryggingar, sem það hefir að geyma, eigi töluvert langt í land, því að margir vilja heldur veita fé til atvinnubóta en lögfesta slíkar tryggingar, og þannig mun vera sá ágreiningur um fleiri atriði frv., að útilokað var, að það hefði náð samþykki á þessu þingi. Ég býst við, að tryggingarlöggjöf vor verði sett stig af stigi, og ég hygg, að það hafi ekki verið ofmælt hjá mér, að dráttur myndi verða á fullkominni tryggingarlöggjöf.

Frv. okkar um almennan ellistyrk er því aðeins bráðabirgðaráðstöfun til að hækka útlátin að talsverðum mun, í því skyni, að ellihrumir eigi hægari aðstöðu. Að þessi hugmynd hefir fengið samúð, sést á því, að allshn. mælir óskipt með frv. Á slíkum tímum, sem nú eru, er eðlilegt, að sumir hneigist til þess að stilla kröfum sem þessum í hóf, ef þær eiga fram að ganga. En séu umbótamálin aðeins borin fram til að sýnast, er hægt að varpa fram stórum bálkum, sem hafa stórfelld útgjöld í för með sér, og það held ég, að jafnaðarmenn hafi vitað fyrirfram, að ekki blési byrlega nú fyrir frv. þeirra á þskj. 81.

Af öllum þeim, sem erfitt eiga, verð ég að telja, að sjúkir menn og ellihrumir þurfi helzt styrktar við. Þetta frv. miðar að því að bæta að nokkru leyti hag annars aðilans. Vil ég því ekki gangast við því, að óeðlilegt sé, að ég, sem á sæti í allshn., beri þetta frv. fram. Þegar vitað er, að ekki er hægt að koma hinum stærri umbótum fram, verða menn að sætta sig við hinar smærri.

Þeir hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Mýr. bera hér fram brtt. við frv. Ég þarf ekki að endurtaka hér þau andmæli gegn þessum brtt., sem þeir hv. þm. N.-Ísf. og hv. 1. þm. S.-M. hafa borið fram. Ég vil þó segja það til viðbótar, að ef bæta á álagningu á útsvörin í einum sérstökum tilgangi, er óvíst, hvar yrði látið staðar numið. Útsvörin eru nú lögð á til sveitaþarfa og ekki sízt til fátækramála. Yrði þetta fordæmi gefið, má búast við, að farið yrði fram á að leggja á niðurjöfnunina í öðru skyni.

Ég skal geta þess, að ég hefði kosið að hafa ellistyrktarsjóðsgjöldin hærri, ef ég hefði haldið, að það fengi byr. En upphæðin, eins og hún er nú eftir frv., er alveg hverfandi póstur fyrir hvern gjaldanda, þótt það sé greitt sem nefskattur til gamla fólksins, í samanburði við útsvörin. Þetta er upphæð, sem engan dregur. Þó væri ég hlynntur því, að gjald þetta væri hærra á ríkum mönnum en fátækum, ef hægt væri að koma því við með góðu móti, en ég ætla, að hér sé aðeins um „princip"atriði að ræða hjá hv. þm. Ísaf., sem ég og hv. þm. N.-Ísf. og hv. 1. þm. S.-M. og fleiri kunna ekki við að ganga inn á í þessu efni.

Upphæðirnar úr sjóðnum eru ekki eins hégómlega lágar og hv. þm. Ísaf. vildi vera láta. Margir fá 60—80 kr. og með hækkun nefndarinnar gæti þetta rúm lega tvöfaldazt. Þetta yrði til talsverðra bóta í bili, en endanleg lausn er því ekki ætlað að vera, eins og ég hefi þegar tekið fram.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég vil taka undir það, að ég tel ekki rétt að gera gagngerðar breytingar í þessum efnum, nema með nýjum lögum um almennar ellitryggingar. Frv. í þá átt hefir komið fram, og er vonandi, að ekki líði á löngu þangað til það verður samþ., en af fleiri ástæðum er óheppilegt að taka þetta mál út úr nú. Hér er líka gengið inn á alveg nýja braut, sem hvergi er farið eftir í öðrum tryggingum. Í slysatryggingum greiðir hver einstakur

maður í sama flokki jafnt gjald án tillits til efna og ástæðna, og sama er að segja um líftryggingar og ellitryggingar hjá vátryggingarfélögum.

Hv. þm. Vestm. sagði, að ef ætti að fara að jafna þessum gjöldum niður ofan á útsvörin, væru engin takmörk fyrir því, hve langt mætti ganga í slíku. Þetta er alveg rétt, og aðferðin er mjög óheppileg. Ef því er slegið föstu að leggja gjaldið á með þessu móti, væri auðvitað sjálfsagt, að sveitarfélögin legðu það á með útsvörunum og innheimtu það með þeim. En hér er lögð til sérstök niðurjöfnun, og síðan á sýslumaður eða bæjarfógeti að innheimta gjaldið með tekju- og eignarskatti. Nú er fjöldi af útsvarsgjaldendum, sem engan tekju- eða eignarskatt greiða. Fleira mætti athuga við frv., en ég læt þetta nægja að sinni og lýsi aðeins yfir því, að ég mun greiða atkv. gegn brtt. á þskj. 498.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég hefi gerzt meðflm. að brtt. á þskj. 498 við það frv., sem hér liggur fyrir, vegna ákveðinna áskorana frá kjósendum mínum. Ég hefi getað fallizt á þær, af því að ég álít þessar breytingar á fyrirkomulaginu fyllilega réttlátar og sé ekki, að hér sé farið fram á annað en að um tilhögun og niðurjöfnun á þessum ellistyrktarsjóðsgjöldum sé farið í samræmi við þær reglur, sem viðurkenndar eru um allan heim og taldar réttlátastar um niðurjöfnun á opinberum gjöldum. Það er algild regla, að gjöldum til sveitarsjóða og bæjarsjóða er jafnað niður á hlutaðeigandi gjaldendur eftir efnum og ástæðum. Sama regla gildir um álagningu tekju- og eignarskattsins, og má segja, að hún sé alviðurkennd. Ég get ekki séð, að þessi gjöld til ellistyrktarsjóðanna eigi að hlíta annari álagningarreglu. Þau eru lögð í sjóð til styrktar öldruðu og ellihrumu fólki, sérstaklega því, sem ekki getur notið stuðnings efnaðra aðstandenda. Þess vegna finnst mér það afaróeðlilegt að leggja ellistyrktarsjóðsgjaldið á sem persónufrádrátt, jafnt á þá efnaðri og hina, sem ekki geta undir því risið, og eru jafnvel að verða styrksþurfar sjálfir úr ellistyrktarsjóðunum. Ég fæ ekki betur séð en að þessar brtt. okkar séu í fullu samræmi við þá venju, sem tíðkazt hefir frá alda öðli um þurfamannastyrkinn. Hann hefir verið lagður á gjaldendur eftir efnum og ástæðum. Og þó að þessi þáttur af þurfamannastyrknum, sem kallaður er ellistyrkur, hafi verið tekinn út úr, þá get ég ekki séð, að hann sé í sjálfu sér annars eðlis en venjulegur sveitarstyrkur gamalmenna. En hitt er að vísu rétt, að þeir, sem þiggja ellistyrk, tapa ekki kosningarrétti sínum, að því leyti kemur hann betur við þá en fátækrastyrkur. Því hefir verið haldið fram, að lausamenn, sem bæru lítið útsvar, mundu að nokkru leyti losna við að greiða ellistyrktarsjóðsgjaldið samkv. brtt. okkar. En vitanlega er hægðarleikur að láta slíka menn greiða hærri upphæð til sveitarþarfa, ef þeir eru færir um það, og við álagningu útsvara er jafnan tekið mest tillit til gjaldþols einstaklinganna. Það er réttlátara að miða niðurjöfnunina á ellistyrktarsjóðsgjaldinu við þau, heldur en að skipta því niður sem nefskatti á þá, sem ekkert gjaldþol hafa.

Hv. 1. þm. S.-M. benti á það, að samkv. brtt. á þskj. 498 ætti hið árlega gjald til ellistyrktarsjóðs að reiknast jafnt af öllum einstaklingum 18 ára eða eldri, og hvort sem þeir væru þurfamenn eða ekki, og taldi hann, að með þessu væri sveitarsjóðunum íþyngt stórkostlega og lagðar óeðlilegar byrðar á gjaldendur þeirra. En þar sem íbúar hverrar sveitar og kaupstaðar, þeir sem helzt eru þurfandi, eiga aftur að njóta þessara auknu útgjalda í hækkuðum ellistyrk, þannig að það fer ekki út úr sveitinni, þá er ekki hægt að segja, að sveitarfélögunum sé íþyngt með þessu. Því hærra sem ellistyrktarsjóðsgjaldið er, því meiri ellistyrk fær aldraða fólkið, þannig að það hlýtur að létta á sveitarsjóðunum útgjöldum vegna fátækrastyrks, sem nú eru tilfinnanlegust víðast hvar.

Hv. þm. Ak. talaði um, að í brtt. á þskj. 498 væri gert ráð fyrir óheppilegri aðferð við niðurjöfnun og innheimtu ellistyrktarsjóðsgjaldsins, þar sem sýslumenn ættu að innheimta það á manntalsþingum jafnframt tekju- og eignarskatti. Ég skal ekki um það deila. Það getur vel verið, að heppilegast sé að leggja þetta gjald á með útsvörum og láta sveitarstjórnir eða oddvita innheimta það ásamt

útsvörum. Þetta er aðeins fyrirkomulagsatriði, og má vera, að það sé betra en hitt, sem við höfum stungið upp á í brtt. Um það og önnur formsatriði erum við fúsir að ræða til breytinga eftir samkomulagi. En aðalatriðið í brtt., hækkun á ellistyrktarsjóðsgjaldinu og niðurjöfnun þess í hlutfalli við útsvör, er bæði réttlátt og sanngjarnt, og því getum við ekki vikið frá.

**Vilmundur Jónsson:** Ég skal viðurkenna, að það er galli á brtt. okkar á þskj. 498, að ekki eru sett takmörk fyrir því, hversu lágt gjald megi innheimta lægst af gjaldendum til ellistyrktarsjóðs, og er óhjákvæmilegt að ákveða lágmark þess í lögunum. En þetta má laga í Ed., þegar málið verður tekið þar til meðferðar. Að öðru leyti get ég ekki fallizt á þær aths., sem fram hafa komið við till. okkar.

Það er ákaflega einfalt reikningsdæmi fyrir sýslumenn og bæjarfógeta að ákveða upphæð ellistyrktarsjóðsgjaldsins samkv. ákvæðum till., og síðan innheimta þeir það á manntalsþingum ásamt öðrum opinberum gjöldum. Hygg ég, að sú innheimtuaðferð gefist betur heldur en að krefja það inn með útsvörum. Þó geri ég þetta ekki að neinu kappsmáli. Ég get tekið undir það með hv. meðflm. mínum, að ég vil vinna það til samkomulags um aðalatriðin í þessum till. okkar, að viðhöfð verði sú aðferð að innheimta ellistyrktarsjóðsgjöldin með útsvörum, enda verði sveitarsjóðirnir gerðir ábyrgir fyrir þeim.

Hv. 1. þm. S.-M. virtist misskilja till. okkar í ýmsum atriðum, og nenni ég ekki að leiðrétta þær meinlokur hans. Þó vil ég aðeins benda á, að samlíking hv. þm. um löng og stutt rúm á alls ekki við um þessar tillögur okkar né um stefnu jafnaðarmanna í skattamálum yfirleitt. Þvert á móti. Við viljum láta stórefnamenn bera mikil útgjöld, en leggja á efnalitla menn lítil gjöld, þannig að hlutföllin séu réttlát á milli getu og gjalda einstaklinganna. Við viljum einmitt sníða rúmin við hvers eins hæfi. En í þessum efnum hefir hv. þm. sjálfur gagnstæða stefnu, og hæfir dæmið honum sjálfum. Annars vil ég helzt fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá í bili og fresti umr., til þess að okkur flm. brtt. geti gefizt tækifæri til að leita nánara samkomulags við n. um málið.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Ég býst við, að það sé engin ástæða til að fresta umr. N. er alveg mótfallin því fyrirkomulagi, að þessum litlu ellistyrktarsjóðsgjöldum sé jafnað niður árlega sem hundraðsgjaldi í hlutfalli við útsvör gjaldþegna. Út af því, sem talað hefir verið um, að gamalt og ellihrumt fólk njóti lítils stuðnings af þeim ellistyrk, sem því er úthlutaður, vegna þess hvað hann er lítill, vil ég benda á, að það eru mörg dæmi þess, síðan kreppan fór að sverfa að bændum, að ársvöruúttekt þeirra í kaupstað nemur í mörgum tilfellum eigi meiru en 300—500 kr., og ég hygg, að fáir bændur fari fram úr 700—800 kr. vöruúttekt árlega nú síðustu missirin, nema á stærstu og fjölmennustu heimilum. Af þessu geta allir séð, að það er talsverður styrkur fyrir gamalmenni í sveitum og munar þau miklu að fá árlega 60—100 kr. Hitt skal ég játa, að í kaupstöðum kemur þessi ellistyrkur að minna gagni hlutfallslega fyrir einstaklinga. Ég þekki þess dæmi, að gamall maður, sem hafði lítla atvinnu, var eigi aðeins sjálfbjarga fyrir þann ellistyrk, sem honum var úthlutaður, heldur rétti hann nokkurn stuðning þeirri fjölskyldu, sem hann bjó hjá. En hér er í þessu frv., sem fyrir liggur, gert ráð fyrir því, að styrkurinn hækki til muna frá því, sem hann er nú, og hygg ég, að hann muni þá koma mörgu gamalmenninu að verulegum notum.

**Sveinn Ólafsson:** Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi beina að hv. þm. Mýr. til andsvara. Hann hélt því fram, að það væru öfugmæli hjá mér, að með brtt. á þskj. 498 væri sveitarfélögum íþyngt stórlega með auknum útgjöldum til ellistyrktarsjóðanna. En ég held, að hann hljóti að sjá það sjálfur, að þeim verður íþyngt til mikilla muna, fyrst og fremst vegna hækkunar á persónugjaldinu í ellistyrktarsjóðinn, sem eftir till. tekur til allra hreppsbúa ofan 18 ára aldurs, jafnvel ómaga og gamalmenna, en í öðru lagi af því, að gjaldinu á að jafna niður eftir sömu reglu og öðrum sveit-

argjöldum. Ég skil ekki, hvað fyrir hv. flm. vakir með því að auka svo mjög framlög til ellistyrktarsjóðs, einmitt á þessum erfiðleikatímum. Þeir eru þó sízt kjörnir til sjóðsöfnunar. Mér virðist fullkomin hætta á því, að þessi mikla aukning reynist sveitarfélögunum harla erfið aukabyrði, þegar nefskatturinn hverfur. Ég veit það að vísu, að á sínum tíma, þegar sjóðurinn er orðinn stærri og öflugri, þá kemur endurgreiðslan fram í auknum styrk til gamalmenna úr sjóðnum, auk þess sem ríflegri úthlutun fæst nú þegar, en frv. lýtur einmitt að hóflegri og viðráðanlegri aukningu styrks.

Þá vil ég ennfremur víkja örfáum orðum að hv. aðalflm. brtt. Mér virðist, að 4. brtt. á þskj. 498 muni ekki vera samin með fullri gát, þar sem lagt er til, að 12. gr. laganna orðist svo: „Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því ellistyrktarsjóðsgjaldi, er rennur til sjóðsins það ár“ o. s. frv. Í frvgr. stendur: „ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram“ o. s. frv. Þetta orð **verðugir** hafa hv. flm. fellt niður, og ber það ekki vott um mikla gætni í þessu efni. Þetta eina dæmi út af fyrir sig bendir á, að það hafi ekki verið sérstaklega vandað til þessara brtt., enda munu sveitarfélögin vart fagna henni, ef samþ. verður.

Ég vil ekki tefja tímann á því að ræða um, hvort frv. skuli tekið af dagskrá nú eða látið ganga til atkv. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja, en ég mæli ekki með því, að það verði tekið af dagskrá og tel það þarflaust.

**Jóhann Jósefsson:** Þetta mál hefir fengið svo góðar viðtökur hjá hv. fjhn., að það má fullkomlega vænta þess, að það nái fram að ganga. Og þar sem nú er orðið mjög áliðið þingtímann, tel ég ekki heppilegt að taka málið út af dagskrá til þess að hv. flm. brtt. gefizt kostur á að semja við aðra þdm. um till., sem gerbreyta frv. Það gæti hæglega leitt til þess, að málið dagaði uppi. Enda er það enginn annar en hv. aðalflm. brtt., þm. Ísaf., sem óskar þess, að málið verði tekið af dagskrá nú.

En ég vil benda á aðra leið í þessu efni, sem gæti náð sama tilgangi án þess að tefja málið, en hún er sú, að hv. þm. Ísaf. taki brtt. sínar aftur nú, og komi svo með þær í endurbættri útgáfu við 3. umr. (**VJ:** Þetta er 3. umr. málsins). Nú, jæja. En ég get í öllu falli ekki verið því meðmæltur, að málið verði tekið af dagskrá. Í brtt. er um að ræða gerbreytingar á einstökum atriðum frv., sem ég held, að ekki verði samþ. hér í d., og þó þær yrðu samþ. hér, þá eru mjög miklar líkur til, að þær yrðu málinu að falli í Ed.

**Forseti (JörB):** Þar sem komið hafa fram ákveðin andmæli gegn því, að málið verði tekið af dagskrá, bæði frá hv. frsm. og hv. 1. flm. frv., þá sé ég mér ekki fært að verða við ósk hv. þm. Ísaf. um að taka málið af dagskrá.

**Vilmundur Jónsson:** Ég hefi ekki heyrt því haldið fram af neinum þdm. nema hv. þm. N.-Ísf., að venjuleg ellistyrktarúthlutun væri yfirleitt hærri en það, sem ég lét skína í hér við umr. Ég hefi spurzt fyrir um þetta hjá allmörgum þdm., og þeir hafa sagt mér, að þar, sem þeir þekktu til, væru ellistyrksupphæðirnar venjulega 20, 30 eða 40 kr. til hvers styrkþega. Meðaltal úthlutaðs ellistyrks hér í Rvík hefir verið um 30 kr. á hvern þiggjanda, að því er mér er tjáð. Það mun e. t. v. vera eitthvað hærra í sveitunum. Í Skagafirði er mér sagt, að þetta meðaltal sé um 50 kr. Á Ísafirði hefir úthlutaður ellistyrkur verið frá 20—40 kr., og í einstökum tilfellum 60 kr. (**JAJ:** Það fer stundum hærra. Ég hefi tekið á móti 100 kr. ellistyrk fyrir gamalmenni). Það hlýtur að hafa verið hrein undantekning. Annars verð ég að segja, að það virðist ekki vera mikill vandi að láta fólkið lifa í þessu landi, ef nokkuð er til í því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði sögu um, að gamall maður, sem hlotið hafði ellistyrk, gat eigi aðeins framfleytt sjálfum sér, heldur stutt þá fjölskyldu, sem hann bjó hjá af ellistyrksupphæð sinni — þótt aldrei nema hún kunni að hafa numið 100 kr.

Ég hefi borið fram þá ósk til hæstv. forseta, að málið yrði tekið af dagskrá, til þess að mér gæfist tækifæri til lagfæringar á einstökum atriðum í brtt. okkar til samkomulags við hv. n. En fyrst ég

fæ því ekki framgengt, þá skal ég taka það fram, að ég hefi komizt að því, að frv. eins og það nú er mun ekki hljóta góðar undirtektir í Ed. í því formi, að auknum gjöldum til ellistyrktarsjóðs verði jafnað niður sem nefsköttum. Þess vegna vil ég benda hv. n. á að athuga, hvort frv. kynni ekki að fá betri byr þar, ef því væri breytt í líka átt og brtt. okkar benda til. Mér hefir skilizt, að svo mundi verða. Væri því heppilegast að fá tíma til þess að hlera eftir því og taka málið af dagskrá. (**JJós:** Frv. er nú að kalla má í þeirri mynd, sem Ed. afgr. það á sínum tíma).

ATKVGR.

Brtt. 498,1 felld með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** SvbH, VJ, BÁ, HG, HV, IngB, JónasÞ, StgrS, JörB.

**nei:** SvÓ, ÞorlJ, BSt, BKr, GÍ, HStef, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, PHalld, PO.

Fimm þm. (TrÞ, ÁÁ, BJ, HJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 498,2—5 teknar aftur.

— 511 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:4 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 62. fundi í Ed., 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 513).

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 513, n. 686).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Þorláksson):** Eins og nál. á þskj. 686 ber með sér, voru aðeins tveir nm. viðstaddir, þegar þetta mál var afgr., en þeir eru sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ.

Í frv. felst það, að hækka um 50% öll framlög til ellistyrktarsjóða, bæði framlög ríkissjóðs og framlög einstakra gjaldenda. Í 3. gr. er ennfremur ákveðið, að úthlutunin skuli verða tiltölulega heldur meiri af tekjum sjóðanna en nú er. Þetta hvorttveggja miðar að því að gera mögulegt að hafa ellistyrki hærri en nú er.

Þó að erfiðleikar séu á því að leggja auknar byrðar á menn á þessum tímum, höfum við tveir nm. orðið sammála um að mæla með, að þetta verði gert vegna þeirrar nauðsynjar, sem við teljum á að geta lagt meira fram til handa öldruðu fólki, sem er orðið óvinnufært og ekki sjálfbjarga fjárhagslega, heldur en nú er hægt að leggja fram úr þessum sjóðum.

Aftur á móti leggjum við til, að 4. gr. verði felld úr frv. Hún er sérstaks eðlis og snertir ekki þessi ákvæði. Hún er um það, að heimilt sé að kæra út af úthlutun ellistyrks. Nú er það svo, að það er yfirleitt mikill fjöldi, sem sækir um þennan styrk af þeim gamalmennum, sem eru í hverju plássi. Það er því ljóst, að þrátt fyrir þessa aukningu á sjóðunum má búast við, að ekki verði mögulegt að veita hverjum einstaklingi þá upphæð, er hann fyrir sitt leyti hefði óskað eftir að fá. Ef nú á að fara að gefa öllum þessum gamalmennum rétt til að kæra yfir úthlutuninni, þá erum við ákaflega hræddir um, að það muni aðallega verða til þess að vekja og ala á óánægju. Hinsvegar lítum við svo á, að þegar fara ætti að úrskurða þessar kærur, þá mundu í flestum tilfellum engin gögn vera fyrir hendi til að fara eftir við þá úrskurði. Okkur finnst þess vegna ekki tímabært að setja slík kæruákvæði í þessa löggjöf, eins og eru t. d. í l. um niðurjöfnun útsvara, því að þar er ávallt hægt að útvega og leggja fram gögn til að meta kærurnar eftir og gera samanburð milli manna. Auk þess er þetta kærufyrirkomulag, sem þarna er stungið upp á, mjög svo umstangsmikið. Við höfum ekki heldur trú á því, að nauðsyn sé að setja í lög slík ákvæði sem þessi, sem eigi að tryggja, að sanngjarnlega verði jafnað niður því fé, sem fyrir hendi er til úthlutunar.

Við höfum enga brtt. flutt um þetta, en ég geri ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að hæstv. forseti beri þessa gr. upp sérstaklega, og leggjum við þá til, að hún verði felld úr frv. Það eru engin tilsvarandi ákvæði í núgildandi löggjöf, og ég hefi ekki enn orðið var við, að nauðsyn bæri til að setja þau.

**Jón Jónsson:** Ég tel það í sjálfu sér mjög gott, að ellistyrktarsjóðir séu auknir, því að ég tel mjög æskilegt, að hægt væri sem fyrst að koma þessum tryggingamálum okkar í það horf, að aldrað fólk, sem þess þyrfti með, gæti fengið framfærslustyrk úr almennum sjóði. Má ekki minna vera, eftir að fólkið hefir eytt sínum kröftum í þágu þjóðfélagsins fram til 60 ára aldurs, en að því sé séð fyrir lífsframfæri án þess að þurfa að leita til sveitarsjóðs.

Það, sem helzt mætti finna að þessu frv., er það, að ekki sé gengið nógu langt til að afla þessum sjóðum tekna. Fyrir nokkrum árum var samskonar frv. fyrir þinginu og þá samþ. í þessari d. hvað eftir annað, að bæta skyldi við það þriðja aðilanum, sem leggja skyldi fé í þessa sjóði, sem sé sveitar- og bæjarfélögunum. Þeim ætti ekki að vera það á móti skapi, að slíkir sjóðir yrðu sem öflugastir, því að það miðar vitanlega til þess að minnka framlög sveitar- og bæjarfélaga til framfærslu gamalmenna, sem er vitanlega mjög æskilegt.

Þá hefir n. lagt til, að 4. gr. falli niður. Þar er ég alveg á öðru máli. Ég þekki talsvert til þessara mála og veit, að það getur verið mjög hætt við, að þessum styrkjum sé ekki úthlutað réttilega, a. m. k. með því fyrirkomulagi, sem nú er á fátækraframfærslu. Út af þessu hafa risið mál, sem hafa jafnvel komizt alla leið fyrir stjórnarráð, því að hreppsnefndir hafa stundum notað sér aðstöðu sína til að styrkja fyrst og fremst þau gamalmenni, sem áttu framfærslusveit þar, sem styrkurinn var veittur, svo að síður þyrfti að leggja þeim styrk frá sveitinni, en ganga framhjá þeim, sem framfæri hafa átt í annari sveit. Það er því alls ekki ótímabært að veita þeim gamalmennum, sem þannig eru beitt órétti, þennan litla möguleika til að leita réttar síns. Það er líka mjög líklegt, að það eitt, að þetta ákvæði í 4. gr. væri lögfest, kæmi oft í veg fyrir misbeitingu á þessu sviði, því að þar er svo ákveðið, að ef sýslunefnd kemst að því, að sveitarstjórn hefir borið fyrir borð rétt einhvers gamalmennis í þessu efni, þá á að greiða þeim, sem fyrir óréttinum hafa orðið, styrkinn úr sveitarsjóði, en ekki taka neitt frá þeim, sem þegar hafa fengið sinn styrk, sem væri líka óhæfilegt. Hreppsnefndir mundu þannig ekki fara að sýna rangsleitni í þessari grein af ótta við, að það lenti á þeirra eigin sveitarfélagi.

Ég vil þess vegna eindregið mæla á móti því, að 4. gr. verði felld niður, og ég vil einnig óska, að d. sjái sér fært, áður en hún gengur frá þessu máli, að auka ellistyrktarsjóðinn meira en gert er ráð fyrir í frv.

**Jón Baldvinsson:** Þetta frv. er kák eitt, sem verður til mjög lítilla bóta, því að það er líka athugandi, að ellistyrktarsjóðirnir eiga að fá þessa aukningu með hækkuðum nefskattti, en sú fjáröflunarleið verður ekki talin réttlát, þegar afla á fjár til almenningsþarfa.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að nú liggur fyrir Nd. frv. um ellitryggingar og aðrar alþýðutryggingar. Þar er gert ráð fyrir verulegri aukningu á styrk til gamalmenna. Ég held því, fyrst hv. þm. vilja sýna gamalmennunum velvilja í þessum málum, sem er líka sannarlega ástæða til, þá ættu þeir að snúa sér að slíkri tryggingarlöggjöf, heldur en að vera með þessar kákbreytingar, sem hvorki auka neitt verulega styrkinn til gamalmenna né fara fram á að afla fjárins með öðru móti en hinum rangláta nefskatti. Ég er líka hræddur um, að þetta frv. kunni að tefja fyrir frekari úrlausn á þessum málum.

Ég get tekið undir það með hv. 3. landsk., að það sé ástæðulaust að fella niður 4. gr. frv. Hv. þm. gerði einmitt þá réttu grein fyrir, hvers vegna hætt væri við, að ranglæti væri haft í frammi í úthlutun þessara styrkja, sem sé það, að hreppsnefndirnar mundu úthluta þeim með tilliti til þess að forða sínum sveitarsjóði frá útgjöldum til framfærslu gamalmenna. Þetta ákvæði mundi því oft koma í veg fyrir, að réttur einstakra gamal-

menna yrði fyrir borð borinn, því að hreppsnefndirnar mundu ekki vilja eiga það á hættu, að kært yrði og sýslunefnd ákvæði svo, að þeirra sveitarsjóður skyldi borga styrkinn til þeirra, sem beita átti óréttinum.

Eftir þeim velvilja, sem virðist vera kominn fram í þinginu á þessum tryggingarmálum, tel ég sjálfsagt af þinginu að snúa sér að fullkomnari úrlausn þessara mála en frv. gerir ráð fyrir.

**Einar Árnason:** Ég hefi á undanförnum þingum, þegar um breytingar á ellistyrktarsjóðslögunum hefir verið að ræða, haft nokkra sérstöðu um það, með hverjum hætti tekjur sjóðsins yrðu auknar. Það ætti að vera öllum þm. ljóst, að þær breyt., sem hér liggja fyrir, eru kák eitt, og þannig mun það verða, á meðan verið er að lappa við þessi gömlu l., sem allir vita, að eru orðin úrelt og reist á skökkum grundvelli. Sú aðferð, að auka ellistyrktarsjóðina með nefskatti, er röng, og auk þess hljóta allir, sem nokkuð þekkja til, hvernig þessum styrkjum er úthlutað, að viðurkenna, að það er oft ekki gert á réttan hátt. Eins og áður hefir verið drepið á, hafa ellistyrkir verið notaðir ýmist til að varna mönnum frá að lenda á sveit eða þá að styrkja þá, sem á sveit eru, svo að sveitarsjóður þurfi minna fram að leggja.

Nú er það svo, að 1. gr. l. um almennan ellistyrk mælir svo fyrir, að styrknum skuli varið til handa ellihrumu fólki. Ég hefi litið svo á, að allt ellihrumt fólk, hvernig sem ástæður þess kunna að vera, eigi rétt á styrk úr þessum sjóðum. En ég held, að lögin séu ekki notuð á þennan hátt, heldur á hina leiðina, sem ég og aðrir höfum nefnt í umr.

Þótt þessi kákbreyt., sem hér er um að ræða, komi til framkvæmda, verður af því lítið gagn, af því að féð er svo lítið, sem sjóðirnir hafa til umráða, að það getur ekki átt neinn verulegan þátt í því að hjálpa ellihrumu fólki til þess að framfleyta sér. Ég hefi áður í þessu máli lagt til, að sveitar- og bæjarfélög tækju þátt í auknum tekjum ellistyrktarsjóðanna með almennri niðurjöfnun í því skyni, sem ég tel miklu réttlátari aðferð en að fara að hækka nefskattinn, eins og frv. gerir ráð fyrir. Þar sem það þannig er vitanlegt, að gagnið af sjóðunum verður ekki mikið eftir sem áður, er mjög ranglátt að fara að hækka nefskattinn nú á þessum vandræðatímum, auk þess að leggja nýjar byrðar á ríkissjóðinn, sem vissulega er fullhlaðinn fyrir, ef ekki svo hlaðinn, að tvísýnt er, að hann muni standa undir gjöldunum, sem á hann verður að leggja að öðru leyti.

Ég vildi taka þetta fram, sem ég nú hefi sagt, og mun ég með atkv. mínu sýna það, að ég er á móti þessu frv.

**Frsm. (Jón Þorláksson):** Ég skal játa það, að okkur nm. var ekki kunnugt um það, sem hv. 3. landsk. upplýsti, að brögð væru að því, að úthlutun ellistyrkjanna færi fram eftir röngum reglum. N. mun þó ekki gera það að kappsmáli, að gr. verði felld niður, enda þótt n. telji gr. óþarfa.

Út af ummælum hv. 2. þm. Eyf. verð ég að segja það, að ég veit ekki, hvað fyrir hv. þm. vakir. Hann heldur því fram, að ellistyrktarsjóðirnir komi ekki að notum, og skal ég ekki neita því, að það kunni að vera til einhver þau sveitarfélög, þar sem sjóðirnir koma ekki að gagni, en ég er viss um það, að alstaðar þar, sem ég þekki til, koma þeir að miklum notum. Hv. þm. virtist álíta, að ellistyrkinn ætti að nota til úthlutunar ellihrumu fólki, án tillits til efnahagsástæðna, en þetta er ekki rétt. Mun ég ekki einn um þá skoðun, að sjálfsagt sé að taka fullt tillit til efnahagsástæðna við úthlutun ellistyrksins, en ef það er ekki gert og styrknum úthlutað jafnt út á meðal allra gamalmenna, mætti ef til vill segja, að styrkurinn kæmi að litlum eða engum notum.

Þá kvartaði hv. þm. undan því, að hér væri ekki um annað en kák eitt að ræða, sem ekki fæli í sér nægilegar umbætur. Skil ég ekki, hvað vakir fyrir hv. þm. Ef það er of þungbært að leggja þessa hækkun á gjaldþegnana, veit ég ekki, hvernig hv. þm. hugsar sér, að þjóðfélagið verði þess megnugt að koma upp einhverri þeirri stofnun, sem gæti veitt ellihrumu fólki styrk, sem munar um. Ég er hræddur um, að þess verði langt að bíða. Ég er sannfærður um það, að sú notkun elli-

styrktarsjóðanna, sem hv. 2. þm. Eyf. taldi ranga, að hjálpa ellihrumu fólki til þess að verjast því að leita til sveitar, er sú rétta notkun sjóðanna, sem ekki aðeins er þjóðfélaginu gagnleg, heldur og einnig vinsæl og gagnleg fyrir þá, sem geta notað ellistyrkina í þessum tilgangi. Er ég gersamlega ósamþykkur þessari rökfærslu hv. 2. þm. Eyf. Getur fremur komið til álita það, sem hv. 3. landsk. orðaði, að kveðja til sveitarsjóðina til þess að leggja fram fé í þessu augnamiði, enda hefir slíkt verið samþ. hér áður, en strandaði þá á hv. Nd., og er ég hræddur um, að eins færi nú, ef við færum á flot með slíka breyt. Hefir n. og af þessum ástæðum ekki þorað að sveigja frv. inn á þessa braut. Er opin leið að bera þetta fram sem sjálfstæðan viðauka við l., og þeir, sem láta sér annt um ellistyrktarsjóðina, hljóta að fallast á að stofna frv. ekki í hættu nú með því að gera á því breyt., sem vitað er, að Nd. mun ekki fallast á.

**Jón Jónsson:** Ég er dm. þakklátur fyrir það, hve vel þeir hafa tekið í aths. mína út af 4. gr. frv. Ég tel frv. til bóta frá því, sem nú er, og mun ég greiða því atkv., enda tel ég ekki vafa undirorpið, að ellistyrktarsjóðirnir geri mikið gagn og hafi mörgu gamalmenninu hjálpað. En oft hefi ég fundið sárt til þess, hve sjóðirnir eru litlir og lítils megandi. Má vera, að það sé rétt, að Nd. muni ekki fallazt á að láta sveitarsjóðina leggja fram fé til viðbótar, en ég tel þetta þó hvergi nærri víst. Mætti kynna sér þetta fyrir 3. umr., hvernig stemningin er fyrir þessu í Nd., og haga sér í samræmi við það. Er það mjög æskilegt, að sjóðirnir séu auknir, og að mörgu leyti eðlilegast, að þetta verði gert á kostnað sveitarsjóðanna, sem kæmi þetta að miklu liði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** PM, BSn, GL, JónJ, GÓ.
**nei:** EÁrna, HSteins, IP, JakM, JónasJ, MT, PHerm.
JBald, JónÞ greiddu ekki atkv.
5.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

---

Á 75. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 77. fundi í Ed., 20. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 700, 714, 728).

**Magnús Torfason:** Ég hefi leyft mér að flytja eina brtt. á þskj. 714. Hún er við 3. gr. frv., sem á að verða að lögum og þess efnis, að hreppar eða kaupstaðir leggi af mörkum 50% til viðbótar því, sem árlega er ætlað til úthlutunar. Það er sýnilegt, að hv. fjhn. hefir fallizt á hugsun till., en aðeins vill hún orða það á annan hátt, nefnilega að miðað sé við framlag ríkissjóðs. Munurinn er nú ekki feikimikill, en ég vil aðeins benda á það, að ef miðað er við framlag ríkissjóðs, þá hefir það þá þýðingu, að verði einhverntíma heimtað aukið framlag af ríkissjóði, þá verður hitt að fylgjast að. Ég get nú samt mælt með till. n., því ég hygg, að hún sé rétt hugsuð. Samkv. því ætti ég þá víst að taka mín till. aftur, en það er ekki hægt, vegna þess að till. fjhn. er brtt. við mína.

**Frsm. (Jón Þorláksson):** Ég hefi ekki miklu við að bæta. Hv. flm. brtt. 714 fellst á brtt. n. á þskj. 728. Það, sem meiri hl. gekk til að koma þessu ákvæði inn, var, að ekki er gott að sjá fyrir, hvað mundi verða framlag sveitarsjóða. **(MT:** Nú, sýslumaður tilkynnir það). Já, en ég á við, að hér eru hálfir vextir, hálf gjöld fyrir hvern verkfæran karl og konu. Meiri hl. fannst stillt í hóf með því að miða þetta við framlag ríkissjóðs, og þar eð hv. flm. till. hefir fallizt á þetta vona ég, að hv. deild geri slíkt hið sama án þess að frekari rökstuðnings þurfi.

ATKVGR.
Brtt. 728 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 714, svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 80. fundi í Nd., 22. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 758).

Á 82. fundi í Nd., 24. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 791).

## 63. Skemmtanaskattur (80% hækkun).

Á 63. fundi í Nd., 2. maí, var útbýtt:

**Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús** (þmfrv., A. 503).

Á 64. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Halldór Stefánsson:** Ég vil leyfa mér að vísa til grg., sem fylgir þessu frv. Hún segir nægilega skýrt til um ástæður til flutnings þess. Það er fyrst og fremst tekjuöflunarþörfin vegna þeirra kreppuráðstafana, sem þykir þurfa að gera. Og þar sem víða þarf að koma við til tekjuöflunar, þá virðist ekki vera meiri annmörkum bundið að hækka þennan skatt heldur en aðra, sem stendur til að hækka, og því síður sem þessi skattur má teljast vera heldur lágur, miðað við ýmsa aðra skatta, og gæti ekki talizt hár, þó þessi hækkun yrði samþ.

Þetta er einn sá skattur, sem leggst á það, sem kallast má óþarfi. Mönnum er sjálfrátt, hvort þeir greiða hann eða ekki, og kemur skatturinn því ekki niður á öðrum en þeim, sem telja sér fært að greiða hann.

**Magnús Jónsson:** Ég skal ekki út af fyrir sig mæla skemmtanaskattinn undan nokkurri hækkun, þegar verið er að reyna að ná í auknar tekjur handa ríkissjóði. En ég vil aðeins geta þess, að mér þykir þessi hækkun of mikil, og mér hefði þótt eðlilegra, að ekki hefði verið gengið lengra en með 50% álagningu. Býst ég við, að ég muni á sínum tíma bera fram brtt. um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 503, 526, 546).

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Þetta frv. er flutt af fjhn. samkv. tilmælum hæstv. fjmrh. Tilgangur þess er sá, að afla nokkurs fjár upp í þann mikla kostnað, sem leiðir af kreppuráðstöfunum þessa þings. Nú liggja fyrir brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv., og fer aðalbrtt. fram á það, að þessi viðbótarskattur verði lækkaður úr 100% niður í 50%. Mér er óhætt að segja það f. h. n., að hún er eindregið á móti þessari brtt. — Ég skal ekki fjölyrða um brtt. hv. 4. þm. Reykv.; ég býst við því, að fyrir henni séu nokkrar ástæður, þótt ég viti ekki, hvað þær eru veigamiklar. En þar er ekki um svo mikið að ræða, að ástæða sé frá n. hálfu að leggja kapp á, að sú brtt. sé felld. Annars sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta að sinni; þingið hefir tekið vel í þetta enn sem komið er, og ég vona, að það geri það eins áfram.

***Pétur Halldórsson:*** Við hv. 3. þm. Reykv. höfum flutt tvær litlar brtt. við frv. þetta, en það hefir orðið að samkomulagi milli okkar, að taka þær aftur til 3. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég vil þakka hv. n. flutning þessa frv., og þykir mér gott, að hún skuli flytja það einhuga. Þess er varla að vænta, að hægt verði að ganga inn á brtt. um helmings lækkun á skattinum. En hvað snertir brtt. hv. 4. þm. Reykv., þá finnst mér sanngirni mæla með henni. Ég vildi leggja til, að sú brtt. yrði samþ., og tel ég óhætt að láta hana koma til atkv. nú.

ATKVGR.
Brtt. 526 og 546 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 15:1 atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 503, 526, 546).

**Magnús Jónsson:** Ég hreyfði því fyrr við umr. þessa máls, að mér þætti að vísu eðlilegt, að skemmtanaskatturinn væri nokkuð hækkaður, vegna þeirra þrenginga, sem nú ríkti um fjárhag ríkissjóðs, og sanngjarnt, að hann tæki nokkurn þátt í þeirri þörf, og það máske ríflegan, en að hækka hann um 100% þætti mér of mikið. Og ég verð að segja, að ég sé enga frambærilega ástæðu fyrir því að hækka hann svo mjög. Skatturinn myndi í þessu tilfelli skiptast milli þeirra stofnana, er í hlut eiga. Og mér er kunnugt um, að mestur hluti skattsins er af bíósýningum. Ég býst nú við, að hann myndi skiptast á einhvern hátt milli bíógesta og bíosala. Nú má segja, að bíó séu ekki nauðsynleg. En þó er það svo, að mannfólkið getur naumast án þess lifað að létta sér eitthvað upp. Og það er víst, að allur almenningur á ekki kost á meira fræðandi og upplífgandi skemmtunum en bíóunum. Og ég er ekki viss um, að rétt sé að leggja háan skatt á þá menn, sem efnanna vegna geta ekki veitt sér dýrari skemmtanir. Ég vil því lækka þennan skatt frá því, sem ákveðið er í frv., svo mikið, að ganga megi út frá því, að skatthækkunin lendi á þeim stofnunum, er til sýninganna stofna. Ég held, að með 50% hækkun næðist þetta takmark, og það teldi ég heppilegt. Ég bar því fram brtt. á þskj. 526. Við 2. umr. tók ég hana aftur, en ber hana nú fram á ný og vænti þess, að hv. þd. sýni henni fullan velvilja og samþ. hana. Ég bið hv. þd. að athuga, að það er ekki meining mín að undanþiggja skemmtanir því að taka þátt í þeirri hækkun, sem nauðsynlega verður að gera á ýmsum tekjustofnum vegna þarfa ríkissjóðs. En þótt brtt. mín verði samþ., þá er þó um að ræða meiriháttar hækkun, samanborið við aðrar þær hækkanir, sem búast má við, að fram gangi á þessu þingi.

**Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Ég þarf ekki að vera margorður um brtt. mína. Það er vitað, að þær tegundir skemmtana, sem þar eru nefndar, eiga mjög örðugt uppdráttar. Oft mun það svo, að sá inngangseyrir, sem fyrir þær fæst, borgar varla beinan útlagðan kostnað vegna þeirra. Er því auðsætt, að þær þola ekki hækkaðan skatt. Er ég hræddur um, að úr þessum fögru skemmtunum dragi, ef þessi skattauki er látinn ná til þeirra. Hér er ekki heldur um svo háa upphæð að ræða, að ríkissjóð dragi það mikið, þótt hækkun á þessum tegundum skemmtana falli niður. — Þar sem hæstv. fjmrh. hafði vinsamleg ummæli um þessa brtt. mína við 2. umr. og lagði til, að hún yrði samþ., þarf ég ekki að hafa þessi orð mín fleiri.

**Jónas Þorbergsson:** Ég vil leyfa mér að gera grein fyrir viðhorfi mínu til þessa máls. Ég mun greiða atkv. með brtt. á þskj. 526. Um hina till., á þskj. 546, vil ég taka það fram, að ég er sammála hv. flm. hennar um, að það væri illa farið, ef hv. þd. féllist á að leggja svo þungan skatt á þær tegundir skemmtana, sem taldar eru í brtt. Það er öllum þeim hv. þdm. kunnugt, er fylgjast vel með á þessu sviði skemmtana, að þessar göfgustu tegundir þeirra, tónleikar og söngskemmtanir, bera sjaldnast uppi tilkostnað sinn. Leggja því forgöngumenn þeirra einatt á sig mikið erfiði og mikla áhættu við að halda þeim uppi. Er því illt og óviðeigandi að íþyngja þessari göfugu menningarviðleitni með hækkuðum sköttum frá því, sem nú er. En í þessu efni væri ég þó fús til þess að gera mun á erlendum og innlendum tónlistarmönnum. Fólk sækir ávallt betur skemmtanir til erlendra tónlistarmanna en innlendra, enda þótt hinir fyrrtöldu hafi ekki meira til brunns að bera. Veldur því forvitni og hún ekki óeðlileg. Auk þess renna peningar þeir, er slíkar skemmtanir gefa af sér, að mestu burt úr landinu. Ég hefi því skrifað niður brtt., sem nær þessu marki, sem ég nú hefi lýst. Er hún við brtt. hv. 4. þm. á þskj. 546. Vil ég á undan orðinu „hljóm-

leikar" bæta: innlendir. — Vil ég leyfa mér að afhenda hana til hæstv. forseta og óska þess, að hún fái að koma til atkvgr. og að hún verði samþ. af hv. deild.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. þm. Dal.: [Sjá þskj. 632]. Brtt. þessi er skrifleg og of seint fram komin. Þarf því tvöföld afbrigði um hana til þess að hún megi koma til umr. og atkvgr.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Ég get verið hv. þm. Dal. þakklátur fyrir það, að hann hefir tekið undir brtt. mína í aðalatriðinu og er sammála mér um það, að skemmtanir þær, sem þar um ræðir, séu göfgar og menntandi, en síður arðvænlegar. En svo vill hv. þm. gera þá breyt. á minni till., að undanþágan frá álaginu nái aðeins til innlendra skemmtana af þessu tægi. Ég verð nú að segja, að mér þykir dálítið verra, að þessi brtt. er fram komin. Ég held, að það geti ekki orðið svo mikið um komur erlendra listamanna hingað, að rétt sé að gera undantekningu í lögum þessum þeirra vegna. Það væri þá réttara að gera aðra skilgreiningu, að láta þá borga hærri skatt, sem bjóða upp á list, sem er lítils eða einskis virði og það jafnt, hvort sem þeir væru innlendir eða útlendir. Ég skal fúslega játa, að þetta myndi verða örðugt í framkvæmd, en á það ber þó frekar að líta heldur en íþyngja þeim, sem hingað flytja góða og fullkomna list svo mjög með sköttum, að landsmenn geti ekki notið þess, sem þeir hafa fram að bjóða. Að endingu vil ég endurtaka það, að ég tel brtt. hv. þm. Dal. alveg óþarfa vegna eftirlits þess, sem nú er á um þessa hluti.

**Jónas Þorbergsson:** Ég minnist þess nú, að á síðasta þingi bar hv. þm. Borgf. fram þáltill. um heimild fyrir ríkisstj. að banna með öllu erlendum tónlistarmönnum að koma hingað, og var till. þessi rökstudd með því, að hingað til lands kæmu oft erlendir menn, er teldu sig listamenn og rökuðu saman peningum, svo sem harmonikuleikarar o. fl. þ. h. listamenn. Eins og flestum mun kunnugt, hefir þetta við mikil rök að styðjast. En nú hefir því verið haldið fram, að lögreglustjóri hér beiti svo miklum takmörkunum gagnvart þessum mönnum, að ekki sé lengur hætta á þessu, og því sé brtt. mín líka óþörf. En ég vil benda á, að hækkun sú á skemmtanaskatti, sem í frv. felst, er aðeins bráðabirgðaráðstöfun, sem brtt. mín stendur og fellur með; kemur hún þannig ekki við hina almennu framkvæmd laganna.

Annars skal ég taka það fram, að ég legg enga sérstaka áherzlu á brtt. þessa, því að það má vel vera að nokkru leyti rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. tók fram, að slíkt ákvæði, sem í henni felst, geti hamlað því, að verulega góðir listamenn vilji koma hingað til landsins, eins og yfirleitt frv. sjálft.

**Pétur Halldórsson:** Ég vil spyrja hv. þm. Dal. að því, þar sem þessar ráðstafanir eru allar til bráðabirgða, hvort hann myndi ekki telja það nóg, að ráðuneytið hafi eftirlit með því, hvaða listamenn fengju að koma hingað. Það mun aldrei fara að leyfa harmonikuleikurum eða öðrum slíkum „listamönnum" landvist. En það teldi ég lakara, ef brtt. hans hefði þau áhrif að hindra það, að góðir og fjölhæfir listamenn, sem hingað vildu leita sökum erfiðleika víðsvegar í Evrópu, og í gósenlandi þeirra, Ameríku, vildu ekki koma hingað. Takmarkanir þær, sem íslenzk stjórnarvöld hafa nú á síðustu tímum beitt gagnvart þeim erlendu listamönnum, sem hingað hafa viljað koma, eru að mínum dómi alveg nægilegar til þess að fyrirbyggja það, að allir minni háttar listamenn komi hingað til þess að raka landsfólkið. Ég vil því spyrja hv. tillögumann, hvort hann telji þetta eftirlit ekki nægilega strangt og hvort hann muni ekki geta sætt sig við það og því tekið brtt. sína aftur, því að ég er hálfhræddur um, að hún útiloki þá möguleika, sem á því eru, að erlendir listamenn geti komið hingað.

**Jónas Þorbergsson:** Út af þessari fyrirspurn hv. 4. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að mér er ekki fyllilega kunnugt

um, hvernig þessu eftirliti íslenzkra stjórnarvalda hefir verið háttað, hvort það hefir verið svo öruggt sem skyldi. (P-Halld: Það hefir aðallega verið fólgið í gjaldeyrisráðstöfunum). Ef ég fengi þær upplýsingar, sem ég teldi nægja í þessu efni, má vel vera, að ég taki brtt. mína aftur. Ég vil því leyfa mér að að spyrjast fyrir um það hjá þeim hæstv. ráðh., sem þetta heyrir undir, hverskonar takmörkunum kunni að hafa verið beitt í þessu efni og hversu þær hafi gefizt.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég get gefið þær upplýsingar, að þeim erlendu listamönnum, sem hingað hafa leitað, hefir verið veitt aðhald á tvennan hátt. Fyrst hefir verið sett það skilyrði til þess að þeir kæmu til greina, að stjórn listvinafélags Íslands teldi þá góða listamenn og gæti mælt með því, að þeir fengju landvistarleyfi. Hitt skilyrðið, sem sett var þeim eina aðkomumanni, sem leyfi mun hafa fengið til þess að halda hér hljómleika, var það, að hann ferðaðist með íslenzku skipi fram og aftur, og að íslenzkur maður ábyrgðist, að hann færi ekki út úr landinu með meiri erlendan gjaldeyri en hann kom með.

**Jónas Þorbergsson:** Mér þykir vænt um, að till. mín hefir orðið til þess, að fram hafa komið þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir í þessu máli. Og að fengnum þeim upplýsingum get ég lýst yfir því, að ég tek brtt. mína aftur.

**Frsm. (Hannes Jónsson):** Ég hefi ekkert sérstakt að segja f. h. fjhn. um brtt. þær, sem hér liggja fyrir, umfram það, sem ég hefi tekið fram við fyrri umr. málsins. Þó vil ég geta þess, að ég tel það mjög hæpið, sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., að skatthækkun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, lendi eingöngu á þeim mönnum, sem að skemmtununum standa. Ég held þvert á móti, að hún lendi einnig að nokkru leyti á því fé, sem almenningur hefir til þess að eyða til að skemmta sér, eins og t. d. veitingahúsaskattur lendir að nokkru á þeim, sem veitingarnar kaupa, og við það er miðað í frv.

Það er að sjálfsögðu hægt að segja, og það með nokkrum sanni, að ekki megi leggja á jafnháan skatt og hér er farið fram á, og jafnframt beri að undanþiggja frá honum hljómleika og söngskemmtanir. En er ekki hægt að segja margt um ýmsar aðrar skemmtanir, að þær hafi mikið til síns ágætis, og því beri líka að undanþiggja þær skattinum. Ég tel það efalaust. Það, sem hér er stefnt að, er aðallega það, að ná í ríkissjóðinn sem mestu af því fé, sem fólk vill láta til þess að skemmta sér. Ég tel því fráleitt að samþ. brtt. hv. 4. þm. Reykv., ef brtt. hv. 3. þm. Reykv. verður samþ., því ef skattaukinn verður færður niður í 50%, þá er hann orðinn svo lítill, að lítið munar um hann, bæði fyrir þá, sem hljómleika halda og söngskemmtanir. Fyrir mitt leyti get ég sagt það, að ég tel ekki of langt farið í frv., og tel því óþarfa að verða við ósk þeirra manna sem flutt hafa brtt. við það.

ATKVGR.
Brtt. 526 felld með 12:9 atkv.
— 546 samþ. með 15:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17:3 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 69. fundi í Ed., 11. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 637).

Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Jakob Möller:** Ég vildi aðeins beina til n. þeirrar, sem mál þetta fær til meðferðar, að hún taki til athugunar, hvort ekki mundi fært að undanþiggja leiksýningar skemmtanaskatti, a. m. k. þessum skattauka. Ég get jafnframt lýst því yfir, að ég tel alveg fráleitt að hækka skemmtanaskattinn eins og frv. gerir ráð fyrir. Það mun sízt verða til ágóða fyrir ríkissjóðinn; aðsóknin að skemmtunum mun minnka vegna hins hækkaða inngangseyris. Sú mesta hækkun, sem ég tel að megi eiga sér stað, er 50%. — Skal ég svo ekki fjölyrða öllu meir. Ég treysti hv. n. til þess að athuga þetta gagnvart leiksýningunum, og svo jafnframt, hvað hún treystist að fara langt í því að lækka skattinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 75. fundi í Ed., 18. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 637, n. 698, 711).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 711. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var þar samþ. með miklum meiri hl. atkv. Eins og hv. dm. sjá, er þar farið fram á að hækka skemmtanaskatt um 100%, og á sú hækkun að ná til allra skemmtana nema hljómleika og söngskemmtana. Fjhn. hefir nú haft málið til meðferðar, og þótt henni finnist geta orkað tvímælis, hvort ástæða sé að undanskilja hljómleika og söngskemmtanir, þá hefir n. gengið inn á þetta, til þess að komast ekki í andstöðu við hv. Nd. út af því. En fyrst n. á annað borð gekk inn á þetta, þótti henni rétt að gera sjónleikum sömu skil. N. hefir borizt bréf frá Leikfélagi Reykjavíkur, þar sem farið er fram á, að félagið verði undanþegið skemmtanaskatti. Þetta sá n. sér ekki fært að leggja til, en lítur hinsvegar svo á, að ekki sé minni ástæða til þess að undanskilja leiksýningar þessu viðbótarálagi en hljómleika og söngskemmtanir. Ég vil benda á það, að bæði hér og annarsstaðar mun það venja, að félög og ýmsar stofnanir sýni sjónleika til þess að afla starfsemi sinni fjár, t. d. mun það venja, að menntaskólanemendur stofni til leiksýninga á hverjum vetri til ágóða fyrir svonefndan Bræðrasjóð, sem notaður er til styrkveitinga handa fátækum nemendum. Í slíkum tilfellum yrðu að sjálfsögðu veittar undanþágur frá háum skemmtanaskatti, en svo eru önnur tilfelli, þar sem alveg getur verið álitamál, hvort undanþágur beri að veita. Því er það, að n. leggur til, að síðari málsl. 1. gr. frv. verði breytt á þá leið, sem segir í brtt. í nál., að leiksýningar séu undanskildar viðbótarálaginu, og undanþágan um hljómleika og söngskemmtanir nái aðeins til innlendra manna. Aftur á móti telur n. ekki ástæðu til þess, að hljómleikar erlendra manna séu undanþegnir þessu viðbótarálagi. Um þessa brtt. var öll n. sammála. En hv. 1. landsk. hefir borið fram brtt. þess efnis, að þetta viðbótarálag, sem frv. fer fram á, verði fært niður í 50%. Meiri hl. n. er þessari brtt. mótfallinn og telur enga ástæðu til þess að hafa hækkunina minni en 100%, fyrst á annað borð var farið þessa leið. Það mun svo vera um flest af því fólki, sem sækir skemmtanir að staðaldri, að það hafi þó nokkur auraráð, og meiri hl. n. lítur svo á, að þessi skattauki komi fyrst og fremst niður á fólkinu, sem sækir skemmtanirnar en ekki á þeim stofnunum, sem halda þeim uppi. Og þegar tillit er tekið til þeirra erfiðu tíma, sem nú standa yfir, telur n. þetta réttmæta leið, og vil ég því leggja til, að frv. verði samþ. með brtt. n.

**Jón Þorláksson:** Það var rétt skýrt frá af hv. frsm. meiri hl., að ég er sammála brtt., sem skráð er á þskj. 698 og fer fram á að undanskilja leiksýningar, hljómleika og söngskemmtanir innlendra manna þessu viðbótarálagi. Þar að auki ber ég fram sérstaka brtt. á þskj. 711, þess efnis, að hækkunin á skemmtanaskattinum verði ákveðin 50%, í stað 100%. Það er ákaflega róttæk breyt. á skatti eða gjaldi að tvöfalda hann með einu pennadragi. Og þar sem þjóðfélagið hefir nú búið við skatt þennan eins og hann er nú um alllanga stund, þá veldur svona róttæk breyt. meiri truflun á því sviði, sem hún er gerð, en menn almennt geta gert sér í hugarlund. Það er engan veginn svo, að þessi hækkun hafi það eitt í för með sér, að þeir, sem sæki skemmtanir borgi dálítið hærra gjald í aðgöngueyri, heldur veldur svona róttæk breyt. meiri truflunum. Því má ekki gleyma, að þótt hér sé um skemmtanaskatt að ræða, þá er það þó nokkuð margt fólk, sem hefir atvinnu af skemmtununum, bæði þannig, að leigja til þeirra húsnæði, og eins við framkv. skemmtananna sjálfra. Og þessi breyt. gjaldsins er mjög líkleg til þess að gera þessu fólki erfiðara fyrir með atvinnu sína. — Önnur gild ástæða er til þess, að hækkun þessa skatts sé stillt í hóf, og það er sú staðreynd, að þessi skattur gengur ekki jafnt yfir alla landsbúa. Hann nær aðeins til íbúa þeirra kaup-

staða, sem hafa yfir 1500 íbúa. En nú er sem kunnugt er mikið haldið af skemmtunum utan þessara fjölmennustu kaupstaða, og virðist ekki sanngjarnt að fara út í svo gífurlega hækkun á skatti, sem aðeins nær til nokkurs hluta þjóðarinnar. Það er ekki sá aðstöðumunur í kauptúnum, sem hafa upp undir 1000 íbúa, og þeim, sem hafa um eða yfir 1500, að hann réttlæti það, að taka 40% skemmtanaskatt af dansskemmtun í stærri staðnum, en í þeim minni eru slíkar skemmtanir alveg skattfrjálsar. Ég held því, að sú hækkun, sem ég hefi tekið upp í brtt. mína, 50%, sé mjög svo hófleg og nægileg eftir núv. ástandi. En sú hækkun þýddi það, að af skemmtunum í 1. flokki þyrfti að greiða 15% af andvirði seldra aðgöngumiða í skemmtanaskatt, en af skemmtunum í 2. flokki 30% seldra aðgöngumiða. Það eru kvikmyndahúsin, sem greiða mest af þessu gjaldi, því að þar er umsetningin mest. Og ég veit, að hér í Rvík mundu kvikmyndahúsin ekki sjá sér annað fært en að hækka verð aðgöngumiða, ef skemmtanaskatturinn yrði hækkaður um meira en 50%. Verði skatturinn hækkaður upp í 100%, er ekki nokkur leið til þess, að verð aðgöngumiða haldist óbreytt, og verður þá skattinum velt yfir á almenning.

Ég mun svo láta þessi orð nægja nú að sinni, en vona, að brtt. mín finni náð fyrir augum þessarar hv. d., því að það er mín föst og óbifanleg skoðun, að á krepputímum sé betra að ná því fé inn, sem ekki verður komizt af án, með hóflega dreifðri hækkun á sem flesta tekjustofna en með gífurlegri hækkun á nokkrum fáum stofnum, sem óhjákvæmilega veldur skaðlegum truflunum á því svæði, sem hún kemur fram á.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég fellst á brtt. hv. meiri hl. fjhn. Leiksýningar eiga nú erfitt uppdráttar og eiga nóg með núv. skemmtanaskatt. — Hvað viðvíkur brtt. um hljómleikana, þá vil ég skilja orðin „innlendir menn“ eins og þar stæði „íslenzkir menn“. — Aftur á móti get ég ekki tekið undir lækkunartill. hv. minni hl. n. Ef kvikmyndahúsin geta tekið á sig 50% hækkun á skattinum án þess að setja upp verð á aðgöngumiða, þá tel ég víst, að þau noti þann möguleika hvort sem skatturinn verður hærri eða lægri. Hækkunin á verði aðgöngumiða yrði þá um 10 aurar á miða, og held ég, að almenningur kveinkaði sér ekki mikið undan því álagi. Það má með nokkrum sanni segja, að skemmtanaskatturinn gangi ekki jafnt yfir alla landsbúa, en hinsvegar vita allir, að erfiðara er þar, sem strjálbýlt er upp til sveita og í þorpum að halda skemmtanir, og eins fyrir fólk að sækja þær.

Um það má deila, hvort markalínan sé rétt dregin við 1500 íbúa töluna. Ég hefði sjálfur kosið 1000, en ég vil samt ekki vekja upp deilurnar, sem um þá brtt. stóðu í fyrra á þinginu. Skemmtanaskatturinn hefir m. a. þann kost, að hann kemur mest niður á einhleypu fólki og fólki, sem eyðir fé til óþarfa. Orð mín má þó ekki skilja svo, að ég telji allar skemmtanir óþarfa. Af þessum ástæðum er það, sem lagt hefir verið til að hækka skattinn um 100% — en það er sama og að hann hækki úr 10% í 20%.

**Jón Þorláksson:** Ég held, að það sé misskilið hjá hæstv. fjmrh., að kvikmyndaleikhúsin geti borið 50% af þessum skatti. Ef þau hækka aðgöngueyrinn, þá verður afleiðingin sú, að aðsóknin minnkar, en ef þau þurfa ekki að reikna með hækkuðum aðgangseyri, þá eru þau sjáanlega óhrædd um, að aukin eða jafngóð aðsókn geri þeim kleift að bera helming skattsins. Yfirleitt held ég, að þessi 100% hækkun verði ríkissjóði ekki þarfaþing. Í stað þess að auka tekjur ríkissjóðs býst ég við, að hækkunin dragi úr tekjulindinni.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég treysti því, að aðsókn að kvikmyndahúsum minnki ekki mikið, þó að aðgöngumiðinn hækki um 10 aura. Það er ekki meira en 5%, af aðgöngumiðaverðinu. Til samanburðar vil ég minna á hækkun þá, sem varð á sígarettupökkum síðastl. ár. Ekki verður séð, að sú hækkun hafi að nokkru leyti dregið úr sígarettureykingum.

ATKVGR.

Brtt. 711 samþ. með 7:5 atkv.

— 698 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 77. fundi í Ed., 20. maí, var frv tekið til 3. umr. (A. 729).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:1 atkv. og endursent Nd.

---

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 729).
Á 81. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Frv. hefir verið breytt í hv. Ed. allverulega, þar sem álagið á skemmtanaskattinn hefir verið lækkað úr 100% niður í 50%. Ég hefi því í samráði við hv. meiri hl. fjhn. leyft mér að bera hér fram brtt. við frv. eins og það nú er, um að fyrir 50% komi 80% hækkun á skemmtanaskattinum. Ég þarf ekki að ræða þetta frekar; málið er öllum hv. þdm. kunnugt. Óska ég, að hæstv. forseti leiti hinna tvöföldu afbrigða fyrir því, að brtt. megi komast hér að.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svofelld brtt. við þetta frv. frá hæstv. forsrh.: Í stað „50%“ komi: 80%. Þessi brtt. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg. Verður því að leita tvöfaldra afbrigða til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 771) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:** Þegar þetta mál var hér til meðferðar í þessari hv. d., bar ég fram brtt. við það, sem fór í sömu átt og frv. er nú komið í. En eins og hv. þdm. muna, var upphaflega farið fram á það í frv., að skemmtanaskatturinn væri hækkaður um 100%. Ég færði þá ástæðu gegn þessari hækkun, að þó segja mætti, að kvikmyndasýningar gætu ekki beinlínis heyrt undir lífsnauðsynjar, en skatturinn kemur aðallega niður á þeim, þá væru þær sérstaklega skemmtanir fátækara fólksins, af því að bíósýningar eru venjulega ódýrustu skemmtanirnar, sem það fólk á kost á, er ekki getur veitt sér hinar dýrari skemmtanir. Mér er kunnugt um, að fjöldi fólks í bæjunum getur ekki leyft sér það, en notar sér hinsvegar að kaupa hin ódýrari sæti í kvikmyndahúsum. Þess vegna væri það mjög leiðinlegt, ef þetta frv. yrði til þess að hækka verð á aðgöngumiðunum. En ég hafði búizt við, að ef skatturinn yrði ekki hækkaður um meira en 50%, þá myndi hækkunin koma niður á kvikmyndahúsunum sjálfum, eða eigendum þeirra, án þess að verðið yrði hækkað á aðgöngumiðum, þó að afkoma kvikmyndahúsanna sé ekki góð í þessu árferði. En það, sem skatturinn verður hækkaður fram yfir 50%, geri ég ráð fyrir, að komi fram til hækkunar á aðgöngumiðunum. Ég hygg, að enginn muni mæla skemmtanaskattinn undan hækkun allt að 50%, en þá mun þessi skattstofn vera fullkomlega búinn að gjalda „Torfalögin“. Mér þykir leitt, að hæstv. forsrh., sem að vísu ber hag ríkissjóðs mjög fyrir brjósti, skuli sækja það með svo miklu þrálæti að hækka skemmtanaskattinn meira en 50%. Ég mun greiða atkv. á móti þessari brtt. hans og mæli með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed. Ég vil líka minna á það, að verði nú samþ. brtt. við frv., gæti það leitt til þess, að engin hækkun yrði á þessum skatti, þar sem um er að ræða ágreining á milli deilda, og óvíst, að frv. nái samþykki, þar sem komið er að þinglokum. Enda vandséð, hvernig um það færi í sameinuðu þingi, ef til kæmi. Ég tel ekki rétt, að skemmtanaskatturinn sleppi alveg undan hækkun, en hinsvegar er ósanngjarnt að hækka hann svo mjög sem ætlazt er til með brtt. Ég álít því heppilegast að láta frv. haldast óbreytt. — Annars vantar nú svo marga á fundinn, að við atkvgr. getur ekki hinn raunverulegi vilji þdm. komið í ljós eins og d. er nú skipuð.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. 3. þm. Reykv. hefir nú með ræðu

sinni sannað hv. þdm., að hækkunin á skemmtanaskattinum er sízt of mikil. Hefir hann ósjálfrátt játað það sjálfur, með þeim upplýsingum, sem hann hefir gefið um, að kvikmyndahúsin mundu sjálf taka á sig 50% hækkun á skattinum, án þess að hækka verðið á aðgöngumiðum. Það, sem þá er eftir, ca. 30%, má teljast lítil álagning á gesti kvikmyndahúsanna. Að þessum upplýsingum fengnum þarf enginn að hika við að greiða brtt. minni atkv.

**Magnús Jónsson:** Ég vil aðeins leiðrétta þá umsögn hæstv. forsrh., að ég hafi gefið upplýsingar um getu kvikmyndahúsanna gagnvart þessum skattauka. Það er alls ekki rétt. Ég hefi ekkert umboð frá þeim til þess og get ekkert upplýst um það. Ég ályktaði aðeins út frá mínu eigin hugboði. Án þess að ég hafi nokkuð kynnt mér það, þá hefi ég hugsað mér, að kvikmyndahúsin mundu sjálf taka á sig 50% hækkun á skattinum án þess að hækka aðgöngumiðana. Ég get auðvitað engar upplýsingar gefið um þetta, en það er einungis mín skoðun.

ATKVGR.
Brtt. 771 samþ. með 15:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv. og endursent Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., 24. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 772).

Á 81. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Forseti (GÓ):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. við 1. gr. frv. frá hv. 1. landsk., svo hljóðandi:

„Fyrir „80%“ komi: 50%.

Þar sem till. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifleg, þarf að leita afbrigða til þess að hún geti komizt hér að.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 806) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Jón Þorláksson:** Þetta frv. hefir tekið þeim breyt. í hv. Nd., að álagið á þennan skatt hefir verið hækkað úr 50% upp í 80%. Hér í þessari deild var samþ., að álagið skyldi verða 50%. Ég ber fram brtt. í þá átt, að þetta verði fært í það horf, er það var hér síðast í d., og vísa til þeirra röksemda, sem ég flutti þá við 3. umr. frv.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Ég þykist ekki þurfa að skýra frá breyt., sem gerð hefir verið á frv. þessu í Nd., aðeins geta þess, að meiri hl. fjhn. þessarar d. lítur svo á, að breyt. Nd. sé gerð til samkomulags milli d. Í frv. var álagið á skattinn upphaflega ákveðið 100%. Hér var það ákveðið 50%, en nú hefir hv. Nd. samþ. 80% álag. Við lítum á þetta sem miðlunartill. Ég tel varhugavert, að þessi d. fari nú að færa markið niður aftur, því að það getur orðið til þess, að málið dagi uppi á þessu þingi, eða lendi í Sþ., og er þá óséð um afdrif þess. Meiri hl. fjhn. leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það er nú.

**Jón Þorláksson:** Ég held, að sú mótbára hv. frsm., að frv. sé stofnað í hættu með brtt. minni, hafi ekki við mikið að styðjast. Brtt. shlj. minni var felld í Nd. með jöfnum atkv., svo að hún virðist eiga þar ekki svo lítið fylgi.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég vil taka undir það með hv. frsm. n., að frv. eins og það er nú, er miðlunartill. milli d., og þætti mér æskilegt, að það fengi að ganga fram í sinni núv. mynd.

ATKVGR.
Brtt. 806 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ.
nei: MT, PHerm, EÁrna, IP, JónJ, JónasJ, GÓ.

Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IP, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, PM, EÁrna, GÓ.
nei: GL, HSteins, JakM, JBald, BSn.
JónÞ greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 809).

## 64. Útflutningur saltaðrar síldar.

Á 64. fundi í Nd., 3. maí, var útbýtt:
**Frv. til l. um útflutning saltaðrar síldar** (þmfrv., A. 510).

Á 65. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Sveinn Ólafsson:** Frsm. er ekki mættur á fundinum, svo að ég verð að hlaupa í skörðin og skýra frá efni frv. með nokkrum orðum.

Frv. er fram komið vegna bendinga, sem sjútvn. hefir fengið frá ýmsum síldarútflytjendum, um mistök á sölu íslenzkrar síldar. Á síðasta ári var sú síld, sem eftir var, þegar síldareinkasalan hætti störfum, seld útvötnuð á þýzkum og pólskum markaði, og síðan hafa ýmsir útflytjendur tekið þetta ráð upp, til þess að koma í eitthvert verð eftirstöðvum harðsaltaðrar sumarsíldar, sem yfirfylltur haustmarkaður tók eigi móti. — Eftir fréttum, sem borizt hafa um þessa sölu, er hinsvegar ljóst, að afvatnaða síldin hefir skemmileg áhrif á sölu léttsaltaðrar síldar, sem farið er að flytja út í seinni tíð til þessara landa að sumri meðan veiði stendur yfir.

Að áliti sjútvn. er nauðsynlegt, til þess að ekki dragi úr eða jafnvel lokist með öllu þessi markaður í Póllandi og Þýzkalandi, að banna þessa vötnunarmeðferð á síldinni, nema hún sé auðkennd með sérstöku merki og nafni, þegar hún er flutt út. Er rétt að geta þess í þessu sambandi, að Norðmenn hafa gripið til svipaðra ráðstafana um afvatnaða síld eins og hér eru áformaðar, og hefir þessu útboði á afvatnaðri síld héðan frá Íslandi verið kennt um verðfall síldar þar og bent á það eins og hættulegt fordæmi.

Þá leggur n. ennfremur til, að tekið verði upp sérstakt útflutningsmerki á íslenzkri síld, svo að ekki sé hægt að selja aðra verri vöru í blóra við hana, en að hún geti hvarvetna borið sér sjálf vitni og notið álits að maklegleikum.

Að öðru leyti hefi ég ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., en vænti þess, að því verði vísað til 2. umr., og þá mun frsm. n. færa hér fram þær frekari ástæður fyrir till. n., sem mér er kunnugt um, að hann hafði hugsað sér að láta koma fram nú þegar við 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 510, 531).

**Jón Auðunn Jónsson:** Eins og menn sjá, er þessi brtt. á þskj. 531 aðeins orðabreyt. á 2. gr. l., sem form. n. hefir fallizt á við fyrri umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 531 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 577).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Eins og kunnugt er, þá er þetta mál flutt af sjútvn. þessarar hv. deildar, og talaði form. n. nokkuð fyrir því við 1. umr. og taldi upp þær almennu ástæður, sem lægju að því, að frv. þetta væri fram komið. Hann mun hafa látið þess getið í ræðu sinni, að ég mundi nokkuð minnast á ástæður fyrir frv. áður en málið færi úr deildinni. Var það vegna þess, að mér var upphaflega falin framsaga málsins, en gat ekki verið viðstaddur þegar frv. kom fyrst til umr. En ekki tel ég ástæðu fyrir mig að lengja verulega umr. um málið, þar sem ég hefi fregnað, að hv. form. n. hafi dregið mjög skýrlega fram rök n. fyrir frv., en þó er rétt, að öll rök séu hér tilfærð hv. þdm. til glöggvunar á málinu.

N. hefir sem sé verið bent á það, að hætta steðjaði að sölumöguleikum saltaðrar síldar í Mið-Evrópulöndunum, af því að íslenzkir útflytjendur væru farnir að taka upp að útvatna saltsíld og selja

hana sem léttverkaða síld til Þýzkalands. Einhverjir munu minnast þess, að þegar sjútvn. bárust meðan síðasta þing sat fregnir um, að skilanefnd síldareinkasölunnar væri að taka upp þessa aðferð, þá bentum við þegar á þá hættu, sem af því gæti stafað á þýzkum markaði, og að nokkru leyti líka á pólskum markaði, að senda svo óvandaða vöru. Ég veit ekki, hvort stj. hefir tekið nokkuð til greina þær aðvaranir. Hitt höfum við sannfregnað, að ýmsir einstakir útflytjendur síldar hafa nokkuð gert að þessu síðastl. ár, að afvatna harðsaltaða síld og selja síðan sem matjes-síld eða léttverkaða síld til Þýzkalands. Og við höfum orð sannorðra manna fyrir því, að þýzkir síldarinnflytjendur og kunnáttumenn í meðferð síldar hafi látið í ljós undrun sína á því, að íslenzk yfirvöld skyldu líða þessa meðferð á vörunni.

Ef til vill er nú þessi síldarmarkaður — og yfir höfuð möguleikar fyrir síldarsölu — einhver stærstu og þýðingarmestu atvinnumál okkar Íslendinga sem stendur. Þegar tollur á síld var hækkaður í Þýzkalandi í september síðastl., þá mótmælti samband þýzkra síldarinnflytjenda tollinum mjög eindregið og benti á, hver ósköp af síld væri flutt til Þýzkalands frá útlöndum. Telja þeir, að Þjóðverjar verði að flytja inn yfir 1 millj. tunna árl. frá öðrum þjóðum. Þessi tala út af fyrir sig sýnir okkur þá miklu möguleika fyrir síldarsölu í Þýzkalandi og Mið-Evrópu, sem fyrir hendi eru, ef rétt er á haldið.

N. hefir flutt þetta mál með hagsmuni síldarútvegsins eingöngu fyrir augum. Síðan málið kom frá nefnd, hafa einstakir síldarútflytjendur látið í ljós, að að vísu teldu þeir rétt, að ekki væri mikið gert að því að flytja út afvatnaða síld, og yfir höfuð hafa þeir látið í ljós vanþóknun sína á þeirri aðferð. En samt sem áður hafa þeir bent okkur á það, að verið gæti, að til þessa yrði að grípa sem einskonar neyðarúrræðis. N. skilst þá, að það sé þannig, að þegar menn salta of mikið fyrir sænskan markað og lenda svo að haustinu til í vandræðum með einhvern afgang af harðsaltaðri síld, þá sé möguleiki til að minnka tapið með því að afvatna þessa síld og flytja hana til Þýzkalands. En allir kannast við, að þetta sé neyðarúrræði. Okkur hefir líka verið bent á það, að þetta gerðu aðrar þjóðir, t. d. Svíar og Norðmenn. Má vera, að það sé rétt; og um Svía er raunar vitanlegt, að þeir verka og sérverka á ýmsa lund mikið af þeirri saltsíld, sem þeir kaupa frá Íslandi. Hamborgar-fréttaritari norska fiskveiðablaðsins „Fiskets Gang" hefir ekki alls fyrir löngu skrifað um það, að það skaði mjög markað fyrir norska síld í Þýzkalandi, að Norðmenn hafi tekið upp á þeim ósið að afvatna síldina og flytja hana til útlanda.

Ef þetta er rétt hjá fréttaritaranum um hagsmuni Norðmanna í Mið-Evrópu, þá virðist liggja nærri sama ályktun um áhrif á hagsmuni Íslendinga fyrir sömu aðgerðir. Þetta getur að vissu leyti talizt fölsun á vöru, þó að síldin sé náttúrlega ekki seld þýzkum innflytjendum þannig, að vörufölsun megi teljast. Þeir fá að vita um verkun síldarinnar, en hinsvegar er mikil hætta á, að þeir geti þess lítt við neytendurna, hvort síldin er frumverkuð eða afvötnuð.

Að öllu þessu athuguðu virðist n. rétt að flytja þetta frv., þar sem beinlínis væri bannað að viðhafa þessa verkunaraðferð. En hinsvegar vitum við það — enda höfum við í tilefni af aths. ýmissa einstakra síldarútflytjenda tekið málið aftur fyrir á fundi —, að ef að því kæmi að hausti til, að síldarverkendur almennt hefðu mikinn baga af þessu banni, og að það væri sýnt, að sölumöguleikar síldar eða einhvers afgangs af sumarverkaðri síld gætu mjög við það batnað, og þar með hagur síldarútvegsins í heild, að þessu banni yrði af létt, þá vill n. benda á það, að það er dæmi þess hjá ísl. stjórnarvöldum, að ríkisstj. hlaupi undir bagga og t. d. með bráðabirgðal. leyfði útflutning þessarar síldar, ef mikið lægi við. Ísl. löggjöf er ekki svo óhagganleg, og á ekki að vera, að stj. geti ekki milli þinga gripið til að setja bráðabirgðalög, ef um mikla hagsmuni einhvers atvinnuvegar er að ræða.

Þetta ákvað n. að benda hæstv. stj. á við þessa umr. málsins, möguleikann til að draga úr ákvæðum laganna, ef síldarútveginum er stór óhagur búinn vegna þessara laga. En hinni skoðun sinni vill nefndin engan veginn víkja frá, að þessa aðferð eigi ekki að leyfa að jafnaði.

Ég hefi nýlega lesið bréf frá einum síldarútflytjanda í Hamborg. Þar er skýrt frá því, að hann liggi með reglulega góða íslenzka matjes-síld óselda, vegna þess að hin afvatnaða síld sé boðin við svo miklu lægra verði. Ef þetta er rétt, þá er sýnt, hvert tjón okkar matjes-síld, sem óhætt er að telja ágæta, er að þessu. Verkunin heppnaðist svo vel 1932, að allir virtust ánægðir með hana. Getur maður séð það í þýzkum markaðsskýrslum. En við eigum að gera allt, sem unnt er, til þess að hún sæti ekki þungum búsifjum, og verði þannig útundan vegna sölu afvatnaðrar síldar.

Um hitt ákvæði frv. skal ekki fjölyrt. Það liggur í augum uppi, að okkar góðu vörur á erlendum markaði eiga að vera auðkenndar, svo að það sjáist, að þær séu íslenzkar. Og merki útflytjanda á tunnunum er hugsað líka með það fyrir augum, að hver útflytjandi reyni að vanda sig sem bezt, til þess að fá sem bezt orð á sitt merki.

Ef til kæmi, að stj. neyddist til að gefa út bráðabirgðalög og leyfa útflutning á afvatnaðri síld, sem n. álítur, að vel geti komið til mála, þá vil ég benda á, að um leið væri nauðsynlegt að setja ákvæði um, að sú síld, sem þannig er útflutt, sé merkt mjög greinilega, svo að ekki væri um að villast, að þar væri afvötnuð síld, en ekki frumlega verkuð matjes-síld.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Út af ummælum hv. þm. Vestm. um hina afvötnuðu síld, sem ræðir um í 2. gr. frv., vil ég aðeins segja það, að mér er ekki kunnugt, hversu mikið kann að liggja af þeirri síld ennþá í Þýzkalandi. En ég skil varla, að það geti verið mikið. Hún er þá a. m. k. orðin mjög gömul, því að það, sem eftir var í fyrravor hjá einkasölunni, var tekið til bræðslu, til þess að spilla ekki markaðinum ytra.

Að því er snertir bann gegn útflutningi á afvatnaðri síld, þá hefi ég ekkert við það að athuga. Og ég vona, að hv. þm. láti það koma í þingtíðindunum, sem hann sagði um það, að stj. mætti gefa undanþágu með bráðabirgðal., ef á þarf að halda. Og ef ekki koma fram nein andmæli gegn þeirri skoðun, sem hann lét í ljós, þá lít ég svo á, að ef þetta frv. verður samþ., sé það með þessu fororði.

**Hannes Jónsson:** Ég er hræddur um, að það geti verið varhugavert, sem hér er á ferðinni. Hv. þm. Vestm. bendir á það, að talsvert mikið af þessari afvötnuðu síld muni vera flutt á þýzkan markað, og bæði Norðmenn og Svíar muni flytja slíka vöru til Þýzkalands. Nú er ég hræddur um, að ef íslenzkir saltendur gætu ekki selt sína alsöltuðu síld og yrðu að losna við hana samt sem áður, en þó ekki um svo mikið vörumagn að ræða, að stj. sæi ástæðu til að gefa út bráðabirgðalög til þess að heimila þeim útflutning á afvatnaðri síld, þá yrði afleiðingin sú, að Norðmenn og Svíar yrðu til þess að kaupa þessa síld og afvatna hana sjálfir, og kæmi hún svo eftir sem áður á þýzkan markað. Hafa þá e. t. v. innlendir framleiðendur misst af hagnaðarvoninni af því að afvatna hana og gróðinn rynni í hendur milliliða. Ef gefa á stj. einhverja sérstaka heimild um að gefa út bráðabirgðalög til að heimila slíkan útflutning, þá teldi ég rétt að hafa slíkt ákvæði í l. sjálfum, og væri stj. þá heimilað að gera undanþágu frá þeim, ef ástæða þætti til. Það er þetta tvennt, sem ég vil benda á, að þótt útflutningur á afvatnaðri síld verði bannaður, getur vel farið svo, að harðsöltuð síld íslenzk komi eftir sem áður afvötnuð á þýzkan markað, og ef á að heimila stj. að gefa út bráðabirgðalög, þá sé heimilað í l. sjálfum að gera undanþágu frá l. Annars hygg ég, að ef afvötnuð síld væri sérstaklega merkt eins og hv. þm. Vestm. benti á, þannig að það gæfi ótvírætt til kynna, hvaða vara væri hér á ferðinni, þá myndi ekki hættulegt að hafa slíka vöru á markaðnum. Og þar sem vér getum á engan hátt ráðið við, hvað Norðmenn og Svíar gera í þessu efni, þá getum við ekki útilokað afvatnaða síld frá þýzkum markaði, og skiptir ekki máli fyrir okkur, hvort hún er frá Norðmönnum eða Svíum eða héðan beint frá okkur. Hún myndi jafnt standa í vegi fyrir sölu hinnar rétt verkuðu síldar, og þessi l. mundu því engin áhrif hafa í þá átt að auka söluna á meðan einhver afvötnuð síld væri á boðstólum, hvaðan sem hún væri.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** N. hafði einmitt rætt um þetta, sem hv. þm. V.-Húnv.

talaði um, og henni virtist, að eins og sakir standa, þá væri nægilegt að láta þess getið í framsögu, að hún fyrir sitt leyti áliti þá leið vel færa, að stj. gæfi út bráðabirgðalög, ef veruleg ástæða væri til, þ. e. a. s. miklir hagsmunir síldarútvegsins. Hinsvegar mætti þetta standa í l., þótt það gefi stj. meira undir fótinn en ef einungis er getið um það í framsöguræðu. Ég gat þess að vísu, og það er rétt, eins og hv. þm. sagði, að ef til kæmi, þá þyrftu tunnurnar að vera sérstaklega merktar, en þó er engin trygging fyrir því, að fólkið, sem kaupir vöruna og neytir, fái að vita, að hér er um að ræða aðra vöru en þá réttu. Hinsvegar er ekki alls ólíklegt, að lagaákvæði, sem bannaði skakka verkun á þessari vöru, hefði áhrif á þá, sem verzluðu með síld utanlands, í þá átt, að þeir vissu, að frá Íslandi fengju þeir betri vöru en annarsstaðar frá, og því yrði þetta til að vinna íslenzkri síld álit. Einn stærsti síldarinnflytjandinn í Hamborg, sem ég held, að hafi byrjað á því að selja léttverkaða síld fyrir síldareinkasöluna á sínum tíma, kvartar undan því í bréfi 23. marz til viðskiptavinar síns hér, að afvatnaða síldin sé fyrir á markaðinum og tefji fyrir sölu á betri vöru. Hann segir, að þessi afvatnaða síld komi líka í búðirnar undir nafninu „íslenzk matjes-síld", og fólkið, sem reynir þessa vöru, er lítið ánægt með gæðin og langar ekkert til að gera nýjar tilraunir með vöruna. Þetta sýnist vera, ef rétt er með farið, ótvírætt merki þess, að stemma beri stigu fyrir, að markaðurinn sé þannig eyðilagður.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta, en vil einungis taka það fram, vegna þess, sem hæstv. ráðh. sagði, að þau ummæli, sem ég hefi haft viðvíkjandi þessu úrræði, sem til mætti taka fyrir ríkisstj., ef mikið lægi við, eru sögð samkv. áliti og fyrir hönd meiri hl. sjútvn., sem sat á fundi hér í morgun.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég er eindregið fylgjandi þessu frv. frá n. Ég held, að það sé okkur lífsnauðsyn að vanda sem bezt vöru á síldarmarkaðinn, svo að hún geti fengið sæmilegt álit. Við vitum, hvað Skotar gerðu mikið til að vanda þessa síld til Þýzkalands. Og það hefir lengi staðið í vegi fyrir því, að við gætum selt okkar síld þar, að þeir hafa ekki treyst því, að við myndum vanda hana eins vel og Skotar. En veiðin við Skotland brást fyrir þremur árum, og þá komst síldin inn á þennan markað og þótti gefast vel fyrst, þangað til farið var nærri því að svíkja vöruna, eða a. m. k. hafa hana lakari en hún átti að vera, með því að taka öðruvísi verkaða síld og flytja út sem matjes-verkaða.

Ég get hugsað mér þau einstök tilfelli, að það hefði verið óvenjumikið verkað fyrir Svíþjóð af fullsaltaðri síld og þar sé ekki markaður fyrir mikinn hluta síldarinnar, en hinsvegar mikil eftirspurn eftir matjes-verkaðri síld til Þýzkalands, og gæti þá verið ástæða til að veita einhverja undanþágu, en þó með því fororði, að kaupendur vissu um þessa ráðabreytni. Og þótt Svíar og Norðmenn flytji þangað síld, sem þeir hafa keypt hér, þá myndi það auðvitað hafa áhrif á sölu góðrar síldar frá Íslandi, en það kæmi ekki óorði á okkar síld. Tel ég, að okkur sé það lífsnauðsyn fyrir síldarútveginn, að við höfum þessa vöru svo góða, að ekki verði með rökum að henni fundið. Það er sárt að vita til þess, að menn, sem seldu mikið af matjesverkaðri síld á síðastl. hausti, sumpart suður til Þýzkalands og sumpart seldu í umboði, fyrir gott verð, en þeir, sem hafa verkað of mikið fyrir sænskan markað útvatna síldina, setja verðið niður og geta á þennan hátt spillt fyrir sölu á þeirri vöru, sem aðrir hafa byggt á að geta selt fullu verði. Ef þetta á að ganga svo, þá er að minni hyggju loku fyrir það skotið, að við getum stöðugt notið markaðs fyrir réttverkaða síld í Mið-Evrópulöndunum.

En það er sama sem að útiloka, að við getum haldið eitthvað áfram að stækka okkar síldarútveg, því að markaðurinn í Svíþjóð eyðilagðist að miklu leyti fyrir mistök síldareinkasölunnar, og þangað er ekki að venda til þess að finna markað. Það vitum við með vissu. Við verðum að byggja á Mið-Evrópulöndunum og fá álit þar.

**Hannes Jónsson:** Ég er ekki eins viss og þessi hv. þm. um, að hún sé hættulaus fyrir ísl. síldarmarkað þessi afvötnun á matjessaltaðri síld, sem hér er fram-

kvæmd af Norðmönnum og Svíum. En mér skildist eiga að vera eitt merki á þessari síld, hvort sem hún væri lin- eða harðsöltuð. Og ef Norðmenn eða Svíar afvatna hana hjá sér og láta hana svo í sömu umbúðum til Þýzkalands og selja hana sem afvatnaða síld, þá er þetta komið í nákvæmlega sama farið og þótt síldin hefði verið afvötnuð hér heima. Ég efast um, að þetta yrði á nokkurn hátt talin vörufölsun. Þetta er íslenzk síld. Þeir mundu hafa selt hana sem íslenzka afvatnaða síld. Hér þyrfti að vera tvennskonar merki á þessum tegundum, sem gæfu til kynna, um hvaða vöru væri að ræða. Þá væri það linsöltuð síld og harðsöltuð. Og ef það á yfirleitt að geta komið fyrir, að íslenzk síld komi á þýzkan markað, þá sé ég ekkert á móti því, að hún komi beint héðan. En svo er eitt, sem ég minntist á, að þurfi að fara að gefa út sérstök bráðabirgðalög til þess að heimila stj. að veita undanþágu í stað þess að hafa það í l. sjálfum, að stj. sé heimilt að veita undanþágur, ef sérstaklega stendur á. (**JJós:** Það þarf engin sérstök l. að gefa út fyrir stj.). Mér hefir skilizt á ráðh., að hann teldi sig nauðbeygðan til að gefa út sérstök l. (**JJós:** Já, að stj. gæfi út bráðabirgðalög). Því þá ekki að setja þau ákvæði strax í l., að stj. megi víkja frá þeim. Æskilegra hefði verið, að sjútvn. hefði snúið sér að því að tryggja það, að linverkuð ísl. síld kæmi með sérstöku merki á markaðinn, og að harðsöltuð síld væri með sérstöku merki og gæti aldrei komið á þýzkan markað öðruvísi en í umbúðum, sem harðsöltuð síld, eða þá í nýjum umbúðum, svo að ekki gæti orðið neinn efi um, að slík síld hefði ekki verið flutt þannig út frá Íslandi, eða þá að útiloka ísl. afvatnaða síld frá þýzkum markaði, sem ég skal ekki deila um, hvort mun vera rétt eða ekki, þótt mér sýnist það vafasamt, nema þá að svo mikið berist að af þessari síld. Annars er ég ekki svo kunnugur þessum málum, að ég geti vel um þau dæmt, en mér finnst þetta vera fullfljótfærnisleg afgreiðsla.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég kannast við, að þetta er rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., og að merkið eins og það er gildi fyrir allar tegundir síldar, sé ekki eins fullkomið og ef það væri skilgreint fyrir hverja verkunaraðferð. Og með því að nú er 3. umr. málsins, þá vil ég í samráði við meðnm. mína biðja þess, að málið sé nú tekið út af dagskrá, svo að n. geti þá borið sig saman við hv. þm. V.-Húnv. og aðra, sem vilja hafa merkin þannig, sem hann lýsti, því ávallt er skylt að hafa þann umbúnað hvers máls, sem líklegur er til að reynast réttari, og gott að taka bendingum til lagfærslu hvers máls.

Umr frestað.

Á 71. fundi í Nd., 11. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 577, 623).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Þessari umr. var nýlega frestað, svo að n. gæti borið sig saman um breyt. á orðalagi frv. Nú ber n. fram brtt. á þskj. 623, sem ég vona, að hv. d. geti fallizt á. 1. gr. er ekki efnisbreyt., heldur aðeins breyt. á orðalagi, og það sett inn í, að það, sem ekki er beinlínis ákveðið í lögunum, verði ákveðið með reglugerð, sem ráðh. setur. Okkur í n. er það ljóst, að þegar á að auðkenna síldina eftir verkunarstigi, verða auðkennin afarmörg. Það yrði t. d. sérstakt auðkenni fyrir harðsaltaða síld, kryddsíld, sykursaltaða, léttverkaða og fleiri tegundir, sem ég nenni ekki upp að telja. Hæstv. stj. getur, um leið og reglugerðin er samin, borið sig saman við þá menn, sem síldarverkun eru vanir og þekkja þess vegna vel allar verkunaraðferðir. Ætlast n. til, að álit þessara manna verði tekið til greina við samning reglugerðarinnar.

Þá urðu nokkrar umr. um 2. gr. frv., og þótti hv. þm. V.-Húnv. ekki heppilegt, að stj. gæfi út bráðabirgðalög, er heimiluðu útflutning á afvatnaðri síld. N. hefir fallizt á að breyta 2. gr. með nýrri málsgr., svo hljóðandi:

„Heimilt er þó ráðherra, ef brýn nauðsyn ber til, að veita undanþágu frá þessu fyrir ákveðið magn og eina sendingu í senn, enda sé slík síld auðkennd með sérstöku merki, er ráðherra ákveður, og þess getið í farmskjölum, að um afvatnaða síld sé að ræða".

Þó að þarna séu reistar nokkrar skorður, þá telur n. samt rétt að veita þessa

heimild, ef brýn og almenn nauðsyn síldarútflytjenda ber til. Og þessi heimild á ekki að gilda fyrir óákveðinn tíma og óákveðið magn, heldur fyrir ákveðnar sendingar og ákveðinn tíma. Ef til þessa kemur, þá ber og að merkja þessa síld alveg sérstaklega, svo að það sjáist, að hér er ekki um frumpökkun að ræða, heldur afvatnaða síld.

**Hannes Jónsson:** Hv. sjútvn. hefir tekið þetta frv. til meðferðar að nýju og hefir tekið aths. mínar til greina. Þó eru eftir aðalákvæði frv. þar sem settar eru hömlur á útflutning á afvatnaðri síld. Það er allt á valdi ráðh., hvernig hann metur nauðsynina á þessum útflutningi í hverju einstöku tilfelli. Ég skil ekki, hvað vakir fyrir n. Hún óttast mjög, að afvatnaða síldin minnki markaðinn í Þýzkalandi. En ef ekki er hægt að útiloka afvatnaða síld frá erlendum markaði, þá er takmarkinu ekki náð, nema að litlu leyti. Ég hefði kosið, að upplýsingar hefðu legið fyrir um það, að hve miklu leyti afvatnaða síldin hefir spillt fyrir linsöltuðu síldinni í Þýzkalandi. En ekkert slíkt liggur nú fyrir.

Það, sem ég vildi segja, var aðallega það, að ég vildi beina því til hæstv. stj., að hún yrði ekki mjög ströng í kröfum sínum þegar meta á nauðsynina á útflutningi, því að ef hún verður mjög ströng í þessu efni, þá skaðar það síldarútflytjendur, skaðar ef til vill án þess nokkur annar hafi hagnað af.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Hv. þm. V.-Húnv. virtist vera sæmilega ánægður með orðalagið, en kvartaði undan því, að upplýsingar vantaði um það, að hve miklu leyti afvatnaða síldin gæti spillt fyrir á þýzka markaðinum. Við vitum, að þetta hefir verið athugað í heild, eins og áður hefi ég sagt, en n. gat ómögulega að svo stöddu haft upp á þessum upplýsingum hverri út af fyrir sig. Hitt get ég aftur á móti upplýst hv. þm. um, hverjum við eigum að þakka þær ógöngur, sem síldarmarkaðurinn er kominn í. Það eigum við að þakka síldareinkasölunni, sem hv. þm. V.-Húnv. þótti svo vænt um og barðist fyrir á sínum tíma. Hún tók upp á því í vandræðum sínum að afvatna harðsaltaða síld og senda til Þýzkalands. En þegar norskir útflytjendur urðu þess varir, þá tóku þeir upp þetta bjargráð. Hamborgarfréttaritari fiskitímaritsins „Fiskets Gang" skrifar í marz í vetur, að talsvert sé farið að bera á því, að Norðmenn taki upp sömu tjónsaðferðina um síldarsölu eins og byrjað var á á Íslandi. Í greininni er lögð áherzla á, að þetta skaði markaðinn stórkostlega.

Ég held, að það sé alls ekki rétt af hv. þm. og beinlínis óviðeigandi að gefa stj. undir fótinn að vera liðleg, að vera ekki ströng í kröfum sínum gagnvart þessu. Ég vildi miklu fremur taka hitt fram, að hún ætti ekki að nota þessa heimild nema brýn og almenn nauðsyn beri til. Það þýðir lítið að vera að banna útflutning á þessari vörutegund, ef jafnframt er gefið undir fótinn, að hægt sé að fá leyfi og undanþágu, hvenær sem einhverjum þóknast að biðja um slíkt. Hér sem annarsstaðar verður að meta þjóðarheill framar en hagsmuni einstakra manna.

**Hannes Jónsson:** Þær voru auðvitað mikils virði, upplýsingarnar, sem hv. frsm. n. gaf um það, hverjir hefðu gert þá uppgötvun að afvatna síld til að senda á markaðinn. Mér er ekki kunnugt um, hvort þessar upplýsingar eru réttar (**JAJ:** Þær eru alveg réttar. Þær eru í skýrslum nefndarinnar). Mér skildist hv. frsm. líta á þetta sem einhvern alveg einstæðan hlut og sem eitt af hermdarverkum nefndarinnar. En hið sama verður þá náttúrlega að segja um Norðmenn sem um síldareinkasöluna í þessu efni, því að þeir hafa líka gripið til þessa ráðs. Hv. frsm. sagði, að þetta hefði orðið þeim til tjóns og ófarnaðar. En þá finnst mér það ákaflega einkennileg till., að veita megi undanþágu til þess að afvatna harðsaltaða síld og setja hana á markaðinn. „þegar brýna nauðsyn ber til þess". Hvenær er brýn nauðsyn á að taka upp fyrirkomulag, sem er til stórtjóns fyrir heilan atvinnuveg?

Það er mótsögn í þessu hjá hv. þm. Og ef það hefir ekki verið betur athugað eða dýpra hugsað en þetta, þá held ég, að með því að bera fram þetta frv. sé verr farið en heima setið.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég finn enga ástæðu til að fara út í deilur um þetta mál. En ég vil benda á, að mér skilst, að meiningin með þessu frv. hjá sjútvn., að því er snertir afvötnuðu síldina sérstaklega, sé sú, að fyrirbyggja það, að hægt sé að setja afvötnuðu síldina á markaðinn sem „originala" vöru eða sem síld, sem upphaflega hafi verið meðhöndluð á þann hátt, að léttsalta hana. Þess vegna sýnist mér rétt að heimila undanþágu í þessu efni. Því að þótt þessi afvatnaða síld sé flutt út, þá eru það engin svik, og ætti það því ekki að geta spillt markaðinum, ef sagt er, hvernig á stendur um síldina. Það er þetta, sem mér skilst, að liggi í till. hv. sjútvn., og þessu er ég algerlega sammála.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég er ekki ánægður með þann skilning, sem hæstv. ráðh. hefir á vilja sjútvn. í þessu efni. Það er ekki vilji n., að þessi undanþága sé veitt hverjum sem þess kann að óska, bara ef varan er auðkennd með sérstöku merki. **(Dómsmrh.:** Það sagði ég heldur ekki). Heldur leggjum við hina mestu áherzlu á það, að undanþága sé ekki veitt, nema brýna nauðsyn beri til, og náttúrlega að því tilskildu, að varan sé merkt réttilega.

Þm. V.-Húnv. var að sperra sig út af þessu og vildi láta svo heita, að mótsögn væri í till. sjútvn. Þar er alls ekki til nein mótsögn. Það er vitanlega verið að fara út á nýja braut um verkun á íslenzkri vöru, þar sem er léttverkuð síld. En það hefir tekizt svo illa til, að um leið og síldareinkasölunni hugsaðist að léttverka síld til útflutnings og hún komst að því, að hún mundi seljast í Þýzkalandi, þá tekur hún upp það óheillaráð, til að forða sér frá tapi, að setja inn á þennan markað 2. flokks eða jafnvel 3. flokks vöru af þessu tægi. Við höfum í n. mörg bréf, vel rökstudd, frá merkum mönnum, sem ég gæti lesið upp, um það, að í Þýzkalandi er litið hornauga til þessa útflutnings af þeim, sem neyta vörunnar. En hinsvegar benda ýmsir útgerðarmenn á það, að í sumum tilfellum geti þeir minnkað tap af því að hafa harðsaltað of mikið, með því að flytja út svona afvatnaða síld. Skýrsla um það, hve mikið hefir verið að þessu gert, liggur ekki fyrir. En n. vill gera þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að fyrirbyggja það, að markaðurinn sé skemmdur með þessu. Hún hefir viljað taka tillit til hvorstveggja, hinnar almennu nauðsynar á að senda góða vöru á markaðinn, og líka hins, að komið getur til mála að slaka á þessu undir alveg sérstökum kringumstæðum. Þetta er till. n., og hún er nægilega skýrt orðuð til þess, að allir geti skilið, nægilega skýr fyrir alla aðra en þá, sem gera leik að því að snúa út úr orðum annara.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég ætla aðeins að leiðrétta þann misskilning hjá hv. þm. Vestm., er hann álítur að ég mæli með því að vera rífur á undanþágum um útflutning afvatnaðrar síldar. Það, sem ég tók fram, átti aðallega við það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að aldrei væri brýn þörf á að spilla markaðinum. En svo heldur hv. þm. Vestm., að ég hafi verið að tala þetta til sín. Ég var aðeins að reyna að sýna fram á, að það getur verið rétt, þegar í óefni er komið, að senda vöru í öðrum búningi en hún hafði upphaflega, en þá má ekki svíkja á því, heldur segja frá því hreinskilnislega. Þetta vildi ég benda á, vegna orðaleiks hv. þm. V.-Húnv. um „að aldrei væri brýn nauðsyn á því, sem skaðaði okkur".

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég skil till. hv. sjútvn. svo, að sú eina nauðsyn, sem sé á undanþágu í þessu efni, sé þegar svo stendur á, að vöntun er á léttsaltaðri síld í Þýzkalandi, og jafnvel Póllandi, og hinsvegar er svo mikið til af fullsaltaðri síld, að ekki er markaður til fyrir hana alla, og að í þeim tilfellum einum verði undanþága veitt.

Ég vil alvarlega vara við því að veita undanþágur í öðrum tilfellum en þessum. Við erum hér að vinna okkur markað, sem við vonum, að verði síldarútveginum hin bezta stoð í framtíðinni, og við megum ekki vera svo óforsjálir að spilla honum þegar í upphafi. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að ekki væri skaðlegt, þótt tap síldareinkasölunnar hefði verið lækkað, má segja, að það var að vísu ekki skaðlegt í bráð. En það er alveg áreiðanlegt, að síldin, sem einka-

salan sendi, hefir svo vont álit, að margir þýzkir menn, sem fluttu inn síld þessa, vildu ekki gera það næsta sinn á eftir. Ég er viss um, að það hefir skaðað útflutning okkar á síld til Þýzkalands margfalt meira en sem því nemur, er síldareinkasalan vann á því að senda síldina þannig meðhöndlaða þangað, án þess að láta neytendurna vita um það, hvernig ástatt væri með vöruna.

ATKVGR.
Brtt. 623,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 623,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 649).

Á 71. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 76. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 649, n. 710).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd., og er efni þess aðallega tvennskonar. Í 1. gr. frv. er ákveðið, að sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skuli vera auðkennd þannig, að það sjáist, að síldin sé íslenzk framleiðsluvara og á hvern hátt hún er verkuð, ásamt einkennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á. Svo sem kunnugt er, þá er eins og stendur ekkert lögskipað síldarmat hér á landi. Og þess vegna er nauðsynlegt að ákveða með lögum, að síldin beri merki þess, að hún sé íslenzk vara, og enn fremur hver sé útflytjandi. Í 2. gr. frv. er svo fyrir mælt, að bannað er að afvatna síld, sem áður hefir verið söltuð, ef hún er ætluð til útflutnings. En í gr. er þó gert ráð fyrir, að ráðh. megi veita undanþágu frá þessu, ef brýna nauðsyn ber til, og þó aðeins fyrir ákveðið magn og eina sendingu í senn. Ástæðan fyrir þessu er sú, að á síðustu missirum hefir það komið fyrir, að íslenzkir síldarútflytjendur hafa tekið upp það ráð að útvatna áður saltaða síld og selja hana til útlanda sem linsaltaða síld. En eins og allir vita, sem til þekkja, þá mun slík meðferð nálgast það að eyðileggja vöruna. Og slík síld, sem þannig er aftur linsöltuð, verður aldrei annað en léleg vara, er leiðir til þess, að kaupendurnir hvekkjast á síldinni, ef þeir hafa álitið hana fersklinsaltaða. Þetta virðist nauðsynlegt ákvæði, og er full ástæða til að grípa hér í taumana. Því að ef þessu verður haldið áfram, má búast við, að það leiði til stórtjóns eða eyðileggingar á síldarmarkaðinum erlendis.

Sjútvn. hefir athugað frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt í aðalatriðum. En hinsvegar virðist n. dálítið athugavert við sektarákvæðin í 3. gr. Þau ættu ekki að vera undir einum lið, þannig að samskonar sektir séu ákveðnar við brotum gegn 1. og 2. gr. frv. Þau brot, sem kynnu að verða framin gegn 1. gr., eru allt annars eðlis en brot gegn 2. gr. frv. Það má segja, að brot gegn 1. gr. stafi oftast af vanrækslu eða óaðgætni, og þó á að liggja jafnþung refsing við því eins og ef brotin væru skýlaus fyrirmæli 2. gr., sem getur valdið miklu peningalegu tjóni. Hinsvegar eru litlar líkur til, að brot gegn 1. gr. valdi tjóni, nema ef til vill hlutaðeiganda sjálfum. Þess vegna leggur n. til með brtt. á þskj. 710, að 3. gr. orðist þannig: „Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 50—1000 kr., en gegn 2. gr. 1000—10000 kr., og renna þær í ríkissjóð".

Að öðru leyti hefi ég ekki meira um frv. að segja fyrir n. hönd, en vil aðeins mælast til þess, að hv. þd. samþ. það með þeirri breyt., sem n. leggur til.

**Jón Baldvinsson:** Það er vafalaust, að ákvæðin í 1. og 2. gr. þessa frv. eru til bóta. Þó er það vafasamt, að ákvæðin í

1. gr. nái nægilega langt. Í grg. frv. er raunar talað um það, að ríkisstj. eigi að kynna hið íslenzka merki síldarinnar erlendis. En betra hefði verið, að það ákvæði hefði staðið í lögunum sjálfum, svo að það félli ekki niður.

En svo er það annað, sem ég vildi gera aths. við. Í 1. gr. frv. er ekkert kveðið á um það, hvort útflytjendur þeirrar síldar, sem merkt er íslenzku merki, séu innlendir eða erlendir. Ég álít rétt, að upp í 1. gr. frv. verði tekið ákvæði á þá leið, að hið íslenzka auðkenni skuli aðeins vera á þeirri síld, sem veidd er á íslenzkum skipum. Mér finnst þetta gott og þarft ákvæði, því að búast má við, að Norðmenn hrúgi hér síld á landi í stórum stíl, a. m. k. þetta ár, og ef til vill lengur, samkv. þeim heimildum, sem norski samningurinn veitir þeim. Og þess vegna væri ekki óeðlilegt, að við Íslendingar sendum okkar síld á markaðinn undir sérstöku merki, þar sem vitanlegt er, að sú síld, sem veidd yrði á íslenzkum skipum og söltuð á beztu söltunarstöðvunum hér á landi, yrði miklu betri vara en síld Norðmanna, sem leppar nir hafa meðgerð með hér og þar við misjafna aðstöðu. Það eru miklar líkur til þess, að hinir stærri síldarútflytjendur, sem salta á hinum betri stöðvum, fái betra verð fyrir sína síld, ef það er vitað, að síld þeirra, sem veidd er á íslenzkum skipum, er sérstaklega merkt með íslenzku auðkenni. Enda er það nokkurn veginn óhugsandi, að íslenzk skip fari að selja norskum leppum síld. Norðmenn hafa að líkindum sjálfir nægilegan skipaflota handa þeim, eftir því sem sagt er. Ég vil skjóta því til hv. n., hvort hún getur ekki fallizt á eða séð sér fært að taka þetta atriði inn í frv., og eins um að skylda stj. til þess að kynna erlendis merki íslenzkrar síldar, sem veidd er á ísl. skipum. Ég álít, að það sé þýðingarlítið fyrir okkur að ætla að vinna upp markað erlendis fyrir síld, sem Norðmenn afla og leggja hér á land.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þessar aths. hv. 2. landsk. eru þess eðlis, sérstaklega sú síðari, að það er erfitt að svara þeim án þess að athuga málið nánar. Að því er fyrri aths. snertir, um að lögbinda ríkisstj. til þess að kynna auðkenni eða merki íslenzkrar síldar erlendis, er það að segja, að ég sé ekki sérstaka ástæðu til þess. Hinsvegar mundi það ekkert saka. Ég geri ráð fyrir, að síldarútflytjendur kosti kapps um að kynna þetta merki sjálfir. **(JBald:** Já, bara sérmerki sín). Auðvitað kynna þeir líka aðalmerki íslenzkrar síldar. Ég fæ ekki séð, að þetta sé stórt atriði, en geri þó ráð fyrir, að n. athugi það til 3. umr.

Síðara atriðið, sem hv. 2. landsk. vék að, um að auðkenni eða merki íslenzkrar síldar skuli aðeins vera á þeirri síld, sem veidd er á íslenzkum skipum, þarf meiri athugunar við, og skal ég ekkert um það segja nú að svo stöddu, en geri ráð fyrir, að n. athugi það gaumgæfilega til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 710 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 23. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 740, 741).

**Jón Baldvinsson:** Eins og ég gerði ráð fyrir við 2. umr., hefi ég borið fram brtt. við frv. á þskj. 741. Brtt. gengur í þá átt, að sú útflutningssíld ein fái íslenzkt auðkenni, sem veidd er á íslenzkum skipum.

Mér þykir ekki ástæða til að tryggja útlendingum, og þá einkum Norðmönnum, að þeir geti komizt undir íslenzka merkið og þar með fengið betri markað, ef til vill, og betri aðstöðu í samkeppninni. Ég álít, að þingheimur eigi sóma síns vegna að samþ. þessa brtt. í einu hljóði, þar sem ég fæ ekki skilið, að hún gæti komið í bága við samninga vora við Norðmenn.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Sjútvn. hefir athugað brtt., og niðurstaðan varð sú, að n. gat ekki séð fram á, að nokkuð væri

unnið við að samþ. ákvæði í þessa átt, en hinsvegar ljóst, að ómögulegt væri að framfylgja þeim. Hvernig á að hafa eftirlit með því, að síldarkaupandi á Siglufirði eða Hrísey, sem kaupir síld bæði af norskum og íslenzkum skipum, hafi eitt merkið á síld, sem Norðmenn hafa veitt, og annað á þeirri, sem öfluð er af Íslendingum? Þetta yrði ekki hægt að „kontrollera", nema hafa eftirlitsmann á hverri stöð. Að það gæti spillt fyrir íslenzkri síld, að íslenzkt auðkenni væri á síld, sem veidd er af Norðmönnum, getur ekki átt sér stað, nema norska síldin væri lakari en sú íslenzka, en til þess eru engar líkur. Virðist því engin ástæða til að vera að lögleiða ákvæði, sem eru alveg þýðingarlaus, en gætu þó bent til óvildar í garð annarar þjóðar. Þessi lög gætu ekki haft önnur áhrif. N. leggur því til, að till. verði felld.

**Jón Baldvinsson:** Það kom ljóst fram í ræðu hv. 2. þm. S.-M., að n. er hrædd við norsku samningana og þorir ekki að setja þetta ákvæði í lögin vegna þeirra. Hv. þm. sagði, að ekkert væri unnið við þessa löggjöf og ekki hægt að framfylgja henni. En ákvæðið á að setja til þess, að íslenzk skip geti fyrst og fremst selt sína síld. Má vera, að eitthvað yrði farið í kringum ákvæðið, en síldarsaltendur myndu þó hafa gætur hver á öðrum, og þeir, sem kaupa síld af íslenzkum skipum, myndu engan hag hafa af því, að farið væri kringum lögin, heldur hið gagnstæða. Ákvæðið er til að örva síldarsaltendur til að kaupa síld af íslenzkum skipum fremur en útlendum. Það er ekki borið fram af neinni óvild í garð Norðmanna, heldur til að vernda innlenda atvinnu. Þótt eitthvað yrði farið í kringum það, myndi ávallt leiða af því mikið gagn.

**Jakob Möller:** Það er augljós misskilningur hjá hv. 2. landsk., að þótt slíkt ákvæði sem þetta yrði sett, yrði það til að greiða fyrir sölu síldar af íslenzkum skipum. Skilyrðið til þess, að svo mætti verða, er það, að sú síld væri betri en önnur, en fyrir því er engin trygging og engar líkur. En þetta felur í sér þá áhættu, að þegar farið yrði að salta hér norska síld með norsku merki, er undir hælinn lagt, hvort merkið fær betra orð. Ekkert er líklegra en að Norðmenn legðu sig einmitt í framkróka með verkunina, svo að þetta ákvæði gæti jafnvel verkað þveröfugt við það, sem flm. ætlast til.

Þessi sundurgreining getur ekki á nokkurn hátt bætt sölu íslenzkrar síldar. Þar að auki er mikið vafamál, hvort rétt sé að gera þennan greinarmun, þar sem öll vinna að síldinni í landi er íslenzk, og í henni liggur máske aðalverðið.

**Jón Baldvinsson:** Ég geng út frá því, að síld, sem veidd er af Norðmönnum, sé ekki lakari en sú, er Íslendingar veiða. En ég vona líka, að þau ósköp standi ekki lengi, að Norðmenn sitji svo yfir rétti okkar sem norsku samningarnir bera vitni um, og ef Íslendingum er gert hægara fyrir að selja síld sína, er það hagur fyrir okkur. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að komið gæti fyrir, að norsk síld reyndist betri en sú íslenzka. Vel má vera, að sumt af norsku síldinni yrði svipað, en yfirleitt mundi hún lenda hjá hinum smærri saltendum, sem ekki hafa eins góðan útbúnað né æft fólk og stærstu stöðvarnar.

Ég þykist þess fullviss, að hv. 1. þm. Reykv. sé mér sammála um það, að að því beri að keppa, að Norðmenn geti ekki keppt við oss í landi, svo sem þeim hefir verið gert kleift með norsku samningunum.

**Jakob Möller:** Nú á að byrja með því að merkja sérstaklega síld, sem veidd er af íslenzkum skipum, en það eru engin skilyrði fyrir því, að hún seljist betur en síld af norskum skipum, það er reynslan, sem verður að skera úr um þetta, og hún er enn ekki fengin. Ef reynslan yrði sú, að síld veidd af íslenzkum skipum seldist betur en af norskum, þá fyrst væri vit í því að fara að sérmerkja íslenzka síld. Ef reynslan yrði öfug, þannig að íslenzk síld reyndist verr, þá er augljóst, að tjón yrði að því að einkenna hana. Hv. þm. talaði um, að stóru síldarstöðvarnar mundu eingöngu salta síld af íslenzkum skipum. Þetta er óvíst, en þó svo færi, þá er það engin trygging; það er engin ástæða til að ætla, að síldin verði verr verkuð á minni stöðvunum. (**JBald:** Þær hafa verra söltunarplass). Þær hafa ekk-

ert verra pláss. Þær geta haft alveg jafngóð skilyrði í hlutfalli við sína umsetningu, og þær geta einmitt náð í betur kunnandi fólk. Það er einmitt ástæða til að ætla, að það verði vel færir menn, sem taka að sér söltun fyrir Norðmenn. Það er einmitt ástæða til að ætla, að það verði gamlir síldarmatsmenn, sem nú eru atvinnulausir, sem taki að sér það verk. Mér þykir því sýnt, að það sé engin ástæða til að ætla, að síld frá íslenzkum skipum standi nokkuð betur að vígi, en við getum aftur á móti átt það á hættu, að hin reynist betur, og þá verður þessi sérmerking á íslenzkri síld aðeins til þess að bæta markaðinn fyrir Norðmenn.

ATKVGR.
Brtt. 741 felld með 7:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 740).

Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 814).

---

## 65. Innlánsvextir.

Á 24. fundi í Nd. 14. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um bann við því, að bankar og aðrar lánsstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands ákveður** (þmfrv., A. 151).

Á 26. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þetta litla frv. er skýrt og greinilegt og mælir með sér sjálft. Á síðustu árum hefir verið rætt um það, að Landsbankinn lækkaði innlánsvöxtu til þess að geta lækkað útlánsvöxtu. En á þessu var sá hængur, að til þess að þetta væri framkvæmanlegt, urðu aðrar peningastofnanir að fylgja með. Hér er það ekki eins og víðast hvar erlendis, að seðlabanki ríkisins ákveði vaxtapólitík landsins, en með þessu frv. eru Landsbankanum falin yfirráð yfir vaxtapólitíkinni. Enda er það skilyrði til þess, að hægt sé að lækka vöxtu af innstæðufé, því að væru engar reglur til um slíkt, gætu aðrar lánsstofnanir dregið til sín innstæðu með því að bjóða hærri vöxtu en Landsbankinn, og er því sjálfsagt að leggja öllum peningastofnunum landsins þær skyldur á herðar að fylgja Landsbankanum í þessu atriði. Í frv. felst, að Landsbankanum er treyst til þess að ákveða eðlilega innlánsvexti, og held ég, að ekki þurfi að óttast, að Landsbankinn hagi þessu ekki samkv. vilja Alþingis. Hér er farin leið, sem er í fullu samræmi við stefnu og starf Landsbankans. En á því er hin brýnasta nauðsyn fyrir allan atvinnurekstur landsmanna, að innláns- og útlánsvextir séu ekki hærri en brýn nauðsyn peningamarkaðsins heimtar. En það er engin sanngirni í því, að þeir, sem renta innlánsfé, beri allt tapið, sem hlýzt af því að hafa vöxtu jafnháa á vondum árum og góðum. En það er ekki hægt að ákveða nú þegar, hvað mikið þing og þjóð kemur til með að hlaupa undir bagga við greiðslu á vaxtamismuninum, fyrr en Landsbankinn er búinn að ákveða, hvað mikil lækkun komi til greina. — Að lokum óska ég þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjhn.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég vildi leyfa mér að gera eina fyrirspurn til hv. flm. Ég sé ekki af orðalagi 1. gr., hvort tilgangurinn sé sá, að fá Landsbankanum vald í hendur til þess að ákveða vöxtu af innstæðufé um land allt, eða hvort átt er við, að enginn megi greiða hærri vöxtu, en aftur á móti lægri, en Landsbankinn. En 1. gr. má skilja svo, að bankinn fái óskorað vald til þess að ákveða innlánsvöxtu t. d. í sparisjóðum úti um land, og megi hvergi fara upp eða niður fyrir það mark, sem bankinn setur. Annars ætla ég mér ekkert að ræða um efni frv. á þessu stigi málsins. Svipaðar ráðstafanir hafa verið gerðar á síðustu árum í ýmsum ná-

grannalöndunum, en ekki fengin sú reynsla enn af framkvæmd þeirra, sem nokkuð verði byggt á.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Fyrirspurn hv. 4. þm. Reykv. er ekki ástæðulaus. Ég játa það, að orðalag 1. gr. er ekki heppilegt, og skýt því til hv. n. að breyta orðalaginu á þá leið, að ekki verði sagt, að Landsbankinn ákveði vextina, heldur það, að engin peningastofnun megi greiða hærri vöxtu af innstæðufé því, sem henni er fengið til ávöxtunar, en Landsbankinn ákveður. En vitanlega er öllum heimilt að taka lægri innlánsvöxtu en Landsbankinn.

Hv. þm. sagði, að engin veruleg reynsla væri til um það fyrirkomulag, sem hér er farið fram á. Ég vil halda því fram, að sú reynsla sé einmitt til staðar hér í nágrannalöndunum. Þar ákveða þjóðbankarnir allt um slíka hluti. Þegar þjóðbankarnir breyta um vöxtu, þá fylgjast aðrar peningastofnanir ósjálfrátt með. Þetta ósjálfráða vald er ekki komið eins inn í huga fólks hér á landi og erlendis, en þessi l. eiga að hjálpa Landsbankanum til þess að ná þessu valdi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 244).

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Fjhn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. með smávægilegum breyt., svo sem sjá má á nál. á þskj. 244, og má ef til vill segja, að breyt. séu aðallega orðabreyt., en þó breytir 1. brtt. talsverðu hvað efni frv. snertir. Í 1. gr. frv. er lagt bann við því, að bankar, sparisjóðir eða aðrar þær stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi, greiði hærri vöxtu af innlánsfé en Landsbanki Íslands ákveður. N. áleit rétt, að þetta bann næði einnig til þeirra stofnana annara, sem taka á móti fé á vöxtu, þó að þær reki aðeins aðra hlið sparisjóðsstarfsins, taki aðeins fé til ávöxtunar í eigin rekstri, en láni ekkert út. Ég býst við, að það yrðu aðallega innlánsdeildir kaupfélaga og annara samvinnufélaga, sem þarna kæmu undir. Án þess að þetta ákvæði væri sett, óttaðist n., að það gæti dregizt meira fé en góðu hófi gegndi frá bönkum og sparisjóðum til þeirra stofnana, sem þessi l. næðu þá ekki yfir. N. lítur svo á, að séu ekki sett eins ákvæði fyrir allar þær stofnanir, sem ávaxta fé, nái l. ekki þeim tilgangi sínum að lækka vöxtu yfirleitt. Og ég geri ráð fyrir því, að það sé líka nokkuð vafasamt, hvort þær stofnanir, sem hér koma til greina, hafi nokkuð gott af því að greiða hærri vöxtu en aðrar stofnanir, sem ávaxta fé og gefa þannig tilefni til óeðlilega mikils aðstreymis af peningum til sín. Gæti það komið þeim í koll síðar.

2. og 3. brtt. n. eru aðeins orðabreyt., en þó gæti orkað tvímælis, hvað átt sé við með orðalagi frv. um það, að bankar og sparisjóðir megi ekki greiða hærri vöxtu en „Landsbankinn ákveður". Þetta gæti skilizt sem svo, að Landsbankinn mætti ákveða vöxtu annara banka án þess að fara eftir því sjálfur. Ég hygg þó, að þetta hafi ekki verið meining flm., en n. vildi þó taka af öll tvímæli í því efni og leggur til, að breytt verði orðalagi bæði í fyrirsögn frv. og 1. gr. þess, svo, að í stað „ákveður" komi: greiðir.

Ég hefi þá gert grein fyrir þessum fáu brtt., sem n. flytur. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara almennt út í frv., en læt mér nægja að vísa til grg. þess og framsögu flm. Allir vita, að það er eitt hið mesta nauðsynjamál atvinnuveganna að lækka vextina. Þetta frv. er að vísu ekki beint um vaxtalækkun, en það er þó nauðsynlegt spor í þá átt, að almennri vaxtalækkun verði komið við. Útlánsvextir lækka ekki að ráði án þess að innlánsvextir lækki um leið, nema til of mikillar byrði fyrir ríkissjóðinn. Og skilyrði til þess, að hægt sé að samræma vaxtagreiðslur allra peningastofnana í landinu, er það, að einhverri stofnun væri veitt lagaleg forysta í þessu máli, og mun flestum koma saman um það, að engin stofnun er hæfari til slíks en Landsbankinn.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég þakka hv. n. undirtektir hennar. Brtt. hennar eru allar sjálfsagðar. Ég vona, að ef frv. verður að lögum, verði það til þess,

að Landsbankinn fari eins langt niður með innlánsvöxtu og mögulegt er.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. Allir vita, að frv. þetta er borið fram í þeim tilgangi að lækka vöxtu. En ég vil benda á það, að sama hættan, sem á að afstýra með frv., er til eftir sem áður, — hún færist aðeins fjær. Nú er það svo, að mjög væri erfitt fyrir einn banka að lækka innlánsvöxtu, því að hætta væri á því, að það mundi draga um of fé til keppinauta hans. T. d. ef Landsbankinn ætlaði sér að lækka innlánsvöxtu, mundi það verða vatn á myllu keppinauta hans hér í bænum. Auðvitað er loku skotið fyrir það með þessu frv., en þó er það ekkert bann gegn því, að menn taki peninga sína út úr bönkunum og ávaxti þá öðruvísi. T. d. er hætt við því, að menn verji miklu meira af fé sínu til verðbréfakaupa en nú er.

Í brtt. n. um, að í stað orðsins „ákveður" komi: greiðir, liggur meira en orðabreyting. Það má vera, að hv. flm. hafi átt við það upphaflega. En með því er sviðið þrengt nokkuð mikið. Ég er ekki viss um, að það sé eðlilegt, að allar peningastofnanir greiði nákvæmlega sömu vöxtu og Landsbankinn. Ég held, að betra væri að hafa orðið „ákveður". Annars er ég hræddur um, að þær stofnanir, sem hafa ríkisábyrgð, verði drjúgar á að draga að sér fé, ef aðrar stofnanir mega ekki greiða örlítið hærri vöxtu. Ef orðalag frv. er aftur á móti þannig, að Landsbankinn ákveði vextina, er opin leið fyrir bankann til að hliðra til við sparisjóði og aðrar stofnanir, sem ekki hefðu ríkisábyrgð, svo þær mættu greiða t. d. ½% hærri vöxtu en Landsbankinn.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um það, að nauðsyn ber til þess að lækka útlánsvöxtu, og að það sé rétta leiðin að byrja á því að lækka innlánsvöxtu. En ég álít, að þetta frv. gangi of skammt. — Ennfremur álít ég ekki heppilegt að leggja það á vald stj., hve háir vextir séu, en Landsbankinn gerði sennilega aldrei neinar ákvarðanir um það öðruvísi en í samráði við stjórnina. Ég álít heppilegast, að Alþ. ákveði hámark innlánsvaxta, og mun ég flytja frv. um það nú á næstunni. Ennfremur álít ég, að rétt sé að taka fram í sömu l., að stj. skuli tryggja samsvarandi lækkun útlánsvaxta. Ég má segja, að þessi leið hefir verið farin í Danmörku, að þingið ákveði hámark innlánsvaxta, og stj. ákveði svo, hve mikið sé hægt að lækka útlánsvexti.

Mér væri þökk á því, ef þessu frv. yrði ekki hraðað svo mikið, að mitt frv. gæti ekki orðið athugað samtímis í n.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. vil ég láta þess getið, að upphaflega var tilgangurinn sá, að öllum bönkum og sparisjóðum væri gert að skyldu að greiða sömu vexti og Landsbankinn. Ég held, að það yrði mjög erfitt fyrir Landsbankann að eiga að gera upp á milli stofnana hvað þetta snertir. Það yrði bezt fyrir hann, að ákveða bara sína eigin vöxtu, og þeir yrðu svo hámark, sem engin lánsstofnun á landinu mætti fara upp fyrir.

Hv. þm. Seyðf. taldi, að stj. mundi ákveða vextina í samráði við Landsbankann. Auðvitað mun stj. ræða þetta mál við bankann. En ég vil taka það skýrt fram, að það er bankaráðið og bankastjórnin, sem tekur endanlega ákvörðun um vextina með atkvgr. Stj. hefir ekki viljað taka inn í frv. ákvæði um það, hve háir vextir skuli vera, og tel ég það neyðarúrræði að ákveða vöxtu á Alþingi. Það má benda á dæmi um slíkt annarsstaðar frá, en það þó aðeins frá tímum, þegar úr vöndu hefir verið að ráða fyrir þjóðfélagið. Auðvitað geta slíkir tímar einnig komið yfir okkar land, en ennþá er ekki þörf slíkra ráðstafana.

Verst er þó að ákveða útlánsvöxtu; þeir verða að fara eftir innlánsvöxtum og líka því, hve dýrt það starfsfé er, sem bankinn starfar með. Ég skal taka sem dæmi útvegsbankann. Það er banki, sem hefir lítið innlánsfé og starfar með erlendu lánsfé, sem er svo dýrt, að hann getur aldrei lækkað útlánsvöxtu að sama skapi og innlánsvöxtu. Og þó að sett hafi verið í Danmörku föst ákvæði um innlánsvöxtu, eru þar engin föst ákvæði um útlánsvöxtu.

**Hannes Jónsson:** Ég vil geta þess í sambandi við brtt. n. á þskj. 244, að ég lít svo á, að alveg eins sé ástatt um innlánsfé á innlánsskírteinum hjá kaupmönnum og innstæðufé í innlánsdeild samvinnufélaga. Þó að á öðrum staðnum séu notaðar viðskiptabækur, en á hinum innlánsskírteini, þá er þetta í reyndinni alveg það sama, og er því sjálfsagt að láta sömu reglur gilda um það hvorttveggja.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég get verið stuttorður, þar sem hæstv. ráðh. tók fram flest af því, sem ég vildi segja. Hv. 3. þm. Reykv. hélt því fram, að eftir sem áður, þótt frv. yrði samþ., yrðu greiddir háir innlánsvextir. Taldi hann hættu á því, að peningar yrðu teknir út úr bönkum og settir inn í aðrar stofnanir. Ég fæ nú ekki séð, að þetta geti átt sér stað, þar sem ætlazt er til, að þessi ákvæði nái til allra peningastofnana. Þá taldi hann hættu á því, að menn tækju peninga út og ávöxtuðu þá sjálfir. Ef svo yrði, að menn tækju fé út úr sparisjóðsbókum og legðu þá í atvinnufyrirtæki, þá veit ég ekki, hvort nokkur skaði væri skeður. Það mundi a. m. k. auka framkvæmdir og atvinnulíf. Þá minntist hv. þm. á vaxtabréfakaup. Ég verð að segja hið sama um þau. Hingað til hefir gengið illa með sölu verðbréfa, og þó að eitthvað meira af fé landsmanna fari til verðbréfakaupa, þá býst ég við, að ekki sé skaði að. Bæði með því að leggja féð í atvinnufyrirtæki og eins með verðbréfakaupum glæðist og skapast atvinna í landinu, sem sízt ætti að lasta nú á tímum.

Hv. þm. telur óheppilegt, að sömu innlánsvextir séu greiddir í öllum stofnunum. Vill hann, að Landsbankinn megi leyfa sparisjóðum að greiða hærri vexti en hann greiðir sjálfur, og þess vegna vill þm. halda óbreyttu orðalagi frv. um, að bankar og sparisjóðir megi ekki greiða hærri vexti en Landsbankinn „ákveður". En eins og ég tók fram áðan, þá álítur n., að það sé skilyrði þess, að tilgangur frv. náist, að ákvæði þess gildi jafnt um allar þær stofnanir, sem taka á móti sparifé til ávöxtunar. Hefir hún því allt aðra skoðun á þessu en hv. þm. Vextir hjá sparisjóðum úti um land munu vera mjög mismunandi; ég þekki jafnvel dæmi til, að innlánsvextir nemi 6%. Ég hygg, að þetta sé ekki hollt almenningi. Þetta hvetur menn til þess að leggja fé inn fremur þar en annarsstaðar, enda þótt það sé verr tryggt en hjá bönkum, auk þess sem það heldur útlánsvöxtum sparisjóðanna uppi.

Hv. þm. Seyðf. telur gengið of skammt í frv. Er ég honum sammála um það, að til mála hefði getað komið að ákveða hámark vaxta, og get ég hugsað mér, að ráðstafanir verði gerðar í þá átt á yfirstandandi þingi, þótt ekki sé það tekið fram í þessu frv. En ef hv. þm. ber fram till. um þetta í d., verða þær vitanlega teknar til álita.

Gagnvart því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði viðvíkjandi samvinnufélögum, að sömu reglur eigi eftir frv. að gilda um fé í innlánsdeildum kaupfélaga eins og um innlánsskírteini í bönkum, þá er ég ekki viss um, að þetta sé rétt, nema ef innlánsdeildir tækju upp sama form og í bönkum. Annars er þetta lögskýring, og ef frv. verður samþ., er það annara að úrskurða um það á sínum tíma.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Hæstv. forsrh. sagði í síðustu ræðu sinni, að orðið „ákveða" væri sama og „greiðir" í frv. Það getur vel verið, að hér sé meint hið sama, en hvað um það, hér er hugtakið orðið rýmra. Það er alveg rétt, að það er hægara fyrir Landsbankann að ákveða fyrir aðrar peningastofnanir ekki hærri vexti af innlánsfé en hann greiðir sjálfur. Ég hefi áður bent á hættu, sem fólgin er í þessu frv. Hv. þm. ráða vitanlega sjálfir atkv. sínu í þessu máli, og þeir greiða atkv. með frv., ef þeir eru alveg óhræddir um lánsstofnanir úti um land. Sjálfur er ég ekki alls óhræddur. Á þeim tímum, þegar allt er á hverfanda hveli, þá eru ríkisábyrgðir aðdráttarafl, og er mjög líklegt, að menn taki fé sitt út úr sparisjóðum og flytji það yfir í ríkistryggðar stofnanir. Í sjálfu sér ætti ég persónulega — og sem þm. Reykv. — ekkert að hafa á móti því, þó að peningar streymi til Rvíkur. En ég vildi þó benda hv. þm. á þá miklu hættu, sem að mínu áliti liggur í frv. fyrir sparisjóði úti um land. Sparisjóðir hafa hingað til flestir ekki séð sér annað fært en að

greiða nokkuð hærri innlánsvexti heldur en bankar, vegna þess að það hefir þótt áhættuminna að ávaxta fé sitt í stofnunum með ríkisábyrgð, heldur en í sparisjóðum. Í þessu liggur hættan. Við sjáum af reynslunni, að það eru takmörk fyrir því, hvað langt hægt er að fara niður með innlánsvexti. Ef innlánsvextirnir fara mjög langt niður, þá taka menn peningana út og ávaxta þá sjálfir með því að leggja þá í atvinnufyrirtæki eða kaupa verðbréf fyrir þá. Og reynslan mun sýna, að peningarnir munu streyma út úr bönkunum.

Í sjálfu sér er ekkert hægt að hafa á móti því, þó menn kaupi verðbréf, en ef bankarnir þurfa að rukka inn mikið af útlánum til þess að greiða út innlánsfé, sem síðar er varið til verðbréfakaupa, og ef mikil brögð eru að þessu, þá gæti þetta valdið óþægilegri röskun. Gæti svo farið, að þetta skipti milljónum króna árlega — og mega þá allir sjá, hvílíka truflun við bankana þetta gæti haft í för með sér.

Hæstv. forsrh. talaði um, hverjir ördugleikar væru á því að lækka útlánsvextina. Þeir mótast, eins og kunnugt er, ekki aðeins af innlánsvöxtum, heldur líka af vöxtum þeim, sem greiddir eru af lánsfénu, sem stofnunin starfar með. Samt sem áður hygg ég, að allir muni ljúka upp einum munni um það, að það þurfi nauðsynlega að lækka útlánsvexti. En þetta er tvíeggjað. Það er erfitt að halda uppi gengi ísl. krónunnar, en hún má ekki falla. Lækkaðir vextir þýða örvun framleiðslunnar í landinu, en er jafnframt ráðstöfun til gengislækkunar. Viðskiptalífið örvast ásamt viðskiptunum við útlönd. Veðdeildarlánin (við aukna sölu á verðbréfum) auka byggingarlöngunina og eftirspurnina eftir erlendum gjaldeyri, sem hefir í för með sér verðfall ísl. krónunnar.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég hafði gert ráð fyrir, að fjhn. hefði gert betri grein fyrir því, hvernig ástandið er í landinu, svo að hægt hefði verið að meta þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða. En það varðar einmitt miklu, ef menn vilja gera sér grein fyrir, hvaða röskun þetta gæti valdið.

Landsbankinn mun greiða 4½% í innlánsvexti, en mér er ókunnugt um þetta annarsstaðar á landinu. Og ef það á sér víða stað, eins og hv. 1. þm. Eyf. sagðist vita dæmi til, að greiddir séu 6% innlánsvextir, þá er þetta stórkostleg ráðstöfun, sem verður að gera sér grein fyrir áður en flanað er að. Ef Landsbankinn hækkaði ekki innlánsvexti sína í samræmi við þetta, þá yrði lækkunin í þessu sérstaka tilfelli úti um land 25% frá því, sem áður var, og sýnist mér slíkt allt of mikil röskun. Ég bendi á þetta sem dæmi um þá stórkostlegu skilyrðisbreyt., sem þetta gæti haft í för með sér fyrir þá, sem ávaxta fé sitt úti um land. — Hv. frsm. kastaði fram þeirri spurningu, hvaða ástæða væri til þess, að greiddir væru hærri vextir utan Landsbankans heldur en hann greiðir sjálfur. Því er til að svara, að í fyrsta lagi er áhætta sparifjáreigenda við að ávaxta fé sitt. Þessi áhætta er að miklu leyti horfin við stofnun, sem hefir ríkisábyrgð. Bara þessi eina ástæða er svo stór, að því er mér sýnist, að aðrar peningastofnanir mættu greiða eitthvað hærri innlánsvexti heldur en ríkistryggðar stofnanir. Sparifé er nokkuð tryggt í sparisjóðum bankanna, og þegar menn leggja fé á vöxtu, þá er það fyrsta, sem menn hugsa um: Er það tryggt eða ekki?

Það er enginn vafi á því, ef þessi lög verða samþ., að sumstaðar úti um land nemur lækkun innlánsvaxta 25%, og þykir mér ekki ólíklegt, að þetta verði mjög svo óþægilegt bæði fyrir sparisjóðina og eins fyrir sparifjáreigendur, sem eiga fé sitt á vöxtum úti um land. Bið ég n. að taka það rækilega til athugunar, hvort ekki væri rétt að leyfa þeim stofnunum, sem ekki hafa ríkisábyrgð, að greiða ½% hærri innlánsvexti heldur en fást í innlánsdeild Landsbankans.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Það var út af orðum hv. frsm. út af því, sem ég sagði um þetta mál. Ég veit það ósköp vel, að eins og háttað er innlánadeild hjá kaupfélögum, þá býst ég við, að ef farið væri aðeins eftir bókstafnum, þá sé það undir venjulegum innlánsfjárlið í banka. En eins og hún er rekin allvíða, þá er það ekkert annað en starfsfyrirkomulag á því fé, sem látið er á innlánsskírteini í bönk-

um. Ef þetta hefir verið meiningin hjá n., þá get ég ekki bætt úr því á annan hátt en að koma með brtt., sem ég sennilega geri við 3. umr. Annars vil ég benda hv. þm. á, að það er engan veginn þýðingarlaust, að skýrt sé frá því í deildinni, ef nauðsyn ber til, hvað í frumvörpum felist. Hv. þm. sagði, að það væri annara að skera úr því, hvað meint væri með lagasetningu. Þetta þykir mér næsta hjákátlegt. Hv. þm. ættu fyrst og fremst sjálfir að reyna að gera sér ljóst, hvað þeir eru að gera með því að setja lög, en ekki að hrúga saman óljósum orðum, sem þeir vita ekkert, hvað þýða. Ef margir hugsa svipað og þessi hv. þm., er ekki að undra, þótt oft verði árekstrar og ágreiningur um það, hvað í l. felist.

Ég er dálítið undrandi yfir, hvað sumir menn virðast hræddir við, ef vextir lækka í landinu, eins og eitthvert þjóðartjón væri á ferð. Það er eins og þeir vilji, að peningarnir hverfi eitthvað út í buskann, líklega upp í tunglið eða ég veit ekki hvert. Yfirleitt get ég ekki séð neina hættu fyrir þjóðfélagið í því, að eitthvað örlítið af innstæðufé, sem nú er í bönkunum, yrði tekið og látið í fasteignir, hvort sem þær væru hér í bænum eða annarsstaðar. Ég geri ráð fyrir, að afleiðingin af því verði sú, að fé bankans, sem bundið er í þessum fasteignum, komi þangað aftur, svo að það verði ekkert minna fé, sem bankinn hefir yfir að ráða.

Mér hefði þótt æskilegra að heyra frá form. n., sem er ekki staddur hér nú, hvort hann féllist á þann skilning, sem ég legg í þessa brtt., sem n. hefir flutt. Annars gefst tækifæri til að athuga þetta á fundi fjhn. fyrir 3. umr., svo að ég get sparað mér frekari umr.

**Steingrímur Steinþórsson:** Ég álít það mjög nauðsynlega viðleitni, sem kemur hér fram í þessu frv., til þess að leitast við að knýja fram vaxtalækkun. Það er áreiðanlegt, að atvinnuvegir okkar geta nú ekki borið þann vaxtaþunga, sem á þeim hvílir. Og þó að það sé á engan hátt fullvíst, að lækkun innlánsvaxta sé einhlít til lækkunar útlánsvaxta, þá verð ég að taka fram, að ég fyrir mitt leyti greiði þessu frv. atkv. mitt í þeirri von, að það geti orkað til verulegrar lækkunar innlánsvaxta, sem svo hafi í för með sér lækkun útlánsvaxta. Þegar atvinnuvegirnir eru reknir með tapi, eins og nú er, svo að menn fá enga vexti af fé sínu, en þurfa jafnvel að gefa með því, og það í stórum stíl, þá sé ég enga sanngirni í því, að þeir, sem eiga fé á vöxtum, fái 4—6% í vexti og hafi það auk þess að mestu leyti tryggt gegn tapi. Hér er því um algert réttlætismál að ræða. Og ég vænti þess, að þetta frv., ef að lögum verður, verði til þess, að Landsbankinn sjái sér fært að lækka vexti allmjög og knýja jafnhliða fram lækkun innlánsvaxta almennt í landinu. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að þeir þyrftu að lækka allverulega, helzt niður í 3%.

Það hefir komið fram nokkur uggur hjá sumum hv. þm. um það, að þetta mundi valda allmikilli truflun í viðskiptalífi sumra smærri lánsstofnana úti um landið, enda hafa sumir ræðumenn haldið því fram, að innlánsvextir væru sérlega háir í sumum peningastofnunum, einkum hinum smærri úti um land. Ég hygg, að þetta hafi nú ekki við mikil rök að styðjast. Á ýmsum stöðum munu þeir að vísu vera eitthvað hærri en í Landsbankanum, en í örfáum tilfellum svo að nokkru verulegu nemi.

Annars er eitt atriði í þessu frv., sem gefur mér tilefni til að beina fyrirspurn til hv. frsm., og jafnvel til hæstv. fjmrh., sem flm. frv. Það er um 3. gr. þess, þar sem svo er sagt, að l. nái ekki til Söfnunarsjóðs Íslands. Ég fæ ekki skilið, hvers vegna hann getur ekki komizt undir þessi almennu ákvæði eins og aðrar stofnanir. Að vísu skal ég játa, að hann hefir að vissu leyti nokkra sérstöðu. Söfnunarsjóður lánar til langs tíma, og mörg lán hans standa lengi afborganalaus. En þrátt fyrir þetta sé ég ekki ástæðu til þess, að það fé, sem í honum er ávaxtað, sitji við betri vaxtakjör en almennt gerist. Vil ég því beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm., hvað það er, sem vakir fyrir með því að gera undantekningu um Söfnunarsjóð. Og ef ég fæ ekki fullnægjandi skýringu á því, geri ég ráð fyrir að bera fram brtt. við 3. umræðu um að fella 3. gr. frumv. niður.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég þarf ekki nema lítið að segja, og það því fremur, sem ég get tekið undir ýmislegt af því, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um það áðan, að það væru takmörk fyrir því, hvað langt mætti fara niður með innlánsvexti. Ef langt væri gengið í þessu, myndu menn taka peninga sína út úr lánsstofnunum og af því myndi leiða óeðlileg og óheppileg röskun. Það getur nú verið ýmislegt rétt í þessu út af fyrir sig. En þar sem svo er gengið frá í frv., að sjálfur þjóðbankinn, Landsbanki Íslands, á að hafa vald og leiðsögu um þetta, þá finnst mér nú óhætt að treysta því, að hann gæti þess hófs í þessu efni, að ekki valdi hættu.

Þessi sami hv. þm. var að tala um það, að ef þessi vaxtahækkun yrði framkvæmd svo að um munaði, þá myndu viðskiptin aukast og þar með atvinnulíf í landinu. Þetta vona ég, að sé alveg rétt hjá honum. Og ég álít, að ef þetta yrði afleiðing af samþykkt þessa frv., þá væri það af því góða, en ekki af því illa. Er ekki alltaf nú verið að kvarta um atvinnuleysi í landinu og að framkvæmdir leggist niður? Hann var hræddur um það, að ef mikil brögð yrðu að þessu, yrði erfitt að halda ísl. gjaldeyri í gildi. Ég hugsa, að gengið færi nú ekki alveg eftir því, hvernig peningunum er velt innanlands, heldur muni það miklu fremur ákveðast af gjaldeyrisverzluninni við aðrar þjóðir. Það eru nú nokkuð ákveðin fyrirmæli um það, hvernig okkar gjaldeyrisverzlun er hagað, og töluvert ríkt eftirlit með henni, sem ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir að haldist, þó að vextir yrðu lækkaðir. Þess vegna held ég, að vaxtalækkun ein út af fyrir sig kæmi naumast af stað gengislækkun.

Ég skal ekkert fara út í það í þessu sambandi, hvort gengislækkun væri æskileg nú eða ekki. En til eru þeir menn, sem teldu enga sérstaka ógæfu, þótt gengið lækkaði eitthvað. En sleppum því.

Hv. þm. fannst orðalag frv. miklu aðgengilegra þar sem segir, að bannað sé að greiða hærri innlánsvexti en Landsbankinn ákveður, heldur en í brtt. n., þar sem segir, „en Landsbankinn greiðir". Með orðalagi frv. óbreyttu telur hann, að rýmra væri um einstakar stofnanir til þess að greiða hærri vexti en Landsbankinn. En hugsazt gæti nú, að þetta snerist alveg við. Ef maður skoðar Landsbankann sem keppinaut annara banka og hann segði: Þið megið ekki greiða nema 3%, en ég greiði 3½%. Ég tek fram, að ég er ekki að spá þessu, en ég bendi á, að orðalag frv. um þetta er engin óyggjandi trygging fyrir því, sem hv. þm. vill ná með því að halda því óbreyttu.

Þar sem hv. 4. þm. Reykv. er ekki viðstaddur, mun ég að mestu leyti sleppa því að rekja ræðu hans. Hann kvartaði yfir því, að n. hefði ekki gert sér næga grein fyrir, hvernig ástandið væri nú í þessu efni og hvaða innlánsvextir tíðkuðust. Ég býst nú við, að hv. þdm. sé öllum kunnugt um innlánsvexti bankanna þriggja, en um sparisjóðina er það að segja, að innlánsvextir munu vera mismunandi, en þó ætla ég, að ekki muni miklu á innlánsvöxtum hinna stærri sparisjóða og bankanna. Hitt er rétt, að einstaka smásparisjóðir, sem sumir eru nánast einkafyrirtæki, greiða töluvert hærri vexti en bankarnir. Ég veit þannig eitt dæmi um 6% innlánsvöxtu. Þó sé ég ekki ástæðu til að óttast, að þessum stofnunum stafi hætta af ákvæðum frv. Fé myndi ekki hverfa úr sjóðunum þó það gæfi nokkuð lægri vexti en nú, a. m. k. ekki dragast svo á burt, að það gæti valdið nokkru þjóðarböli. Ég held því, að það sé ofmælt hjá hv. 4. þm. Reykv., að með frv. sé stefnt til stórbreyt. á innbyrðis afstöðu banka og sparisjóða. Hinsvegar má vera og er að vænta, að með frv. sé stefnt til breyt. til bóta um vaxtakjör almennt.

Ég skal ekki deila við hv. þm. V.-Húnv. um orðalagið á brtt. n. Hann hafði eftir mér, að þýðingarlaust væri að reyna að skýra lagafrv. í þinginu. Nú er það svo, að okkur greinir hér á um skilning, og sé ég ekki, að málið skýrist mikið við það, þótt annar okkar segi það klippt, sem hinn segir skorið. En ef dómari ætti að fella úrskurð um þetta atriði, ætla ég þó, að hann myndi fremur fallast á skýringar minar en hv. þm. V.-Húnv. Í fyrsta lagi skil ég orðin eins og þau hljóða, og í öðru lagi er ég frsm. n. og þykist tala

í hennar nafni, nema þá ef til vill hv. þm. V.-Húnv.

Hv. þm. sagði, að fé það, sem menn ættu í innlánsdeildum samvinnufélaganna, væri bundið á sama hátt og fé það, sem menn eiga á innstæðuskírteinum í bönkum. Þegar svo er, er auðvitað sjálfsagt, að hið sama gildi um þær innstæður og aðrar slíkar í bönkunum. En um þær innstæðubækur í innlánsdeildum, sem taka má út úr daginn eftir að lagt er inn, á auðvitað einnig að gilda hið sama og um samskonar innstæðubækur banka og sparisjóða.

Ég get því miður ekki að sinni svarað þeirri fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf., hvers vegna sé svo ákveðið í frv., að lögin nái ekki til Söfnunarsjóðs sem annara sjóða. N. hefir ekki rætt þetta atriði sérstaklega né átt tal við hæstv. fjmrh. um það, svo að ég hefi ekki umboð til að svara þessu f. h. n. Vildi ég því mega vísa til hæstv. fjmrh. um þetta atriði. Komi brtt. um þetta, mun n. að sjálfsögðu taka hana til athugunar.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. 1. þm. Skagf. hefir komið fram með fyrirspurn um það, hvers vegna Söfnunarsjóður sé undanþeginn ákvæðum laganna. Ástæðan til þess er fyrst og fremst sú, að féð í Söfnunarsjóði er bundið til langs tíma, og sumt af því á að ávaxtast stöðugt. En um fé það, sem þar kann að vera laust, er auðvitað rétt, að sömu ákvæði gildi um og annað innstæðufé. Hversu mikið það fé kann að vera, veit ég ekki, en ég vil beina þeirri ósk til hv. n., að hún tali við forstöðumann sjóðsins og láti síðan ákvæði frv. ná til hins lausa fjár í sjóðnum.

**Steingrímur Steinþórsson:** Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans. En ég verð þó að telja það hæpið, að rétt sé að undanskilja fé Söfnunarsjóðs, þó að það sé bundið til langs tíma. Þetta er þó fé, sem nota á til atvinnurekstrar landsmanna og atvinnuvegirnir verða að ávaxta, og á því að falla undir ákvæði frv. Söfnunarsjóður hefir hækkað vexti sína, er almenn vaxtahækkun hefir orðið, og á því að sjálfsögðu að lækka þá um leið og vextir lækka almennt. Ég hefi því ekki getað sannfærzt um, að nauðsynlegt sé að undanskilja Söfnunarsjóð ákvæðum frv. um vaxtalækkun.

**Guðbrandur Ísberg:** Í sambandi við fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf., sem hæstv. fjmrh. hefir nú svarað, vil ég láta þess getið, að ég tel fulla þörf á að lækka dráttarvexti þá, sem Söfnunarsjóður tekur og eru a. m. k. þrefalt hærri en aðrar lánsstofnanir taka. Vil ég beina þeirri ósk til n., að hún athugi þetta atriði og komi með brtt. um það. Ella mun ég bera slíka brtt. fram sjálfur.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég býst við, að það, sem hv. þm. Ak. sagði, hafi fyllsta rétt á sér, en ég efast um, að þeirri breyt., sem hv. þm. talaði um, verði komið við í sambandi við þetta frv., því að hún á þar ekki heima. Frv. þetta er eingöngu um innlánsvexti, og því verður þessari breyt. ekki komið þar að, nema það eigi að ná til útlánsvaxta líka. Ég ætla því, að til þess að lækka dráttarvextina við Söfnunarsjóðinn verði að fara aðrar leiðir.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég get lýst ánægju minni yfir þeirri yfirlýsingu hv. frsm., að innstæðueigendur í innlánsdeildum kaupfélaganna skuli hafi sömu réttindi um innlánsvexti og þeir, sem eiga fé á innstæðuskírteinum í bönkum.

Ég tel engan veginn rétt að setja Söfnunarsjóði sömu skilyrði um innlánsvexti og öðrum lánsstofnunum. Kostnaðurinn við sjóðinn sjálfan er aðeins 1‰, en hitt gengur allt til þeirra, sem innstæðurnar eiga. Ef innlánsvextir væru jafnháir hjá Söfnunarsjóði og bönkum og sparisjóðum, hlytu því útlánsvextir Söfunarsjóðs að verða miklu lægri en hinna stofnananna.

Mér þætti af framangreindum ástæðum líklegt, að sanngjarnt væri, að innlánsvextir Söfnunarsjóðs mættu vera allt að 1% hærri en vextir annara lánsstofnana. Vænti ég, að hv. n. athugi þetta.

**Guðbrandur Ísberg:** Út af vöxtum Söfnunarsjóðsins vil ég geta þess, að síðastliðið ár mun sjóðurinn hafa greitt 5,9% í innlánsvexti, en lánað út með 6%, sem er

óþarflega hátt, þegar þess er gætt, að sjóðurinn lánar aðeins gegn þeim beztu 1. veðréttartryggingum, sem til eru í landinu.

Meginið af fé sjóðsins eru sjóðir, sem ávaxtast eiga á löngum tíma, og virðist eigi neinn verulegur skaði skeður, þó að þeir vaxi örlítið hægar á meðan núverandi kreppa varir. Ég sé því ekki ástæðu til að ganga lengra en svo, að útlánsvextir sjóðsins væru lækkaðir úr 6%—5%. Innlánsvextirnir mundu þá lækka af sjálfu sér niður fyrir 5%, en það tel ég vel forsvaranlegt, á meðan á kreppunni stendur a. m. k.

Það kann vel að vera, að heppilegasta leiðin til að ráða bót á dráttarvöxtum sé að bera fram sérstakt frv. um það, en þá tel ég, að hv. n. standi næst að bera fram slíkt frv.

ATKVGR.

Brtt. 244,1 samþ. með 14:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 10:5 atkv.

Brtt. 244,2 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 244,3 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um bann við því, að bankar og aðrar lánsstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir.**

---

Á 39. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 267, 270, 281, 282).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 281 og 282. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Steingrímur Steinþórsson:** Ég hefi flutt brtt. á þskj. 281, sem er í samræmi við það, sem ég hreyfði hér við 2. umr. málsins. Mér finnst ekki ástæða til að undanskilja Söfnunarsjóð Íslands frá ákvæðum l. um að banna lánsstofnunum að greiða hærri innlánsvexti en Landsbankinn gerir á hverjum tíma.

Nú hefir því að vísu verið haldið fram, að Söfnunarsjóður væri sérstæður að ýmsu leyti, og það er reyndar rétt. En hann er einkum sérstæður í því, hve lítill kostnaður er við hann, svo að það getur verið afarlítill munur á þeim innlánsvöxtum, sem hann greiðir, og útlánsvöxtunum. En mér virðist það þó ekki réttlátt að undanskilja þennan sjóð frá ákvæðum þessara l. Hann hefir einhver allra tryggustu veð, sem lánsstofnanir hafa hér á landi, og lánar mjög varlega út á þau. Ég get ekki séð, að það sé rétt á þessum tímum að þeir sjóðir, sem ávaxtaðir eru í Söfnunarsjóði, þurfi að vaxa svo mjög ört, því að það eru atvinnuvegirnir, sem ávaxta þessa sjóði. Þess vegna tel ég rétt, að hann lækki útlánsvexti sína í svona árferði í samræmi við aðrar lánsstofnanir. Þetta er hvort sem er skoðað sem bráðabirgðaráðstöfun.

Enda þótt þeir, sem fá lán úr þessum sjóði, njóti meiri hlunninda að ýmsu leyti heldur en þeir, sem fá lán í veðdeild, þá finnst mér þó sjálfsagt að nota alla möguleika til þess að létta undir með mönnum nú, eins og ástandið er.

Ég sé, að hv. þm. Ak. og hv. þm. N.-Þ. hafa flutt brtt. á þskj. 282 um þetta sama atriði, þar sem þeir fara þá leið, að gefa ráðh. heimild til þess að undanþiggja Söfnunarsjóð Ísl. frá ákvæðum þessara l., með því skilyrði, að hann lækki útlánsvexti sína niður í 5%, og þetta nái einnig til eldri útlána sjóðsins. Ef svo fer, að mín till. verður felld, þá mun ég vitanlega fylgja þessari. En ég álít, að það hefði verið óhætt að skylda hann til þess að lækka útlánsvexti sína meira en niður í 5%. Samkv. því, sem undanfarin reynsla hefir sýnt, mundi hann geta greitt 4,9% í innlánsvexti, þótt útlánsvextir væru ekki nema 5%. En það þykir mér óþarflega hátt. Ég fyrir mitt leyti kynni bezt við, að þeir yrðu færðir niður í 4½%, og álít ég það algerlega óhætt, ef á annað borð verður farin þessi leið, en ekki sú, sem ég kýs heldur og tel réttari, að innlánsvextir Söfnunarsjóðs verði þeir sömu og annara lánsstofnana.

**Guðbrandur Ísberg:** Það bar á því við 2. umr., að menn voru óánægðir með 3. gr. frv., um að gefa Söfnunarsjóði sér-

stöðu um innlánsvexti. Ég vil ekki ganga svo langt að fella niður þessa grein. Ég álít, að það standi sérstaklega á með Söfnunarsjóð Ísl. Hann tekur ekki fé til ávöxtunar af öllum, er vilja, heldur eftir alveg sérstökum reglum. Hinsvegar er mér líka sárt um suma þá sjóði, sem ávaxtaðir eru í Söfnunarsjóði Ísl., svo sem t. d. ellistyrktarsjóðina, og tel ekki rétt að þröngva kosti þeirra frekar en nauðsyn ber til.

Vegna yfirstandandi kreppu vil ég, að Söfnunarsjóði sé gert að skyldu að lækka nokkuð útlánsvexti, sem eru nú óþarflega háir hjá þessum sjóði. Mig minnir, að það væri á stríðsárunum eða þar skömmu á eftir, að vextir sjóðsins voru hækkaðir upp í 6%, á sama tíma sem ræktunarsjóðurinn gamli hafði 4% útlánsvexti, og var þó mjög líkt á komið með þessa tvo sjóði að öðru leyti.

Nú hefi ég og hv. þm. N.-Þ., sem höfum borið fram brtt. á þskj. 282, ekki viljað ganga lengra viðvíkjandi þessum sjóði en að veita heimild til undanþágu frá innlánsvaxtaákvæðinu gegn því, að hann lækki útlánsvexti niður í 5%.

Viðvíkjandi breyt. á 5. gr. er það að segja, að hér er lagt til, að l. öðlist gildi 1. júlí 1933. Þykir það heppilegra með tilliti til reikningsfærslu, heldur en að l. öðlist gildi nokkrum dögum fyrr.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hv. 1. þm. Skagf. gat ekki séð, að Söfnunarsjóður Ísl. hefði neina sérstöðu fram yfir aðrar lánsstofnanir. (**StgrS:** Ég tók fram, að hann hefði sérstöðu). Hann er sérstæður fyrir það, að hann er safn af sjóðum, sem stofnaðir eru með gjafabréfum og skipulagsskrám, og hann lánar ekki annað fé en það, sem honum er trúað fyrir að ávaxta um lengri tíma. Hann tekur ekki á móti sparifé manna, og því er alls ekki hægt að leggja í hann fé, sem á að taka út eftir 1 eða 2 ár. Að þessu leyti er hann algerlega sérstæður. Það væri því hart, ef ætti að banna honum að taka hærri vexti en 3½ til 4% af sínum útlánum.

Ég átti nýlega tal við forstjóra Söfnunarsjóðs, og skýrði hann mér frá því, að stjórn sjóðsins ætlaði að leggja fyrir ráðh. till. um að lækka útlánsvextina niður í 5%, en jafnframt að borga þá vexti alla, sem inn koma, til hinna einstöku sjóða innan Söfnunarsjóðsins, þannig, að kostnaðurinn við þetta verði tekinn nú fyrst um sinn, á meðan svo er erfitt sem nú er, af varasjóði Söfnunarsjóðs. Jafnframt gat hann þess, að stjórn sjóðsins hefði í huga að breyta gjalddaga lánanna. Söfnunarsjóður hefir haft þessa gömlu gjalddaga, 11. júní og 11. desember. En það hefir sýnt sig, að slíkur gjalddagi er óþægilegur mörgum, sérstaklega landbúnaðinum. Á þeim tíma falla til litlir peningar hjá honum. Þess vegna er réttara að miða gjalddagann við áramót, þá er ávallt búið að selja haustafurðir. Án þess að ég tali f. h. n. vil ég taka fram, að ég gæti gengið inn á breyt. á þskj. 282, stafl. 1, því að þetta er það sama sem sjóðurinn ætlar að gera, þó að mér virðist engin ástæða til þess.

En síðari breyt., um að l. öðlist gildi 1. júlí 1933, hygg ég þýðingarlausa, vegna þess að ég býst við, að þessum gjalddaga verði breytt. Um það þarf auðvitað að semja við þá menn, sem hafa lán úr sjóðnum nú.

Nú eru þessi lán úr Söfnunarsjóði sérstaklega þægileg fyrir þá, sem hafa stórar fasteignir, og þó einkum í sveit, vegna þess að það mun ekki vera venja að taka neinar afborganir af þessum lánum fyrstu 10 árin, nema þegar svo stendur á, að veðin hafa rýrnað verulega.

Ég hygg, að ég mæli fyrir munn n., þegar ég segi, að hún sé andstæð breyt. á 3. gr. frv. (**BSt:** Hún hefir ekki tekið afstöðu til þess). Nei, en ég hygg, að þetta sé þó rétt.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil taka undir það með hv. þm. N.-Ísf., að það stendur sérstaklega á um þennan sjóð, þar sem hann tekur ekki fé til ávöxtunar um óákveðinn tíma eða gegn hálfs árs skírteini, eins og aðrar peningastofnanir, heldur er svo um búið, að mest af því fé, sem í sjóðnum er, það er bundið í sjóðnum í 15 ár hið skemmsta, og ekki er hægt að taka það út á því tímabili. Þess vegna verður það að teljast sanngjarnt, að þeir, sem leggja fé inn í sjóðinn, fái hærri vexti af því heldur en ef þeir gætu tekið það út á næstu mánuðum. Ég hygg, að það sé augljóst mál.

Jafnframt veitir það fyrirkomulag, sem á sjóðnum er, mikla tryggingu fyrir því, að opinberir sjóðir séu öruggar ávaxtaðir hjá honum, heldur en ef þeir væru settir á vöxtu í sparisjóði eða keypt fyrir þá veðdeildarbréf, því að ef eitthvað væri áfátt um stjórn þeirra sjóða, gæti það dregizt svo eða svo lengi að klippa af vaxtamiða og fá þá greidda, og við það tapast vextir. Það eru dæmi til þess, að það hefir dregizt í heilt ár, og hlutaðeigandi hefir tapað heils árs vöxtum. Oft getur það komið fyrir, að stjórn opinberra sjóða gleymist — eða að það falli niður af öðrum ástæðum — að kaupa þegar í stað verðbréf eða bankavaxtabréf fyrir þá upphæð, sem dregin er út, og er féð þá vaxtalaust á meðan og einatt í ótryggri vörzlu.

Ef brtt. hv. 1. þm. Skagf. nær fram að ganga, þá hefði það vitanlega þau áhrif, að nýir sjóðir mundu ekki verða lagðir í Söfnunarsjóðinn, heldur mundu verða keypt fyrir þá veðdeildarbréf. Og ég tel mikinn vafa á, hvort þessir sjóðir yrðu betur settir með því heldur en ef þeir væru ávaxtaðir í Söfnunarsjóði. Það er síður hætt við ýmsum misfellum, ef þeir eru ávaxtaðir þar.

Mér er það einnig kunnugt, sem hv. þm. N.-Ísf. tók fram, að stjórn Söfnunarsjóðs hefir í hyggju að lækka útlánsvexti sjóðsins niður í 5%, ef vextir verða almennt lækkaðir sem því svarar. Og fjmrh. hefir það nokkuð í hendi sinni, hverja útlánsvexti Söfnunarsjóður hefir á hverjum tíma. Þess vegna álít ég, að ekki sé þörf á sérstöku lagaákvæði um það. Þessir vextir voru lengi vel miklu lægri en þeir eru nú, jafnvel lægri en í Landsbankanum af innlánsskírteini. Og vextirnir voru hækkaðir m. a. af þeirri ástæðu, að það kom í ljós tilfelli um, að maður hafði fengið lán í Söfnunarsjóði til þess svo að leggja peningana aftur inn í innlánsdeild Landsbankans og græða þannig á vaxtamismuninum. Nú eru svo erfiðir tímar, að æskilegt er, að útlánsvextir Söfnunarsjóðs verði lækkaðir jafnhliða því, sem aðrir vextir yrðu lækkaðir, og á fjmrh. að hafa til þess nóg ráð.

Ef menn vilja breyta þessari gr. frv., þá felli ég mig betur við breyt. á þskj. 282 og tel réttara að samþ. hana fremur en brtt. hv. 1. þm. Skagf. Annars álít ég þessa breyt. yfirleitt óþarfa á frv., vegna þess, hvernig sjóðnum er fyrir komið, og fjmrh. á að geta náð sama tilgangi með öðrum hætti.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég er þeirrar skoðunar um þetta deilumál um Söfnunarsjóðinn, að þó 3. gr. frv., sem er um að undanskilja Söfnunarsjóð ákvæðum frv., hefði engin verið, þá væri Söfnunarsjóður samt undanþeginn. Því þó upptalningin í 1. gr. frv. sé alltæmandi, hygg ég, að hún geti tæplega náð til Söfnunarsjóðsins. Og mér er kunnugt um, að þegar frv. var samið, var 3. gr. aðeins sett til þess að taka af allan vafa í þessu efni, en ekki af því, að þeir, sem sömdu frv., álitu, að Söfnunarsjóður gæti talizt til þeirra peningastofnana, sem hér er um að ræða. En vitanlega er dálítið öðru máli að gegna þegar greinin er einu sinni komin inn í frv., ef farið er að fella hana niður aftur.

Mér virðist, að brtt. í þá átt, að Söfnunarsjóður skuli heyra undir ákvæði þessa frv. og deilurnar um það efni, byggist á misskilningi á tilgangi frv. Ég get skýrt frá í því sambandi, að komið hefir til mála í bankaráði Landsbankans að færa innlánsvextina niður, og leitað var samkomulags við hina bankana um það efni. Landsbankanum var ljóst, að honum var ekki óhætt að lækka innlánsvexti sína, nema hinir bankarnir, sem ríkisábyrgð hafa, gerðu það líka, og að hættulegt gat orðið, að aðrar lánsstofnanir greiddu miklu hærri vexti. Og hinir bankarnir þorðu ekki að vera með í vaxtalækkun, því þeir óttuðust, að féð mundi þá streyma úr bönkunum til hinna smærri peningastofnana. Þetta frv. er fram komið í þeim tilgangi einum að koma í veg fyrir, að þessi ástæða standa í vegi fyrir lækkun innlánsvaxta. Af því er augljóst, að Söfnunarsjóður á ekki að falla undir frv., því hann hefir ekki rétt til að taka fé til ávöxtunar á sama hátt og aðrar lánsstofnanir gera. Það er ástæðulaust að taka hér með peningastofnun, sem engin hætta er á, að sparifé renni til, þó bankarnir lækki innlánsvexti. Það stafar því í raun og veru af misskilningi að vera nokkuð að skipta sér af Söfnunarsjóði í

þessu sambandi. Mun ég því greiða atkv. á móti brtt., engu síður brtt. á þskj. 282, því hún er að sumu leyti lakari heldur en brtt. á þskj. 281. Ég er ekki viss um, þó 3. gr. væri felld niður, að frv. tæki nokkuð til Söfnunarsjóðs fyrir því. Öðru máli er að gegna, ef sérstaklega er farið að tala um Söfnunarsjóð í lögunum. Það er upplýst hér, að Söfnunarsjóður ætlar sér að lækka vextina niður í 5%, og þá er leiðinlegt að vera að grípa inn í þá ákvörðun sjóðstjórnarinnar með l. frá Alþingi og láta þannig sýnast, að hún sé neydd til þess, sem hún hvort sem var ætlaði að gera.

Eins og frv. er orðað nú, get ég ekki greitt því atkv. Ég hefði e. t. v. getað greitt því atkv. eins og það var upphaflega orðað, að engar lánstofnanir mættu greiða hærri vexti heldur en Landsbankinn ákvæði. Eftir frv. eins og það er nú eru lánsstofnanir landsins bundnar við að greiða ekki hærri vexti heldur en Landsbankinn gerir, og á það get ég ekki fallizt. Verði frv. samþ. þannig og fari Landsbankinn langt niður með vextina, hygg ég, að það hafi þær afleiðingar í för með sér, sem hv. þm. munu ekki kæra sig um fyrir sín héruð. Peningar á Íslandi lúta þá öðrum lögmálum heldur en peningar annarsstaðar, ef lánsstofnanir með ríkisábyrgð draga ekki til sín allt sparifé og ef sparisjóðir úti um land tæmast ekki svo ört sem þeir geta náð fénu inn, ef þeim er bannað að greiða hærri vexti. En ef þeir hv. þm., sem gæta eiga hagsmuna héraðanna úti um landið, eru ekkert hræddir við þetta, þá ættu þeir líklega að fá að reyna það. Ekki ætti ég að hafa neitt á móti því, þó sparifé landsmanna streymdi hingað til Rvíkur. Þó mun ég nú greiða atkv. á móti frv., því ég álít ekki heppilegt að koma á neinni Reykjavíkurpeningaeinokun. Ég býst að vísu við, að það hafi minni áhrif, þó frv. verði samþ. fyrir það, að stjórn Landsbankans hafi vit fyrir þinginu og láti ekki kröfur manna um vaxtalækkun hafa um of áhrif á sig í þessu efni. En ég tel ekki sæmandi að setja nein l. með það fyrir augum, að aðrar stofnanir hafi vit fyrir Alþingi, og því greiði ég hiklaust atkv. móti þessu frv. eins og það er nú orðað.

**Sveinn Ólafsson:** Hæstv. atvmrh. hefir nú að vísu tekið fram að miklu leyti það, sem ég vildi sagt hafa, og að nokkru leyti einnig hv. þm. N.-Ísf.

Það er bersýnilegt, að flm. brtt. á þskj. 281 og 282 óttast það, að Söfnunarsjóður geti orðið Landsbankanum og öðrum lánsstofnunum hættulegur keppinautur, ef honum liðist að greiða hærri innlánsvexti. En að mínu viti er það með öllu hættulaust að leyfa Söfnunarsjóði að halda þeim rétti, sem er líka bundinn reglugerðarákvæðum. Það er hættulaust vegna þess, sem bent hefir verið á, að Söfnunarsjóður hefir vart undir höndum annað fé en þá föstu sjóði, sem þar eru geymdir og ávaxtaðir á hverjum tíma. Ekkert sparifé er þar lagt inn, enda er þar enginn staður fyrir það.

Mér virðist rétt að upplýsa það, sem ég hefi ekki tekið eftir, að fram hafi komið í þessum umr., að nokkur hluti af þeim vöxtum, sem Söfnunarsjóður greiðir, er greiddur samkv. gjafabréfi aðalstofnanda sjóðsins, Eiríks sál. Briems. Sjóður Eiríks Briems var gefinn Söfnunarsjóði til þess að vextir hans legðust við þær fjárhæðir, er Söfnunarsjóður ávaxtar í erfingjadeild. Á eðlilegan hátt vaxa innstæðurnar því meira en vöxtum nemur, og kemur þannig stofnaukinn til góða öllum þeim, sem þar eiga sjóði á vöxtum. Ég ætla, að nálega ⅓ af vöxtum þeim eða sjóðsauka, sem Söfnunarsjóður greiðir árlega þeim sjóðum, sem þar eru ávaxtaðir, komi einmitt frá gjafasjóði Eiríks Briems. Og þegar sá hluti er dreginn frá, þá hygg ég, að vextir Söfnunarsjóðs séu ekki að mun hærri en gerist annarsstaðar. Þess vegna virðist ekki ástæða til að fara að hagga við fyrirmælum gjafabréfsins, eins og gert mundi verða, ef Söfnunarsjóður ætti að hlíta sömu fyrirmælum um innlánsvexti eins og aðrar lánsstofnanir.

Eitt er vert að benda á enn í þessu sambandi. Ef frv. er látið ná til Söfnunarsjóðs og verður þannig að lögum, þá mætti vel svo fara, að þar með væri haggað við skipulagsskrám ýmsra þeirra sjóða, sem í seinni tíð hafa verið lagðir inn í Söfnunarsjóðinn með það fyrir augum, að á tilteknum tíma safnist ákveðin upphæð miðað við þekkta vaxtar-

möguleika. Ef Söfnunarsjóði væri fyrirskipað að lækka innlánsvexti sína svo og svo mikið, getur það hreint og beint umturnað skipulagsskrám sjóðanna, þannig, að þeir verði ekki starfshæfir á þeim tíma, sem gert var ráð fyrir. Út frá þessu og samkv. áður fram teknu, sýnist mér rétt að láta 3. gr. vera óbreytta frá því, sem hún nú er í frv., og undanþiggja Söfnunarsjóð ákvæðum frv. Ég hygg, að þeir, sem fram hafa borið brtt. á þskj. 281 og 282, hafi ekki athugað það nægilega, að hvort sem 3. gr. frv. er niður felld samkv. brtt. á þskj. 281 eða breytt á þann veg, sem brtt. á þskj. 282 gerir ráð fyrir, þá getur það orðið til þess að hagga við skipulagsskrám ekki svo fárra af þeim sjóðum, sem ávaxtaðir eru í Söfnunarsjóði Íslands. Ég þykist vita, að slíkt sé ekki tilgangur flm., en afleiðingin mundi verða sú.

Fyrir mitt leyti mun ég greiða atkv. með frv. óbreyttu, en á móti brtt.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég drap á það við 2. umr. þessa máls, að mér þætti frv. ganga of skammt, og fór ég fram á það við n., sem það hafði til meðferðar, að hún frestaði afgreiðslu málsins þangað til fram væri komið frv. frá mér um svipað efni. N. hefir ekki orðið við þessum tilmælum mínum, eða e. t. v. hefir hún gleymt þeim, og vil ég því ítreka þau nú. Ég sé ekki, að þessu máli liggi neitt sérstaklega á. Svo langt mun eftir af þingtímanum, að þetta frv. hlýtur að geta fengið fullnaðarafgreiðslu, ef hv. þm. vilja svo vera láta, þó afgreiðslu þess hér í d. sé frestað í nokkra daga.

Það, sem mér finnst á skorta í því frv., sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst það, að þar er aðeins hæstv. stj. ætlað að hlutast til um, að innlánsvextir lækki í samráði við stjórn Landsbankans, en ekkert tiltekið, hvað mikið þeir eigi að lækka. Ég tel rétt, að undir svona kringumstæðum ákveði Alþingi hámark vaxta fyrir ákveðið tímabil. Í frv., sem fyrir liggur, er ekki einu orði beint að því, að útlánsvextir eigi að lækka. Ég tel eðlilegustu leiðina í þessu máli, að Alþingi ákveði hámark innlánsvaxta og gefi hæstv. stj. jafnframt heimild til að ákveða útlánsvexti í samræmi við það hámark.

Þess ber og að gæta, að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir neinum ráðstöfunum af hálfu stjórnarvaldanna til þess að lækka vexti af þeim skuldum, sem aðrir eiga heldur en hinar almennu lánsstofnanir. Það er þó vitanlegt, að það er ekki nema nokkur hluti af skuldum almennings við hinar svokölluðu peningastofnanir landsins, og það er vitanlega ekki síður þörf að lækka vextina af hinum hlutanum. Í frv. á þskj. 278 er aftur á móti gert m. a. ráð fyrir að veita stj. heimild til að koma fram vaxtalækkun á þeim skuldum, sem aðrir eiga en þessar peningastofnanir. Ég vil því enn ítreka þau tilmæli mín, að hv. n. hraði ekki svo mjög afgreiðslu þessa máls, að ekki vinnist tími til að athuga frv. á þskj. 278 áður en frv., sem hér liggur fyrir, fer út úr deildinni.

**Jónas Þorbergsson:** Mér virðist ástæða til þess að mæla með því, að brtt. hv. 1. þm. Skagf. á þskj. 281 verði samþ. Þeir sjóðir, sem Söfnunarsjóður ávaxtar, hafa flestir ákveðið, fjarlægt takmark, og er þeim því ætlað að vaxa í útlánum um langan tíma. Þessi ávöxtun sjóðanna virðist mér eðlilegt, að sé háð því ástandi, sem er í fjárhagsmálum og atvinnulífi þjóðarinnar á hverjum tíma. Vöxtur þessara sjóða kemur vitanlega frá borgurum landsins á hverjum tíma, og ég sé enga ástæðu til að skapa þeim með lagaákvæðum aðstöðu til að leggja á gjaldendurna hærri kvaðir heldur en ástandið heimilar og öðrum sjóðum eru búnar. Ég gæti að vísu fallizt á að skapa þessum sjóðum nokkra sérstöðu. Ég gæti t. d. verið því fylgjandi, að ráðh. væri heimilað að veita Söfnunarsjóði leyfi til að taka 1% fram yfir almenna bankavexti, ef till. kæmi fram í þá átt. En það er líka það lengsta, sem ég treysti mér til að ganga. Með því hygg ég, að væri komið í veg fyrir, að þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, yrðu til þess að fæla menn frá að leggja inn í Söfnunarsjóð það fé, sem menn vilja leggja til einhverskonar almenningsþarfa og ætlast til, að ávaxtist um lengri tíma. E. t. v. leyfi ég mér að koma fram með skrifl. brtt. í þessa átt, ef tími vinnst til. Hér liggja þegar fyrir svo margar till., að menn telja sjálfsagt

ekki eftir sér að rétta upp hendina með eða móti einni til viðbótar.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég vil einungis skýra frá því, að fjhn. hefir ekki tekið ákvörðun um þær brtt., sem hér liggja fyrir. Og ég held, að meiri hl. hennar óski ekki eftir, að málinu sé frestað. Ég fyrir mitt leyti hefði getað fallizt á, að frv. væri tekið út af dagskrá nú, til þess að n. gæti tekið brtt. til athugunar. En ég hefi borið það undir form. n., og hann telur ekki þörf á því. Hafa því vitanlega nm. í fjhn. óbundin atkv. um brtt. þær, sem fyrir liggja.

Ég hefi borið fram litla brtt. á þskj. 270. Það er raunar einungis leiðrétting, sem lítillar skýringar þarf við. Það er svo ákveðið í 4. gr. frv., að mál, sem rísa kunna út af lögum þessum, skuli fara með eins og almenn lögreglumál. Nú geta vitanlega risið einkamál út af þessum lögum, t. d. milli lánsstofnana og einstaklinga, og á auðvitað ekki að fara með slík mál eins og almenn lögreglumál. Þess vegna ber ég fram till. um að orða þetta ákvæði þannig, að mál, sem rísa kunna út af **brotum** á lögum þessum, skuli fara með sem almenn lögreglumál.

Það er vitanlega rétt, sem hv. þm. Seyðf. heldur fram hér, að heppilegt hefði verið að athuga frv. það, sem hann flytur á þskj. 278, í sambandi við þetta mál, og sennilega fer það til sömu n. En ég hygg, að þessi frv. komi þó ekki í bága hvort við annað, svo þó jafnvel hv. d. sýndist að samþ. frv. hv. þm. Seyðf., þá væri því ekkert til fyrirstöðu, þó hún væri áður búin að afgr. það frv., sem hér liggur fyrir.

**Tryggvi Þórhallsson:** Það liggur beint við, hver er tilgangur þessa frv. Tilgangur þess er sá, að hægt verði að koma fram lækkun innlánsvaxta í landinu. Og það mun flestum ljóst, að það er ekki að ástæðulausu, að reynt er að skapa aðstöðu til þess. Í haust sem leið hefðu innlánsvextir verið lækkaðir a.m.k. um ½%, ef fyrir hendi hefði verið sú aðstaða, sem skapa á með þessu frv. Þá lágu fyrir ákvarðanir frá tveimur af bönkunum, Landsbankanum og Búnaðarbankanum, um að lækka innlánsvexti, en það tókst ekki fyrir það, að Landsbankinn hafði eigi það vald, sem honum er veitt með þessu frv., ef að l. verður. Höfuðtilgangur frv. er því að skapa þessa nauðsynlegu aðstöðu til lækkunar innlánsvaxta, og þá vitanlega með það fyrir augum, að útlánsvextir geti lækkað jafnframt. Og flestir munu vera þeirrar skoðunar, að það sé réttlát og sjálfsögð ráðstöfun eins og nú standa sakir, þegar nær öll framleiðsla er rekin með tapi. Undir slíkum kringumstæðum er óforsvaranlegt, að þeir, sem fé lána til atvinnurekstrarins, sem eru sparifjáreigendurnir, skuli fá eins mikla vexti af því eins og áður, meðan allt lék í lyndi.

Einmitt út frá þessu, að tilgangur frv. er sá, að geta lækkað innlánsvexti, til þess að útlánsvextir geti líka lækkað, verð ég að segja það, að ekki getur komið til mála, að ein stór lánsstofnun sé alveg undanskilin ákvæðum frv. Mér finnst, að ekki hafi komið fram neinar frambærilegar ástæður fyrir því, að þessi stóra peningastofnun, Söfnunarsjóður Íslands, eigi að vera utan við allt vextakerfið í landinu. Einmitt sú stofnunin, sem bezta aðstöðu hefir, sem lánar sitt fé út á þann hátt, sem engin áhætta fylgir, hún á ekki að þurfa að beygja sig fyrir ráðstöfunum vegna hins almenna ástands í landinu. Það er vitnað í það, að þessi stofnun hafi sérstöðu. Já, hún hefir sérstöðu að sumu leyti, m. a. í því, að hún tekur meiri okurdráttarvexti en nokkur önnur lánsstofnun. Í l. frá síðasta þingi eru nokkrar takmarkanir settar um, hvað háa dráttarvexti megi taka af lánum til landbúnaðarins. Við skulum nú taka dæmi til þess að bera saman, hvaða dráttarvexti Búnaðarbankinn, Landsbankinn og Söfnunarsjóður taka. Við skulum taka 10 þús. kr. lán, sem veitt er úr ræktunarsjóði til 25 ára, og lán úr veðdeild Landsbankans, sem veitt er til svipaðs tíma. Af árgjöldum þessara lána eru dráttarvextir á mánuði kr. 5,24, eða sem svarar 63 kr. á ári. En í Söfnunarsjóði er nú tekið í dráttarvexti af hliðstæðum lánum 15 kr. á mánuði, eða 180 kr. á ári. Það eru um það bil þrefalt hærri dráttarvextir heldur en hjá öðrum stofnunum. Þetta nær ekki nokkurri átt, allra sízt þegar um stofnun er að ræða, sem lánar aðeins út á 50% af fast-

eignamatsverði lands og 25% af fasteignamatsverði húsa, þegar um lán til landbúnaðarins er að ræða. Hvaða ástæða er til að láta slíka stofnun hafa aðstöðu til að hafa hærri vexti heldur en aðrar lánsstofnanir? Ég fyrir mitt leyti álít, að það nái ekki nokkurri átt og að sú löggjöf, sem hér er verið að setja, væri beinlínis ranglát, ef Söfnunarsjóður er undanskilinn.

Ég get bætt því við, sem ég hefi látið í ljós áður, að ég álít, að Söfnunarsjóður hafi raunar ekki lengur rétt á sér eins og hann er rekinn nú. Ég álít, að það ætti að sameina hann á einhvern hátt einhverri af hinum lánsstofnununum.

Ég verð því að leggja mjög fastlega með því, að annaðhvort brtt. á þskj. 281 eða 282 verði samþ. Ég álít brtt. á þskj. 282 stórt spor til hins betra, þó ég álíti brtt. á þskj. 281 betri. Verði hvorug þeirra samþ., álít ég frv. ranglátt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 295) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Steingrímur Steinþórsson:** Það eru aðeins örfá orð, sem fallið hafa í umr. síðan ég talaði áðan, sem ég vildi leiðrétta. Það var hv. þm. N.-Ísf., sem hélt því fram, að ég hefði sagt, að Söfnunarsjóður hefði ekki sérstöðu. Ég sagði það aldrei. Ég tók það einmitt fram, að hann hefði sérstöðu að vissu leyti, en sú sérstaða skapaði ekki neinn rétt á þessu sviði. Hv. þm. tók það fram, að það mætti þá skylda alla sjóði, sem hafa skipulagsskrár, til þess að lúta þessum l. um almenna vaxtalækkun. Ég er alveg sammála hv. þm. um það, og ég vildi gjarnan vera með til þess að koma því fram.

Hæstv. atvmrh. talaði í líkum anda og benti á, að þar sem svo væri um þetta fé búið, að það mætti ekki taka það út fyrr en eftir langan tíma, þá væri ekki nema sanngjarnt, að það fengi rétt til hærri vaxta. En í sömu andránni sagði hæstv. ráðh., að fyrirkomulag sjóðsins væri þannig, að féð væri tryggara þar en víðast annarsstaðar. Það mun álitið, að því tryggara sem fé er, því lægri vexti eigi að greiða af því. Ég aðhyllist það einmitt mjög. Það er því einkennilegt að gefa þeirri lánsstofnun, sem álitin er tryggust allra, leyfi til þess að mega greiða hærri vexti en allar aðrar lánsstofnanir. En það mun vera svo, eins og hæstv. ráðh. sagði, að lengi hefðu vextir verið lægri í Söfnunarsjóði en Landsbankanum, en nú á að fara að gefa Söfnunarsjóði heimild til að greiða hærri vexti en allar aðrar peningastofnanir í landinu. Svo það virðist vera um allmikla breyt. að ræða frá þeim reglum, sem skapazt hafa á þessu sviði. Þetta sannar frá mínu sjónarmiði það, sem ég hefi haldið fram og fleiri, að engin ástæða sé til þess að veita Söfnunarsjóði nokkur fríðindi eða sérréttindi hvað þetta snertir.

Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þessar till. okkar væru byggðar á misskilningi, þá vil ég mótmæla því og vitna til ummæla hv. þm. Str. í síðustu ræðu hans, þar sem hann sagði, að tilgangurinn væri ekki sá einn, að lækka innlánsvextina, heldur væri þetta miklu fremur gert til þess að geta lækkað útlánsvextina. Þess vegna er það með fullum skilningi á tilgangi frv., að við berum fram þá brtt., að Söfnunarsjóður komi undir hin almennu ákvæði frv. um lækkun innlánsvaxta. Það er vegna þess, að við álítum, að vexti verði að lækka almennt, þar sem mögulegt er, því það er vaxtaokrið, sem hvað mest hvílir sem mara á atvinnuvegunum.

Ég álít, að með þessu frv. sé aðeins byrjað á því starfi, sem verður að framkvæma og það er almenn vaxtalækkun. En það verður annað og meira að koma á eftir, og að því leyti er ég samþykkur ummælum hv. þm. Seyðf., að það þurfi að gera miklu meira í þessu efni. En þetta skapar þann grundvöll, að hægt er að lækka innlánsvexti allra lánsstofnana í landinu vegna ákvæða frv. Hv. þm. Str. tók svo margt fram af því, sem ég vildi sagt hafa, að ég sé ekki ástæðu til að taka það upp hér. En út af því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að þessi ákvæði mundu hagga við skipulagsskrám ýmsra sjóða, þá get ég ekki skilið þau ummæli. Ég get ekki skilið, hvernig þeir menn, sem stofna sjóði á ýmsum tímum, geta skuldbundið þær lánsstofnanir, sem ávaxta sjóðina á hverjum tíma, til þess að greiða ákveðna vexti um ófyrirsjáanlega fram-

tíð. Hvaða sjóður sem er hlýtur að búa við þá löggjöf, sem er á hverjum tíma um vaxtakjör og annað.

Ég fæ ekki séð, að þessi ákvæði geti á nokkurn hátt haggað við skipulagsskrám sjóða, sem eru í Söfnunarsjóði.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Það var eitt atriði í ræðu hv. þm. Str., sem ég get tekið undir, og það var um dráttarvextina hjá Söfnunarsjóði. Ég væri því ekki mótfallinn, að gerðar verði breyt. á þeim og þeir færðir til samræmis við þá ákvörðun, sem fjármálaráðuneytið tók á síðastl. hausti um dráttarvexti samkv. l. um gjaldfrest bænda. En ég vil gera nokkra aths. út af því, sem sami hv. þm. sagði að öðru leyti. Hann kvað mjög fast að orði um það, að það mætti ekki gefa þessum sjóði neina sérstöðu. Ég vil þá spyrja hann, hvort hann hafi nokkuð á móti því, að Söfnunarsjóður hætti alveg útlánum út á fasteignir og verji allri sinni innistæðu til þess að kaupa jarðræktarbréf í Búnaðarbankanum, sem gefa góða vexti og eru mjög trygg verðbréf, með því að þau hafa ríkisábyrgð. Setjum nú svo, að nú væri það hinsvegar á sama tíma lögboðið, að innlánsvextir mættu ekki vera hærri í Söfnunarsjóði en Landsbankinn greiðir. Hvað á þá að gera við þennan mikla mismun á innlánsvöxtum þeim, sem Söfnunarsjóðurinn greiddi, og þeim vöxtum, sem hann tæki við, ef hann keypti jarðræktarbréf eða önnur álíka vaxtahá verðbréf? Ætti þá Söfnunarsjóðurinn að hafa rétt til þess að stinga þessum mikla vaxtamismun í sinn eiginn varasjóð? Söfnunarsjóðnum hefir hingað til verið það gætilega stjórnað, að hann hefir ekki þurft þess með. Þvert á móti er líklegt, að hann geti bráðlega komizt hjá að hafa nokkurn mismun innláns- og útlánsvaxta, ef honum verður eins vel stjórnað hér eftir sem hingað til.

Þetta dæmi sýnir, að hér er einmitt byrjað á öfugum enda. Ef á að setja einhver ákvæði um Söfnunarsjóð, þá liggur næst að setja ákvæði um útlánsvexti, en ekki innlánsvexti.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði um það, að ég hefði sagt, að Söfnunarsjóður væri tryggari en aðrar lánsstofnanir. Ég mun hafa komizt að orði á þá leið, að fé sjóðanna hefði tryggari vörzlu í Söfnunarsjóði heldur en þegar það væri ávaxtað á annan hátt, ekki af því, að Söfnunarsjóður væri beinlínis tryggari stofnun en aðrar lánsstofnanir, sem hafa ríkisábyrgð, eins og Búnaðarbankinn og Landsbankinn, heldur af því, að það væri síður hætt við, að það yrðu mistök um vörzlu fjárins hjá stjórn sjóðanna, ef féð er varðveitt í Söfnunarsjóði heldur en í öðrum lánsstofnunum, þar sem taka má féð út hvenær sem einhverjum stjórnanda þýður svo við að horfa. Á þann hátt mælti ég, en hv. 1. þm. Skagf. skildi orð mín nokkuð á annan veg.

Ég vildi aðeins gera þessa aths., en jafnframt vildi ég gera aths. út af því, sem hv. þm. Dal. mælti. Hann sagði, að mest það fé, sem varðveitt væri í Söfnunarsjóði, hefði fjarlægt takmark. En ég skal minna hv. þm. á það, að það eru ýmsir sjóðir í Söfnunarsjóði, sem hafa mjög nálægt takmark, eins og t. d. ellistyrktarsjóðurinn, og fyrir þá, sem styrks þurfa við, þá hefir margt gamalmennið munað um þann styrk. Þótt sá sjóður sé enn of smár og þingið hafi vanrækt að gera þeim l. betri bót, þá nema ellistyrktarsjóðirnir þó mörgum hundruðum þús. samtals, og mundi þá a. m. k. mörgu gamalmenninu bregða í brún, ef Alþingi færi að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að lækka vexti af fé þeirra fremur en af öðru fé.

**Guðbrandur Ísberg:** Mér skildist á hv. 3. þm. Reykv., að hann teldi, að 3. gr. frv. mætti falla niður vegna þess, að Söfnunarsjóður kæmi ekki undir 1. gr. laganna. Ég get ekki skilið, á hverju hann byggir þetta. Frv. tekur til banka, sparisjóða og annara stofnana, sem rétt hafa til að reka sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé. Söfnunarsjóður fellur undir síðara ákvæðið, þar sem hann veitir fé móttöku til ávöxtunar, enda þótt það sé með nokkuð óvenjulegum hætti.

Viðvíkjandi brtt. þeirri, sem ég bar fram á þskj. 282, vil ég taka það fram, að mér væri það gleðiefni að heyra því lýst yfir úr ráðherrastóli, að það muni verða gerð sú breyt., að útlánsvextir Söfnunarsjóðs verði lækkaðir niður í 5%,

eins og í brtt. er farið fram á. En þrátt fyrir það sé ég ekki ástæðu til þess að taka brtt. aftur, því mér finnst það ekki óeðlilegt, fyrst Söfnunarsjóður er undanskilinn ákvæðum frv., að því er innlánsvexti snertir, þá sé það þó gert með því skilyrði, að hann lækki útlánsvexti sína, sem menn eru sammála um, að séu óþarflega háir. En viðvíkjandi því, að Söfnunarsjóði sé gert að skyldu að greiða einhverja ákveðna innlánsvexti eða í einhverju ákveðnu hlutfalli við það, sem Landsbankinn greiðir, þá verð ég að hallast að þeirri skoðun, að það sé rétt að láta það óbundið. Innlánsvextir myndu þá verða nálægt 5%, og verða það að teljast mjög viðunanlegir vextir, hver sem í hlut á.

Ég vil geta þess, með tilliti til þess, sem hæstv. atvmrh. tók fram, að Söfnunarsjóður geti hér eftir lagt fé sitt í bankavaxtabréf og hætt útlánum, að það er einmitt þetta, sem mér var ljóst, en ég vil ekki að komi fyrir. Þess vegna vil ég leggja með því, að það sé ekki kreppt meira að Söfnunarsjóði en farið er fram á með brtt. minni á þskj. 282, þannig að honum sé eftir sem áður hægt að greiða nálægt 5% í innlánsvexti.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Mér finnst, að við þessa umr. málsins hafi ekki gætt nægilega mikils skilnings á því, að hverju er stefnt með þessu frv., og þó hv. þm. Str. benti á þetta í fyrri hluta ræðu sinnar, þá fannst mér einmitt, að í seinni hluta ræðunnar koma fram það sama, að það væri ekki vel ljóst, hvað hér lægi til grundvallar, nefnil. möguleikinn að fá lækkaða útlánsvexti í peningastofnunum. En það er ekki með þessu verið að stefna að því, að allir útlánsvextir séu lækkaðir jafnt, hvar sem er, heldur að lækka þá yfirleitt, þar sem þeir virðast hafa verið óþarflega háir, sem m. a. stafar af því, að rekstrarfé stofnananna er of dýrt, fyrir það, að borgaðir eru of háir vextir af innistæðufé í sparisjóðsdeildum. Ef ákvæði frv. um Söfnunarsjóð eða um vaxtatöku hjá bönkunum væru þannig, að þeir mættu ekki taka hærri vexti en sem næmi 0,1% meira en innlánsvextir, þá gæti ég fallizt á að hafa sömu ákvæði um Söfnunarsjóð. En það er nú svo, að bankarnir taka miklu meira af útlánsvöxtum til sinnar starfsemi en þetta, og mörgum sinnum meira en Söfnunarsjóður, því hann tekur ekki nema 0,1% í starfrækslu sína. Hitt fer til þeirra, sem eiga fé í stofnuninni. Með þessu er því ekki að ástæðulausu verið að sverfa að þeim, sem eiga fé í stofnunum, heldur er það gert til þess að lækka útlánsvexti um það, sem nauðsyn ber til, til þess að lánsfé verði ekki of dýrt.

Þar sem hv. þm. Str. benti á, að það væru skyld þessi atriði um vaxtaákvörðun og dráttarvexti, þá er það nokkuð annað atriði, sem komið er fram frv. um. Það er að vísu atriði, sem mér skildist samkv. upplýsingum hæstv. atvmrh., að stj. hefði átt að geta verið búin að koma í rétt horf og aldrei þurft að láta vera í þessu óréttláta horfi. Ef stj. hefir heimild til þess að ákveða vexti í Söfnunarsjóði, þá hefir hún eins rétt til þess að ákveða dráttarvexti. Af þessum ástæðum, að Söfnunarsjóður hefir tekið svo miklu minna í sína starfrækslu en aðrar stofnanir, þykir mér sanngjarnt, að nokkuð önnur ákvæði gildi um hann, og því gat ég fallizt á það, að hann væri undanskilinn þessum l., og því heldur, sem hæstv. ráðh. hefir lýst því yfir, að stj. hefir öll tök á því að ákveða þessa vexti. En ef einhver breyt. verður á þessu, þá gæti ég fallizt á brtt. á þskj. 282. Ég ætla, að með þessu frv. sé stefnt að því, að útlánsvextir í bönkum út á samskonar veð og Söfnunarsjóður lánar út á verði ekki hærri en 5%, og máske lægri.

Annars vildi ég segja það út af umr. um þetta frv., að það kveður að nokkru við sama tón og á þingi, þegar talað var um að taka ábyrgð á Landsbankann. Þá var slegið á þá strengina, að slík ákvæði yrðu til þess að draga fé frá sparisjóðum til Landsbankans og gera þeim illmögulega starfsemi sína. Ég held, að þetta hafi ekki komið í ljós. Meira að segja hafa hér í sjálfri Reykjavík, eftir að þau l. gengu í gildi, verið stofnaðir sparisjóðir við hliðina á þessum banka og þeim bönkum, sem hafa ríkisábyrgð. Það hefir sannazt það gagnstæða í þessu efni. Og þó nú verði ákveðið, að sparisjóðir taki ekki hærri vexti en Landsbankinn, þá er ég ekki trúaður á, að það hafi veikjandi

áhrif á sparisjóði landsins. Það, sem skiptir máli, er það, hvort menn hafi trú á því, að fé sé eins vel geymt í sparisjóðum og bönkum. Hingað til hefir það verið svo, að lítil eða engin töp hafa komið fram í sparisjóðum, og fé hefir þar verið eins tryggt og bezt má vera. En ef það hinsvegar er þannig um einhverja sparisjóði, að þeir verða að borga hærri innlánsvexti en aðrar peningastofnanir til þess að halda fjármagni sínu, þá er þar eitthvað óheilbrigt á ferðinni, og þá er ekki að mínu áliti neitt óheppilegt, að slíkir sparisjóðir hafi eitthvert aðhald til þess að fara vel með það fé, sem þeir hafa með höndum. Þá mundi tiltrúin vaxa aftur, því hún er í réttu hlutfalli við það, hvernig sparisjóðunum er stjórnað.

Að þetta frv. þurfi að bíða eftir frekari ákvörðunum í vaxtamálum yfirleitt, sé ég ekki neina þörf á. Það er atriði alveg út af fyrir sig, og má taka aðrar róttækari ráðstafanir, ef nauðsynlegt þykir. Það er virkilega nauðsynlegt, að aðalpeningastofnun landsins, Landsbankinn, geti haft nokkur tök á því, hverjir innlánsvextir eru í peningastofnunum. Ef einhver peningastofnun á að hafa þar forgöngu, þá getur ekki orkað tvímælis, að það er Landsbankinn, sem það verkefni á að hafa með höndum.

**Halldór Stefánsson:** Það virðist vera ljóst fyrir öllum, hver grundvöllur þessa frv. er, að skapa möguleika til þess, að það geti orðið almenn vaxtalækkun á útlánsvöxtum. En hinsvegar er það svo í frv., að það er ætlazt til, að það sé aðallega og fyrst og fremst á valdi Landsbankans að ákveða, hvað fært þykir að lækka innlánsvextina mikið, og það má telja eðlilegt, að svo sé, þar sem telja verður, að það sé Landsbankinn, sem hefir aðalábyrgðina á fjármálefnum landsins og viðskiptamálum jafnt innanlands sem gagnvart útlöndum. Hinsvegar býst ég við, að Landsbankinn muni leita samvinnu við stj. um það, hvað fært er, að vaxtalækkanir verði miklar. Og ég fyrir mitt leyti beini þeirri áskorun til stj., að hún vinni að því með bankanum, að vaxtalækkanir geti orðið svo miklar sem frekast er fært, því það er fullkomið misræmi og óheilbrigði í því, eins og bent hefir verið á, að þeir menn, sem eiga fé á bankavöxtum, eigi það ekki einungis tryggt með ábyrgð ríkisins heldur gefi þar að auki háa vexti, þegar þeir menn, sem taka féð að láni eða leggja eigið fé til þess að reka atvinnuvegi þjóðarinnar, sem fjárhagsafkoma þjóðarinnar byggist að öllu á, eiga mjög í hættu ekki einasta að fá enga vexti, heldur jafnvel að tapa sínu fé með öllu. Umr. hér hafa að mestu snúizt um eitt atriði, 3. gr. frv., sem tekur til þess, hvort Söfnunarsjóður eigi að vera undanskilinn ákvæðum þessara l. eða ekki. Það er búið að ræða það svo frá öllum hliðum, að það mætti ætla, að það lægi ljóst fyrir. Þetta er einfalt atriði, sem brtt. við 3. gr. fjallar um, svo ég sé enga þörf að tefja málið með því að vísa því til n. á ný.

Hv. þm. Seyðf. gat þess, að hann hefði áður við umr. óskað eftir því, að fjhn. frestaði afgreiðslu þessa máls vegna frv., sem hann og þeir jafnaðarmenn ætluðu að bera fram, sem snerti þetta efni. Ég vil út af þessu aðeins vekja athygli bæði hv. þm. og annara á því, að þessi tilmæli hans komu ekki fram fyrr en eftir að n. var búin að skila málinu og það komið í hendur d. Þar sem hv. þm. ítrekar nú þessa beiðni, þá er þess að geta, að það er af misskilningi gert hjá honum að beina slíkri beiðni til n., því að hún er nú búin að skila málinu af höndum sér og í hendur d. Það væri því miklu nær fyrir hann að beina þessari ósk sinni til hæstv. forseta, sem gæti þá gert það, sem honum sýndist réttast í þessu máli.

**Jónas Þorbergsson:** Hæstv. atvmrh. sagði, að ræða mín hefði bent til þess, að mér væri ekki annt um eftirkomendurna, þar sem ég væri á móti því, að Söfnunarsjóður tæki hærri vexti en gjaldþol atvinnuveganna gæti risið undir. Þetta er ekki allskostar rétt. Ég hygg, að við séum báðir sammála um, að hlynna sem bezt að eftirkomendunum. En það er svo, að á þessum erfiðleikatímum er mest talað um líðandi stund og að bjarga þjóð og einstaklingum út úr þeim vanda, sem fjárhagsástæður heimskreppunnar hafa skapað. Þess vegna get ég ekki fallizt á, að Söfnunarsjóði sé sköpuð sérstaða til þess blátt áfram að okra á þeim, sem fá

þar lán, miðað við það, sem á að eiga sér stað um aðrar lánsstofnanir landsins.

Ég hefi borið fram skrifl. brtt. í þessu máli, en við nánari athugun komst ég að þeirri niðurstöðu, að hennar muni ekki þörf, heldur sé réttast að fylgja brtt. á þskj. 281, sökum þess, að Söfnunarsjóður hefir sama sem enga áhættu eða kostnað við útlán sín, og munur á útláns- og innlánsvöxtum er því sama sem enginn. Þannig skapast þessum sjóði sérstaða til að draga til sín það innlánsfé, sem hann hefir gert fram yfir aðrar lánsstofnanir, sem til mála gætu komið að taka slíkt fé til ávöxtunar.

Af þessum ástæðum, sem ég hefi nú greint, tek ég brtt. mína aftur.

**Haraldur Guðmundsson:** Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að það væri þýðingarlaust fyrir mig að beina þeirri ósk til sín, að málinu væri nú frestað. En ég veit það vel, þar sem hann er form n., þá mun hæstv. forseti taka málið af dagskrá, ef hann óskar þess.

**Halldór Stefánsson:** Ég vil benda hv. þm. Seyðf. á það, að það mundi ekki síður hafa áhrif á hæstv. forseta, ef hv. flm. frv. vildi bera þá ósk fram við hann, að málinu væri frestað, heldur en þótt form. fjhn. bæri það fram, því að eins og ég tók fram áðan, þá er n. þegar búin að skila málinu af sér, svo að það er eingöngu í hendi deildarinnar og hæstv. forseta.

**Haraldur Guðmundsson:** Það er bersýnilegt, að ef þetta frv. verður samþ. nú, þá er þýðingarlaust að bera fram frv. okkar jafnaðarmanna um lækkun vaxta, sem útbýtt hefir verið í dag. Ég hefði óskað þess, að það mætti fá athugun samhliða þessu frv., því að þau fjalla bæði um sama málið. Þess vegna hefi ég borið fram ósk um, að þessu máli verði frestað, en ég get ekki borið upp þá ósk við hv. flm., því að hann er fjarverandi.

**Forseti (JörB):** Ég geri ekki ráð fyrir, að það skipti neinu verulegu um afgreiðslu þessa máls, þó að því sé frestað að þessu sinni, þar sem þetta er 3. umr. Ég hefði leitað álits flm., hæstv. forsrh., ef hann væri ekki forfallaður. En þar sem hann er nú fjarstaddur, er ekki unnt að bera þetta undir hann. En ég mun verða við tilmælum hv. þm. Seyðf. um að taka málið af dagskrá að þessu sinni, en tek það þá aftur á dagskrá á morgun.

**Haraldur Guðmundsson:** Ég vil benda á, að það er þýðingarlaust að taka þetta mál nú út af dagskrá, ef á að taka það aftur á dagskrá næsta dag, því að þá er ómögulegt að athuga frv. mitt um þetta efni áður en hv. d. tekur endanlega afstöðu til þessa frv.

**Forseti (JörB):** Málinu verður ekki frestað lengur en til næsta dags, og vinnst væntanlega nægur tími til að athuga það þangað til. Má þá fresta frv. lengur, ef samkomulag verður um það á morgun. — Málið er þá hér með tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 30. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 267, 270, 281, 282).

**Sveinn Ólafsson:** Ég vildi beina aðeins örfáum orðum til hv. 1. þm. Skagf., sem hélt því fram við fyrri hluta umr., að þau ummæli mín væru á misskilningi byggð, að samþykkt brtt. hans á þskj. 281 gæti orðið til þess, að fyrirmæli skipulagsskránna fengju ekki staðizt. Ég get bent honum á það dæmi, að ákveðið er, að sjóðir taki til starfa eftir tiltekið tímabil og miðað er við ákveðna vexti, t. d. 5½%, sem Söfnunarsjóður greiðir árl. af innstæðu. Ef vextirnir yrðu nú færðir niður í 2½%—3%, eins og hv. þm. Seyðf. leggur til, þá er augljóst, að sjóðurinn getur ekki tekið til starfa á þeim tíma, sem ætlað var, og skipulagsskráin því ekki staðizt. Brtt. hv. 1. þm. Skagf. hlyti því, ef samþ. yrði, að hagga fyrirmælum þeirra. En slíkt ætla ég, að enginn hv. þm. vilji, né heldur ætla ég, að ríkissjóði verði gert að skyldu að bæta vaxtamissinn þegar svo bæri undir. Er því minni ástæða til að gera slíkar ráðstafanir gagnvart Söfnunarsjóði, sem hann er ekki hættulegur keppinautur lánsstofnana ríkisins. Fé, sem hann hefir yf-

ir að ráða, er takmarkað og áhrifin á útlánsstarfsemina þess vegna hverfandi lítil. Annað mál er um brtt. á þskj. 282, en þó tel ég hana ekki nauðsynlega, og réttast að samþ. frv. óbreytt.

**Steingrímur Steinþórsson:** Ég sé ekki ástæðu til að karpa um þetta, en hv. 1. þm. S.-M. hefir ekki enn sannfært mig um, að brtt. mín haggi við ákvæðum skipulagsskránna, því að ég get ekki skilið, að nokkur skipulagsskrá ákveði, að sjóðurinn skuli hafa náð ákveðinni krónutölu eftir ákveðinn tíma, heldur aðeins, að sjóðurinn taki til starfa, þegar hann hefir náð ákveðnu marki. Enda eru mjög margir af þessum sjóðum frá þeim tíma, þegar innlánsvextir Söfnunarsjóðs voru allmiklu lægri en nú.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég var ekki viðstaddur fyrri hl. umr., en hæstv. atvmrh. mun hafa tekið til máls. Sá er munur á Söfnunarsjóði og öðrum útlánsstofnunum, að hann ákveður útlánsvextina fyrirfram, en innlánsvextir fara eftir kostnaði við rekstur sjóðsins. Þetta er alveg gagnstætt því, sem annarsstaðar tíðkast hjá sparisjóðum. Ég verð því að halda því fram, að ástæða sé til að gera undantekningu um Söfnunarsjóð í frv. þessu, og hægt sé fyrir fjmrh. að semja við stjórn sjóðsins um hæfilega vaxtalækkun. Ég mun því greiða atkv. á móti brtt. hv. 1. þm. Skagf., en tel brtt. á þskj. 282 skaplegri, en réttast að samþ. frv. óbreytt. Um dráttarvexti eru engar brtt., enda eru þeir lögbundnir, og verður því að breyta l. til að fá þá lækkaða.

ATKVGR.
Brtt. 281,1—2 felld með 12:8 atkv.
— 282,1 samþ. með 15:4 atkv.
— 270 samþ. án atkvgr.
— 282,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 39. fundi í Ed., 31. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 298).

Á 41. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 298, n. 613).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var þar borið fram að tilhlutun ríkisstj. Í meðferð Nd. tók frv. m. a. þeirri breyt., að í upphaflega frv. var svo fyrir mælt, að l. næðu ekki til Söfnunarsjóðsins. Eins og frv. ber með sér, er efni þess það, að sparisjóðir og aðrar lánsstofnanir, sem hafa rétt til sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, megi ekki greiða hærri vexti af innlánsfé en Landsbankinn greiðir. Nú er það svo, að fjhn. þessarar hv. d. er að vísu ekki alveg sammála um aðalefni frv., en er þó sammála um að mæla með því, að það gangi fram. Hinsvegar er n. sammála um að leggja til, að 3. gr. frv. verði breytt þannig, að það sé fært í sama horf og upphaflega frv., þannig að Söfnunarsjóður Íslands sé undanþeginn ákvæðum l. Það er nú svo um Söfnunarsjóð Íslands, að hann er stofnaður með nokkuð öðrum hætti en aðrar lánsstofnanir, sem taka fé til ávöxtunar, og má frekar líkja honum við opinberan sjóð en við stofnun, sem ávaxti fé sér til hagsmuna, því eftir því, sem ég bezt veit, tekur sjóðurinn ekki nema vissan og það mjög lágan hundraðshluta af vaxtamismuninum, en hitt fer til innstæðueigendanna. Einn af stærstu viðskiptavinum Söfnunarsjóðsins eru ellistyrktarsjóðirnir, og n. lítur svo á, að þar sem hagnaðurinn af vöxtunum rennur m. a. til þeirra, sem þess styrks eiga að njóta, þá sé ekki rétt að láta Söfnunarsjóðinn koma undir þessi l., sérstaklega með því að þessi stofnun veitir löng og hagkvæm lán gegn tryggum veðum. M. ö. o., n. lítur þannig á, að hér sé ekki um stofnun að ræða, sem keppi við banka eða sparisjóði, og telur því rétt að leggja til, eins og sést á þskj. 613, að Söfnunarsjóðurinn verði undanþeginn ákvæðum l. Ég

skal geta þess, að n. er öll sammála um þetta, en hv. 1. landsk. hefir nokkra sérstöðu í málinu og áskilur sér rétt til þess að koma með brtt. við frv. við þessa umr. eða síðar. Hinsvegar telur hann sig ekki mótfallinn stefnu frv., en mun sennilega gera grein fyrir fyrirvara sínum. Ég hefi svo ekki fleira að segja f. h. n., en vænti, að málið gangi fram með þeirri breyt., sem n. hefir gert.

**Jón Þorláksson:** Ég mun gera grein fyrir fyrirvara minum í sambandi við brtt. við frv., sem ég hugsa mér að láta koma fram við 3. umr.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég geri ekki ráð fyrir að geta greitt atkv. með þessu frv. eins og það liggur fyrir. Fyrst og fremst tel ég það í alla staði varhugavert að skylda sparisjóðina til þess að greiða sömu vexti af innstæðufé eins og bankarnir greiða. Ég vil vekja athygli á því, að bankarnir eru það betur settir en sparisjóðirnir, að það er ríkisábyrgð fyrir innstæðufé þeirra allra. Þetta eitt út af fyrir sig er bersýnilega mjög hvetjandi fyrir einstaklingana í landinu til þess að leggja fremur sparifé sitt í banka en sparisjóði. Hinsvegar vil ég vekja athygli á því, að sparisjóðirnir víða úti um land eru beinlínis máttarviðir þess atvinnurekstrar, sem rekinn er á hverjum þeim stað, sem sparisjóðir eru, og jafnframt skal ég vekja athygli á því, að bönkunum er mjög mikilsverð þessi starfsemi sparisjóðanna. Ég veit dæmi þess úti um land, þar sem bankaútibú eru, að ef þau þurfa að leita upplýsinga um hag manna, þá leita þau fyrst upplýsinga hjá sparisjóðunum; hinsvegar er það augljóst, að bönkunum er miklu hentara og hollara að framkvæma slíkar lánveitingar í gegnum sparisjóðina, vegna þess að þeir hafa þá aðstöðu, að þeir þekkja hag manna betur en bankarnir, sem eru í meiri fjarlægð, og lánveitingarnar verða miklu tryggari á þann hátt. Það er eins og sönnun fyrir þessu, að þau töp, sem sparisjóðirnar hafa orðið fyrir, eru hverfandi, þrátt fyrir það, að þeir víða úti um land lána töluvert mikið fé, jafnvel til áhættusams rekstrar, alveg samskonar rekstrar eins og bankarnir hafa tapað stórfé á. Þess vegna er nauðsynlegt, að ekki sé gert neitt það, sem er líklegt til þess að koma sparisjóðunum á kné.

Ef á að bæta því ofan á þennan mismun á bönkum og sparisjóðum, að bankarnir hafa ríkisábyrgð fyrir öllu innstæðufé sínu, að sparisjóðirnir séu skyldaðir til þess að greiða sömu vexti, þá er auðsætt, að hér er stefnt að því að gera aðstöðu sparisjóðanna erfiðari. Það er nú svo, að munurinn á þessum vöxtum er sáralítill, og er ekki sjáanlegt, hvaða ástæða virðist vera til þess að setja slík lagaákvæði. Vitanlega myndu sparisjóðirnir lækka vextina í hlutfalli við það, sem vextirnir hjá bönkunum væru. Þessi lagasetning er byggð á því, að nauðsynlegt sé að lækka vextina yfirleitt í landinu. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu. Ef bankarnir eiga að lækka útlánsvextina, þarf líka að lækka vextina af innstæðufé, og Landsbankinn mun bera því við, að það sé honum hættulegt að lækka innlánsvextina, ef sparisjóðirnir séu ekki jafnframt skyldaðir til þess að lækka sína vexti. Sá ótti er áreiðanlega ástæðulaus, því að þetta myndi koma af sjálfu sér. Mismunurinn myndi ekki verða meiri en nú. Það er engin ástæða til að gera ráð fyrir því, svo framarlega að yfirleitt er álitið að fært sé, eins og ástatt er hér á landi, að lækka innlánsvextina hjá bönkum og sparisjóðum svo nokkru nemi. Ég held satt að segja, að sú ráðstöfun væri áreiðanlega varhugaverð, þegar þess er gætt, hve mikill rekstrarfjárskortur er í landinu og menn geta fengið miklu hærri vexti af fé sínu utan banka og sparisjóða, og jafnvel af fullkomlega tryggðum lánum. Jafnvel þó að það þætti ástæða til að setja slík lög sem þessi, finnst mér ástæðulaust að hafa ákvæði þeirra skilorðslaus, án tillits til þess, hvort útlánsvextirnir verði lækkaðir. Ef þessi l. verða samþ., þá leiðir af þeim, að sparisjóðir og aðrar lánsstofnanir eru þar með skyldaðar til þess að lækka sína innlánsvexti, án tillits til þess, að útlánsvextir verði lækkaðir yfirleitt. Mér virðist, að það ætti a. m. k. að binda þetta við það, að lækkun verði gerð á útlánsvöxtum. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar við þessa umr.

**Jón Baldvinsson:** Ég saknaði þess úr ræðu hv. frsm. n., að hvaða gagni þetta ætti að koma. Ég veit, að ef hægt væri að lækka vextina af útlánum, myndi það koma mönnum að miklu gagni. Hinsvegar er það vitanlegt, að bæði bankarnir og ríkissjóður hafa mjög mikið erlent fé, og vextirnir af því fé, sem er hjá bönkunum, eru misjafnir og fara eftir vaxtakjörum erlendis. Það eru sennilega 10—20 millj. kr. í veltu hér á landi, sem greiddir eru vextir af eftir því sem vextirnir eru á peningamarkaðinum; við getum engu um það ráðið. Það er þessi rannsókn, sem ég saknaði frá n., hvort þetta kæmi að því gagni, sem það á að koma, að bankarnir lækki útlánsvextina. Ef ekki verður annað gert en að fyrirskipa sparisjóðunum, sem kunna að hafa ofurlítið hærri innlánsvexti, að hafa slíka vexti í samræmi við vexti Landsbankans, myndi þetta ekki verða að neinu gagni fyrir landsmenn. Ég held, að það geti orðið til skaða, og jafnvel stórskaða, ef aðeins væru lækkaðir vextir af innlánsfé og ekkert annað gert. Þá væri hætt við, að margir vildu heldur nota sína aura til þess að kaupa skuldabréf, sem ekki kæmi aðalatvinnurekstri landsmanna að notum, heldur færu til bygginga, sem að vísu geta verið nauðsynlegar. Þetta er sú hætta, sem gæti stafað af því að setja þetta þannig einhliða. Annars vil ég benda á það, hvort ekki væri ástæða til jafnframt því, að Landsbankinn á að fá þetta vald, að samþykki fjmrh., sem er yfirmaður bankanna í landinu, komi til.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Út af þessum umr., sem hér hafa farið fram, er kannske rétt af mér að gera grein fyrir því, að í n. lýsti ég þeirri afstöðu minni, að ég myndi bera fram brtt. við 1. gr. frv., sem heimilaði þeim sparisjóðum eða stofnunum, sem þar um ræðir og ekki njóta ríkisábyrgðar á innstæðufé, að hafa ½% hærri innlánsvexti en Landsbankinn eða þær stofnanir, sem nytu ríkisábyrgðar. Að öðru leyti vil ég lýsa því, að ég álít, að eftir tilgangi þessarar löggjafar eigi lögin að vera tímabundin, eins og aðrar kreppuráðstafanir, og mun einnig bera fram brtt. um það, að þau gildi aðeins fyrir ákveðinn tíma.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að aðalástæðan fyrir flutningi þessa frv. er sú, að Landsbankinn hefir tjáð, að erfitt myndi verða um niðurfærslu á vöxtunum, ef ekki kæmi einhver trygging, svipuð þeirri, sem felst í þessu frv. Mér finnst það vera skiljanlegt, að það sé ekki hægt fyrir þá stofnun að hafa forgöngu um útlánsvexti, nema því aðeins, að tryggt sé, að aðrar lánsstofnanir geti ekki starfað á öðrum grundvelli. Að því er snertir sparisjóðina úti um land, þá er mér ekki kunnugt um, að þeir taki hvorki hærri né lægri innlánsvexti en Landsbankinn, og veit ég ekki annað en að þeir fylgi hans vöxtum. Það kunna að vera einhverjar undantekningar, en mér er ekki kunnugt um það. Ef hér yrði gerð einhver breyt., þarf að vera trygging fyrir því, að sú breyt. nái til allra lánsstofnana, sem taka fé til ávöxtunar og lána það út aftur. Að því er það snertir, að tryggja þurfi sparisjóðina, þannig að þeir hafi heimild til þess að taka hærri vexti en stofnanir, sem hafa ríkisábyrgð, þá virðist sú reynsla, sem fengin er, ekki hafa gefið tilefni til þess. Mér er ekki kunnugt um, að sparisjóðir úti um land hafi þurft að vernda innstæðu sína með því að bjóða hærri innlánsvexti, og það er skiljanlegt, einmitt af þeirri ástæðu, sem hv. 1. þm. Reykv. nefndi, sem er sú, að yfirleitt farnast sparisjóðunum fullt eins vel og verða fyrir minni töpum en bankarnir, og það er af því, að þeirra starfssvið nær yfir minna svæði en bankanna og þeir hafa betra yfirlit yfir útlánin. Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að bankarnir gerðu rétt í því að haga sinni útlánsstarfsemi sem mest í gegnum sparisjóðina; en það hefir ekki verið svo hingað til, og hefir verið erfitt að fá bankana til þess, jafnvel útibúin. Bankarnir hafa litið á sparisjóðina sem einskonar keppinauta. Ég get ekki fallizt á, að sparisjóðirnir þurfi nokkra sérstaka vernd, þannig að þeim sé heimilt að gefa hærri innlánsvexti en bankarnir. Ég held, að afl þeirra byggist á því, að ef þeim er skynsamlega stjórnað, eru þeir engu ótryggari stofnanir en bankarnir. Velflestir munu vera svo sinnaðir, að þeir vilji heldur hafa fé sitt í þeim stofnunum, sem þeir geta fylgzt

með. Mörg af þessum lánum eru til stutts tíma, og er þægilegt að hafa stofnunina nærri sér. Ég held, að engin ástæða sé til sérstakrar verndar fyrir sparisjóðina, en ég hygg, að það sé rétt skoðað, að ef á að vera hægt að fá útlánsvextina niður, verði að vera trygging fyrir því, að samræmi sé í innlánsvöxtunum hjá hinum ýmsu lánsstofnunum hér á landi. Ég geri ráð fyrir, að málið fái að ganga til 3. umr. án breyt., og mætti þá athuga frekar, hvort þörf væri á að koma með brtt. við frv. við 3. umr.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þessi mál eru ákaflega viðkvæm og varasamt að gera nokkuð, sem menn eru ekki vissir um, hvaða áhrif kunni að hafa. Þó að munurinn á innlánsvöxtum hjá sparisjóðum og bönkum hafi að vísu ekki verið mikill, þá getur svona lækkun, sem kemur allt í einu, vakið menn til umhugsunar um, hvort þeir viti, hvaða áhrif það kunni að hafa. Eins og ég sagði áðan, má segja, að yfirleitt sé vaxtamunur sparisjóða og banka ekki mikill. Ég geri ráð fyrir, að það sé algengast, að sparisjóðir borgi yfirleitt 5% af innstæðufé, án tillits til þess, hvort féð á að standa á vöxtum í lengri eða skemmri tíma. Í bönkum eru greidd 4½% af fé, sem er í bókum og má taka hvenær sem er. Það er að vísu ekki mikill munur á því. Fé, sem á að standa til lengri tíma, geta menn haft í bókum á hærri vöxtum, eða eins og sparisjóðirnir borga mest; en það ræður miklu, að það er handhægara fyrir menn að hafa fé sitt í sparisjóðum, sem eru rétt við hendina, og svo má vel vera, að hitt ráði talsverðu, að menn vilji hafa sitt fé í sínu eigin héraði og menn vita aldrei, hvaða áhrif slík breyt., sem hér um ræðir, getur haft. En ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé svo mikilsvert mál, að ekki megi gera neitt, sem gæti orðið til þess að hnekkja starfsemi sparisjóðanna. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að ef slík breyt. verður gerð á frv., sem hv. 1. landsk. gerir ráð fyrir, þá sé þessi hætta útilokuð, og jafnframt ætti að geta orðið fullt samkomulag um það, að Landsbankanum stafaði þá engu frekari hætta af vaxtakjörum sparisjóðanna eftir en áður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, BSn, EÁrna, GL, HSteins, IP, JakM, JBald, JónJ, JónÞ, JónasJ, GÓ.

Tveir þm. (PHerm, PM) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 613 (ný 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 71., 73., 75. og 78. fundi í Ed., 13., 16., 18. og 22. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti *tók málið af dagskrá.*

Á 79. fundi í Ed., 23. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 655, 664).

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 664 við þetta frv. Fyrsta brtt. felur í sér þá breyt., að sparisjóðir og aðrar lánsstofnanir, sem ekki starfa með ríkisábyrgð, hafi heimild til að greiða ½% hærri innlánsvexti en Landsbanki Íslands greiðir, en þær stofnanir, sem aftur á móti njóta ríkisábyrgðar, eiga eftir orðalagi gr. ekki að greiða hærri vexti en Landsbankinn greiðir. Jafnframt þessu felst í 1. brtt. minni það, að miða skal hámark innlánsvaxta við innlánsvexti sparisjóðsdeildar Landsbankans, en ekki við innlánsvexti Landsbankans yfirleitt, eins og gert er í frv. Slíkt ákvæði er mjög tvírætt, þar sem bankinn starfar í þremur deildum, eins og kunnugt er, sem ekki munu greiða sömu vexti allar, þar sem seðlabankinn a. m. k. greiðir ekki sömu vexti og sparisjóðsdeild bankans, og veðdeildin tekur líka fé á vöxtu, og þeir vextir, sem hún greiðir, munu vera breytilegir og yfirleitt hærri en vextir sparisjóðsdeildar. Það var gerð grein fyrir því við 2. umr. þessa máls af hv. 1. þm. Reykv., að óeðlilegt væri að ganga svo langt í kröfum að binda vexti annara lánsstofnana, að þeir mættu ekki fara neitt fram úr því, sem Landsbankinn greiðir, af því að Landsbankinn hefir ríkisábyrgð á sparisjóðsfé og á því að öðru jöfnu að vera aðgengilegra fyrir al-

menning að geyma fé sitt þar. Hinsvegar er það ekki til neins gagns fyrir almenna hagsmuni í landinu að vera að ýta undir það með lagaákvæðum, að sparifé manna safnist allt á eina hönd, eða til Landsbankans.

Í sambandi við 2. brtt., við 4. gr., um það, að í stað lágmarkssektar 10 þús. kr. og hámarkssektar 100 þús. kr. komi 100 kr. og 5000 kr., skal ég geta þess, að ég tel þessar sektir eins og þær eru í frv. fara fram úr öllu hófi, og fyrir það flyt ég þessa brtt. Það er í raun og veru svo, að hugsazt gæti, að lögin yrðu brotin án þess eiginlega að hægt væri að segja, að það væri viljandi gert eða af ásetningi. Landsbankinn hefir ekki hingað til auglýst innlánsvexti á þann hátt, að tryggt sé, að öllum landsmönnum séu þeir kunnir. Hér við bætist, að það er efamál, hvort sparisjóðsdeild Landsbankans hefir svo fasta innlánsvexti, að ekki sé frá þeim vikið í samningum við einstaka menn. Ég geri ráð fyrir því, að það geti komið fyrir þau vafatilfelli, að það sé varlegra að binda ekki dómara til þess að dæma alltaf í háar sektir, heldur hafi þeir frjálsar hendur með að dæma vægt í einstökum tilfellum, og þar sem 5000 kr. er svo há upphæð, að ætla má, að það væri nægilega tilfinnanleg sekt fyrir sparisjóði úti um land, þá sýnist fullkominn óþarfi að vera að veifa þessari 100 þús. kr. sekt, sem væri þeim svo greinilega ofvaxin.

Þá er brtt. við 5. gr., um að ákvæði hennar gildi aðeins til ársloka 1934. Þetta er í samræmi við ýmsar aðrar ráðstafanir, sem gerðar eru vegna kreppunnar, sérstaklega hækkun skatta o. fl. Mér er og kunnugt um fyrirmynd í tilsvarandi lögum í Danmörku, þar sem lánsstofnanir eru skyldaðar til að færa niður innlánsvexti til ársloka 1934.

Mér finnst það alls ekki rétt að gera um það fast lagaákvæði, að engin lánsstofnun megi greiða hærri innlánsvexti en sparisjóðsdeild Landsbankans. Það getur farið svo, að ýmislegt geri það nauðsynlegt, að sparisjóðir hafi hæfilegt frelsi í þessu efni, að sparisjóðir, sem þess eru um komnir, geti beitt eitthvað hærri innlánsvöxtum til þess að tryggja starfsemi sína og halda í sitt innlánsfé.

Loks er síðasta brtt. um fyrirsögn frv., þannig að hún er stytt. Ég held, að texti þessarar fyrirsagnar sé einhver sá lengsti fyrirsagnartexti, sem sézt hefir hér á Alþingi, og hygg ég, að hann megi stytta að meinalausu.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eins og kom fram við 2. umr. málsins, var meiri hl. fjhn. á móti því að breyta vaxtaákvæðum frv. eins og hv. 1. landsk. leggur til. 1. brtt. á þskj. 664 er um það, að heimila þeim sparisjóðum og öðrum lánsstofnunum, sem ekki hafa ríkisábyrgð á sparifé sínu, að greiða ½% hærri vexti en Landsbankinn. Ég færði ástæður fyrir því við síðustu umr., að vegna sparisjóða úti á landi væri engin þörf að gefa slíka heimild, og ég hygg, að það sé svo yfirleitt um þær peningastofnanir, sem mundu njóta þessarar undanþágu. Ég skal ekki segja, hvað kann að vera hér í Reykjavík, því ég þekki ekki til um það, en það hefir ekki orðið vart við, að ábyrgð ríkisins á innstæðufé bankanna hefði þau áhrif, að sparisjóðir úti á landi misstu sitt fé. Hinsvegar get ég fallizt á 2. brtt., um að færa niður sektirnar.

Frv. þetta er borið fram í því augnamiði að gera mögulegt að færa niður almenna útlánsvexti. Þess vegna get ég ekki mælt með því f. h. meiri hl. n. að leyfa hærri innlánsvexti en Landsbankinn greiðir. Hitt skal ég játa, að er til bóta út af fyrir sig, að miða við innlánsvexti sparisjóðsdeildar Landsbankans fremur en Landsbankans í heild. — Að því er snertir 2. brtt., um sektirnar, get ég sagt það, að n. gerir hana ekki að neinu kappsatriði. Ég fyrir mitt leyti tel rétt að færa niður lágmarkið, og mun meiri hl. n. því láta það afskiptalaust.

Um 3. brtt. er það að segja, að ef frv. verður samþ. óbreytt hvað 1. gr. snertir, þá held ég, að ég verði ekki á móti henni, hinsvegar ef 1. gr. verður breytt, þá læt ég mig náttúrlega litlu skipta um afdrif frv. að öðru leyti.

4. brtt., um fyrirsögn frv., tel ég til bóta, og geri ráð fyrir, að meiri hl. n. verði ekki á móti henni.

ATKVGR.
Brtt. 664,1 felld með 7:6 atkv.
— 664,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 664,3 samþ. með 8:1 atkv.
— 664,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 8:2 atkv. og endursent Nd., með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um innlánsvöxtu.**

---

Á 82. fundi í Nd., 24. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 782).
Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 815).

---

## 66. Vélgæzla á gufuskipum.

Á 40. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum** (þmfrv., A. 291).

Á 44. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Héðinn Valdimarsson):** Á nokkrum undanförnum þingum hefir talsvert verið deilt um l. viðvíkjandi vélstjórunum. Með þessu frv., sem fram er komið eftir ósk tveggja hlutaðeigandi félaga, er ætlazt til þess, að bundinn verði endir á deilu þessa. Er með því veitt undanþága starfandi vélstjórum, svo að þeir fá viss réttindi, sem þeir hafa ekki samkv. núgildandi l. Ég vænti þess, að þessu máli verði vísað til sjútvn. og 2. umr. Að öðru leyti þarf ég ekki að fjölyrða um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 291, n. 652).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Sjútvn. virðist hér vera lausn á vandamáli milli Vélstjórafél. Íslands og Félags undanþáguvélstjóra, sem líka er til. Þar sem þessir tveir aðilar hafa komið sér saman um að fallast á l. um vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum eins og þau, sem hér koma fram í frv., sá n. ekki ástæðu til að vera á móti því, og leggur hún því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 74. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vil aðeins biðja hæstv. forseta um að taka þetta mál út af dagskrá, þar sem ég tel, að það þurfi meiri og betri athugunar við. Ég hefi talað við hv. flm. frv. og frsm. þess um, að málið verði tekið út nú, og hafa þeir ekkert við það að athuga.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 18. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 291, 720).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Þar sem sá ráðh., sem flytur brtt. á þskj. 720, er ekki viðstaddur, vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki málið út af dagskrá að þessu sinni.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. við a-lið 1. brtt. á þskj. 720, svo hljóðandi:
„Á eftir „vélgæzluprófi" kemur: eða vélstjóraprófi".
Ég mun nú leita afbrigða frá þingsköpum til þess að brtt. þessi megi komast að, en annars mun ég verða við tilmælum hv. frsm. um að fresta umr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 732) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 291, 720, 732).

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég hefi leyft mér að flytja brtt. við þetta frv., á þskj. 720. Fyrri 2 brtt. eru aðeins til þess að færa frv. til betra máls. Orðatiltækið „standast vélgæzlu" má heita óskiljanlegt. Og eins er einkennilegt að tala um „gufuskip með undanþágu". Það eru ekki þau, heldur vélstjórarnir, sem hafa undanþágu og átt er við í frv.

En aðalbreyt. er í 3. brtt., um að l. frá 15. júní 1926 falli ekki úr gildi 1. jan. 1935. Þessa till. geri ég af því, að enn eru ekki til hér á landi svo margir vélstjórar, að nægilegt sé á skip vor. Ef l. þessi yrðu felld úr gildi, mundi eftir núv. ástandi að dæma ekki vera nándarnærri nógu margir vélstjórar til til þess að fullnægja eftirspurninni eftir þeim suma tíma árs á íslenzka flotann, til þess að hann gæti farið út. Ég fullyrði ekki, hvort vöntun muni verða á vélstjórum 1. jan. 1935, en engin sérstök ástæða er til að halda, að svo verði ekki. En verði þá engin vöntun á vélstjórum, þá er nægur tími til að nema þessi l. úr gildi, en óvarlegt er að gera það nú. Vona ég því, að hv. d. samþ. þessa 3. brtt. mína.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir flutt brtt. við eina brtt. mína, og sé ég ekkert á móti því, að hún verði samþ. Vona ég svo, að ekki þurfi mikið þóf að verða um þetta mál.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég get fallizt á brtt. hæstv. dómsmrh. á þskj. 720, með þeirri orðabreyt., sem kemur fram í brtt. minni á þskj. 732, sem er í því fólgin, að bætt verði inn 2 orðum, sem virðast hafa fallið niður.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég get lýst yfir því, að þeir hv. nm., sem ég hefi átt tal við um brtt. hæstv. dómsmrh., eru þeim samþykkir. Ég tel þær þarfar í alla staði.

Brtt. hv. 2. þm. Reykv. mun ég ekki gera að ágreiningsefni.

ATKVGR.
Brtt. 732 samþ. án atkvgr.
— 720,1.a—b samþ. með 18 shlj. atkv.
— 720,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 720,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 77. fundi í Ed., 20. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 743).

Á 78. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 23. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 743, n. 794).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Jakob Möller):** Sú breyt., sem frv. fer fram á, er, að hestaflatala, sem vélstjórar með vélgæzluprófi mega annast, verði aukin um 100 hestöfl, eða í 300 úr 200 hestöflum. Frv. hefir gengið gegnum Nd. með góðu samkomulagi, og sér n. því ekki ástæðu til að leggjast gegn því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 840).

## 67. Bann við okri, dráttarvextir o. fl.

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. **um bann við okri** (þmfrv., A. 101).

Á 20. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Bergur Jónsson):** Við hv. þm. Dal. fluttum þetta frv. í fyrra, en þá var svo áliðið þings, að ekki vannst tími til að afgr. það úr n. Nú kemur það svo snemma þings fram, að við vonum, að það geti fengið afgreiðslu. Ákvæðin, sem nú gilda um okur, eru frá 1859 og 1890 og voru þegar í upphafi mjög ófullkomin, enda orðin úrelt fyrir löngu sökum þeirra breyt. á peningamálunum, sem orðið hafa hér á landi á þessu tímabili. Í þeim löndum, þar sem búið er að endurskoða hegningarlöggjöfina, er venja að taka okurafbrot undir þann bálk l., sem fjallar um svik, setja það í samband við önnur fjársvik. Við búum enn við hegningarlöggjöf frá 1869, sem er óendurskoðuð og allar líkur benda til, að taki langan tíma að endurskoða til hlítar, því að það er vandasamt og seinlegt verk. Þess vegna álítum við, þótt það sé heppileg leið að setja þetta í samband við hegningarlögin, þá sé rétt þangað til það verður gert að notast við sérstök ákvæði í þeim málum. Það er kunnugt þeim, sem dálítið hafa um þesshættar mál að fjalla, að okur er orðið talsvert tíðkað hér á landi, einkum í Reykjavík. Það er ekki óalgengt, að ýmsir peningamenn taka jafnvel allt að 100% af peningalánum, þannig, að þeir fá í upphafi svo mikil afföll og setja lánið til svo skamms tíma, að raunverulegir vextir verða gífurlega háir. Þetta er hörð meðferð á mönnum, þótt þeir í einstökum tilfellum séu peningalausir. Þetta kemur niður á þeim, sem eru í fjárhagsvandræðum, en auk þess getur það haft stórkostleg áhrif á viðskiptalífið yfirleitt, því að þegar þeir menn, sem fyrir okrinu hafa orðið, eru svo aftur að hafa sig upp, selja þeir dýrar sínar vörur, hvort sem það kemur fram í hárri húsaleigu eða öðru. Okrið vinnur að aukning og viðhaldi dýrtíðarinnar.

Viðvíkjandi ákvæðum frv. ætla ég ekki að vera langorður nú. — Það getur orðið ágreiningur um vaxtaupphæðina, þegar ákveðið er, að vexti skuli greiða, án þess vaxtahæðin hafi verið ákveðin. Það er ákveðið 6% í frv., mætti e. t. v. vera 5%. Áður voru það 4%. Sömuleiðis er gengið út frá því, að þar sem peningalán er hvorki tryggt með fasteignaveði eða nokkrum öðrum öruggum hætti, þá sé leyfilegt að taka allt að 2% hærri vexti en útlánsvextir Landsbankans eru á hverjum tíma. Það er vafasamt, hvort svona hátt skuli farið eða hvort ætti að fara hærra. Þetta kemur sjálfsagt allt til athugunar í n.

Vil ég svo leyfa mér að leggja til að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 472).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Allshn. hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. með þeim breyt., er um getur á þskj. 472.

1. brtt. er um það, að lækka vexti þá, er taka má, úr 6% í 5%, þegar samið er um, að vextir séu greiddir af peningum án þess að tiltekin sé upphæð vaxtanna.

2. og 3. brtt. eru um það, að í stað orðanna „á annan öruggan hátt“ komi: handveði. Er það gleggra en í frv.

Loks er 4. brtt., við 5. gr., sem ákveður, að ekki sé skylt að greiða dráttarvexti, nema um það hafi verið samið.

Að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég vil benda á það, að í 2. gr. frv. er svo tiltekið, að

vextir af peningum, sem tryggðir eru með fasteignaveði eða handveði samkv. 1. brtt. n., skuli vera eins og útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma. Nú er það svo, að með útlánsvöxtum er venjulega átt við diskonto eða víxilvexti. Sama er og í 3. gr., þar sem talað er um, að aðrar tegundir lána megi vera með 2% hærri vöxtum en útlánsvextir Landsbankans eru. Ég teldi rétt, að allshn. vildi taka þetta atriði til athugunar fyrir 3. umr. og skilgreina þetta nánar. Annars hefi ég litla trú á því, að frv. þetta verki eins og það þarf að gera og því er ætlað að gera. Til er ákvæði um það í l., að ekki megi taka nema 6% af lánum, sem tryggð eru með fasteignaveði. En í kringum það ákvæði hefir þó verið farið. Eins er ég hræddur um, að kunni að fara með þessi l., sem hér er verið að setja.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Það er líklega ekki vinsælt að standa upp til að andmæla frv. sem þessu. En ég verð þó að segja, að ég get ekki fylgt því. Ef það verður að l., þá er gerð tilraun til að útiloka alla þá frá að fá lán, sem ekki þykja tryggir lántakendur. Þeir verða að greiða hærri vexti af lánum sínum fyrir þá sök, að þeir geta ekki fullnægt tryggingarskilyrðum bankanna, og eru því ekki taldir öruggir um að geta greitt skuldir sínar. — Nú má ef til vill segja það, að ekki sé rétt að halda opnum peningamarkaði fyrir þá menn, sem svo eru staddir. En slíkur markaður er þó til um allan heim og er talinn nauðsynlegur. Enda er það svo, að margur maðurinn hefir grundvallað framtíðarhag sinn með því að byrja lántökur sínar á þennan hátt og haldið svo vel á, að hann hefir síðar orðið ríkur. En þessum markaði, sem þó er viðurkenndur um allan heim, á nú að útrýma hér á landi með þessum l. Það er að vísu satt, að þessi viðskipti hafa oft sársauka í för með sér fyrir lántakanda, og enda einnig oft á sama hátt fyrir lánveitanda. Þennan sársauka á að útiloka. Þeim er oft vorkennt, sem eru að byggja hús og talið, að þeir verði illa úti, er þeir lenda í klóm þessara — við skulum segja okrara — og tap hlýzt af. Það er alveg rétt, að það er oft óþægilegt fyrir báða parta, þegar þetta kemur fyrir. En er þar fyrir rétt, að Alþ. setji slík l., sem útiloka menn frá að geta fullnægt þessari þörf, þar sem þeim þykir þó hagur að því að geta fengið lánsfé á þessum markaði? — Og er nú víst, að l. nái þessum tilgangi sínum?

Ég held nú, að í fyrsta lagi sé varlega í það farandi af Alþ. að ætla sér að passa upp á það með lagasetningu, að einstakir borgarar fari sér ekki að voða, í fjárhagslegum efnum ekki hvað sízt. Ég býst við, að það sé tilgangur l. að vernda þá frá okrurunum, sem ekki geta tryggingа vegna fengið lán annarsstaðar. En er það rétt að vernda menn með l. frá að lenda í klóm okraranna, sem svo eru nefndir, þegar verið er að slá á tilfinningar manna? Nei, það er ekki rétt. Í fyrsta lagi af því, að það er ekki hægt. Og í öðru lagi af því, að það er ekki rétt, því að líta má svo á, að þar sem lántakandi og lánveitandi eiga skipti saman, þar eigist við tveir jafnir aðilar. — Ef maður kemur til svonefnds okrara og biður um lán og fær það, þá standa báðir jafnt að vígi. Lántakandi er á engan hátt minni máttar en sá, sem lánið veitir. Og úr viðskiptum getur vitanlega ekki orðið, nema báðir telji sér hag í þeim. Og sú vaxtahæð, sem er ákveðin í hvert sinn, byggist á því annarsvegar, hvern hag lántakandi telur sér af því að fá lánið, og hinsvegar af þeirri áhættu, sem lánveitandi telur sér af að veita lánið. Af slíkum viðskiptum í þjóðfélaginu verður aldrei meira en þörf er fyrir á hverjum tíma, eða a. m. k. ímynduð þörf. En um það getur Alþ. ekki dæmt í eitt skipti fyrir öll. Það verður lántakandi og lánveitandi að gera í hverju einstöku tilfelli. Alþ. getur ekkert um það dæmt, hvor þörfin er virkilegri, sú, sem fullnægt er í banka með 6—9% vöxtum, eða hin, sem fullnægt er utan banka með 10—20% vöxtum. En hér á að meta þetta allt á einu bretti í þessu frv. og slá því föstu, að hagnaðurinn sé ávallt meiri fyrir alla parta af lánsfé, þegar vextirnir eru 6%, heldur en þegar þeir eru t. d. 20—25%. Flm. frv. meta það í eitt skipti fyrir öll, að lán með hærri vöxtum en 10% séu ávallt skaðleg þjóðfélaginu. Á þetta get ég ekki fallizt. Og einkum ætti að vera erfitt fyrir þá menn að fallast á þetta, sem skipa sér langt til

vinstri í pólitík. Þeirra mest sláandi fyrirmynd, Rússarnir, gera þetta ekki. Þeir verða að greiða af sínum lánum 20—40% til annara landa. Samt halda þeir áfram viðskiptum sínum, þó kredit þeirra sé nú ekki betri en þetta.

Það er nú svo, að ekki sést allt það á yfirborðinu, sem í þessu frv. felst. Þetta bið ég menn að athuga vel, áður en frv. fer út úr deildinni. Læt ég svo staðar numið að sinni.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég býst við, að n. taki til athugunar aths. hv. þm. N.-Ísf. En það, sem við er átt í 2. gr. frv., eru fasteignaveð og handveð, en víxlar í 3. gr.

Andmæli hv. 4. þm. Reykv. get ég ekki almennilega gripið. Mér virtist það vera álit hans, að með frv. væri að ástæðulausu hindruð starfsemi þeirra manna, er hafa það að atvinnu sinni að lána aðþrengdum mönnum fé gegn háum vöxtum, m. ö. o. okraranna. Þetta virtist mér, að hann teldi nauðsynlega starfsemi í þjóðfélaginu. Ég viðurkenni, að það, sem vakti fyrir okkur flm. frv., var það, að hindra slíka starfsemi. Við getum ekki séð, að það sé hollt eða nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið, að rekin sé lánastarfsemi með miklu hærri vöxtum en þeim, sem bankarnir taka á hverjum tíma. Og þegar frv. er athugað, þá sést nú, að þessir menn mega taka eins háa vexti og Landsbankinn, og þó 2% hærri, ef tryggingar eru ekki góðar. Það ætti hver lánveitandi að vera fullsæmdur af slíkum arði af fé sínu. Hitt er annað mál, að erfitt getur orðið að framkvæma þessi l. og ná þeim tilgangi þeirra að forða mönnum frá að lenda í okraraklóm. En ekki ætti að þurfa að deila um, að það er nauðsynlegt að forða mönnum frá því. Og ég er hissa á því, að menn skuli ekki fyrirverða sig fyrir að verja það, að þessir menn taki 50 og allt upp í 100% af fé sínu. Þetta er hrein féfletting og socialt hættuleg. Og vitanlega verða þeir menn, sem slík lán taka, að ná sér niðri á meðborgurum sínum, með of hárri húsaleigu, of dýrri vinnu, of háu verði á varningi sínum eða á annan hátt. Um þetta ætti ekki að þurfa að deila. Það er engin ástæða til að vernda slíkan atvinnuveg. Hitt er annað mál, hve erfitt kann að reynast að verjast slíku. **(PHalld:** Það er erfiðara að verjast þessu en að verja bannlögin!). Lögreglustjórinn hér í Rvík telur þó, að þetta muni reynast tiltölulega auðvelt í framkvæmd. En um það skal ég ekki dæma. Í hegningarl. okkar eru nú engin ákvæði um okurstarfsemi. Í öllum nýtízku hegningarl. annara þjóða eru slík ákvæði. Hér hafa hegningarl. enn ekki verið endurskoðuð, og þangað til það verður gert, erum við neyddir til að hafa sérlöggjöf um þetta. Ég hélt ekki, að frv. þessu yrði andmælt á þessum grundvelli, að það væri ekki sæmilegt og rétt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði séð. Annað mál er það, hversu hægt reynist að framkvæma l., vegna þess að okurstarfsemi er oft rekin á þann hátt, að taka stór afföll, sem erfitt er að sanna, að gert hafi verið. Þó mætti nokkuð til þess gera að slík sönnun væri fáanleg. En þetta gildir um fleiri afbrot, að erfitt er að sanna þau. Þetta gildir um refsilögin yfirleitt, að það er engin sönnun fengin fyrir því fyrirfram, að afbrot komist upp og því verði hegnt eftir þeim. Þó þykir sjálfsagt að hafa slík l. í gildi. T. d. er hegning lögð við þjófnaði, og dettur þó engum í hug að afnema þau refsiákvæði, þótt engin vissa sé fyrir því, að í þjófana náist. Það er því sama, er gildir um þetta, eins og mörg önnur ákvæði í löggjöfinni.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Það er eftirtektarvert, að hv. frsm. orðaði það svo, að ekki væri fagurt að taka 50% vexti af skuldum manna eða afslátt á víxli, sem því næmi. En það er ákaflega varasamt að tala um, hvað fallegt er eða ljótt í sambandi við ökonomiskar transaktionir. Við skulum hugsa okkur mann, sem er að því kominn að missa hús sitt. Það verður kannske selt á nauðungaruppboði eftir 2 daga, ef hann getur ekki staðið í skilum. Þessi maður fær hvergi áheyrn um lán, nema hjá okrara, og verður að borga 20% af láni því, er hann fær hjá honum. Nú má segja, að ekki takist að bjarga húsinu, af því það hefir verið orðið minna virði en lán þau, sem á því hvíldu. Þetta getur orðið fyrir kringumstæður, sem hvorugur réði yfir, lánveitandi eða lántakandi. Afleiðingin verður sú, að báðir tapa. Hvorn á að vernda í

þessu tilfelli, lánveitanda eða lántakanda? Og hvor þeirra gerir ljótt? Ég veit það ekki. Það er markaðurinn, sem hvorugur þeirra ræður við, sem hefir valdið þessu. Lánveitandi hættir sínu láni og vill því ekki gera það með minni vöxtum, og metur þá áhættuna ekki eins mikla og hún er. Lántakandi, sem hélt, að hann hefði hag af láninu, hefir heldur ekki gert rétt mat. Og ég sé ekki, að við, sem sæti eigum hér í hv. d., getum heldur gert rétt mat á þessu. Og það er ekki rétt að gera þetta að ásökunarefni fyrir hvorugan aðilja. Það er verkefni og atvinnuvegur þessara svonefndu okrara að hætta fé sínu á þennan hátt, og þeir verða að miða starf sitt við þessa hættu. Og þessi atvinnuvegur er ekki kominn fram af tilviljun. Hann á, eins og allt annað, sínar orsakir. Spurningin er bara um það, hvort þessi hv. d. fellst á það, að yfirleitt eigi að banna þeim, sem svona er ástatt fyrir, að bjarga við öðrum viðskiptum, sem eru í því ástandi, að skjótra aðgerða þarf til að bjarga, og þeir ætla að bjarga með þessum viðskiptum. Ég get ekki séð ástæður fyrir því, að það sé rétt að banna mönnum þetta. Báðir aðiljar vita um áhættuna við þessi viðskipti og meta hana hvor frá sínu sjónarmiði, og ef matið fellur saman á einhverju sviði, verða viðskiptin að samningum, annars ekki.

Hvað sem um þetta kann að mega segja frá sjónarmiði tilfinninganna, þá ber ekki að láta þær einar ráða. Ég held, að undir slík lög sem þessi mundi falla mikið af viðskiptum manna á milli, sem ég álít fullkomlega réttmæt og því ástæðulaust að banna.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég get nú ekki gengið inn á, að það sé yfirleitt heppilegt, enda þótt maður hafi ráðizt í að koma upp húsi og komizt í fjárhagsvandræði vegna þess, að heimild sé til þess að fá fleiri hann í lánskjörum eftir vild, aðeins til þess að fullnægt verði löngun hans til að halda áfram með húsbyggingu eða forða húsi frá sölu. Það er óheppilegt, að menn leggi þannig fé í hús eða sæti slíkum lánskjörum á því fé, sem fer til byggingar hússins, að féð svari ekki vöxtum á annan hátt en þann, að eigandinn sé knúður til að taka hærri húsaleigu en sæmilegt er. Ef lán eru tekin til húsabygginga með okurvöxtum, hlýtur af því að leiða það, að húseigandinn verður annaðhvort að taka svo mikla húsaleigu, að hann geti greitt okraranum okurgróðann af láninu, eða þá að hann verður að tapa húsinu. Og hjálp okraranna, sem eftir orðum hv. 4. þm. Reykv. virðast vera mannvinir að hans áliti, kemur þá ekki að gagni. Hér getur því alls ekki verið um gróða að ræða, nema fyrir okrarann.

Ég gleymdi að geta þess áðan, að hv. 4. þm. Reykv. var í fyrri ræðu sinni að minnast á vexti hjá Rússum. Ég veit ekki, hvers vegna hann er að tala um það í sambandi við þetta mál, að það sé óeðlilegt, að þeir, sem eru lengst til vinstri, hafi þá aðstöðu í þessu máli, að fylgja slíku frv.. Ég veit ekki til, að flm. þessa frv. né nokkur þm. í hv. allshn., sem allir fylgja frv. þessu, séu eða hafi verið kommúnistar, sem þurfi að sækja fyrirmyndir til að semja lagafrv. eftir til Rússa.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Herra forseti! Ég skal með fáeinum orðum svara ræðu hv. þm. Barð., og byrja ég á því síðara, er hann talaði um, þessu um Rússana.

Það var ekki meining mín að ætlast til þess, að menn færu að skoða alla allshn. sem kommúnista, þó að ég nefndi vaxtakjör Rússa. Þeir erlendu víxlar, sem Rússar hafa samþ. til greiðslu, eru diskonteraðir á peningamarkaðinum með 35 til 50% vöxtum. Þeir verða að borga þessa vexti af fé, sem þeir taka til láns til að kaupa fyrir erlenda vöru. Það þýðir sama sem það, að þeir fyrirlíti ekki að taka fé til láns hjá þeim, sem taka hærri vexti en frv. þetta gerir ráð fyrir. Ég sagði, að þeir væru lengst til vinstri. Og þeir, sem eru ekki eins langt til vinstri og eru allt að því hálfgert til hægri, geta gjarnan litið á þetta líka.

Ég vil að lokum benda á það, að misskilningur hjá hv. flm. getur verið undirrót þessa frv. Í ræðu sinni orðaði hv. frsm. þennan stóra misskilning sinn þannig, að þeir menn, sem tækju fé að láni með þessum vaxtakjörum, gætu okrað sjálfir eftir vild með húsaleigunni, og þar með skapað hærri húsaleigu hér í bænum. Þetta væri rétt, ef það væri þessi

peningamarkaður, sem skapar peningaverðið á landi voru. En það er nú ekki. Þetta væri rétt, ef ekki gilti um peningaverðið annað lögmál, miklu sterkara heldur en þó að einn maður taki of dýrt lán og ætli sér að græða á því, að taka mjög háa húsaleigu til að borga hina háu vexti með. En það er aðeins framboð á fé á markaðinum, sem skapar peningaverðið, og það er ekki ákveðið af þeim okurvöxtum, sem hv. flm. tala um í frv. Sú lánastarfsemi, sem í því er farið fram á að banna, hefir sín ákveðnu takmörk í því, hve mikið er til af fé á markaðinum til eðlilegrar lánastarfsemi. Og þess vegna verður það að vera sameiginlegt áhugamál okkar allra að auka fjármagnið á íslenzka peningamarkaðinum, til þess að allir geti fengið fullnægt sinni þörf á lánum og þurfi ekki að sæta okurvöxtum. En skiptar eru skoðanir um það, hvað séu okurvextir. Í sumum löndum eru vaxtakjörin svo, að bankavexti hér mætti telja okurvexti í samanburði við það. Hvað telja má okurvexti, fer alveg eftir því, við hvað er miðað.

ATKVGR.
Brtt. 472,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.
Brtt. 472,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv.
Brtt. 472,3 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 472,4 (ný 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 63. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 496).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 496).

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Ed., 23. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 496, n. 738).

**Frsm. (Pétur Magnússon):** Frv. þetta heitir frv. til l. um bann gegn okri, en fjallar þó um ýmilegt fleira, t. d. dráttarvexti. Sumpart dregur það saman gömul ákvæði, sem um þessi efni gilda, og bætir líka nokkrum nýjum við. Það er vel farið, að hafizt hefir verið handa á þessari lagasmíð, því að þetta er efni, sem fyllsta ástæða er til að beina löggjöfinni að. En þótt lög séu sett um þetta, þá er langt frá, að grafið sé fyrir rætur þessa ófagnaðar, því að lagaframkvæmd er erfið í þessum efnum, en tiltölulega auðvelt er að fara í kringum ákvæðin, og því er erfitt að girða fyrir, að lögin verði þráfallt brotin. Þó að n. hefi verið sammála um, að full þörf og ástæða væri til þessara laga, þá var henni það jafnljóst, að frv. var mjög ábótavant og að margt vantaði í það. Málið var því fengið lagadeild háskólans til umsagnar, og hefir lagadeildin góðfúslega látið í té sínar tillögur, og eru brtt. n. að mestu leyti sniðnar eftir þeim. Ég vil því gera nokkra grein fyrir brtt. n. Við fyrstu 3 gr. frv. er lagt til, að sú breyt. sé gerð, að þar sem talað er um „peningalán“ og vexti af þeim, þá komi í staðinn: skuld. Skuld er miklu víðtækara orð en lán, því að hún getur stafað af mörgu öðru en að peningar séu fengnir að láni. Það virðist ekki ástæða til að binda vextina við þær skuldir einar, sem af peningalánum stafa. Þetta virðist einsætt og ætti ekki að þurfa að vera ágreiningsefni. Þá hefir nefndin og lagt til, að í þessum sömu greinum verði sú breyting gerð, að í stað þess að miða vextina við útlánsvexti Landsbankans á hverjum tíma, þá séu þeir fastákveðnir í tölum.

Það er mjög óhagkvæmt að miða við útlánsvexti Landsbankans, því að bæði eru þeir breytilegir og kunnugt er, að alþýða manna á ekki alltaf hægt með að fylgjast með, hverjir þeir eru, sérstaklega þeir, sem fjarri eru banka eða bankaútbúi og gæti þetta hæglega leitt til mikils óhagræðis. N. leggur því til, að í stað þess að vextir séu miðaðir við útlán Landsbankans, séu þeir ákveðnir 6% af skuldum, sem í 2. gr. eru taldar, nefnil. tryggðar með fasteignaveði eða handveði, en af öðrum skuldum allt að 8%.

4. gr. er mjög óheppilega orðuð, og ef ætti að skilja hana eftir orðanna hljóðan, þá nær hún ekki nokkurri átt. Undir kostnað við lántöku fellur t. d. stimpilgjald og þinglestrargjald, en það nær vitanlega ekki nokkurri átt, að skuldareigandi eigi að greiða þann kostnað. Afföll eru tvennskonar, þau, sem skuldareigandi greiðir, og þau, sem skuldarinn greiðir. Hvergi í lögum er skuldareiganda bannað að selja skuld með afföllum, en afföll, er skuldara ber að greiða, eru ákveðin á sama hátt og hámarksvextirnir. N. telur það augljóst, að ekki sé hér átt við annað en að sömu reglur, sem gilda um vextina, séu líka látnar gilda um það, sem látið er í té fyrir lánveitingar, og í þetta horf hefir hún því lagt til, að gr. verði breytt. 5. gr. er að miklu leyti í samræmi við núgildandi l. Henni var þó breytt þannig, að upp voru tekin orðin „ef svo hefir verið um samið“, en n. telur þetta innskot alveg ástæðulaust. Eftir því ætti aldrei að greiða dráttarvexti, nema svo hafi verið um samið, og skuldari gæti þá dregið að greiða skuldina von úr viti, án þess að verða fyrir nokkrum útlátum. Þetta kemur vitanlega harðast niður á þeim mönnum, sem vægastir eru í skuldaviðskiptum og ganga ekki fast eftir skuldum. En n. telur ekki rétt að verðlauna slíka óskilvísi og hefir viljað breyta þessu. Dráttarvextir eru ekkert annað en skaðabætur fyrir vanskil, og tjónið, sem af þeim hlýzt, er vitanlega það sama, hvort sem um hefir verið samið eða ekki. N. hefir því lagt til, að ákvæðið skyldi menn til að greiða dráttarvexti frá eindaga skuldarinnar, og að þeir séu ákveðnir 1%, eins og þeir nú eru. En það skal þó auðvitað miðað við hámarksvexti 2. og 3. gr., þannig að með dráttarvöxtum fari þeir ekki fram úr 7% af skuldum, sem greindar eru í 2. gr., og 9% af öðrum. Brtt. við 6. og 7. gr. þarf ekki að ræða, þær skýra sig sjálfar.

En úr því að lagt var út í að endurskoða þessa löggjöf, taldi n. rétt samkv. tilmælum lagadeildar háskólans að bæta við nýjum ákvæðum. Erlendis er ný regla í þessum efnum mjög að ryðja sér til rúms og er þegar komin inn í löggjöf margra landa, að samningur sé gerður ógildur, þar sem annar aðili hefir notað sér fáfræði hins, bágindi eða léttúð, eða það, að hann var honum að einhverju leyti háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá, svo að augljós mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, sem í stað þeirra á að koma. N. hefir talið ástæðu til að sporna við svo misjöfnum leik, með því að setja í frv. ákvæði til að spyrna móti slíkri misbeitingu, og verður það þá ný grein, er kemur í stað 7. gr., sem verður þá 8. gr. Með þessum breyt. legg ég þá til f. h. n., að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 738,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 738,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 738,3 (ný 3. gr.) samþ. með 7 shlj. atkv.
— 738,4 (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 738,5 (ný 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 738,6 (ný 6. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 738,7 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 738,8 (ný 7. gr., verður 8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 738,9 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um bann við okri, dráttarvexti o. fl.**

---

Á 81. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 786).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 786).
Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 841).

---

## 68. Bráðabirgðaverðtollur.

Á 58. fundi í Nd., 26. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um bráðabirgðaverðtoll** (þmfrv., A. 427).

Á 59. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15. shlj. atkv.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Meiri hl. fjhn. flytur þetta frv. að tilmælum hæstv. fjmrh. Í grg. með frv. er frá hendi n. gerð grein fyrir ástæðunum fyrir frv., og í aths., er frv. fylgdu frá hæstv. stj. og prentaðar eru þar með, eru nánari skýringar um einstök atriði.
Frv. miðar að þrennu. Í fyrsta lagi að því, að afla tekna fyrir ríkissjóð, með tilliti til þarfa hans vegna kreppuráðstafana þeirra, sem menn hyggjast að gera.
Í öðru lagi miðar frv. að því að styðja innlendan atvinnurekstur í samkeppninni við erlendan, bæði landbúnað og iðnað, og þá jafnframt að því leyti, sem það getur tekizt, að efla atvinnumöguleika í landinu og draga með því úr atvinnuskorti. Þessi tilgangur frv. er því í raun og veru tvíþættur.
Í þriðja lagi miðar frv. að því — jafnframt því, sem þetta tvennt vakir fyrir og að því leyti sem það kynni að hamla innflutningi á erlendum vörum, sérstaklega hinum óþarfasta hluta þeirra — að gjaldeyrismöguleikar vorir í viðskiptunum við aðrar þjóðir geti samsvarað gjaldeyrisþörfunum.
Það er aðallega tollur á þær vörur, sem taldar eru í c-lið 1. gr., sem tekur til þess að styðja innlendan atvinnurekstur. Flestar þær vörur, sem þar eru nefndar, má framleiða í landinu sjálfu.
Einstöku vörutegundir í b-flokki má líka framleiða í landinu. En sízt á það við um a-flokk. Þó mun geta hugsazt innlend framleiðsla á einstökum vörutegundum í þeim flokki, t. d. loðskinnum o. fl.
Þar sem nokkurn veginn ýtarleg grein er gerð fyrir frv. í grg., sem ætla má, að hv. þm. hafi kynnt sér, þá sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það hér f. h. meiri hl. fjhn.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er ekki vegna þess, að ég sé yfirleitt stefnu frv. þessa mótfallinn, að ég er ekki einn af flm. og með meiri hl. fjhn. En það er vegna þeirrar skilgreiningar í flokka á sumum nauðsynjavörum, að ég get ekki fylgt frv. óbreyttu. Skal ég í því sambandi sérstaklega nefna jarðepli, skófatnað úr skinni og flóka, ullarband og egg. Ég tel, að ræktun jarðepla sé arðmeiri nú sem stendur en nokkur önnur jarðrækt. Ég geri ráð fyrir, að framför í þeirri ræktun verði svo mikil hjá okkur, að það sé ekki þörf á þeirri tollhækkun, sem frv. ráðgerir, til þess að auka innlenda framleiðslu. En hækkaður tollur á þessari nauðsynlegu fæðuvöru alls almennings, og einkum þeirra, sem litla kaupgetu hafa, gæti orðið til þess, að óhæfilega hátt verð yrði sett á vöruna, og neyzlan minnkaði. Kaup skófatnaðar úr skinni er stór útgjaldaliður, einkum í kaupstöðum, og mest hjá fjölskyldufólki. Ég veit það af eigin reynslu, að það eru ekki mun minni útgjöld vegna skófatnaðar á unglinga heldur en til annars fatnaðar. Ég tel því ekki ráðlegt að hækka toll af þeirri vöru.
Ég býst við að koma með brtt. um þessa liði, sem ég hefi nefnt, til 2. umr.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Þetta frv. miðar að því að afla ríkissjóði nauðsynlegra

tekna, bæði að því leyti, sem hann kann að vera vanhaldinn nú um að hafa nægilegar tekjur til sinna útgjalda, og líka til þess að afla fjár til þeirra ráðstafana, sem fyrir liggur nú að gera vegna kreppunnar, til viðleitni í að hjálpa landbúnaðinum. Þetta er auðvitað nauðsynlegur hlutur, og vil ég ekki að neinu leyti hafa á móti frv. að því er til þess kemur, að þessari nauðsyn verði fullnægt. En ég vil benda á, að það yrði líka mikilsvert spor stigið í áttina til að bæta hag og afkomu landbúnaðarins, sem nú er miklum erfiðleikum bundinn, ef að því væri hlynnt, að við fengjum sem mest að sitja að þeim markaði sjálfir, sem til er í landinu fyrir okkar framleiðsluvörur. Nú er svo komið, t. d. hvað niðursoðna mjólk snertir, að framleitt er nóg af henni í landinu til þess að fullnægja allri eftirspurn þeirrar vöru í landinu. Og þannig hefir það verið um eins árs skeið, að hingað er svo þessi vara sama sem ekkert flutt frá útlöndum. Ég sé, að gert er ráð fyrir í þessu frv. að tollleggja niðursoðna mjólk með að ég ætla 15% verðtolli. En þess ber hinsvegar að gæta, að hinar erlendu verksmiðjur, sem hafa haft sölu á niðursoðinni mjólk hér á landi, sækja ákaflega fast á með að geta haldið sölunni áfram hér á þessari vöru eins og verið hefir undanfarið, svo fast, að það hefir komið í ljós við rannsókn, að reynt hefir verið til að koma henni hingað til lands til að selja hana við óeðlilega lágu verði, einungis til þess að reyna að drepa þann vísi til framleiðslu á þessari vöru, sem til er í landinu. Ég get ef til vill síðar gert nánar grein fyrir þessu. Það er því það langbezta, sem hægt er að gera í þessu efni, að haldið sé áfram á þeirri braut, sem farin hefir verið nú í eitt ár, og komið sé algerlega í veg fyrir, að inn í landið sé flutt nokkuð af þessari vörutegund. Samkv. samningi hefir innflutningsn. haft íhlutun um verðlag á þessari mjólk. Ég held nú, að tryggilegast sé að gera þær ráðstafanir að banna hreint og beint innflutning á þessari vöru, en hinsvegar líka að láta viðkomandi stjórnarvöld hafa hönd í bagga með að ákveða verðlagið. Það er sýnt, að þessi 15% verðtollur dugir ekki til að hefta nægilega innflutning þessarar vöru, þar sem, eins og áður er sagt, tilraun hefir verið til þess gerð af erlendum framleiðendum að drepa niður innlendu framleiðsluviðleitnina með óeðlilega lágu verðlagi á vörunni.

Ég legg til, að ef ekki fæst samkomulag um að hækka þennan verðtoll svo verulega, að hætta þessi yrði með því útilokuð, þá yrði horfið að því að banna innflutning á þessari vöru, með því skilyrði, að ákveða megi hámarksverð vörunnar í útsölu, til þess að fyrirbyggja, að innlend niðursoðin mjólk yrði seld fyrir óeðlilega hátt verð. Ég álít, að ekki þurfi að gera ráð fyrir því, en þeim til hugarhægðar, sem gætu verið hræddir um það, hefi ég ekkert á móti því, að svo yrði gert.

Viðvíkjandi kartöflunum álít ég, að þurfi að gera miklu róttækari ráðstafanir heldur en frv. gerir ráð fyrir, til þess að hrinda í framkvæmd því nauðsynjamáli, að við verðum sjálfum okkur nógir með framleiðslu þeirra til okkar eigin þarfa. Það er ekkert annað en óverjandi framtaksleysi landsmanna, sem veldur því, að þetta er ekki ennþá orðið. Að við séum á góðri leið með að ná því marki, sýnir bezt það, hve geysilega kartöflufram-leiðsla hefir aukizt síðastl. ár, eða um fullan helming frá því, sem áður var. En þótt þetta sjálfsbjargaratriði sé á góðri leið, þá óska ég samt eftir því, að fastari tökum verði tekið á því, og það sem fyrst að hlynna að og greiða fyrir þessari framleiðslu heldur en í frv. er ráð fyrir gert. Hér er um svo mjög þýðingarmikið atriði að ræða, sem við þurfum sem allra fyrst að framkvæma, að verða sjálfum okkur nógir um þessa framleiðslu. Ég skal benda á það, að bændanefndin hefir gert till. til ríkisstj. um þetta á stærri og öðrum grundvelli. Og með þessu frv. er mjög dregið úr því átaki, sem fólst í till. bændanefndarinnar.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ef ég man rétt, liggur nú fyrir hv. Ed. frv. um framlenging verðtollsl. Mér finnst það ekki alveg ljóst af þessu frv., sem hér liggur fyrir, hvort sá tollur, sem um er að ræða að framlengja samkv. áðurnefndu frv., sé innifalinn í tollaákvæðum þessa frv. (sbr. 1. málsgr. 1. gr.). Ef

svo er til ætlazt, sem mér skilst að muni vera, vil ég benda hv. þm. á það, að það er ákaflega þunglamaleg leið að vera að burðast með tvenn lög um tolla af sömu vörutegundum, þeim, sem í þessu frv. eru nefndar. Ég álít þá leið miklu einfaldari og heppilegri, að breyta frv. um framlenging verðtollsins. Annars er það um þetta frv. að segja, að skoðað sem viðauki við gildandi verðtollsl., sem eru ákaflega illa þokkuð, verður það sízt til að bæta úr.

Um 50% flokkinn er það að segja, að ég er ekki sérstaklega andvígur ákvæðum hans. Um ýms atriði hans má kannske deila. En ég tel vel fært að taka enn hærri tolla af sumu í þeim flokki, þar sem gert er ráð fyrir fullu eftirliti.

Um meiri hluta þeirra vara, sem í 30% flokknum eru, álít ég, að óhæfilegt sé að bæta við þær tolli. Og fjarri lagi er að leggja verðtoll á þær vörur, sem taldar eru í 15% flokknum. Að vísu er ljóst, að þessi tollviðauki er gerður til þess að auka atvinnu í landinu, eins og venjulega er, þegar um verðtoll er að ræða. En ég hefi ekki mikla trú á því, að þeim tilgangi verði náð á þann hátt. Auk þess er það, að ef verðtollur er settur, þá á stj. að gera ráðstafanir til þess, að af því stafi ekki óeðlileg verðhækkun.

Það sést á grg., að hún er samin með samvizkunnar mótmælum af n., eða hver svo sem hana hefir samið, því að það er verið að reyna að réttlæta það, að toll á að leggja á kartöflur. Mér finnst sú réttlæting bæta lítið fyrir frv.

Það er bent á það, og sjálfsagt með réttu, að kartöfluneyzla hjá okkur sé minni en í nágrannalöndunum, ekki nema 1/15—1/8 hlutfallslega á við það, sem tíðkast þar. Mér þykir þetta mikið, en það kann að vera, að það sé rétt, og víst er, að munurinn er gífurlegur. Mér finnst n. telja þetta heldur miður farið, að svo holl fæða skuli ekki vera meira notuð hér. En þá finnst mér það ákaflega einkennileg leið til að auka neyzluna, að leggja 15% aukatoll á kartöflur. Ekki er sennilegt, að neyzlan aukist við það, heldur hið gagnstæða. Ég held, að það sé alveg rétt, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, að innlend kartöfluframleiðsla hefir fullkomlega góða aðstöðu til að keppa við hina erlendu. Flutningsgjald á kartöflum er óþarflega mikið. Að auka framleiðslu og sölu á innlendum kartöflum held ég, að flest ríki mundu reyna með því að koma sölufyrirkomulaginu í sæmilegt horf og að greiða fyrir flutningi þeirra innanlands. Það tel ég, að hæstv. ríkisstjórn ætti hægt með, þar sem hún hefir ráð á strandferðaskipunum. Á einhvern hátt gæti hún vafalaust létt undir með framleiðendunum. Ef ég man rétt, þá kom þetta til orða á þinginu síðasta. Sama má segja um fjölmargar vörur eins og kartöflur, t. d. skófatnað, slitfatnað og grænsápu, og jafnvel skipsbrauð og skonrok, að flutningsgjald á þeim er ekki lítill liður. Og ef brauðgerðir hér geta ekki keppt við erlenda framleiðslu um innlenda markaðinn, þá hygg ég, að það stafi aðeins af ólagi hjá þeim. Enda hygg ég, að lítið hafi verið flutt inn af þessari vöru. En með því að leggja 15% verðtoll á þessa vöru yrði framleiðendunum gefinn kostur á að hækka verðlagið alveg að óþörfu.

Mér skildist á hv. þm. Borgf., að hann teldi, að hverfandi lítið væri flutt inn af niðursoðinni mjólk, vegna ráðstafana innflutningsn. Á útlenda niðursoðna mjólk hingað flutta, leggst flutningsgjald til viðbótar við vörutoll, og slíkt álag á að geta verið fullkomlega nóg til að hindra innflutninginn. En með tollhækkun er skapað færi fyrir framleiðendur til að hækka verðlag hér innanlands. Einmitt það, að hægt er að fá þessa vöru frá útlöndum með ekki óhæfilega háu verði, það er hemillinn á verðlaginu innanlands.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar að sinni. Verðtollurinn er þrautrætt mál. En ef svo skyldi vera, að ég hefði ekki skilið það rétt, sem í frv. er sagt, en að ætlazt sé til þess, að það komi sem framhald eða viðbót við áður gildandi tollal., þá vænti ég þess, að hv. frsm. upplýsi það, En ég vil benda honum á, að heppilegast álít ég að steypa þessum tveimur tollafrv. saman í eitt, eins og ég áður hefi minnzt á.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Um frv. þetta hafa ekki komið fram enn í umr. önnur andmæli en þau, sem við mátti búast, að sumum þykir of langt gengið með því í ýmsum atriðum, en öðrum þykir

of skammt gengið. Í grg. hefir n. tekið það fram, að nm. hafi óbundna aðstöðu um tollákvæðin. Á meðan engin brtt. liggur fyrir, sé ég ekki ástæðu til að ræða þau atriði sérstaklega, sem fram hafa komið.

Ég kvaddi mér hljóðs einkum til þess að upplýsa það, sem hv. þm. Seyðf. spurði um, sem sé það, hvort ætlazt sé til þess, að tollurinn, sem nú gildir — ef verðtollsl. verða framlengd — verði innifalinn í þeim tollaákvæðum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Til þess er því að svara, að svo er til ætlazt, eins og hv. þm. hefir líka tekið eftir, og er það ákveðið með innskotssetningunni í 1. gr. frv.

Hv. þm. sagði, að óheppilegt væri að bæta þessu frv. ofan á frv. um framlenging verðtollsl., en í stað þess ætti að breyta frv. um framlenging verðtollsins. En það er gert ráð fyrir því að svo komnu, að þetta frv. verði aðeins bráðabirgðaráðstöfun, og það getur verið næg ástæða til þess, að það sé haft sérstakt. Hinsvegar skal ég sízt mæla á móti því, að ýms tollaákvæði séu óhöndulega gerð.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Í tilefni af fyrirspurn hv. þm. Seyðf. skal ég láta þess getið, að vitanlega er til þess ætlazt, að hinn eldri vörutollur verði framlengdur, enda liggur nú frv. fyrir Ed. um framlenginguna. Sá tollur, sem hér er á lagður, breytir sumum þeim ákvæðum, sem nú gilda. Og það kemur greinilega fram í 1. málsgr. 1. gr. frv., að þær vörur, sem taldar eru í gr., eigi að tollast með 50, 30 og 15% tolli, og er „þar í talinn verðtollur, er á vörunni hvílir samkv. l. nr. 47 1926 og nr. 5 1928". Að öðru leyti mun ég ekki ræða um einstök atriði frv. eða flokkun varanna í tollflokka. Það er þegar ljóst, að nokkur ágreiningur er um flokkunina, en ég vona, að samkomulag náist um ágreiningsatriðin við 2. umr. Hjá því verður að sjálfsögðu ekki komizt, að sitt sýnist hverjum um einstök atriði, áður en samið er um þau.

Um c.-flokkinn er það að segja, að hann er beinlínis settur til þess að efla atvinnu innanlands, og er í því efni fetað í fótspor annara þjóða. Við Íslendingar getum ekki spyrnt á móti broddunum, þegar aðrar þjóðir taka hver af annari upp tollavernd til þess að efla atvinnu síns lands. Ég bjóst við, að c-flokkunum yrði vel tekið, þegar jafnmikið er talað um atvinnuleysi og nú. Annars sé ég ekki ástæðu til þess að ræða málið öllu meir á þessu stigi. Það verður eflaust samkomulag um nokkrar breytingar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv.

---

Á 62. fundi í Nd., 1. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 427, 489, 490, 491, 500).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 500. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Ég ætla aðeins að gera stutta grein fyrir brtt., sem fjhn. ber fram við þetta frv. á þskj. 489. Fyrsta brtt. er um að færa spil úr B-flokki upp í A-flokk, úr lægri flokki upp í hærri flokk. Það er víðast hvar hærri tollur á spilum en hjá oss, og álítur n., að rétt sé að færa þau upp í þennan flokk, enda mun mega gera þau hér innanlands.

Þá er önnur till., að í B-flokkinn séu tekin upp gólfteppi hverskonar. Slíkan varning mætti vefa innanlands úr íslenzkri ull. Það virðist því ástæða til að tolla þessa vöru nokkuð hátt.

Þá er till. um, að kvikmyndir falli burt úr upptalningunni. Þær myndir, sem hér eru sýndar, munu vera leigðar, en ekki keyptar, og virðist því tilgangslaust að tolla þær. Hinsvegar má benda á það, að kvikmyndasýningar eru skattlagðar, og þannig fæst í raun og veru nokkur tollur af þessari vöru, þó óbeint sé, enda er búizt við, að skemmtanaskatturinn muni verða hækkaður.

Þá leggur n. til, að úr C- flokki verði felld niður olíufatnaður úr öðru en silki. Þessi till. er shlj. till. hv. 1. þm. S.-M.

Þá eru **sérstakar** ástæður til þess, að n. leggur til, að olíufatnaður sé felldur nið-

ur, en ég býst við, að hv. 1. þm. S.-M. muni færa fram þær almennu ástæður, sem fyrir því má færa, og tel þær því ekki til.

Þá vil ég minnast á brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. V.-Húnv. Hún er við C-lið 1. gr. og mælir svo fyrir, að á eftir „ullarband“ komi: og hverskonar prjónaband. Ullarbandið er oft blandað öðrum efnum, svo sem silki, hör, baðmull o. s. frv. Till. okkar er flutt með það fyrir augum, að þessi lági tollur nái til hverskonar slíks bands. En þetta hindrar það enganveginn, að hægt sé að flytja hráefnin, sem blanda þarf ullina með, inn, og láta blöndunina fara fram hér á landi. Með því móti næðist nokkur vinna inn í landið, sem áður hefir farið fram erlendis.

Þá liggja fyrir brtt. á þskj. 491, frá hv. 1. þm. S.-M., þar sem hann leggur til, að ýmsar vörur í C-flokki verði felldar undan tollákvæðum frv. N. hefir tekið eina af þessum till., d-liðinn, upp í sínar till., en á hinar getur n. ekki fallizt. Allar þessar vörur er hægt að gera hér á landi, og þær vörutegundir, sem þarna er farið fram á, að felldar séu niður, eru algerlega sambærilegar við þær, er eftir standa.

Tilgangur þessa frv. er bæði sá, að afla nokkurra tekna og að styðja íslenzkan iðnað, ýta undir þá stefnu að komast af með innlent efni að sem mestu leyti og að halda sem mestri vinnu í landinu sjálfu. Ég tel ekki þörf á að telja upp þær einstöku vörutegundir frekar en ég nú hefi gert, og læt nægja að geta þess, að n. getur ekki fallizt á hinar brtt.

Þá er brtt. á þskj. 500, frá hv. 1. þm. Skagf., á þá leið að undanskilja frá þessu tollálagi lifandi plöntur. Þetta er ekki svo mikið atriði, að ástæða sé til að gera það að ágreiningsefni. Þessi till. hefir ekki komið fyrir n., en ég get sagt fyrir mig persónulega, að ég get verið henni fylgjandi.

**Sveinn Ólafsson:** Ég á nokkrar brtt. á þskj. 491, sem allar lúta að því, að felldar séu undan verðtolli nokkrar vörutegundir úr C-lið 1. gr. frv. Ég lít svo á, að rétt sé að verðtolla allan óþarfa varning, er til landsins flyzt, og er það einn sá eðlilegasti tekjustofn, sem til er. En hitt álít ég alveg óhæfilegt, að tolla mikið þær erlendu vörutegundir, sem annað tveggja eru ófáanlegar hér á skaplegu verði eða mjög torfengnar. Og það eru slíkar vörutegundir, sem ég hefi lagt til, að felldar yrðu undan tolli. En það eru sápa, burstar og sópar, hart brauð, olíufatnaður og róðrarbátar og prammar. Að vísu hefir verið bent á það í umr., að allt þetta megi framleiða hér á landi. En íslenzk framleiðsla af þessum varningi er oftast miklu dýrari en sú erlenda. Með því að tolla freklega t. d. erlenda burstavöru og sápu er kaupendunum gert óþarflega erfitt fyrir, því að auðsæilega stígur þá íslenzka sápan og burstarnir að sama skapi í verði. Það mun sýna sig, að í skjóli tollsins verður verðið fært upp. Tollmúrarnir ýta auk þess enn meir undir óhóflegar kaupkröfur. Það eru mín kynni af kaupum þessa varnings, að íslenzkir burstar og sópar séu bæði dýrari og lakari en þeir erlendu. Ég tel algerlega óþarft að baka kaupendunum aukinn kostnað með því að tolla þessa vörutegund. Þau íslenzku iðjufyrirtæki, sem framleiða þessa vöru, hljóta að geta keppt við þær útlendu vörur og útilokað þær af markaðinum innlenda án þess, að lagðir séu á háir verndartollar.

Ég veit það, að hægt er að búa til hart brauð hér á landi. En víða á landinu er mun erfiðara að ná í íslenzku framleiðsluna af þessu tæi en þá útlendu og íslenzka brauðið er auk þess dýrara. En þetta er þó vörutegund, sem oft er mikil þörf fyrir, t. d. nota sjómenn hana mjög mikið. Ég veit vel, að nokkur bökunarhús á landi hér framleiða hart brauð til sölu. En verðmunur á því og útlendu skipsbrauði hefir mér reynzt mikill.

Um olíufatnaðinn skal ég ekkert fjölyrða, þar eð hv. frsm. hefir gert nægilega ljósa grein fyrir þeim lið till. minnar. Ég kem þá að síðasta lið till. minnar, um róðrarbáta og pramma. Það er oft talsverðum erfiðleikum bundið að fá þessa hluti gerða hér á landi, og innlendir bátar eru yfirleitt mun dýrari en þeir útlendu. Verðmunurinn er frá ⅓ upp í helming. Verð ég því að telja það mjög misráðið að íþyngja með verðtolli á bátum innfluttum þeim mörgu mönnum, sem enn sækja björg sína á sjóinn á róðrarfleyt-

um. Legg ég því ákveðið til, að róðrarbátar og prammar verði felldir undan verðtolli. Skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en læt skeika að sköpuðu við atkvgr.

**Steingrímur Steinþórsson:** Ég ber fram smávægis brtt. við þetta frv. Þar eru í A-flokki m. a. taldar allar lifandi plöntur. Undir þær falla allar þær trjáplöntur, sem til landsins flytjast. Ég tel í fyllsta máta ósanngjarnt að leggja svona háan verðtoll, 50%, á trjáplöntur, sem fluttar eru inn í þeim tilgangi að gróðursetja þær hér. Ég vil t. d. benda á trjátegundir, sem ekki eru hér til enn, svo sem ýms barrtré, furu og greni, sem telja má víst, að geti þrifizt hér, þó að við höfum ekki enn komizt upp á lagið með ræktun þeirra. Ég ber því fram þessa brtt., sem undanskilur trjáplöntur þessum háa tolli.

Annars ætla ég ekki að tala almennt um þetta frv., ég er talsvert óánægður með ýmislegt, einkum viðvíkjandi C-flokknum, og er hræddur um, að þessar ráðstafanir verði til þess að hækka óþarflega verð á ýmsum vörutegundum, því að í C-flokki eru ýmsar nauðsynjavörur, og mun þessi tollauki vissulega hækka verð þeirra vörutegunda og þar með ýmsar lífsnauðsynjar almennings.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er rétt, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að varhugavert er að setja svo háa tolla, að það leiði til dýrtíðar. Sérstaklega á þetta við um neyzluvörur. Ég er að miklu leyti óánægður með þá flokkun, sem gerð er hér í frv. Þó að ég geti fallizt á þá hugsun frv., að leggja verði háan toll á óþarfavarning, eins og fram kemur í A-flokk frv., þá er ég ekki sammála um ýmsar vörutegundir, sem settar hafa verið í B-flokkinn, eða undir 30% toll. Ég vil þar taka til dæmis egg. Ég álít ekki rétt að tolla þau svo hátt, meðan ekki er framleitt nóg í landinu sjálfu. Þetta er talið nauðsynlegt til þess að auka framleiðsluna. En ég held, að framleiðsla eggja sé arðvænlegri en flest annað, sem landbúnaðurinn getur framleitt. — **(Forseti:** Vill ekki hv. þm. fresta ræðu sinni? Hv. þm. virðast hafa öðru að sinna en að hlusta á hv. þm. N.-Ísf., og er þá réttast að hafa nokkurt fundarhlé). Ég sé enga ástæðu til þess að fresta ræðu minni, þó að einhver lýður sé að hópast saman fyrir framan þinghúsið.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 490. Þar er farið fram á, að hár tollur verði lagður á hverskonar prjónaband. Ég er sannfærður um það, að slíkur tollur mundi draga úr heimilisiðnaði kvenna í kaupstöðum og sjávarþorpum. Það er fjöldi fólks, sem hefir nokkra atvinnu af því að búa til ýmsa muni og fatnað, sem ekki er hægt að búa til úr íslenzku bandi. En með því að setja 15% toll á allt prjónaband er stefnt að því, að þessir munir verði keyptir tilbúnir utanlands frá. Ég held, að það hljóti að koma af ókunnugleika, að talað hefir verið um, að hægt sé að panta hráefnin og blanda þeim saman við íslenzka ull hér á landi. Ef hv. flm. vildu ræða þetta mál við þær konur, sem framarlega standa í íslenzkum heimilisiðnaði, þá mundu þeir taka þessa brtt. aftur. Ég veit til þess, að mikill fjöldi kvenna á Íslandi vinnur marga góða muni úr erlendu bandi, sem ekki er hægt að búa til úr íslenzka bandinu. Og ég tel illt, ef Alþ. ætlar að fara að stuðla að því, að þessir munir verði keyptir frá útlöndum.

Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði um sápuna. Íslenzka sápan er ekki eins góð og sú erlenda, og þar að auki dýrari. Meðan svo er, sé ég ekki ástæðu til þess að tolla mikið erlenda sápu. Öðru máli er að gegna um bursta og sópa. Sú iðn er komin hér talsvert vel á veg. Ég hefi keypt talsvert af þessari íslenzku framleiðslu, og er hún að mínum dómi alveg eins góð og sú erlenda, og aðeins lítið eitt dýrari.

Ég er samþykkur hækkun tollsins á teppum. Íslenzka ullin er ágætlega fallin til teppagerðar, hún er sterk og haldgóð, og þó að hún sé ekki áferðarfalleg, má fá úr henni góð teppi. Kostur er það líka, að mjög auðvelt er að búa þau til, — og ég veit dæmi þess, að teppi, sem ofin hafa verið úr íslenzku bandi, hafa enzt áratugum saman.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Það var vitað fyrirfram, að skoðanir mundu verða skiptar um einstök atriði þessa frv. En

aðalatriðið er það, að öllum kemur saman um grundvallarhugsun frv. og vilja, að það verði að lögum. Ástæður þær, sem hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. N.-Ísf. hafa fært fyrir brtt., eru svo almenns eðlis, að sama mætti segja um flestar þær vörutegundir, sem teknar eru upp í þetta frv. En þessar almennu ástæður hafa ekki eins mikið gildi nú og á venjulegum tímum. Það eru sérstakar ástæður til þess, að tekið er upp það ráð, að tolla þær vörur, sem hægt er að vinna í landinu sjálfu. Það er brýn nauðsyn á því að styðja þá stefnu, að öll sú vinna, sem hægt er að láta fara fram hér á landi, lendi ekki annarsstaðar. Þó að það sé rétt, sem nokkrir þm. hafa haldið fram, að íslenzka framleiðslan væri lítið eitt dýrari en sú erlenda, þá verða menn að gæta þess, að verðmunurinn er gróði fyrir íslenzku þjóðarheildina, þar sem hann rennur til íslenzkra fyrirtækja og ísl. manna.

Hv. þm. N.-Ísf. mælti á móti brtt. á þskj. 490, um það, að hverskonar prjónaband skuli falla undir tollaákvæði þessara væntanlegu l., og taldi, að það yrði til þess að draga úr heimilisiðnaði hér á landi. Ég sé ekki, að svo þurfi að verða, þó að þessi tollur sé lagður á. Þar er um tvær leiðir að velja, — annaðhvort að kaupa bandið aðeins dálítið dýrara, eða að hráefnin, sem blanda þarf saman við íslenzka ull til að fá slíkt band, verði flutt inn og spunnið hér.

Hv. 1. þm. S.-M. talaði einkum um till. sínar og taldi, að þær vörur, sem þar eru nefndar, séu dýrari, ef þær eru framleiddar hér á landi en erlendis. Eins og ég hefi þegar minnzt á, er þetta almenn ástæða, og þessi verðmismunur vinnst fullkomlega upp í þeim stuðningi, sem innlendum iðnaði er veittur með því að kaupa íslenzkar vörur, þótt þær séu lítið eitt dýrari.

Hv. þm. talaði einkum um verðmismun á róðrarbátum, og játa ég, að sá mismunur er allverulegur. Þó er þess að gæta, að oft mun þurfa að endurbæta þá báta, sem fluttir eru inn, svo að þar bætist nokkuð við verð þeirra. Í öðru lagi hafa kunnugir menn hermt mér, að þeir bátar, sem smíðaðir eru hér á landi, séu fullt svo traustir sem þeir, er inn eru fluttir. Er það mikils virði, því að mannslífin eru oft komin undir traustleik bátanna, og þá ekki sízt þessara báta, sem hér er um að ræða.

Annars má segja, að þessar till. skipti ekki svo miklu máli hver fyrir sig, að rétt sé að gera þær að miklu ágreiningsmáli, en ég álít samt ekki rétt að samþ. þær, vegna þess að þær vörutegundir, sem þá standa eftir, mega teljast alveg sambærilegar við þær vörutegundir, sem hér er um að ræða að fella undan tolli eða tollauka.

**Sveinn Ólafsson:** Það er ekki margt, sem ég þarf að taka fram út af ræðu hv. frsm. — Það er alveg rétt, að í C-lið 1. gr. eru ýmsar vörur, sem ástæða er til að láta sama gilda um og ég vil láta gilda um þær vörur, sem taldar eru á þskj. 491. Þó lít ég svo á, að innflutning varnings eins og róðrarbáta og pramma megi ekki hefta af því að þessir hlutir eru jafnnauðsynlegir sem veiðarfæri og mjög mikið notaðir. Það er hugarburður einn hjá hv. frsm., að slíkar fleytur, sem fluttar eru frá útlöndum, séu óvandaðri en þær, sem smíðaðar eru hér á landi. Auðvitað má fá þær óvandaðar frá útlöndum, og þá um leið mjög ódýrar, en kaupendur sjá við slíku og kaupa þær fleytur einar, sem vandaðar eru, enda ákveður farmgjaldið að miklu leyti kaupin, og það er vitanlega jafnhátt, hvort fleytan er úr vönduðu efni eða ekki.

Ég veit vel, að oss ber skylda til að styðja að því, að innlendir menn geti setið fyrir atvinnu við þær iðngreinar, sem annars geta þrifizt hér, en fráleitt er að ganga í því efni svo langt, að með því verði hylltar óeðlilega háar kaupkröfur þeirra, sem handiðn stunda. Slíkt bitnar á aðalatvinnuvegunum, sem allan þungann bera, og lamar þá meira eða minna. Hér á við að benda á það, að þegar jarðabótavinna bænda er metin til landskuldargreiðslu, þá er dagsverkið metið 3 kr. En þegar verið er að meta verk þeirra, sem vinna eyrarvinnu eða t. d. við skipabyggingar, þá er kaupið oftast margfalt við þann taxta, sem Alþingi hefir lögfest að því er snertir landskuldargreiðslu. Það er oft þrefalt eða fjórfalt, sjaldan minna en tvöfalt. Þess vegna segi ég: Fyrir utan það, að með tolli þessum er

verið að gera kaupendum nauðsynjavarnings, sem talinn er í C-lið gr., óþarflega erfitt fyrir með því að hækka þennan varning í verði, þá er einnig hér verið að ýta undir óeðlilega háar kaupkröfur. Allir vitum vér það, að óeðlilega háar kaupkröfur eru ein meginástæðan til þess, að nú er svo komið fyrir sveitum landsins, að gera þarf þeim til hjálpar stórfelldari ráðstafanir en þurft hefir nokkru sinni áður að gera í hallæri, en orsakanna til þess er eigi sízt að leita í óhóflegum kaupkröfum þeirra, sem vinnu selja og gefin er hvöt til að selja hana langt yfir sannvirði með tollmúrum um innlendar afurðir, enda er vitað, að vinnulaun eru hér hærri en hjá sumum grannþjóðunum.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þær brtt., sem hafa verið bornar fram, geta ekki talizt stórvægilegar.

Þær brtt., sem hv. fjhn. hefir sameiginlega flutt, tel ég sjálfsagðar.

1. brtt. er um að hækka tollinn á spilum, og er það réttmætt.

Þá skal ég viðurkenna, að ekki er heppilegt að leggja verðtoll á kvikmyndir, því að þær eru ekki keyptar, heldur leigðar, og greiðist leigan með tilliti til þess, hver aðsóknin reynist. Ég er því sammála n. um það, að skemmtanaskattur nái betur tilganginum heldur en verðtollur á þessari vöru, sem hefir ekkert fast innflutningsverð.

Þá er sérstök ástæða til að fella niður „olíufatnað úr öðru en silki“, og hefir bæði n. og hv. 1. þm. S.-M. borið fram till. um það, og álít ég sjálfsagt að samþ. hana.

Þá er einnig rétt að samþ. till. hv. 1. þm. Skagf., að í staðinn fyrir „blóm og plöntur lifandi“ komi: lifandi blóm.

Hv. 1. þm. S.-M. hefir borið fram nokkrar till., og get ég ekki fallizt á nema eina þeirra, till. um, að niður falli „olíufatnaður úr öðru en silki“, sem ég áður minntist á. Honum er kannske mest vorkunn með e-till. vegna Austfjarða, en annarsstaðar á landinu mun vera nóg völ á bátum, sem smíðaðir eru hér á landi, og stj. er treg til að fella niður verðtoll af bátum vegna innlendra manna, sem bátasmíði stunda.

Þá er ég mótfallinn till. hans að fella undan verðtolli blautasápu, bursta og sópa, og hart brauð, því að nú orðið mun hin innlenda framleiðsla geta fullnægt að mestu leyti eftirspurninni.

Það eru því till. n. og till. hv. 1. þm. Skagf., sem ég mæli með.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hv. frsm. sagði um prónabandið, að ef það væri tollað, væri ekki annað en að kaupa það dýrara. Þetta kann rétt að vera, en þá hygg ég, að menn mundu heldur kaupa munina tilbúna. Að hægt sé að kaupa hráefnin og spinna svo bandið, nær auðvitað engri átt, því að slíkt band er unnið í stórum og dýrum verksmiðjum, og notkunin yrði vitanlega ekki svo mikil, að það borgaði sig að setja upp eina slíka verksmiðju.

Þessi hækkun leiðir ómótmælanlega til þess, að menn vinna minna af þessum munum í tómstundum sínum, sér til gagns og gleði, en kaupa í staðinn munina tilbúna frá útlöndum, og fer þá vinnan úr landinu. Það er því með þessari tollálagningu verið að meina mönnum að búa til gagnlega hluti sér til gagns og ánægju. Eins og allir þekkja, þá þykir mönnum jafnan vænna um þá hluti, sem þeir búa til sjálfir, heldur en þá, sem þeir kaupa.

**Hannes Jónsson:** Mér þykir bregða kynlega við með þær umr., sem fram hafa farið hér í dag um þetta mál. Menn koma inn í þingsalinn allir „dekoreraðir“ frá deginum í gær með merkjum íslenzku vikunnar og finna sér svo allt til að vinna á móti þeim íslenzka iðnaði, sem þessi vika er sérstaklega helguð. Þó kastar nú fyrst tólfunum, þegar menn fara að færa fætur við að tolla ullarband eða annað band, sem við þurfum alls ekki að flytja inn, heldur getum látið band úr okkar íslenzku ull koma í staðinn. Ég vona, að slíkt tal eigi ekki djúpar rætur hjá þessum hv. þm., því að það er þeim alls ekki sæmandi.

Þá var ég líka hissa á hv. 1. þm. S.-M., þegar hann kom með þá till., að bátar og prammar skyldu ekki tollaðir með 15% verðtolli. Hann ætti þó að vita, að á allan við er lagður 15% verðtollur. En ef bátar eru ekki tollaðir, þá eru erlendir

verkamenn settir þarna skör hærra en þeir innlendu, því að þessi 15% tollur á viðnum er þá hreinn og beinn verndartollur fyrir þennan erlenda iðnað.

Mér þykir því óverjandi, ef ekki á að tolla innflutta báta, og mætti meira að segja ganga þar lengra en n. hefir gert. En að ekki var gengið lengra í frv. heldur en gert er, var m. a. til þess að fá sem bezt samkomulag um frv. Ég vona því, að þessi viðleitni verði til þess, að menn líti á þetta mál með sanngirni, því að þetta, sem hér er lagt til, er sú allra minnsta álagning, sem forsvaranleg er að því er þessa vörutegund snertir.

Að öðru leyti fer ég ekki út í þær brtt., sem liggja hér fyrir, þar sem hv. frsm. og hæstv. ráðh. hafa svo rækilega minnzt á þær.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er undarleg firra, sem komizt hefir inn hjá þessum hv. þm. út af brtt. um toll á prjónabandi. Mér þætti gaman, ef hv. þm. V.-Húnv. vildi benda á þann mann, sem vildi eiga t. d. borðdúk úr íslenzkri ull, en nú er mikið af borðdúkum bæði til skrauts og daglegrar notkunar ofið hér í landinu úr útlendu bandi, af því að það er ekki hægt að nota íslenzka bandið til þess. Þeir, sem vilja leggja toll á þetta útlenda band, eru því, sjálfsagt óafvitandi, að sporna við því, að menn vinni heima sem mest þeir geta. Þeir eru ekki að hjálpa íslenzku vikunni, heldur hjálpa þeir útlendum verkalýð til að vinna það, sem við getum unnið sjálfir.

ATKVGR.

Brtt. 500 samþ. með 15:1 atkv.
— 489,1 samþ. með 18:1 atkv.
— 489,2.a samþ. með 18:1 atkv.
— 489,2.b samþ. með 16:3 atkv.
— 489,2.c samþ. án atkvgr.
— 489,3 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 491,a felld með 14:7 atkv.
— 491,b felld með 15:5 atkv.
— 491,c felld með 14:7 atkv.
— 491,d tekin aftur.
— 491,e felld með 13:8 atkv.
— 490 samþ. með 13:6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 505, 517).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 517. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefi leyft mér að koma með nokkrar brtt. við tollfrv. þetta. Það fyrst, að egg séu færð úr 30% flokknum og í 15% flokkinn. Ég veit, að öllum er kunnugt, að ekki er nóg eggjaframleiðsla í landinu, og ætti að vera nægilegur verndartollur á þeim 15%. Menn minnast þess sjálfsagt, að sambandsþjóð okkar, Danir, felldi niður innflutningstoll á íslenzku kindakjöti, til þess að við gætum notað markað fyrir það þar í landi, enda þótt yfirfullt væri þar af kjöti. Mér þætti það undarlegt, þó að ég yfirleitt vilji ekki halda fram málstað Dana, ef við settum svo 30% verðtoll á vöru, sem við höfum ekki nóg af og hefir verið flutt hingað frá Danmörku. Auk þess eru egg nauðsynleg fæða fyrir fjölmargt sjúkt fólk.

Ég skildi ekki í því ofurkappi, sem menn beittu hér við síðustu umr. viðvíkjandi tollum á prónagarni. Þetta er sú vara, sem notuð er ákaflega mikið til að auka heimilisiðnað, einkum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þegar annars er lítið að gera. Hinsvegar finnst mér ekkert á móti því, að prjónavara tilbúin sé tolluð; þá er útlend vinna með því tolluð.

Vænti ég þess fastlega, að hv. dm. geti fallizt á þessa brtt.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Þessar brtt. hafa ekki legið fyrir fjhn. En ég vil leyfa mér að minnast á þær frá eigin sjónarmiði.

Till. um að fella niður eða lækka ofan í 15% toll af eggjum get ég ekki mælt með, m. a. af því, að þetta var miðlunarleið, að hafa þau í 30% flokknum heldur en í 50% flokknum, eins og sumir vildu. (**JAJ:** Með flugeldum og leikföngum; alveg rétt). Auðvitað hefir þetta ekki mikla þýðingu. Mismunurinn á tollinum af einu eggi, eftir því hvort þau

væru í B- eða C-flokki, yrði ekki nema partur úr eyri, og ég býst við, að meiri hl. þm. felli sig betur við að hafa þau í milliflokknum.

Þá er viðbótartill., að á eftir „hverskonar prjónaband" komi: nema það sé notað til heimilisiðnaðar. — Það getur verið, að einhverjum þyki nokkur ástæða til að líta á þessa till. En ég hygg þó, að hún sé ómöguleg í framkvæmdinni. Það verður ekki séð, hvernig tollheimtumenn færu að því að ákveða um það, hvað af bandinu, sem flutt er inn, sé keypt til heimilisiðnaðar og hvað til annara nota. Hinsvegar get ég að efninu til fallizt á að taka upp í c-lið till. tilbúna prjónavöru úr ull. Ég veit þó ekki með vissu, hvort þess er nokkur þörf. Tilbúinn fatnaður mun vera tollaður einmitt með 15% tolli. Og mun þá ekki prjónafatnaður vera þar meðtalinn? En ef þurfa þykir að bæta þessu ákvæði í frv., þá mæli ég með því.

**Magnús Jónsson** [óyfirl]: Ég hefi alltaf frá því fyrsta verið fylgjandi verðtolli. Ég er þess vegna ekki næmur fyrir því, þó að gripið sé til hans frekar en annars, þegar þarf að auka tekjur ríkissjóðs. Aðalkostur verðtollsins er sá, að hann sameinar, betur en nokkur annar tekjustofn, sem ég þekki, þá 2 skattstofna, sem jafnan takast á, beina og óbeina skatta. Verðtollurinn er eyðsluskattur, en kemur fram í reyndinni sem tekjuskattur að því leyti, að hann er stighækkandi gjald af vörum, og þeir tekjumestu greiða mest. En á hinn bóginn er hann eyðsluskattur, af því, að hann er ekki lagður á tekjur manna, nema ef menn vilja kaupa hinar ónauðsynlegustu vörur frá útlöndum. Um flokkun vara við tollálagningu er alltaf mikið álitamál, og skal ég ekki fara mikið út í það atriði. Ég mundi þó hafa þetta öðruvísi, ef ég ætti að ráða, en hefi samt ekki borið fram brtt. Við 2. umr. voru sett í 30% flokkinn hverskonar gólfteppi, og fyrir því færð þau rök, að þau mætti búa til í landinu. Þetta er fjarstæða. (**HStef:** Jú, þau, sem duga). Það er auðvitað hægt að búa til hér á landi gólfteppi, sem hægt er að setja á gólf. En hvorki eru hér til vefstólar eða annað til að vefa hverskonar gólfteppi, né heldur markaður fyrir þau nægur til þess að framleiðsla þeirra hér gæti þrifizt. En gólfteppi eru meðal ónauðsynlegri húsgagna, og mæli ég þess vegna ekkert á móti því, að þau séu höfð í 30% flokknum.

En það, sem kom mér aðallega til að standa upp, eru 2 fyrirspurnir, sem mig langar til að gera til hæstv. fjmrh.

Í fyrsta lagi: Hvaða tekna má vænta af þessu tollfrv., ef samþ. verður, þ. e. hve mikilla aukatekna fram yfir það, sem yrði, eftir áður gildandi tollal., ef frv. yrði ekki samþ.? Hefir það verið áætlað?

Og í öðru lagi: Ef frv. verður samþ., hvað mun þá verða gert við innflutningshöftin? Mun þá samþykkt þess standa í nokkru sambandi við þá stefnu, sem stj. tekur um það, hvort numin verði úr gildi reglugerðin frá 23. okt. 1931?

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Fyrirspurnum hv. 3. þm. Reykv. svara ég á þessa leið:

Það er erfitt að áætla, hve miklar tekjur frv. gefur, vegna þess að ekki eru nema gamlar innflutningsskýrslur, frá 1929 og 1930, að byggja á. Síðan hefir innflutningur minnkað stórlega. Verðtollurinn gamli, sem helzt væri við að miða, hefir jafnframt lækkað stórlega, um 60—70%, frá því árið 1930. Nú hefi ég að vísu látið gera skrá um það, hve miklar tekjur tollurinn mundi gefa með sama innflutningi og var árið 1929. En bæði vegna minnkaðs innflutnings síðan, og eins vegna þess, að þessi tollur, bæði a- og c- flokks, mun draga nokkuð úr innflutningi, sumpart með því að draga úr notkun óþarfavarnings og sumpart með aukinni notkun innlendra vara í stað innfluttra, þá hygg ég, að frv. muni gefa töluvert minna í tekjur heldur en ályktað mætti eftir þeirri skýrslu, þótt hlutfallið milli gamla verðtollsins 1929 og tollsins 1932 sé tekið til greina.

Það er ekki ósennilegt, að tollaukinn muni gefa um 400 þús. kr. Á þessari tölu þori ég ekki að taka neina ábyrgð, en nær verður vart komizt í ágizkunum.

Það er óneitanlega samband á milli innflutningshaftanna og þessa frv., a. m. k. á milli A-flokks þeirra og frv. Og það ætti að vera hægt, bæði ríkissjóðs vegna og eins vegna þess, að 50% tollurinn hef-

ir stöðvandi áhrif á innflutninginn, að framkvæma mildilegar A-flokk innflutningshaftanna en ella, ef frv. verður samþ.

En um innflutningshöftin almennt er ekki annað að segja en það, að stj. mun leggja áherzlu á, að gjaldeyrir sá, sem er til umráða, verði notaður. Og á þann hátt verða þau afnumin í okkar landi, að það kemur smátt og smátt í ljós, að gjaldeyririnn nægir fyrir meiru og meiru. Innflutningshöft eru ekki sett, hvorki af þessari stj. né öðrum ríkisstjórnum til að ofsækja menn. Reyndar koma þau hart við suman atvinnurekstur, og það er leitt. En þau eru aðeins sett til þess, að erlendi gjaldeyririnn verði notaður eftir þörfum fyrst og fremst til greiðslu vaxta og afborgana á erlendum skuldum og til kaupa á nauðsynja- og framleiðsluvörum.

En það er annað ráð til að laga verzlunarjöfnuðinn, það skal ég játa. Það er að fella gengið, þannig, að verzlunarjöfnuðurinn lagist af sjálfu sér. Annað mál er, hvenær menn vilja grípa til þeirra ráðstafana.

Þessi aðferð verður höfð um innflutningshöftin, að eftir að það hefir sýnt sig, að gjaldeyririnn smátt og smátt verði fullnægjandi og þegar öruggt má telja, að hann hrökkvi fyrir eftirspurn, þá má sleppa innflutningshöftunum alveg. Stj. hefir enga tilhneigingu til að láta framfylgja innflutningshöftunum strangar en gjaldeyrisnauðsynin krefur. Mér virðist vera ýms merki á lofti um það, að erlendur gjaldeyrir muni verða rífari í ár en hann var í fyrra. Sú „valúta", sem liggur í vörum í landinu nú, er að magni til 33% meiri en á sama tíma í fyrra. Og verði ekki því meira verðfall á fiski á þessu ári, þá verður allt liðugra í haust en í fyrrahaust, og þess munu þeir menn njóta, sem stunda verzlun og viðskipti í landinu, og þá ríkissjóður, sem illa má við því að verða af þeim tekjum, sem mögulegt er að afla handa honum.

Um brtt. hv. þm. N.-Ísf. skal ég aðeins segja það, að ég mun ekki mikil afskipti hafa af fyrstu till. hans, um eggin, og ekki mælast til, að hún verði felld, því að sú till. hefir við nokkur rök að styðjast. Ég hygg, að þótt tollur á þeim verði færður niður í 15%, muni það gera innlendri eggjaframleiðslu sama gagn.

Um að undanþiggja prjónaband, sem nota á til heimilisiðnaðar, er það að segja, að hugsunin bak við þá till. er réttmæt, en slíkt er óframkvæmanlegt, og því er ekki hægt að samþ. þá till.

C-liður 2. till., um að bæta inn í prjónavöru úr ull, er fyllilega réttmætur, eftir að búið er að fella till. um prjónaband, og mæli ég því með samþykkt hennar.

Að öðru leyti vildi ég þakka það, að gott samstarf hefir verið um þetta frv. Það er góðs viti, að ekki skuli koma fram við það aðrar brtt. en þær, sem hægt er að afgr. með sæmilegu samkomulagi.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég er hæstv. ráðh. sammála um það, að erfitt muni vera að áætla auknar tekjur af þessu frv. En það, sem gerir þetta sérstaklega erfitt, er það, ef stefna stj. í innflutningshaftamálinu er ekki skýr. Það er vitaskuld, að innflutningshöftin, hvort sem þau eru framkvæmd með meiri eða minni mildi, hafa ófyrirsjáanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs af verðtollinum. Og þau hafa einmitt sérstaklega fljót og mikil áhrif af því, að þau lenda einmitt mest á þeim vörum, sem mjólka drýgst í ríkissjóðinn. Ég held, að ekki muni fjarri sanni, að afnám innflutningshaftanna mundi valda um 300 þús. kr. tekjuauka fyrir ríkissjóð. Og tollhækkunin, þótt hún verði líklega til að draga talsvert mikið úr innflutningi, mun þó sjálfsagt auka tekjurnar svo verulega, ef frv. verður samþ., að mér þykir sennilegt, að áætlun hæstv. ráðh. sé nærri sanni, þó líklega frekar of há heldur en of lág. Það er auðvitað mjög gott að fá þennan tekjuauka. En ég álít, að það séu mjög gildar ástæður til þess, að slaka beri á innflutningshöftunum, að saman fer það tvennt, að gjaldeyrisskorturinn er ekki ákaflega tilfinnanlegur, og á hinn bóginn, að ríkissjóður hefir mjög mikla þörf á að fá tekjur, sem ég hygg, að hann fengi miklu meiri með því, að innflutningshöftin væru algerlega afnumin.

Svar hæstv. ráðh. við síðari fyrirspurn minni, sem borin var fram af miklu meiri áhuga en hin fyrri, var náttúrlega gott svo sem það náði. En það náði helzt til skammt. Ég hefði viljað vænta þess, að hæstv. ráðh. hefði nú horfið algerlega frá

innflutningshöftunum og numið að fullu og öllu úr gildi reglugerðina um þau, m. a. til þess, að ekki væri eftir neitt af þeirri óánægju og togstreitu, sem fylgja innflutningshöftunum og eru því óafsakanlegri sem þau reynast að verka minna. Það væri sök sér að taka á sig óþægindi vegna innflutningshaftanna, ef þau væru framkvæmd þannig, að eitthvað verulega munaði um að hafa þau. En ég álít það óþarft að taka á sig óþægindi til að halda í þau, þar sem þau eru næstum ekki annað en nafnið tómt, en þó nógu ill til þess, að menn eru aldrei öruggir.

Rétt er það, að gjaldeyririnn takmarkar það, hve mikið er hægt að flytja inn. En til þess að hafa vald yfir gjaldeyrinum finnst mér nóg að hafa gjaldeyrishömlur.

Hæstv. ráðh. sagði vel um það, að innflutningshöftin væru ekki sett til þess að ofsækja menn. En þar um eru fleiri til að bera en hæstv. stj. Mér hafa borizt ekki svo fá sönnunargögn fyrir því, að þeim, sem fyrir þeim verða, finnst þau a. m. k. talsvert ofsóknarkennd eins og þau koma fram. Ég er sannfærður um, að slíkar reglur er aldrei hægt að framkvæma þannig, að ekki sé alltaf heill hópur manna, sem með talsvert miklum rökum getur sýnt fram á, að þau komi fram sem nokkurskonar ofsókn á hendur þeim. Ég vildi þess vegna, um leið og ég greiði atkv. með þessu frv., láta í ljós þá von, og legg mikla áherzlu þar á, að hæstv. ríkisstj. noti fyrsta tækifæri til þess að afnema innflutningshöftin með öllu. Úr því þingið hefir ekki fallizt á að afnema gersamlega heimildina frá 1920, sem innflutningshöftin eru byggð á, finnst mér, að hæstv. stj. sitji í góðu vígi. Það væri ekki lengi verið að gefa út nýja reglugerð, ef henni fyndist nauðsynlegt að koma á höftum aftur. Ég held, að það væri mikið unnið við það að afnema höftin alveg nú. Hið góða samstarf, sem hæstv. ráðh. talaði um, að verða mundi um afgreiðslu þessa frv., hygg ég, að byggist mikið á því, að góð orð séu höfð um afnám innflutningshaftanna á sama tíma.

ATKVGR.

Brtt. 517,1 samþ. með 12:9 atkv.

— 517,2.a samþ. með 13:2 atkv.

Brtt. 517,2.b. felld með 13:4 atkv.

— 517,2.c tekin aftur, en tekin upp af forsrh. og samþ. með 13:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:1 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 523).

Á 64. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 523, n. 762, 787).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 787. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Í fjhn. hefir orðið nokkur ágreiningur um þetta mál. Hefir hv. 1. landsk. skýrt frá því, að hann væri ekki undir það búinn að taka afstöðu til frv., en meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. En eins og nál. ber með sér, var ráð fyrir því gert, að flutt yrði brtt. við frv., og liggur hún nú fyrir á þskj. 787. Hefir það verið álitamál um ýmsar vörutegundir, hvort þær ættu að koma undir ákvæði l. eða hvar þær ættu þá að vera í tollstiganum. Þegar frv. var lagt fyrir Nd., voru m. a. undir staflið B 1. gr. tilfærð egg, er koma skyldu undir 30% verðtoll. Þessu var breytt í Nd. og egg færð þar niður í 15%. Nú leggur meiri hl. n. til, að þessu verði aftur breytt í það horf, sem upphaflega var. Ég hygg, að svo sé nú komið, að við getum sjálfir fullnægt eggjaþörf landsins. En það hefir komið í ljós á síðari árum, að útlend egg hafa verið boðin hér á landi fyrir lægra verð en það, sem svarar framleiðslukostnaði innlendra eggja. En úr því að þessi leið er nú farin til fjáröflunar og til þess að styðja inn-

lendan iðnað, þá þykir mér rétt, að tollur af útlendum eggjum sé ekki minni en hér er gert ráð fyrir.

Í annan stað hefir meiri hl. n. þótt ástæða til að gera lítilsháttar aths. við c-lið 1. gr. frv. Samkv. frv. á að falla undir 15% verðtoll „hurðir, gluggar og karmar og annað smíði til húsa". Má líta svo á, að þetta sé nokkuð víðtækt, því að með smíði til húsa má vafalaust telja skrár, lamir og slíkt, en þetta ákvæði hefir víst ekki átt að ná til þeirra hluta. Því leggur meiri hl. n. til, að í stað tilfærðra orða komi: Hurðir, karmar, gluggar og listar til húsa. — Þetta er að vísu ekki mikið atriði, en meiri hl. n. hefir þó þótt rétt að gera þessa aths.

Hvað B-liðnum viðvíkur, þá var upphaflega gert ráð fyrir því, að undir 15% verðtoll kæmi olíufatnaður úr öðru en silki, en Nd. breytti þessu síðar vegna misskilnings. Hefir meiri hl. n. lagt til, að þessu verði aftur breytt í upphaflega horfið. (**Forseti:** Ég vil stinga upp á því við hv. ræðumann, þar sem flestallir dm. eru farnir út, að hann fresti ræðu sinni til kl. 5). Ég þakka hæstv. forseta fyrir tillátssemina. [Fundarhlé.]

Ég var búinn að gera grein fyrir brtt. meiri hl. fjhn. og 2. brtt. a- og b-lið, þegar fundi var frestað í dag, og skal ég nú geta um þann eina lið, sem eftir er, c-lið. Í síðasta lið er prentvilla. Þar stendur: „skinn og", en á að vera: skinni og.

Þessi brtt. er þess efnis, að ef þetta er fellt niður, þá er felldur niður skófatnaður úr skinni. — Ástæðan fyrir brtt. er sú, að við teljum það orka tvímælis, hvort rétt sé að leggja verðtoll á skófatnað úr skinni. Nú er það svo, og verður sennilega um alllangt skeið, að þannig er aðalskófatnaður þorra manna gerður, a. m. k. í kaupstöðum og kauptúnum. Ég álít, að tæplega verði fullnægt eftirspurn eftir þessum skófatnaði með innlendri framleiðslu á nálægum tímum, enda þótt það væri mjög æskilegt. Það má heita, að innlend skógerð sé nú lögð niður. Sjálfsagt er það af þeirri ástæðu, að hún getur ekki keppt við þá útlendu. Því held ég það fyllilega réttmætt, að þessi breyt. verði gerð á frv. Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta og læt skeika að sköpuðu um atkvgr. um málið.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég hefi ekki skrifað undir nál. um þetta frv., vegna þess að ég vildi geyma mér aðstöðu mína, eins og á stóð, og ekki á ég heldur þátt í brtt. á þskj. 787. En ég hefi hugsað mér að bera fram brtt. við þær brtt. við 3. umr. Við þessar brtt. hefi ég það að athuga, að ég álít ekki rétt að samþ. 1. brtt., um að hækka verðtoll á eggjum úr 15% og upp í 30%. Ég skil það að vísu, að þetta mun vera gert til stuðnings innlendri framleiðslu, en álít hinsvegar, að einnig verði að líta sanngjarnlega á hag þess fólks, sem þarf að kaupa egg sér til fæðu. Ég álít óhæfilegt að leggja 30% toll á svo nauðsynlega vöru, því að þetta munar engu fyrir ríkissjóðinn.

Við 2. brtt. a hefi ég aths. að gera, annars eðlis. Frv. gerir ráð fyrir, að 15% verðtollur verði lagður á „hurðir, karma, glugga og annað smíði til húsa". Þessu vill hv. meiri hl. breyta þannig, að í stað orðanna „Hurðir ..... smíði til húsa" komi: Hurðir, karmar, gluggar og listar til húsa. — Listar falla nú undir „annað smíði til húsa". Þótt frv. haldist óbreytt, falla þeir undir ákvæði þess. En eftir till. hv. meiri hl. mundu hús, sem koma smíðuð að öllu leyti frá útlöndum, verða undanþegin þessum tolli, nema að því er snertir hurðir, karma, glugga og lista. En eins og frv. er orðað, er enginn efi á því, að allur unninn viður til húsa frá útlöndum mundi falla undir 15% tollinn. Eins og ég gæti fallizt á að leggja verndartoll á hurðir, karma, glugga og lista, eins sýndist mér rétt, að sá tollur væri lagður á annan tilsmíðaðan efnivið til húsa.

Ég mæli á móti brtt. n. sérstaklega vegna þess, að hún leiðir af sér ósamræmi í þessari grein, sem ekki á að vera, hvort sem menn annars eru þess fýsandi að leggja þennan toll á eða ekki.

**Jón Baldvinsson:** Í raun og veru er það óþarfi fyrir mig að taka til máls um þetta nú, því að ég hefi, í sambandi við önnur svipuð mál, lýst yfir hér á þingi afstöðu okkar Alþflmanna í þessu efni.

Ég sé, að meiri hl. fjhn. vill hækka verðtoll á eggjum úr 15% upp í 30%. Meginhluta ársins komumst við ekki af með okkar eigin eggjaframleiðslu, suma

tíma ársins er gersamlega ómögulegt að fá innlend egg. Þessi fæðutegund er, auk þess sem hún er almennt mikið notuð, mjög nauðsynleg fyrir sjúkt fólk. Þess vegna er ég algerlega á móti því að tolla þessa og aðrar slíkar vörur. En hér hlýtur auðvitað að ráða afl atkv. hinna stærri flokka þingsins. Egg, sem flutt eru hingað frá útlöndum, munu vera um þriðjungi ódýrari en þau innlendu, og mjög ranglátt að hækka með tolli verð jafnnauðsynlegrar vöru og eggin eru.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þetta frv. er vitanlega flutt til tekjuöflunar, og þá einkum kostað kapps um að leggja á algerlega óþarfar vörur háan verðtoll, þó ekki hærri en gildir sumstaðar í nágrannalöndunum. Auk þess er c-liður miðaður við að vernda innlenda framleiðslu og vinnu. Það er eitt af því, sem hægt er að gera til atvinnubóta í landinu.

Ég get fallizt á þá till. fjhn., að inn í 15% flokkinn komi olíufatnaður úr öðru en silki. Þessi gr. var af misskilningi tekin út í Nd. Af hálfu samningaþjóða okkar er ekkert því til fyrirstöðu að taka olíufatnað með.

Hina liði brtt. get ég ekki fallizt á. Ég tel heppilegra, að óbreytt standi það, sem sagt er um hurðir og annað smíði til húsa. Þetta verður vitanlega ekki framkvæmt svo, að unnin borð verði tolluð, heldur að allt, sem til efniviðar til húsa heyrir, sem töluvert mikil vinna hefir verið lögð í, lendi í 15% verðtolli. Þetta er gert til þess að efla innlenda trésmíði. Nú sem stendur gilda betri tollkjör um unninn við eða smíðaðan heldur en óunninn, og það liggur í því, að á þessu er þungatollur, því að hús úr timbri er vitanlega léttara heldur en óunninn efniviður í samskonar hús. Þess vegna er sjálfsagt að gera slíka leiðréttingu, sem um leið getur verið til verndar fyrir smiði.

Þá vil ég sérstaklega mælast til þess, að felld verði síðasta till., 2. c. 2, við 1. gr. c-lið, um að niður falli orðin „skinni og". Skófatnaður hefir verið tekinn með í frv. til þess að hækka að mun þann tekjuauka, sem það á að veita. Þessi brtt. mundi skerða svo tilfinnanlega tekjur af frv., að lítið meira en hálft gagn yrði að ákvæðum þess á eftir. Til samanburðar mætti geta þess, að flestar vefnaðarvörur eru áður tollaðar með 15%. Auk þess gæti þetta orðið til þess, að innlendur skóiðnaður rynni upp fremur en ella og að notaðar yrðu húðir og skinn hér innanlands. Ég legg því sérstaka áherzlu á, að þessi till. verði felld.

Hv. 2. landsk. ætti að taka nokkuð tillit til þess, að með c-lið eru gerðar ráðstafanir til atvinnubóta. Hér er ekki einungis um tollun að ræða, heldur einnig hindrun á því, að útlend vinna flytjist inn í landið, og með því varðveizlu atvinnunnar í höndum landsmanna sjálfra, sem sannarlega hafa ekki of miklum störfum að gegna um þessar mundir.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég ætla nú ekki að fara að halda því fram, að það, sem talið er í frv. í 1. línu a-liðs, sé beint þarfar vörur, svo sem andlitssmyrsl, andlitsduft, ilmsmyrsl og aðrar kosmetiskar vörur. Það er langt frá því. En ég vil benda á það, að þessar vörur eru að nokkru leyti varningur til iðnaðar. Hér í Rvík og víðar í kaupstöðum landsins munu vera fleiri og færri hárgreiðslustofur og andlitsfegrunarstofur, sem nota þessi efni við atvinnurekstur sinn. Ef tollur á þessum vörum yrði hækkaður til mikilla muna, eins og hér er farið fram á, yrði afleiðingin sú, að fólk, sem hefir atvinnu af þessum störfum, yrði að draga saman seglin, eða þá hætta þessari atvinnu alveg. Atvinna þessa fólks er auðvitað annað mál en þörfin á atvinnugrein þessari yfirleitt fyrir þjóðarbúskapinn. En ég hygg, að svo sé nú komið málum hér á landi, að þetta sé orðinn nokkurnveginn fastur liður í atvinnurekstri tilheyrandi daglegu lífi. Hér í bænum munu vera um 20 slíkar stofur, sem hver um sig hefir 5—10 manns í þjónustu sinni. Má ef til vill segja, að þetta sé smáatriði. En ég hygg samt, að óráðlegt sé að leggja þá hátolla á vörur, sem munu verða til þess að rýra atvinnu á þeim tímum, þegar atvinna er stopul sem nú.

Sama má segja um þurrkaðar plöntur. Þær eru óþarfar í sjálfu sér. En bæði hér og víðar á landinu er þó fólk, sem talsvert hefir að atvinnu að hnýta blómsveiga á líkkistur. Ég vil beina því til hv.

n., hvort hún sjái ekki ástæðu til athuga þessa hlið málsins.

Viðvíkjandi eggjunum þarf ég engu við það að bæta, sem 2 hv. þm. hafa þegar tekið fram við þessa umr. Ég tel viðsjárvert að hækka mikið toll á eggjum, þar sem þau eru svo holl fæða fyrir heilbrigða jafnt og sjúka, þegar það er sýnt og sannað, að langa tíma ársins er alls ekki hægt að fá innlend egg, hvað sem í boði er. Gífurlegur tollur á þeim mundi halda þeim í okurverði, sem mundi útiloka, að fátæklingar gætu notið þeirra.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það má lengi deila um einstök atriði frv. Ég mun gera mér far um að sýna ekki þrjózku gagnvart till., sem n. kann að flytja til 3. umr. Þó verður vitanlega að gæta þess að halda fast við það, að till. skerði ekki að verulegum mun tekjuvonirnar. Ég mundi ekki geta tekið undir till. eins og þá, að hafa lágan toll á andlitsdufti, andlitssmyrslum, ilmsmyrslum og öðrum kosmetiskum vörum. Sú atvinnugrein, sem notar þessar vörur, byggist á öruggum grundvelli, sem er tilhneiging kvenfólksins til að líta vel út, og ég skil ekki, að þeim atvinnuvegi sé nein hætta búin af verðtolli. Hitt er dálítið annað, um blóm og blómsveiga. En ég hika þó ekki við að láta þurrkuð blóm standa í 50% flokknum, því að möguleikarnir eru svo miklir til að rækta allflest af þessu innanlands. Það hefir farið mikið í vöxt hin seinni ár, að nota innlend og lifandi blóm, og það hefir dregið mjög úr þörfinni á því að flytja inn blóm frá útlöndum.

Á þann hátt getur sumt í þessu frv., þótt í smáu sé, orðið til þess að hjálpa okkar verzlunarjöfnuði, um leið og innlend ræktun og vinna er látin ganga fyrir útlendri.

**Guðrún Lárusdóttir:** Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, vil ég taka fram, að mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hér sé um sérstaklega þarfa iðju að ræða. En mér finnst samt, að styðja beri svo að segja hvaða iðju sem er á jafnörðugum tímum og nú standa yfir. Það voru vitanlega réttmæt orð, er hæstv. forsrh. sagði um hinn trausta grundvöll fegurðarinnar undir atvinnuvegi þeirra, er stunda andlitsfegrun o. þ. h. En ég vil ekki láta konurnar vera einar um það, að vilja líta vel út. Ungir piltar vilja líka líta vel út, og hefi ég ekkert út á það að setja, þótt þeir reyni að fegra sig. Á rakarastofum eru þess háttar vörur líka allmikið notaðar.

Viðvíkjandi innlendu blómunum vil ég segja það, að þau hafa oft reynzt alldýr. Og ég held, að það sé helzt fyrir burgeisana hér, að kaupa t. d. blómin frá Reykjum til að skreyta kistur ástvina sinna með, en það er nú orðinn almennur siður að skreyta líkkistur með blómum. Við því er ekkert að segja; það ber aðeins vott um ræktarsemi eftirlifandi ástvina, sem allir hljóta að skilja og virða.

**Jón Baldvinsson:** Út af orðum hæstv. forsrh. vil ég segja það, að vandi er að setja í l. svo vel fari ákvæði til verndar innlendum iðnaði. Tollar geta að vísu komið að gagni í einstaka tilfelli. En oftast leiða þeir til þess eins að hækka vöruna í verði. Að vísu stendur okkar iðnaður að ýmsu leyti á því stigi, að eiga örðugt í samkeppninni. En þó býst ég við, að húsasmíði sé fullkomlega samkeppnisfær við erlendan iðnað á því sviði.

Ég sný mér þá að c-liðnum. Í honum eru talin með jarðepli, sem eiga því að stimplast með 15%. Ég álít það óhæfilegt að tolla slíka nauðsynjavöru, sem ekki er enn framleidd svo nægi hér á landi, og því er þörf fyrir innflutning á. Hér var það líka svo, að helmingur þdm. vildi fyrir nokkrum dögum ekki samþ. frv., sem bannaði innflutning á jarðeplum, og felldi það því, enda eru þau holl fæða og nauðsynleg öllum almenningi. — Ég sé nú, að hv. 1. landsk. hefir lagt til mín brtt., sem ég get verið samþykkur. Hún er um það, að jarðepli og smjörlíki falli burt úr frv. En ég vil bæta því þriðja við, sem þó að vísu þarf ekki, ef 1. brtt. meiri hl. fjhn. verður felld. En það eru egg. Ég get því verið samþykkur þessari brtt. og orðið meðflutningsmaður að henni, eins og ég sé, að muni hafa verið ætlazt til. Vil ég því afhenda hæstv. forseta hana.

**Forseti (GÓ):** Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 1. landsk. og hv. 2. landsk.: [sjá þskj. 796].

Þarf afbrigði frá þingsköpum til þess að brtt. megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég vil í sambandi við þá till., að jarðepli falli niður úr c-flokki minna á, að um jarðeplin hefir staðið hörð barátta milli deildanna. Ef þetta væri gert, veit ég, að Nd. mundi aldrei sætta sig við það. Gæti það leitt til þess, að málið yrði að ganga oftar milli deildanna en skyldi. Jarðeplaræktin er líka í sjálfu sér verð stuðnings. Till. um smjörlíkið hefir ekki eins mikla fjárhagslega þýðingu, en þó er rétt að veita þeim iðnaði nokkra vernd.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Hv. deild hefir nú leyft, að koma megi til umr. og atkv. brtt., sem ég hafði hugsað mér að bera fram við 3. umr. Ástæðan til þess, að ekki er rétt að taka jarðepli, er sú, að þau eru einhver sú hollasta og ódýrasta fæðutegund, sem almenningur neytir, og eru notuð af fátækum jafnt sem ríkum, öllum þeim, sem kunna að matbúa vel fyrir sinn líkama. En mest er þó um það vert, að fátækt fólk geti notið jafnhollrar fæðu, því það á allajafnan ekki kost á að neyta dýrari fæðutegunda. Ég álít því ekki rétt að gera jarðeplin dýrari en nauðsyn er til, þótt það máske ýti undir innlenda framleiðslu. En ég tel þess ekki þörf á þennan hátt. Jarðeplarækt mun aukast og verða stunduð þar, sem ódýr vinnukraftur er fyrir hendi, þótt þessi verndartollur komi ekki til, eftir því sem landshættir leyfa.

Um smjörlíkistollinn má segja hið sama og því við bæta, að hann hefir enga þýðingu aðra en þá, að bjóða innlendum smjörlíkisgerðum upp á að hækka verð á vöru sinni. Engar tekjur í ríkissjóð, því innflutningur smjörlíkis er hættur. Ef smjörlíkisgerðirnar hefðu virzt eiga við fjárhagslega örðugleika að etja, þá hefði þessi tollur getað komið til mála. En því mun nú alls ekki til að dreifa. Reynslan hefir sýnt, að smjörlíkisgerð er svo álitlegur atvinnuvegur, að þeim hefir fjölgað frekar úr hófi fram en hitt. — Smjörlíki er líka ein af aðalfæðutegundum fátæks fólks.

Annars hefi ég rætt um þetta áður í sambandi við setningu verðtollslaga. Eru allar þær röksemdir, sem þá voru bornar fram, í fullu gildi ennþá, og get ég því vísað til þeirra.

ATKVGR.

Brtt. 787,1 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, GÓ.

nei: HSteins, JakM, JBald, JónÞ, PM, BSn, GL.

Brtt. 787,2.c.1 tekin aftur.

— 787,2.a felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónJ, JónasJ, MT, PHerm, EÁrna, IP, GÓ.

nei: JBald, JónÞ, PM, BSn, GL, HSteins, JakM.

Brtt. 787,2.b samþ. með 9:1 atkv.

— 787,2.c.1 tekin upp af 2. landsk. og felld með 7:1 atkv.

— 787,2.c.2 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, IP, JBald, JónÞ, JónasJ.

nei: PM, BSn, EÁrna, GL,, JónJ, MT, PHerm, GÓ.

JakM greiddi ekki atkv.

Brtt. 796,1 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JBald, JónÞ, BSn, GL, HSteins.

nei: JónJ, JónasJ, MT, PHerm, PM, EÁrna, IP, GÓ.

Brtt. 796,2 felld með 7:6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 797).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 797).

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 842).

## 69. Jarðræktarlög (verkfærakaupasjóður).

Á 48. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 7. maí 1928 [Jarðræktarlög]** (þmfrv., A. 385).

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Það er hið sama um þetta frv. að segja eins og það næsta á undan á dagskránni (um heimild til innflutnings nautgripa), að það er flutt af landbn. eftir ósk hæstv. atvmrh. Mun það vera samið af mþn. í landbúnaðarmálum. Tilgangur þess er náttúrlega sá, eins og frvgr. ber með sér, að létta undir með mönnum að eignast þau verkfæri, sem þar eru talin. Eiga að gilda um þau sömu ákvæði og hestaverkfæri þau, sem talin eru í 7. gr. l. frá 1928. Það er engu síður nauðsynlegt fyrir bændur nú að eignast þau verkfæri, sem hér eru talin, heldur en hin, og taldi n. sér því skylt að flytja þetta frv. Mun hún svo að sjálfsögðu athuga það nánar milli umr.

**Einar Árnason:** Ég stend ekki upp til þess að andmæla þessu frv. Ég álít, að það geti orðið til mikils gagns, ef það nær fram að ganga. Frv. er ætlað að létta undir með bændum, svo þeir geti eignazt fleira af nauðsynlegum verkfærum heldur en þeir enn hafa haft efni á að afla sér.

Það, sem ég vildi vekja athygli landbn. á, er það, að enn er ein tegund véla, sem ég tel ákaflega gagnlega, sérstaklega til þess að auka heimilisiðnaðinn í sveitunum. Það eru prjónavélarnar. Það er vitanlegt, að nú er fólk að miklu leyti hætt að prjóna í höndunum, enda er ekkert fólk til þess lengur. Hinsvegar er það mjög nauðsynlegt fyrir sveitafólkið að geta unnið eitthvað úr ull sinni, þar sem hún er nú næstum því verðlaus. Ég álít, að á sem allra flestum sveitaheimilum ættu að vera til prjónavélar. Það mundi leiða til þess, að tóskapur yrði langtum meiri heldur en ella.

Nú er það svo, að prjónavélarnar eru talsvert dýrar. Þær eru eins dýrar eins og þær vélar, sem í frv. eru taldar. Góðar prjónavélar munu kosta 400 til 500 kr. Og það er of há upphæð til þess, að menn yfirleitt treysti sér til að eignast þetta áhald, þó það sé mönnum mjög nauðsynlegt. Ég þekki það mjög vel, að það eru mörg heimili, sem hafa mikla þörf fyrir að eignast prjónavélar, en treysta sér ekki til að kaupa þær, hafa ekki efni á því. Mér finnst því, að það væri rétt að breyta þessu frv. þannig, að það næði til prjónavéla eins og spunavéla.

Vil ég óska eftir því við hv. landbn., að hún taki það til athugunar.

**Halldór Steinsson:** Ég ætla ekki að fara að vekja deilur um þetta mál. En ég verð að segja, að ég kann illa við að gera þá breyt. á jarðræktarlögunum, að setja inn í þau ákvæði um kaup á ýmsum vélum, sem ekkert koma jarðrækt við, eins og t. d. spunavélum, sem m. a. eru taldar í 1. gr. þessa frv. Enda hefir þetta leitt þann dilk á eftir sér, að hv. 2. þm. Eyf. vill nú taka prjónavélar með líka. Ég veit ekki, hvar endirinn mundi verða, ef farið væri inn á þessa braut. Það gætu komið fram till. um að taka þarna með ýmsar fleiri vélar, t. d. saumavélar, sem líka auka heimilisiðnaðinn. Ef hjálpa ætti mönnum til að eignast þessi verkfæri, þá væri miklu nær að hafa ákvæði um það í sérstökum lögum.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég ætla aðeins að gera stutta aths. út af ræðu hv. þm. Snæf. Það má vel vera, að ef hér væri verið að stofna til varanlegra styrk-

veitinga til kaupa á heimilisiðnaðarvélum, þá ætti það fremur heima í sérstökum l. En það stendur hér alveg sérstaklega á um þetta. Það eru mörg búnaðarfélög á landinu, sem hafa hagað kaupum sínum á jarðræktarvélum þannig, að þau hafa keypt stærri vélar, hina svonefndu „traktora", en bændur hafa hinsvegar ekki keypt hestaverkfæri og ætla sér ekki að nota þau framvegis. Af þessari ástæðu eiga nú allmörg félög nokkrar upphæðir inni í verkfærakaupasjóði, sem þau þykjast ekki geta notað á þann hátt, sem jarðræktarlögin gera ráð fyrir. Með frv. því sem hér liggur fyrir, á að heimila þeim félögum, sem eiga fé fyrirliggjandi í verkfærakaupasjóði, en ekki kæra sig um að nota það til þess að kaupa þau verkfæri, sem ætlazt var til, að nota það til kaupa á öðrum verkfærum, sem nauðsynleg eru til heimilisnota.

Það kann að vera, að formlegra væri, að Alþingi gæfi út sérstök lög um styrk til tóvinnuvélakaupa. En með því að hér stendur alveg sérstaklega á, eins og ég hefi þegar skýrt frá, þá finnst mér ekkert sérstaklega athugavert við það, þó að búnaðarfélögin mættu nota til svo þarflegra kaupa það fé, sem þau nú eiga og þau óska ekki eða þurfa að nota á þann hátt, sem upphaflega hafði verið til ætlazt. Það er fullvíst, að þær vélar, sem hér er rætt um, styðja mjög að innlendri framleiðslu, og fullkomlega til jafns við jarðræktarverkfæri.

Ég er samþykkur hv. 2. þm. Eyf. um það, sem hann benti á, að fleiri tegundir véla en spunavélar gætu komið hér til greina, þó þær séu reyndar einna dýrastar af þeim vélum, sem notaðar eru til heimilisiðnaðar. Vil ég því skjóta því til hv. n., hvort hún vilji ekki breyta frv. á þann hátt, að setja í staðinn fyrir „spunavélar" orðin tóvinnuvélar til heimilisnota.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Það hefir því miður farizt fyrir fundur í landbn., svo að hún hefir ekki heldur getað athugað þetta frv., en einstakir menn munu hafa í hyggju að gera á því nokkrar breyt., svo að þess vegna vildi ég mælast til þess, að frv. yrði tekið út af dagskrá eins og núna standa sakir.

Umr. frestað.

Á 53. fundi í Ed., 22. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég vil aðeins geta þess, að landbn. hefir ekki getað lokið störfum hvað mál þetta snertir, sakir veikindaforfalla eins nm. Við hinir nm. höfum íhugað málið og komizt að þeirri niðurstöðu að flytja við það brtt., en viljum bera okkur saman við þann nm., sem fjarverandi hefir verið, áður en við komum fram með hana. Látum við það því bíða til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 55. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 385, 429).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Eins og ég gat um við síðustu umr., þá hefir dregizt nokkuð fyrir landbn. að athuga þetta frv., sem upphaflega er flutt eftir beiðni frá hæstv. atvmrh. og mun vera samið af bændanefndinni svokallaðri. Landbn. hefir fallizt á þá aðalhugsun, sem vakir fyrir með þessu frv., að gefa mönnum kost á að fá styrk úr verkfærakaupasjóði, sem stofnaður er skv. jarðræktarl. frá 1928 til þess að styrkja menn til að kaupa hin dýrari verkfæri. N. hefir fallizt á að færa nokkuð út verksvið þessa sjóðs, til þess að hvetja menn til að afla sér fleiri verkfæra, sem bændum í sjálfu sér eru nauðsynleg; en hinsvegar hefir hún talið rétt að haga þessu nokkuð öðruvísi en gert er í frv., og hefir þess vegna leyft sér að flytja brtt. á þskj. 429. Þessar brtt. miða í þá átt að flokka þessi verkfæri, sem styrks eiga að njóta, eftir því

hvað n. virtist mikil ástæða til að styrkja þau ríflega. Er gert ráð fyrir, að helmingsframlag sé veitt til þess að kaupa verkfæri til jarðvinnslu og garðræktar og nokkur fleiri verkfæri, sem talin eru í a-lið. N. virðist ekki þörf á jafnmiklum styrk til þeirra verkfæra, sem eiga að gefa arð þegar í stað, eins og heyvinnuvélar og tóvinnuvélar, og hefir því lagt til, að aðeins verði veitt þriðjungsframlag til kaupa á þessum vélum. Jafnframt hefir n. þótt nauðsyn til bera að hækka nokkuð það framlag, sem hver einstakur bóndi getur fengið úr sjóðnum. Eftir núgildandi l. má hver einstakur bóndi ekki fá meira samtals en 300 kr. En þegar gert er ráð fyrir, að hver einstakur bóndi geti eignazt svona margar vélar með styrk úr þessum sjóði, virðist það ekki vera einhlítt að hafa framlagið svona lágt, og hefir n. lagt til, að það verði tvöfaldað, upp í 600 kr. Jafnframt hefir n. gert aðra brtt. við l. frá 1928. Í l. er gert ráð fyrir, að styrkja megi búnaðarfélög til að kaupa dráttarvélar, allt að ¼ verðs. N. leggur til, að þetta verði fært upp í allt að helmingi verðs. N. er kunnugt um, að þetta muni hafa átt sér stað, jafnvel þó að l. hafi ekki gert ráð fyrir slíku. Hér er um svo dýr verkfæri að ræða og það er svo mikil nauðsyn fyrir héruðin að hafa dráttarvélar, að n. fannst ástæða til þess að hvetja meira en gert er í núgildandi l. til að kaupa þessar vélar. Í þessu sambandi skal ég geta þess, að verkfærakaupasjóður hefir því miður ekki nokkurt fé eins og nú stendur, vegna þess að á síðasta þingi var ákveðið að fresta framvæmd l. um framlög úr ríkissjóði til sjóðsins. Þó er það svo, að nokkur félög hafa ennþá ekki notað sér sinn hluta úr verkfærakaupasjóði, nema að örlitlu leyti, og þess vegna sýnist ekki vera ástæða til að meina þeim að nota í þessu augnamiði það, sem l. og brtt. n. gera ráð fyrir, með því að hér er um hin mestu nytjaverkfæri að ræða. Þetta er aðalástæðan til þess, að þessar till. eru fram komnar. Við athugun á þessum sjóði hefir n. fundið, að mikil þörf væri á því, að hægt væri að borga út skv. jarðræktarl. frá 1928. Það væri æskilegt, ef þessi liður í bráðabirgðabreyt. nokkurra laga þyrfti ekki að standa. Ég skal geta þess, að skv. jarðræktarl. upphaflega er til annar sjóður, sem á að vera notaður til þess að styrkja kaup á stærri vélum, eins og dráttarvélum, svokallaður „vélasjóður“, en hann er nú minni en skyldi, vegna þess að ekki hefir verið útborgað úr ríkissjóði til hans eins og gert er ráð fyrir í l. Hann mun vera núna um 50 þús. kr., en er vitanlega fastur í útlánum. Hinn sjóðurinn mun vera, eftir því sem ég hefi komizt næst, um 110 þús. kr. — Ég sé ekki ástæðu að svo stöddu til að fjölyrða meira um málið, en vænti, að hv. d. geti fallizt á, að afgreiða þetta frv. úr d. nú þegar.

ATKVGR.
Brtt. 429,1 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 429,2 samþ. með 8 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 58. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 446).

Á 59. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 74. og 75. fundi í Nd., 15. og 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 446, n. 672).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Frv. þetta mun í fyrstu samið af nefndinni í kreppumálum landbúnaðarins og að hennar tilstuðlan flutt í Ed. Landbn. hefir orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþ., þó með nokkrum breyt. frá því, sem Ed. gekk frá því. Þó er það svo, eins og nál. á þskj. 672 ber með sér, að einn nm., hv. þm. Mýr., skrifaði undir það með fyrirvara. Býst ég við að sá fyrirvari sé allmikill, og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir honum.

Það virðist í raun og veru dálítið einkennilegt að vera að gera till. um ný framlög úr verkfærakaupasjóði til þess að styrkja bændur til kaupa á verkfærum, jafnframt því, sem ekkert fé er veitt til sjóðsins. Því að bæði í fjárl. yfirstandandi árs og eins í þeim fjárl., sem samþ. verða á þessu þingi, er ekkert fé ætlað til sjóðsins, hvorki fyrir árið 1933 eða fyrir næsta ár. Hinsvegar mun svo ástatt um sjóðinn, að ýms félög eiga fé í honum, sem þau hafa ekki notað ennþá. Það er einkum með tilliti til þessa, sem þessi till. hefir komið fram um breyt. á verkefnum sjóðsins.

Höfuðbreytingin, sem gerð hefir verið á frv. í Ed., er sú, að það hefir verið bætt við ýmsum verkfærum, sem á að styrkja bændur til að kaupa ásamt þeim, sem áður var veittur styrkur til. Það var svo áður, að aðeins var veittur styrkur til kaupa á hestaverkfærum til jarðvinnslu, en steingálgum, áburðardreifurum, forardælum og dælum, sem notaðar eru til varnar kartöflusýki, ásamt hestaverkfærum til garðyrkju, var bætt við í Ed. Við lítum svo á, a. m. k. meiri hl. landbn., að ekki sé til neins að taka upp svo mörg ný verkfæri til að styrkja, meðan sjóðurinn hefir engar tekjur og aðeins er verið að eta upp það, sem félögin eiga í honum frá fyrri árum. Þess vegna leggjum við til, að þetta allt verði fellt úr frv., aðeins veittur styrkur til kaupa á hestaverkfærum til jarðvinnslu, eins og áður hefir verið.

Þá hefir verið sett inn í frv. í Ed., að þriðjungsframlag veitist til kaupa á heyvinnuvélum og tóvinnuvélum. N. hefir fallizt á, að rétt sé að taka upp heyvinnuvélarnar, og einkum með það fyrir augum, að eins og nú er ástatt, þá hyggjum við, að það sé réttara að styrkja bændur frekar til að fá heyvinnuvélar heldur en jarðvinnsluvélar. Því að meðan þessi kreppa ríkir mun ekki svo mjög verða unnið að nýrækt, en hinsvegar mikil þörf á, að menn geti fengið vinnusparandi tæki til þess að vinna þá nýrækt, sem skapazt hefir á síðustu árum. Við höfum því fallizt á, að rétt sé að leyfa að styrkja kaup á heyvinnuvélum að ⅓ hluta.

Þá hafa tóvinnuvélar verið teknar þarna inn. Það getur verið nokkuð vitt, við hvað er átt með tóvinnuvélum. Ég veit ekki hvað margar vélar gætu komið undir það ákvæði. N. hefir lagt til, að þessu verði breytt þannig, að aðeins spunavélar komi til greina. Það eru tæki, sem nauðsynlegt er, að breiðist út, til þess að hægt sé að vinna úr ullinni. Því að það mun vera svo víða í sveitum, að engin tök eru á því fyrir fólk að afla sér útlendra klæða eða þeirra klæða, sem unnin eru í verksmiðjum okkar, því að þau eru svo dýr. Og hvaða tæki, sem hægt er að nota til þess að efla heimilisiðnaðinn, svo að heimilin verði sem mest sjálfum sér nóg, þá er það spor í rétta átt, sem rétt er að styrkja.

Hámark þess styrks, sem hver bóndi gat fengið samkv. ákvæðum um verkfærakaupasjóð í jarðræktarl., var 300 kr. Því er breytt í þessu frv., svo að samkv. því á hámarksstyrkurinn að vera 600 kr. Þetta getur n. ekki fallizt á, að sé rétt, af fleiri en einni ástæðu. Fyrst og fremst af því, að nú, þegar fé sjóðsins er svo mjög takmarkað og engar nýjar tekjur bætast við, þá virðist ekki rétt að veita heimild til að greiða hærri fjárhæð til einstakra manna heldur en verið hefir. Í öðru lagi lítur n. svo á, að það brjóti í bág við hina upphaflegu stefnu sjóðsins, ef veita á svona mikinn styrk hverjum einstökum manni, því að þá mundu færri geta notið þessara hlunninda og því koma ójafnara niður. En hugmyndin var að styðja bændur sem jafnast með litlu framlagi, til þess að þeir gætu fengið sér hin nauðsynlegustu áhöld, sem þeir þörfnuðust vegna nýyrkjunnar. Þess vegna viljum við færa þetta ákvæði í gamla horfið, svo að hámarkið verði það sama og verið hefir, — 300 kr.

Þessar brtt. eru við 1. gr. frv.

Þá viljum við leggja til, að 2. gr. frv. falli niður. Þar er svo ákveðið, að í stað þess, sem jarðræktarlögin nú veita heimild til að styrkja kaup á dráttarvélum með allt að ¼ hluta verðs úr verkfærakaupasjóði, þá er lagt til, að veita megi allt að helmings styrk til kaupa á þeim.

Þetta álítur a. m. k. meiri hl. n., að ekki sé rétt. Fyrst og fremst af því, að það sé mjög varhugavert að hvetja menn um of á krepputímum til þess að kaupa svo dýr tæki sem dráttarvélar eru. Það hefir ver-

ið mikið keypt af dráttarvélum á síðustu árum, og víða hafa þær ekki fullt verkefni að vinna, vegna þess hve minna er unnið að nýrækt nú en var áður. En ef menn gætu fengið styrk, allt að helmingi kaupverðs dráttarvéla og tilheyrandi tækja, þá er mikil hætta á, að þessar vélar yrðu keyptar víðar heldur en þeirra væri full þörf. Þess vegna álítur n. rétt að vera ekki að ýta undir menn að kaupa svo dýr verkfæri, með því að auka framlagið til þeirra svo mjög, sem hér er gert ráð fyrir. Við viljum því, að gamla ákvæðið um ¼ hluta haldist óbreytt frá því, sem var.

Ég hefi svo ekki fleira að segja um þær brtt., sem fyrir liggja frá landbn.

**Bjarni Ásgeirsson:** Þó að ég hafi skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, þá er það rétt, sem hv. frsm. n. gat um, að sá fyrirvari er allumfangsmikill. Hann þýðir það, að ég er svo að segja á móti öllum brtt. n. Ég skal viðurkenna það, að það kann að sýnast nokkuð hjákátlegt að vera að færa út verksvið verkfærakaupasjóðs á sama tíma og tekjur hans stöðvast. En þó að þessar tekjur hafi verið stöðvaðar bæði af síðasta þingi og þessu þingi, þá vona ég, að það verði ekki lengi, og vænti þess, að blómlegra útlit verði á næsta þingi, svo að hægt verði að veita sjóðnum þær tekjur, sem hann á að hafa eftir lögunum.

En þó að gera megi ráð fyrir, að þessi styrkur verði ekki eins umfangsmikill nú, þá get ég ekki séð, að rétt sé að meina þeim félögum, sem eiga fé í sjóðnum, að verja því til þessara hluta, sem hér eru taldir upp samkv. a-lið frv., eins og til jarðræktaráhalda. Nú er ekki minni ástæða til að veita styrk til áhalda, sem notuð eru til garðræktar, heldur en til annarar venjulegrar jarðræktar, því að ég er sannfærður um, að nú um hríð mun nokkuð leggjast niður almenn jarðrækt, og þá sérstaklega túnrækt, borið saman við það, sem verið hefir á undanförnum árum. Hinsvegar er ég jafnsannfærður um það, að hafi nokkurntíma verið þörf á að auka garðrækt, þá er það á þessum tímum, sem nú standa yfir. Og þar sem sum félög hafa yfir að ráða dálitlu fé, sem þau gætu varið til þess að styrkja félaga sína til að kaupa þessar vélar, þá finnst mér ekki ástæða til að standa á móti því, að sá styrkur sé veittur til kaupa á garðyrkjuverkfærum, þó að það hafi ekki hingað til verið hlutverk sjóðsins að veita styrk til þeirra. Sama er að segja um steingálga; ég legg að vísu ekki eins mikla áherzlu á þá, en um áburðardreifara er sama að segja og um hitt.

Vegna óhentugs verðlags á útlendum áburði og miðað við kaupgetu bænda, þá er ekki nokkur vafi á því, að kaup á erlendum áburði minnkar stórlega. En það hefir verið talsverður misbrestur á því, að notuð hafi verið til hlítar þau innlendu áburðarefni, sem til falla á heimilunum, einkum þó foraráburðurinn, sem oft verður að engu vegna vantandi getu hjá bændum til að koma sér upp gryfjum og afla þeirra verkfæra, sem notuð eru til að hagnýta foraráburð. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að gera bændum hægara fyrir um að nota þann áburð, sem til fellur á heimilunum, með því að styrkja þá til kaupa á áburðardreifurum, sérstaklega þeim, sem notaðir eru við innlendan áburð. Það er því illa að farið hjá n. að leggja til, að þessi verkfæri skuli felld í burt. Sama er að segja um þær dælur, sem notaðar eru gegn kartöflusýkinni. Kartöflusýkin hefir gert svo mikinn usla, að jafnvel í beztu kartöflusveitunum horfði til stórvandræða á síðastl. sumri. Þess vegna er mikil nauðsyn að hjálpa mönnum til að eignast verkfæri til að komast fyrir þennan slæma sjúkdóm. Þessi verkfæri eru mikið reynd erlendis og hafa komið þar að miklu liði til að standa á móti þessum sjúkdómi.

Um b-lið brtt. er enginn ágreiningur milli mín og n., enda mun sérstaklega vera átt við spunavélar í frv. Sömuleiðis get ég vel fallizt á þá breyt. að færa hámarksstyrkinn úr 600 kr. niður í 300 kr.

Að síðustu legg ég ekki mikla áherzlu á, að brtt. við 2. gr. verði samþ. Að vísu býst ég við, að sá styrkur, sem þar um ræðir, muni ekki verka svo, að keyptar verði inn í landið fleiri vélar en til eru í landinu. Ég býst ekki við, að stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem ræður nokkru um þær styrkveitingar, hvetji til slíkra kaupa, heldur þvert á móti. Hann mundi aðallega koma þannig fram, að þau bændafélög,

sem á síðustu árum hafa eignazt dráttarvélar, fengju aukinn styrk. Þeirra hag er sannarlega þannig komið, að þeim veitti ekki af að fá þennan styrk.

Ég verð því að leggja áherzlu á frá mínu sjónarmiði, að a-liður 1. brtt. verði felldur. En ég get eins og komið er sætt mig við hinar brtt. Þó tel ég réttara að halda óbreyttu ákvæði frv. um 2. gr., en geri það ekki að eins miklu ágreiningsatriði og a-lið 1. brtt.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Mér var kunnugt um það, að hv. þm. Mýr. var ekki sammála okkur um þessi atriði, sem hann gat um í ræðu sinni. Ég sé samt ekki ástæðu til að teygja umr. mikið um þetta mál, en verð þó að segja örfá orð út af þeim andmælum, sem hv. þm. hreyfði gegn brtt. n.

Hv. þm. lagði mesta áherzlu á, að ekki væri rétt að meina þeim félögum, sem innieign eiga í verkfærakaupasjóði, að nota innieignina til kaupa á garðyrkjuverkfærum. Ég er alls ekki á móti því, að garðræktin sé studd, en ég hefi litið svo á, að verkfærakaupasjóður ætti að styrkja kaup á þeim verkfærum, sem jöfnust not eru að um land allt. En þegar styrkja á úr sjóðnum verkfæri, sem ekki verður komið við nema á fáum, sérstökum stöðum, þá verð ég hikandi. Ég hygg líka, að rök hv. þm. Mýr. um, að þeir, sem inni eiga í sjóðnum, geti ekki notað innieignina til annara kaupa, séu ekki þung á metunum. Við höfum fengið skýrslu um, hvað mikið hvert einstakt búnaðarfélag á inni í verkfærakaupasjóði, og hjá flestum þeirra er um smáupphæðir að ræða. Einstaka félag á þetta 12—14 hundruð kr. inni, en flest miklu minna, og eru það helzt bæja- eða kauptúnafélög. Það getur vitanlega verið þægilegt að geta notað þetta til kaupa á garðyrkjuverkfærum, en ég er ekki í neinum vafa um, að þessi félög geta notað innieignina fyrir önnur verkfæri, þar sem ekki er um meira fé að ræða en þetta. Ég álít ekki rétt að teygja starfssvið verkfærakaupasjóðs svo mjög út, því að ef gengið er inn á þessa braut, verður erfitt að stöðva sig, og þess vegna er réttast að halda sér við upphaflega starfssviðið, að styrkja kaup á landbúnaðarvélum, sem koma að fullum notum alstaðar. Það getur verið rétt um einstaka verkfæri að bregða út af þessari meginreglu, en það verður þó alltaf spurning, hversu langt eigi að ganga. Ég sé a. m. k. ekki ástæðu til þess að taka garðyrkjuvélarnar með og gera þær réttháar til jafns við jarðvinnslutæki. Miklu meiri nauðsyn er að styrkja kaup á heyvinnuvélum, eins og til er ætlazt, því að þær fara í kjölfar jarðyrkjuvélanna. Upphaflega var ætlazt til, að sjóðurinn styrkti aðeins kaup á jarðyrkjuvélum. Eftir því sem nýrækt eykst, vex þörfin fyrir sláttuvélar og rakstrarvélar og er þá réttmætt að styrkja bændur í fyrstu til þess að eignast þessi bráðnauðsynlegu verkfæri. Gæti það létt undir fyrir ýmsum bændum og verið sem nokkurskonar kreppuráðstöfun nú í vandræðunum og stuðlað að ódýrari framleiðslu. Legg ég eindregið til, að sjóðurinn styrki kaup á þessum vélum eftir því sem hin mjög svo takmarkaða geta hans leyfir og skilyrði eru fyrir hendi að hagnýta sér þessar vélar. Út af ummælum hv. þm. um 2. gr. frv., þar sem heimilað er að styrkja dráttarvélakaup allt að helmingi, þá er það rétt hjá honum, að full ástæða væri til að létta undir með þeim, sem keypt hafa dýrar dráttarvélar hin síðustu árin. En þetta er samt hættuleg braut, sem þarna er farið inn á. Það skapar ekki gott fordæmi að styrkja slík kaup svo mikið, því að það gæti gert það að verkum, að menn glæptust á að kaupa dráttarvélar án þess að full þörf væri fyrir þær. Hitt væri þá réttara, að létta að einhverju leyti undir með þeim búnaðarfélögum, sem keypt hafa dráttarvélar síðan kreppan skall á. En það er enginn vafi á því, að þetta yrði notað, ekki aðeins nú, heldur og í framtíðinni, til þess að kaupa nýjar dráttarvélar, og það er hægt að ganga of langt í því að kaupa dýrar vélar fyrir landbúnaðinn. Þess vegna legg ég til, að 2. gr. frv. verði felld.

**Bjarni Ásgeirsson:** Hv. frsm. taldi réttast að binda styrk úr sjóðnum við kaup á vélum, sem notaðar eru til jarðræktar um land allt. Ég er sammála honum um það, en hann kemst sjálfur út fyrir þennan ramma, þegar hann leggur til að

styrkja kaup á heyvinnuvélum. Með því væri farið út fyrir það takmark, sem sjóðnum var upphaflega sett, sem sé kaup á jarðyrkjuvélum. Hitt væri miklu réttara og skyldara upphaflega takmarkinu, að styrkja kaup á garðyrkjuvélum, heldur en að fara að teygja sig inn á tóvinnu og heyskap, því að það væri miklu vafasamari ráðstöfun á sjóðnum eftir hans upphaflega tilgangi, enda býst ég við, að það sé hugsað sem kreppuráðstöfun. Hin almennu not, sem verða að garðrækt, eru sízt minni en af tóvinnu og heyvinnu, og ýms félög í kauptúnum og bæjum, sem ekki hafa gagn af hestaverkfærum, eins og reyndar hv. þm. benti réttilega á, ættu að fá styrk til garðyrkjuverkfæra. Hér í grennd og víðar í kaupstöðum er garðræktin öruggust, og yrðu mikil not að því, ef hlutaðeigandi félög fengju að verja innieign sinni til kaupa á nauðsynlegum garðyrkjuverkfærum. Auðvitað má segja nokkuð sama um heyvinnuvélarnar.

Ég er sammála hv. frsm., að ekki sé ástæða til að ýta undir kaup á dýrum dráttarvélum með því að styrkja þau mikið, enda get ég upplýst, að þegar ein til tvær umsóknir bárust til verkfærakaupasjóðs um kaup á nýjum dráttarvélum, þá neitaði stjórn Búnaðarfélagsins, en benti hinsvegar á vélar, sem eigendurnir, innlent félag, gjarnan vildu losna við. Ég býst því við, að það yrðu mest eigendaskipti á dráttarvélum, en þær yrðu ekki fluttar inn í landið, þó að styrkurinn til þeirra yrði hækkaður eins og ætlazt er til í 2. gr. Þá held ég, að ég þurfi ekki að svara meiru.

ATKVGR.

Brtt. 672,1.a samþ. með 11:6 atkv.
— 672,1.b samþ. með 15:6 atkv.
— 672,1.c samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 672,2 (2. gr. falli burt) samþ. með 12:3 atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 716, 717).

**Bjarni Ásgeirsson:** Við síðustu umr. málsins var samþ. brtt. frá landbn. um að fella niður úr frv. verkfæri til garðræktar, steingálga áburðardreifara, forardælur og dælur til þess að nota við útrýmingu á kartöflusýki. Nú hefi ég tekið upp nokkra af þessum liðum aftur og ber fram brtt. um, að styrk megi veita til kaupa á garðræktarverkfærum, forardælum og dælum til þess að útrýma kartöflusýki. Þetta er miðlunartill., sem ég kem fram með og vænti, að hv. d. sjái þá sanngirni, sem mælir með því, að garðræktarverkfæri njóti sömu réttinda og túnræktarverkfæri, og sömuleiðis að styrkja menn á þessum tímum til að færa sér sem mest í nyt hinn innlenda áburð, með því að hjálpa þeim til að eignast þær dælur, sem notaðar eru til þess að dreifa áburðinum. — Ég býst einnig við, að hv. dm. sjái nauðsynina á því að reyna að útrýma eftir því sem unnt er þeirri kartöflusýki, sem hefir hálfeyðilagt uppskeru undanfarinna ára í sumum sveitum, og styrki menn til kaupa á verkfærum til þess að útrýma kartöflusýkinni. — Ég skal svo ekki segja meira um þessa tillögu.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Við ræddum dálítið um þetta atriði við 2. umr., hv. þm. Mýr. og ég, og sé ég ekki ástæðu til að fara að endurtaka það, sem þá var ágreiningur um. Ég er sama sinnis og þá og sé ekki ástæðu til að færa út mjög mikið heimildina til að styrkja menn til verkfærakaupa. Ég hygg, að seint verði stanzað á þeirri braut, ef á að halda áfram að gera það. Mér dettur ekki í hug að neita því, að þessi verkfæri geta verið nauðsynleg, en flest af þeim eru ekki svipað því eins almenn áhöld eins og þau, sem nú þegar er ákveðið að styrkja úr sjóðnum, svo sem almenn jarðvinnsluverkfæri og heyvinnuvélar. Hv. þm. Mýr. minntist enn á forardælur. Það er rétt, að það getur verið nauðsynlegt að styrkja menn til kaupa á slíkum verkfærum, en það verður nokkuð margt, sem ætti að styrkja, ef gengið er inn á þá braut. Það virðist hálfhjákátlegt að vera að hrúga öllum þessum ósköpum inn í l., þegar verkfærakaupasjóður hefir engar tekjur eins og nú er, og innieign flestra

búnaðarfélaga mjög lítil. Samkv. skýrslu um innieign búnaðarfélaga í verkfærakaupasjóði er innieign þeirra félaga, sem mest eiga, þetta 10, 12 og 14 hundr. kr., svo að það virðist lítil ástæða til að færa út verksvið sjóðsins frá því, sem þegar er búið að gera. Nú mun það yfirleitt vera svo um garðræktina, að hún ber sig betur en almenn grasrækt, og ég lít svo á, að það sé síður þörf á að styrkja menn til kaupa á garðræktarverkfærum, af því að svo er yfirleitt ástatt, þó að ég hinsvegar játi, að nauðsynlegt sé, að garðræktin eflist meira. — Ég ætla svo ekki að ræða þetta frekar, því hv. d. sker úr. Þetta er nokkurnveginn það sama og hv. d. felldi við 2. umr. þessa máls, aðeins einum lið sleppt, steingálgunum. (BÁ: Og áburðardreifurunum).

**Bjarni Ásgeirsson:** Eins og ég skýrði frá við síðustu umr., er þannig ástatt um sum félög, að þau hafa ekki aðstöðu til að nota sér innieign sína í verkfærakaupasjóði, og hafa ekki aðstöðu til þess að fá þau verkfæri, sem sérstaklega er ætlazt til, að styrkt séu. Hjá mörgum þessara félaga er þannig ástatt, að þau hafa sérstaklega góða aðstöðu til garðræktar og hafa þess vegna þörf fyrir að fá styrk út á garðræktarverkfæri, sérstaklega þau félög, sem starfa í bæjum eða kringum bæi eða þorp. Færi þess vegna vel á því, að þau fengju styrk út á þau verkfæri, sem þeim hentaði bezt, garðræktarverkfæri. Ég skal ekki deila um það, hvor verkfærin komi að betri notum, garðræktarverkfæri eða túnræktarverkfæri; ég held, að hvortveggja séu okkur jafnnauðsynleg.

ATKVGR.
Brtt. 717 felld með 14:5 atkv.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 77. fundi í Ed., 20. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 716).

Á 78. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 23. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

**Einar Árnason:** Þetta frv. hefir sætt allmiklum breyt. í Nd. frá því það fór úr þessari hv. d. Það hefir verið dregið ákaflega úr þeim verkfærum, sem gert var ráð fyrir hér að veita bændum styrk til að kaupa, og yfir höfuð hefir frv. verið fært allmjög saman.

Þegar frv. fór héðan, var ákveðið í því að veita styrk til kaupa á ýmiskonar garðræktarverkfærum, steingálgum, áburðardreifurum, forardælum og dælum, sem notaðar eru til varnar gegn kartöflusýki, og tóvinnuvélum, svo sem spunavélum og prjónavélum, og ennfremur var ætlazt til, að veittur yrði styrkur til dráttarvélakaupa. Þetta allt hefir Nd. fellt niður, að undanteknum spunavélunum. Auk þess hefir hámarksstyrkur til hvers einstaks bónda verið felldur úr 600 kr. í 300 kr. Ég hafði ekki tekið eftir því fyrr en á fundinn kom, að þetta mál var á dagskrá í dag, en ég get tæplega unað við það, að frv. verði þannig limlest, sem raun er á orðin, síðan gengið var frá því hér í hv. d., og ætla því að bera fram brtt. við það, sem því miður getur ekki orðið nema skrifleg, af því tími vinnst ekki til prentunar. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á, að þetta frv. var hér á dagskrá í gær). Það er sama, ég tók ekki eftir því í dag fyrr en á fundinn kom. Ég fer ekki fram á að færa það í sama búning og það var í, þegar það fór héðan, heldur vildi ég laga eitt eða tvö atriði, í von um, að samkomulag náist við hv. Nd. um þær breyt. Ég vil breyta b-lið 1. gr. þannig, að í staðinn fyrir spunavélar komi tóvinnuvélar, eins og það var afgr. héðan. Með því á ég við, að prjónavélar komi eins til greina. Það er ekki ástæða til að gera hér verulegan mun á þessum tveimur vélum. Verðið er líkt á spunavélum og fullkomnum prjónavélum; auk þess er það svo, að í flestum hreppum nægir að hafa tvær spunavélar, þar sem prjónavélar þurfa helzt að vera á hverju heimili, ef ætlazt er til, að nokkuð verulega verði unnið að tóskap.

Í öðru lagi legg ég til, að styrkframlag til hvers einstaks bónda verði hækkað þannig, að það geti orðið allt að 500 kr., í staðinn fyrir 300 kr. eins og það er nú. Ég sé mér ekki fært að fara upp í

sömu tölu og hér var ákveðin áður en frv. fór til Nd., til þess að útiloka ekki samkomulag við þá hv. d. Ég vil benda á það, að þar sem lög ákveða, að hver bóndi megi ekki fá úr verkfærakaupasjóði nema allt að 300 kr., þá er það líklegt, að sá bóndi, sem nú er búinn að fá sér nauðsynlegustu hestaverkfæri, sé búinn að verja til þeirra kaupa allt að 600 kr., og þar með sé hann búinn að fá það, sem hann getur fengið í styrk úr sjóðnum. Þess vegna er það þýðingarlaust fyrir þá bændur, sem svo er ástatt með, þó bætt sé í lögin verkfærum, svo sem heyvinnuvélum o. fl., ef hámark styrksins útilokar, að það komi þeim að gagni. Hv. Nd. hefir viljað láta sitja við það ákvæði um hámark, sem nú gildir í jarðræktarlögunum, en með því eru, eins og ég sagði áðan, margir bændur útilokaðir frá því að hafa nokkur not af því, þó heyvinnuvélar og aðrar vélar séu gerðar styrkhæfar. Ég er ekki kunnugur því, hvaða afstöðu hv. landbn. þessarar deildar ætlar að taka til frv. nú. Má vera, að hún ætli að láta við svo búið sitja, en ég ætla að afhenda hæstv. forseta þá skrifl. brtt., sem ég hefi nú gert grein fyrir.

**Forseti (GÓ):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Eyf. á þessa leið: [Sjá þskj. 780].

Till. er skrifleg og þar að auki of seint fram komin, og þarf því afbrigða frá þingsköpum til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Eins og hv. 2. þm. Eyf. hefir sýnt fram á, hefir frv. þessu verið allmikið breytt í hv. Nd., og er það að áliti landbn. heldur til hins verra. Það hafa verið niður felldar margar tegundir verkfæra, sem þessi hv. d. vildi veita styrk til, og jafnframt hefir verið lækkuð sú upphæð, sem veita má hverjum einstökum bónda, en þar sem nú er orðið áliðið þings, sér n. sér ekki fært að koma fram með brtt. við frv., af ótta við það, að málið dagi uppi, því þrátt fyrir það, þó margt gott hafi verið fellt niður úr frv., felur það enn í sér ákvæði, sem eru til bóta, sem er styrkur til heyvinnuvéla og spunavéla. En þrátt fyrir það, þó n. hafi ekki séð sér fært að flytja brtt. við frv., þá hafa einstakir nm. alveg óbundin atkv. um þær brtt., sem fram eru komnar, og ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég mun greiða þeim atkv., úr því þær eru fram komnar.

ATKVGR.

Brtt. 780,a samþ. með 7 shlj. atkv.

— 780,b samþ. með 7:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 82. fundi í Nd., 24. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 781).

Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 781, 795).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 795. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Frv. þetta hefir tekið þeirri breyt. í Ed., að hámark þeirrar fjárhæðar, sem hverjum einstökum bónda má veita úr verkfærakaupasjóði, var hækkuð úr 300 kr. upp í 500 kr. Við hv. þm. Borgf. höfum leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 795, sem fer í þá átt að færa þetta í það horf, sem það var samþ. við 3. umr. í Nd., eða að hámarkið skuli vera 300 kr., sem hver maður geti fengið úr verkfærakaupasjóði.

Það þarf ekki að færa nein rök fyrir þessu nú, því að ég hefi gert það við 3. umr. í þessari hv. d. En þau rök eru í skemmstu máli þau, að þegar svo lítið fé er í sjóðnum, og nú er, þá er eðlilegt, að upphæðin, sem hver getur fengið úr sjóðnum, sé ekki hærri, svo að fleiri geti orðið aðnjótandi þeirrar hjálpar, sem sjóðurinn á að veita bændum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta að svo komnu.

ATKVGR.

Brtt. 795 samþ. með 12:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 82. fundi í Ed., 27. maí, og á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 804).

Á 7. fundi í Sþ., 29. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 853).

## 70. Barnavernd.

Á 32. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd** (þmfrv., A. 203).

Á 34. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Vilmundur Jónsson):** Mér hafa utan af landi, og m. a. úr kjördæmi mínu, borizt óskir um, að athugað verði, hver kostur sé á því að takmarka tóbaks- og sælgætissölu til barna, og er frv. þetta samið af því tilefni. Barnaverndarráðið hefir athugað frv. og fallizt á það, auk þess, sem það hefir bætt inn í það nokkrum atriðum, sem ekki voru í því upphaflega. Sérstaklega vil ég þar nefna til 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að barnaverndarnefndum megi ætla nokkurt fé, er þeim sé heimilt að verja til fátækra barna, þar sem foreldrar geta ekki bætt úr brýnustu þörfum þeirra, og sé slíkt ekki talinn fátækrastyrkur. Barnaverndarráðið hefir sagt mér, að það hafi nýlega komizt að því, að börn hér í Rvík hafi liðið neyð af kulda, af því að foreldrarnir hafi ekki getað keypt kol, vegna féleysis, en hafi hinsvegar ekki viljað leita sveitarstyrks. Barnaverndarnefndir hafa ekkert fé til umráða, svo nauðsynlegt sem það er, þegar þannig stendur á. Vona ég, að frv. þessu verði vel tekið og óska, að því verði vísað til 2. umr. og allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 59. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 203, n. 451).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Bergur Jónsson:** Úr því hv. frsm. er ekki viðstaddur, vil ég f. h. n. leggja til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. hefir gert á þskj. 451.

ATKVGR.

Brtt. 451 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr. svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 481).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 481).

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

**Guðrún Lárusdóttir:** Eins og menn muna, voru l. um barnavernd afgr. frá seinasta þingi, og ég vil nota þetta tækifæri til þess að láta það álit mitt í ljós, að þessi löggjöf hefir komið í góðar þarfir, því að sú barnaverndarnefnd, sem hefir verið kosin hér í Rvík, hefir innt af hendi gott og þarft starf og í mörgum tilfellum verið sérstaklega gott að leita til hennar með ýmis viðkvæm vandamál, sem risið hafa út af meðferð og aðbúð barna. Nú er komið fram frv. um breyt. á þessum l., sem þó er einungis heimild til handa barnaverndarnefnd til frekari aðgerða en hin eiginlegu l. tala um. Menn

lesa auðvitað hvað þetta er. Ég vil geta þess, að þessi till. er borin fram eftir eindreginni ósk barnaverndarráðs og vegna þess, að því hafa borizt bréf hér og hvar af landinu, og sá barnaverndarráðið þann kost vænstan að taka þau til greina og hlutast til um, að svofelldar breyt. yrðu gerðar á l. Ég vil tiltaka 2. gr., þar sem talað er um heimild fyrir sveitar- og bæjarstjórnir til að veita styrk án þess að talinn verði fátækrastyrkur. Þetta atriði brtt. er byggt á bréflegum óskum utan af landi, þar sem svo hefir verið ástatt, að fátæk barnaheimili hafa t. d. ekki getað veitt þann hita í hús sín, sem börnin þurfa með, en heimilin hinsvegar ekki viljað þiggja fátækrastyrk til þess að geta aflað börnum sínum þessarar þarfar, og viðkomandi hreppsn. hafa ekki séð sér fært að veita öðruvísi hjálp en í fátækrastyrksformi, þrátt fyrir það, að knýjandi þörf er fyrir hendi vegna barnanna á heimilunum. Út af þessu hefir barnaverndaráðinu verið skrifað og hefir verið lögð fyrir það sú spurning, hvort ekki mætti smeygja inn í l. einhverju því ákvæði, sem heimilaði sveitarstj. að veita slíkan styrk án þess að talið sé sveitarstyrkur.

Ég skal ekki orðlengja um þetta að sinni. Álít aðeins, að þetta sé allt saman til bóta, sem farið er fram á, og vonast til, að d. taki þetta til vinsamlegrar athugunar og greiðrar afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 481, n. 557).

**Frsm. (Jónas Jónsson):** Það hefir komið fram frv. um breyt. á barnaverndarl., sem miðar í þá átt að gera þau harðari. Allshn. hefir fallizt á að mæla með því, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem um getur á þskj. 557, þar sem hún taldi ekki rétt að ganga eins langt og frv., sem gerir ráð fyrir, að banna megi opinbera blaðasölu barna.

**Jakob Möller:** Ég vil beina því til hv. allshn., að hún taki til athugunar umkvartanir, sem fram hafa komið frá kvikmyndahúsunum um framkvæmd á eftirliti með kvikmyndum til úrskurðar um, hvort sýna megi börnum þær. Þetta eftirlit er framkvæmt svo, að 2 menn dæma um myndina í hvert sinn, og skipta nm. því milli sín. Afleiðing þessarar skoðunar er sú, að flestar myndir eru bannaðar hér, þótt svo sé hvergi gert annarsstaðar. Er eðlilegt að svo fari, þar sem ekki dæma sömu menn ávallt, heldur sínir í hvert skipti. Vantar því alla festu í framkvæmd þessarar skoðunar. Vel má vera, að n. hafi borizt þessar umkvartanir og að hún hafi tekið þetta atriði til athugunar, þótt ekki komi það fram. En sé svo ekki, vil ég óska þess, að hún geri það milli 2. og 3. umr.

**Guðrún Lárusdóttir:** Mér er ekki vel kunnugt, hvernig kvikmyndaskoðun er háttað, en veit þó, að nm. skipta því milli sín, 2 í hvert skipti. Ég held þó, að þær myndir, sem ekki eru leyfðar, séu ekki þess verðar, að börn sjái þær. Ég veit, að bióeigendur hafa kvartað. En ég veit líka, að barnaverndarn. hefir ekki viljað banna sýningu mynda nema full ástæða væri til. Það eru hinar svokölluðu cowboymyndir, er oft sýna megnasta hrottaskap, sem hafa verið bannaðar. Að vísu er ekki víst, að þær séu verri en sumar myndir aðrar, sem hafa verið sýndar, en þó hafa aðrar myndir ekki verið bannaðar. Ég hefi það líka fyrir satt, að slíkar myndir séu að falla úr gildi erlendis, enda ekki fagurt að sýna allan þann gauragang, ólæti og jafnvel oft misþyrmingar á dýrum, sem sést á þessum myndum. Þessar myndir eru víst ódýrar og því hefir þótt freistandi að flytja þær hingað. Ég tel þó uppástungu hv. 1. þm. Reykv. góða. Hún myndi leiða til meira samræmis um framkvæmd þessarar skoðunar.

Viðvíkjandi brtt. allshn. vil ég skýra frá því, að maður, sem stendur framarlega í barnaverndarspursmálinu, hefir tjáð mér, að heimildin um að banna börnum opinbera blaðasölu muni ekki verða notað, nema í allra nauðsynlegustu tilfellum. Annars er ég hrædd um, að samþ. brtt. muni tefja framgang þessa máls, og kýs því helzt, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. Nd.

ATKVGR.
Brtt. 557 samþ. með 8:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 592).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 69. fundi í Nd., s. d. var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 592).
Á 71. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 592, 643).
Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 643. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:** Eins og hv. dm. sjá, er þessi brtt. mín ekki um efni þess frv., sem hér liggur fyrir, heldur flutt í sambandi við það, af því að hún er um breyt. á frv. til l. um breyt. á l. um barnavernd, nr. 43 23. júní í fyrra, á þeim tölulið, sem ræðir um kvikmyndahús og eftirlit með þeim. Í frv. er farið fram á þá breyt. á l., að barnaverndarnefnd hafi aðgang að kvikmyndahúsum og geti fengið að skoða myndirnar og ákveða, hvað af þeim má sýna börnum. Nú höfðu kvikmyndahúsin skilið lögin svo, að hér væri aðeins átt við sérstakar barnasýningar, en það hefir á hinn bóginn verið úrskurðað, að hér væri um allar myndir að ræða, og það er náttúrlega alveg sjálfsagt og rétt, því vitanlega geta börn eins haft illt af því að skoða almennar myndir.

Nú er það um eftirlit með myndum að segja, að allar þær myndir, sem hér eru sýndar, hafa þegar gengið í gegnum myndskoðun í Danmörku, sem talin er að vera talsvert ströng, og verið leyfðar af dönskum kvikmyndahúsum. Auk þess hafa lögreglustjórar litið svo á, að þeir gætu bannað þær myndir, sem þeim sýndist. Sömuleiðis er það alkunnugt, að bióstjórarnir eru vandlátir á myndir, og senda út aftur fjölda mynda án þess að sýna þær, af ótta við, að þær veki hneyksli og komi óorði á kvikmyndahúsin.

Ég ætla ekki að hafa á móti því að setja sérstaka skoðun á myndir vegna þeirra áhrifa, sem þær kunna að hafa á börn. En þessi brtt. er borin fram af því, að þetta eftirlit n. hefir hér í Rvík reynzt gróflega erfitt fyrir kvikmyndahúsin. Ég hygg, að myndskoðunin hafi verið framkvæmd þannig, að úr n. hafi farið 2 og 2 menn saman og litið á myndirnar. Og viðkvæmnin hjá þessu fólki er svo mikil, að alveg hefir orðið að hætta að hafa barnasýningar. T. d. um það, hve viðkvæmnin er mikil, má benda á það, að myndina „Frænka Charlie's var bannað að sýna börnum. Cowboy-myndir líka, vegna þess, að þar er skotið úr skammbyssu. Litli og Stóri, sem ekki er ákaflega siðspillandi mynd eða stórbrotin, talin svo vafasöm, að líklega hefir það aðeins verið einn í n., sem óhætt þótti að leyfa að sýna hana vegna sálarlífs barnanna. Þetta hefir reynzt þannig, að mér er sagt, að orðið hafi að hætta við að hafa þessar sýningar. En aftur hafa verið teknar upp alþýðusýningar, því meira er upp úr þeim að hafa. En bióstjórarnir hafa haft gaman af að gleðja börnin og viljað gera það þrátt fyrir tap af sýningunum. En nú hafa þeir orðið að fella sýningarnar niður fyrir þetta ákaflega nákvæma eftirlit með, að sálarlífi barnanna yrði ekki spillt með bíómyndum. Ég segi ekki, að ég lasti þetta, heldur er þetta að mínu viti einskonar of mikil viðkvæmni, að halda, að börn, sem sjá og heyra daglega fyrir sér allt það ljóta, sem gerist á götum bæjarins, verði fyrir svo miklum áhrifum af því, þó að þau sjái á mynd skotið úr skammbyssu. Ég veit það, að á bíómyndum getur verið það efni, sem börnum er mjög óhollt að sjá og því ástæða til að banna þeim það, t. d. þar sem drýgðir eru ýmiskonar glæpir eða strákapör af mikilli snilld, sem gerir börnin ákaflega hrifin, og þau gætu farið að bralla við að líkja eftir, og eins þegar verið er að sýna ákaflega hræðilega

viðburði. En þótt einhver sjáist hleypa úr skammbyssu, þá er það allt of mikil viðkvæmni, að banna að sýna börnum myndina vegna þess.

Nú vilja bíóin þrátt fyrir þetta ekki mælast undan því, að eftirlit sé haft í þessu efni. En þau fara fram á, að til þessa verði skipaður sérstakur, valinn maður. Og þau fara fram á, að þótt þau ráði engu um val mannsins, þá verði til þess valinn einhver sá maður, sem ekki hefir neina sérstöðu eða sérkreddur, hvort sem heldur er í uppeldismálum eða trúmálum, heldur mundi dæma sem líkast því, sem almenningur í landinu mundi dæma. Bíóin hafa boðizt til að borga 5 kr. fyrir hverja mynd, sem skoðuð yrði á þennan hátt, og sjálfsagt er það algerlega nóg, því að ekki er það svo mikið verk.

Ég er bíóstjórunum sammála um það, að heppilegra sé að fela þetta starf einhverjum ákveðnum manni. Það getur vitanlega tekizt óheppilega til um val á honum. En miklu meiri líkur eru til þess, að einn maður, sem hefði þetta eftirlit með höndum, gæti aflað sér nauðsynlegrar þekkingar á þessum hlutum. Um það hefir verið mikið skrifað, hvað varast beri í kvikmyndum. Ég álít, að einn maður, sem skipaður væri til þessa eftirlits, gæti framkvæmt það með miklu meiri árangri og án þess að gera eins mikinn usla bíóunum eins og ef það yrði framvegis um myndskoðunina sem verið hefir.

Það er út af þessu, sem ég hefi leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 643, sem er um það, að kennslumálaráðherra skipi eftirlitsmann á hverjum þeim stað, þar sem bíó starfar, til þess að dæma um það, hverjar myndir skuli banna börnum að sjá, og að kvikmyndahúsin skuli greiða þessum eftirlitsmönnum.

**Vilmundur Jónsson:** Ég vil ekki að svo stöddu mæla á móti þessari till., en mér þykir þó réttara, að barnaverndarráðinu sé gefinn kostur á að athuga hana áður en hún kemur til atkvæða. Málið þarf ekki að tefjast mjög mikið fyrir það. Þess vegna vil ég leyfa mér að fara fram á, að málið verði tekið út af dagskrá að þessu sinni, um leið og ég beini því til hv. allshn., að hún athugi þetta atriði og leiti umsagnar barnaverndarráðsins um það áður en hún tekur fullnaðarákvörðun.

**Magnús Jónsson:** Ég tók svo eftir, að hv. þm. Ísaf. óskaði eftir að fá frest til þess að bera þetta undir barnaverndarráðið, en það hefir þegar verið gert. Ég gleymdi aðeins að geta þess, að það hefir verið snúið sér til barnaverndarráðs með þetta, og það hefir svarað með bréfi, dags. 29. apríl þ. á. Það er dálítið að ræða um þetta fram og til baka í bréfinu, t. d. um það ósamræmi, að banna mönnum að sjá það á kvikmynd, sem engar hömlur er settar fyrir, að sjá megi á leikhúsi. Enda eru leiksýningar teknar undir eftirlitið með frv. En barnaverndarráðið fellst á, að það muni vera heppilegra, a. m. k. mótmælir því ekki, og segir, að ýms rök geti stutt það, að hafa einn aðalmann og einn varamann hér í Reykjavík til að hafa eftirlit með öllum kvikmyndahúsum úti um land, sem börnum er ætlað að hafa aðgang að. En þeir segjast hafa verið að spyrjast fyrir um starf kvikmyndahúsa úti um land og muni hefjast handa í þessu efni, ef ástæða þykir til. Það klykkir út með því að segja, að því þyki óheppilegt, ef barnasýningar þurfi að falla niður. En það vill sameina það, að barnasýningar verði hvorttveggja í senn, börnunum til gleði og þroska.

Reynslan hefir verið sú hér í Reykjavík, að kvikmyndahúsin hafa ekki getað haldið uppi barnasýningum. Hið eina, sem leyft er að sýna börnunum, eru náttúrufræðimyndir og þ. h., sem börnunum þykir ekki gaman að og þau sækja lítið, af því að þær eru meira ætlaðar til fróðleiks sem skólamyndir heldur en beinlínis til skemmtunar.

Ég hefi ekki á móti því, ef n. vill það heldur, að barnaverndarráðið sé spurt enn einu sinni um þetta mál.

**Vilmundur Jónsson:** Ég skal geta þess, að ég hringdi rétt í þessu til eins manns í barnaverndarráðinu, séra Ásmundar Guðmundssonar dócents, sem kannaðist ekkert við þessa tillögu og óskaði mjög eftir því, að barnaverndarráðið fengi hana til athugunar. Mér skildist líka

á bréfinu, sem hv. þm. las upp, að ráðið ætti að afla sér frekari upplýsinga en þeirra, sem nú liggja fyrir.

Mér virðist, fljótt á litið, sem það gæti orkað tvímælis, hvort rétt sé að samþ. þessa till. eins og hún er nú. Ég ætla, að barnaverndarnefndir utan Reykjavíkur geti haft eftirlit með kvikmyndasýningum, þó að það kunni að vera ofverk barnaverndarnefndarinnar í Reykjavík, og ef slíkur eftirlitsmaður yrði skipaður í Reykjavík, tel ég, að hann eigi að skipa eftir tillögum barnaverndarnefndarinnar þar eða barnaverndarráðs. Vil ég því ítreka ósk mína um það, að málið verði tekið út af dagskrá, til þess að hægt sé að leita umsagnar barnaverndarráðs um þetta atriði.

**Magnús Jónsson:** Það mun að vísu vera svo úti um land, að fáar myndir eru sýndar nema þær, sem fengnar hafa verið þangað gegnum Reykjavík, og væri því hugsanlegt að setja ákvæði um það, að þegar myndir eru skoðaðar hér, þá mætti sýna þær annarsstaðar á landinu án frekara eftirlits. Á hinn bóginn er ekki hægt að segja um það með vissu, nema kvikmyndahús úti um land kunni að fá myndir beint frá útlöndum, og þá get ég ekki viðurkennt, að barnaverndarnefndir séu hæfari til að dæma um þær myndir heldur en þær, sem hér eru sýndar.

Að setja barnaverndarráð að neinu leyti yfir eftirlitsmanninn með myndunum tel ég algerlega óþarft. Barnaverndarráðið er skipað börnunum til verndar og maðurinn sömuleiðis.

Ég held ekki, að sálarlíf barna mótist eins auðveldlega og nýtt smjör af því, sem fyrir kemur, heldur held ég, að eðli og upplag sé ríkara og ráði meiru, eins og dæmin sýna. Um þetta eru náttúrlega mismunandi skoðanir, og það hvetur mig til að sýna lipurð í þessu efni. En mér finnst það of mikil viðkvæmni að banna að sýna mynd vegna þess, að hægt væri að hugsa sér, að einhverjum manni kynni að bregða eitthvað við að sjá skotið úr skammbyssu.

Ég get gefið það eftir, að málið verði tekið út af dagskrá, svo framarlega að það komi svo fljótt aftur frá n., að víst sé, að það geti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

Umr. frestað.

Á 82. fundi í Nd., 24. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

**Magnús Jónsson:** Ég var því miður ekki við fyrri hluta umr. og veit því ekki, hvað gerzt hefir í málinu, en mér er sagt, að farið hafi verið fram á í nefndinni, að ég tæki till. mína aftur. Ég vildi samt heyra rök hv. n., áður en ég tæki hana aftur. Mér hefir verið tjáð, að barnaverndarráðið hafi sent bréf til kvikmyndahúsanna úti um land, til þess að fá vitneskju um það, hvað margar myndir þau fengju frá útlöndum og hversu mikið af þeim gangi í gegnum Reykjavík. Ástæðan til þess, að ég vil hafa eftirlitsmenn fleiri en einn, er sú, að ég tel það mikinn létti fyrir þau kvikmyndahús úti á landi, sem vildu fá myndir sínar beint frá útlöndum. Ég vildi gjarnan, að málinu yrði frestað til morguns, svo að ég gæti borið mig saman við hv. n.

En svo að öllu gamni sé sleppt, þá ætti að vera hægt að fá samkomulag um þetta við hv n., hvort sem mú þessi eftirlitsmaður verður einn eða fleiri. — Annars er frv. þetta lítils virði, nema þá helzt ákvæðið um að banna, að börnum sé sýnt það, sem telja má þeim skaðlegt. Er því varla hægt að segja, að það geri til eða frá, þótt það dagi uppi á þessu þingi. Mér virðist flest ákvæði þess vera til þess fædd að verða dauður bókstafur.

**Steingrímur Steinþórsson:** Hv. frsm. allshn. er ekki viðstaddur, svo ég verð að taka að mér að svara fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. N. lagði til, að brtt. væri felld, ekki vegna þess, að hún kynni ekki að vera réttmæt að efni til, heldur af því, að við töldum, að þetta þyrfti að athugast betur. Ef þessi myndskoðun færi fram á mörgum stöðum á landinu, þá vorum við hræddir um, að ósamræmi gæti orðið í þeim dómum, sem felldir yrðu um myndirnar, þannig að ein mynd, sem óhæf væri dæmd á einum stað, gæti orðið dæmd hæf á öðrum. Eins og hv. þm. benti á, gæti einnig komið til greina,

að allar myndir, sem sýndar eru hér á landi yrðu skoðaðar af einum manni hér í Reykjavík. En n. er óljóst, hverjum óþægindum slíkt gæti valdið fyrir kvikmyndahús í öðrum landshlutum. Vill hún því ekki leggja til, að slíkt verði lögboðið, að málinu óathuguðu. Barnaverndarráð kom á fund allshn. og mælti á móti brtt., en lagði hinsvegar áherzlu á, að frv. eins og það er nú nái fram að ganga. Ég veit það, að þó málið sé tekið út af dagskrá nú, þá næst ekki samkomulag við n. um þetta. Hinsvegar sé ég þó ekkert á móti því, að málinu sé frestað að sinni, úr því hv. 3. þm. Reykv. leggur svo mikla áherzlu á það.

**Magnús Jónsson:** Ég vona, að samkomulag geti orðið um það að fresta málinu. Út af orðum hv. 1. þm. Skagf. vil ég taka fram, að ég hugsa mér, að þó sérstakur dómari verði í hverjum kaupstað, þar sem kvikmyndir eru sýndar, að þá verði þær myndir, sem álitnar eru óhollar sálarlífi barna og þess vegna dæmdar frá sýningu, stimplaðar með sérstökum stimpli, sem gildir fyrir allt landið. En ég hygg, að þetta megi allt eins leysa með einum eftirlitsmanni. Af því kynnu að stafa einhver sáralítil óþægindi fyrir kvikmyndahús úti um land. En hér er áreiðanlega margt það samþ., sem veldur meiri óþægindum. Kvikmyndahúsin yrðu aðeins að láta pantanir sínar ganga hér í gegnum Reykjavík. Og það væri áreiðanlega hægt að koma því svo fyrir, að kvikmyndahúsin hér leyfðu prófsýningar á þeim fyrir lítið eða ekkert verð.

**Bergur Jónsson:** Ég vil leggja á móti því, að málið sé tekið af dagskrá. Nú er alveg nýbúið að neita, að mál sé tekið út eða frestað umr. um, þar sem þó var brtt., sem leita þurfti afbrigða fyrir. Nú er sú brtt., sem óskað er eftir að tekin verði til nánari athugunar, fram komin fyrir viku, eða meira en viku. Ég álít a. m. k. réttara að bera það undir hv. deild, hvort málið skal tekið út. — Annars hafði mér skilizt, að hv. 3. þm. Reykv. ætlaði að taka aftur brtt. sína. Okkur er illa við að fella hana, en teljum það atriði ekki nóg rannsakað, hvort einn maður eða fleiri eigi að framkvæma þetta eftirlit.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á sama fundi.

**Vilmundur Jónsson:** Ég á að vísu ekki að hafa hér framsögu, en ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að nefndin geri það að till. sinni, að brtt. sé felld.

**Bergur Jónsson:** Nefndin hefir farið fram á, að flm. tæki aftur till. Barnaverndarefnd hefir haft eftirlit með kvikmyndum, en hér er gert ráð fyrir sérstökum eftirlitsmanni. Okkur finnst rétt að reyna sama skipulag áfram, og má þá síðar gera þessa breytingu, ef þörf þykir.

**Forseti (JörB):** Flm. brtt. er ekki viðstaddur, og þykir því rétt að fresta afgreiðslu málsins.

Umr. frestað.

Á 84. fundi í Nd., 27. maí, var enn fram haldið einni umr. um frv. (A. 592, 643, 819).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 819. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:** Ég leyfði mér hér við fyrri part umr. þessarar að bera fram brtt., sem ég skal ekki tefja hv. d. á að gera grein fyrir. Í stuttu máli er brtt. um það, að í stað barnaverndarnefndar skuli hafa eftirlit með myndum einn þar til skipaður eftirlitsmaður, til þess að fá samræmi í það starf. Á móti þessari till. hefir ekkert verið haft hér í þessari hv. d., eða þeirri hugsun, sem liggur til grundvallar henni. En n., sem athugaði till., var ekki allskostar ánægð með fyrirkomulagið á þessu, og út af því hefi ég borið fram þessa brtt., svo að ég held, að nú sé burt numinn ásteytingarsteinninn. Till. fer nú aðeins fram á, að ákvæði frv. um eftirlitið fái að standa kyrr, nema að heimilt sé ráðh., að fengnum till. barnaverndarráðs, að skipa eftirlitsmann og annan mann til vara hér í Reykjavík, til þess að þessi eftirlitsmað-

ur skoði þær myndir, sem hér verða fyrr sýndar en annarsstaðar á landinu. En nálega allar þær kvikmyndir, sem til landsins koma, eru sýndar hér í Reykjavík fyrst. En allt er látið standa óbreytt fyrir þær myndir, sem sýndar eru fyrst annarsstaðar en í Reykjavík, til þess að fyrirgirða skipun óþarflega margra eftirlitsmanna eða óþægindi vegna sendingar á myndum.

Ég ætla að vonast eftir því, sérstaklega þar sem hér er ekki farið fram á útgjöld úr ríkissjóði, að hv. d. samþ. þetta frv. og brtt. mína.

**Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** N. hefir að vísu ekki öll tekið ákvörðun um þessa till. frá hv. 3. þm. Reykv. á þskj. 819. Frá honum kom önnur till. áður. N. hafði tekið afstöðu gagnvart hinni fyrri og áleit, að þar sem svo lítil reynsla væri fengin í þessum efnum, mætti láta við það sitja að afgreiða það eins og það kom frá Ed. nú. Hinsvegar er það að segja um brtt. hans á þskj. 819, að við getum fallizt á hana. Það er æskilegast og bezt samræmi í því, að einn maður framkvæmi kvikmyndaskoðun, og vafalaust eru flestar þær myndir fluttar fyrst til Rvíkur, sem sýndar eru hér á landi, svo að myndskoðun hér í Rvík mundi því gilda mjög fyrir allt landið. Og þegar svo á að útnefna þennan mann eftir tillögum barnaverndarráðs, sýnist það öruggt, að eftirlitið muni verða svo, að við megi una. Um þær myndir, sem okkur hér í Rvík berast frá öðrum kvikmyndahúsum úti um land, breytist ekkert frá því, sem er. Ég sem frsm. n. og fleiri í n. getum fallizt á þessa brtt.

ATKVGR.

Brtt. 819 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 643,1, svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

— 643,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

---

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 828).

Á 84. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

**Guðrún Lárusdóttir:** Síðan þetta mál var áður á ferðinni hér í hv. d. hefir það tekið nokkrum breyt. Í 1. gr. frv. er nú gert ráð fyrir, að kennslumálaráðh. fái heimild til að skipa eftirlitsmann, og annan til vara, til þess að líta eftir þeim kvikmyndum, sem börnum eru sýndar hér á landi, þar sem til næst. Það er að vísu ekki gert ráð fyrir, að þessi eftirlitsmaður skoði aðrar myndir heldur en þær, sem koma til Reykjavíkur, en þangað munu fyrst koma flestar myndir, sem sýndar eru á landinu. Hvað snertir þær myndir, sem kaupstaðir úti um land fá sendar beina leið, þá verður að sitja við þá skoðun, sem áður var lögboðin og barnaverndarnefnd á að hafa með höndum á hverjum stað.

Þó ekki sé farið lengra en þetta, hygg ég, að það verði til talsverðra bóta og að af því leiði meira samræmi í skoðun mynda en ella. Hygg ég því rétt að samþ. þessa breyt. Um aðrar breyt., sem í frv. felast, hefi ég áður látið skoðun mína í ljós, og tel ég þær allar til bóta. — Ætla ég svo ekki að lengja umr. meira um þetta þarfa mál.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 873).

---

## 71. Kreppulánasjóður.

Á 57. fundi í Nd., 25. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um kreppulánasjóð** (þmfrv., A. 444).

Á 59. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Með bréfi dags. 23. nóv. f. á. skipaði atvmrh. nefnd, „til þess að athuga hag landbún-

aðarins og fjárhagsástæður bænda og gera tillögur um þær ráðstafanir, er tiltækilegastar þættu fjárhag bænda til styrktar og landbúnaðinum til viðreisnar, í þeim örðugleikum, sem heimskreppan veldur".

Í nefndina voru skipaðir: Pétur Ottesen alþm., Sigurður Kristinsson forstjóri og Tryggvi Þórhallsson alþm.

N. tók þegar til starfa. Kom n. þegar í upphafi saman um það, að nauðsynlegt væri, vegna yfirstandandi ástands um afkomu landbúnaðarins og óhjákvæmilegur grundvöllur undir tillögum til umbóta, að afla sem allra víðtækastra skýrslna um afkomu bændastéttarinnar og fjárhagsástand. Var þá þegar gerð starfsáætlun um, hvernig því verki skyldi haga.

Með aðstoð atvmrn. var þegar hafið það starf að ná sem fyllstu yfirliti yfir skuldir bændastéttarinnar og bændafélaganna.

Var fyrst og fremst snúið sér til allra lánsstofnana: Bankanna, útibúa þeirra, sparisjóða allra og sjóða þeirra, sem til náðist, og beðið um skýrslu um skuldirnar.

Því næst var snúið sér til allra verzlana, samvinnufélaga og kaupmanna, og í því efni notið mikils stuðnings sýslumannanna, um að safna verzlunarskuldum.

Loks var leitað aðstoðar allra oddvita á landinu og þeir beðnir að safna skýrslum um allar einkaskuldirnar, — þ. e. aðrar skuldir en við lánsstofnanir og banka.

Þessi skýrslusöfnun var framkvæmd með meiri hraða en hægt var að gera sér vonir um í fyrstu. Og það er skoðun okkar nefndarmanna, að hún hafi tekizt betur og orðið meira tæmandi en við frekast gerðum okkur vonir um, er við hófum starfið. Þeir aðilar, sem leitað var til, eins og að framan getur, tóku þeirri málaleitun yfirleitt framúrskarandi vel og lögðu á sig mikla vinnu til þess að þetta gæti orðið sem bezt leyst af hendi.

Við bárum mestan kvíðboga fyrir því, að erfitt mundi verða að safna einkaskuldunum. En aðstoð oddvitanna reyndist langtum betur en við gerðum ráð fyrir. Úr einum hrepp var talið ástæðulaust að safna nokkrum skuldum og stofna til nokkurra aðgerða. Úr tveim öðrum, hinum afskekktustu hreppum, komu ekki skýrslur. Þær komu úr öllum hinum, þar sem landbúnaður er stundaður sem aðalatvinnuvegur. Þær eru vitanlega mismunandi fullkomnar, en mjög víða eru þær mjög fullkomnar.

Það flýtti fyrir söfnun bankaskuldanna, að þegar áður en n. hóf að starfa, hafði verið samin fullkomin spjaldskrá um allar fastar skuldir í Búnaðarbankanum og fékk n. hana til afnota.

Skuldasöfnunin frá bönkunum, sparisjóðum og öðrum sjóðum mun vera nálega alveg tæmandi og að fullu ábyggileg. Söfnun verzlunarskuldanna mun einnig vera mjög tæmandi og ábyggileg og nálega undantekningarlaust naut n. hinnar beztu aðstoðar verzlananna. Þurftu þó margar þeirra að leggja á sig mikla vinnu, til þess að geta orðið við óskum nefndarinnar.

N. er það ljóst, að framtal einkaskuldanna, að mestu um hendur oddvitanna, er ófullkomnast. Er með öllu ógerlegt að áætla, hverju muni skakka. En það verður að gera ráð fyrir því, að þar vanti á e. t. v. 10—20%.

Jafnframt var þegar hafin vinna um að safna sem fyllstu yfirliti yfir eignir bændastéttarinnar.

N. fékk óhindraðan aðgang að síðustu framtalsskýrslunum til tekju- og eignarskatts. Hittist svo vel á, að úr flestum sýslum landsins lágu skýrslurnar hér í Rvík til afnota fyrir ríkisskattanefndina um það leyti, sem bændanefndin hóf sitt starf. Þessar skýrslur voru lagðar til grundvallar. En það var næsta ófullkominn grundvöllur. Er því ekki einungis svo varið víðast hvar á landinu, að jafnaðarlega vantar í fjölda einstaklinga, sem alls ekki hafa talið fram og alls engin gögn liggja því fyrir um í þessum skýrslum. En auk þess vantar víða heila hreppa með öllu, og úr einni af stærstu sýslunum höfðu alls engar skýrslur komið til ríkisskattanefndar. Hefir mikilli vinnu verið varið til þess að bæta úr þessum stórkostlegu göllum um eignaframtalið

Um fasteignirnar, þ. e. eignarumráðin yfir þeim, fengust hinar öruggustu upp-

lýsingar úr skuldaframtali lánsstofnananna. Með þeim frekari öryggisráðstöfunum, sem síðar getur, má ætla, að eignaskýrslan að því er fasteignirnar snertir, sé orðin allvel örugg og fullkomin.

Framtal lausafjár var mjög fullkomnað, með því að nota hreppstjóraframtalið frá síðasta vori, sem komið var til hagstofunnar. Af þeim skýrslum fékkst og bændatal. En þó að skattaskýrslurnar yrðu með þessu móti mjög fylltar, þá er það víst, að lausafjárframtalið er miklu óábyggilegra í skýrslum nefndarinnar en yfirlitið um fasteignirnar.

Enn varð að leita til margra kunnugra manna í héruðum eftir því, sem til var náð hér í bænum. Veittu þeir margir miklar upplýsingar, sem skylt er að þakka.

En eignaframtalið er vitanlega ófullkomnara en skuldaframtalið. Sparifjáreign og verðbréfa er ekki talin önnur en sú, sem fram kemur á hinum mjög ófullkomnu skattskýrslum. Er ekki að efa, að þar koma ekki nærri öll kurl til grafar. Þýðingarlaust er að gizka á, hve mikið muni vanta. En það hygg ég, að þar komi ekki fram drjúgum meira en það, sem upp á vantar skýrslurnar um skuldirnar (þ. e. aðallega einkaskuldirnar). Þess vegna er það mitt hugboð, að heildarútkoman eigi að vera nokkru betri en skýrslur nefndarinnar sýna.

Þann grundvöll lagði nefndin fyrir skýrslunni um eignirnar:

1. Fasteignirnar voru í skattskýrslunum taldar fram eftir gamla fasteignamatinu. N. lagði nýja fasteignamatið alstaðar til grundvallar.
2. Vegna verðfallsins lét n. fella allt lausafé í verði um 10% frá framtalsskýrslunum og samræma eftir því, sem við varð komið.

Nefndin hafði aðsetur í Búnaðarbankanum að langmestu leyti, og dró það mikið úr þeim mikla kostnaði, sem annars hefði orðið af þessari skýrslusöfnun. Þar voru öll áhöld til og allt, sem til þurfti. Um alllangan tíma voru um 10 manns í þjónustu nefndarinnar, auk nefndarmannanna sjálfra, og auk þeirrar aðstoðar, sem starfsmenn Búnaðarbankans veittu.

Vinnunni við skráning skuldanna var svo hagað, að skuldirnar voru færðar á spjaldskrá með nafni skuldunauta, flokkaðar eftir tegund skulda, og varð að skrifa hvern mann á eins mörg spjöld og hann kom oft fyrir í skuldaskýrslunum. Síðan var skránni raðað í stafrófsröð eftir hreppum og sýslum og skuldir hvers bónda færðar sundurliðaðar eftir tegundum inn á skrá þá, er eignir hans höfðu áður verið færðar á, og mismunur eigna og skulda færður niður. Einnig voru ábyrgðir þær, er viðkomandi bóndi var í, færðar á sömu skrá. Var þessi spjaldskráning mikið verk. Margar skýrslurnar voru eigi eins fullkomnar og skyldi. Heimilisfang voru oft mjög ófullkomin, oft vantaði heimilishrepp og sýslu skuldunauts, og olli það miklum töfum að komast að réttri niðurstöðu í því efni.

Fasteignalán í bönkum standa langoftast á nafni upprunalega lántakandans, enda þótt eigendaskipti hafi orðið að eigninni og það margsinnis. Var það og miklum vandkvæðum bundið að finna rétta eigendur slíkra veðskulda, sérstaklega þar sem skattaframtöl vantaði.

Einnig höfðu margir, er skýrslur gáfu, tekið með í skuldaskrána ýmsa þá, er eigi geta talizt bændur, þurrabúðarmenn, vinnufólk í sveitum og lausafólk allskonar. Oft varð að leita upplýsinga staðkunnugra manna um þessi efni, svo að sem fyllst trygging fengist fyrir því, að efnahagsreikningur hvers bónda yrði sem réttastur, og eins að aðrir yrðu eigi teknir á bændaskýrslurnar en þeir menn, er landbúnað stunda sem aðalatvinnuveg.

Er skráningu þessari var lokið, hafði n. uppgerðan efnahagsreikning hvers bónda á landinu, eins fullkominn og föng voru á.

N. lét nokkrum sinnum gera bráðabirgðaskýrslur um skuldirnar eftir skýrslunum eins og þær komu til nefndarinnar. Var það gert til þess, að n. gæti eins fljótt og unnt væri gert sér í hugarlund, hversu miklar skuldir bænda væru og hvers eðlis, svo að á þeim grundvelli mætti fara að athuga leiðir til lausnar þessum málum.

Samkv. skýrslum þeim, er nefndinni bárust, voru skuldirnar þessar:

| | | |
|---|---|---|
| Veðskuldir | kr. | 12281270 |
| Lausaskuldir við banka og sparisjóði | — | 7341197 |
| Verzlunarskuldir | — | 9211737 |
| Privatskuldir | — | 7894121 |
| Samtals | kr. | 36728325 |

Úr skrá þeirri, er samin hafði verið um efnahag bænda, ákvað n. nú að láta gera heildarskýrslur þær, er hér fylgja með frv. Á skýrslur þessar eru þeir einir teknir, sem landbúnað stunda sem aðalatvinnuveg.

Á skýrslunum er bændunum skipt í 4 flokka eftir efnahag.

1. **flokkur.** Í þeim flokki eru þeir bændur taldir, er skulda undir 50% á móti eignum.

Í þeim flokki eru:

| | | |
|---|---|---|
| Eignirnar alls | kr. | 34043134 |
| Skuldir | — | 7101737 |
| Skuldlaus eign | kr. | 26941397 |

Í fyrsta flokki eru 3464 bændur, eða liðugur helmingur allra bænda á landinu. Skuldir á móti eignum í þeim flokki eru 20,9%.

2. **flokkur.** Í þeim flokki eru þeir bændur, er skulda frá 50—75% á móti eignum.

| | | |
|---|---|---|
| Eignir í þessum flokki eru | kr. | 11646064 |
| Skuldir | — | 7250821 |
| Eignir umfr. sk. | kr. | 4395243 |

Tala bænda í þessum flokki er 1216.

3. **flokkur.** Í þeim flokki eru skuldirnar frá 75—100% á móti eignum.

| | | |
|---|---|---|
| Eignir eru í þeim flokki | kr. | 9084193 |
| Skuldir alls | — | 7885835 |
| Eignir umfr. sk. | kr. | 1198358 |

Í þriðja flokki er tala bænda 932.

4. **flokkur.** Í þeim flokki eru þeir bændur taldir, er skulda meira en þeir eiga.

| | | |
|---|---|---|
| Eignir eru alls | kr. | 8069507 |
| Skuldir alls | — | 10650779 |
| Skuldir umfram eignir | kr. | 2581272 |

Tala bænda í 4. flokki er 1118.

Alls eru þá í landinu 1118 bændur, er samkv. rannsókn þeirri, sem fram hefir farið á efnahag bænda, skulda meira en þeir eiga. Er það 16,5% af öllum bændum á landinu.

Það má ganga frá því sem gefnu, að öllum þorra þeirra bænda, sem hér eru taldir í 3. og 4. flokki, veitist örðugt að halda áfram búrekstri sínum án stuðnings.

Lausaskuldir í þessum flokkum báðum er **kr. 12674692.** —

Að síðustu eru nokkrir bændur í X-flokki. Um efnahag þeirra bænda hafa eigi fengizt svo fullnægjandi upplýsingar, að rétt gæti álitizt, að setja þá í hina flokkana. Hinsvegar eru þeir teknir með á skýrslurnar, svo að þær skuldir, er í þeim komu fram, komi með í niðurstöðutölunum.

Samkv. skýrslunum, sem hér fara á eftir, eru niðurstöðutölurnar þessar:

| | | |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Fasteignir | kr. | 31741083 |
| Lausafé | — | 31523871 |
| | Kr. | 63264954 |
| **Skuldir:** | | |
| Veðskuldir | kr. | 11492815 |
| Lausaskuldir: | | |
| Í bönkum og sparisj. | — | 5563014 |
| Verzlunarskuldir | — | 8363014 |
| Privatskuldir | — | 7680653 |
| | Kr. | 33100437 |
| Eignir umfram skuldir | kr. | 30164517 |

Ef þessari hreinu eign er skipt á þá 6799, sem skýrslurnar ná til, þá koma kr. 4437 á mann til jafnaðar.

Skuldir á móti eignum á öllu landinu eru því 52,3%.

Eftir skuldaskránum, er nefndinni bárust, voru skuldirnar kr. 36728325. Á heildarskýrslunum eru skuldirnar kr. 33100437, og liggur sá mismunur í því, að á skuldaskýrslunum, er n. bárust, voru skráðir ýmsir, er eigi teljast með bændum. Skuldarupphæðin í heild hefir því lækkað um 10%.

Ég óska þess af hálfu kreppun., að málinu verði vísað til 2. umr. Verður að því unnið af kappi af n. hálfu að greiða fyrir áframhaldandi afgreiðslu þess.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Það er margt eftirtektarvert í ræðu hins seinvirka frsm. þessa frv. Hv. þm. Str. var á sínum tíma sá maður, sem hafði einna bezta aðstöðu til að sjá kreppuna fyrir. Hann var forsrh. og hafði því ágæta aðstöðu til að líta á allar hliðar þjóðlífsins. Hann er sá maður, sem síðast við-

kenndi, að nokkur kreppa væri til. Eftir að allir sáu hið voveiflega ástand og kvartanir komu víðsvegar, þá hélt þessi sami maður, að engin kreppa væri til í landinu.

Síðan fann þessi sami hv. þm. upp þá merkilegu kenningu, til þess að afsaka sína blindni, að það ætti að eyða og eyða í góðæri, en spara síðan í harðæri. Nú sjáum við, hvað úr þessari kenningu verður, þegar hann er nú sjálfur frsm. að einhverju hinu mesta eyðslufrv. — ef svo má að orði kveða — fyrir ríkissjóð, sem borið hefir verið fram á þingi, þar sem ætlazt er til að leggja fram 12 milj. vegna kreppunnar. M. ö. o. þetta er sá mesti löðrungur, sem hv. þm. gefur sjálfum sér; með því að bera fram þetta frv. er viðurkennt, hve stórkostlega röng og fráleit hans stefna hefir verið í öllum þessum málum.

Það er margt merkilegt, sem kemur fram í þeim skýrslum, sem fylgja, og hefi ég þó ekki haft tíma til að yfirfara nema mjög lítið. Þar er kenning þessa fyrrv. forsrh. um það, að allir hafi sömu hagsmuni í bændastétt, gersamlega hrakin. Hér sjáum við yfirlitsskýrslu yfir eignir og skuldir þeirra, og helmingur bænda skuldar ⅛ af eignunum, en hinn helmingurinn er eignalaus og ýmsir skulda meira en þeir eiga. Það eru þá í bændastéttinni, eins og annarsstaðar í þjóðfélaginu, efnaðir menn og efnalausir eða öreigar. Þetta ætti nú hv. frsm. að viðurkenna í framtíðinni, þó að hann hafi ekki gert það hingað til. Og það virðist að nokkru leyti viðurkennt af því pólitíska viðhorfi, sem tekið er upp á síðkastið, með því að snúa sér til þeirra, sem efnaðri eru í þjóðfélaginu.

Enn kom fram annað í ræðu hv. frsm., að lánveitingar til bænda undanfarin ár séu orsök til skuldanna. Því ætti líka fyrrv. forsrh. að geta viðurkennt, ásamt öðrum, að það er ekki nóg að ausa fé í bændur, ef ekki er jafnframt séð svo um, að það svari kostnaði. Það er ekki nóg að ausa fé til að krækja í atkvæði, það þarf að skipuleggja þessa starfsemi til þess að hún geri mönnum lífvænlegra í sveitunum. En því miður hugsar Framsóknarflokkurinn miklu meir um atkv. í bili en að gera sveitirnar lífvænlegar þar, sem þær eru beztar. Afleiðingin birtist í þessari skýrslu.

Það má nú segja, að sjáandi sjá þeir ekki, þegar sami hv. frsm. er að tala um það, að sjálfseignin sé farsælust fyrir bændastéttina. Að vísu er þetta þvert ofan í yfirlýsingu flokks hans, eða þá ráðstöfun, að sem mest af sjálfseignum geti farið til ríkissjóðs. Þegar svo er komið, að helmingur bænda á ekki neitt, hvernig getur hann þá búizt við, að það sé hagstætt fyrir bændur að hleypa sér í stórlán, til þess að þykjast eiga jarðirnar.

Annars vil ég ekki fara nákvæmlega út í þetta frv. nú. Kreppunefnd mun fara höndum um það, og þar á flokksmaður okkar sæti.

Það er sjálfsagt að hjálpa illa stöddum bændum, og að ríkissjóður beri byrðar þar af. En út af þessu vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj. Hvernig hefir hún hugsað sér að leysa þá atvinnukreppu, sem er meðal verkalýðsins í landinu. Eftir manntalinu er það fullt eins fjölmenn stétt og bændastéttin. Og ef tekið væri eignatal verkamanna og sjómanna, þá myndi það ekki sýna 60 millj. kr. eign á móti 30 millj. kr. skuld.

Mér er ekki vitanlegt, að stj. hafi sett n. til þess að athuga og gera skýrslur um atvinnuleysið í kaupstöðunum, sem hefir sýnt sig að vera meira nú en nokkru sinni fyrr síðan atvinnuleysisskýrslur byrjuðu. Stj. veit sjálfsagt, að hér í Rvík er ekki nein vellíðan meðal verkafólksins, jafnvel nú um vertíðina þegar atvinnan ætti að vera mest. En stj. hefir ekki hreyft hönd né fót til þess að bjarga þessari stétt. Ekki ein einasta ríkisstj. í Norðurálfu eða Vesturheimi er svo gersneydd sómatilfinningu að ímynda sér, að hægt sé að ganga fram hjá verkamannastéttinni á krepputímum. Jafnvel stj. Hitlers og Mussolinis gera ráðstafanir fyrir verkalýðinn. En þessi sambræðslustj. gerir ekkert. Hún hefir komið á norsku samningunum til þess að svipta sjómennina atvinnunni. Hún hefir ekki séð um að dragnótaveiðalögin gengu í gegn, þótt hún bæri þau fram. Hún kemur ekki með neinar atvinnubætur í fjárl. og hún hefir komið á ríkislögreglunni. Það lítur út fyrir, eftir athöfnum og athafnaleysi stj., að tilgangurinn sé bók-

staflega að drepa niður verkalýðinn í landinu. Og ég vil skora á stj., ef tilgangurinn er annar, að skýra frá því, hvernig hún ætlar að bæta kjör verkalýðsins við sjóinn.

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Mér þykir leiðinlegt í svona góðu veðri, hve hv. 2. þm. Reykv. var í vondu skapi, þegar hann flutti þessa tölu og ég læt það ekki hafa áhrif á mig. Ég ætla ekki að smitast af honum, þótt hann helli úr skálum sinnar reiði. Ég læt mér í léttu rúmi liggja, þótt hann kasti að mér hnútum um fortíðina, mér kemur ekki á óvart, þótt hann kasti hnútum vegna þessa kreppufrv., því að sá hugur, sem hefir komið fram í garð bændanna í sambandi við norsku samningana, er þungur, og sem þessi hv. þm. fremur öllum öðrum þm. í þessari d. ber í garð bændastéttarinnar. Og þegar þessi hv. þm. er að tala um atkvæðaveiðar rétt eftir að norsku samningarnir hafa verið á döfinni, þar sem framkoma hans og hans flokksmanna var ekkert annað en atkvæðasmölun, þá kemur það úr hörðustu átt frá manni með aðra eins fortíð að baki í þeim málum og með því tillitsleysi, sem hann þá sýndi. Vísa ég þessum ummælum á bug, og það er honum ekki til nokkurs sóma að láta koma fram slíka ræðu og hann flutti hér síðast.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég verð að segja, að mér kom dálítið einkennilega fyrir, að þegar þetta frv. er lagt fram hér í þinginu, eftir mikinn og rækilegan undirbúning af hálfu bændan., þann undirbúning, sem ég vil nota tækifærið til að þakka, þá eru kveðjurnar ekki aðrar frá fulltrúum stéttar, sem líka á erfiða aðstöðu í þjóðfélaginu, en að þetta sé eyðslufrv. Ég hygg, að ef frv. þetta hefði miðað að því að bæta kjör annarar stéttar, þá hefðu þau orð ekki hljómað, því að það virðist ekki, að þessi hv. þm. hafi svo mjög horn í síðu eyðslu eftir atkvæðagreiðslum að dæma. **(HV:** Það er ekki hægt að sjá atkvgr. ráðh., því að hann hefir ekki atkvæðisrétt). Hinsvegar mun það ekki leika á tveim tungum, að ef bæta á atvinnuna í landinu, þá verður fyrst að snúa sér að þeim, sem hafa lakast kaup og lélegasta atvinnu. Það mun láta nærri, og ég hefi áður hér í þinginu fært rök að því, að bændur hafi 16 til 17 aur. tímakaup um árið, þótt þeir vinni öllum stundum allan ársins hring. Og ég hygg, að ef hv. 2. þm. Reykv. væri fulltrúi fyrir þá kjósendur og liti á þeirra aðstöðu með sama hug og hann lítur til annara þeirra, sem erfiðar kringumstæður eiga í þjóðfélaginu, þá myndi honum ekki þykja þetta kaup um of. Hv. þm. talaði um að gera þyrfti sveitirnar lífvænlegri, en í sömu andránni virtist hann hallmæla Framsóknarflokknum og foringjum hans fyrir, að þeir hefðu eytt til þess of miklu fé. Því fé, sem hefir verið varið til að gera sveitirnar lífvænlegri, hefir fyrst og fremst verið varið til vega, til samgöngubóta og ræktunar. En jafnframt hefir verið varið nokkru fé til að gera híbýli manna, þau sem lökust hafa verið, svo, að þau væru íbúðarhæf.

Viðvíkjandi þeirri fyrirspurn, sem hv. þm. beindi til stj., þá vænti ég, að sá ráðh., sem sérstaklega fer með atvinnubótamálin, svari þar nokkuru til. En ég get þó ekki annað en látið í ljós jafnframt því að ég heyrði þessi orð af vörum hv. þm., nokkra undrun mína yfir því, að þessi hv. þm. eða hans flokkur hafi ekki að neinu leyti boðið stj. einskonar samvinnu um lausn þeirra mála. Ég hygg, að áður en þessi stj. var mynduð, hafi þeim flokki, sem hann heyrir til, verið boðin náin samvinna um þau mál sem önnur mál, þar sem boðið var fram, að fulltrúi frá hans flokki ætti sæti í stj. Og ef þeim hefði litist að vinna að þessum málum, hefðu þeir átt að nota það tækifæri, og myndi hv. 2. þm. Reykv. þá e. t. v. standa í þeim sporum, sem ég stend nú í og hefði getað komið fram með sínar till.

Þegar rætt er um þetta kreppumál bændanna, verður að gæta þess, að hjá bændastéttinni eða um helmingi hennar a. m. k., eru svo mikil vandræði, að þar verður að gera alvarlegar sérstakar ráðstafanir, sem ekki er hægt að gera nema í sérstaklega aðknýjandi kringumstæðum og ekki er fordæmi fyrir áður. Ég veit vel, að það hefir þrengt víða að fyrir verkafólkinu, en menn verða að vænta

þess, þar sem ástæður manna og aðstaðan til atvinnubóta er mjög mismunandi á hverjum stað í landinu, að þá taki bæjarfélögin sig fram um að leita þeirra ráða, sem tiltækileg eru á hverjum stað, og að því loknu þegar bæjarstj. og slík stjórnarvöld hafa lagt á ráðin, þá sé leitað aðstoðar þings og stj., og ég veit ekki betur en að stj. hafi viljað taka þær málaleitanir, sem komið hafa fram, til vingjarnlegrar athugunar. M. a. hefir nú nýlega verið samþ. á Alþ. ríkisábyrgð fyrir samvinnufélög í nokkrum kaupstöðum og kauptúnum til skipakaupa til þess einmitt að bæta úr atvinnuleysinu við sjóinn. Og þetta hefir verið samþ. þrátt fyrir það, að fyrri ábyrgðir hafa komið töluvert við ríkissjóðinn. Ríkissjóður hefir orðið að hlaupa undir bagga með samvinnufélögum, sem flokksmenn hv. þm. hafa stofnað og stýrt. Og ríkisstj. hefir gert það alveg möglunarlaust. Jafnframt vil ég minna hv. þm. á, að um leið og bændum er hjálpað, er þeim gert mögulegt að halda verkafólk og greiða því kaup. Þá er og nokkuð gert til að létta af atvinnuleysinu í kaupstöðunum. Það verður við það að kannast, að ríkissjóður hefir ekki haft svo mikið fé sem skyldi til ýmissa opinberra framkvæmda til þess að létta undir atvinnuleysisvandræðin í bæjunum, en minna má þó á, að fé til vega- og brúargerða hefir verið aukið í því fjárlfrv., sem nú liggur fyrir, frá því sem áður var. Stj. hefir og haft forgöngu að því að henni yrði heimiluð lántaka til vega- og brúargerða, sem nemur allt að ½ millj. kr. og þar sérstaklega haft fyrir augum að geta veitt atvinnulausu fólki vinnu. Svo er og fyrir þakkandi, að ekki horfir neitt líkt því jafnþunglega fyrir þeim vinnuveitendum, sem sérstaklega veita verkafólki atvinnu, og fyrir landbúnaðinum. Flestir eða allir, sem nokkurri fleytu hafa átt yfir að ráða, hafa sett hana á flot. Í annan stað hefir m. a. fyrir bráðabirgðalögin, sem gefin voru út af stj. síðastl. vetur, ekki verið flutt út nándar nærri eins mikið af óunnum sjávarafurðum og áður. Á seinustu vertíð var selt svo mikið af linsöltuðum fiski og óverkuðum að öllu leyti, að það átti mikinn þátt í að skapa atvinnuleysi á síðasta sumri hér í Rvík og kaupstöðunum hér sunnanlands. Nú verður að líkindum miklu meira af fiski fullverkað hér heima, og mun þá aukast atvinnan, ekki sízt fyrir þá, sem erfitt eiga með að leita sér atvinnu annarsstaðar. Í fjárl., sem nú gilda, er heimild fyrir ríkisstj. til að verja allmiklu fé til atvinnubóta og það meiru fé en áður hefir verið heimild fyrir. Ég býst við, að ríkisstj. noti þessa heimild eftir því sem hún sér sér fært og hjálpi kaupstöðum og kauptúnum úti um land eftir því sem mögulegt er að afla þess fjár, sem viðkomendur verða að leggja á móti. Ríkisstj. hefir einnig gert sér far um að styðja kauptúnin og íbúa þeirra til þess að auka þar ræktunina, einkanlega í sjávarþorpum, þar sem atvinnan er fábreytt og þar sem það verður að teljast nauðsynlegur liður í afkomumöguleikum manna, sem þar búa, að þeir eigi nokkra stoð í landbúnaðinum til viðbótar sjávarafurðunum, og til þess að þeir geti stuðzt við ræktað land og landsnytjar er atvinnu brestur, einkum á sumrin. Þeir geta þá verið sumir eigin atvinnuveitendur á sínum ræktarblettum. Ég vænti þess, og það þótt ég tali þar ekki fyrir hönd stj. allrar, að stj. muni áður þingi lýkur taka til athugunar að biðja um heimild til þess að mega 1934 verja nokkru fé til að bæta úr atvinnuleysi, a. m. k. þangað til þing kemur saman á því ári og geri þá frekari ráðstafanir. Skal ég svo ekki gera meiri aths. við ræðu þessa hv. þm. Mér fannst hún ekki gefa tilefni til þess.

**Héðinn Valdimarsson** [óyfirl.]: Hv. þm. Str. hefir nú með þögn sinni viðurkennt flest það, sem ég tók fram í ræðu minni við hann, og þarf ég því ekki að fara mörgum orðum um það, en vil aðeins óska þess, að hann taki fram það í umr. um norsku samningana, sem ég hefi hallmælt bændastéttinni. Ég veit ekki til, að það hafi ég eða nokkur úr okkar flokki gert. En hann beindi orðum sínum sérstaklega til mín. Hitt er það, að ég er sannfærður um, að þetta er ekki einu sinni til hagsmuna fyrir bændastéttina, og það mun sýna sig, að ekki verður keypt mikið kjöt fyrir íslenzka síldarpeninga eftir að samningarnir hafa gilt í 1—2 ár. — Þá óð atvmrh. töluverðan

reyk, þegar hann talaði um mína ræðu í þessu sambandi. Ég hefi ekki farið út í frv., ég hefi ekki lagzt á móti því enn, og ég sagði, að jafnaðarmönnum væri skylt að veita kreppuhjálp til bænda. (**Atvmrh:** Hv. þm. sagði, að þetta væri eyðslufrv.). Ég tók þetta fram. (**Atvmrh:** Þakka fyrir, ef svo er). Hitt gat ég um í sambandi við þá stefnu, sem áður hefir verið fylgt og *ég veit*, að hæstv. atvmrh. tilheyrir, þótt forsrh. væri þá Tryggvi Þórhallsson, og því verður ekki neitað, ef það væri gullvæg regla, að eyða ætti öllu fénu í góðærunum, en spara öll útgjöld í hallærunum, þá væri það býsna undarlegt og varhugavert. Og það er harla einkennileg framkvæmd á þeirri stefnu, sem flaggar með því í ræðu og riti, að greiða eigi skuldir. Þetta frv. nemur þó 12 millj. kr. útgjöldum fyrir ríkissjóðinn. Ég vænti, að svo skýr maður sem hæstv. atvmrh. skilji, að það er ekki neitt einkennilegt, þó að frv., sem flutt er af þeim mönnum, sem mestu hafa ráðið um stjórn undanfarinna ára, sé heilsað með því að minnast á fyrri kenningar, og að menn efi, að kenningar þeirra í kreppunni séu miklu réttari en kenningarnar í góðærunum. Hinsvegar er það svo, að þetta mál fer til kreppun. og okkar afstaða kemur þar fram.

Þá kom greinilega fram af því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að stj. hefir ekki hugsað út í, að nokkuð þyrfti að gera fyrir verkalýðinn. Það var talað um möguleika til að við fengjum mann í stj. Það hefði verið einskis virði, meðan hlutföllin í þinginu eru hin sömu, og ég veit, að það hefði átt að kosta, að við gengjum inn á ýmsa þá hluti, sem við aldrei hefðum gert, svo að frá Alþýðuflokksins hálfu var auðvitað ómögulegt að ganga að slíku En þó að við hefðum ekki mann í samsteypustj., þá verður að krefjast þess, jafnvel af fjandsamlegum flokkum, að þeir virði eins stóra stétt og verkalýðinn, þar sem í verkalýðssamtökunum einum eru um 10 þús. manns, en hér er verið að tala um 6000 bændur. En það er greinilegt, að stj. hefir a. m. k. ekki gert neitt ákveðið skipulag um þá hluti. Hún hefir ekki haft neina rannsókn um hönd, og það virðist hreinasta tilviljun, hvað út úr þessu verði gert. Það þarf ekki að segja við okkur Alþýðuflokksþm., að við höfum ekki gert neitt. Við höfum gert það, sem okkur sem þm. bar skylda til, borið fram brtt. við fjárl. og margskonar kreppufrv. En eftir því sem gengur um okkar málefni í þinginu, býst ég ekki við, að þau nái fram að ganga, því að þeir fóstbræðurnir í stj. virðast láta sér annt um, að svo verði ekki. Vildi *ég* því vita, hvort frá þeim kæmi nokkuð í staðinn. Það, sem hæstv. atvmráðh. sagði um, að meira yrði verkað af fiski hér sunnanlands, þá má vera, að eitthvað meira verði verkað af togurunum, en af bátunum verður það nú ekki. Karlmennirnir hafa lítinn hluta af þessari fiskverkun eða ekki nema um 7% af karlmönnum, sem hafa við það beina atvinnu, svo að það munar ekki miklu. Eins er um þessi frv. um vegagerðir og brúargerðir. Til eru önnur frv., sem í er heimild fyrir stj. til þess að eyða fé til atvinnubóta, t. d. samkv. gömlum l. um opinberar byggingar. En það kemur ekki málinu við, heldur hvað stj. ætlar að aðhafast, en það hefir ekki komið fram hér. Við *höfum komið* fram með frv. hér um bæjarútgerð í Rvík, en stj. hefir ekki látið koma í ljós sína afstöðu til þess. Ég sé því ekki annað en að annaðhvort sé vilji stj. að gera ekki neitt, og þá auðvitað í þeim tilgangi að koma verkalýðnum á kné og lækka kaupgjaldið, eins og þeir eru mjög áfjáðir í, eða þá vítavert andvaraleysi, að líta ekkert á hagsmuni verkalýðsins í þessu sambandi. Þótt bændur séu stór stétt og eigi að njóta stuðnings, þá eru þeir ekki fjölmennari en verkalýðsstéttin og helmingur þeirra er betur staddur en verkamenn. Aftur er nokkur hluti þeirra eins illa staddur og verkamenn almennt og enn einn hluti þeirra eins illa staddur og hinir verst stöddu í verkamannastétt.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Herra forseti! Hér er þá lagt fram þetta mjög merkilega og stóra mál, sem vita mátti, að yrði eitt af viðfangsefnum þessa þings, að gera einhverjar ráðstafanir af hálfu hins opinbera til aðstoðar og hjálpar þeim, sem erfiðast eiga vegna fjárhagsörðugleika á voru landi nú. Og ég verð að segja, að mér þykir þetta mjög merki-

legt plagg að mörgu leyti og þ. á m. hvað það sýnist vera róttækt. Ég þarf ekki að lýsa því fyrir dm., að það eru ekki bændur einir á þessu landi, sem af því hafa hag og sem er það nauðsynlegt, að því sé veitt athygli, sem er í skýrslunni. Því að það er rétt og sjálfsagt, að þar er um hag allra landsmanna að ræða. Ber þess því fyrst og fremst að gæta, að hagur allra landsmanna sé augljóslega hafður fyrir augum, þegar þetta mál er afgreitt, en varast að taka afstöðu til þess með hag bændanna einna fyrir augum. Sé farið út fyrir þetta í verulegum atriðum um lausn málsins er viðbúið, að það verði öllum til tjóns.

Það sem verður fyrst fyrir hverjum þeim, sem les og athugar frv. á þskj. 444, er það, að í frv. er gert ráð fyrir því, að fyrir árslok 1934 skuli af hálfu ríkissjóðs lagðar fram 12 millj. kr. til að leysa þann vanda, sem þar er um rætt. Í huga mínum vaknar þá fyrst og fremst sú spurning, þegar farið verður að úthluta þessum 12 millj. kr.: Kemur þá ekki fram einhver annar vandi eða spursmál, sem þarf að sjá við eða athuga í upphafi? Og hér á ég við það, hvaða áhrif þessar ráðstafanir séu líklegar til að hafa á hag landsbúa yfirleitt. Og þá sérstaklega á verðgildi peninga og þeirra verðbréfa, sem eru í umferð innanlands. Það er jafnvel þýðingarmest að hafa fyrirfram tryggt verðgildi þeirra peninga, sem bréfin eru keypt fyrir. Af því að það verður að gera ríkisskuldabréfin að peningum.

Fyrsta spurningin er þá sú, hvað verður um verðgildi íslenzkrar krónu? Þessa spurningu vil ég biðja hv. flm. þessa frv. að athuga og gefa mér og hv. þd. upplýsingar um, hvaða grein þeir vilja gera fyrir þessu. Ef þetta mál nær fram að ganga, sem líkur benda til, hvaða áhrif mundi það hafa á verðlagið? Vill kreppunefndin gera svo vel og skýra það?

Í öðru lagi vildi ég mega spyrja, þar sem svo róttækar ráðstafanir virðist eiga að gera, fyrst og fremst til aðstoðar bændum og til fyrirgreiðslu þeim, sem eiga skuldir hjá bændum, er þeir þurfa að innheimta, aðrar en þær, sem tryggðar eru með fasteignaveðum, ég vil spyrja: má ekki vænta þess, að aðrir, sem hafa við samskonar erfiðleika að búa, fái einhvern hliðstæðan stuðning?

Mér koma til hugar t. d. þeir menn, sem hv. frsm. gat um, að felldir hefðu verið niður úr frv., af því að þeir lifa ekki eingöngu á landbúnaði, en stunda jafnframt aðra atvinnu og þurfa engu síður stuðning en bændurnir. Eða er það tilgangurinn, að þetta frv. nái svo langt, að veita þeim mönnum stuðning, sem fást við útgerð? Það er vitanlegt, að fjöldi útgerðarmanna eru álíka illa settir eins og bændurnir. Eru líkur til, að þeir geti einnig notið góðs af þessum lögum? Ég á ekki aðeins við smáútgerðarmenn, heldur ýmsa framleiðendur, sem eru búsettir í kaupstöðum og kauptúnum víðsvegar um land. Sjálfsagt hljóta allir að viðurkenna, að það muni vera heppilegast að veita öllum í einu lagi þessa nauðsynlegu aðstoð, það er að segja öllum framleiðendum í landinu.

Ég er hræddur um, að ef hv. n. getur ekki sýnt fram á það, að smáútgerðarmenn og framleiðendur í þorpum og kaupstöðum eigi líka að hafa gagn af þessum lögum, þá muni þeir koma á eftir, telja sig hafa verið afskipta, og krefjast samskonar stuðnings frá því opinbera. Þess vegna óska ég eftir upplýsingum um, hvort það eigi með þessu að veita öllum framleiðendum aðstoð, eða aðeins þeim, sem lifa eingöngu á landbúnaði. Ég er ekki frá því, að það megi með nokkurum líkum segja, að þetta frv. geti einnig komið hinum að nokkru gagni. En ég vil gjarnan fá að vita, með hverjum hætti það er hugsað, og óska ég að hv. n. geri grein fyrir, hvort hún ætlast til, að það gerist af sjálfu sér sem afleiðing af frv., eða hvort til þess muni þurfa sérstakar viðbótarráðstafanir í frv., og hvaða trygging sé þá fyrir því, að þær verði gerðar.

En svo er það ein spurning enn, sem mér hefir dottið í hug. Er nú kominn sá rétti tími til þess að gera þessar ráðstafanir? Er ekki unnt að fresta því um eitt ár eða svo? Verður ekki hjá þessu komizt lengur? Er það áreiðanlegt, að bændur geti ekki komizt á réttan kjöl aftur, nema þeim verði veitt þessi aðstoð nú? Mig langar að vita, hvort líkur séu til, að þeir þurfi á meiri hjálp að halda, og

hvort ástandið versnar, ef þessu yrði frestað um 1 eða 2 ár.

Það er augljóst, að ef það reyndist svo eftir 1 eða 2 ár, að þessi aðstoð hefði verið óþörf, þá væri það vitanlega betra, að þetta spor hefði ekki verið stigið. — Ég er því principielt samþykkur, að ríkið veiti framleiðendum aðstoð til þess að komast fram úr núverandi örðugleikum, og að það geti komið að góðu gagni, ef það er viturlega gert, á réttum tíma og á réttan hátt.

Ég skal játa það, að í þeim skýringum, sem fylgja þessu frv., er mikill fróðleikur, og sýnilega hafa þær kostað mikla vinnu, en þær gefa mér ekki skýr svör við neinu af því, sem ég hefi hér spurt um. Þær upplýsingar, sem í þeim kunna að felast, eru annars eðlis en það, sem fyrir mér vakir í þessu sambandi. En svo er eitt enn: Væri ekki hægt að framkvæma þetta á miklu einfaldari hátt heldur en gert er ráð fyrir í frv.? Út í það atriði skal ég ekki fara frekar nú við þessa umr., af því að það er sérstaklega fyrirkomulagsatriði. En það er augljóst, að þetta er svo stórt og afdrifaríkt mál fyrir alla landsmenn, bæði þá, sem búa í sveitum og bæjum, að ef hægt er að benda á eitthvert atriði, sem komast mætti hjá eða sem leiddi það í ljós, að þetta sé ekki gert á réttum tíma og á réttan hátt, þá verður að athuga það nákvæmlega. Því að hvert misstigið spor í þessu vandamáli getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér, öllum til tjóns. Af þeim ástæðum, sem ég hefi tilgreint, óska ég eftir frekari upplýsingum um þetta mál frá þeim mönnum, sem mest hafa um það fjallað og gert sér nánari grein fyrir því. Og vænti ég að þeir svari spurningum mínum skilmerkilega áður en málið verður afgreitt úr þessari þd.

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að hv. 2. þm. Reykv. Hann vildi halda því fram, að það hefðu aldrei fallið nein orð hjá sér eða sínum flokki í umr. um norsku samningana, er bæru vott um kala í garð bænda eða kæruleysi um þeirra hag og sem ástæða væri til að taka illa upp. Ég vil aðeins minna hv. þm. á það, að í blaði því hér í bænum, sem hann ber sérstaklega ábyrgð á, Alþýðubl., var 15. þ. m. farið svohlj. orðum um samningana og þingmenn þá, er greiddu þeim atkvæði: „Þær lyddur (þ. e. alþingismennirnir), sem nú hafa svikið land sitt og stolið rétti landsmanna til gæða landsins handa útlendum ásælnismönnum, mun hverju íslenzku skólabarni kennt að hata og fyrirlíta í framtíðinni". (HV: Þetta er alveg satt og það verður munað). Þetta ber vott um frámunalega ósvífna agitation og kaldranalegt hugarfar í garð bænda, samfara einstöku ábyrgðarleysi gagnvart landbúnaðinum eða markaðsmöguleikum annars af aðalatvinnuvegum landsmanna.

Þá eru það nokkur atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem ég finn ástæðu til að víkja að nokkrum orðum. Hv. þm. minntist á, hvaða áhrif þessar hjálparráðstafanir mundu hafa á atvinnu og fjármálalífið í landinu, þegar 12 millj. kr. yrði varið til þess að greiða úr skuldamálum bænda. Var að heyra á hv. þm., að það myndi hafa áhrif á verðgildi peninga og verðbréfa í landinu. Ég er honum sammála um þetta, að ef þessar ráðstafanir væru þess eðlis, að þær verkuðu sem ný seðlaútgáfa, þannig að þessum 12 millj. kr. væri kastað út í viðskiptin sem nýjum peningum, þá væri fullkomin ástæða til að spyrja, hvaða áhrif það hefði á gengi peninganna og verðgildi verðbréfa í landinu. En ég vil vekja athygli á því, að framkvæmd þessara ráðstafana, sem í frv. felast, verkar alls ekki eins og ný seðlaútgáfa; hér er ekki um annað að ræða en tilfærslu á skuldum. Þeir peningar, sem ríkið leggur fram til þessara hluta, verða innleystir á rúmum 40 árum með 1/40 hluta á ári. Með þessum peningum á nú að greiða þær skuldir, sem þegar eru orðnar fastar, en eru bændum óbærar, og festa þær að vísu aftur á öðrum stað með miklu betri afborgunarkjörum fyrir bændur. Það á að festa það fé á nýjum stað, sem þegar er fast, en lántakendurnir fá ekkert af þessu fé í sínar hendur. Þess vegna hygg ég, að sá ótti, sem hv. 4. þm. Reykv. ber í brjósti út af því, ef hér væri verið að kasta út nýjum peningum á markaðinn, sé ástæðulaus og ekki á rökum byggður.

Hér er aðeins verið að konvertera gömlum og óhagstæðum lánum, sem þegar eru föst, í ný og hagstæðari lán; eða m. ö. o. það er verið að breyta lánskjörunum og festa skuldirnar á öðrum stað.

Þá beindi hv. 4. þm. Reykv. þeirri spurningu til bændanefndarinnar, hvaða ráðstafanir hún hefði hugsað sér til styrktar öðrum framleiðendum í landinu en þeim, sem stunda landbúnað eingöngu. Og það er eðlilegt, að sú spurning komi hér fram. En ég vil benda hv. þm. á það, sem hæstv. atvmrh. sagði, að það er áreiðanlegt, að bændastéttin ber nú langminnst úr býtum allra stétta í landinu. Á síðastl. ári varð verðfallið á landbúnaðarafurðum langtum meira en á öðrum innlendum vörum, þannig að bændur hafa nú lítið eða ekkert kaup fyrir sitt strit við búreksturinn. Ennfremur skal ég geta þess, að bændanefndin hafði það afmarkaða verkefni að athuga afkomu og skuldir bænda, sem stunda landbúnað, en ekki annara. Hinsvegar er það vitanlegt, að kreppunefndin, sem þessi hv. þd. hefir skipað til þess að athuga þessi mál, hún á auðvitað að starfa á víðtækara grundvelli. —

Þá spurði hv. 4. þm. Reykv. um það, hvort nú væri kominn sá rétti tími til þess að framkvæma þær ráðstafanir, sem í frv. felast, að gera upp skuldir bænda. Ég skal fúslega játa, að um það er ekkert hægt að fullyrða, það sést betur síðar. Við getum ekki dæmt um það til hlítar, hvort það hefði átt að vera búið að gera þessar ráðstafanir, hvort hinn rétti tími er nú, eða ekki fyrr en síðar. En það vil ég undirstrika, sem nákunnugur maður þeirri bankastofnun, sem á mest lánsfé bundið hjá bændum í landbúnaðinum, að því er nú þannig varið, að ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir, þá hlýtur bankinn að láta fara fram nauðungarsölu á ákaflega mörgum fasteignum í sveitunum. Þess vegna álít ég ekki um annað að ræða en að framkvæma nú þegar þær ráðstafanir, sem kostur er á. Að öðrum kosti má búast við stórkostlegri röskun á þeim grundvelli, sem bankastofnanirnar hafa starfað á.

Að lokum gat hv. 4. þm. Reykv. um það, að benda mætti á einfaldari og óbrotnari leiðir til þess að framkvæma þær ráðstafanir, sem frv. fjallar um. Það skyldi gleðja mig, ef bent yrði á einfaldari leiðir í þeim efnum, og mundi enginn verða fúsari en ég að taka þær til greina. En þar sem hv. þm. gerði ráð fyrir að víkja nánar að því við 2. umr., þá skal ég ekki fara fleiri orðum um það nú.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Þá er nú loks fram komið þetta frv., sem lengi hefir verið vísað til, um lausn á kreppuvandræðunum, og verð ég að segja, að mér hefir ekki enn unnizt tími til að athuga það svo vel, að ég sé búinn að skapa mér fasta skoðun um það. En sú úrlausn, sem í frv. er fólgin, snýr eingöngu að þeim þætti kreppunnar, sem veit að bændastéttinni, og þó aðeins skuldamálum bænda. Hinsvegar þykir mér þó rétt í þessu sambandi að benda á þau sinnaskipti, sem nú eru fram komin í þessu efni hjá hinum tveimur ráðandi flokkum þingsins síðan 1931. Ég minnist þess, að við Alþfl.menn fluttum á sumarþinginu 1931 frv. um sérstakar ráðstafanir vegna atvinnukreppunnar og afleiðinga hennar. Þær ráðstafanir voru miðaðar við þriggja ára tímabil. Í þessu frv. var gert ráð fyrir fjárframlögum til atvinnubóta, og ýmissa opinberra framkvæmda og til byggingarsjóða verkamanna. Þessi fjárframlög voru áætluð sumpart úr ríkissjóði, ca. 6½ millj. kr., sumpart atvinnubótalán, ca. 1½ millj. kr., í þriðja lagi frá sveitar-, sýslu- og bæjarfélögum, ca. 1½ millj. kr. og í fjórða lagi frá byggingarsjóðum og einstökum mönnum, ca. 1½ millj. kr. Hvorutveggja á móti framlögum ríkisins til atvinnubóta og verkamannabústaða. Samkv. frv. voru því samtals áætlaðar 11 millj. kr. til atvinnubóta að nauðsynlegum framkvæmdum. Þegar þetta kom fram, datt ofan yfir flesta þm. Þessa upphæð fannst þeim ómögulegt að leggja fram í þessu skyni, af því að hún væri svo gríðarlega há. Það mátti ekki nefna hana á nafn í sambandi við getu þjóðfélagsins, svo hneykslaðir voru hv. þm. þá yfir því. En eins og hv. 2. þm. Reykv. benti á í ræðu sinni, héldu ýmsir hv. þm. því fram á Alþingi 1931, að það

væri engin kreppa hér á landi, og aðrir töluðu um, að það sæist einungis votta fyrir henni. Síðan eru nú liðin h. u. b. 2 ár. Og nú flytja þessir sömu þingflokkar frv. um að ráðstafa ekki 11 millj., heldur 12 millj. kr. til að greiða úr kreppuvandræðunum. Og þessi upphæð á ekki að koma frá fjórum aðilum, eins og ætlast var til í frv. okkar Alþfl.manna, heldur eingöngu úr ríkissjóði. Og það á ekki að ráðstafa þessum 12 millj. kr. til aðstoðar öllum almenningi í landinu, heldur aðeins ca. ⅓ hluta þjóðarinnar, bændunum. Þó verður að líta svo á, að ástæður séu harla ólíkar nú en þá var, að því er snertir tekjumöguleika ríkissjóðs. Samkv. fjárl.frv. stj. er tekju- og eignarskatturinn talinn 100% lægri nú en þá, og vöru- og verðtollurinn nálega þrefalt lægri en 1931.

Ég tel, að sinnuleysi þingflokkanna á þinginu 1931 sé nú að koma öllum landsmönnum í koll. Þess vegna verður nú að stofna til miklu dýrari ráðstafana gegn afleiðingum kreppunnar en ella, sem þó gera minna gagn en þær ráðstafanir, sem við Alþflmenn fluttum þá till. um. En það tjáir ekki að sakast um orðinn hlut. Ég gat þó ekki stillt mig um að gera nokkurn samanburð á þessu vegna þeirra umr., sem orðið hafa um kreppumálin. Og jafnframt vildi ég benda á það, sem nú liggur ljóst fyrir, að samkv. þessu frv. á að ráðstafa 12 millj. kr. úr ríkissjóði aðeins til hjálpar ⅓ hluta þjóðarinnar, bændunum. Það er 1 millj. kr. meira en við lögðum til 1931, að varið yrði til stuðnings öllum almenningi í landinu, og átti þá að greiðast af fleiri aðiljum; en nú er greiðslugeta ríkissjóðs a. m. k. tvöfalt minni en hún var 1931.

Ég saknaði þess mest úr ræðu hv. frsm., að hann skyldi ekki gera neina tilraun til þess að áætla, hvaða baggar væru bundnir ríkissjóði með þessu frv.; og í grg. frv. er enginn stafur, sem bendir til þess. Hvort það er látið ógert af ásettu ráði, skal ég engum getum leiða að. Gert er ráð fyrir, að samkv. 3. gr. frv. að gefa út skuldabréf, allt að 8 millj. kr., tryggð með ríkisábyrgð, og eru þau höfuðstóll kreppulánasjóðs, auk framlags þess, sem um getur í 2. gr., 2 millj. kr., er ríkissjóður leggur fram á árunum 1934—1940, og þeirra vaxtagreiðslna, sem búnaðarbankinn á að inna af hendi til ríkissjóðs á sama tímabili, er nema 2 millj. kr. Þetta eru samtals um 12 millj. króna. En hvað kemur svo heim aftur úr lánunum í ríkissjóð af þessum peningum? Um það er ekkert hægt að áætla nú. En eitt er víst, að það verður ekkert fyrr en eftir 1940.

Það virðist vera vendilega falið samkv. frv., hvað ríkissjóður á að leggja fram árlega og hvað þessar ráðstafanir í heild koma til með að kosta ríkið. Ég hefi reynt að gera mér lítilsháttar grein fyrir því. Og mér skilst, að samkv. 1. gr. frv. verði það 260 þús. kr. á ári í 7½ ár, eða samtals 1950 þús. kr. Samkv. 2. gr. 300 þús. kr. í 7 ár, samtals 2100 þús. kr. Vextir af 8 millj. kr. 360 þús. kr. í 6 ár, samtals 2160 þús. kr. Loks inndráttur bréfanna 200 þús. kr. í 6 ár, samtals 1200 þús. kr. Þetta eru 1120 þús. kr. árlega, samtals 7410 þús. kr. til 1940. Þessar 1120 þús. kr. verður ríkissjóður að leggja fram árlega til þessara ráðstafana af tekjum sínum, en hvað mikið það kann að verða eftir 1940 er ekki gott að segja, af því að það er ekki hægt að áætla, hvað mikið kemur inn aftur. Til þess að ríkissjóður verði skaðlaus, þarf hann að fá endurgreitt a. m. k. ½ millj. kr. árlega, 200 þús. kr. í afborgun og 300 þús. kr. í vexti og vegna inndráttar á bréfunum. Nú hygg ég, að það séu engar líkur til, að hægt sé að gera ráð fyrir þessu. Því að samkv. 25. gr. er ætlast til, að úr kreppulánasjóði sé stjórninni heimilað að leggja fram 1½ millj. kr. sem beinan styrk, en ekki lán, til ýmissa greina landbúnaðarins, þannig að öll lánsupphæðin svarar til 10½ millj. kr. Hér mega því ekki verða vanhöld á endurgreiðslum, en náttúrlega lækkar vaxtabyrðin árlega eftir því sem afborganir greiðast. Ég ætla því, að engum geti blandazt hugur um það, að þetta eru gífurlega mikil fjárútlát, sem ríkissjóði eru þarna bundin, þegar þess er gætt, að með þessu er ekki annað gert, eins og hv. frsm. réttilega tók fram, en að færa skuldirnar til, frá núverandi skuldareigendum og yfir á ríkissjóð. Hér er ekki gerð hin minnsta ráðstöfun til þess að gera afkomumöguleika landbúnaðarins

betri, að undanteknu því, sem virðist hafa villzt inn í 25. gr., að heimilt sé að veita bændum styrk til að kaupa karakúlafé (MG: Er ekkert um kjötið?) Það stendur, að það megi veita bændum styrk, svo að þeir fái 60 aur. fyrir hvert útflutt kílogramm af I. og II. flokks dilkakjöti. Það er hreinn styrkur og er mótsögn við það, sem frsm. n. sagði, að bændur vildu ekki styrk og n. vildi ekki veita þeim styrk. Hér er um hreinan styrk að ræða, en snertir ekki framtíðarafkomu landbúnaðarins. Í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að taka upp ummæli hv. frsm. í sambandi við styrkveitingar til bænda: Ýmsir hafa viljað veita bændum styrk. Bændanefndin hefir verið þessu mótfallin. Bændanefndin treystir sér ekki til að mæla með styrk til bænda. Ég veit ekki, hversvegna hv. frsm. segir þetta; ég veit ekki, hvernig hann skilur íslenzkt mál, en verði þetta frv. samþ. á að veita bændum styrk, sem nemur um 7½ millj. kr. til ársloka 1940, og sé gert ráð fyrir, að þetta verði gert til þess að hjálpa 2 þús. bændum, er það ekki minna en 3750 kr. styrkur á hvern einstakan bónda, sem ríkissjóður leggur fram, og að segja samtímis og þetta frv. er flutt, að n. sé á móti því, að bændum sé veittur styrkur, er hið mesta öfugmæli. Ég skal játa, að ég er samþykkur því, að gerðar verði stórfelldar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu bænda, enda er það engin skömm fyrir bændastéttina frekar en aðrar stéttir, að þiggja styrk í sinni lífsbaráttu. — Ég hefi talið rétt að gera nokkra grein fyrir þeim böggum, sem ríkissjóði verða bundnir, ef þetta frv. verður lögtekið, umfram það, sem hv. frsm. taldi þörf á að gera í sinni ræðu. Það er ekki til neins að neita því, að hér er um stórfellda upphæð að ræða, sem ekki á að koma nema mjög takmörkuðum fjölda manna að notum, því eftir skýrslum n. eru það ekki nema um 2 þús. bændur af um 6½ þús., sem gert er ráð fyrir, að styrkja þurfi í þessum efnum. Það eru hvorki meira né minna en 3750 kr. á hvern einstakan af þessum bændum, sem ríkissjóður leggur fram til ársl. 1940 til þess að rétta hag þeirra. Í sambandi við störf n., sem án efa hafa verið mikil, og skýrslur hennar, sem að ýmsu leyti eru merkilegar og fróðlegar, hefði ég gaman af að fá nokkrar upplýsingar. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. frsm. geti svarað fyrirvaralaust, en mér þykir samt rétt að minnast á það. Fyrst vildi ég mega segja, að því fer fjarri, eins og hv. frsm. benti á, að þessar skýrslur munu ekki vera absolut réttar. Þau gögn, sem n. hefir haft til að vinna úr, eru fengin úr svo mörgum áttum og munu ekki að ýmsu leyti vera það ábyggilegar, að það sé mögulegt að semja skýrslur sem þessar þannig, að þær gefi réttar upplýsingar um hag bænda. Hitt er efalaust rétt hjá hv. frsm., að skýrslurnar sýna hag bænda ekki verri en hann er í raun og veru. Mér finnst, að n. hefði átt að athuga, hvernig skuldaskiptum bænda innbyrðis er háttað. Skuldir bænda við einstaka menn eru taldar að vera í skýrslunni um 7700000 kr. Það er enginn vafi á því, að býsna mikið af þessum skuldum eru skuldir bænda við bændur, og getur skipt nokkru máli að fá að vita, hvernig í þeim skuldaskiptum liggur.

Þá lét hv. frsm. þau ummæli falla í sambandi við ríkiseign á jörðum, að ýmsir vildu nota sér kreppuna til þess að svipta bændur óðulum sínum, þó að hann orðaði það ekki svo, og fullyrti, að hann væri sannfærður um, að sjálfsábúðin væri farsælust. Ég vil spyrja hv. frsm., hvaðan hann hafi þessa sannfæringu. Nú liggja fyrir skýrslur um efnahag bænda. Hefir hann athugað efnahag sjálfsábúðarbænda í sambandi við hag leiguliða, sérstaklega leiguliða á opinberum jörðum? Ég álít sjálfsagt, að þetta sé athugað, og vil mega vænta þess, að n., úr því að hún er að fella dóma í þessum efnum, hafi athugað þetta atriði og annað í sambandi við leigukjör á opinberum jörðum, því að það er á valdi þingsins að breyta þeim. Ég vil segja, án þess að ég skuli fara mikið út í þá sálma, að mér er kunnugt um, að fjöldi bænda er þeirrar skoðunar, að einlægasta leiðin til þess að leysa kreppuvandræði bænda yrði sú, að jarðirnar yrðu keyptar af bændum, greiddar með ríkisskuldabréfum, lögleiddum gjaldeyri til að borga skuldir svo og svo gamlar, eins og gert er ráð fyrir í frv. Eftir skýrslunum eru skuldir

bænda 33 millj. kr. eða talsvert lægri en fasteignamatið á jörðunum í landinu. Ef jarðirnar yrðu keyptar af því opinbera og andvirðið notað til greiðslu á skuldunum, yrði heildarútkoman sú, að bændur ættu bústofn sinn í heild jafnvel skuldlausan og fengju sæmilega ábúð á jörðunum. Ég skal ekki fara frekar út í þessa sálma, því eins og sakir standa í hv. d. er þýðingarlaust að tala um þetta. — Ennfremur er eitt atriði, sem mér hefði fundizt mikil ástæða til að n. hefði athugað: Hvaða mismunur væri á hag bænda, þar sem kaupmannaverzlun hafi verið eingöngu eða kaupfélagaverzlun. Ef það skyldi sýna sig, að hagur bænda væri betri yfirleitt, þar sem önnur hvor teg. þessara verzlana er rekin, þá væri það vísbending um, hvora verzlunaraðferðina ætti frekar að styðja. Tveir af nefndarmönnunum hafa mikla trú á kaupfélagsskapnum, og er sennilegt, að þeir hafi notað aðstöðu sína til þess að fá einhvern fróðleik, sem geti haft mikla þýðingu fyrir afkomu bænda.

Ég get að nokkru tekið undir orð, sem hv. 4. þm. Reykv. lét falla, hvort nú sé heppilegasti tíminn til þess að gera bændurna upp, því að það, sem farið er fram á í frv., er í raun og veru ekkert annað en að á 18 mán. verði efnahagur bænda gerður upp, miðað við það, sem sjóðsstj. eftir atvinnuástandinu þykir fært að leggja á þeirra herðar. Ég er ekki viss um, að skynsamlegt sé að slá því föstu nú, þar sem vitað er, að allt er á huldu um okkar viðskipti út á við. Samningarnir við Breta eru ekki ennþá komnir á, og mér er sagt, að litlar horfur séu á, að þeim verði lokið að fullu meðan þetta þing sitji. (TrÞ: Það er víst). Hv. frsm. segir, að það sé víst, að samningunum verði ekki lokið, meðan þetta þing situr. Undir því að samningar takist fer að miklu leyti, hvernig afkoma landbúnaðarins verður, og hvort nokkurt vit er í því að reka landbúnað með það fyrir augum að flytja kjötframleiðsluna á erlendan markað. Með norsku samningunum, sem hv. frsm. er ákaflega upp með sér af, er landsmönnum tryggt að flytja út, fyrst ofurlítið meira, en síðar 6 þús. tunnur af kjöti árlega. Mér er sagt, að ef lægsti Ottawakvótinn væri látinn gilda fyrir okkur Íslendinga, væri kjötmagnið, sem við mættum flytja til Englands, svo lítið, að miðað við núverandi verðlag næmi andvirðið ekki nema 350 þús. kr. á ári. Það er að minni hyggju mjög svo vanhugsað að reka landbúnað í stórum stíl hér á Íslandi með það fyrir augum að framleiða kjöt til útflutnings, og við verðum nauðugir viljugir að reyna að sveigja landbúnaðinn inn á einhverjar aðrar brautir. Ég er ekki með neinar spásögur um, hvernig fer í þessum efnum, en slæ því föstu, að þetta er allt á huldu, og að það sé varhugavert að gera heildaruppgjör á bændum nú, meðan svo óvíst er um framtíðarhorfurnar. Því má ekki gleyma, að það er mikilsvert fyrir bændur að fá fasta samninga um skuldir sínar, en sölumöguleikarnir eru þó aðalatriðið. Í kreppufrv. því, sem við Alþýðuflokksmennirnir höfum borið fram, er ekki gert ráð fyrir heildaruppgjöri, heldur er gert ráð fyrir ráðstöfunum til þriggja ára til þess að fleyta mönnum fram þetta tímabil og sjá svo, hverju fram vindur; þó skal ég geta þess, að að sumu leyti mundi það vera jafnvel mikill fengur að fá þetta uppgjört fljótt og jafnvel strax, og tel ég, að það sé hægt einmitt á þeim grundvelli, sem lagður er í þessu frv. En það verður að gera á því nokkrar breyt. Í 19. gr. er gert ráð fyrir, að lausaskuldum sé breytt í þessi föstu kreppulánasjóðslán, sem heimilt er að veita til 42 ára; afborganir og vextir 5 af hundraði. Mun þetta svara til þess, að vextirnir séu eitthvað 3% p.a., en hitt færi í afborganir. Vextirnir eru þá helmingi lægri en almennir bankavextir eru nú og lánin veitt til 42 ára. Það segir sig sjálft, að þetta eru ódýrari og betri lán en hægt er að fá annarsstaðar, að undskildu því fé, sem Byggingar- og landnámssjóður ræður yfir. Þetta eru vildarkjör. Nú virðist mér, að ef þetta frv. yrði afgreitt, þá væri vel gerlegt að hafa þetta hundraðsgjald ekki fastákveðið, heldur breytilegt eftir því, hvernig verðlag á afurðum bænda væri, hækkandi, ef verðlag færi hækkandi, og hugsanlegur möguleiki er sá, að ef verðlag færi lækkandi, væri hægt að færa hundraðsgjaldið eitthvað niður á við. Ég skal einmitt benda á í þessu sambandi, að ef þetta er

gert „absolut“, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá er framið stórkostlegt misrétti á fjölda manna. Við skulum taka t. d. bónda, sem á stórt bú, nýbyggð hús, stóra jörð, og að hann hafi lagt mikið í jarðabætur og annað þesshättar. Nú á að fara að gera þennan bónda upp, miðað við verðlag 5—6 kr. á dilk og verðlag á húsum. Það er á valdi sjóðsstj. að meta allt, sem er þáttur í framleiðslustarfseminni. Við skulum segja, að miðað sé við 5 kr. á dilk, og að bóndinn hefði ekkert af veðskuldum fyrir, svo að hann fengi afslátt af öllum skuldum, og skuldunum breytt í lán til 42 ára með 5% í vexti og afborganir, og ef hann hefði einhverjar veðskuldir, þá fengi hann t. d. ⅔ af sínum skuldum breytt í lán til 42 ára með 5% í vexti og afborganir. Nú skulum við segja, að verðlag færðist upp á við svipað því og það var 1930, dilkurinn kæmist upp í 10 kr., og þá er bersýnilegt, að þarna hefir þessum manni verið gefið stórfé. Hann er orðinn á okkar mælikvarða efnaður maður, ef hann hefir mikið undir höndum. Niðurstaðan verður sú, að kotbændurnir, sem lítið eða ekkert eiga til, fá mjög lítil fríðindi, en stórbændunum, sem eiga stórar jarðir, mikil bú og mikil hús, þeim verður gefið stórfé, ef verðlag fer hækkandi (MG: Stendur ekki eitthvað um þetta í frv.?). Það stendur í 2. mgr. 19. gr. með leyfi hæstv. forseta: „Þó skal það áskilið, að ef efnahagur lántakanda breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma, að dómi sjóðsstjórnar, þá geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu“. „Hærri afborganir“ þýðir, að hann eigi að borga lánið fyrr upp; borga það á skemmri tíma. (MG: Þetta er enginn munur). Það er það sorglega við þetta, að ef við lítum yfir bændastéttina í landinu, þá eru sumir hverjir þeir bændur verst staddir, sem mest hafa undir höndum, sem hafa byggt stærstu húsin, ráðizt í mestu jarðabæturnar og hafa 300—400 fjár. Ef þeir eru gerðir upp, miðað við 5 kr. á dilk, og verðlag fer síðan upp á við, þá er búið að gefa þessum mönnum tugi þúsunda, en kotbóndinn, sem lítið hefir á milli handanna, fær ekkert eða sama og ekkert, og þessar „gjafir“, ef verðlag breytist á þennan hátt, eru teknar af landsmönnum öllum með sköttum og skyldum, af verkamönnum, sjómönnum og fátækum útgerðarmönnum, sem berjast í bökkum. Ég tel, að það mætti setja undir þennan leka með því að hafa hundraðsgjaldið breytilegt eftir verðlaginu. Það verður að vera trygging fyrir því, að einstökum mönnum séu ekki gefnar stórgjafir að þarflausu. Ég tel fráleitt að samþ. frv., að 19. gr. óbreyttri. Skal ég ekki fara nánar út í það að þessu sinni, en ég geri ráð fyrir, að síðar verði rætt um þetta atriði sérstaklega. Það er annað höfuðatriði í þessu frv., sem ég hefi á móti, en náttúrlega á ekki n. sök á því, heldur fyrst og fremst hæstv. stj., því að verkefni n. var, eins og hv. frsm. gerði grein fyrir, mjög skýrt ákveðið með skipunarbréfi stj., og ég geri ráð fyrir, að hún hafi fylgt því. Það, sem ég á við, eru ákvæði 4. gr., sem ég vil leyfa mér að lesa upp með leyfi hæstv. forseta: „Fé sjóðsins skal varið til lánveitinga handa bændum og öðrum, er reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, með þeim nánari skilyrðum, er í lögum þessum greinir“. Þ. e. a. s. að kreppulánasjóðurinn, sem ekki er kallaður kreppulánasjóður bænda, er eingöngu hugsaður til styrktar bændum, engum öðrum en þeim, sem hafa helming eða meira af tekjum sínum af landbúnaði. Ég skal geta þess, að þetta hefir verið rætt á einum fundi í kreppunefnd, og þá var gert ráð fyrir, að frv. næði einnig til sveitapresta, og „mótiveraði“ einn nefndarmanna það þannig, að þetta væru „bændur“, „sem rækju prestskap“, þó að þetta væri sagt í spaugi. Mér finnst það höfuðgalli á frv., að það er eingöngu miðað við bændur. Ég tel einmitt þörf á að setja löggjöf, svipaða þessari, sem nái til miklu fleiri manna en bænda. Ég tel, að hjá smáútgerðarmönnum, sem ekki hafa átt jafngreiðan aðgang að fasteignalánum eins og bændurnir, sé a. m. k. jafnrík þörf í þessum efnum. Eins þýðingarmikið og það er fyrir bóndann að geta haldið jörð og búi til þess að geta séð fyrir sér og sínu fólki, eins þýðingarmikið er það fyrir smáútgerðarmanninn að geta haldið sínum bát. Ef bændur eiga rétt á stuðningi, þá eiga smáútgerðarmenn

sama rétt og sömu kröfu til þjóðfélagsins í þessum efnum, og það sem sagt hefir verið um bændur og smáútgerðarmenn, gildir einnig um handiðnaðarmanninn, sem berst í bökkum vegna kreppunnar. Ef hann er sviptur sínum áhöldum, þá er hann eins settur eins og bóndinn, sem er sviptur jörð og skepnum. Hann verður að bætast í hóp atvinnuleysingjanna, ef hann getur ekki fengið daglaunavinnu hjá öðrum. Þetta gildir einnig um þá verkamenn, sem hafa eignast fasteign til eigin nota, verkamenn, sem hafa lagt upp af kaupi sínu 1—2 þús. kr. og hafa með því móti getað eignazt hús yfir höfuð sér. Ef verkamaðurinn þarf að ganga atvinnulaus svo mörgum mánuðum skiptir á hverju ári, þá hefir hann ekki fé yfir að ráða til þess að geta greitt vexti og afborgair, og það getur orðið til þess að gera hann ósjálfbjarga mann. Hann á nákvæmlega sama rétt eins og bóndinn til þess að fá styrk eða hjálp frá því opinbera. Ég verð að segja, að mér finnst það ósæmilegt af hæstv. stj., að þegar hún ber fram svo stórfellt frv. og þetta og þegar hér er farið fram á svona mikil útgjöld úr ríkissjóði til styrktar tiltölulega fáum mönnum, þá skuli hún ekki samtímis því a. m. k. benda á ráðstafanir til þess að hjálpa mönnum í öðrum stéttum, sem við hliðstæðar kringumstæður búa. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða munur finnst þeim á því, að smáútgerðarmaðurinn þurfi að ganga frá bát sínum og öðru því, sem honum fylgir, sem eru hans starfstæki og möguleikar til að geta séð fyrir sér og sínum og að taka jörðina af bóndanum? Enginn! Eða taka húsið af verkamanninum, svo að hann þurfi að leigja dýrara og verra húsnæði hjá öðrum, og það geti kannske alveg útilokað hann frá því að vinna fyrir sér? Ég tel því, að höfuðbreyt., sem þurfi að gera á þessu frv., sé að breyta ákvæðum 4. gr., þannig að þau nái til fleiri manna en bænda, þeirra, er svipaða aðstöðu hafa. Í öðru lagi, að sú hundraðstala, sem mönnum yrði gert að greiða, yrði ekki fastákveðin, heldur breytileg eftir verðlaginu. Annars verð ég að segja það um 25. gr., að mér finnst hún koma eins og skollinn úr sauðarleggnum. Ég vil skjóta því til hæstv. stj., hvort hún vilji ekki semja sérstakt frv. um það, sem í þessari grein felst.

Ég skal ekki fjölyrða um þau ummæli, sem hæstv. atvmrh. og hv. frsm. létu falla um hug okkar Alþýðuflokksmanna til bænda. Ég verð að segja, að mér þætti fróðlegt að heyra það frá hv. frsm. og hæstv. ráðh., hvað við höfum unnið bændum til óhags á þingi. Hefi ég áður unnið með hv. frsm., og fór hann þá lofsamlegum orðum um þá hjálp, sem við hefðum veitt Framsóknarflokknum. (TrÞ: Þau orð tek ég ekki aftur).

Í sambandi við nefnda samninga verð ég að segja það, að ég held, að hv. þm. Str. og hæstv. atvmrh. séu svona viðkvæmir fyrir málinu, af því að þeir finna, að þeir hafa ekki verið að vinna fyrir bændur með samþykkt samningsins. Svo hvumpnir eru þeir, að þeir kippast við hvenær sem samningurinn er nefndur, og ber það vitni um vonda samvizku.

Í sambandi við orð hæstv. ráðh. og frsm. um ráðstafanir vegna kreppunnar, um atvinnubætur og slíkt, vil ég spyrja hæstv. atvmrh., hvort það hafi verið rétt tekið eftir hjá mér, að hann segðist ekki tala fyrir munn stj., þó að hann teldi sjálfur æskilegt, að stj. gæti varið nokkru fé til atvinnubóta. Finnst mér þetta loðin ummæli og lítilsverð. Þegar farið er fram á svo stór fjárframlög sem í þessu frv., lætur hæstv. ráðh. sér sæma að vera í vafa um það, hvort ástæða sé til að óska heimildar fyrir stj. til atvinnubóta. Veit ég ekki, hvað er óheppilegra en það, ef stj. lítur svo ólíkum augum til hinna ýmsu stétta manna. Það á að leggja fram til þess að hjálpa 2000 bændum, en að það gæti verið æskilegt að hjálpa eitthvað upp á atvinnuleysingjana, á því hefir minna borið. Á síðasta vetri voru meira en 3000 atvinnuleysingjar í kaupstöðum landsins, og er það þriðjungi meira en tala þeirra bænda, sem hér er um að ræða. Þá er rétt ástæða til að athuga, hvort rétt sé að hjálpa. Ég á ekkert orð til yfir slíkt. Sýnir það svo ferlegt skilningsleysi á ástandinu í landinu. Hæstv. ráðh. gat um það fyrir nokkru, að fjvn. hefði hækkað framlagið til vegabóta, til

þess að bæta úr atvinnuleysinu. En síðan var stj. heimilað að taka 25% aftur af fénu til verklegra framkvæmda og er það miklu meira en þessi viðbót fjvn. (TrÞ: Sú ósk kom ekki frá stj.). Kom hún frá hv. þm. Str.? (TrÞ: Já). Verði honum að góðu!

Mun ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en þetta tvennt er það, sem ég hefi aðallega við frv. að athuga: annað það, að miða þessa fjárhagslegu hjálp einungis við bændur, og hitt, að binda þetta við svona ákveðinn tíma. Þessar rannsóknir á hag bændanna eru góðar út af fyrir sig, en þær eiga jafnframt að vera undirstaða undir fjölþættari rannsókn. — Af okkar hálfu nýtur frv. fulls velvilja.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Jafnaðarmenn þeir, sem hér hafa talað, eru reiðir út af því, að í frv. er ekki gert ráð fyrir hjálp til verkalýðsins. Frv. er þannig sniðið, að ekki er hægt að gera ráð fyrir slíku. Málið snýst, eins og líka hv. þm. Seyðf. tók fram, um skuldamál bænda. Er nú til nokkuð hliðstætt þessu, að því er til verkalýðsins kemur? Nei. Og því er ekki við því að búast, að frv. innihaldi ákvæði um það.

Þegar um það er að ræða að veita fé til atvinnubóta, þá er ekki eðlilegt, að ákvarðanir séu teknar um það á hverjum tíma fyrr en séð er, hvert útlitið er. Hér er því allt annað viðhorf. Atvinnubótamálin verður að afgreiða fyrir hvert tímabil í senn, en ekki langt út í framtíðina, eins og þegar um skuldamál bænda er að ræða. Í gildandi fjárl. er fé til atvinnubóta, en þar er ekkert ákveðið um skuldamál bænda. Fjárveitingar til atvinnubóta í fjárl. 1933 eru eftir till. jafnaðarmanna. Gætu þeir því verið óánægðir með það eitt, að slíkt fé væri ekki í fjárl. fyrir 1934, en í því efni skyldu þeir þó ekki bregða stj. um ósanngirni fyrr en í þinglokin. Þykist ég hafa gert nægilega grein fyrir því, hvað því veldur, að enn eru ekki komnar fram till. í því máli. En stj. mun sýna öllum landsmönnum fulla sanngirni, eftir því sem hægt er.

Ég finn, að það andar köldu frá jafnaðarmönnum í garð frv. Þó þykir mér skörin færast upp í bekkinn, þegar hv. 2. þm. Reykv. ávítar eyðslusemi undanfarinna ára, þó að vitanlegt sé, að hann hefir verið aðalhvatamaður þeirrar eyðslu, og hv. þm. Seyðf. vildi jafnvel eyða 11 millj. kr. í viðbót við það, sem þá var gert.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði um fyrirætlanir stj. í ýmsum þeim framkvæmdum, sem hún hefir heimild til. Ég vil þar til svara, að ekki er hægt að framkvæma meira en fé er veitt til í fjárl.

Ég held, að tilgangslaust sé að vera að deila hér um norsku samningana. Þó má benda á, að það ber ekki vitni um mikla ræktarsemi við framleiðendur kjötsins, þegar það er talið einskisvirði, að opnaður sé markaður fyrir allmikið af framleiðslu bænda á tímum eins og þessum, þegar búast má við því, að markaður þrengist mjög annarsstaðar.

Hv. þm. Seyðf. gerði lítið úr frv. og sagði, að það gerði lítið annað en flytja til skuldir bænda. Þetta er ekki rétt. Aðaltilgangurinn er að fá skorið úr því, hverjar skuldir verði að teljast tapaðar, svo að hægt sé að heimta inn hitt. Tilgangurinn er, að ekki verði gefnar eftir aðrar skuldir en þær, sem verða að skoðast sem tapaðar.

Það kemur ekki málinu við, hvort betra sé eða ekki, að bændur eigi jarðirnar sjálfir. Vil ég þó taka í sama streng og hv. þm. Str. Ég hefi séð mörg hundruð jarðir í sjálfsábúð og margar í leiguábúð, og er það sannfæring mín, að sjálfsábúðarjarðirnar séu yfirleitt betur setnar. Væri það því landbúnaðinum til niðurdreps, ef farið væri inn á þá leið, sem hv. þm. Seyðf. stakk upp á.

Þá talaði hv. þm. um, að rétt væri að draga að samþ. frv., því að óvíst væri um ensku samningana. Ég sé ekki ástæðu til að draga samþykktina, en verið getur, að framkvæmd málsins fari nokkuð eftir því, hvernig fer um ensku samningana. Í framkvæmdinni verður hægt að taka tillit til þeirra, því að þá verða þeir fullgerðir. Þá er nokkurnveginn vitað um markaðshorfur í Englandi næstu 3 árin. Verður þá hægt að hafa hliðsjón af þeim í 3 ár og e. t. v. lengur. Annars skoða ég mig ekki sem forsvarsmann frv. og fer því ekki fleiri orðum um það.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Hv. 4. þm. Reykv. talaði sérstaklega um það, hvort réttur tími væri til að gera þá ráðstöfun, sem hér liggur fyrir. Ég lít svo á, að það muni ekki vera til bóta að draga þessa ráðstöfun. Fyrir svo mikilsverðan atvinnuveg sem landbúnaðurinn er skiptir miklu máli, að þeir, sem hann reka, missi ekki móðinn, en það myndi verða, ef ekki væru gerðar einhverjar stórfelldar ráðstafanir. Myndu þá bændur leita frá landbúnaðinum og flýta sér í atvinnuleysingjaherinn í kaupstöðunum. Væru bæjabúar sízt að bættari, ef þeir yrðu að taka á sig þær byrðar, er af því myndi leiða. Ef bændum er haldið í fjárhagskreppu þeirri, sem þeir eru nú í, óttast ég, að þær miklu skuldir, sem á þeim hvíla, muni hafa alvarleg áhrif á viðskiptasiðferði þeirra. En hingað til hefir það sízt staðið að baki viðskiptasiðferði annara stétta.

Þá vil ég víkja nokkuð að ræðu hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Seyðf. Hv. 2. þm. Reykv. bar ekki á móti því, sem ég sagði áður, að ráðstafanir þings og stj. hafi orðið verkalýðnum til bóta. Hann bar ekki á móti því, að það myndi auka atvinnu þeirra, sem við sjó búa, ef eitthvað væri bætt fyrir bændum, svo að þeir gætu greitt verkafólki kaup. Hann bar heldur ekki á móti því, að á þessu þingi hefði verið aukið að nokkru fjárframlag til vegagerðar og farið fram á lánsheimild til vega og brúa. Hann benti að vísu á, að stj. væri veitt heimild til þess að lækka þau útgjöld, er ekki væru lögboðin, um allt að 25%. En stj. hafði ekki sjálf borið fram ósk um þá heimild. Hún hefði fremur kosið, að hv. d. hefði sýnt meiri gætni í afgreiðslu fjárl. að öðru leyti.

Stj. hefir virzt heppilegra að verja fé til vegavinnu og framkvæmda, sem ekki krefjast mikils útlends gjaldeyris, en að verja því í opinberar byggingar og því um líkt, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um, að stj. hefði vanrækt. En meðan svo mjög stenzt á um tekjur og gjöld ríkisins, hefir stj. ekki séð sér fært að ráðast í framkvæmdir, sem engin fjárlagaheimild liggur fyrir um.

Hv. þm. Seyðf. tók á mælsku sinni og sagði, að ég hefði kveðið varlega að orði um, að það mundi athugað áður en afgreiðslu fjárl. væri lokið í Ed. að fara þar fram á heimild til þess að verja fé til atvinnubóta í kaupstöðum. Það er rétt, að ég hafði þarna fyrirvara, en það eru jafnaðarmenn, sem sök eiga á þeim fyrirvara. Ég vildi hafa hann, þangað til nánari upplýsingar væru fengnar um afstöðu flokks þeirra til frv.

Hv. þm. Seyðf. lýsti yfir því, að hann væri vingjarnlega sinnaður í garð þessa frv. Ég lýsi þá líka yfir því, að ég mun sýna þeim till., er hann bar fram um heimild til atvinnubóta í kaupstöðum, vingjarnlegan hug í sama mæli og hann sýnir sig í því að vera vinveittur ráðstöfunum til hjálpar bændum.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Það er rétt, eins og margir hafa þegar tekið fram, að hér er stórt og merkilegt mál á ferðinni, og er sjálfsagt að taka því með tilhlýðilegum velvilja og athugun. En ég vil taka undir þær raddir, sem fram hafa komið, sem eru á þá leið, að frv. þetta sé einhliða lausn á vandræðunum, — ég vil ekki segja að það sé engin lausn, en langt frá því að vera til fullkominna bóta. Þó er rétt að minnast þess, að það er ekki sú nefnd, sem hér er að störfum, sem verður sökuð um það, þó að frv. taki aðeins yfir *einn hóp manna í landinu, sem sé bændurna*, heldur er svo til þess stofnað af hálfu hæstv. stj. Nú hlýtur hæstv. ríkisstj. að vera það vitanlegt, jafnt og henni er það vitanlegt, að mikil vandræði eru hjá bændum, að það er langt frá því að vera vandræðalaust hjá öðrum mönnum í þjóðfélaginu. Það hefir verið minnzt á ýmsar stéttir manna í landinu í þessu sambandi. Ég vil þá lítilsháttar minnast á þá stétt manna, sem mér stendur næst. Það eru útvegsmenn. Mér þykir að vísu nokkuð þröngt til orða tekið, þegar talað er um útvegsmenn, að aðeins sé talað um smáútvegsmenn. Enda tel ég vísast, að þeir, sem tala um það, viti ekki gerla, hvar línuna á þar að draga. En hitt er víst, að bátaútvegurinn hefir lengi orðið við örðug kjör að búa. Og það er nokkuð víst, að einmitt þessi atvinnugrein hefir ekki notið þess stuðnings hjá undanfarandi stjórnum, sem hún hefði átt skilið, og ég vil bæta því við, að framsóknar-

stjórnin stendur í skuld við þessa atvinnugrein. Á þingi 1932, þegar stofnað var til banka fyrir bændur, lofaði forsrh. þáverandi, núverandi þm. Str., beinlínis í þessari hv. d., að það skyldi verða gerð ráðstöfun til þess að koma upp samskonar stofnun fyrir bátaútveginn, og þá peningastofnun, sem þá var um að ræða fyrir landbúnaðinn. Þetta loforð er ennþá óuppfyllt. (TrÞ: Ekki nema að nokkru leyti). Það hefir ekki verið haldið. Ég tel ekki, að myndun Útvegsbankans á rústum Íslandsbanka hafi leyst úr þessum vanda frekar en áður var. (TrÞ: En fiskveiðasjóðurinn?). Fiskiveiðasjóðurinn, segir hv. þm. Str. Það hafði að vísu, eftir mikið nudd, af þáverandi stjórnarandstæðingum tekizt að fá lítilsháttar bót á fiskiveiðasjóðnum. En því skammrifi, sem þá var rétt að sjávarútveginum, fylgdi sá böggull, að nýir skattar voru lagðir á útflutningsvöru sjómanna. Þetta mun hæstv. núverandi forsrh. vel kunnugt, því að hann hugðist þá að leysa þá agnúa, sem þóttu vera á frv. sjálfstæðismanna að því er snerti sjóveð, með því að leggja nýja skatta á sjávarafurðirnar, sem rynni í sjóð, til þess að vinna bug á því ákvæði að heimta ávallt fasteignaveð, þegar lán var veitt úr sjóðnum. (TrÞ: Það var aðeins heimtuð viðbótarprósenta af veittum lánum úr sjóðnum ⅛%). Það var aukin álagning engu að síður. Og það var bent á það, að eins og fiskiveiðasjóðurinn hagaði sínum lánveitingum áður með því að vilja ekki veita lán nema gegn fasteignaveði, þá kom sjóðurinn ekki að notum fyrir þá, sem mest þurftu hans með. En það eru þeir, sem ekki hafa fasteignir á reiðum höndum til þess að veðsetja. Þessi tilraun fyrrv. stj. og núverandi forsrh., um að leysa þennan vanda með þessari aukaprósentu, hefir alveg mistekizt. Mér er ekki kunnugt um annað en að stjórn fiskiveiðasjóðsins, það er að segja stjórn Útvegsbankans, fylgi alveg sömu kröfum nú eins og áður að því er snertir lán úr honum.

Í þessu frv. er m. a. ákvæði um það, að tryggja bændum lágmarksverð fyrir vissan hluta af sinni vöru. Ég er ekki að lasta þetta, en ég vil leyfa mér að leggja þá spurningu fyrir hv. frsm. og hæstv. stj., hvort þeir séu við því búnir að gera eitthvað svipað fyrir bátaútveginn. Eru þeir við því búnir að tryggja einhvern hluta af fiskiframleiðslu landsins á sama hátt og hér er ætlazt til, að gert verði, að því er landbúnaðarafurðir snertir? Hefir stjórnin nokkuð á takteinum til þess að greiða úr vandræðum bátaútvegsins? Það var alveg rétt fram tekið hjá hv. þm. Seyðf., að það horfir jafnörðuglega við hjá bátaútvegsmönnum að missa sína báta vegna skulda, eins og hjá bændum að missa jarðir sínar eða áhöfn. Í báðum tilfellunum eru framleiðslutækin úr höndum mannanna og þar með bjargráðin, a. m. k. í bili, horfin. Þó má ekki skilja orð mín þannig, að ég álíti, að ekki sé þörf á því að hjálpa bændum. Ég er viss um, að þess er mikil þörf, og ég er reiðubúinn að styðja að uppfyllingu þeirra þarfa. En ég vildi aðeins vekja athygli hv. d. á því, að þörfin er víðar. Og þegar svona róttækar og stórfelldar till. er lagðar fram að því er snertir annan aðalatvinnuveg landsins, þá fer ekki vel á því, að ekki sé neitt gert til þess að leysa vandræði hins atvinnuvegarins, sem hér er sjávarútvegurinn. Það er þó vitanlegt, að á þeim atvinnuvegi hvíla, ef svo má að orði kveða, öll fjárframlög þessarar þjóðar. En það hefir einkennt þær stjórnir, sem við höfum haft nú um nokkur síðustu ár, að þær hafa ekki lagt aðra eins rækt við að leysa vandamál sjávarútvegsins eins og vandamál landbúnaðarins. En þetta þarf, ef vel á að vera, hvorttveggja að fara saman, að ógleymdum hinum aðiljunum, sem líka hefir verið minnzt á, verkamönnum og iðnaðarmönnum. Þegar nú loks eftir langa bið, og farið er að síga á síðari hluta þings, að kreppumálin birtast, eða úrræði til þess að leysa úr þeim, þá er það aðeins ein einasta stétt landsins, sem hæstv. landsstj. virðist hafa augun opin fyrir. — Hér á þingi er einhversstaðar á ferðinni till. um það að fella niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Hér eru líka nýkomnar fram frá stjórninni svo róttækar skattatillögur, að slíkt hefir ekki sézt áður hér á þingi. Það var vakið máls á því á síðasta þingi, að stj. gerði ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við rekstur þjóðarbúsins. Um þetta mál urðu allmiklar umr. og ég varð ekki var

við annað en að stj. vildi láta gera ráðstafanir í þá átt, þó hún væri ekki sammála mér og öðrum, sem fluttu þetta mál. Hvað hefir svo skeð? Hafa verið gerðar nokkrar ráðstafanir? Hefir nokkur af hinum óþörfu ríkisstofnunum verið lögð niður? Hafa verið gerðar tilraunir til þess að koma meiri jöfnuði á laun þeirra manna, sem vinna fyrir borgun af opinberu fé? Ég hefi ekki orðið var við nein tilþrif í því efni hjá hæstv. stj.

Ég býst við því, að við þetta frv., sem hér liggur fyrir, komi brtt. í þá átt, að teygja að einhverju leyti þá hjálp, sem á að veita, til fleiri aðilja en nú er gert ráð fyrir eftir frv.

Um leið og ég lýsi því yfir, að ég er fylgjandi því, að bændum sé hjálpað eftir ýtrasta megni, þá lýsi ég því jafnframt yfir, að ég vil styðja hverja þá tilraun, sem miðar að því, að gera meiri jöfnuð á þessa hjálp og sem miðar að því að hjálpa fleirum, sem hjálparþurfar eru, en þessu frv. nú er ætlað að ná til.

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Það hafa verið fluttar allmargar ræður síðan ég talaði áðan, og yfirleitt má n. vera ánægð með þær undirtektir, sem þetta mál hefir fengið hjá þeim hv. þm., sem hafa tekið til máls. Þess vegna þarf ég ekki að segja nema örfá orð.

Aðallega hafa tekið til máls hv. þm. Vestm. og hv. þm. Seyðf., fyrir utan hæstv. ráðh. Eru það aðallega þeir hv. þm. Vestm. og hv. þm. Seyðf., sem ég þarf að snúa máli mínu til. Hv. þm. Seyðf. minntist á mörg einstök atriði í frv., sem mér virðist frekar eiga við að ræða við 2. umr. En það vill nú svo vel til, að hv. þm. Seyðf. á sæti í þeirri n., sem þetta mál fær til meðferðar, og þykir mér það skynsamlegri vinnubrögð, að hann ræði um það við okkur meðnefndarmenn sína a. m. k. fyrst í nefndinni, en að fara nú inn á þau atriði frv. við þessa umr., og þess vegna er ekki ástæða til þess nú að fara inn á einstök atriði frv., af því að þau verða meira og minna tekin til athugunar í n.

Út af því, sem hv. þm. Seyðf. sagði, að hann hefði vænzt þess, að ég hefði gefið frekara yfirlit yfir þann kostnað, sem af þessu leiddi fyrir ríkið, og hvaða léttir þetta yrði fyrir landbúnaðinn, þá vil ég taka það fram, sem ég raunar gerði í framsöguræðu minni, að ég teldi rétt, að gerð yrði nánari grein fyrir því við 2. umr., þegar n. er búin að fara höndum um það, og hvaða till. hún vill taka.

Hv. þm. sagðist taka þessu vinsamlega, og vona ég því, að við getum unnið saman í n.

Hv. þm. Vestm. kom með fyrirspurn til n. um það, hvort n. vildi bera fram till. um lágmarksverð á útfluttum fiski. Það atriði skal verða tekið til athugunar í kreppunefndinni. Annars geri ég ráð fyrir, að það komi fram í grg. fyrir frv., að það atriði, að tryggja bændum lágmarksverð á kjöti, er sett inn í frv. af hæstv. stj. Hæstv. atvmrh. setti það inn í frv., og mér hefir ekki gefizt tími til þess að athuga það sérstaklega, þó ég búist við, að nokkrar breyt. þurfi að gera á því. Er ég þess vegna ekki við því búinn að ræða það að svo stöddu, en það mun verða tekið til athugunar í kreppun.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta öllu lengur, og geri ég ráð fyrir, að málið verði afgreitt til 2. umr.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég skal ekki tefja umr., en vil aðeins segja fáein orð út af ræðu hv. þm. Vestm. Hann kvaðst ekki sjá sparnað hjá landsstjórninni. Ég verð að segja, að þetta er ómakleg ásökun. Ég hefi reynt að spara í minni stjórnargrein, eins og ég hefi talið fært, og ég geri ráð fyrir, að hinir ráðherrarnir hafi gert hið sama. Ég get bent á einstök atriði þessu til sönnunar. Við landhelgisgæzluna hefir verið dregið úr kostnaðinum um ¼ millj. Sömuleiðis hafa sparazt útgjöld til strandferða, sem nemur líkri upphæð. Reyndar hefir þetta að einhverju leyti komið niður á landsmönnum, en hefir verið nauðsynlegt. Ég gæti bent á fleiri dæmi, þar sem reynt hefir verið að spara, en það er fjöldi laga í gildi, sem ákveða mikil útgjöld, og það er ekki hægt að breyta þeim lögum milli þinga. Þannig er um starfsmenn ríkisins, að þeir eru bundnir með samningi, og þess vegna er ekki hægt að lækka laun þeirra í skjótri svipan. Ég hefi sagt upp nokkrum samningum, sem mér virtust ósanngjarnir og

hefi hlotið ámæli ýmsra fyrir. Ég kippi mér ekki upp við það, en bendi á þetta til þess að sýna fram á, að það er ósanngjarnt að saka stjórnina um, að hún hafi ekki reynt að spara.

Hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur, en ég býst við, að hann hafi bætt inn í frv. ákvæðinu um lágmarksverð á landbúnaðarafurðum, af því að sýnt er, að samningarnir við England verða ekki búnir þegar þingi er lokið. Þess vegna er þetta nauðsynlegt ákvæði til þess að bæta bændum upp, ef markaðurinn í Englandi verður mjög slæmur. Þegar það hefir hent sjávarútveginn, að aðalmarkaður hans hefir verið í hættu, þá hefir verið reynt að bæta úr því. Ég minnist þess, að þingið hefir samþ. að breyta íslenzku löggjöfinni, sem þurfti til þess að varðveita markaðinn.

Að öðru leyti er ég ekki óánægður með undirtektir hv. þm. Vestm. í þessu máli, því að ég álít, að hann hafi sýnt því fulla sanngirni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 444, 509, 538, 539).

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Ég vil geta þess fyrst, að kreppun. hefir haft daglega fundi um þetta mál og lagt mikla vinnu í afgreiðslu þess. Ég vil einnig geta þess, að n. hefir geymt sér atriði, er hún ætlar sér að taka til nánari athugunar fyrir 3. umr. Svo er t. d. um stjórn kreppulánasjóðs. Ég gat þess við 1. umr., að gerð mundi verða nánari grein fyrir því, hvað það mundi kosta ríkissjóðinn, ef lánum yrði létt af bændum á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Til þess að upplýsa þetta atriði hefir verið framkvæmd mikil vinna og skýrsla gerð um það, en þó er eigi hægt að segja um það til fulls, því n. þykir sjálfsagt að breyta fyrsta ákvæði 23. gr. frv., en þar er svo kveðið á, að ársgjöld til kreppusjóðs skuli fyrst endurgreiðast ríkissjóði frá 1. jan. 1941. Hugsun bændan., sem orðaði þá gr., var sú, að mikill kostnaður mundi falla á framlag ríkissjóðs í tilefni af því að geta haft peninga reiðubúna, sem taka þyrfti að láni og kostaði því mikið vaxtatap, ásamt kostnaði við rekstur sjóðsins. Var því þessi tími, 1. jan. 1941, tiltekinn nokkuð af handahófi og með það fyrir augum, að kreppulánasjóður yrði þeim mun öflugri og því færari að standa undir því starfi, sem honum er ætlað. En í þessu sambandi er vert að minna á það, að í þessu frv. er sjóðurinn ráðgerður stærri en upphaflega var lagt til í frv. bændan. Er þegar af þeirri ástæðu vert að taka þetta atriði til nýrrar athugunar.

Ég hefi hér fyrir mér töflu er sýnir, hver útgjöld ríkissjóðs til kreppulánasjóðs verða í þeim tveim tilfellum, að ársgjöldin renni í ríkissjóð frá 1. jan. 1941 eða frá 1. jan. 1935. Nær sú skýrsla til ársins 1973 og er miðað við þann tíma. Á árinu 1940, síðasta árinu, sem árgjöldin eiga ekki að renna til ríkissjóðs samkv. frv., er ríkissjóður búinn að leggja út 5883700 kr. En ef árgjöldin eru látin byrja að renna í ríkisjóð 1935, þá er framlag ríkissjóðs árið 1940 3142660 kr. Mismunurinn er þá um 2¾ millj. kr., og er augljóst, að þetta er meira en þarf til að standast kostnað þeirrar lántöku, er leiðir af 1. gr. frv. N. fekk þessa skýrslu svo seint, að ekki vannst tími til að athuga þetta nú. Mun hún því gera það fyrir 3. umr. Ég geri ráð fyrir, að n. muni fallast á það, að færa þetta termin eitthvað aftur. Verður þá upphæðin eitthvað á milli þeirra tveggja, er ég nefndi. Tel ég, að ekki þurfi meira um þetta atriði að ræða, fyrr en till. liggja fyrir um það frá n.

Þá vil ég gefa nokkurt yfirlit um það, að hve miklu leyti þetta léttir á bændastéttinni skuldum hennar. Eftir 1. og 3. gr. frv. er áætlað, að sú upphæð, er myndar kreppulánasjóð, nemi um 10 millj. kr. Er það sú upphæð, sem sjóðurinn kemur til með að disponera yfir. Gjöld úr honum samkv. 24. gr., til að greiða vexti og afborganir af fasteignaveðslánum bænda, má áætla 2½ millj. kr. Eftir verða þá um 7½ millj. kr. til kreppulána. Útkoman verður sú, ef vaxtabyrðar eru lækkaðar um 120 þús. kr. árl.

Þá er annar liðurinn sá, að ef samið er um skuldir bænda í 4. flokki, þá er ætlazt til, að kreditorarnir gefi eftir það,

sem tapað er af skuldunum. Nemur sú upphæð um 2½ millj. kr., sem þá afskrifast algerlega. Loks er þá hvað kreppulánin skulu vera stór og afskrift gegn þeim mikil. Um það er vitanlega rennt blint í sjóinn, hver hlutföll þar skuli vera. N. hefir talað um 20% í sínum útreikningum. En það má tala um meira. Það má orða, að tekið verði meðaltal, sem þá er 75%. Kreditorarnir gefa þá eftir 25%, og miðað við 7½ millj. kr. verkar það sem 9½ millj. fyrir bændurna. Þetta er í stórum dráttum sú niðurstaða, sem hægt er að komast að eins og málið liggur fyrir nú. Annars geri ég ráð fyrir, að hægt verði að gefa fyllri og gleggri mynd af þessu, þegar n. er búin að gera sínar endanlegu tillögur í málinu, en það verður ekki fyrr en við 3 umr.

Þá hefir verið útbýtt 16 brtt. frá kreppun. á þskj. 538. Eru það mest leiðréttingar, sem ekki hafa bein áhrif á aðalefni málsins. Ég mun því verða frekar stuttorður um þær.

Stærsta brtt., sem n. ber fram við frv., er sú, að felldar verði niður 2. og 25. gr. þess. Þær tvær gr. heyra saman, og eru í raun og veru sjálfstæðar, því gera má ráð fyrir, að tekjuöflunin samkv. 2. gr. gangi til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem gert er ráð fyrir í 25. gr. N. lítur því svo á, að þetta atriði fari betur að koma fram í sérstöku frv. Það tengist við þetta frv., einungis að því leyti, að gert er ráð fyrir, að kostnaður sá, er umræðir í 25. gr., greiðist úr kreppulánasjóði.

Það hefir verið talað um það af ýmsum, hvort ekki gæti verið rétt að sameina öll þessi kreppufrv. í eitt frv. í mörgum köflum. Hvort það telst hagkvæmt eða framkvæmanlegt, verður athugað fyrir 3. umr. En um hitt verður ekki deilt, að ákvæði 25. gr. frv. þessa eru óviðkomandi sjálfum kreppulánasjóðnum. Annars skal ég geta þess, að kreppun. hefir skipað undirn. til þess að fara gegnum og athuga ákvæði 25. gr.

Hinar brtt. n. eru flestar leiðréttingar. Önnur brtt. er t. d. aðeins leiðrétting, sem leiðir af 1. brtt.

Brtt. við 5. gr. er sú fyrst og fremst, að n. leggur til, að niður falli það ákvæði greinarinnar, að umsækjandi úr kreppulánasjóði skuli hafa stundað landbúnað sem aðalatvinnuveg í 3 undanfarin ár, til þess að geta fengið lán úr sjóðnum. Það er nefnilega algengt, að sonur taki við búi eftir föður sinn, og er það þá í raun og veru sami búreksturinn áfram, enda þótt mannaskipti hafi orðið. Verður stjórn sjóðsins því að taka ákvarðanir um réttmæti lánveitinganna í hvert skipti, þegar vafi getur verið á, hvort umsækjandi hefi rétt til þess að fá lán úr sjóðnum eða ekki.

Þá er 4. brtt. n. einnig við 5. gr. frv. Í 2. lið 5. gr. er það sett sem skilyrði fyrir lánveitingum úr kreppulánasjóði, að umsækjandi hafi þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar sé nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans. Hér leggur n. til, að bætt sé við orðunum „Samhliða öðrum tekjuvonum". Það eru nefnilega mörg tilfelli, þar sem bændur hafa dálítinn smábátaútveg samhliða búskapnum. Sumir fara í „verið", sem kallað er, til þess að afla sér dálítilla tekna til styrktar búrekstri sínum, aðrir í vegavinnu o. s. frv. Til slíkra tekna vill n. að tekið sé tillit, þegar kveða skal á um það, hvort hlutaðeigandi umsækjandi muni geta framfært fjölskyldu sína.

Fimmta brtt. er aðeins leiðrétting.

Sjötta brtt. hljóðar um það, að sýslunefnd skuli ákveða, hver skuli vera þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra, og að sá kostnaður, sem verður fram yfir 5 kr. á dag fyrir hvern nefndarmann, skuli greiðast úr sýslusjóði. Að öðru leyti liggur þetta svo skýrt fyrir, að ekki er ástæða til þess að fjölyrða um það.

Sjötta brtt. er við 7. gr. frv. Þar vill n. hafa skýrara orðalag, og það kom jafnvel til orða að bæta þar meiru inn í en gert var. Það er vitanlegt, að þau tilfelli eru mörg, þegar búi er skipt, að fram komi margskonar kröfur, sem undir öðrum tilfellum koma ekki fram. T. d. getur barn, sem lengi hefir unnið hjá foreldrum sínum eftir að það var orðið fullþroska, komið með réttmætar kaupkröfur. Þau tilfellin eru líka mörg, að fram geti komið óréttmætar kröfur. Fyrir þetta getur oft verið erfitt að komast. N. leggur því til, að í skrá þeirri yfir lánardrottna lánbeiðanda, sem um ræðir

í 2. lið 7. gr., skuli einnig greind greiðslukjör skuldanna.

Áttunda brtt. er og við 7. gr. Er það lítilsháttar viðbót til skýringar 8. lið greinarinnar, þar sem lagt er til, að hlunnindi jarða séu tekin með, þegar héraðsnefndir eiga að segja um það, hversu háum greiðslum vaxta og afborgana lánbeiðandi geti staðið undir, samhliða lífvænlegum búrekstri.

Níunda brtt. er og líka skýring; að sjóðstjórnin skuli sannprófa, hvort framtalið sé rétt, þegar hún hefir fengið tillögur héraðsnefnda og framtal lánbeiðanda í hendur. Það getur nefnilega komið fyrir, að sjóðstjórnin viti um kröfur á lánbeiðanda, sem ekki hafi komið fram við framtalið. Því þótti rétt að setja þetta ákvæði.

Tíunda og ellefta brtt. n. eru aðeins leiðréttingar, sem stafa af niðurfellingu 2. gr. frv.

Tólfta brtt. er breyt. á orðalagi, til þess að sú hugsun, sem upphaflega vakti fyrir þeim, sem frv. sömdu, komi skýrara fram.

Þrettánda brtt. er við 17. gr. Hún er sömuleiðis skýring á því, sem fyrir þeim mönnum vakti, sem upphaflega sömdu frv. Það er ekki tilætlunin að hindra menn í því að reka eðlilegan atvinnurekstur, að menn megi ekki hafa útborganir vegna afurðasölu sinnar á þessum tíma, heldur aðeins það, að þeir megi ekki inna af hendi óeðlilegar útborganir eftir að þeir hafa sent lánbeiðni til sjóðstjórnarinnar þar til samningaumleitunum er endanlega lokið. Rýmkun á þessu ákvæði frv. er sett eftir bendingu háttv. þm. Seyðf.

Fjórtánda brtt. er aðeins viðaukatill., sem inniheldur samskonar ákvæði og sett var inn í gjaldþrotaskiptalögin.

Fimmtánda brtt. er aðeins orðabreyt., sem skýrir sig sjálf.

Þá hefir n. ekki borið fram fleiri brtt. við þessa umr. málsins. En ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ennþá eru ýms atriði þessa máls, sem hún á eftir að athuga og kemur með til 3. umr. Sum þeirra eru mjög þýðingarmikil, og væri því æskilegt að umr. um þau drægjust ekki inn í umr. nú.

Brtt. þær, sem fram hafa komið við frv., hefir n. ekki tekið afstöðu ennþá. Mun ég því ekkert um þær segja fyrr en flm. hafa gert grein fyrir þeim.

**Bernharð Stefánsson:** Ég hefi leyft mér að flytja brtt. við frv. þetta og er hún á þskj. 509. Í brtt. þessari er farið fram á, að heimilað verði að lána fé úr kreppulánasjóði til ábúenda á smábýlum í grennd við kaupstaði og kauptún. Hvað stærð býlanna snertir, þá er það tiltekið, að þau fullnægi þeim ákvæðum, sem sett eru í 57. gr. búnaðarbankalaganna, þannig, að till. mín nær aðeins til þeirra, sem áttu að geta fengið lán í smábýladeild búnaðarbankans, ef hún hefði verið stofnuð. Ég vék að svipuðu efni á þinginu í fyrra í sambandi við frv. um gjaldfrest bænda, sem þá lá fyrir; skal ég þó rifja upp nokkuð af því, sem ég sagði þá. Það er alveg af sérstökum ástæðum, að ég ber till. þessa fram. Ég lít nefnilega svo á, að þessir menn, sem till. mín fjallar um, hafi fengið alveg sérstakt loforð löggjafarvaldsins um lánsstofnun fyrir sig. Loforð, sem ekki hefir verið efnt til þessa, þar sem í lögunum um Búnaðarbanka Íslands er gert ráð fyrir, að ein deild hans láni beinlínis þessum smábýlabændum. Mér er nú kunnugt um, að einmitt vegna þess ákvæðis búnaðarbankalaganna hafa ýmsir þeir, sem á smábýlum búa, lagt í framkvæmdir, bæði byggingar o. fl., og fengið sér bráðabirgðalán til þeirra, í trausti þess að geta síðar fengið lán úr smábýladeild bankans til að endurgreiða bráðabirgðalánin. Þannig hafa þeir, beinlínis af þessum orsökum komizt í óþægilegar lausaskuldir. Sömuleiðis hafa ýmsar byggingaefnaverzlanir liðið hnekki við vanefnd þessa loforðs um sérstaka lánadeild fyrir smábýli, því að þær hafa lánað byggingarefni o. fl. í trausti þess, að hlutaðeigendur gætu fengið lán í þessari umræddu lánadeild.

Ég hefi ekki getað gert neina áætlun um það, hversu mikið fé myndi þurfa úr kreppulánasjóði til þessara hluta. Ég hefi ekki haft aðstöðu til þess að safna upplýsingum um það. Skuldum þessara manna hefir ekki verið safnað saman í eina heild, eins og bændanefndin hefir gert um skuldir bændanna. En þó skýrsl-

ur liggi ekki fyrir um það, hvað skuldir þessara manna séu miklar, þá liggur annað fyrir til að byggja á, og það er sú krafa, sem þeir að réttu eiga á ríkissjóð. Það stendur í lögum búnaðarbankans, að verja megi allt að 50 þús. kr. á ári til smábýladeildarinnar. Nú mun það vera þrisvar, sem þessi upphæð hefði fallið til útborgunar, ef deildin hefði tekið til starfa um leið og aðrar deildir bankans. Ég geri ráð fyrir, að bætt yrði úr brýnustu þörf þessara manna, þó hámark þess, sem mætti lána þeim úr kreppulánasjóði, yrði ekki hærra en þær 150 þús., sem hefði átt að vera búið að borga út úr ríkissjóði til lánveitinga handa þeim, ef lögunum hefði verið fullnægt. Mundi ég sættast á, að slíkt hámark yrði sett, ef till mín yrði að öðru leyti samþ.

Það er ein brtt. háttv. n., sem mætti hugsa, að tæki út yfir þetta. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hennar, og þá sérstaklega háttv. frsm., hvort hún líti svo á, að ef 4. brtt. á þskj. 538 verður samþ., þá verði hægt að veita þessum mönnum lán úr kreppulánasjóði. Fái ég skýlausa yfirlýsingu n. um, að hún líti svo á, verði 4. brtt. hennar samþ., að lána megi þeim sömu mönnum úr kreppulánasjóði, sem ætlazt var til, að lán fengju úr smábýladeild búnaðarbankans, þá sé ég ekki ástæðu til þess að halda till. minni fram. En fái ég ekki yfirlýsingu þessa, þá held ég henni fram. Ég vænti nú, að háttv. þdm. líti með sanngirni á þetta mál og greiði atkv. með till. minni, komi hún undir atkv. Þessir menn, sem ég fer fram á, að verði svipaðs stuðnings aðjótandi og bændur, hafa hingað til verið olbogabörn þjóðfélagsins og ekki sízt lánstofnananna. Og sem dæmi um það vil ég geta þess, að ég var einu sinni að reyna að útvega einum slíkum manni lán. Hann átti fasteign, sem metin var á 20 þús. kr., en lánið, sem hann vildi fá, var aðeins 2 þús. kr. Lán þetta gat ég hvergi fengið, því að eignin var hvorki kaupstaðarhús né jörð i sveit. Var t. d. sakir þessa alveg afsvar að fá það úr veðdeild Landsbankans.

**Haraldur Guðmundsson:** Eins og háttv. frsm. benti á, þá er máli þessu ekki lengra komið en svo, að ekki er annað sýnna en að aðal umr. um það verði við 3. umr. Brtt. þær, sem n. ber fram, eru flest lagfæringar og orðabreyt. á frv., að undantekinni 1. og 16. brtt.

Um brtt. minar hefir n. ekki tekið afstöðu ennþá, og sama er um brtt. háttv. 1. þm. Eyf.

Eins og ég þegar hefi tekið fram, er það sýnt, að ýms höfuðatriði máls þessa verða að bíða til 3. umr., þ. á. m. t. d. ákvæðið um stjórn sjóðsins. Mun ég því ekki fara að ræða um einstök atriði þess á þessu stigi. En almennt vil ég segja það um málið, að því fer fjarri, að þetta sé bjargræði fyrir bændur út úr kreppunni. Ef það er meint, að í því felist ráðstafanir til þess að létta undir með bændum í framtíðinni vegna þunga kreppunnar, þá er það misskilningur.

Það er vitanlegt, að bændur eiga við að búa margvíslega örðugleika vegna kreppunnar, og þyrfti því að gera mjög víðtækar ráðstafanir, ef verulega ætti að létta undir með þeim. Það, sem í frv. þessu er farið fram á að gera, er aðeins einn þáttur af mörgum. Það á að gera upp skuldir bændanna. Breyta lausum skuldum þeirra í hagkvæmari lán og strika sumt út. Ég játa fúslega, að þessar ráðstafanir séu réttmætar, þó orkað geti tvímælis, hve mikið skuli leggja í þetta.

Hingað til hefir það verið svo, hvað aðra snertir, að lánardrottnarnir hafa sjálfir orðið að gefa eftir og strika út hjá skuldunautum sínum. Að þessari sérstöku aðferð á að beita hér réttlætist með því, hversu mikill fjöldi manna er að lenda í greiðsluþroti.

Í þessu sambandi virðist vera rétt að gera sér grein fyrir því, af hverju í raun og veru öll þessi vandræði landbúnaðarins stafa. Það skyldi enginn halda, að þau stöfuðu af kreppunni einni saman. Því verður nefnilega alls ekki neitað, að á síðari árum hefir fé verið veitt til landbúnaðarins í hreinustu blindni og aðgæzluleysi. Það hafa t. d. verið byggðar dýrar byggingar á lélegum kotum, alveg án tillits til þess, hvort býlum þessum væri mögulegt að skila fénu aftur samhliða því að veita búendunum sæmilegt lífsuppeldi fyrir sig og sitt fjölskyldulið.

Það er enginn vafi á því, að sú mikla

dreifing á lánsfé til landbúnaðarins, sem átt hefir sér stað á undanförnum árum hér á landi út um allar byggðir, hefir verið mjög misráðin. Það hafa verið veitt lán til ræktunarframkvæmda, þar sem litlir og erfiðir markaðsmöguleikar hafa verið fyrir hendi, og til dýrra bygginga, er reistar hafa verið á jörðum, sem fyrirsjáanlegt hefir verið, að aldrei mundu geta staðið undir þeim kostnaði. Við alþýðuflokksmenn höfum alltaf varað við í þessu efni, við höfum haldið því fram, að fénu, sem veitt væri til landbúnaðarins sem lán eða styrkir, ætti fyrst og fremst að beina þangað, sem skilyrðin væru bezt fyrir hendi bæði með samgöngur og markaðsmöguleika, en það er í grennd við kaupstaðina og þar sem þéttbýli er mest. Við höfum viljað láta lánsféð verka eins og þegar steini er kastað í vatn og mest verður hreyfingin umhverfis þann stað, þar sem steinninn kemur niður, en síðan falla öldurnar út til allra hliða. Í stað þess hefir lánsfénu verið dreift án þess að nokkurt tillit væri tekið til skilyrðanna, og ég hygg, að einmitt þeir erfiðleikar, sem margir bændur eiga nú við að stríða, stafi í mörgum tilfellum öllu frekar af þessu heldur en að þeir séu bein afleiðing af kreppunni. Það er kunnugt, að á mörgum stöðum hefir fénu verið varið þannig, að vonlaust er, að bændur hefði undir lánunum risið, þó engin kreppa hefði komið. Ég skal taka það fram, að í frv. er gert ráð fyrir, að úthlutun á fé kreppulánasjóðs verði nokkuð með öðrum hætti en tíðkazt hefir um fé til landbúnaðarins. Það er ætlað í frv. að setja undir þennan leka með því við lánveitingar að taka tillit til aðstöðu lánþega, bæði hvað snertir samgöngur, framleiðslumöguleika og markað fyrir framleiðsluna.

Þá er það annað atriði, sem ég vil líka vekja athygli á og ég drap lauslega á við 2. umr., og það er, að ég tel það ákaflega hæpið að velja þennan tíma til þess að gera upp efnahag bænda, þegar verðlag allt og verzlunarhorfur er svo mjög á reiki, sem raun er á. Ef framhald verður á kreppunni með þeim hömlum, sem þjóðirnar leggja á frjálsa verzlun með innflutningsbönnum og tollum, þá fæ ég ekki betur séð en að afleiðingin verði sú, að óhjákvæmilegt verði fyrir íslenzka bændur að breyta stórkostlega til um búnaðarháttu, en það kostar mikið fé, og þá væri illa farið, ef nýbúið væri að binda stórmikið fé í þeim fyrirtækjum, sem þá reyndist, að enga framtíð ættu. Ef kjötútflutningur okkar nemur ekki nema svo sem 700 þús. kr. á ári, þá er það bersýnilegt, að landbúnaðurinn á enga framtíð fyrir höndum með það fyrir augum að selja kjöt til útlanda. Þá verður að breyta honum í það horf, að framleiðsla hans sé miðuð við innlendan markað, og það heimtar óumflýjanlega fullkomna vinnslu á framleiðslu landbúnaðarins, en slíkar breyt. kosta mikið fé, og það fé verður erfitt að fá, ef þá verður nýbúið að láta það í kreppuráðstafanir fyrir þennan sama atvinnuveg. Loks er vert að gæta þess, hve ákaflega er dýr búrekstur í hinum dreifðu byggðum, það útheimtir margfalt dýrari vegi og síma heldur en þéttbýlið, þar er miklu torveldara og dýrara fyrir bændurna að nota hin hagkvæmustu landbúnaðarverkfæri og vélar heldur en í þéttbýlinu, af því að svo erfitt er að flytja þau á milli. Persónulega lít ég svo á, að óhjákvæmilegt verði annað en að færa byggðirnar saman, ef þessi atvinnugrein á að rétta við, en það kostar enn nýtt fé, og hugsi menn til að stuðla að því, að það megi verða, þá má ekki vera búið að binda allt hugsanlegt fé í þessum fallna atvinnuvegi áður. Ég skal viðurkenna, að það er fyllilega réttmætt og nauðsynlegt að gera upp þessar gömlu skuldir, en hvað mikið hið opinbera á að leggja fram til þess, á að vera komið undir mati þingsins fyrst og fremst og svo sjóðsstjórnarinnar, en það má ekki ímynda sér það, að þó skuldamálin verði leyst, þá séu öll vandræði bænda þar með úr sögunni. Annað er enn þýðingarmeira fyrir hag bænda, og það eru möguleikar þeirra í framtíðinni, og á eitt atriði í frv. í sambandi við þetta vil ég benda. Það er gert ráð fyrir því, að öll lán, sem kreppulánasjóður veitir, hafi forgangskröfu í bú skuldunauts. Ég fæ ekki séð, hvernig hægt verður að koma fram þessu ákvæði í mörgum tilfellum, og þegar svo er komið, að allar skuldir bóndans eru orðnar forgangsskuldir, þá er bersýni-

legt, að þar með er gersamlega lokað fyrir allt lánstraust bóndans, nema það, sem hann getur greitt með framleiðslu þess árs. Þetta er um málið almennt að segja.

Ég vakti máls á því við 1. umr., að sjálft frv. hefði að mínum dómi tvo höfuðgalla. Með brtt. 539 gerum við Alþýðuflokksmenn tilraun til þess að laga þessa galla. Ég ætla fyrst að minnast á seinni brtt., sem er við 25. gr. frv., en í þeirri gr. er að minni hyggju aðalgallinn innifalinn. Með brtt. okkar er gert ráð fyrir, að smáútgerðarmenn, verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn, sem vegna verðlagsbreyt. og atvinnuleysis ekki eru færir um að standast skuldbindingar sínar, komist á sama hátt og bændurnir undir hlunnindaákvæði kreppusjóðs, að uppfylltum hliðstæðum skilyrðum. Ég verð að segja það, að mér finnst það alveg ófært og ósæmilegt af löggjafarvaldinu að taka sér fyrir hendur að hjálpa aðeins einni stétt þjóðfélagsins, og það með svona miklum og kostnaðarsömum ráðstöfunum, en láta aðrar stéttir, sem nákvæmlega jafnilla eru settar, ekki einu sinni hjálparlausar, heldur láta þær leggja fram fé til hjálpar þessari einu stétt. Nú veit ég, að mér verður svarað því, að kreppan fari verr með bændur og sé þeim erfiðari en öðrum stéttum, en þetta er bara ekkert annað en fullyrðing, sem ekki styðst við neitt. Það er hæstv. stj., sem á sök á því, að n. hefir haft svo þröngt starfssvið, að þetta er órannsakað mál. Það hefir ekkert verið gert að því að rannsaka hag 3000 atvinnulausra verkamanna og sjómanna, ekki heldur hag smáútgerðarmanna eða iðnaðarmanna. Það hafa engar skýrslur legið fyrir um hag þessara manna eins og hag bændanna, af því að stjórnin sá ekki ástæðu til þess að láta rannsaka hag þessara manna. En það liggur hér fyrir, sem hver maður veit, að afleiðingar kreppunnar hafa orðið hinar sömu fyrir þessa menn eins og bændurna. Það má benda á það, að smáútgerðarmaðurinn alveg eins og bóndinn á alla sína framtíð komna undir því, að geta haldið sínum atvinnutækjum, bátnum og veiðarfærunum, engu síður en bóndinn bústofni sínum. Alveg eins eru það lífsskilyrði fyrir verkamanninn að missa ekki húskofann sinn, sem hann kannske árum saman hefir verið að aura saman fyrir, því missi hann það, þá getur hann ekki með sinni stopulu atvinnu framfleytt sinni fjölskyldu hjálparlaust. Þetta eru jafnóviðráðanlegar afleiðingar af kreppunni fyrir þessa menn eins og verðfall afurðanna er fyrir bóndann, og því eiga þeir jafnan rétt og hann til þess að fá hjálp hjá því opinbera. Ég legg áherzlu á, að fullt tillit sé tekið til þessara manna með því að láta ákvæði kreppusjóðslaganna ná til þeirra, en ég get fallizt á, að 25. gr. frv. haldist, ef þessi brtt. verður samþ.

Um gífurlega upphæð til hjálpar þessum mönnum er ekki að ræða. Það er áreiðanlegt, að sú heildarupphæð er mjög lítil samanborið við það, sem þarf handa bændum. Stórútgerðarmönnunum hafa bankarnir gefið upp. Þeir koma því ekki til greina hér.

Þá vil ég drepa á brtt. hv. 1. þm. Eyf. á þskj. 509. Ég skal taka það fram, að ég er samþykkur þeirri brtt., en verði brtt. okkar Alþýðuflokksmanna við 25. gr. samþ., þá hygg ég, að þessi till. hans reynist óþörf, af því að flest það fólk, sem brtt. hv. 1. þm. Eyf. nær til, mun falla undir okkar brtt. Þó sé ég ekki, að það geri neitt til, þó báðar brtt. verði samþ., og yrði það e. t. v. fullkomnara.

Þá vil ég víkja að fyrri brtt. okkar á þskj. 539, sem er um það, að árgjöld af lánum úr kreppusjóði skuli ekki vera fastákveðin, heldur miðast við verðlag afurða á hverjum tíma, eftir nánari reglum, er settar yrðu. Höfuðtilgangur þessarar tillögu er sá, að þeir, sem lán fá úr kreppulánasjóði, hljóti engan óeðlilegan gróða með þeim lánum, ef afurðaverð hækkar meir en um 20%, miðað við það verðlag, sem lagt verður til grundvallar við uppgjör á efnahag mannsins, heldur komi sú verðhækkun upp í þann halla, sem hið opinbera verður fyrir af starfsemi kreppulánasjóðs. Í brtt. er talað um, að árgjöldin eigi að geta bæði hækkað og lækkað eftir því, til hvorrar hliðar verðbreyt. verður, en ef n. vill, get ég til samkomulags gengið inn á, að aðeins verði gengið út frá hækkun, ef hitt þykir of margbrotið fyrir stjórn sjóðsins. En ég

fæ ekki betur séð en það sé sjálfsagt að taka ákvæði þessarar brtt. inn í frv. Höfuðrök þeirra, sem telja nauðsynlegt að veita bændum þá hjálp, sem frv. fjallar um, eru hinar stórfelldu verðlagssveiflur, sem orðið hafa á búpeningi þeirra og afurðum af völdum kreppunnar. Þeir segja, að það sé ekki hægt að ætlast til þess, að bændur geti nú borgað með þremur dilkum þá skuld, sem þeir fyrir kreppuna stofnuðu með því að kaupa einn dilk. Ég get fallizt á, að það er mikið til í þessu, en ef á að ganga inn á það, að kreppulánasjóður eigi að bæta bændum upp þetta verðfall með því að veita þeim hagstæð lánskjör, þá er óhjákvæmilegt að taka tillit einnig til þess, ef verðlagið breytist öfugt, ef það hækkar aftur, ef t. d. einn dilkur eftir 3—4 ár nægir til þess að borga þá upphæð, sem þrír dilkar eru virtir á nú. Slík verðsveifla upp á við sýnist óhjákvæmilega eiga að koma þeirri stofnun til góða, sem tapaði á verðfallinu, en ekki að láta einstaklinga fá óverðskuldaðan gróða af því. Það væri ástæðulaust að láta mann, sem hefði stórt bú og miklar skuldir við kreppulánasjóð kannske græða tugi þúsunda á verðhækkuninni, sem kæmi svo niður á öðrum, sem væru verr stæðir en hann og árlega legðu fram greiðslur vegna hans.

Ég vék að því áðan, að framtíð landbúnaðarins væri svo á reiki, að um hana væri ómögulegt að spá, en ég vil drepa á enn eitt atriði í því sambandi. Það er vitað, að hjá mörgum þingmönnum, einkanlega þeim, sem telja sig forvígismenn landbúnaðarins, gerir vart við sig sú skoðun hér á þingi, að það eigi að lækka gengi íslenzku krónunnar. Ég verð að segja, að það væri nú ekki alveg ónýtt fyrir bændur, ef það bættist nú ofan á aðrar ráðstafanir þeim til hjálpar. Fyrst á að gefa þeim upp ríflega þær skuldir, sem þeir eiga ekki fyrir, miðað við hið lága verðlag, og síðan væru skuldir þær, sem eftir stæðu, lækkaðar, samanborið við eignir þeirra. Og svo væri búið svo um hnútana, að þeir þyrftu aldrei að greiða meira af skuldunum við kreppulánasjóð en þau árgjöld, sem í frv. eru ákveðin. Það er alveg óverjandi að afgreiða frv. án þess að sett sé undir þennan leka. Þess vegna verður að samþ. brtt. okkar á þskj. 539. Ef verðlag hækkar um 20%, en minni breyt. er ekki gert ráð fyrir að taka til greina, þá þýðir það, að árgjaldið hækki upp í 6%. Það verður bændum nákvæmlega jafnauðvelt að greiða eins og þau 5%, sem þeir eiga að greiða miðað við núverandi verðlag, vegna þess að hækkunin á verðlagi og árgjöldum helzt nákvæmlega í hendur. Þannig má rekja þetta áfram.

Nú er því ekki að leyna, að það eru ekki þeir bændur, sem verst eru staddir, sem mestan hagnað hafa af þessu frv. Það eru ekki leiguliðarnir, sem e. t. v. líka búa við leigupening, þeir, sem eiga lítið og skulda lítið, heldur fá þeir tvímælalaust mest, sem eiga jarðir með vönduðum og dýrum byggingum, og hafa stór bú undir höndum, þeir bændur, sem skulda svona frá 30—50 þús. kr. og eru gerðir upp. Sumir fá stórar eftirgjafir, en aðrir fá löng og ódýr lán. Bændur, sem eiga kannske 500—600 fjár, og svo skyldi verðlag afurðanna hækka, svo að dilkurinn yrði 12 kr., þá er þeim bókstaflega gefinn helmingur þeirra eigna, sem þeir hafa undir höndum. Aftur á móti er smábóndanum, sem skuldar kannske 1000 kr., gefið lítið, þó hann fái að greiða þessa skuld á 42 árum með 5% árgjaldi. Það er vitaskuld engin sanngirni í því, að smábóndi, sem lifir á 50 rollum, fái ekki meiri hjálp en þetta, miðað við hina, sem stærri eru. Verður því eftir sem áður, þrátt fyrir það, þó frv. þetta verði samþ., lítil von um að smábændurnir, sem hafa þetta frá 50—80 ær, skrimti af á þeim, ef ekki verður meir á þeim létt en ráðgert er með frv.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti þess fastlega, að hv. þdm. sjái, að þessa galla frv., sem ég hefi nú bent á, verður að laga áður en það er afgreitt sem lög, og að það verður ekki gert á annan hátt en með því að samþ. brtt. okkar Alþýðuflokksmanna á þskj. 539.

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um brtt. hv. 1. þm. Eyf. á þskj. 509 og brtt. hv. þm. Seyðf. og meðflm. hans á þskj. 539. Um brtt. hv. 1. þm. Eyf. vil ég fyrst taka það fram, að við hana er það að athuga, að enginn veit, hve mikið þar kann að vera

um að ræða. Það veit enginn, hvað með henni kann að vera dregið inn í frv. Það veit enginn, hversu margir menn það eru í Glerárþorpi og ýmsum öðrum þorpum þessa lands, sem þar eiga að koma til greina. Það liggur engin rannsókn að baki þessari brtt., og það veit enginn, hversu mikið mundi dragast frá öðrum þeim verkefnum, sem sjóðurinn á að leysa vegna þessarar brtt. Hv. flm. spurði, hvort þeir menn, sem brtt. hans við 4. gr. nefnir, mundu komast undir ákvæði frv. eftir 4. brtt. n. Það er tvímælalaust hægt að svara því, að þeir komast það ekki allir, en hitt má vera, að einhverjir þeirra kynnu að komast það. Annars er 4. brtt. n. ekki efnisbreyt., heldur aðeins skýring á orðalagi. Vegna þess, sem þegar er sagt, vil ég taka það fram, að ég tel mér ekki fært að greiða atkv. með þessari brtt. hv. þm., af því að maður rennir alveg blint í sjóinn um það, hver áhrif hún mundi hafa fyrir sjóðinn, og þegar frv. er að öllu leyti reist á nákvæmum rannsóknum, þá er ekki hægt að samþ. við það brtt., sem raska grundvelli þess eins og þessi till. mundi gera.

Hitt er sennilegt, að allmargir svokallaðir smábýlabændur mundu komast undir ákvæði frv. eins og það er, þeir, sem fullnægja þeim skilyrðum um landbúnað, sem í frv. eru sett.

Þá ætla ég að snúa mér að brtt. hv. þm. Seyðf. á þskj. 539. Mér þykir vænt um það, að hv. þm. hefir viðurkennt nauðsyn þessa frv. bæði með þessum brtt. og eins með þátttöku sinni í samstarfi n. Hann hefir unnið algerlega loyalt með n. Að vísu hélt hann þar mikið fram þessum tveimur atriðum, sem brtt. hans fjalla um. Nú skal ég viðurkenna það um þessi tvö atriði, að þau er náttúrlega athugaverð og margt gott, sem um þau má segja. Þess vegna vil ég nú gera nokkra grein fyrir því, hversvegna ég sem áður hlýt að greiða atkv. á móti þessum brtt. hv. þm. Seyðf. og meðflm. hans. Það er þá um fyrri till. að segja, að það hlyti að leiða af sér mjög mikla skerðingu á áhrifum frv., ef þessi hali yrði skeyttur við það, því það er aðalhlutverk frv. að tryggja, að það, sem gert verður, verði þannig, að það hafi endanleg áhrif, að það, sem frv. er ætlað að leysa, verði leyst í raun og veru. Ef aftur á móti verður samþ. að draga úr þeirri hjálp, sem frv. gerir ráð fyrir, þá álít ég, að með því sé að miklu leyti tekin frá bændum sú hvöt, sem hjálpin gefur þeim til þess að koma sínum atvinnurekstri á heilbrigðari grundvöll og hafa sig út úr skuldafjötrunum. Með því að eiga það stöðugt á hættu, að lánskjörin breytist, er mjög dregið úr von manna til þess að verða sjálfstæðir, og þannig gæti slíkt fyrirkomulag haft alvarlegar móralskar afleiðingar. Hinsvegar vil ég benda á það, að það er talsvert aðhald í 19. gr. frv. í þessu efni, þar sem sjóðstjórninni er heimilt að stytta lánstímann, ef ástæður skuldunauta leyfa það. Ég álít, að þarna hafi sjóðsstjórnin aðstöðu til að gera það, sem rétt er að gera, ef kringumstæður bænda breytast verulega til batnaðar.

Annars hygg ég, að hv. þm. geri of mikið úr því, hve afkoma bændanna sé mjög á hverfanda hveli nú. Ég hygg, að þegar á næsta hausti áður en kreppulögin koma til framkvæmda, verði komnar í ljós afleiðingar af verzlunarpólitík Englendinga, og að þá geti sjóðsstjórnin með tilliti til samninga við Breta gert sér ljóst, hverjir muni verða afkomumöguleikar bænda í framtíðinni.

Þá sagði hv. þm. ennfremur, að sú hjálp, er þetta frv. veitti, kæmi ekki sem réttlátast niður, að þeir, sem miklar ættu eignir, nytu aðallega góðs af ráðstöfunum þessum, en leiguliðar hefðu tiltölulega miklu minni hagnað af þeim. Til þess að geta dregið slíka ályktun, hlýtur hv. þm. að misskilja frv. Það fjallar nefnilega aðeins um lausaskuldir bænda. Skuldir þeirra bænda, sem miklar eiga eignir, munu vera mestmegnis fasteignaveðslán, og ákvæði þessa frv. ná ekki til þeirra. Því yrði það svo, að leiguliði, sem mjög er skuldugur, og skuldir hans væru lausaskuldir, fengi hlutfallslega meiri hjálp samkv. þessu frv. en hinir, sem hefðu meiri hluta skulda sinna sem fasteignaveðsskuldir. Í síðari brtt. hv. þm. Seyðf. fer hann fram á það, að ráðstafanir þessar verði látnar ná til fleiri manna en til var ætlazt upphaflega, og nefnir þar til smáútgerðarmenn, iðnaðarmenn, sjómenn og verkafólk. Margt í ummælum

hv. þm. um þetta atriði var algerlega réttmætt, það eru sömu ástæður, sem hafa gert þessum smáframleiðendum erfitt fyrir og bændunum, en þó er það ekki algerlega sambærilegt. Verðfallið á vörum bænda hefir verið miklu meira en á nokkurri annari framleiðslu í landinu. En það, sem aðallega mælir á móti þessari brtt., er sú staðreynd, að það liggur ekkert hliðstætt fyrir um afkomu þessara stétta og afkomu bændanna. Það hefir engin rannsókn farið fram á því, hvað réttmætt sé að hjálpa þessum stéttum, og hvað mikið þurfi til þess. Þess vegna finnst mér grundvöllinn vanta undir þessa till. hv. þm. Seyðf. En ég álít fullkomlega réttmætt, að fram fari samskonar rannsókn á afkomu þessara stétta, sem nefndar eru í brtt., og nú þegar hefir farið fram hvað bændurna snertir. Þá fyrst, að þeirri rannsókn lokinni, getur Alþ. gert sínar ráðstafanir til hjálpar þessu fólki. En eigi að skella þessu inn í frv. nú, er búið að teygja þetta mál út á grundvöll, sem í raun og veru enginn grundvöllur er. Ég vil beina því til hv. þm. Seyðf., hvort hann vill ekki taka þessa till. sína til nánari athugunar ásamt kreppun. nú milli umr.

Hv. þm. kom með talsvert af almennum aths. og hugleiðingum um réttmæti ýmissa ráðstafana, sem Alþ. hefði gert í landbúnaðarmálum nú á síðustu árum. Mér komu þessar hugleiðingar alls ekki ókunnuglega fyrir, því að hv. þm. hefir flutt þær flestar áður. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara út í þær nú, því að bæði ég og aðrir hafa svarað þeim áður. En þó vil ég benda á eitt atriði úr skýrslu bændan., sem gerir þá kenningu hv. þm. Seyðf., að lítið eigi að hugsa um hinar dreifðu byggðir landsins, enn vafasamari en hún áður var. Það kom í ljós við starf n., að mörg dæmi eru til þess, að fólkið í hinum dreifðu byggðum stendur nú betur að vígi en það fólk, sem í þéttbýlinu lifir, á hægari lífsbaráttu og hefir staðið betur af sér öldur kreppunnar. Hv. þm. talaði um það, að breyting þyrfti að verða á búnaðarháttum okkar Íslendinga. Þetta er rétt. Það er mjög aðkallandi verkefni fyrir okkur að gera búnaðarhættina fjölbreyttari en þeir nú eru. En það er verið að vinna að þessu. Síðasta búnaðarþing lagði drög að fjölbreyttari búnaðarháttum á mörgum sviðum. En þó að hörð kreppa standi yfir um tveggja ára skeið og e. t. v. lengur, þá má ekki láta það hafa slík áhrif á dómgreind sína að halda, að öllu þjóðskipulaginu þurfi að gerbreyta til þess að bót fáist. Ég vil benda á það sem lítið dæmi, að síðasti farmur af frystu kjöti, sem sendur var til Englands, seldist þar 50% hærra verði en hefir verið á þeirri vöru upp á síðkastið. Þetta og ýmislegt svipað bendir í þá átt, að nú sé eitthvað að rofa til. Og vel gæti farið svo, að ráðstafanir Breta í sambandi við Ottawasamningana yrðu okkur til góðs. Það væri skemmtilegt, ef við gætum gert upp það gamla allmyndarlega, eins og farið er fram á í frv. þessu, og samtímis rofaði til fyrir nýjum og betri degi í athafnalífi þjóðar okkar.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil þakka hv. kreppun. fyrir þá vinnu, sem hún hefir lagt í það að koma þessu frv. fram, um leið og ég læt nokkur orð falla um till. hennar. N. hefir orðið ásátt um að fella úr frv. 25. gr., en hefir í huga að semja sérstakt frv. um sama efni, eða, eins og kom fram í ræðu hv. frsm., að skipta frv. síðar í fleiri kafla og taka upp í þetta frv. sem einn kafla efni frv., sem bændanefndin hefir undirbúið, um sérstakar ráðstafanir vegna kreppunnar. Ég vil biðja hv. kreppun. að taka það form til rækilegrar athugunar, og í sambandi við það væri æskilegt, að hún vildi taka 1. brtt. sína, sem fjallar um 2. og 3. gr., og þær aðrar brtt., er standa í sambandi við þetta, aftur til 3. umr. Ef n. hnígur að því ráði, að fella allt þetta efni í eitt stórt frv., þá er ástæðulaust að fella niður 2. gr.

Það gladdi mig, að n. hefir rannsakað rækilega það atriði, sem felst í 23. gr. frv., og ætlar hún að flytja brtt. við þá gr., er kemur að 3. umr. Ég vil mælast til viðtals við hv. n. um þær brtt., áður en þær verða bornar fram.

Um aðrar brtt. hv. kreppun. skal ég ekki fara mörgum orðum, ég tel þær yfirleitt til bóta, eru flestar þeirra aðeins smávegis lagfæringar. Hvað snertir ræðu hv. þm. Seyðf. þá hefir hv. frsm. n. svar-

að henni að mestu. Hann beindi þeirri ásökun til stj., að hafa ekki látið fara fram rannsókn á högum smáútgerðarmanna, iðnaðarmanna, verkamanna og sjómanna, hliðstæða þeirri, sem fram fór á afkomu bænda. Ég þarf að vísu ekki að taka þær ásakanir til mín, þar sem ég fer ekki með sjávarútvegsmálin né atvinnubótamál kaupstaðanna. En ég vil þá víkja að þessu efni með nokkrum orðum. Það má vera, að slík rannsókn sé nauðsynleg, en ef maður athugar það mikla verðfall, sem orðið hefir á afurðum bænda, og þá geysilegu lækkun á því kaupi, sem þeir raunverulega fá fyrir vinnu sína, þá er það ekki nema sanngirniskrafa f. h. landbúnaðarins að gera fyrst ráðstafanir bændunum til bjargar. Og það er ofmælt hjá hv. þm. Seyðf., að smáútvegsmenn og þeir aðrir, sem hann telur upp í brtt. sínum, hafi orðið fyrir eins þungum búsifjum af völdum kreppunnar og bændurnir.

Brtt. hv. þm. Seyðf. og samflokksmanna hans við 18. gr. frv. hefir hv. frsm. n. þegar talað um. En ég vil árétta það, að 18. gr., eins og hún nú er, felur þegar í sér að nokkru leyti það, sem hv. till.menn fara fram á, þar sem áskilið er, að ef efnahagur lántakanda breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnar, þá geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu. Hinsvegar er rétt, að n. taki til athugunar hvort setja megi inn í frv. einhver skýrari ákvæði í þessa átt. En stórmikill galli væri það, ef aldrei væri hægt að gera hreint upp skuldaviðskiptin eins og mundi óhjákvæmilegt, ef brtt. hv. þm. Seyðf. ná samþykki þingsins, svo að menn ættu það alltaf yfir höfði sér, að þau skuldaskil, sem gerð hefði verið, gætu raskazt og orðið að engu. Hitt hygg ég, að hv. þm. Seyðf. hafi ekki athugað nógu vel, er hann heldur því fram, að þeir, sem eigi jarðir og stór bú, hafi mestan hagnað af þessum ráðstöfunum. Þar er það fyrst að athuga, að þeir menn hafa sjaldnast miklar lausaskuldir, sem eiga fasteignir til þess að setja að veði. Því að jafnan er hægt að fá lán með betri kjörum, ef hægt er að setja fasteignir að veði fyrir þeim. Þá er og á það að líta, að komið gæti fyrir, að sumir fátækustu bændurnir verði að fá sveitarábyrgð sem viðbótartryggingu a. m. k. Og ef illa fer, svo að afborganir greiðast ekki í kreppulánasjóðinn, þá eru það vitanlega þeir, sem mest hafa umvélis og hæst útsvör bera, er verða að bera baggann. Og ég verð að segja það, að það yrðu mikil mistök í framkvæmd þessara ráðstafana, ef þeir fengju ekki mest eftirgefið af skuldum og mesta hjálpina, sem versta eiga aðstöðuna.

Viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. Eyf. á þskj. 509, vil ég taka undir með hv. frsm. n. um það, að þar vantar allar skýrslur til að byggja á. Ég er líka hræddur um það, að í framkvæmd gæti þessi hjálp komið allmisjafnlega niður milli smábýlabændanna innbyrðis, ef binda á kreppulánasjóðshjálp til þeirra við 57. gr. búnaðarbankal. Ég get búizt við því, að í framkvæmdinni geti það orðið svo, að sá, sem á einni kúnni fleira eða lítið eitt stærri kálgarð, gæti komizt í þann flokk, að hann fengi hjálp, en sá, sem ætti verri aðstöðu, yrði út undan. Þessi brtt. þarf nákvæmrar athugunar, og vil ég mælast til þess, að hv. flm. taki till. aftur til 3. umr. Að öðru leyti verð ég að viðurkenna, að þeir menn, er svo stendur á fyrir, eiga fyllilega skilið aðstoð hins opinbera. Og ég játa það, að enn hafa þeir ekki fengið þá hjálp, sem l. frá undanförnum þingum hafa gert ráð fyrir. En mér þætti æskilegt, að athugað væri í n., hvort þessi leið skyldi farin, eða hvort fyndist ekki önnur heppilegri.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég spurðist fyrir um það við 1. umr., hvort hv. kreppun. vildi ekki gera dm. grein fyrir ýmsum atriðum viðvíkjandi þessu stórmáli, þegar það kæmi til 2. umr. Ég lýsti því yfir þá, og er þeirrar skoðunar enn, að þetta frv. sé gott og gagnlegt, að svo miklu leyti sem það nær þeim tilgangi, að hagur landsmanna yfirleitt batni við þessar ráðstafanir, að þær stuðli að almannaheill. Ég átti við það, að ekki mættu fram koma erfiðleikar á öðrum sviðum, sem væru afleiðingar þessara ráðstafana. Að svo miklu leyti, sem hér er verið að hugsa um almannaheill, er frv. gagnlegt. En sé litið á þær verkanir,

sem þessar ráðstafanir kynnu að hafa á íslenzk fjármál, verða þær að ýmsu leyti athugaverðar. Getur hv. n. gert þdm. grein fyrir því, hvort þessar ráðstafanir muni ekki hafa veruleg áhrif á verðlag í landinu? Og ef þær hafa ekki áhrif á verðlagið til frambúðar, verða ekki orsök í verðhækkun, þá er ég ánægður hvað það snertir. En það eru ekki aðeins Íslendingar, sem eiga við erfiðleika að búa á þessu sviði, heldur stynur svo að segja allur heimurinn undir sömu erfiðleikum og við. Og nú þegar eru hafin stórkostleg átök til þess að létta af erfiðleikum landbúnaðarins um heim allan. Og þegar nú er verið að gera sameiginlegar ráðstafanir til þess að bæta úr búnaðarerfiðleikunum með verðhækkun, þá er athugandi, hvort ekki væri réttara fyrir okkur að bíða um stund og sjá, hver árangurinn verður af ráðstöfunum þeirra landa, sem ná til stærstu evrópumarkaðanna fyrir landbúnaðarafurðir.

Ég get hugsað mér, að þegar búið væri að gera þessar ráðstafanir hér og hækka verðlag, við skulum segja um 25%, sem kæmi fram í því, að þeir, sem framleiddu fyrir íslenzka markaði, fengju 25% meira fyrir afurðir sínar, þá væri það sérstök, íslenzk verðhækkun. Og segjum svo, að ofan á þetta bættist verðhækkun, sem stafaði af ráðstöfunum gerðum annarsstaðar, og verðlagið hækkaði af þeim sökum um önnur 25%. Augljóst er, að sú verðhækkun kæmi hér fram líka, og gæti hún samtals orðið 50% eða upp undir það. Og þá væri hér nýlega búið að gera þessar ráðstafanir að taka á ríkissjóð áhættuna af 8 millj. kr. skuldabréfum og leita nauðasamninga með ærnu tjóni fyrir ýmsa skuldheimtumenn bænda. Og þá yrði það auðvitað svo, sem hv. þm. Seyðf. benti á, að þeim, er þessa aðstoð fengju, væri mismunað stórkostlega af hinu opinbera. Af þessum sökum tel ég ástæðu til, að það sé rannsakað gaumgæfilega, hvort nú sé það rétta augnablik til þess að gera svo stórfelldar ráðstafanir og þetta frv. fer fram á. Ef yrði hér veruleg verðhækkun innanlands, og við það bættist svo almenn verðhækkun á erlendum markaði, þá sýnist áhætta ríkissjóðs engin. En færi svo, að þetta valdi engri verðhækkun hér á landi, ætti hv. kreppun. að útskýra vel fyrir hv. þdm., hver áhætta ríkissjóðs er af þessari 8 millj. kr. ábyrgð, sem hér er farið fram á. Það má auðvitað segja, að réttmætt sé, að ríkissjóður beri eitthvert tjón af þessum ráðstöfunum. En ég held, að þó svo færi, að af þeim 18500000 kr. í 3. og 4. flokki skuldanna verði felldar niður 4 millj., sé það ekki svo mikill hluti, að án þeirrar byrðar væri öllu borgið, en með henni allt í voða. Nú sagði hv. frsm., að málið væri að öllu leyti reist á svo nákvæmri rannsókn og mikilli vinnu, að engin hætta væri á, að af því hlytist verulegar afleiðingar til tjóns landi og lýð. En ég vildi fá nánari skýringar á þeim atriðum, sem ég gerði fyrirspurn út af, til þess að geta greitt frv. atkv. við 3. umr. — Mér þykir gott að heyra, að ekki er útlit fyrir frekara verðfall á íslenzkum landbúnaðarafurðum og að nýlega hafi verið seldur farmur af kjöti til Englands með hærra verði en gerzt hefir undanfarið. En ég er ekki sérstaklega glaður yfir og legg ekki mikið upp úr þeirri verðhækkun, sem stafar af ráðstöfunum Englendinga. Það var sagt, að Ottawasamningurinn yrði öllum til góðs. En tilætlun Englendinga með honum var að koma svo hátt upp verði á landbúnaðarafurðum, að þeirra nýlendur og dominions gætu haft hagnað af sinni framleiðslu. En ef kæmi fram veruleg verðlækkun í markaðslöndunum, þá kemur það í ljós, að þessar ráðstafanir eru til ills eins, því að verðfallið kemur þá fram aftur og ennþá gífurlegar en áður, því að framleiðslan hefir á verðhækkunartímabilinu aukizt til muna, og við Íslendingar þekkjum af eigin reynslu, að ekki er hægðarleikur að draga úr framleiðslunni á stuttum tíma. Ég held því, að þetta sé vafasamt til bjargráða, en hinsvegar er aðalatriðið að sjá til þess, að enginn sá, er landbúnað stundar, þurfi að láta af höndum jörð sína, sín framleiðslutæki, a. m. k. þar til séð verður fram úr erfiðleikunum, sem nú ríkja. Ég fyrir mitt leyti sé enga leið út úr því nú. En eftir 1—2 ár er líklegt, að ljósara verði, hvers má vænta. Og þó að þessi stórkostlega ráðstöfun verði gerð, þá tel ég ekki, að tekið sé fyrir þá örðugleika í framtíðinni, sem

nú eru huldir. En það vil ég gjarnan játa nú sem fyrr, að tilgangurinn með þessari ráðstöfun er réttur og góður og landsmönnum til hins mesta gagns, því að hann er sá, að koma í veg fyrir að þessi atvinnuvegur fari um koll. En ég held enn í dag, þrátt fyrir upplýsingar nefndarinnar, sem ekki hafa getað sannfært mig, að of snemmt sé að gera svona endanlega ráðstöfun í þessu mikla vandamáli.

**Bernharð Stefánsson:** Ég get verið hv. frsm. n. og hæstv. atvmrh. þakklátur fyrir, að þeir hafa ekki tekið brtt. þeirri, sem ég bar hér fram, óvingjarnlega, þótt þeir hafi ekki treyst sér til þess að mæla með henni, eins og hún nú liggur fyrir. Hv. frsm. vék að því, og reyndar hæstv. atvmrh. líka, að þar sem ekki lægju fyrir skýrslur um skuldir ábúenda smábýlanna, væri ekki vitað, hve mikil byrði það verður fyrir ríkissjóð, að kreppulánasjóður veiti þessum mönnum lán. Það er alveg rétt, að þessar skýrslur liggja ekki fyrir, eins og ég tók fram áður, og ég hefi vitanlega enga aðstöðu til þess að safna þeim sjálfur. En ég vil beina því til hv. n., hvort ekki megi ákveða tiltekna upphæð í þessu augnamiði. t. d. þá upphæð, sem smábýladeildin hefði átt að réttu lagi þegar að hafa fengið. Með þessu móti er reyndar ekki víst um það, hve mörgum verður hægt að liðsinna, en þó er vitað, hve mikil byrði þetta verður fyrir ríkissjóð. Er ég þess fullviss, að með þessu móti yrði þó bætt úr brýnustu þörfunum í þessu efni.

Hv. frsm. gat þess út af 4. brtt. n., að þó að hún yrði samþ., þá myndi ekki nærri allir ábúendur smábýla komast undir lögin. Þetta er rétt, og þess vegna hefir mín brtt. alveg sömu þýðingu, þótt 4. brtt. n. liggi fyrir. Hv. frsm. talaði um, að bezt væri að halda sér við grundvöll frv. og forðast að víkka starfssvið kreppulánasjóðs. Ég get verið sammála því yfirleitt. En til till. minnar liggja alveg sérstakar ástæður, sem ég gat um áðan: að með búnaðarbankalögunum var gefið fyrirheit um sérstaka lánastofnun fyrir smábýlin, og ýmsir treystu því, að þetta yrði gert, en ennþá hafa engar framkvæmdir sézt í þá átt. Ég held, að þessar sérstöku ástæður geti fyllilega afsakað það, að tillaga mín er borin fram, jafnvel þótt viðurkennd séu rök hv. frsm. um, að rétt sé að halda sér við grundvöll frv. að öðru leyti. Hæstv. atvmrh. virtist hræddur um, að þótt tillaga mín yrði samþ., þá myndi þetta koma misjafnlega niður innbyrðis, vegna ákvæða 57. gr. búnaðarbankalaganna. Það gæti farið svo, að einn fengi lán, en annar ekki, þó að báðir væri í sömu vandræðum. Þetta getur verið rétt, en þeir, sem fullnægja 57. gr. búnaðarbankalaganna, eru einmitt mennirnir, sem höfðu ástæðu til að treysta á, að þeir gætu fengið lán, og hafa því orðið fyrir hreinum og beinum prettum ríkisvaldsins, og við það er till. mín miðuð. — Hæstv. ráðh. stakk upp á því, að ég tæki aftur til 3. umr. tillögu mína, svo að n. gæfist tækifæri til þess að athuga hana. Ég hefi nú reyndar komið á fund n. og rætt þetta mál við hana áður, en ég vil einskis láta ófreistað til þess að unnt verði að veita þessum mönnum, sem ég ber fyrir brjósti, nokkra hjálp. Þess vegna er ég því ekki mótfallinn, að frestað sé atkvgr. um till. og tek hana aftur til 3. umr. í trausti þess, að hv. n. taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar.

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Ég tel alveg sjálfsagt, að kreppunefnd taki til athugunar bendingu þá eða fyrirspurn, sem hv. 1. þm. Eyf. gerði jafnframt því, er hann tók aftur tillögu sína til 3. umr. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. geti komið og rætt það mál við nefndina.

Hv. 4. þm. Reykv. bar fram aths. við frh. 1. umr. Mér þótti að vísu gott að heyra, að hann áleit, að tilgangur frv. væri réttur og góður, en hann nefndi nokkur atriði, sem ég ætla nú að minnast á. Það var þá fyrst, hvað myndi blasa við, ef um breyt. væri að ræða utanlands og innan, sem leiddi til mikillar verðhækkunar. Ef af þessu verður, hygg ég, að það komi fram innan ársloka. Undirbúningur þessa máls er nú orðinn svo langur, kreppan svo hörð og aðstæður allar yfirleitt þannig vaxnar, að ég hygg, að árangurinn komi í ljós síðari hluta þessa árs. Lánveitingar úr sjóðnum eiga ekki að fara fram fyrr en síðari hluta

þessa árs, svo að verðhækkunin ætti þá að vera komin fram um það leyti, er lánveitingarnar hefjast. Og ég vonast fastlega eftir, að hún komi í ljós. Því að þá er ekki minnsti vafi á, að horfurnar batna og miklu minna þarf að grípa til þessara ráðstafana. Það takmarkast líka af 6. lið 5. gr., sem ég ætla að lesa upp, ef forseti leyfir. Ákvæðið hljóðar svo: „Að hann (þ. e. a. s. lánbeiðandi) geti að dómi sjóðstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefir fengið stuðning samkv. lögum þessum, samhliða heilbrigðum búrekstri". M. ö. o., ef þetta liggur fyrir þegar lánveitingar byrja, að menn eigi vísar vonir um meira verð fyrir afurðir sínar, þá verður eðlilega krafizt minni eftirgjafa og minni lána. Árangurinn af þessari væntanlegu verðhækkun verður því sá, að ríkið þarf minna á sig að leggja til styrktar bændastéttinni. Hinsvegar spurði hv. þm. og með réttu, hver yrði afeiðing þess, að ástandið batnaði ekki, eða jafnvel versnaði. Það er ljóst, að ef það liggur fyrir, að þessar ráðstafanir beri engan árangur, þá verður afleiðingin sú, að skuldheimtumenn verða illa úti. Ríkið verður að nota heimildir sínar í ríkari mæli og harðar verður gengið að skuldareigendum að gefa upp skuldirnar og semja um lengri fresti. Þá verður aftur að taka til greina 6. lið 5. gr. og skilyrðið, sem þar um ræðir, að til þess að maður geti risið undir greiðslum af skuldum sínum, þarf að gera meira að því að afskrifa skuldir og létta undir með kreppulánum. Í framhaldi af þessu lýsti hv. 4. þm. Reykv. vafa sínum um það, hvort nú væri hinn rétti tími til slíkra stórfenglegra ráðstafana kominn. Það er mikilvægt atriði, sem allir þurfa að gera sér ljósa grein fyrir. N. bar saman um það, að nú væri hinn rétti tími tvímælalaust kominn, og að alls ekki mætti dragast lengur að stofna til slíkra ráðstafana. Það leikur enginn vafi á því, að vonleysið og kæruleysið muni stórkostlega færast í aukana, ef þessu verður slegið á frest. Ef ekki kemur nú útrétt hönd til hjálpar frá ríkinu, þá er svo komið um marga, að þeir gefa fré sér alla von, missa alveg móðinn. Ennfremur er svo ástatt að því er snertir lánsstofnanirnar, að ef ekki eru þessar ráðstafanir gerðar, þá er óhjákvæmilegt að ganga að mönnum vegna fasteignalána, eða svo er a. m. k. um búnaðarbankann. Og ef þetta verður óhjákvæmilegt, þá verður það gert í stórum stíl. Vegna þessa verður ekki um það deilt, að rétti tíminn sé kominn hér innanlands. Ég verð að játa, að þegar athugað er, hvort ástæðurnar erlendis séu á batavegi, þá fylgir því ekki eins mikill sannfæringarþungi. En mín persónulega skoðun er, að þar sé líka kominn rétti tíminn, og ég hygg, að á þessu ári muni fram koma ráðstafanir stórveldanna. En frá því hvarfla ég ekki, að innanlands sé rétti tíminn kominn.

Loks var eitt atriði hjá hv. 4. þm. Reykv.: að þó að maður geti til bráðabirgða búizt við batnandi horfum, þá muni afleiðingin ekki verða góð til frambúðar, nefnilega sú, að framleiðslan muni stórum aukast, eins og komið hefir í ljós í Englandi og Danmörku. Þetta má nokkuð rétt vera, enda hafa Englendingar aldrei verið góðir bændur, og okkur finnst, að með því verðlagi, sem þeir eiga við að búa, hefði átt að vera hægt að reka landbúnað, svo að til stórgróða horfði. Við þennan samanburð má ekki miða við verð á okkar kjöti þangað komnu. — Nú er tækifærið til þess að gera ráðstafanir til góðs í framtíðinni. Ísland hefir t. d. betri aðstöðu til þess að skapa sér markað í Englandi heldur en nýlendur þeirra og dominions, af því að það liggur svo miklu nær. Milli Íslands og Englands er ekki nema 3—4 daga ferð, en frá sumum nýlendunum tekur það tugi daga. Þetta getur enn þýtt, að meiri líkur séu á hærra verði. Með þeim framförum, sem kælivélar og kælingaraðferðir hafa tekið og taka enn, ætti að vera hægt að koma kjötinu okkar í flokk með nýju kjöti. Svo eru líka möguleikar fyrir lifandi útflutningi til Englands; það er ekki nema mannsaldur síðan íslenzku bændurnir lifðu góðu lífi af þeirri hugmynd, en þó eru þessi atriði auðvitað í óvissu enn. Það er viðbúið, að ræða hv. 4. þm. Reykv. varpi nokkrum skugga á framtíðina, en þau atriði, sem ég hefi bent á, geta líka boðað fljótan bata. Ég lít sjálfur björtum augum á framtíðina, og ef þetta þing ber gæfu til þess að

samþ. þetta frv., þá hefi ég sterka trú á því, að það verði landbúnaðinum til hinnar mestu bjargar, og skapi honum bjarta framtíð og langt líf.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki hafa langa ræðu. Ég heyrði ekki allt svar hv. frsm. við því, sem ég sagði um brtt. okkar á þskj. 539. En mér skildist hann álíta, að fyrri till. væri óþörf, af því að árgjaldið væri ekki fastákveðið 5%, en það færi eftir verðlagsbreytingum.

Ég vil benda hv. d. á það, að 2. málsgr. 18. gr. heimtar það eitt, að ef hagur lántakanda breytist, skuli afborganir fara þar eftir, en ekki er getið um, hvort það er af verðlagsbreytingu eða af hverju. Það gæti t. d. verið af vinning í happdrætti, arfi og fleira. Samt sem áður standa vaxtakjörin og eftirgjöfin óbreytt. Það er aðeins hægt að stytta lánstímann, en á engan hátt hægt að fá meira af manninum en ætlazt er til við uppgjörið. En það, sem við Alþýðuflokksmenn viljum, er það, að ef þessi 5% eru talin rétt hlutfall þegar gert er upp, þá sé skuldanda aldrei gert erfiðara en sem því svarar, en hækki hinsvegar afurðaverð, þá hækki árgjaldið um jafnan hundraðshluta.

Viðvíkjandi seinni brtt., að l. skuli einnig ná til þeirra, sem þar greinir, þá virtist mér hv. frsm. hafa mikla tilhneigingu til að líta með sanngirni á hana. Hann taldi með réttu, að ekki væri hægt að loka augunum fyrir nauðsyn þessa fólks, en taldi æskilegt, að sett yrði n. til að rannsaka hag þess, sem gæfi skýrslu fyrir næsta þing. Skildist mér, að ef ástæður reyndust hliðstæðar og hjá bændum, væri fenginn grundvöllur undir hliðstæða löggjöf til hjálpar þessu fólki. Ég verð að segja, að ég vil síður eiga eftirkaup um þessa hluti. Ég álít sjálfsagt, að löggjöf sé sett í einu lagi fyrir þá, sem ekki geta staðið við skuldbindingar sínar af völdum kreppunnar, hvort sem þeir búa við sjó eða í sveit. Hann taldi, að verðfall landbúnaðarafurða væri meira en sjávarafurða, og kann það að vera rétt miðað við síðastl. ár. Aftur á móti 1931 var það ekki meira. Hér virðist þá vera gert mat á mönnum, talið nauðsynlegra að hjálpa einum flokki manna en öðrum, sem eru í svipuðum kringumstæðum. Eins og hv. frsm. benti á, þá liggja ekki fyrir skýrslur um, hvað mikið fé þyrfti. En að fengnum skýrslum um hag fólksins verður það á valdi sjóðstjórnarinnar að meta getu sjóðsins og þörf fólksins fyrir að nota sjóðinn.

Mér hefir skilizt sumir hv. þm. veita þessum till. ekki óvinsamlegar undirtektir. Get ég orðið við tilmælum hv. frsm. að taka þær báðar aftur til 3. umr. Mætti þá e. t. v. frekar nást samkomulag um einhverja lausn á vandræðum þessa fólks, sem frv. nú gerir ekki ráð fyrir að ná til.

Út af því, sem hv. frsm. sagði í lok ræðu sinnar, að nú væri einmitt tíminn til að framkvæma efnahagsuppgjör hjá bændum, þá hygg ég ómögulegt um það að fullyrða. Og því miður eru ekki líkur til, að svo sé. Ég hefi enga trú á, að þótt sjóðurinn taki ekki til starfa fyrr en á seinna misseri þessa árs, þá verði þær breyt. orðnar, að við séum verulega meir vitandi um framtíðarhorfurnar en nú.

Rétt er það, að síðasti farmur af frystu kjöti til Englands mun hafa selzt 50% hærra en áður. Sölutíminn fyrir síðari farminn var líka hentugri en fyrir þann fyrri.

Loks vil ég benda á, að ýms ummæli hér í hv. d. gefa villandi hugmyndir um þetta mál. Menn hafa talað um, að ekki væri um nema tvennt að gera, samþ. frv. í höfuðatriðum eða horfa á yfirvofandi aðför að svo og svo miklum hluta af bændum. Þetta er í alla staði rangt. Það er alveg víst, að hvað sem verður um afgreiðslu þessa frv., þá verður ekki skilizt svo við þetta mál, að ekki verði komið í veg fyrir allsherjaraðför að bændum. Og það má gera á margskonar annan hátt en bent er á í þessu frv.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Ég hafði hugsað mér að greiða atkv. með brtt. hv. þm. Seyðf. og þeirra 2 þm. annara, á þskj. 539, sérstaklega við 21. gr., nefnilega um það, hvaða smáútgerðarmenn, sem hafa aðalatvinnu sína af eigin útgerð, iðnaðarmenn, sjómenn og verkamenn, kæmust undir ákvæði þessara l. með hliðstæðum skilyrðum og bændur.

Nú heyri ég, að hv. 1. flm. lýsir yfir því, að hann ætli að taka þessa till. aftur til 3. umr. í þeirri von, að n. sjái sér fært að taka þessa grein til meðferðar á milli umr. Ég skal strax taka það fram, að ég er hugmynd þessari, sem felst í till. frá þessum andflokksmönnum mínum, samþykkur. Og ég vænti þess, að kreppunefnd reyni að sýna ýtrustu sanngirni í þessu efni gagnvart þörf þeirra manna, sem um ræðir í brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 538,1 (2. gr. falli burt) samþ. með 15:5 atkv.

— 538,2 samþ. án atkvgr.

3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 509 tekin aftur.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 538,3 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 538,4 samþ. með 21 shlj. atkv.

— 538,5 samþ. án atkvgr.

5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt,, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 538,6 samþ. með 20 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt., samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 538,7 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 538,8 samþ. með 20 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 538,9 samþ. með 22 shlj. atkv.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

9.—10. gr. (verður 8.—9. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 538,10 samþ. án atkvgr.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 538,11 samþ. án atkvgr.

12. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

13. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 538,12 (ný 14. gr., verður 13. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

15.—16. gr. (verður 14.—15. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 538,13 samþ. með 21 shlj. atkv.

17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 538,14 samþ. með 23 shlj. atkv.

18. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 539,1.a—b tekin aftur.

— 538,15 samþ. með 22 shlj. atkv.

19. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

20.—24. gr. (verða 19.—23. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 538,16 (25. gr. falli burt) samþ. með 17:2 atkv.

— 539,2 tekin aftur.

26.—27. gr. (verða 24.—25. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 570, 509, 599, 627, 640, 641, 642).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 640, 641 og 642. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Ég vil geta þess áður en ég geri grein fyrir þeim brtt., sem kreppun. flytur á ný við þetta frv. á þskj. 627, að eins og ég gat um við 2. umr., þá hefir hv. þm. Seyðf. haft nokkra sérstöðu innan n. og nú á milli umr. hefir hann lagt ríka áherzlu á það, að samhliða því, sem þetta frv. yrði afgreitt úr d., sem miðar að því að létta bændastéttinni hennar afkomu, léti n. uppi sína skoðun um, hvað ætti að gera vegna atvinnuleysis í kauptúnum. Út af þessari kröfu hv. þm. samþ. n. það mótatkvæðalaust að beina þeirri áskorun til atvmrh., að hann bæri fram till. um það, að í fjárl., sem nú eru til meðferðar, verði veitt ákveðin upphæð til atvinnubóta.

Þessi áskorun n. hefir verið send til hæstv. stj.

Að öðru leyti hefir n. ekki tekið neina nýja afstöðu til þeirra till., sem hv. þm. Seyðf. hefir borið fram á þskj. 599, sem hann vafalaust gerir grein fyrir.

Þá skal ég fara nokkrum orðum um brtt. n. á þskj. 627. Þær eru þrjár.

Fyrsta brtt. er um að hækka framlag á ríkisskuldabréfum, sem á að leggja til kreppulánasjóðs, úr 8 millj. upp í 9 millj. Í frv. eins og atvmrh. gekk frá því, er gert

ráð fyrir 12 millj. kr., sem kreppulánasjóður eigi yfir að ráða, en þá var jafnframt gert ráð fyrir, að 2 millj. kr. væri varið til sérstakra ráðstafana, sem taldar voru upp í 25. gr. frv. eins og það kom frá stj. Í till. n. var 2. gr. frv. þáverandi, sem fjallaði um sérstakt framlag í þessu skyni, og 25. gr. felldar niður, þannig að eftir stóð þá áætlað framlag, sumpart í peningum í gegnum búnaðarbankann og sumpart í ríkisskuldabréfum, sem nam 10 millj. kr.

Út af þeim till., sem atvmrh. bar fram, hefir kreppun. borið fram eina till., sem snertir frystihús, í sambandi við það frv., sem er næst á dagskránni, og sú upphæð, sem gert er ráð fyrir, er 300 þús. kr. Í annan stað hefir komið fram sérstakt frv. um ráðstöfun vegna rjómabúa, sem líka var aðalatriði í till. atvmrh. En nú er það komið fram í sérstöku frv., sem getur legið utan við starfsvið kreppulánasjóðs.

Í þriðja lagi vil ég geta þess út af 1. till. atvmrh. viðvíkjandi því að heimila stj. að veita verðuppbót á kjöti, ef það verður í mjög lágu verði, að kreppun. hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að ráðstöfun eða ákvörðun um það atriði fari bezt á því að fara fram í sambandi við afgreiðslu samninganna við Breta. Það er talið víst, að samningarnir berist þinginu innan fárra daga, en það er einnig talið víst, að þeir nái ekki nema til framleiðsluvara sjávarútvegsins, þannig að um kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir hafi ekki verið hægt að semja. Og þó að samningarnir verði samþ. í þinginu að því er snertir sjávarútvegsafurðir, þá telur kreppun. sjálfsagt, að stj. verði veitt heimild til þeirra ráðstafana, sem hún verður nauðsynlega að hafa heimild til að gera, ef bæri út af með samningana um landbúnaðarafurðir. Þess vegna telur n. rétt, að ákvörðun í sambandi við þetta eigi að koma í sambandi við ensku samningana. En bæði vegna till., sem n. hefir tekið upp viðvíkjandi frystihúsum og vegna 2. brtt. n., sem snertir afföll af ríkisskuldabréfum, þá telur n., til þess að vera í samræmi við þær ályktanir, sem áður hafa verið gerðar um það, hvað kreppulánasjóður verði að vera stór, að rétt sé að hækka heimildina um 1 millj. kr. til útgáfu ríkisskuldabréfa.

Þá er 2. brtt., b-liður, á þskj. 627. Þar leggur n. til, að ráðh. skuli ákveða gengi á ríkisskuldabréfum, þó eigi megi afföll vera meiri en 10%. Þessi till. eins og hún er orðuð nú var í hinum upprunalegu till. frá bændan., sem hún afhenti stj. En hæstv. ráðh. felldi það niður. Og í frv. er svo kveðið á, að bréfin skuli vera gjaldgild til greiðslu á eldri skuldum með nafnverði. En af hálfu Landsbankans kom einn af bankastjórunum til n. og lagði ríka áherzlu á, að þessu ákvæði yrði breytt og af hálfu bankans er það talið sanngjarnt, að við þessi ákvæði verði unað eins og þau eru í brtt. n. Samkv. áliti okkar í bændan. var útkoman sú, að í raun og veru ættu afföll á þessum bréfum á frjálsum markaði að vera a. m. k. 20%, og þess vegna er hér farið bil beggja. Við áttum sæti í kreppun., 2 af þeim, sem vorum upphaflega í bændan., og bæði við og n. í heild höfum fallizt á, að það verði að taka tillit til þessarar eindregnu óskar Landsbankans, og þess vegna berum við fram þennan b-lið.

Þá er loks 3. brtt. Ég gat um það við 2. umr., að n. mundi bera fram brtt. við núverandi 22. gr. frv., sem kveður svo á, að ársgjöld kreppulánasjóðs skuli ekki endurgreiðast til ríkissjóðs fyrr en 1. jan. 1941.

N. hefir ráðgazt um þessa till. við stj., og till. er, í því formi, sem hún nú er borin fram í, eftir ósk stj., þannig að ársgjöldin borgist að hálfu til ríkissjóðs til 1. jan. 1937, en síðan að öllu leyti. Ég vil gera grein fyrir því, að það hefir verið reiknað út, hverju þetta munaði fyrir ríkissjóð og kreppulánasjóð, ákvæðið eins og það er í frv., og ákvæðið eins og n. leggur til í samráði við stj., að það verði, og útkoman er sú, að samkv. ákvæðinu eins og það er í frv. verður ríkissjóður að vera búinn að láta út 1940 5883700 kr., aðallega í bréfum, en samkv. þessu skipulagi, sem nú er gert ráð fyrir, verða það 3239756 kr. Það er m. ö. o. svo, að samkv. þessari brtt. léttist á ríkissjóði um það bil á þessu tímabili 2640000 kr.

Ég skal geta þess, að um þetta liggur fyrir allrækilegur útreikningur, sem gert er ráð fyrir, að n. í Ed. geti fengið aðgang að á allan hátt og menn geta fengið að kynna sér, sem þess óska. En ég tel ekki

ástæðu til að fara út í einstakar tölur um það.

Þessar brtt. tel ég alveg sjálfsagðar, og ég vil gera ráð fyrir, að ekki verði mikill ágreiningur um þær.

Ég vil svo geta þess, að ég tók það fram í framsögu við 2. umr., að kreppun. geymdi sér til 3. umr. að taka til athugunar ákvæði viðvíkjandi stjórn sjóðsins, og eins og þskj. ber með sér, þá liggur ekki fyrir nein till. frá n. viðvíkjandi því atriði. En á þskj. 640 og 641 hafa 3 af nm. borið fram sérstakar till. um það atriði. Þessar till. lágu fyrir n., en hvorugar þeirra náðu það miklu samþykki, að n. bæri þær fram, sem er ljóst af því, að einstakir menn bera þær fram. En ég skal ekki gera þær að umtalsefni að sinni.

En viðvíkjandi till. hv. 1. þm. Skagf. á þskj. 642, þá kom það atriði nokkuð til umr. í n., sem hann bendir á. Og við höfum einnig athugað þetta atriði í bændan., en við treystum okkur ekki til að finna, hvernig hægt væri að framkvæma þetta, hvernig hægt væri að setja nokkrar reglur fyrir því að fara inn á þá braut, sem hv. þm. stingur upp á. Ég get því ekki léð þessari till. atkv. mitt, og ég geri ekki ráð fyrir, að kreppun. treysti sér til að styðja hana.

En ég vil benda á, að mér finnst, að það væri atriði, sem frekar mætti taka til athugunar á næsta þingi, ef reynslan sýndi, að til þess þyrfti að taka, en að svo komnu tel ég, að það sé ekki ráðlegt, og heldur ekki hægt að rökstyðja til hlítar að fara inn á þá braut, sem hv. þm. stingur upp á.

Að svo mæltu vildi ég óska, að málið verði afgr. með till. n.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég á brtt. við þetta frv., sem fer fram á að breyta ákvæðum frv. við 19. gr., að því er snertir stjórn kreppulánasjóðs, um það að breyta ákvæðunum um það, að stjórn kreppulánasjóðs sé falin einum af bankastjórum búnaðarbankans og 2 mönnum, sem atvmrh. skipar, að fengnum till. landbn. þingsins, en í stað þess verði ákvæðið þannig, að stjórn Búnaðarbanka Íslands verði falin stjórn kreppulánasjóðs. Ég skal gera grein fyrir því, á hverju ég byggi þá skoðun mína, að þetta sé ekki einasta heppilegri tilhögun á þessu, heldur einnig sú heppilegasta tilhögun á stj. þessa sjóðs, sem ég kem auga á. Með stofnun búnaðarbankans er eins og kunnugt er bændum landsins fengin sérstök lánstofnun fyrir sig, enda er nú svo komið, að bændur reka nálega alla sína fasteignaveðlánastarfsemi við þennan banka.

Nú er þess að gæta í sambandi við þetta mál, að hér er farið fram á með þessu frv. að setja á fót stórfellda lánastarfsemi fyrir bændur landsins, starfsemi, sem á að vera til þess og byggja á því, að hjálpa þeim bændum, sem annars er svo ástatt fyrir, að komast hjá því að þurfa fyrir þær sakir, sem nú skapar hið erfiða ástand í sveitunum, að flosna upp af jörðum sínum og komast á vonarvöl, sem mundi verða þeir kostir, sem margt af þessu fólki yrði að sætta sig við eins og nú er ástatt í flestum byggðarlögum landsins.

Ég get ekki betur séð en að þessi stórfellda lánastarfsemi, sem hér er farið fram á, sé bezt komin í höndum þeirrar lánstofnunar, sem nú hefir verið sérstaklega sett á stofn fyrir bændastéttina. Ég skal geta þess, að þessi till. er samhlj. till., sem fram kom frá mér í bændan. og því frv., sem bændan. sendi til ríkisstj.

En það er nú að vísu rétt, að starfsemi kreppulánasjóðs er allmikið víðtækari en sú starfsemi, sem búnaðarbankinn hefir nú með höndum.

Stjórn þessa kreppulánasjóðs er falið allvíðtækt vald í sambandi við það uppgjör, sem fram á að fara á hag bænda og verður undanfari þessarar lánastarfsemi, sem hér er gert ráð fyrir úr kreppulánasjóði. En ég fæ ekki betur séð en að þessar framkvæmdir séu þannig vaxnar, að þeim sé bezt fyrir komið í höndum stjórnar búnaðarbankans, því hún hefir eðlilega gegnum sína starfsemi bezta þekkingu á hag og afkomu bændastéttarinnar. En það er einmitt þessi þekking, sem er undirstaðan til, að þeim tilgangi verði náð með þessu frv., sem til er ætlazt.

Það er ekki einasta, að bankastjórnin hafi þekkingu á fjárhagsafkomu þessara manna, heldur hefir hún eðlilega mjög góða þekkingu á afkomumöguleikum og

lífsbjargarskilyrðum í hinum einstöku héruðum landsins, en það er vitanlega einn aðalgrundvöllurinn undir því að geta framkvæmt þetta réttilega og sanngjarnlega, því á því veltur náttúrlega ákaflega mikið, að þeir, sem standa fyrir þessum lánum, viti það út í yztu æsar og geti gert sér grein fyrir því, hvar skórinn kreppir mest að í þessu efni.

Svo er annað í þessu sambandi, sem ég álít, að taka verði tillit til og bezt sé fyrir séð með því að fara þessa leið í að skipa stjórn sjóðsins, og það er, að ég álít mjög óheppilegt og skaðlegt fyrir gagn þessa sjóðs, að inn í stjórn hans verði hleypt mönnum, sem eru stórir kröfuhafar, sem sjálfsagt hlýtur alltaf að móta þeirra afstöðu, ef ekki viljandi, þá óviljandi, að þeir verði nokkuð háðir sínum eigin hagsmunum eða þess félagsskapar, sem þeir sérstaklega starfa fyrir. En það þarf vitanlega að vera grundvallaratriði fyrir heppilegri starfsemi þessa sjóðs, að þeir, sem standa fyrir honum, séu gersamlega óháðir utan að komandi áhrifum og líti á það eitt, hvað sanngjarnt er gagnvart kröfuhöfunum í heild, án tillits til sérstakrar aðstöðu þeirra, og svo þeim skuldugu mönnum hinsvegar.

Ég vil benda á, að þó að lagt sé til, að búnaðarbankinn taki þetta að sér, þá er ómögulegt að líta á hann sem kröfuhafa, því að þó að bankinn sé stærsta viðskiptastofnun bænda, hvað fasteignaveðlánastarfsemi snertir, þá liggur hún að mestu leyti utan við verkahring kreppulánasjóðs, því vitanlega er hans starfsemi fyrst og fremst að ráðstafa þeim hluta af skuldum bænda, sem eru lausar. En lausar skuldir við búnaðarbankann í Rvík eru ekki nema sem svarar tæplega 1½% af öllum lausaskuldum bænda. Þetta er nægilegt til að sýna, að ómögulegt er að líta svo á, að búnaðarbankinn geti verið sérstakur kröfuhafi, þegar um er að ræða ráðstöfun á lausum skuldum.

Ég vænti því, að hv. d. geti orðið mér sammála um það, hvað starfsemi kreppulánasjóðs snertir og stjórn hans, að þá sé í alla staði heppilegast að fela hana stjórn búnaðarbankans og yfirleitt að reyna að sigla framhjá því skeri, sem gæti orðið hættulegt á þeirri siglingabraut, að einstakir stórir kröfuhafar yrðu settir inn í stjórn þessa sjóðs og kæmu til að móta þá starfsemi.

En í þeim till. öðrum, sem hér liggja fyrir, er þetta opin leið, og mér er ekki grunlaust um, að þetta sé gert beint til þess að hafa opinn þann möguleika að koma að stórum kröfuhöfum. En hver sem tilgangurinn er, þá er það ljóst, að þetta stendur opið. Með annari till., sem fyrir liggur, er kveðið svo á, að 2 stærstu kröfuhafarnir skuli settir inn í stjórn sjóðsins, en hinsvegar eiga aðrir kröfuhafar ekki að fá neinn málsvara fyrir sig. Ég er hræddur um, að þetta muni verða til þess að vekja tortryggni, e. t. v. ástæðulausa tortryggni um þessa starfsemi, sem óhjákvæmilega verður til þess að draga úr gagnsemi hennar. Það er vissulega ákaflega mikilsvert, að ró og friður verði sem mest um þetta starf. Og ég held einmitt, að með því að fela stjórn búnaðarbankans að stjórna þessum sjóði, sé þessi ró og friður tryggður svo vel sem bezt er mögulegt að því er löggjöfina snertir í þessu máli. Auk þess er engum blöðum um það að fletta, að frá sjónarmiði bænda, sem eiga að njóta góðs af þessu, er lang-aðgengilegast að geta fengið þennan stuðning fyrir milligöngu þeirrar stofnunar, sem er þeirra lánsstofnun, sem sé búnaðarbankans. Og þar sem þessi hjálp er byggð á lánsgrundvelli, þá virðist sjálfsagt, að þessari stofnun verði falið að hafa þá lánastarfsemi með höndum.

Þá skal ég ennfremur benda á það, að þegar búnaðarþingið stóð yfir í vetur, — en á búnaðarþingi sitja eins og kunnugt er fulltrúar bænda hvaðanæva af landinu —, þá fékk það þetta frv. til meðferðar og samþ. um það ályktun, sem fól það m. a. í sér, að höfð yrði á stjórn þessa sjóðs sú tilhögun, sem ég hefi nú stungið upp á. Þannig liggur fyrir áskorun um þetta frá annari aðalsamkomu bændafulltrúa hér á landi.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en ég vænti þess, að það geti orðið ofan á, jafnframt því sem allir virðast sammála um að leggja bændum það lið, sem óhjákvæmilegt er, að stjórn þessara mála verði þannig fyrir komið, að bændur landsins fái notið þessarar hjálpar svo sem bezt má verða.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil þakka kreppun. fyrir það mikla starf, sem hún hefir lagt í þetta frv.

Ég vil taka það fram eins og hv. frsm. gat um, að þær breyt., sem kreppun. leggur til, að gerðar verði á 2. og 22. gr., eru gerðar í samráði við mig, og hefi ég gengið inn á þær til samkomulags, til þess að stofna ekki frv. í tvísýnu. Ég hefði að vísu óskað þess, að ef horfið hefði verið að því ráði, að hafa gengi á ríkisskuldabréfunum, þá hefði verðmismunurinn verið bættur upp með sérstöku framlagi úr ríkissjóði, en hefi til samkomulags gengið inn á brtt. n.

Viðvíkjandi brtt. við 22. gr. vil ég segja það, að stj. hefir vegna erfiðs fjárhags ríkissjóðs orðið að leggja nokkra áherzlu á það, að a. m. k. nokkur hluti árgjaldanna komi þegar í ríkissjóð aftur, eftir að útlánastarfseminni væri lokið. Það er þess vegna einmitt eftir ósk stj., að n. hefir lagt til, að hálf árgjöld greiðist þegar til ríkissjóðs. Hv. frsm. hefir og glögglega sýnt fram á, að þetta tillag, sem kreppulánasjóður fær þannig til 1. jan. 1937, mun fyllilega nægja til að bera þann kostnað, sem leiðir af því, að kapitalisera framlög ríkissjóðs samkv. 1. gr.

Viðvíkjandi þeim brtt., sem komið hafa fram við 19. gr., verð ég að vera þeirrar skoðunar, að það sé heppilegra yfirleitt, að stjórn sjóðsins sé skipuð 3 mönnum heldur en 5 mönnum. Það mun vera allt eins mikil trygging fyrir góðri samvinnu, og reynslan mun yfirleitt verða sú, að mjög fjölmennar stjórnir séu seinni í vöfum en fámennar. Auk þess vildi ég benda á það í sambandi við brtt. á þskj. 641, að það verður ekki beinlínis séð á þeirri till., hvort þeirri stjórn, sem þar er gert ráð fyrir, er ætlað að starfa til 31. des. 1934, þegar lánastarfseminni á að vera lokið samkv. frv., eða hún eigi að starfa allan tímann, þangað til lánin eru endurgreidd aftur eða til ársloka 1976. Eins og till. liggur fyrir, virðist mér þetta ekki með öllu ljóst. Ég hygg þó, að allir séu sammála um, og það mun e. t. v. líka vera meiningin hjá hv. flm. till., að eftir árslok 1934 sé stjórn þessa sjóðs falin Búnaðarbanka Íslands. Ég verð einnig, þrátt fyrir þær röksemdir, sem komið hafa fram fyrir brtt. á þskj. 641, að halda fram þeirri tilhögun, sem gert er ráð fyrir í frv., og n. sem heild hefir ekki lagt til, að neinar breyt. verði gerðar á.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 599 hefir þegar verið bent á það við 2. umr., að það væri mjög mikilsvert fyrir bændur landsins að fá þegar full skuldaskil, svo að þeir eigi ekki hangandi yfir höfði sér hættuna fyrir nýjum kröfum, ef eitthvað raknaði úr um aðstöðu þeirra í búskapnum, en sú hætta mundi vera yfirvofandi, ef a-liður brtt. yrði samþ.

Í brtt. b. á sama þskj. er lagt til, að smáútgerðarmenn, iðnaðarmenn, sjómenn og verkafólk, sem vegna verðlagsbreyt. eða atvinnuleysis er ekki fært að standa við skuldbindingar sínar, reka atvinnu sína á heilbrigðum grundvelli eða framfleyta sér og sínum með vinnu sinni, eigi rétt á að komast undir ákvæði þessara l. Viðvíkjandi þessari brtt. vil ég taka það fram, að þetta er stór skerðing á þeirri hjálp, sem ég hygg, að flestir séu nú sammála um, að rétt sé að veita bændastéttinni. Það má og benda á það, að bændastéttin hefir að nokkru leyti sérstöðu að því er atvinnurekstur snertir. Hún verður að binda allmikið fé í rekstri sínum, jarðabótum, húsabyggingum og öðru slíku. Það er ekki eins auðvelt að selja þær eignir án stórkostlegs fjártjóns, eins og t. d. bát. Og ég hygg, að það sé meiri bylting í þjóðlífi okkar, ef hópur bænda flosnar upp af jörðum sínum og bætist við atvinnuleysingjana í kaupstöðunum til að taka atvinnuna af þeim, sem fyrir eru og hafa þegar litla atvinnu, heldur en jafnvel þótt smáútgerðarmaðurinn neyðist til af óviðráðanlegum atvikum að selja bát sinn og ráða sig sem háseta eða stýrimann hjá öðrum. Það er hægt fyrir þann mann að framfleyta fjölskyldu sinni að mestu við sömu kjör og áður. En þetta er ekki hægt fyrir fjölskyldumann í bændastétt, ef hann flosnar upp og verður t. d. að ráða sig sem vinnuhjú.

Þá vil ég einnig minna á það, sem hefir verið bent á áður í þessu sambandi, að aðstæður útgerðarinnar hafa nú á þessum tímum ekki breytzt eins stórkostlega til hins lakara eins og orðið hefir með landbúnaðinn. Ég hygg, að smærri útgerðarmenn hafi, það sem af er þessu ári,

horft bjartari augum á framtíðina en þeir gerðu á sama tíma í fyrra, en um bændurna hygg ég megi segja, að þeir hafi aldrei verið eins hræddir um afkomu sína eða litið til framtíðarinnar með eins mikilli og almennri svartsýni og nú.

Viðvíkjandi styrk til verkafólks, sem gera má ráð fyrir, að ekki fái fulla atvinnu á þessu ári, vil ég geta þess, að stj. mun bera fram brtt. við 3. umr. fjárlagafrv. í Ed., þar sem farið verður fram á að heimila stj. að verja allverulegu fé til atvinnubóta. Sú aðferð hefir áður verið höfð, og mér finnst réttast að bregða ekki þar út af. Má vel vera, ef sérstök vandræði ber að höndum við sjávarsíðuna, að nauðsyn verði síðar meir til að gera sérstakar ráðstafanir, en til þess þarf meiri rannsóknir en ennþá hafa farið fram á þeim málum, ef á að vera mögulegt að leysa þau forsvaranlega frá löggjafarinnar hendi.

Ég leyfi mér því að mæla með því, að brtt. kreppun. verði samþ., en ég hygg, að ekki sé hægt að ráða til þess, að aðrar breyt. verði gerðar á frv. að svo komnu.

**Steingrímur Steinþórsson:** Ég á hér tvær brtt., og skal ég leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum. En þar sem ég hefi ekkert talað í þessu máli ennþá, vil ég fyrst segja örfá orð um það almennt.

Það mun vera álit flestra, að þetta sé það mál, sem mest þörf er að leysa eins og sakir standa nú, og heiður Alþingis liggi við, að sæmilega verði frá því gengið. Afkoma bændastéttarinnar er þannig vegna hins gífurlega verðfalls tvö síðustu árin, að voði er fyrir dyrum, ef ekki eru gerðar gagngerðar ráðstafanir til að bæta úr vandræðunum. Það er óhætt að fullyrða, að sölutekjur meðalbænda í sumum héruðum þessa lands hafa ekki farið fram úr 600 kr. árið 1932. Sjá allir, hvílíkir möguleikar eru þá til að framfleyta heimili, þar sem þarf að kaupa mikið af aðfluttum vörum og þar að auki að halda við öllum þeim tækjum, sem til búrekstrar þarf. Og það, sem ég vildi láta í ljós til viðbótar við það, sem áður hefir verið sagt um afkomu bænda síðustu ár, er það, að ég er hræddur um, að afkoma bænda sé lakari en skýrslurnar hafa gefið til kynna. Bændur hafa orðið að vera svo óvanalega sparsamir, að þeir hafa alls ekki keypt nema það, sem allra nauðsynlegast er til að geta lifað. Þeir hafa jafnvel ekki keypt sér klæðnað, heldur bjargast við þann, sem þeir áttu áður, og þeir hafa ekki keypt eða haldið við svo vel sem þurft hefði þeim tækjum, sem nauðsynleg eru til að reka hvert bú. Slíkur sparnaður er algerlega óeðlilegur og hlýtur að verða til þess, að úr þessu verður að bæta næstu árin og skapar það þá aukin útgjöld. Sjá allir, að með þessu lagi verður ekkert bú rekið til lengdar. Af þessum ástæðum er ég hræddur um, að það komi fram, þegar farið verður að framkvæma þessi l., að ástandið reynist verra en menn hafa gert sér í hugarlund.

N. sú, sem starfað hefir að þessu máli, hefir verið, eins og formaður hennar, hv. þm. Str., sagði, einhuga um aðalatriði þessa frv. Samstarf nm. hefir verið mjög gott. Umr. um frv. hafa líka sýnt, að ágreiningur er aðeins um nokkur atriði og eru aðeins fá af þeim, sem skipta verulegu máli. Það er ekki undarlegt, þótt nokkuð verði skiptar skoðanir um slíkt stórmál sem þetta.

Þær brtt., sem ég flyt nú við frv., eru fram komnar af því, að ég hefi sérstöðu um sum atriði þessa máls. Vil ég þá fyrst leyfa mér að minnast á brtt. á þskj. 642, við 3. gr., að heimilt sé sjóðstjórninni að verja úr kreppulánasjóði allt að 1 millj. kr. sem óafturkræfu framlagi til þeirra stofnana, er þurfa að gefa svo mikið eftir af skuldum samkv. lögum þessum, að þær geta ekki framvegis starfað á heilbrigðum grundvelli.

Hv. frsm. kom dálítið inn á þessa till., og mér er líka kunnugt um, að þessi till. fékk ekki byr í kreppun. En ég skal segja, hvað fyrir mér vakir með þessari till. Ég er hræddur um, að víða verði svo ástatt, að til þess að fullnægja ákvæðum þessa frv. verði ýmsar stofnanir að gefa svo mikið eftir af skuldum, að þær verði í sumum tilfellum alls ekki starfshæfar á eftir. Ég á hér við t. d. sparisjóði og verzlunarfélög, en þó aðallega samvinnufélög, og vitanlega getur hér verið um fleiri stofnanir, sem almenningur sjálfur á og starfrækir, að ræða. Það er vitanlega sjálfsagt, að allar slíkar stofnanir gefi eftir svo mikið sem mögulegt er, t. d. að

samvinnufélögin gefi eftir alla sína varasjóði. En þegar svo er komið, sé ég ekki, að hægt sé að ganga lengra, nema það lendi þá á þeim mönnum, sem í félögunum eru, á þann hátt, að grípa verði til hinnar sameiginlegu ábyrgðar, en það eru einmitt þeir sömu menn, sem hér á að bjarga. Með þetta fyrir augum hefi ég borið þessa brtt. fram. Get ég að vissu leyti þakkað hv. frsm. fyrir ummæli hans um till. Hann benti á, að þetta mætti að sjálfsögðu taka til athugunar á næsta þingi, því að þá væri betur hægt að sjá hvort sérstök þörf væri á þessu. Getur vel verið, að á næsta þingi þurfi að athuga fleiri atriði en þetta eina, viðvíkjandi þessari löggjöf, og að því leyti get ég sætt mig við yfirlýsingu hv. frsm., þótt ég hinsvegar áliti, að miklu réttara sé að gefa heimild nú þegar til þess að verja nokkru af fé sjóðsins á þennan hátt, enda hættulaust með öllu, því að vitanlega mundi sú heimild því aðeins verða notuð, að brýn nauðsyn bæri til. Vegna þeirra undirtekta, sem þessi till. fékk í n., hefi ég því miður litla von um, að hún verði samþ. Ég vildi þó láta það koma fram, að ég álít óhjákvæmilegt að gera eitthvað í þessu efni, hvort sem það verður gert nú eða á næsta þingi.

Þá á ég ásamt hv. þm. S.-Þ. brtt. á þskj. 641, um stjórn kreppulánasjóðs. Hefir áður verið minnzt á það, að n. hefði ekki verið á eitt sátt um það, hvernig stjórn sjóðsins skyldi skipuð, og hv. þm. Borgf. hefir nú borið fram brtt. þar um, og leggur hann þar til, að búnaðarbankanum einum verði falin stjórn sjóðsins.

Við flm. þessarar till. leggjum til, að stjórn sjóðsins verði skipuð 5 mönnum; sé einn tilnefndur af Búnaðarbanka Íslands, einn af Landsbanka Íslands, einn af Sambandi ísl. samvinnufélaga og tveir af atvmrh. eftir till landbn. Alþingis. M. ö. o., það er lögð til sú breyt. frá því, sem er í frv., að bætt sé í stjórn sjóðsins einum manni frá Landsbankanum og öðrum frá Sambandinu. Allar þær till., sem fram hafa komið um stjórn sjóðsins, leggja til, að búnaðarbankinn eigi þar fulltrúa einn eða fleiri. Þar með virðist mér þau rök slegin niður, sem hv. þm. Borgf. notaði sínu máli til stuðnings, að rétt væri, að búnaðarbankinn einn ætti að stjórna þessum sjóði, af því að hann hefði mesta kunnugleika á þessum málum. Það eru allir sammála um, að búnaðarbankinn eigi fulltrúa í þessari stjórn, og ég hygg, að sú þekking komi að jafnmiklum notum, þó að í stjórninni sitji fulltrúar frá fleiri stofnunum.

Deilan hefir aðallega staðið um það, hvort aðiljar frá fleiri stofnunum skuli koma inn í þessa stjórn. Nú hefir Landsbankinn gert þá kröfu, að hann eigi fulltrúa í stjórninni. Það leikur ekki á tveim tungum, að þetta mál snertir Landsbankann mjög mikið, því að þar munu skuldabréfin að lokum hafna að mestu leyti. Auk þess hefir hann vitanlega mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við þetta á ýmsan annan hátt. Það er því skoðun okkar flm. þessarar till., að sjálfsagt sé, að Landsbankinn eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins, fyrst hann óskar þess, og einnig af því, að hann sem aðalpeningastofnun ríkisins og sú stofnun, sem ræður mestu í þeim efnum, á kröfu til þess fremur öðrum aðiljum að hafa áhrif á stjórn þessa sjóðs. Ég þykist líka þess fullviss, að því fleiri stofnanir, sem koma þar til, því víðtækari þekkingu fái sjóðstjórnin á þessum málum yfirleitt.

Um það, að Sambandið eigi mann í stjórn sjóðsins, þá hygg ég, að sú mótbára kunni að koma þar á móti, að fulltrúi Sambandsins yrði ekki fulltrúi bændastéttarinnar yfirleitt, svo að ekki sé eðlilegt, að það fyrirtæki eigi mann í þessari stjórn frekar en önnur fyrirtæki. Þó má benda á, að Sambandið „representerar“ þó miklu meira en helming af öllum bændum landsins, svo að það er ekki hægt að benda á neitt fyrirtæki, sem hefir eins mikilla hagsmuna að gæta í þessu máli. Út frá þessu álít ég rétt, að SÍS eigi fulltrúa í þessari stjórn.

Hv. þm. Borgf. taldi skaðlegt, að hinir stærri kröfuhafar ættu hlutdeild í stjórn sjóðsins. Nú verður að vísu alls ekki komizt fram hjá kröfuhöfunum í framkvæmdinni, og eru einmitt meiri líkur til þess, að góð samvinna verði í þessum efnum og hægara um samkomulag, ef kröfuhafar eiga fulltrúa í stjórn sjóðsins, ekki sízt slík stofnun sem Landsbankinn, enda leggur Landsbankinn nokkurt kapp á þetta. Ég vil mótmæla því, að SÍS sé

eingöngu kröfuhafi. SÍS er fyrst og fremst fulltrúi bænda, þótt e. t. v. mætti segja, að það væri kröfuhafi jafnframt, en lengra verður heldur ekki gengið en að segja, að SÍS sé jöfnum höndum kröfuhafi og fulltrúi bænda, sem hjálparinnar eiga að njóta.

Ég er sammála hv. þm. Borgf. um það, að ekki sé rétt að skapa óróa um sjóðinn, en ég álít, að meiri líkur séu til þess, að órói skapist um sjóðinn, ef hin aðferðin er höfð, sem hv. þm. heldur fram, án þess ég á nokkurn hátt vantreysti þeirri stofnun, sem hv. þm. vill fela stjórn kreppulánasjóðs. Er heppilegra að byggja þetta á sem breiðustum grundvelli, svo að sem flestir verði við þetta tengdir í framkvæmdinni, sem búast má við, að verði að ýmsu leyti óvinsæl. — Mun ég svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði. Ég veit það, að hv. þm. Borgf. gengur gott eitt til með þeim till., sem hann ber fram. Skoðanamunurinn er aðeins um það, hvað heppilegast sé að gera í þessu efni.

Hæstv. atvmrh. talaði á móti brtt. okkar á þeim grundvelli, að óheppilegra væri að hafa stjórnina skipaða 5 mönnum en 3. Má vera, að það sé þyngra í vöfunum, en ég held þó, að þetta verði ekki talið miklar röksemdir á móti till. Þá færði hæstv. ráðh. það til, að ekki væri ljóst af till. okkar, hve lengi stj. ætti að starfa. Er það rétt, að ekkert er tekið fram um þetta í till., og mun þó engum hafa dottið í hug, að stj. yrði eilíf, en hinsvegar þóttumst við mega ganga út frá því, að athuga yrði þessa löggjöf og endurskoða þegar á næsta þingi, svo að þá yrði jafnframt hægt að taka afstöðu til þess, hvort stj. ætti að hætta störfum um næstu áramót eftir að sjóðurinn tekur til starfa eða sitja áfram. Annars geri ég þetta ekki að kappsmáli, þar sem tækifæri verður til að breyta þessu síðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram um þetta mál, og mun ég ekki taka aftur til máls, nema mér gefist sérstakt tilefni til.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Við 2. umr. gerði ég ýtarlega grein fyrir brtt. á þskj. 599, sem við Alþýðufl.menn flytjum, en tókum þá aftur, og get ég því látið mér nægja að segja fátt eitt nú, og mun ég aðallega víkja að nokkrum atriðum, sem hæstv. atvmrh. drap á í sambandi við till. okkar.

Hæstv. ráðh. lét svo um mælt, að aðstæður smáútgerðarmanna og bænda væru ekki sambærilegar, af því að útgerðarmenn ættu alltaf kost á að verða hásetar, stýrimenn o. s. frv. Kann þetta rétt að vera, en bóndinn á þess allt að einu kost að verða vinnumaður hjá einhverjum öðrum, svo að hér er jafnt á komið. Og sé það rétt og sjálfsagt að bjarga bændum frá því að flosna upp frá búum sínum, með því að veita þeim skuldaskil og löng og ódýr lán, er sama réttlætiskrafan, að þeim útgerðarmönnum, sem svipað stendur á fyrir, verði einnig hjálpað. Og sama gildir um iðnaðarmenn, verkamenn og sjómenn, sem yrðu að láta af hendi upp í skuldir þau starfstæki, sem þeim eru nauðsynleg vegna atvinnu sinnar, ef þeim er ekki hjálpað. Ganga till. okkar Alþfl. manna í þá átt, að eitt sé látið ganga yfir alla þá, sem við sömu aðstöðu hafa að búa í þessum efnum. Ég get að vísu fallist á það, að útvegurinn hafi ekki staðið sig alveg eins illa og landbúnaðurinn hin síðustu ár, en afleiðingin af því er sú ein, að það verður tiltölulega fámennari hópur smáútvegsmanna, sem leitar hjálpar hjá sjóðnum, og við vitum það báðir jafn vel, ég og hæstv. atvmrh., að þeir, sem hafa við að stríða þunga skuldabyrði frá fyrri árum, sem gerir þeim jafnvel ókleift að framfleyta sér og sínum, munu ekki standa betur að vígi í lífsbaráttunni eftir að búið væri að svipta þá atvinnutækjunum vegna skulda. Og ég tel ekki miklar líkur til þess, að óttast þurfi það sérstaklega, að sjóðstj. verði það ör á fé, að voði verði á ferðum, enda fer því mjög fjærri, að hér sé um nokkurn styrk að ræða, heldur er hér um að ræða breyt. á gömlum lánum í ný og hagkvæmari lán og útstrikun þeirra skulda, sem vitað er, að ekki er hægt að fá. Sama sanngirnin og mælir með því, að bændum verði hjálpað á þennan hátt, mælir með því, að þeim öðrum verði einnig hjálpað, sem eins stendur á fyrir.

Ég get látið þetta nægja um þessar till. okkar Alþfl.manna, en vísa að öðru leyti til þess, sem ég sagði við 2. umr.

Fyrirætlanir þær, sem hæstv. atvmrh. skýrði frá, að stj. hefði í huga viðvíkjandi atvinnubótum, er skylt að þakka, en ég veit, að hæstv. ráðh. skilur það, er ég segi honum það, að þakklæti mitt verður í samræmi við, hverjar till. stj. verða í þessu efni. Ég verð þó að segja það, að ég býst ekki við, að framlag ríkissjóðs til atvinnubóta verði svo mikið, að það geri meira en að bæta úr sárustu nauð atvinnuleysingjanna, svo að þeir geti haldið í sér lífinu, og stoðar ekki fyrir hæstv. ráðh. að ætla sér að vísa verkamanni, sem ekki getur t. d. staðið í skilum með veðdeildarlán af húseign sinni og á því á hættu að missa hana, á atvinnubótastyrkinn. Ég hugsa, að hann verði ekki svo rífur, að menn geti notað hann til að greiða með skuldir, heldur eingöngu miðaður við það, sem nauðsynlegt er til þess, að menn geti framfleytt lífinu. Það er því ekki síður nauðsynlegt, að verksvið kreppulánasjóðs nái einnig til þeirra, sem þannig er ástatt fyrir. Ég er sammála hæstv. ráðh. um nauðsyn atvinnubótanna og ennfremur um það, að heppilegt sé að veita sveitar- og bæjarfélögum atvinnubótastyrkinn, því að bæði er það, að sveitar- og bæjarfélögin láta vinnuna fara fram á þeim tíma árs, er minnst er um atvinnu, enda verður þetta til að tvöfalda það fé, sem ríkið leggur fram í þessu skyni.

Út af brtt. á þskj. 641 frá hv. 1. þm. Skagf., vil ég segja nokkur orð til viðbótar því, sem hann sagði, og vil ég þá sérstaklega benda á það, að ekki ber að skoða Landsbankann sem skuldareigтака í þessu sambandi, því að hann er fyrst og fremst stofnun, sem hafa á forustuna í fjárhagsmálefnum þjóðarinnar. Það virðist því sanngjarnt, að bankinn hafi einn mann í sjóðstj.

Aðrar till. sé ég ekki ástæðu til að ræða.

Um frv. í heild sinni vil ég svo að lokum segja það, að afstaða okkar Alþfl.-manna til þess fer eftir því, hverja afgreiðslu brtt. okkar fá.

**Bernharð Stefánsson:** Ég flutti brtt. við frv. við 2. umr. á þskj. 509, þess efnis, að heimilt væri að lána ábúendum smábýla við kaupstaði og kauptún fé úr kreppulánasjóði, ef þeir fullnægðu að öðru leyti settum ákvæðum þar um. Tók ég þó till. aftur í þeirri von, að kreppun. tæki hana til athugunar og annaðhvort tæki till. upp við þessa umr. eða bæri fram aðra till. í hennar stað. Þetta hefir ekki orðið, og verð ég því að taka till. upp og láta hana koma til atkv., hver svo sem forlög hennar kunna að verða.

Ég gerði grein fyrir ástæðunum fyrir þessari brtt. við 2. umr. og sé ekki ástæðu til að taka það upp aftur nú. Ég vil þó á ný minna á það, að þeir menn, sem hér er farið fram á, að verði sömu réttinda aðnjótandi og bændur, hafa orðið fyrir prettum af löggjafarvaldsins hálfu með l. um búnaðarbankann, þar sem lofað var, að sett yrði upp sérstök nýbýladeild við bankann, sem þessir menn einmitt gætu fengið lán úr, en þetta hefir hinsvegar ekki orðið. Veit ég þó mörg dæmi þess, að þessir menn hafa stofnað sér í óþægilegar lausaskuldir í trausti þess, að þeir gætu fengið lán úr smábýladeildinni, þegar hún kæmi upp, til þess að greiða skuldirnar aftur. Hvað sem líður hinum almennu rökum um það, að útvegurinn heyri ekki undir starfsvið kreppulánasjóðs, þá hefir þessi till. rétt á sér fyrir því. Annað mál er það, ef smábýladeildin yrði stofnuð mjög bráðlega, en þar sem engin vissa er fyrir því, að svo verði, verð ég að halda þessari till. fram.

Ég vil ennfremur benda á það, eins og ég gerði við 2. umr., að nú á þessum atvinnuleysistímum yrði afleiðingin sú sama, ef gengið yrði að þessum mönnum vegna skulda, eins og ef gengið yrði að bændum og jarðirnar teknar af þeim. Þessum mönnum yrði þá ekki annað fyrir en að flytja til bæjanna og bætast í atvinnuleysingjahópinn, sem þar er fyrir.

Hv. frsm. drap ekki á þessa till. mína áðan, svo að ég veit ekki, hvernig hv. n. lítur á hana, en ég vona a. m. k., að n. verði ekki á móti till. Þetta er áreiðanlega sanngirnismál í alla staði.

Ég hefði tilhneigingu til að drepa á fleiri atriði í sambandi við þetta mál, einkum þó í sambandi við þær brtt., sem fram hafa komið, en ég mun þó sleppa því að sinni.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég skal vera mjög stuttorður.

Hv. 1. þm. Skagf. heldur því fram, að sjóðstj. hefði meiri þekkingu á að skipa, ef hún yrði skipuð eftir till. hans, en ég hefi áður gert grein fyrir því, að stj. búnaðarbankans hefir fyrir margra ára starfsemi nægilega þekkingu á högum og háttum bænda, auk þess sem fyrir liggja niðurstöðurnar af þeirri rannsókn á hag og afkomu bænda, sem gerð var fyrir og eftir áramótin.

Því verður og ekki á móti mælt, að ef stórum kröfuhöfum eins og SÍS og Landsbankanum verður einum af öllum kröfuhöfum gefinn kostur á að taka þátt í stj. sjóðsins, er þar með opnuð leið til viðtækrar tortryggni og óánægju, sem ekki er að vita, hvert leiddi, og jafnvel þótt þekking sjóðstj. kynni að verða eitthvað meiri með þessu móti, mundi það þannig vinnast upp með þeirri óánægju og tortryggni, sem þetta fyrirkomulag skapaði.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að sambandsverzlanirnar teldu yfir helming allra bænda í landinu. Verð ég að segja það, að þótt ég beri góðan hug til SÍS, eins og líka bezt má marka af því, að ég er í stj. eins stærsta samvinnufélagsins á landinu, álít ég þó ekki ástæðu til að gera þeim bændum hærra undir höfði, sem verzla við samvinnufélög, en öðrum bændum, er njóta styrks og aðstoðar af þessari hjálparstarfsemi, sem setja á á stofn. Ég þykist þess fullviss, að stj. búnaðarbankans muni haga till. sínum án tillits til þessa og þræða þá leið um hjálpina, sem er sanngjörnust og réttlátust. Þeir bændur, sem verzla við samvinnufélög, geta varpað öllum sínum áhyggjum í þessu efni upp á stj. kreppulánasjóðs, enda þótt þeir hafi ekki sérstakan aðila í stj. til þess að gæta hagsmuna sinna. Það er rétt, að ekki verður komizt hjá kröfuhöfunum, enda eiga þeir samkv. frv. að ákveða, hvort þeir vilja ganga inn á þau skilyrði, sem stj. kreppulánasjóðs kann að setja, og er það önnur aðstaða en að þeir gætu jafnframt ráðið, hvernig skuldaskilin eru framkvæmd. Það leiðir og af sjálfu sér, að ef 2 eða fleiri kröfuhafar fá aðstöðu til að taka þátt í stj. sjóðsins, og allir aðrir kröfuhafa eru útilokaðir frá þessu, verður óhjákvæmilegt, að af því spretti tortryggni og óánægja, bændum til mikils skaða, sem eiga að njóta góðs af þessari starfsemi.

Hv. þm. Seyðf. talaði um það, að sjálfsagt væri, að Landsbankinn hefði hönd í bagga með þessari starfsemi, þar sem honum væri falin forustan í peningamálum þjóðarinnar. Fæ ég þó ekki séð ástæðuna til þessa. Búnaðarbankanum er falin forustan í lánastarfsemi landbúnaðarins, án íhlutunar Landsbankans, og fellur það í þann sama farveg, ef honum er einnig falin þessi sérstaka lánastarfsemi. Alþingi hefir og ákveðið upphæðina, sem verja á í þessu skyni, án þess að spyrja Landsbankann ráða um það, hve langt ætti að fara í slíkum fjárframlögum, enda kemur þetta á engan hátt í bága við það, þótt Landsbankanum í öllum verzlunarviðskiptum út á við sé falin forustan í peningamálum landsins. Hér er og aðeins um framkvæmd á vissri lánastarfsemi að ræða.

Ég tek undir það með hæstv. atvmrh., að heppilegra er, að sjóðstj. sé skipuð færri heldur en fleiri mönnum, enda er sízt ástæða til að gera kostnaðinn af þessari starfsemi meiri en þörf er.

ATKVGR.

Brtt. 627,1.a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 627,1.b samþ. með 17 shlj. atkv.
— 509 samþ. með 15:9 atkv.
— 642 felld með 14:7 atkv.
— 599,1.a felld með 16:6 atkv.
— 599,1.b tekin aftur.
— 641 felld með 14:9 atkv.
— 640 felld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓTh, PO, BSt, GÍ, HJ, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG.

nei: StgrS, SvbH, SvÓ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BKr, HStef, HG, HV, IngB, JónasÞ, JörB.

TrÞ, BÁ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (PHalld) fjarstaddur.

Brtt. 627,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 599,2 felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, JónasÞ, MJ, ÓTh, VJ, BJ, HG, HV.

nei: IngB, JÓl, LH, MG, PO, StgrS,, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, HStef, HJ, JörB.

Einn þm. (PHalld) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 653).

Á 71. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég hafði hugsað mér, að þessu frv. yrðu látin fylgja nokkur orð af hálfu hæstv. stj. En þó að svo hafi ekki orðið, vil ég ekki láta umr. líða hjá án þess að segja nokkur orð um frv. Efni frv. er aðallega það, að útvega fé í sérstakan sjóð, kreppulánasjóð. Þetta er ætlazt til, að gert sé með tvennu móti, og segja 1. og 2. gr. frv. til um aðferðirnar. 1. gr. mælir svo fyrir, að um 7 ára tímabil skuli vaxtagreiðslur þær, sem Búnaðarbanki Íslands á að inna af hendi til ríkissjóðs, renna í kreppulánasjóð. Þótt það eigi raunar ekki við að fara að gera orðalag einstakra gr. að umræðuefni nú, vil ég þó benda á, að með slíku orðalagi 1. gr. er það alveg ótiltekið, hvað mikið á að renna í kreppulánasjóð. Á þessu tímabili geta orðið ýmsar breyt. á vaxtagreiðslum Búnaðarbanka Íslands til ríkissjóðs, en samkv. þessari 1. gr. renna allir þeir vextir í þennan sjóð. Ég hefði viljað hafa þessa gr. svo, að tiltekið væri, að hér sé um vexti af lánum ríkissjóðs til búnaðarbankans að ræða. Ég tel það mjög óviðkunnanlegt, að ekki sé hægt að sjá af gr. sjálfri, við hvaða upphæð sé átt, heldur þurfi menn að leita að því í landsreikningunum og öðrum slíkum heimildum.

Til er ætlazt, að kreppulánasjóði verði aðallega aflað fjár með útgáfu ríkisskuldabréfa, sem bera eiga 4½% vexti. Svo á sjóðurinn að veita lán, sem eftir fyrirmælum frv. verða sæmilega tryggð. Og þetta álít ég, að sé sú rétta leið til fjáröflunar fyrir slíkan sjóð, að fá fé að láni. Ég skal ekki neita því, að það getur verið nauðsynlegt að leggja sérstakar byrðir á ríkissjóð vegna slíkra sjóða. Þar gæti komið til greina til dæmis kostnaður við framkvæmdarstjórn og annan rekstur sjóðsins. Ég hefi bent á það í öðru sambandi, að ég tel óeðlilegt á krepputímum að skattleggja menn til þess að safna í sjóði. Og sama má segja um þær ráðstafanir að leggja skatta á menn til þess að afla útlánsfjár, einmitt þegar hver gjaldþegn í landinu þarf á öllu sínu að halda. Hin almennu fyrirbrigði gera nú vart við sig hér sem annarsstaðar, sem koma í ljós, þegar kreppuástand hefir ríkt nokkra stund, að það fer að verða rýmra um lánsfé, en menn gera sér almennt í hugarlund. Það er nú mjög áberandi í öðrum löndum víða, hvað greiður aðgangur er orðinn að lánsfé, góð kjör og vextir lágir, en tregða er mikil til þess að fá menn til að nota lánsfé, þar sem atvinnufyrirtækin eru ekki arðberandi. En það er eðlilegt, að undir svona kringumstæðum hugsi menn til þess að nota lánsfé til þess, sem því hæfir, en það er fyrst og fremst til allra útlána, þar sem ætlazt er til, að fénu sé skilað aftur. Og ég teldi það mikla bót á þessari löggjöf, ef þessi hv. d. sæi sér fært að gera nokkrar tilfærslur á fjáröflunaraðferðunum milli 1. og 2. gr. frv., svo að ekki yrði gerð krafa um bein framlög úr ríkissjóði í 1. gr., nema þau, er alveg þættu óhjákvæmileg. Ég gæti þá verið með því, að fjárútvegunarheimildin samkv. 2. gr. væri hækkuð svo sem þurfa þætti, í samræmi við slíka breytingu á 1. gr. Þetta er eiginlega aðalatriðið af því, sem ég hefi við frv. að athuga.

Ég get þá farið nokkrum orðum um það, sem ég tel gott við frv. þetta. Ég álít það í alla staði holla og réttmæta braut, er frv. fer, með því að tryggja bændum nauðsynlega aðstoð til þess að geta fengið nauðasamninga um skuldagreiðslur sínar. Þetta er fjárhagslega heilbrigð ráðstöfun, ef henni er skynsamlega beitt í framkvæmdinni, og getur komið að miklu gagni eins og nú stendur á. Ég hefði viljað, að í frv. væri tekið dálítið fastari tökum á því, að afmarka verkefni þessara ráðstafana. Ég hefi séð það á ýmsum till., sem fram hafa komið, bæði frá stj. í upphaflega frv. og brtt. í hv. Nd., að sú tilhneiging gerir sig gildandi, að þegar sé búið að stofna svona stóran sjóð, sé löggjafarvaldinu opin leið í hann og geti

ráðstafað fé hans til ýmislegs, sem menn hafa gaman af, að gert sé, en ekki þykir tiltækilegt að setja í fjárl. eða fjáraukal. Það er hættuleg leið, að stofna slíka sjóði með þeim hugsanagangi, að geta vaðið í þá og veitt úr þeim stórar óafturkræfar fúlgur án þess að samþ. Alþ. komi til. Það er einmitt svona ráðstöfun á ríkisfé, sem ætlazt er til, að stjórnarskráin fyrirbyggi með ákvæðum sínum um meðferð fjárl. Og það er hreint og beint verið að fara í kringum stjórnarskrána, ef sjóður er stofnaður í ákveðnum tilgangi og svo er fé hans notað í einhverju allt öðru augnamiði. En þær upphæðir, sem settar eru í fjárl., koma þó alltaf til athugunar á þinginu, og er þá hægt að dæma um það, hvort þær séu nauðsynleg útgjöld eða ekki.

Ég tel það mikinn galla frá stj. hálfu á undirbúningi þessa máls, að hún skyldi ekki strax leggja fyrir þingið óbrjálað álit n. þeirrar, er vann að þessu máli milli þinga. Ég hefi aldrei séð frv. það, er sú n. samdi. Sem fylgiskjal þessa frv. hefir verið látin fylgja tölutafla um hag bænda, sem þessi mþn. hefir samið. En gera má ráð fyrir því, að n. hafi haft eitthvað að segja um þær niðurstöður, sem hún komst að, enda hafði hún samið sitt frv. Þetta frv. hefi ég aldrei fengið að sjá. Og ég tel það ágalla á flutningi málsins frá stj. hendi. En það, sem ég hefi heyrt um þetta frv. n., hefir mér líkað vel. Aftur á móti var ég ekki sem ánægðastur með þetta frv., eins og það kom fram. Og mér er tjáð það, að flest af því, sem ég taldi athugavert við frv., hafi ekki verið í frv. mþn. En flest þessi atriði eru nú aftur komin út úr frv., og skilst mér, að í sinni núverandi mynd sé það ekki langt frá till. n. Ég vil skjóta því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar hér í d., hvort hún sjái sér ekki fært að láta prenta till. mþn. óbreyttar með nál. sínu, svo að þær komist í skjalapartinn.

Ég hefði verið ánægðari með þetta frv., ef það hefði verið ákveðið í því, að fé, sem þarna þarf til, skyldi vera hreint lánsfé, útvegað með lánum, og látið úti sem lán, að undanskildum nauðsynlegum kostnaði við framkvæmd sjálfrar ráðstöfunarinnar. Ég hefði talið eðlilegra, að í frv. stæði ákvæði þess efnis, að kreppulánasjóður skyldi sjálfur standa straum af ávöxtun og inndrætti þeirra ríkisskuldabréfa, sem þarna verða útgefin. Ég hefi ekki fundið neitt í eðli þeirra ráðstafana, sem hér á að gera, sem gæti gert kreppulánasjóði erfitt fyrir með að standa undir þessari byrði. Ég held, að þessar ráðstafanir væru fjárhagslega heilbrigðari, ef svona ákvæði væri í löggjöfinni sjálfri. Ég sé enga nauðsyn á því að láta þessi lán verða ríkissjóðnum til byrði, og ákvæði um það, að sjóðurinn skyldi sjálfur standa straum af þessum skuldabréfum, þarf ekki að rýra neitt þær ráðstafanir, sem hér á að gera landbúnaðinum til hjálpar.

Ég finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta við þessa umr., en vildi setja fram þessar aths., svo að n. gæti tekið tillit til þeirra, eftir því, sem henni finnst rétt vera.

**Jón Jónsson:** Úr því umr. voru hafnar, þá get ég ekki annað en látið í ljós gleði mína yfir því, að þetta frv. skuli fram komið, og þakklæti til stjórnarinnar og bændanefndarinnar. Nú eru eins og allir vita mjög slæmar horfur í landbúnaði, en með þessu frv. eru gerðar róttækar, gagnlegar ráðstafanir til viðreisnar honum. Ég geng þess ekki dulinn, að þessar ráðstafanir munu kosta ríkið mikið framlag. Mér er ekki ljóst, hvernig hv. 1. landsk. hugsar sér að gera þessar ráðstafanir án þess ríkissjóður vissi nokkuð af þeim. Ég skildi ekki gagnrýni hans á frv. Mér skildist hann telja framlagið til kreppulánasjóðs óþarflega mikið. Það er ekki gert ráð fyrir öðru framlagi en vaxtagreiðslum þeim, sem búnaðarbankinn á að greiða ríkinu. (**JónÞ:** Hvað er það mikið?). Ég ætla það séu um 280 þús. kr. á ári. Annars er hér maður í deildinni úr stjórn búnaðarbankans, sem gæti upplýst þetta. Þetta er mjög lítið framlag, ef tekið er tillit til þessa mikla verkefnis, sem fyrir sjóðnum liggur. Honum er ætlað að leysa starf sitt af hendi mest með ríkisskuldabréfum. Annars finnst mér umkvörtun hv. 1. landsk. um að tillögur mþn. hafi ekki verið teknar upp óbreyttar ekki mikilvægar, með því að frv. er að mestu leyti eins og n. lagði til. Nokkur atriði í 25. gr. um heimild fyrir ríkisstj.

til þess að tryggja lágmarksverð á kjöti o. fl. eru nú tekin út. Þá eru nokkur fleiri atriði, sem höfðu komið inn í frv., en nú eru tekin út. Ég sé ekki annað en að frv. sé nú að mestu eins og það kom frá mþn., nema að því leyti, að höfuðstóll sjóðsins er nú stærri en n. ætlaðist til, og nokkur ákvæði skýrari, svo sem um tryggingar. Hv. 1. landsk. virtist málinu hlynntur, og vænti ég þess, að hann geti við nánari athugun hnigið að þessu, án þess að rýra gildi 1. gr.

Eitt atriði er það í frv., sem er neyðarráðstöfun og samþ. var í Nd., en kom upphaflega frá milliþinganefnd, að ríkisskuldabréfin skuli seld með afföllum, en það þýðir í raun og veru hækkun vaxtanna. Þetta gerir kjör lántakenda stórum verri, og ég efast um, að þeir megi við því. Ég vildi aðeins láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er fram komið og vænti þess, að það gangi greiðlega í gegnum deildina.

**Jón Baldvinsson:** Það er sjálfsagt í hugum allra að styðja bændastéttina, sem stendur á þessum erfiðu tímum mjög höllum fæti. En ég verð að segja það, að þegar svona stórt spor er stigið til þess að hjálpa einni stétt í landinu, þá verður það áberandi hve tómlega er tekið undir það að styrkja aðrar stéttir, sem eins nauðulega er ástatt fyrir, ef ekki verr. Hv. 3. landsk. lét í ljós ánægju sína yfir því, að þetta frv. væri fram komið og taldi alveg sjálfsagt að styðja bændurna. En þegar hann minntist á framlag ríkissjóðs, sem mun nema nærri 300 þús. árlega, þá kallaði hann það næsta lítið. Þá vil ég minna hann á það, að við umr. fjárl. talaði hann brosandi um að veita 1 millj. kr. til atvinnubóta, eins og það væri eitthvert glapræði. Þó sýna skýrslur, að atvinnuleysi er hjá miklum hluta verkalýðsins. Eftir skýrslum í fyrra voru nálega 3000 manns atvinnulausir og höfðu 12—15 þús. manns á framfæri sínu. En eftir skýrslum bændanefndarinnar eiga bændur eignir upp á 60 millj. kr., en skulda um 30 millj. Þeir eiga þá miklu meira en fyrir skuldum. Ég skal játa, að þessar eignir þurfa ekki að vera allar þeim í hag, en ef borið er saman við verkalýðinn, þá hafa bændur af búum sínum ekki svo lítið til matar og klæðnaðar, en ef verkamaðurinn missir atvinnu sína, þá er þegar skortur hjá honum og fjölskyldu hans. Að þessu leyti er verkalýðurinn miklu verr settur heldur en bændurnir. Ég hefi ekkert á móti því að styðja bændurna, en ekki er síður skylt að styrkja þá, sem enn verr eru staddir, svo sem nú er um verkalýðinn, sem mikla björg dregur þó í þjóðarbúið. Ef t. d. er borinn saman útflutningur á landbúnaðarafurðum og sjávarafurðum, þá er mikill munur á því, hvað meira er flutt út af sjávarafurðum.

Verkalýðurinn borgar miklu meira í beina og óbeina skatta til ríkissjóðs heldur en bændur, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir verða að kaupa tiltölulega miklu meira af erlendri vöru heldur en bændurnir, sem nota eigin framleiðslu, sem þeir ekki greiða neinn skatt af.

Ég hefi ekki á móti þeirri fjárhæð, sem hér um ræðir til hjálpar bændastéttinni, en ég ber það saman við atvinnubæturnar við sjóinn og hverjar undirtektir það fekk hér í þinginu. Þetta frv. siglir hraðbyri gegnum þingið og kom það þó seint fram. Aftur á móti þau frv., sem Alþýðuflokkurinn kom með um kreppuráðstafanir, liggja enn hjá nefndinni og koma ekki fram. Það, sem gerzt hefir í hv. Nd., var það, að felld var till. jafnaðarmannanna um 1 millj. kr. atvinnubætur. Sama sagan endurtekur sig hér í Ed. Ekkert er eftir af þessu annað en lauslegt umtal frá hv. frsm. fjvn. og hæstv. stj., að eitthvað verði gert. Þetta eru eitthvað aðrar undirtektir eða þegar hv. 3. landsk. kallar framlag ríkissjóðs til kreppulánasjóðs bænda lítið. Má segja um hann, að hver er sjálfum sér næstur.

Um þetta frv. í heild má segja, að það er stór spurning, hvort rétt sé að stofna til svona langvarandi starfsemi vegna kreppunnar eða hvort ekki væri heppilegra að mæta þeim erfiðleikum, sem fyrir hendi eru í bili, í von um, að betri tímar séu í vændum, hvort ekki væri heppilegra að veita ríkisstj. eða stjórnum Búnaðarbankans og Landsbankans einhverja ákveðna fjárfúlgu til þess að hjálpa þeim mörgu bændum, sem standa tæpast, til að gera upp við lánstofnanir og skuldunauta á sama hátt og útgerðar-

menn, sem komast í fjárþröng, eru gerðir upp af lánardrottnum sínum. Verði sú leið farin að því er bændur snertir, yrði að leita samkomulags við lánardrottnana fyrir hvern einstakan, og ef einhver von er um, að þeir geti framvegis rekið búið, þá verði afsláttur veittur af skuldunum, og sjálfsagt, að lánardrottnarnir taki þátt í þeim tilslökunum.

Hv. 3. landsk. áleit, að verð skuldabréfanna væri of lágt ákveðið. En hvað segir hv. þm. um kaupstaðabúana, sem byggja húskofa og fá veðdeildarbréf út á þá? Engin lánstofnun vill kaupa bréfin, svo að þeir verða að selja þau til einstakra peningamanna fyrir 72—73%, í hæsta lagi 75%. Það er alls ekki auðgert að selja þau fyrir 75% af nafnverði. En þarna er um bréf að ræða, sem á að þvinga menn til þess að taka með aðeins 10% afföllum, og þar að auki með miklu lægri vöxtum. Þetta á aðeins að vera handa bændunum, og eru með þessu ýmsar kvaðir lagðar á lánardrottnana. Bezta leiðin hygg ég væri sú, að ríkissjóður tæki 1—2 millj. kr. lán til þess að gera bændur upp á venjulegan hátt. Þá kæmu skuldirnar hlutfallslega niður á þeim, sem mest hafa lánað. Ég er ekki viss um, að svona löng starfsemi komi að gagni. Ég hygg, að svo fari, að þeir, sem ekki vilja þessa meðferð, reyni að basla hjálparlaust áfram, en hinir kærulausari koma til greina. Ég býst nú við, að ég beri fram brtt. við frv. við síðari umr. um að koma hér undir öðrum stéttum, sem eru verr eða jafnilla staddar eins og bændurnir. Í 3. gr. frv. er það ákveðið, að þeir einir komi til greina, sem stunda landbúskap sem aðalatvinnuveg. Það verður erfitt að gera hér upp á milli, því að bæði á Vestur- og Austurlandi og víða annarsstaðar eru fjölmargir bændur, sem stunda hvorttveggja nokkuð jöfnum höndum, landbúnað og sjávarútveg. (**JónJ**: Það er búið að bæta miklu við). Ég veit ekki til, að bætt hafi verið við öðrum en þeim, sem eftir till. hv. 1. þm. Eyf. eru komnir inn í frv. En auk þeirra eru margir útvegsmenn á landinu, sem jafnframt stunda landbúnað. Mér hefir aldrei fundizt, að hv. 3. landsk. vissi, að þeir væru til, enda býr hann langt frá sjó. Ég er hræddur um, ef þetta verður lagt undir yfirráð landbúnaðarins, þá verði þessir menn útundan. Við skulum taka t. d. svæðið hér suður með sjó. Megnið af bændum þar stundar jafnframt landbúnað og sjávarútveg. Mundi nú ekki stjórn krepplánasjóðsins, sem á að vera skipuð stjórn búnaðarbankans, binda sig eingöngu við landbúnaðarhéruðin? Ég get fremur búizt við því, að þeir yrðu útundan. Ég hefði viljað, að þetta ákvæði væri ekki bundið við landbúnað sem aðalatvinnu, og að þessi stuðningur næði líka til útvegsbænda.

Þetta eru aths., sem ég mun vikja að aftur við síðari umr. Ég hefi ekki heyrt tillögu koma fram um að vísa málinu til n. Í Nd. var kosin sérstök kreppunefnd, en eftir eðli sínu ætti málið heima í fjhn. En að sjálfsögðu ræðir d. um, hvort rétt muni vera að kjósa til þess sérstaka n. eða vísa því til fjhn.

**Einar Árnason:** Ég vil aðeins gera örfáar aths. út af ræðu hv. 2. landsk. Í fyrri hluta ræðu sinnar virtist hann taka vingjarnlega í þetta frv., en þegar á leið ræðu hans þóttist hann finna svo verulega galla á því, að annað fyrirkomulag væri farsælla. Ég fann ekki, að þær athuganir, sem fyrir honum virtust vaka, væru ljósar, og þess vegna ætla ég ekki að fara út í þær. En út af því, sem hv. þm. talaði um, að það væru aðrar stéttir í landinu, sem nauðulegar væru staddar en bændastéttin og hann kvað vera sýnt tómlæti af þinginu, þá er það svo um verkamannastéttina, sem hv. þm. vitanlega átti við, að mikill vafi er um það, ef borið er saman atvinnuleysi hjá verkalýð landsins og verðfallið hjá bændum, hvort bændur hafi í raun og veru borið meira kaup úr býtum að jafnaði heldur en verkamenn í landinu, þó að atvinnuleysið sé tekið til greina. Ég segi, að ég er ekki viss um, á hverja sveifina hallar. Og ég tek ekki yfirlýsingu hv. þm. sem góða og gilda vöru í þessu efni, því að ég býst við, að hann vanti öll skilyrði til þess að geta í raun og veru um þetta dæmt.

Hv. þm. talaði líka um það, að bændur skulduðu 30 millj. kr., en eignir þeirra væru 60 millj. Og þetta virtist honum sýna, að það gæti nú varla verið um

mikla örðugleika að ræða hjá stétt, sem ætti svo mikið fram yfir skuldir. En samt sem áður viðurkenndi hv. þm. það, að þessi skýrsla væri í raun og veru ekki réttur mælikvarði, þegar borinn er saman hagur bænda og hagur verkamanna. En það er sérstaklega eitt í þessu máli, sem ég vildi benda hv. þm. á, að þessi stuðningur, sem ráðgert er að veita bændastéttinni, er ekki réttur henni einni, heldur allri þjóðinni. Er þetta því engu síður mál verkalýðsins en annara. Þess vegna sé ég ekki annað en að sá stuðningur, sem hér er ætlazt til að veita bændum, sé í raun og veru stuðningur fyrir verkalýðsstéttina, og þess vegna megi, þegar litið er á hag þjóðarinnar sem heildar, telja það stuðning við allar stéttir.

Þessi stuðningur við bændastéttina er í raun og veru allt annars eðlis en sá stuðningur, sem hv. 2. landsk. fer fram á, að veittur sé verkalýðnum. Að mestu leyti fer þetta í þá átt að veita bændum hjálp til þess að standa í skilum með sínar skuldbindingar. Það er ekki bein hjálp handa bændum til þess að lifa á afrakstri búa sinna. Eftir sem áður eiga þeir að komast af með þær tekjur, sem búin veita þeim, og þar að auki greiða þó nokkuð af þeirra skuldum, sem alltaf verða, þrátt fyrir þessa hjálp, afarmiklar. Það er sem sagt ekki beinlínis verið að veita bændum fé til þess að þeir hafi í sig og á, sem kallað er. En styrkur til verkamanna er beinlínis ætlaður til þess. Ekki svo að skilja, að ég ekki viðurkenni, að það sé nauðsyn að veita atvinnulausum mönnum einhverja hjálp. Hjá því verður ekki komizt. En mér virðist hv. þm. vilja blanda þessu of mikið saman. Og í ræðu sinni komst hann inn á það, að það myndi kannske vera eins mikil nauðsyn til þess að styðja útvegsmenn eða útvegsbændur í landinu. Hann lét jafnvel þau orð falla, að til væru kannske hér þeir menn, sem gleymdu því, að þessir menn væru til. (**JBald:** Ég átti ekki við 2. þm. Eyf.). Nei, enda þekki ég talsvert til bátaútvegsins við Eyjafjörð. Hefi ég sérstaklega kynnt mér, hvernig afkoma hans var síðastl. ár, en þetta síðastl. ár var eitthvert allra þyngsta ár, sem landbúnaðurinn hefir haft við að búa. En eftir því, sem ég veit bezt, þá var afkoma sjávarbænda í fyrra vonum betri. Hún var beinlínis góð, borin saman við landbúnaðinn. Þeir gerðu meira en að greiða þær skuldir, sem þeir urðu að stofna til vegna rekstrar síns útvegs, þeir borguðu líka aðrar skuldir. Ef afkoma landbændanna árið sem leið hefði verið eins og afkoma þessara manna, þá held ég, að engum bændum hefði dottið í hug að fara fram á þann stuðning ríkisins, sem hér er nú verið að biðja um. Ekki neita ég, að þröngt kunni að vera í búi hjá einstökum útvegsbændum. En það er ekki beinlínis af því verðfallsástandi, sem hefir skapazt nú, því að verðfallið á fiski hefir ekki verið svo ýkjamikið upp á síðkastið. Eins og hv. þm. veit, hafa verið gerðar ráðstafanir um fisksöluna, sem sennilega hafa haft mikil áhrif í þá átt að festa fiskverðið og þar með gera smáútveginn tryggari en ella.

Nú liggja í raun og veru ekki fyrir neinar skýrslur um þetta, hliðstæðar þeim skýrslum, sem safnað hefir verið um afkomu landbúnaðarins, og þess vegna eigum við ákaflega örðugt með að gera okkur nokkra grein fyrir því, hvernig umhorfs er yfirleitt hjá smáútveginum, og hvort þær þrengingar, sem kunna að vera þar, séu því að kenna, sem menn hafa ekki ráðið við, sem sé verðfalli afurða.

Ég skal svo ekki gera fleiri aths. við þetta að sinni. En út af því, sem hv. 2. landsk. minntist á, í hvaða nefnd málið skyldi fara, þá finnst mér liggja beinast við að vísa því í landbn. Það hefir ekki bólað á uppástungu um að skipa sérstaka n., enda er vafi, hvort það yrði nokkur fyrirgreiðsla fyrir málinu. Það er dálítið óþægilegt, þegar svo áliðið er þings, að setja sérstaka n. í málið. Það getur truflað starf hjá öðrum n. og jafnvel heldur tafið. Auk þess er sá kostur við að senda málið til landbn. að þar er einn af þeim mönnum, sem hafa starfað mjög mikið að undirbúningi þess í mþn., og er því málinu sérstaklega vel kunnugur. Vil ég því gera að till. minni, að frv. verði vísað til landbn.

**Jón Baldvinsson:** Það er aðeins til þess að leiðrétta einhvern misskilning, sem

hefir komizt inn hjá hv. 2. þm. Eyf. Honum fannst ég fyrst hafa tekið vel í frv., en ekki síðar í ræðu minni. En ég held ég hafi sagt það alltaf gegnum alla ræðu mína, að það sé alveg sjálfsagður hlutur að veita bændum stuðning, þegar þeir eru í erfiðleikum. En hv. þm. má ekki rígbinda sig svo við orðalag vissra tillagna, að þar megi hvorki hreyfa staf né krók. Því að það, sem fólst í orðum mínum, voru ýmsar aths. við málið í heild sinni, og ég benti á aðrar leiðir, sem ég taldi heppilegri til þess að styrkja bændur og væru ekki eins vafasamar um árangur eins og þessi, sem hér er um að ræða. En allt mitt tal hné að því að styðja bændur, enda held ég, að annað hafi ekki verið hægt að fá út úr orðum mínum. Og ég vona, að hv. 2. þm. Eyf. vilji ekki endilega fara að búa sér til mótstöðumenn móti hjálpinni til bænda, þar sem þeir eru ekki.

Hv. þm. kvaðst vera í efa um, hvort ástandið væri betra hjá bændum eða verkamönnum. Hann sagði, að ég hefði ekki skilyrði til að dæma um þetta, og það má vel vera. En það liggja fyrir skýrslur frá opinberri nefnd um ástand hjá verkamönnum. Þær lágu fyrir þinginu í fyrra, frá stjórnskipaðri nefnd, og sýndu, að hátt á 3. þús. framfærendur voru atvinnulausir. Bak við þá voru um 12—15 þús. manns. Og þó að nýjar skýrslur hafi ekki komið fram nú, þá er vitað, að ástandið er ekki vitund betra nú, það versnar eftir því sem atvinnuleysistímabilið varir lengur. Þeir af verkalýðnum, sem hafa átt eitthvað fyrir sig að leggja, hafa orðið að eyða því, þangað til allir eru nokkurnveginn jafnir og hafa ekkert. Þess vegna er það alveg víst, að brýn þörf gerir það alveg óhjákvæmilegt að leggja fram fé til styrktar verkamönnum, enda er það viðurkennt af hv. 2. þm. Eyf. Og ég vil segja um það, sem hv. þm. Eyf. réttilega sagði um stuðninginn við bændastéttina, að stuðningur við verkalýðinn er engu síður stuðningur við þjóðfélagið. Þetta eru tvær aðalstéttir landsins.

Ég ætla ekki að fara að deila neitt við þm. um það, í hvaða skyni þessi styrkur er veittur til bænda. Hann segir, að þetta sé ekki beint styrkur til að geta lifað, heldur til að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Vitanlegt er það, að sá styrkur, sem veittur er eftir þessu frv., hann er styrkur handa bændum til þess að geta lifað áfram af búum sínum, geta framfleytt sér og sínum fjölskyldum á búunum, alveg eins og það er styrkur til verkalýðsins að leggja fram fé til einhverra framkvæmda, sem veitir verkalýðnum atvinnu sér til bjargar.

Ekki skal ég heldur deila um afkomu útvegsbænda. En þó að verð á fiski hafi verið stöðugt nú í 9—10 mán., þá hafa þeir fengið mjög mikið áfall með verðfallinu 1930—31, og þeir eru yfirleitt illa staddir, því miður. Meginhluti þeirra eru svo illa staddir, að þeir hafa fulla þörf fyrir stuðning hins opinbera á einn eða annan hátt. Það getur vel verið, að þjóðfélagið geti ekki lagt fram allan þann stuðning, sem þarf. En mér finnst a. m. k., að þessi stuðningur eigi að ganga nokkurn veginn jafnt yfir hinar verst stöddu stéttir.

Ég tel rétt, að þetta mál fari til athugunar í fjhn. deildarinnar, og geri það að till. minni.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég skal nú ekki á þessu stigi deila við hv. 2. landsk. um það, hvort nauðsynlegt sé að leggja skatt á landsmenn til þess að greiða sjálfsagt svona 260—280 þús. á ári í 7½ ár, sem mér skilst eftir framkomnum upplýsingum vera hið raunverulega innihald 1. gr. frv., eins og það er nú. Ég hefi nefnilega ekki séð í skjölum málsins neina grg. fyrir því, hvað þessi stofnun eiginlega þurfi að fá af reiðu fé, og ég get ekki séð þetta beinlínis af frv. og skal því ekki um þetta deila á þessu stigi. Ég er því samþykkur, að stofnunin fái á þennan hátt það, sem hún þarf; en ég álít heldur ekki, að það eigi að vera að leggja henni meira en hún þarf af fé á þennan hátt. Það, sem hún þarf þar fram yfir, álít ég að hún eigi að fá á þann hátt, sem 2. gr. gerir ráð fyrir. — Ég sé, að það er ætlazt til, að lánin úr sjóðnum verði veitt til 42 ára með 5% föstu árgjaldi. En hinsvegar eiga ríkisskuldabréfin að bera 4½% í vöxtu og vera innleyst á 40 árum. Nú getur komið fram nokkur mismunur sjóðnum í óhag af tekjum og gjöldum, ef maður hugsar sér, að hann standi straum

af ríkisskuldabréfunum og hafi til þess ekkert annað en árgjald af útlánunum. En mig vantar grg. fyrir því, hve mikill sá árlegi mismunur muni verða, ef útlán úr sjóðnum nema tiltekinni upphæð, t. d. nálægt því hámarki, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég álít, að það þurfi að gera grein fyrir þessu; og það skal ekki standa á mér til fyrirgreiðslu á þessu máli að samþ. þær fjárveitingar úr ríkissjóði, sem þarf. En ég er ákaflega tregur til að samþ. meira en hægt er að sýna mér fram á að þurfi, málefnisins vegna.

Ég er alveg sammála hv. 3. landsk. um það, sem hann sagði um niðurlagsákvæði það, sem nú er komið inn í 2. gr. um væntanleg afföll af þessum ríkisskuldabréfum, að því leyti sem þau verða látin til greiðslu upp í skuldir. Ég held, að það ákvæði sé ekki til neins stuðnings fyrir þá bændur, sem hér eiga hlut að máli. Mér virðist það helzt vera komið inn í frv. sem einhverskonar hjálp eða ívilnun til þeirra, sem hafa lánað bændum og eru komnir í hættu með sín lán eða búnir að tapa þeim. Ég er fús til að leggja nokkuð á landsmenn til að greiða úr vandkvæðum bænda. En ég er mjög ófús til að leggja nokkuð á landsmenn til þess að gefa skuldheimtumönnum bænda gjafir eða hjálpa þeim til að ná nokkru inn af því, sem nú er þeim raunverulega tapað. Og ég væri ánægður með, að þetta ákvæði færi út, því að ég álít ákvæðið eins og það er í frv., mjög sómasamlegan lið í nauðasamningum lánsstofnunar við privatmann, ef privatmaðurinn greiðir þann hluta af skuldinni, sem honum verður gert að greiða eftir nauðasamningi, með þessum ríkisskuldabréfum affallalaust. Ég held, að þeir, sem annars lána privatmönnum og lenda í áhættu með þau útlán, myndu almennt tekið verða þakklátir fyrir að fá greiðslu í slíkum bréfum með nafnverði. A. m. k. vorkenni ég þeim alls ekki.

Ég vil að lokum aðeins minnast á eitt atriði, sem mér finnst heldur ekki sýna nægilega föst tök á því, að kreppulánasjóður eigi að vera algerlega heilbrigð stofnun, eins og ég vil, að hann verði. Frv. gerir ráð fyrir, að ein stjórn hafi á hendi stjórn útlána, en svo eigi önnur stj. að taka við til að stjórna innheimtunni. Þetta ákvæði er óeðlilegt. Það er í alla staði heilbrigðast, að sama stofnunin, og þá með sömu mönnum, ef forsjónin vill svo vera láta, hafi hvorttveggja á hendi, útlánin og innheimtuna. Ef útlánin eru framkvæmd af einum aðilja, og annar á svo að fara að innheimta, þá er nú fyrst og fremst sá fyrri kominn út og ber enga ábyrgð sinna gerða á venjulegan hátt, og sá, sem á að annast innheimtuna, getur skotið skuldinni á fyrirrennara sinn, sem annaðist útlánin, um það, sem ábótavant kynni að vera, ef hann gengur slælega að innheimtunni. Ég álít alveg sjálfsagt, að sama stjórnin hafi á hendi stj. sjóðsins frá upphafi.

**Jón Jónsson:** Ég get nú í sjálfu sér ekki annað en þakkað hv. 1. landsk. fyrir hans góðu undirtektir undir þetta ákvæði, sem ég minntist á, sem felst í niðurlagi 2. gr., sem ég tel skipta miklu máli, að lagfært verði. Hitt býst ég við, að við getum gert upp okkar á milli í tómi, að ekki verði hægt að komast hjá, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé. Ég er ekki viðbúinn að sýna nákvæma útreikninga. En það sýnir sig, að þar sem gert er ráð fyrir, að þessi lán afborgist á 42 árum með 5%, en vextir eru 4%, þá kemur fram mismunur, sem óhjákvæmilega hlýtur að lenda einhversstaðar. Þetta getur maður nú reynt að áætla. En auk þess þarf að gera ráð fyrir, að eitthvað af þessum lánum tapist, eins og alltaf á sér stað í lánastarfsemi. En sem betur fer hefir lítið af lánum tapazt hjá bændastéttinni, og ég vildi óska, að svo yrði áfram.

Ekki get ég að sama skapi þakkað hv. 2. landsk. fyrir hans undirtektir. Hv. 2. þm. Eyf. hefir tekið af mér ómakið og svarað honum. Fremur kalt þótti mér anda frá honum í garð þessarar stofnunar. Honum fannst bændastéttin vel afgreidd, ef lagðar væru fram ein eða tvær millj. til þess að gera upp hennar sakir. Hv. 2. landsk. sagði, að ég vildi yfirleitt minna sinna þeim, er væru ennþá nauðulegar staddir en bændastéttin. En mér finnst, að hann vilji öllu minna styðja bændurna þar sem hann gerir till. við fjárl. um að verkamenn fengju eina millj. bara á þessu eina ári og svo auðvitað áframhaldandi meðan þörf væri á, og

finnst mér það vera ríflegra en styrkurinn, sem hann ætlar bændum. Annars er tækifæri til að ræða um það seinna. En mér finnst þetta heldur undarleg till. Get ég svo að öðru leyti vísað til þess, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði.

**Jón Baldvinsson:** Þá langar sérstaklega mikið til þess, hv. 2. þm. Eyf. og hv. 3. landsk., að ég verði á móti þessu frv., þegar þeir eru að reyna að toga það út úr orðum mínum, að ég sé því andvígur. (**JónJ:** Við erum að brýna hv. þm. til þess að vera með því). Það er þá ný aðferð til þess að afla málum fylgis. Ég talaði alltaf um að styðja bændur á skynsamlegan hátt og ég veit ekki betur en að ég hafi gert það í þinginu bæði fyrr og nú. Ég talaði um, að mér fyndist það e. t. v. auðveldasta leiðin, af því að maður veit ekki, hvað þessi kreppa stendur lengi, að veita fé, jafnvel milljónir, til stuðnings verkamönnum. Af þessu dregur hv. þm. þá ályktun, að ég vilji þá láta hlutskipti bænda verða verra, en ég var einungis að tala um framlag, sem á þessu augnabliki þyrfti að veita bændum. Ég talaði ekkert um, að ég myndi verða á móti frekara tillagi til þeirra seinna, ef ástæður þeirra verða vondar áfram. Það er sjálfsagt að styðja þessar stéttir báðar hvenær sem þær eru nauðulega staddar. Munurinn á fólksfjölda bændastéttarinnar og verkamannastéttarinnar er ekki mikill. (**JónJ:** Ó, jú, jú). Það má telja til verkamannastéttarinnar iðnarmannastéttina, sem hv. 3 landsk. var svo naglalegur við í sínum till. um fjárl. að draga af þeim 3000 kr. styrk, sem iðnaðarmenn hafa haft til að fullkomna sig við iðn sína. Utanfararstyrkur þessi hefir verið veittur útlærðum mönnum og venjulega skipt á milli 10 manna á ári og hver fengið 300 kr. til þess að geta komizt út og komið sér fyrir. Þannig fer hv. 3. landsk. að í till. sínum við eina fjölmennustu stétt landsins, sem vissulega getur talizt til verkalýðsins.

**Jón Jónsson:** Það var út af þessu síðasta, sem hv. 2. landsk. sagði. Ég get ekki játað, að ég hafi sýnt iðnaðarmönnum neina óvináttu í fjárveitingum. Við lögðum ekki til, að niður yrði felldur utanfararstyrkur, heldur að honum yrði ráðstafað af sérstakri nefnd og býst ég við, að við komum með till. um það við 3. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 9:2 atkv.

---

Á 80. fundi í Ed., 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 653, n. 767).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** N. hefir nú haft þetta aðalmál þingsins til athugunar nokkra stund og hefir komizt að þeirri niðurstöðu, eins og allir hv. þdm. munu vera sammála um, að nauðsyn sé að gera einhverjar róttækar ráðstafanir landbúnaðinum til hjálpar á þessum örðugu tímum. Þær skýrslur, sem liggja fyrir þinginu, sýna ljóslega, hversu ástandið er alvarlegt um rekstrarafkomu bænda. N. er því meðmælt þeirri hugmynd, sem felst í frv. um að ráðstafa lausum lánum landbúnaðarins, um 20 millj. kr., á þann hátt, að stofnaður sé sjóður, sem taki að sér að lána út með til muna lægri vöxtum en annarsstaðar er kostur á, og tryggja það, að samningar takist um skuldir, þannig að afsláttur verði af þeim gefin áður en lánin eru veitt, eins og réttlátt má virðast. Þetta fyrirkomulag telur n. heppilegt og gott, eftir því sem hún getur dæmt. En hún telur, að sitthvað megi betur fara en er í þess frv. Fyrst og fremst lítur hún þannig á, að það sé mjög æskilegt, að þetta fyrirtæki sé gert í byrjun það sjálfstætt, að nokkrar líkur séu til þess, að það geti staðið straum af sínum skuldbindingum sjálft, svo að ríkissjóður þurfi ekki að búast við mjög miklum byrðum fram yfir það, sem upphaflega er lagt. Ég ætla, að þessi skoðun hafi líka komið fram við 1. umr. hjá hv. 1. landsk. Til þess að svo mætti verða, hefir n. fallizt á þá uppástungu, að kreppulánasjóðurinn sjálfur gæfi út vaxtabréf, í stað þess að gert er ráð fyrir í frv. að ríkissjóður geri það, og skuldabréf frá lántakendum séu fyrst og fremst til tryggingar þeim

vaxtabréfum, svo og höfuðstóllinn, sem ríkið leggur fram, og að lokum ríkið sjálft í bakhönd. Með þessu móti kemst kannske dálítið veðdeildarsnið á þetta. Á að vera tryggt, að árgjöld í kreppulánasjóð gangi beint til að inna af höndum þær greiðslur, sem á sjóðnum hvíla, svo sem vexti og inndrátt vaxtabréfa. Ef þetta hinsvegar er látið laust og bundið, þá þekkir maður freistingu fjárveitingavaldsins til að ráðstafa fé, og mundi þessu þá máske ráðstafað miður gætilega. Þess vegna telur n. þetta til bóta.

En til þess að tryggja betur, að þessi sjóður standi straum af sér sjálfur, hefir n. lagt til að hækka örlítið það beina framlag ríkissjóðs, og er ekkert farið í grafgötur með það, að þetta sé framlag ríkissjóðs. Í frv. er talað um það, að vaxtagreiðslur eigi að renna í sérstakan sjóð. En vitanlega er það ekki annað en að ríkið leggi þetta til. N. sér þess vegna ekkert athugavert við það, að taka þetta skýrt fram. Hinsvegar heldur n. því ákvæði, að til þess að inna þetta fé af hendi, séu notaðir einmitt þessir vextir frá búnaðarbankanum, af því að gera má ráð fyrir, að sjóðurinn sé að meira eða minna leyti undir stjórn og handleiðslu búnaðarbankastjórnar. Því finnst n. þetta vel eiga við, en vill ganga lengra en gert er í frv. Ég finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta atriði, en vona, að deildin geti fallist á, að þetta sé heilbrigt fyrirkomulag.

Þá er annað stórt atriði. N. var ljóst, að ef hjálp við bændur ætti að vera að gagni, þá yrði að gera eitthvað það, sem um munaði. Og eftir rekstrarafkomu bænda væri það nauðalítil hjálp, ef vextir væru hærri en 4%. Vitanlega er gott að geta komið skuldum á einn stað með hæfilegum afborganafresti, en hitt er þó aðalatriði, að vextir séu skaplegir. Það alvarlega við búskapinn er ekki skuldirnar fyrst og fremst, heldur það að láta búin bera sig og hve útlitið er hörmulegt. Af þessum sökum hefir n. talið mikla nauðsyn, að hinir raunverulegu vextir, sem lántakendur þurfa að greiða, væru lækkaðir. Og það er gert á þann hátt að hneigjast að ákvæðum stjfrv., að vaxtabréfin séu gjaldgengur gjaldeyrir með nafnverði. Ef vextir eru hækkaðir með þessum afföllum svo að þeir verða 4,7%, og lántakandi getur ekki staðið í skilum, þá þýðir það, að lánardrottinn verður að gefa eftir. Og sannast að segja býst ég við, að lánardottnar verði fullhertir af þessu vandræðaástandi, þótt þessu sé ekki bætt við. Þess vegna leggjum við alla áherzlu á, að vextir séu á einhvern hátt lækkaðir, og eru allir nm. sammála um það.

Þetta ákvæði um fullgildi bréfanna hefir vitanlega mætt allhörðum mótmælum frá Landsbankanum, sem búast má við, að sitji uppi með bréfin að miklu leyti um það er lýkur. Og það að sitja með bréfin og bíða þangað til þau eru dregin út, þýðir vaxtatap nokkurt fyrir Landsbankann, þar sem hann á ekki eftir l. að fá meira en 4½%. En þetta þýðir 2% vaxtamismun, og verður það eitthvað á 2. millj. kr. fyrir bankann. En n. virðist, að þegar svona mikilvæg ráðstöfun er gerð fyrir stærstu stétt manna í landinu, þá sé ekki ósanngjarnt, að aðalþjóðbanki landsins hlaupi ríflega undir bagga, og hinsvegar sé bankanum opin vegur að öllum líkindum að meira eða minna leyti að gera sér tapið minna með því að lækka bæði innláns- og útlánsvexti. Bankinn segist nú ekki ráða þessu að öllu leyti. En þingið hafði með höndum frv., sem gerir honum léttara en ella að ráða við innlánsvextina. Og geti hann lækkað innlánsvexti, þá getur hann lækkað útlánsvexti, en fyrir slíka lækkun hafa allir atvinnuvegir landsins sára þörf. Þess vegna virðist bankanum vera í lófa lagið að gera þennan mismun minni.

Þá er á hitt að líta, að með því að stofna kreppulánasjóð er tryggara en ella, að bankanum greiðist sitt fé, með því að hagur manna batnar stórkostlega fyrir þessar ráðstafanir. Með þessu er því betur tryggð afkoma Landsbankans í framtíðinni, og starfsemi hans fyrir bændur verður tryggari en ella.

Þegar á þetta allt er litið, tækifæri bankans til að lækka vextina og þann mikla þátt, sem frv. á í að stuðla að betri skilum til bankans, þá er ekki efamál, að rétt er að leggja áherzlu á að taka bréfin affallalaust.

Þá er eitt atriði, sem ég býst við að orki tvímælis í deildinni. N. virtist eins

og dálítill tvíveðrungur í frv. Samkv. 4. gr. frv. er tvímælalaust gert ráð fyrir, að bændur, sem eiga erfitt með að standa við skuldbindingar sínar án þessara lána, þeir geti orðið lánanna aðnjótandi, ef þeir fullnægja öllum skilyrðum. Það er gert ráð fyrir, að yfirleitt allir bændur geti komið til greina, sem hafa það orðugar ástæður, að þeir eigi bágt með að reka bú sín á heilbrigðum grundvelli, án þess að fá svona lán. En það kemur ekki til mála að gefa þeim bændum, sem ekki skulda nema 50% af sínum eignum, afslátt af sínum skuldum, vegna þess að lánardrottnar gætu fengið sínar skuldir greiddar, ef þeir gengju að. Þetta kemur þó óljóst fram í 9. gr., því að þar er gert ráð fyrir að áður en lán er veitt, sé samið frv. til skuldaskila fyrir manninn. Það bendir á afslátt eða samning um skuld. En ég hygg, að hv. d. sé ekki óljúft að styðja þá menn í þjóðfélaginu, sem eru það sjálfstæðir, að þeir eru eftir öllum líkindum færir um að standa við skuldbindingar sínar með aðeins eitthvað vægari kjörum en eru nú, heldur en hina, sem eru það langt leiddir, að gefa verður þeim stóran afslátt. Það eru vitanlega að öðru jöfnu tápmeiri mennirnir, sem ekki þurfa afsláttinn.

Þá er ein till. til að tryggja betur rétt þeirra manna, sem eiga veð í fasteignum. Samkv. frv. er gert ráð fyrir að opna möguleika til að skylda menn til að slá af útistandandi skuldum, jafnvel þó að þeir hafi veð í fasteignum, ef skuldin er meira en virði fasteignarinnar að mati sjóðstjórnar. Þetta er nokkuð hart að gengið, af því að veðið getur selzt hærra en sjóðstjórnin kann að meta, og réttur veðhafa er þar með fyrir borð borinn. N. ákvað að bæta því tryggingarákvæði fyrir lánardrottin, að því aðeins sé hann skyldur til að slá af skuldinni, að hann óski ekki eftir kaupi á hinni veðsettu eign fyrir a. m. k. 15% hærra verð en matsverð. Okkur þótti heldur ekki ástæða til að taka eignina fyrir sama verð og matsnefnd metur, með því að þá kynnu að opnast dyr til að taka jarðir af bændum meira en nauðsyn ber til.

Þá orðum við lítilsháttar upp 16. gr., og skiptir sú breyt. ekki miklu. Sama er að segja um 17. gr.

Í 18. gr. er gert ráð fyrir, að lán séu veitt til 42 ára, árgjaldið sé 5%, og sýnist því reiknað með 4%. Nú vildi n. slá föstu, að vextir mættu ekki vera hærri en þetta, í samræmi við fyrri brtt. hennar. En hinsvegar telur hún neyðarkost að ganga inn á, að öll lán til bænda verði svona löng, — m. ö. o. að útiloka, að sama kynslóðin geti endurborgað lánin. Það er svo fyrir þakkandi, að ekki er ómögulegt, að guð og gæfan sendi bændum eitt og eitt ár betra en önnur, svo að þeir losni fyrr við lánin. N. miðar þess vegna við, að lánin verði yfirleitt veitt til skemmri tíma, t. d. ekki lengri en 28 ára, og verður þá árgjaldið að vera 6%. Mundi þetta létta töluvert mikið á sjóðnum. N. slær því föstu, að vextir séu 4%, en um lánstímann fari eftir samningum, eftir því sem stjórn kreppulánasjóðs telur hagkvæmast.

Þá telur n. það fullskamman tíma, ef lánveitingum úr sjóðnum skuli lokið 1934, því að umsóknir fara ekki að koma fyrr en í haust eða vetur. Uppgjörið tekur mikinn tíma. Vill því n. framlengja tímann til ársloka 1935.

Þá er lagt til, að árgjaldið í sjóðinn renni að öllu til kreppulánasjóðs, m. ö. o. gangi upp í afborganir og vexti af þeim útgefnu vaxtabréfum.

Loks er að síðustu orðuð skýrar 23. gr., sem gerir ráð fyrir, að greiða megi úr sjóðnum afborganir af fasteignalánum bænda, enda sé sú afborgun hugsuð sem lán, en ekki framlag, og er því tekið skýrt fram.

Ég held ég hafi þá gert grein fyrir meginbreyt. þeim, sem n. vill gera. Hún leggur mikið kapp á samþykkt frv.

Ég skal taka það fram, að ég er ekki fyllilega viðbúinn að gefa glögga hugmynd um afkomu sjóðsins. Virðist horfa vænlega um hana, þó að nokkrir erfiðleikar verði fyrstu árin. Ef gert er ráð fyrir, að meginþorrinn verði lánaður út, og greiddar eru þær lögmætu afborganir og vextir, þá mundi fljótlega koma meira en nóg til að standa straum af vöxtum og kostnaði við sjóðstjórnina. Annars verða um þetta gerðir allmiklir útreikningar. En við höfum nefndarmennirnir heldur ekkert sparað til að gera okkur grein fyrir þessu.

Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að eitthvað tapist af þessum lánum; en ef bændum verða veitt lánin með þetta góðum kjörum og ekki fer því ver um rekstur landbúnaðarins, þá er mikil von um, að tapið verði ekki mjög stórt. En þessháttar fer sem sagt algerlega eftir árferði.

Að síðustu vil ég geta þess, að n. er kunnugt um, að uppi eru ýmsar stefnur um stjórn þessa sjóðs. N. virðist henni sæmilega fyrir komið eins og er í frv., að höfuðmaðurinn sé form. búnaðarbankans. Sjálfsagt má segja, að margt mæli með því, að búnaðarbankinn hafi þetta með höndum, þar sem hann er stofnun fyrir landbúnaðinn fyrst og fremst. Hinsvegar má segja, að ríkisvaldinu sé tryggt eftirlit, þar sem tveir eru kosnir af landbn. þingsins. N. hefir frestað rækilegri athugun um stjórn sjóðsins, til 3. umr., en mun þá koma með till., ef þörf virðist. — Annars man ég ekki eftir, að það séu sérstök atriði, sem þarf að taka til athugunar, en ef svo er, þá vona ég, að það komi fram í umr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil leyfa mér að þakka n. fyrir þá miklu vinnu, sem hún hefir lagt í þetta frv., og ég verð að telja, að till. hennar margar miði að ýmsu leyti til bóta. Fyrst og fremst verð ég að telja það til bóta, að n. hefir lagt til, að hækkað yrði hið beina framlag til kreppulánasjóðs um 400 þús. kr., þar sem tekið er fram í 1. gr. í brtt. hennar, að framlag ríkissjóðs skuli vera 2½ millj. í stað þess að í frv. eins og það kom frá 3. umr. í Nd. er framlagið ætlað 2100000 kr. Ég get einnig verið því samþykkur, að það sé tryggara fyrirkomulag, að kreppulánasjóður gefi sjálfur út skuldabréf með þeirri tryggingu, sem lagt er til í brtt. n., sem er fyrst og fremst stofnfé — þessi 2½ millj. kr. —, og skuldabréf lántakanda, og svo ábyrgð ríkissjóðs. Ég tel það tryggara að því leyti, að með því er algerlega sett undir þann leka, að ef einhverntíma kæmi inn meira fé í árgjöldum en þarf að verja til útdráttar bréfanna og vaxta af þeim, þá lenti afgangurinn inn í sjálfan ríkissjóðinn og yrði þar að eyðslufé, þótt vitanlega hefði e. t. v. mátt með annarskonar ákvæðum fyrirbyggja það. Þá er það og í sjálfu sér heppilegra form, að kreppulánasjóðurinn sé þannig gerður að sérstakri lánstofnun, með ábyrgð ríkissjóðs að baki, heldur en að ríkissjóður gefi sjálfur út skuldabréfin. Ég tel það einnig til bóta. Það er fastara orðalag í b-liðnum um að eigi skuli innleystur **minna** en ¼₀ hluti lánanna árlega. Hinsvegar verður ekki hjá því komizt að leggja verði þær byrðar á ríkissjóð, að hann verði að hlaupa undir bagga, þegar handbært fé kreppulánasjóðs reynist ekki nægilegt til að greiða þær skuldbindingar, sem á honum hvíla á hverjum tíma. Um brtt. 1.c — væntanlegrar 3. gr. — um að skuldabréf kreppulánasjóðs skuli vera með nafnverði gildur gjaldeyrir til greiðslu skulda eldri en frá 1. jan. 1933, þá kemur það heim við till. mínar í frv. því, sem flutt var í Nd., þótt þar yrði ofan á sú samkomulagstill., að fjmrh. ákvæði gengi bréfanna. Einnig get ég verið samþykkur því, að 2. málsliður 1. málsgr. 3. gr. falli niður, ekki af því, að ég búist ekki við, að þeir, sem þar eiga hlut að máli, eigi vissan rétt til þess að njóta góðs af þessum sjóði, sérstaklega vegna þess að smábýladeild eða lánstofnun fyrir smábýli hefir ekki verið stofnuð enn, eins og þó er gert ráð fyrir í l. frá 1929. En það liggja ekki fyrir neinar skýrslur um það atriði, hve mikið fé myndi þurfa til þessa, enda geri ég ráð fyrir, að það verði erfitt að gera þar upp á milli, ef málsgr. verður orðuð eins og nú er í 3. gr. Má þá vel fara svo, að sá hljóti lánið, sem hefir stærri kartöflugarð og stærri tún, en hinn fái ekkert, sem stendur að þessu leyti verr að vígi.

Viðvíkjandi brtt. við 9. gr., þeirri viðbót, sem n. leggur til, að verði þar við málsliðinn, að stjórn sjóðsins semji því aðeins frv. um skuldaskil fyrir skuldunaut, að hún telji hann þurfa að fá eftirgjöf á skuldum, vil ég einungis minna á, að í því frv. getur falizt fleira en eftirgjöfin ein. Þar geta og falizt í samningar um greiðslu lánanna, og hygg ég, að það geti verið mjög mikils virði fyrir viðkomandi skuldunaut að geta fengið hjálp sjóðsstjórnarinnar til þess að komast að sem heppilegustum samningum um greiðslu skulda sinna, annara en

þeirra, sem kreppulánasjóður veitir honum lán til að greiða, en það getur stundum skipt miklu fyrir lántakanda. Vildi ég því mælast til þess, að n. vildi athuga þetta mál til 3. umr. og að hún geymdi till. sínar þangað til. Sama er að segja um brtt. n. við 15. gr., sem ætlazt er til, að verði 16. gr. í þessu frv., að ég teldi heppilegra, að atkvgr. um það yrði og frestað til 3. umr. — Brtt. n. við 16. gr. verð ég að vera samþykkur. Það er betra orðalag og kemur skýrar fram, hvað átt er við.

Brtt. n. við 18. gr. kemur ekki að neinu leyti í bága við orðalag 18. gr. eins og það er nú, því að þar stendur, að heimilt sé að veita lán til allt að 42 ára, og þar með er sjóðstjórninni veitt heimild til þess að ákveða styttri og lengri lánstíma allt að 42 árum. En ég get þá verið samþykkur því, að þetta sé skýrara orðalag eins og það er hér í brtt. n. við 18. gr. Einnig verð ég að líta svo á, við nánari athugun, að það geti verið nauðsynlegt, að stjórn sjóðsins sé heimilaður lengri tími til lánveitinga úr kreppulánasjóði en til ársloka 1934. Það er heppilegt, ef hún gæti lokið því starfi fyrir þann tíma, en dálítið hæpið að lögbinda það, og verð ég því að telja þessa brtt. til bóta, en vænti þess, að stjórn sjóðsins reyni að ljúka þeirri uppgerð, sem hér um ræðir, svo fljótt sem unnt er, fyrir því.

Brtt. um að 22. gr. falli niður leiðir af sjálfu sér, ef 1. brtt. nær samþykki, en um brtt. á 23. gr. skal ég viðurkenna, að brtt. n. er skýrari en í frv. sjálfu. En samt sem áður vildi ég mælast til þess af n., að hún taki þessa brtt. sína til sérstakrar athugunar til 3. umr., vegna þess að ég hygg, að ekki sé rétt að ganga að fullu frá þessu ákvæði fyrr en þetta hefir verið athugað sérstaklega í sambandi við hitt frv., sem þessu fylgir, um ýmsar ráðstafanir vegna kreppunnar.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég tel, að frv., sem fyrir liggur, taki stórfelldum umbótum með brtt. n. Það, sem ég legg mesta áherzlu á í því sambandi, er, að eftir brtt. er nú sett á fót þarna hrein lánstofnun, sem á að hafa það alveg afmarkaða verkefni að veita lán í tilteknu augnamiði og á svo að standa á eigin fótum með því afmarkaða fjárframlagi úr ríkissjóði, sem henni er lagt í fyrstu. Það sem mér þótti sérstaklega athugavert við frv. eins og það fyrst kom fram hér í þinginu frá stj. var samblöndun á lánastarfsemi og styrktarstarfsemi, sem þessari stofnun var ætlað að hafa. Ég var hræddur um, að það myndi leiða til þess, að styrkveitingum yrði haldið áfram og fjárhagur þessarar stofnunar gerður að engu eða m. ö. o. henni yrði varpað alveg yfir á ríkissjóðinn. Í till. n. er öllu slíku kippt í burt, sem til styrktarstarfsemi gæti talizt, enda á slíkt jafnan að veitast í fjárl., ef menn vilja láta það af hendi og eftir till. n. er svo um búið, að þessi kreppulánasjóður fær af löggjafanna hálfu alla þá aðstöðu til þess að vera sjálfstæð og heilbrigð stofnun, eftir því sem kringumstæður atvinnuveganna leyfa, og lengra verður ekki komizt með löggjafarákvæðum. Ég hefi hugsað mér að greiða atkv. með öllum brtt. n. Það er ekki svo, að ég sé jafnánægður með þær allar; einstöku af hinum smávægilegu finnst mér eitt og annað vera álitamál um, en teldi mjög miklu æskilegra, að brtt. yrðu allar afgreiddar nú við þessa umr. og frv. prentað þannig upp til þess að það geti komið til athugunar fyrir 3. umr. og staðið þá til smábreyt., ef þurfa þætti. En það, sem atvmrh. var að fara fram á, að nokkrar yrðu teknar aftur nú og kæmu ekki til atkv. fyrr en við 3. umr., því að e. t. v. þyrfti frekari breyt. á því efni, sem frv. fjallar um, þá er það óvarlegt að tefla um of á það að geyma sér alveg breyt. til 3. umr. Og ég vil skjóta því til ráðh., hvort hann þrátt fyrir þessa aths., sem hann virðist hafa við þessar brtt., gæti ekki fallizt á, að þær gætu komið til atkv. nú, og opin leið eigi að síður að gera breyt. við 3. umr. En mér finnst hitt óaðgengilegra að gera nú allvíðtækar breyt. á frv., sem allir virðast sammála um, en láta breytingar á nokkrum greinum bíða, þannig að þær gr. liggi þá fyrir í frv. talsvert ósamstæðar við hinar. Ég held, að sú leið verði heppilegri, að láta breyt. nú fara inn, og má athuga þetta til 3. umr. fyrir því.

Af þessum smærri breyt., sem ég er

í vafa um, hvort n. hafi hitt á hið rétta með, vil ég nefna 8. brtt. við 21. gr. N. stingur upp á lengri lánstíma, til ársloka 1935. Ég er því sammála, að tíminn til ársloka 1934 sé naumur til að afgreiða þetta, en vil hreyfa því, hvort ekki sé eins eðlilegt að binda þetta við fardaga og hvort ekki sé eins auðvelt að lengja það til fardaga 1935. Það er nú svo í þeim tilfellum, ef bændur ekki geta fengið úrlausn sinna mála á þann hátt, vegna þess að stj. treystir sér ekki til að hjálpa þeim, sem þarf til að geta greitt úr málum sínum, þá þurfa vanalega afleiðingarnar af því að koma fram um fardaga. Það myndi því í rauninni dragast til fardaga 1936, að raunverulega kæmust fullar lyktir á málefni þeirra bænda, sem svo væri ástatt um. Þetta er auðvitað nokkuð langur dráttur, og þykist ég vita, að n. athugar, hvort hægt muni að komast af með tímann til fardaga 1935, en mun þó greiða atkv. með brtt. n. eins og þær liggja fyrir við þessa umr. Ég er ekki alveg viss um, hvort eitt atriði, sem a. m. k. hefir vakað fyrir mér, kemur nægilega skýrt fram í frv. eða í því eins og það verður með brtt. n. Ég hefi hugsað mér, að þessar lánveitingar úr kreppulánasjóði ættu í engu tilfelli að vera til þess að stofnaðist ný skuld, heldur ávallt að lán væri einungis veitt til greiðslu á eða upp í greiðslu fyrirliggjandi skulda. Ég vildi, ef n. er mér sammála um að þetta sé meiningin, að veita lánin einungis til þess að breyta erfiðari skuldum í auðveldari skuldir, að athugað væri til 3. umr. hvort ákvæði frv. hér að lútandi væru nægilega skýr. Ég er ekki viss um það, en ég álít, að heilbrigði þessarar ráðstöfunar sé undir því komin, að það sé þetta, sem verið er að gera, að veita þessu fé til tvenns í senn: að færa niður eða fá afslátt á þeim skuldum, sem nú eru tapaðar eða of þungbærar og þess vegna illa innheimtanlegar, og hitt jafnframt, að gera mönnum þá kost á ódýrara fé til þess að inna af hendi þær skuldbindingar, sem þarf til þess að ná þessum samningum, en hitt eigi ekki að vera meiningin, að hér sé verið að stofna til nýrra útlána eða til aukningar á skuldum í neinni mynd. (**PM:** 18. gr. tekur það fram). Já, það er e. t. v. nægilega skýrt. Ég get svo látið hér við sitja. Að því er snertir stjórn sjóðsins var ég búinn að segja mína skoðun við 1. umr. Álít ég, að ekki ætti að skipta um stjórn, þegar lokið er útlánum og á að fara að innheimta, en umr. um það mega bíða til 3. umr., þegar n. gerir sína athugun um það.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég finn mér skylt að þakka þeim tveim mönnum, sem um frv. hafa talað, fyrir góðar undirtektir undir till. n., því að mér skilst þeir verða þeim sammála í öllum aðalatriðum, og hv. 1. landsk. lýsti yfir því, að hann mundi greiða atkv. með öllum till. n. Ég skal geta þess, út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það má vel vera, sérstaklega um 10. brtt. n., að komast mætti að heppilegri niðurstöðu, og n. er fús að ræða um það við hann við 3. umr. Sama er og að segja um hinar till., þótt ég sjái ekki, að þar sé um verulega efnisbreyt. að ræða. N. er líka fús á að tala um þær breyt., en óskar fyrir sitt leyti eftir því, að ráðh. gæti fallizt á, að þessar till. yrðu samþ. nú, en að svo verði síðasta till. endurskoðuð fyrir 3. umr., og sé gleggra að fá þetta alltsaman í frv. Annars skal ég geta þess, að mér mun hafa láðst áðan að minnast á eina brtt., sem hæstv. atvmrh. mun hafa minnzt á, og það er við síðari málsgr. 1. gr., um að lánveitingar nái til smábýla kringum kaupstaði og kauptún. Nú er þannig ástatt um þessi smábýli, að ekki hefir farið fram nein hliðstæð rannsókn á þeim og hliðstæðum smábýlum bænda, og það bendir til þess, að ríkisstj. og kreppunefndin hafa litið þannig á, að þetta væri ekki algerlega hliðstætt, enda er þarna ólíku saman að jafna. Mikið af þessum smábýlabúskap er ekki nema aukastörf, og smábýlamennirnir eru allt öðruvísi settir en bændur almennt, þar sem þeir sitja að þeim markaði, sem beztur er, og er það ólík aðstaða, því að erfiðleikar bænda stafa fyrst og fremst af því, hve léleg afurðasalan er. En fyrir menn, sem framleiða fyrir kaupstaðina hefir þetta ekki breytt eins miklu, og markaðsskilyrðin eru betri til móts við hina. Verð ég því að leggja til, að þetta sé því ekki tekið upp í frv. að þessu sinni. Vel mætti vera, að væri rannsókn

látin fara fram á þessu til næsta árs, leiddi hún nauðsyn þessa í ljós, en ég held, að þetta sé ekki svo aðkallandi, að þörf sé á framkvæmdum nú, og er það ekki fyrir n. af neinum illvilja í garð þessara manna. Það er aðeins þetta, að þeirra atvinna er ekki hliðstæð bænda yfirleitt og skilyrðin öll önnur.

Þar sem engin mótmæli hafa komið fram gegn till. n. sé ég ekki ástæðu til að fara frekari orðum um málið að sinni.

**Jón Baldvinsson:** Ég lét þess getið við 1. umr. þessa máls hér í d., að það væri sjálfsagt að veita bændum þann stuðning, sem ríkið sæi sér fært nú í kreppunni. En af því að ég hreyfði þá þeim hugleiðingum mínum, að með þeim ráðstöfunum, sem gerðar væru með þessu frv., væri misskipt á milli stétta í landinu, þá risu hér upp tveir bændur í d. til andmæla og sögðu, að ég væri þessu máli mótsnúinn. En það er síður en svo, enda þótt ég álíti, að það eigi einnig að líta á hag annara stétta, sem eiga álíka erfitt og bændurnir. Alþingi hefir verið tómlátt um að styðja verkamannastéttina. Við síðustu umr. fjárl. hér í d. komst inn í fjárl. lítilsháttar upphæð til atvinnubóta handa verkamönnum. Aftur á móti er hér um að ræða samkv. þessu frv. stórfellda upphæð til hjálpar bændastéttinni, sem á að leggja fram á 10 árum, sumpart með beinu fjárframlagi og sumpart með útgáfu ríkisskuldabréfa, sem ríkið ber ábyrgð á.

Í frv. eins og það kom frá hv. Nd. og enn er óbreytt, er gert ráð fyrir, að nokkur afföll verði á sölu bréfanna, sem þó mega ekki nema meiru en 10%, og er það satt að segja helzt til lítið fyrir þær lánstofnanir, sem eiga að taka við þessum bréfum upp í skuldir, þegar miðað er við gengi á öðrum verðbréfum, t. d. við veðdeildarbréf Landsbankans, sem eru beztu og tryggustu pappírar hér á landi; þau eru seld með 25% afföllum eða fyrir ca. 75%, og þó eru greiddir hærri vextir af þeim lánum en hér er gert ráð fyrir af lánum úr kreppulánasjóði. Við þessi okurkjör á veðdeildarbréfunum verða þeir að búa, sem fá lán til húsabygginga í kaupstöðum og kauptúnum, og fjöldi bænda, sem einnig verða að nota þessa dýru peninga til bygginga eða jarðakaupa o. fl. Bréfin geta þeir ekki selt nú sem stendur fyrir meira en 75%. Nú leggur hv. landbn. til, að þetta ákvæði um 10% afföll af skuldabréfunum skuli fellt úr frv., með þeim forsendum, sem fram komu frá hv. frsm. og hv. 1. landsk., að þeir, sem hafi verið svo greiðugir að veita lán til bænda á undanförnum árum, séu ekki of góðir til þess að taka við þessum gjaldeyri, eða sætta sig við að taka bréfin með fullu verði upp í skuldirnar. Þetta finnst mér ekki réttlátt gagnvart lánsstofnunum ríkisins, því hv. frsm. upplýsti, að þetta myndi aðallega koma niður á Landsbankanum.

Þá kem ég að annari brtt. frá hv. landbn., sem mér finnst að keyri alveg úr hófi, þar sem hún leggur til, að síðari málsliður í fyrri málsgr. 1. gr. frv. verði felldur burtu. Þetta ákvæði var ekki í frv. upphaflega, en kom inn í það í Nd., og fjallar um, „að heimilt sé að lána fé úr sjóðnum ábúendum smábýla við kaupstaði og kauptún, enda sé um stærð býlis fullnægt ákvæðum 57. gr. l. nr. 31 1920". — Þessa málsgr. vill hv. landbn. fella úr frv., af því að hún gæti orðið til hjálpar ýmsum smábýlamönnum, sem hafa reist sér býli í nánd við kauptún á síðastl. 10 árum. Mörg af þessum býlum voru stofnuð á þeim árum, sem allt lék í lyndi og vinna og vörur voru í hærra verði en nú og auðveldara að ná í fé til láns. Þessir smábýlamenn verða nú að standa undir þungum skuldaböggum vegna býlanna, sem þeir fá varla undir risið. Og svo vill hv. landbn. fella þá úr frv., af því að kjör þeirra hafi eigi enn verið rannsökuð til fulls. — Annars verð ég að átelja það sinnuleysi og þann skort á umhyggju frá hálfu hæstv. stj. gagnvart þessum mönnum, að láta ekki rannsaka efnahag þeirra og ástæður. Það hefði verið alveg sjálfsögð framkvæmd, ef stjórnin, auk þess að athuga fjárhag bænda, hefði látið rannsaka afkomu verkamannastéttarinnar og smábýlamanna og einnig hag smáútvegsmanna, og undirbúa tillögur til viðréttingar, byggðar á þeirri rannsókn. Í þetta sinn ætla ég þó ekki að ræða um aðra en smábýlamennina. Ég vona, að þeir fái að fljóta með í þessu frv., eins og hv. Nd.

gekk frá því. Annars verð ég að segja það, að mér finnst hv. frsm. farast svipað og sagt hefir verið frá um móður Sankti Péturs, hún hafði ekki lifað góðu eða siðvöndu lífi hér í heimi og gat því ekki fengið vist í sælustaðnum, nema fyrir milligöngu og fyrirbænir sonar síns. En þegar Sankti Pétur sendi verur úr efri bústaðnum til þess að sækja móður sína og flytja hana í sælustaðinn, vildu ýmsir fleiri, sem þar höfðu vistarveru, hanga á henni og fylgjast með, í sælustaðinn; en þegar móðir Sankti Péturs sá það, að fleiri áttu að njóta góðs af, þá sparkaði hún í allar áttir og hristi af sér alla þá, er ætlað höfðu að fylgjast með henni til betri og bjartari heima. Niðurlag sögunnar ætla ég ekki að segja, en mér finnst hv. frsm. landbn. farast líkt og móður Sankti Péturs í þessu máli, hann sparkar í smábýlamennina, er áttu að fá að hanga á bændunum í þessu frv. Að vísu veit ég ekki hvort um er að ræða svipaðan stað fyrir þá, sem komast eiga undir ákvæði þessa frv., og þann, sem móðir Sankti Péturs átti í vændum. En víst er það ætlað til bóta, og mér skilst, að af þeim ástæðum kunni hv. frsm. því illa, að lofa smábýlamönnum að hanga á bændunum. Ég undrast það, hvað hugsunarháttur hv. frsm. er einstrengingslegur og gersamlega hlutdrægur í þessu máli; það er eins og hann geti ekki litið við því að styðja nokkra aðra en þá, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, enda þótt þeir menn, sem hér er um að ræða, séu sízt betur settir en bændurnir. Ég mun því fylgja frv. eins og það kom frá Nd. að því er þetta ákvæði snertir. En ýmsum af till. hv. landbn. get ég ekki veitt fylgi. Fyrst og fremst er ég andvígur þeim tveimur brtt., sem ég hefi gert að umtalsefni, því að þær eru báðar til spillis.

Hv. n. hefir hækkað talsvert framlagið úr ríkissjóði til kreppulánasjóðs, frá því sem var í frv., eða úr 2 millj. í 2½ millj. kr. Það er náttúrlega gott, ef ríkisssjóður getur lagt þetta fram, en það er athugavert, að þetta á að gerast á næstu 10 árum, og nemur það ca. ¼ millj. kr. á ári. Auk þess hefir nú verið samþ. í fjárl. fyrir árið 1934 að heimila stjórninni allt að 400 þús. kr. til þess að greiða bændum halla af kjötsölunni, ef illa gengur með kjötverzlunina næsta haust. Ég álít, að það sé réttmæt ráðstöfun. Þetta er að vísu stór upphæð, en ég sé ekkert eftir henni. Með hliðsjón af þessu þykir mér það kuldaleg framkoma hjá hv. frsm. að vilja fella smábýlamennina algerlega út úr frv. Ég vænti, að hv. þdm. fylgi ekki n. að málum í því atriði. — Mér heyrðist undir væng, að hæstv. atvmrh. væri ekki sérstaklega hrifinn af þessari brtt. n. Má vera, að honum hafi eins og mér dottið í hug dæmisagan um móður Sankti Péturs.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Eftir að hafa heyrt ummæli hv. frsm. get ég fallizt á, að atkvgr. fari nú þegar fram um þær þrjár brtt., sem ég áður óskaði eftir, að yrði frestað til 3. umr. En ég vænti þess, að hv. n. tæki þessi þrjú atriði samt sem áður til sérstakrar yfirvegunar fyrir 3. umr.

Samkv. brtt. n. við 15. gr. er talsvert vikið frá grundvallarhugsun frv., þar sem gert er ráð fyrir, að þeir bændur geti fengið lán úr sjóðnum, sem þurfa ekki einu sinni á aðstoð að halda til þess að komast að hagkvæmum samningum við aðra lánardrottna. Ég get að vísu verið á sama máli og hv. frsm. um það, að þeir bændur séu alls góðs maklegir, sem hafa staðið svo af sér ölduföll kreppunnar, að þeir þurfa ekki hjálpar við eða afsláttar á skuldum. Og ég er ekki að draga úr því, að þeim verði veitt lán, af því að ég unni þeim ekki aðstoðar. Heldur er ég hikandi við það af því, að svo kynni að fara, að þeir bændur, sem eru enn meira þurfandi þessarar aðstoðar, njóti ekki fullkominnar hjálpar, ef þeir, sem betur eru efnum búnir, fá líka lán að verulegum mun. Ég skal í þessu sambandi benda á, að mér þykir því meiri ástæða til að taka þetta til rækilegrar athugunar þar sem að nú hefir verið afgreidd í fjárl. heimild til stjórnarinnar til þess að veita bændum verðuppbót á kjötinu, ef til vandræða horfir um sölu á því. Það liggur því í augum uppi, að þeir bændur, sem betur eru staðir og hafa stærri bú, njóta á þann hátt meiri hjálpar en hinir, ef til kemur. Það var einkum þetta atriði, sem mér þótti æskilegt, að frestað væri atkv-

gr. um til 3. umr. og ég vildi, að hv. n. tæki til rækilegri yfirvegunar. En eftir að ég hefi nú heyrt undirtektir hv. frsm., get ég fallizt á, að atkvgr. um þessa brtt. fari fram nú, með þeim fyrirvara, að það komi þá aftur fram brtt. við 3. umr., ef það við nánari athugun á þessu þykir nauðsynlegt.

Viðvíkjandi því atriði í frv., sem hv. 2. landsk. ræddi mest um, hvort smábýlamenn í grennd við kaupstaði og kauptún eigi að njóta stuðnings samkv. þessum l., þá verð ég enn að halda mér við það atriði, að ástæður þessara manna eru ekki enn nægilega rannsakaðar til þess, að réttmætt sé að taka þá nú upp í þetta frv., og ég taldi mér ekki sérstaklega skylt að láta þessa rannsókn fara fram, samhliða athugun á hag bænda, af því að það er einkum landbúnaðurinn, sem heyrir undir mitt ráðuneyti, og þessir menn hafa ekki landbúnað að **aðalatvinnu.** Hinsvegar skal ég taka það fram, að ég álít, að þessir menn hafi fyllstu sanngirniskröfu fram að bera um opinbera aðstoð sér til handa. En ég álít, að það eigi fyrst og fremst að veita þeim þann stuðning, að láta lánadeild þá til smábýla, sem gert er ráð fyrir í l. um Búnaðarbanka Íslands, taka til starfa sem fyrst.

Hv. 2. landsk. lét mörg orð falla um það, að hér væri mjög misjafnlega skipt á milli stétta í landinu með þessum lögum. Stórkostlegar ráðstafanir væru gerðar eingöngu vegna landbúnaðarins, en sáralítið gert fyrir aðrar stéttir, sem ættu við erfiðleika að etja. Ég hefi áður tekið það fram, að þessum stéttum, t. d. verkamönnum í kaupstöðum og kauptúnum, hefir verið veittur nokkur stuðningur með fé því, sem ætlað er til atvinnubótavinnu. Og fulltrúar Alþfl. í Nd. virtust sætta sig vel við, að sú ráðstöfun væri afgreidd líkt og verið hefir, með því að áætla allverulega fjárhæð í fjárl. til atvinnubóta. En ef gera þyrfti róttækari ráðstafanir í þessu efni, þá yrði það að bíða næsta þings.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir, að hann hefir fallið frá þeirri ósk sinni, að n. tæki aftur til 3. umr. þær brtt., þrjár að tölu, er hann í fyrri ræðu sinni taldi athugaverðar. Og sem betur fór tjáði hann sig geta fallizt á meginhlutann af brtt. n., svo að ég þarf ekki að svara honum frekar fyrir hönd n.

En ég verð aðeins að segja örfá orð til hv. 2. landsk. Hv. þm. virtist vera mjög hnugginn fyrir hönd lánardrottna bænda, út af því, að þeir þyrftu að gefa eitthvað eftir af kröfum sínum, einkum ef skuldabréf kreppulánasjóðs yrðu ekki látin sæta afföllum. En ég held sannast að segja, að það hafi enginn meiri ástæðu til að taka þessu frv. með þökkum en einmitt lánardrottnarnir, því að ef þetta frv. verður að l., þá tryggir það lánardrottnum bænda greiðslu á miklum meiri hl. af skuldum þeirra. Þess vegna er það ekki ósanngjarnt, þó að lánardrottnar verði að taka skuldabréfin með nafnverði, þar sem þeim eru tryggðir 4½% í vexti af bréfunum, og jafnvel þó að meira væri slegið af vöxtunum.

Ég verð svo að þakka hv. þm. fyrir þá fögru líkingu, er hann heimfærði til framkomu minnar gagnvart smábýlamönnunum, með dæmisögunni af móður Sankti Péturs. Ég veit, að það muni vera af sérstökum rótum runnið, að honum er þessi dæmisaga svo minnisstæð, honum virðist fyrirmyndin fögur, enda breytti hann nákvæmlega eftir móður Sankti Péturs við 2. umr. fjárl. hér í d., þar sem hann gat ekki unnað fátækum verkamönnum á Akureyri að halda nokkrum hluta af sjúkrastyrk, sem þeir hafa áður haft. Þar var hann að hrista af sér gamla félaga sína, af því að þeir bera nú ekki sama pólitíska lit og hann. Og svo ætlar hann öðrum slíkt hið sama. **(JBald:** Þetta kallar maður nú að segja: „Jettu 'ann sjálfur").

ATKVGR.

Brtt. 767,1.a (ný 1. gr.) samþ. með 13:1 atkv.
— 767,1.b (ný 2. gr.) samþ. með 11:1 atkv.
— 767,1.c. (ný 3. gr.) samþ. með 11:1 atkv.
— 767,2.a. felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PHerm, PM, EÁrna, JakM, JónJ, GÓ.

**nei:** JónasJ, MT, BSn, GL, HSteins, IP, JBald, JónÞ.

Brtt. 767,2.b samþ. án atkvgr.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—8. gr. (verður 5.—9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 767,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
10.—14. gr. (verða 11.—15. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 767,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 767,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
16. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 767,6.a—b samþ. án atkvgr.
17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 767,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
19.—20. gr. (verður 20.—21. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 767,8 samþ. með 10 shlj. atkv.
21. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 767,9 (22. gr. falli burt) samþ. með með10:1 atkv.
— 767,10 (ný 23. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 792, 800).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 800. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 817) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Við 2. umr. málsins lofaði landbn. að athuga til 3. umr. viss atriði í þessu frv., og ég hafði vonazt eftir að sjá brtt. frá n. og hefi þess vegna látið fyrirfarast að flytja sjálfur brtt. um hin sömu atriði. Nú vil ég spyrja, hvort ekki sé von á neinum slíkum, og biðja hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá, svo að svigrúm fáist fyrir mig að flytja brtt., ef n. er horfin frá að gera það.

**Frsm. (Jón Jónsson)**: Ég verð að játa, að ég hefi ekki nákvæmlega athugað þessar till., sem komu fram. N. hefir ekki komið með neinar till. og satt að segja lítið talað um þetta. Ég vildi því gjarnan fara þess á leit við hæstv. forseta, að málinu verði frestað a. m. k. þangað til á kvöldfundi, eða þá tekið út af dagskrá.

**Forseti (GÓ)**: Umr. er þá hér með frestað.

Á 82. fundi í Ed., 27. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 792, 800, 817).

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég hefi borið fram brtt. á þskj. 817 við 3. gr. frv. Ég geri ráð fyrir því, að frv. eigi greiða leið gegnum þingið, þó að ég fyrir mitt leyti sé í vafa um það, að hér sé farið inn á rétta braut. Mér finnst réttara að gera verksvið þessarar starfsemi heldur þrengra en víðtækara, og held ég, að þessi brtt. verði í þá átt að takmarka möguleika þess, að hægt sé að nota skuldabréf kreppulánasjóðs sem greiðslueyri upp í skuldir. Held ég, að það sé heppilegri aðferð í þessu máli að koma fram nauðasamningum um skuldir manna, er þeir geta ekki risið undir, og láta töpin lenda á lánveitanda, en ekki ríkissjóði eins og þetta frv. miðar að. Er samkv. þessari löggjöf stór hætta á því, að mikill hluti tapanna lendi á ríkissjóði. Skal ég þó ekki fara frekar út í þá sálma, því að það mun vera tilgangslaust, en mun aðeins gera grein fyrir efni till. minnar. Í stað orðalagsins í 3. gr., sem er þannig: „Skuldabréf kreppulánasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá ...“ komi: „Skuldabréf kreppulánasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á eigin skuldum þeirra manna, er lán fá úr sjóðnum, eldri en frá o. s. frv.“ Eftir orðalagi frv. geta þessi skuldabréf verið gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum ekki aðeins bænda, heldur allra manna á landinu. Nær það auðvitað engri átt. Verður auðvitað að takmarka þetta við þá menn eina, sem hjálpa á, sem sé bændur. — Önnur breyt., sem í þessu felst, er sú, að þessi skuldabréf skuli ekki vera gildur gjaldeyrir til

greiðslu nema til fyrsta lánardrottins. Þeim fyrsta manni sé gert að taka þessi skuldabréf með nafnverði, en svo verði sú keðja ekki lengri. Má gera ráð fyrir, að þetta verki að nokkru sem hemill á starfsemi þessa, en það er þó nauðsynlegur varnagli.

Það er gert of mikið úr hættunni við það, að þeir menn, sem hér ræðir um, verði látnir sæta sömu forlögum og þeir, sem við sjávarsíðuna búa. Þeir eru látnir deyja drottni sínum. Það er ekki verið að gera till. um lán úr ríkissjóði til þess að greiða skuldir þeirra, heldur eru þeir skammaðir fyrir að hafa tekið þessi lán. Ég ætlast ekki til þess, að bændur séu svívirtir fyrir að hafa tekið lán, en það er hinsvegar sjálfsagt, að með skuldir þeirra sé farið eins og annara manna. Væri þá hag þeirra eflaust betur borgið, og myndu lánveitendur þá líka fara varlegar í það að lána þeim meira en þeir geta staðið í skilum með.

Verði þessi till. ekki samþ., þá get ég ekki greitt atkv. með frv.

**Jónas Jónsson:** Ég hefi flutt við frv. brtt., sem náði ekki samþ. í Nd. 1. liður lýtur að því að heimila stj. kreppulánasjóðs að hafa nokkurt fé til umráða til afskriftar á skuldum. Undirbúningsn. og Nd. hafa gert ráð fyrir því, að ríkið lækkaði vextina af lánunum. Ríkið veitir í raun og veru ekki aðra hjálp en að láta menn fá ódýrari lán en nú er, og verða aðrar lánstofnanir að haga sér þar eftir með því að minnka sinn höfuðstól. Nú álíta margir, að erfitt sé að framkvæma þessa skuldalækkun, ef aðeins sé um að ræða lán frá ríkinu, og því sé nauðsynlegt, að stj. sjóðsins hafi nokkurt fé undir höndum til að létta af fyrirtækjum, sem lán hafa fengið, en ekki geta staðið í skilum. Mikill hluti slíkra skulda er hjá verzlunum fyrir matvöru. Verður að líta svo á, að margar verzlanir hafi stuðlað að því að halda lífinu í þjóðinni með matvörulánum, og eigi þær því rétt á hjálp. Er betra, að þessu fé sé þannig eytt en að því sé eytt í spekúlatiónir. Þó að þetta mál kunni að verða fellt nú, verður það eflaust tekið upp aftur.

Síðari liður brtt. minnar er við 20. gr. frv. Er þar gert ráð fyrir því, að stj. sjóðsins skipi 5 menn í stað 3. Er þar bætt við manni frá Landsbankanum og öðrum frá Samb. ísl. samvinnufélaga. Þessi framkvæmd kemur Landsbankanum mikið við, og má búast við því, að hann verði að gefa eftir eitthvað af lánum sínum og að eitthvað af skuldabréfum safnist fyrir hjá honum. Sú leið, sem n. tók, að útiloka bankann, gerir allt erfiðara og hættulegra. Sama er að segja um Sambandið. Það mun gefa eftir mikið af því, sem það hefir lánað bændum. Það er sú stofnun, sem hefir haft á hendi mestar framkvæmdir fyrir bændur hér á landi. Þessi aðili gætir í einu sinna hagsmuna og landsbúa. Verður hann því að hafa fulltrúa í stj. sjóðsins. Kostnaður við þetta held ég, að verði ekki miklu meiri en ella myndi. Mætti líka ákveða það, að stofnanir þær, sem þessa menn skipa, kosti þá sjálfar.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Mér virðast tvær af þeim brtt., sem fram hafa komið, brtt. á þskj. 817 og 1. liður á þskj. 800, gangi mjög í gagnstæðar áttir. Till. á þskj. 817 miðar að því, að skuldabréfin skuli aðeins vera gildur gjaldeyrir affallalaust fyrir lántakendur sjálfa. Ef því halli verður á skuldabréfum, þá færist hann yfir á þann næsta, lendir á þeim, sem greiðslu fá hjá bónda, sem tekur lán úr kreppulánasjóði. Eftir frv. eru aftur bréfin gildur gjaldeyrir affallalaust upp í allar skuldir manna, sem stofnaðar voru 1. jan. þ. á. Tapið lendir þannig hjá lánstofnunum eða hjá þeim, sem lánað hafa án þess að skulda öðrum. (**JBald:** En ef lánstofnanir skulda?). Það er hugsanlegt, að þær geti þá líka greitt með skuldabréfunum. En niðurstaðan verður sú, að Landsbankinn kemur til með að liggja með meiri hluta skuldabréfanna, svo að tapið lendir á honum. En það tap, sem leiðir af lægri vöxtum kreppulánasjóðs, er ekkert milljónatap, og bankinn hefir þá fyrr gefið eftir skuldir og það margfalt meiri en þær, sem hér um ræðir. Og þó að hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að þeir, sem útveg stunda, hafi sjálfir orðið að bera hallann af atvinnurekstrinum — og verið skammaðir í þokkabót — þá er hitt þó réttara, að mest öll töp bankanna hafi einmitt stafað frá þess-

um atvinnuveg. Ég er svo sem ekki að áfella þessa menn, sem hafa orðið gjaldþrota, en segi þetta aðeins til samanburðar. Tap bankanna, sem hér um ræðir, yrði á aðra millj. kr., ef það lenti allt hjá honum, en vitanlega myndi það aldrei lenda þar allt, heldur dreifast á sparisjóði og privatmenn, og finnst mér þeir ekkert vorkunnarverðir eða brjóstumkennanlegir, þó að þeir taki eitthvert tap á sig, og beinlínis sanngjarnt, að þeir geri það, þar sem þetta bætir þeirra hag. Deildin hefir fallizt á við 2. umr. þessa máls, að bréfin gangi affallalaust. Og þegar gefið verður eftir, þá er hulið að baki, að lántakandi verði að teljast starfshæfur á eftir. Mér virðist, þar sem búast má við, að lánardrottnar verði að gefa stórkostlega eftir, þá vera nokkuð mikið að ætlast til, að þeir verði skyldaðir til að taka bréfin við nafnverði, án þess að mega nota þau á sama hátt í sínar skuldir. Ég held, að þeim verði það alveg óbærilegt.

Hv. 5. landsk. stefnir alveg í gagnstæða átt með till. sínum. Hann óttast, að lánardrottnarnir verði harðast úti og taki of mikið á sig. Hann kemur með till. um að verja allt að 1 millj. kr. til þeirra stofnana, sem þurfa að gefa mjög mikið eftir af skuldum til bænda. En sá galli er á þessu, að eftir frv. er ætlazt til, að sjóðurinn standi sjálfur undir sínum lánum, og þá er ekkert fé til í þessa greiðslu. Mér virðist líka fulllangt gengið, ef þessum stofnunum er fyrst gert það hagræði, sem frv. gerir ráð fyrir, og veitt stórfé að auki. Því verður ekki neitað, að þeim stofnunum, sem hann ber fyrir brjósti, samvinnufélögunum, var gert léttara fyrir með þeim ráðstöfunum, sem verið var að samþ. í dag, og ég sé ekki, að hægt sé að fara öllu lengra.

Hin till. á þskj. 800, um að stjórn kreppulánasjóðs verði fjölmennari, er að mínum dómi ekki góð, og leggur meiri hl. n. á móti henni. Telur hann enga tryggingu fyrir því, að stjórn sjóðsins fari betur úr hendi, þó að í henni verði 5 í stað 3 manna. Auk þess er enginn vafi á því, að það yrði langtum vafningsmeira, enda er ekki venjan, að bankastjórnir séu svo fjölmennar. Það er líka óeðlilegt að vissu leyti, og mundi vekja óþarfa tortryggni, ef vissir lánardrottnar hefðu meira vald yfir stjórn sjóðsins en aðrir. Þess vegna getur n. ekki mælt með þessari till. Það virðist líka vera sæmileg miðlunarleið, að þingið útnefni meiri hl. í stjórnina, og ekki ástæða til að fylgja öðru en því.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég hjó eftir því hjá hv. frsm., að hann sagði, að bankarnir kynnu að geta notað skuldabréf kreppulánasjóðs sem greiðslur upp í eigin skuldir. En þá vil ég spyrja hv. frsm., hvort það sé meiningin, að bankarnir geti greitt með þeim innstæðufé, svo að bréfin yrðu sem næst því almennur gjaldeyrir. (**JónJ**: Það er alls ekki meiningin). Ég vildi aðeins, að þetta kæmi skýrt fram, og vænti ég þess, að það verði haldið.

Hvað viðvíkur þeim aths., sem hv. frsm. gerði við brtt., þá virtist mér ekki sem allra bezt samræmi hjá honum. Fyrst benti hann á, hversu mikið hagræði lánardrottnum væri gert með þessum ráðstöfunum, en hinsvegar taldi hann þeim óbærilegt að bera nokkurn halla af skuldabréfunum. En þar sem tryggt er, að þeir fái þann hluta skuldanna, sem nokkurs virði er, þá er ekki nema eðlilegt, að þeir gengju fúslega að því að gefa eitthvað meira eftir. Það er ætlazt til, að kreppulánasjóður geri bændur upp, og er það út af fyrir sig stórkostlegt hagræði fyrir lánardrottnana, jafnvel þó þeir yrðu að taka skuldabréfin með nafnverði. Gætu þeir síðan losnað við bréfin með sanngjörnu gengi, t. d. til bankanna, sem þurfa að sjá sínum viðskiptavinum farborða. Ég get því ekki fallizt á, að of nærri sé gengið lánardrottnunum, þó þeir tækju bréfin affallalaust, þar sem svo er í haginn búið, að þeir fá greiddar skuldir sínar eftir eignamati. Ég tel lánardrottnum svo vel borgið, að þeir hafi ekki upp á neitt að klaga. Ég býst heldur ekki við að óttast þurfi um, að hag kaupfélaganna sé hætta búin, því að vitanlega dettur engum annað í hug en að vægilega verði farið með lánardrottnana og tekið verði fullkomið tillit til þess halla, sem þeir kunna að bíða. Virðist mér þetta óþarfa ótti hjá hv. frsm. og vitanlega því fremur hjá hv. 5. lands-

k. Sé ég, að hv. frsm. hefir komið vel að fá till. mína til samanburðar við till. hv. 5. landsk., og get ég vel unnað honum þess.

ATKVGR.

Brtt. 817 felld með 7:6 atkv.

— 800,1 felld með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JónasJ, EÁrna, IP.

**nei:** JBald, JónJ, JónÞ,MT, PHerm, PM, BSn, GL, HSteins, JakM.

Einn þm. (GÓ) fjarstaddur.

Brtt. 800,2 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JónasJ, PHerm, EÁrna, IP.

**nei:** MT, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JónJ, JónÞ.

Einn þm. (GÓ) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og endursent Nd.

---

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 792).

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til einnar umr.

**Ingólfur Bjarnarson:** Í lasleikaforföllum hv. frsm. kreppun.(TrÞ) vildi ég skýra frá því, að n. hefir athugað þær breyt., sem Ed. hefir gert á frv., og komizt að þeirri niðurstöðu, að þær væru að mestu leyti til bóta, og leggur hún því til í heild sinni, að frv. verði samþ. eins og það nú er. Þessar breyt. eru sumar allverulegar, og skal ég lauslega minnast á þær helztu.

Í 1. gr. er framlag ríkissjóðs til kreppulánasjóðs aukið að töluverðum mun, allt að ½ millj. kr., þar sem lengdur er sá tími, sem vaxtagreiðslur frá búnaðarbankanum eru látnar renna í kreppulánasjóð.

Í 2. gr. er gerð töluverð skipulagsbreyt. á sjóðnum. M. a. er sjóðnum sjálfum ætlað að gefa út skuldabréfin, sem ríkissjóður átti að gera áður. Er kreppulánasjóður gerður nokkuð sjálfstæðari en áður var með breyt. þessarar gr.

Í þriðja lagi er í 3. gr. gerð sú breyt. á frv., að skuldabréfin eru ákveðin með nafnverði eins og var, þegar frv. var fyrst lagt fram, en eins og kunnugt er, var því breytt hér í Nd.

Þá er sú breyt. gerð á 19. gr., að vextir af lánum úr kreppulánasjóði eru ákveðnir 4%, en í frv., eins og það var, þegar það fór héðan úr d., voru vextir og afborganir ákveðnir 5% í 42 ár. En eftir þessari breyt., sem gerð var í Ed., þá eru afborganir ekki fastákveðnar, heldur er stjórn sjóðsins falið að ákveða þær eftir því sem henni þykir rétt vera, en þó skulu afborganirnar aldrei ná yfir lengri tíma en 42 ár.

Þá er í 22. gr. gerð sú breyt. á, að í staðinn fyrir það, sem áður var ákveðið, að lánveitingum úr þessum sjóð skyldi vera lokið fyrir 31. des. 1934, þá skuli þeim lokið fyrir 31. des. 1935. Ég get getið þess, að n. þótti þessi breyt. ekki nauðsynleg, en hinsvegar taldi hún ekki ástæðu til að leggjast á móti henni.

Þá vil ég geta þess, að af vangá hefir 20. gr. ekki verið breytt í samræmi við þetta, þar sem talað er um, að stjórn kreppulánasjóðs skuli skipuð 3 mönnum til 31. des. 1934, en á náttúrlega að vera 1935, samkv. fyrrnefndri breyt.

Ed. nefndin hefir líka kannazt við, að þetta stafaði af vangá. Ég vil því skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að láta leiðrétta þetta, án þess að nokkur brtt. verði borin fram þar að lútandi, þar sem sýnilegt er og viðurkennt er, að þetta stafar af vangá.

Ég hefi þá lauslega farið yfir þessar brtt., sem ég þykist vita, að hv. dm. hafi þegar gert, og eins og ég hefi áður tekið fram leggur n. til, að frv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

**Forseti (JörB):** Þar sem því er yfirlýst, að það stafi af vangá, að þessi leiðrétting hefir ekki verið gerð í Ed., geri ég ráð fyrir, að þetta megi leiðrétta við endurprentun, og mun ég gera ráðstöfun til þess, að það verði gert.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 889).

## 72. Ráðstafanir vegna fjárkreppunnar.

Á 59. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:
**Frv. til l. um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar** (þmfrv., A. 462).

Á 60. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. nú. Ég vék að því í sambandi við frv. um kreppulánasjóð, og er það einn liður á þeirri sömu frv.röð og það frv.
Í grg. er gerð grein fyrir þeirri upphæð, sem hér er um að ræða og gert er ráð fyrir af hálfu kreppunefndar. Við 2. umr. verður gerð nánari grein fyrir einstökum atriðum frv. Ég hefi því enga aðra ósk fram að bera en að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 462, 585, 600).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 600. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Ég vil geta þess, að um afgreiðslu þessa frv. hefir hv. þm. Seyðf. sérstöðu innan n. Ennfremur vil ég taka það fram, að n. hefir í hyggju að bera fram frekari brtt. við 3. umr. og setja þar inn í liði, sem teknir voru út úr frv. um kreppulánasjóð við fyrri umr. Við 2. umr. var það tekið fram, að vaxtalækkun sú, sem hér er heimiluð til 2 ára, myndi kosta ríkissjóð 120 þús. kr., en það leiðir þó af sjálfu sér, að þessi heimild verður aldrei notuð til fulls, og yrði því kostnaður vafalaust undir 100 þús. kr. En heimildin til frestunar á afborgunum á þó ekki að kosta ríkissjóð neitt, þegar til lengdar lætur.
Kreppun. hefir borið fram brtt. við 5. gr. frv. um það, að stjórn kreppulánasjóðs sé heimilað að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að bönkunum verði fært að veita afborgunarfresti þá, sem um ræðir í 1. og 2. gr., og lána til þess fé úr kreppulánasjóði. Brtt. n. á þskj. 585 leggur það á vald stj. kreppulánasjóðs að gera þessar ráðstafanir, án þess að taka fram, hverjar þær skuli vera. Þetta er fyrirkomulagsatriði, en n. telur óþarft að kveða nánar á um þessar ráðstafanir, sem ættu að vera ákveðnar af stj. kreppulánasjóðs og stj. bankanna. N. leggur til, að brtt. verði samþ.
Hv. þm. Seyðf. hefir ásamt flokksbræðrum sínum borið fram brtt. á þskj. 600. Hv. þm. var með þessa till. í n. N. gat ekki fallizt á hana, þar eð ekki er um það vitað, hve mikil sú upphæð er, sem um væri að ræða, ef þeir menn væru teknir með, sem brtt. fjallar um. En það kostar mikla vinnu að athuga þetta. Innan kreppun. er ríkjandi vilji á því að stuðla til þess, að þessi athugun fari fram, en að svo stöddu getur n. ekki mælt með till.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Afstaða mín til þessa frv. er enn ekki ákveðin að fullu. Hún fer eftir því, hver afstaða verður tekin til brtt. okkar á þskj. 600. Ég vil í sambandi við frv. og ræðu hv. frsm. benda á það, að sú hjálp, sem frv. gerir ráð fyrir, að veitt verði, er minni en margir hafa ætlað. Í 1. gr. segir, að stj. Búnaðarbanka Íslands sé heimilað að veita greiðslufrest á afborgunum lána úr ræktunarsjóði, byggingar- og landnámssjóði og veðdeild bankans um allt að 5 ára tímabil, og í 2. gr. er stj. Landsbanka Íslands heimilað að veita greiðslufrest í 5 ár af þeim lánum úr veðdeild bankans, er bændur eða aðrir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, eiga að standa skil á. Mestur hluti kostnaðar af þessum veðskuldum er vextir, en ekki afborganir, og eru það nú vaxtagreiðslurnar, sem mestum erfiðleikum valda. Bóndi, sem nýlega hefir tekið 20—30 ára lán til

nýbyggingar og ræktunar, greiðir ekki svo ýkjamikið í afborgunum, heldur eru það vextirnir, sem harðast koma niður á honum.

Ég hefi vakið máls á því í hv. n., hvort ekki væri hægt að veita greiðslufrest einnig á öðrum skuldum, en n. taldi það ekki gerlegt. Er því rétt, að hér sé á það bent, hvað þessi hjálp er í rauninni lítilfjörleg.

Brtt. meiri hl. n. á þskj. 585 gat ég ekki fylgt. Ég tel það ekki rétt hjá hv. frsm., að brtt. láti það opið, hvaða leið sé farin. Till. ákveður, að veita megi lánsstofnunum lán úr kreppulánasjóði, til þess að gera þeim fært að veita afborgunarfresti. Sé ég ekki betur en að þar með sé ákveðið, hvaða leið sé farin. Þetta skiptir að vísu ekki miklu máli, en hér er þó um vansmíði að ræða.

Þá er brtt. okkar á þskj. 600. Það er höfuðgalli á frv., að hjálpin er einhliða bundin við bændastéttina, enda þótt fjöldi verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna séu alveg eins illa settir.

Brtt. mín gengur út á það, að stj. veðdeildar Landsbankans geti veitt þessum mönnum greiðslufrest líka, en ekki aðeins bændum, ef þeir hafa sett að tryggingu eignir, sem þeim eru nauðsynlegar til atvinnurekstrar þeirra eða til eigin íbúðar. Ég sé ekki, að nokkur munur sé á því, er bóndi verður, vegna vanskila á greiðslum, að hrökklast frá búi sínu, og hinu, er smáútvegsmaður verður að hrökklast frá bát og atvinnu. Líkt má segja um handiðnaðarmenn, sem eiga í hættu verkstæði og áhöld, og að miklu leyti hafa þeir verkamenn og sjómenn hliðstæða aðstöðu, er eignazt hafa bústofn, sem þeir geta búizt við, að lánardrottinn taki af þeim, ef þeir lenda í vanskilum.

Hv. frsm. féllst á, að mikil sanngirni væri í till., þó að n. gæti ekki fallizt á hana, þar sem nauðsynlegar upplýsingar vantaði. En það er sök hæstv. stj., að þessar upplýsingar eru ekki til. Hún hefði átt að hafa starfsvið milliþingan. nokkru víðara, svo að hún hefði einnig getað leyst af hendi þessa rannsókn. En þó er það ekki sérstaklega mikið atriði, að þessa rannsókn vantar, því að hér er ekki um svo mikið fé að ræða. Það eru ekki margir verkamenn, sem eiga hús, en till. okkar er bundin við þá. Um smáútvegsmenn myndi þetta fara eftir því, hvar hæstv. stj. setti markið milli smáútvegsmanna og stórútvegsmanna. Er hætt við, að miðað myndi verða við 10—12 tonna mótorbáta.

Loks kann að vera um að ræða ýmsa smærri handiðnaðarmenn, sérstaklega sem hafa ráð á húsi, en það er ekki svo fjölmenn stétt, að þar geti verið um mikla upphæð að ræða. Ég held því, að hættulaust sé að samþ. þessa till., og fullkomin sanngirni mælir með því, að þessir menn séu látnir njóta sömu kjara eins og aðrir, sem búa við svipaðan hag og til greina eru teknir í till. n. sjálfrar.

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Það er aðeins stutt aths. út af orðum hv. þm. Seyðf. Út af síðari hluta ræðu hans vil ég segja það, að mér er óhætt að fullyrða, að innan kreppun. er mikil samúð með þessum mönnum, sem hv. þm. vill nú koma að með till. sinni. En ég fyrir mitt leyti verð að halda fast við það, að ekkert er vitað né heldur liggur fyrir um þörfina eða hvað þetta mundi kosta mikið fé.

Ég var fyrir nokkrum árum síðan endurskoðandi Landsbankans um 4 eða 5 ára skeið. Ég setti mig þá talsvert inn í veðdeildina, en vitanlega er farið að fyrnast yfir það nú, en það stendur svo í mínu minni, að hér geti verið um allverulega háar upphæðir að ræða, að mikill þáttur af veðdeildinni muni geta komið undir þetta. Þess vegna vil ég endurtaka það, að ég get stutt það, að þetta sé athugað, og lofað mínum fyllsta velvilja, ef ég ætti um það að fjalla og ef rannsókn leiddi svipað í ljós um hag þessara manna eins og komið hefir í ljós viðvíkjandi landbúnaðinum.

Hv. þm. gat þess, sem er alveg rétt, að miklu einfaldara til þess að koma fram fresti á afborgunum á föstum lánum sé, að kreppulánasjóður láni lántakendunum beint og þeir notuðu það síðan til að borga afborganirnar. Þetta er alveg rétt. En það dregur þungan dilk á eftir sér. Hann er sá, að ef þetta verður gert, þá munu veðin missast í flestum tilfellum. Því að það er þannig háttað um veðdeild-

arlánin og ræktunarsjóðslánin, að það eru önnur lán á eftir þeim með uppfærslurétti. En ef sú leið er farin, sem við leggjum eindregið til, þá standa veðin áfram og kreppulánasjóður fær af sjálfu sér veð. Það flyzt frá bönkunum og yfir til kreppulánasjóðs. Það þarf ekki að gerast með þeim hætti, að bankarnir gerist lántakendur hjá kreppulánasjóði, heldur má finna einfaldari leið. Ég tel, að hún sé örugg, bæði að fé lánstofnunarinnar sé vel tryggt og hægt sé að hjálpa þeim mönnum, sem mest kreppir að.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Hv. frsm. sagði ekkert liggja fyrir um þörf þeirra manna til að fá greiðslufrest á afborgunum, sem um ræðir í brtt. okkar Alþflmanna. Þetta er ekki rétt. Það liggja fyrir allgreinilegar skýrslur um atvinnuleysi undanfarinna ára hjá þessu fólki, verkamönnum og sjómönnum, og það veit hver maður, að ekki eru miklar horfur á greiðslugetu hjá þessum mönnum. En hitt er rétt, eins og ég tók fram, að engar upplýsingar liggja fyrir um það, hve mikið fé lánsstofnanirnar eiga bundið í fasteignaveðslánum til þessara manna. Hv. frsm. telur það vera mjög mikið. Ég er honum ósammála um það. Ég hygg, að það geti ekki verið mjög mikið, en við getum hvorugur fullyrt neitt í þessu máli, bara bent á líkur. Hinsvegar er það víst, að þörfin á aðstoð í þessu skyni kemur sjálfsagt greinilega fram áður en kemur til að veita nokkra aðstoð, því að umsóknir um slíkt yrðu sendar til lánsstofnananna eða kreppulánasjóðs, og þeim umsóknum mundu sjálfsagt fylgja skýrsla og grg. um efnahag hlutaðeigandi skuldunauts, sem leiddi í ljós, hvort þörf væri á þessari hjálp. Það er því engin hætta á, að það verði að óþörfu veittur þessi stuðningur; a. m. k. er engu meiri hætta á, að þessum mönnum verði hjálpað að óþörfu heldur en þeim, sem til teknir eru í frv. sjálfu.

Út af því, sem ég sagði um brtt. meiri hl. n., að ég teldi það viðkunnanlegra, að lántakanda sé veitt lán úr kreppulánasjóði heldur en að lánsstofnanirnar láni fé til þess að greiða sjálfum sér fyrir sína skuldunauta, þá sagði hv. frsm., að þetta væri ekki gerlegt, vegna þess að þá misstist veðrétturinn. Það er rétt, ef ekki eru sett sérstök ákvæði inn í frv., að þá missist veðrétturinn. En ég fæ ekki betur séð en að auðvelt sé að taka ákvæði upp í frv. um, að veðréttur sá, sem stóð fyrir afborgun á láni hlutaðeigandi lánsstofnunar, færist yfir á ný lán, sem gangi til þess að borga lán með 1. veðrétti. Það þarf að setja slíkt ákvæði í frv., og ég tel það vel gerlegt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 600 tekin aftur.
2.—4. gr. samþ. með 23. shlj. atkv.
Brtt. 585 (ný 5. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 71. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 620, 600, 622).

**Frsm. (Tryggvi Þórhallsson):** Ég vék að brtt. kreppunefndar í sambandi við frv. um kreppulánasjóð. Það felst í brtt., að bætt sé inn í frv. nýrri grein um að stjórninni sé heimilt að veita til frystihúsa styrk, er nemi allt að ¼ stofnkostnaðar til lækkunar á skuldum frystihúsanna. Það kom fram hjá hv. þm. N.-Þ. í sambandi við annað mál, að réttmætt væri að styrkja þau héruð, sem hafa komið sér upp frystihúsum. Flest þessi frystihús starfa aðeins stuttan tíma ársins. Rjómabúum hefir verið veittur ¼ af stofnkostnaði, en frystihúsin hafa ekkert fengið. Þó hafa kjötafurðir fallið enn meira en mjólkurafurðir. N. vill því leggja til, að stj. heimilist að greiða frystihúsunum allt að ¼ af stofnkostnaði, þó ekki til að veita þangað nýju fjármagni heldur til að létta skuldabyrðar frystihúsanna. Þessi styrkur mun nema alls um 300 þús. kr.

Get ég gefið skýrslu um kostnaðarverð fyrstihúsanna hvers um sig.

Áætlað kostnaðarverð frystihúsa sambandsfélaganna:

| | | |
|---|---|---|
| Kaupfélag Stykkishólms, Stykkishólmi ..... | kr. | 76000,00 |
| Verzlunarfélag Hrútfirðinga, Borðeyri ..... | — | 74000,00 |
| Kaupfélag Vestur-Húnvetninga, Hvammstanga .... | — | 94000,00 |
| Sláturfélag Austur-Húnvetninga, Blönduósi .... | — | 85000,00 |
| Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki ..... | — | 95000,00 |
| Sláturfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki ..... | — | 50000,00 |
| Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri ..... | — | 160000,00 |
| Kaupfélag Svalbarðseyrar, Svalbarðseyri og Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri ..... | — | 50000,00 |
| Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík ..... | — | 190000,00 |
| Kaupfélag Norður-Þingeyinga, Kópaskeri ..... | — | 105000,00 |
| Kaupfélag Vopnfirðinga, Vopnafirði ..... | — | 65000,00 |
| Kaupfél. Héraðsbúa, Reyðarfirði ..... | — | 94000,00 |
| Samtals | kr. | 1138000,00 |
| Ennfremur frystihús Sláturfél. Suðurl. ..... | — | 94000,00 |
| Samtals | kr. | 1232000,00 |

og ¼ verður þá rúm 300 þús. kr.

Um brtt. jafnaðarmanna þarf ég ekki að segja meira en ég gerði við 2. umr. málsins. N. telur, að komið sé inn með þessu á þá braut, sem erfitt verður að fóta sig á, verði sú brtt. samþ. N. hefir bent á, hvað hún vilji gera í þessum efnum, en telur, að brtt. gangi ekki í rétta átt. Óska ég því f. h. n., að frv. verði afgr. með brtt. n.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég gerði grein fyrir brtt. okkar við 2. umr. og get vísað til þess, og jafnframt þess, er fram kom hjá okkur í umr. um kreppulánasjóð. Við álítum sjálfsagða sanngirni, að svipuð hjálp sé veitt þeim, sem við svipuð kjör eiga að búa, hvort sem þeir eru til sjávar eða sveita. Ég vil ennfremur láta þess getið, að frestur á afborgun skulda getur ekki verið með þeim skorðum, sem ákveðið er í frv., nema um mjög lágar upphæðir sé að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 600 felld með 14:12 atkv.

— 622 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 654).

Á 71. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 654, n. 798).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson)**: Þetta frv. er einn liður í kreppuráðstöfunum þingsins og miðar að því að tryggja bændum gjaldfrest af föstum lánum við ræktunarsjóð, byggingar- og landnámssjóð og veðdeildir Landsbankans og Búnaðarbankans. Ennfremur er gert ráð fyrir, að bændur geti fengið lækkaða vexti niður í 4½%. N. virtist nauðsyn á frv. og vill mæla með því, en telur réttara, að tekið sé fram, að vaxtaeftirgjöfin sé lögð fram úr ríkissjóði, og ennfremur að frystihúsum sé veittur styrkur, ¼ stofnkostnaðar, til að greiða með skuldir sínar við stofnanir ríkisins. Þessi styrkveiting virðist sanngjörn með tilliti til mjólkurbúastyrksins, einkum þegar þess er gætt, að kjötframleiðslan hefir orðið miklu harðar úti en mjólkurframleiðslan, sem situr að sæmilegum markaði. N. leggur til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 798. Vaxtaívilnunin nemur h. u. b. 120 þús. kr. á ári.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 798,1 samþ. með 8:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 798,2 (ný 5. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 821, 833).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 833. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Landbn. hefir leyft sér að flytja hér brtt. á orðun 5. gr. frv., sem fer fram á, að það sé ekki eingöngu bundið við, að lánin, sem ríkið taki að sér að greiða hluta af vegna frystihúsanna, séu úr viðlagasjóði eða Búnaðarbankanum. N. vissi ekki í fyrstu annað en að svo væri ástatt um öll frystihúsin, að þau hefðu sín lán frá þessum stofnunum, og ætlaðist til, að þetta væri aðalreglan um frystihús, að styrkurinn gengi til að greiða lán við þau. En það er eitt frystihús, sem hefir dálitla sérstöðu um þetta og hefir aðallán sitt í Landsbankanum. Þótti því illt að gera því svo erfitt fyrir, að féð gæti ekki gengið upp í að greiða það lán. Því er það fellt niður úr frvgr., að styrkurinn gangi upp í þessi vissu lán.

Þá er það ný málsgr., sem n. leggur til, að komi við þessa gr., og hljóðar hún um, að sama skuli gilda um lán, sem Sláturfél. Suðurlands hafi tekið vegna stofnunar niðursuðuverksmiðju, sem félagið hefir komið upp. Niðursuðuverksmiðjan tók að einhverju leyti til starfa 1920 og starfaði þá að því að sjóða niður kjöt, en það var í mjög smáum stíl. En svo óx framleiðslan og vann sér álit og fékk sér þá miklu fullkomnari tæki og dýrari, byggði sérstakt hús 1927 og starfaði að þessu 1927, '28 og '29 og hafði þó töluvert mikla umsetningu og útrýmdi miklu af innflutningi samskonar vara, og jafnframt sauð verksmiðjan niður nokkuð af fiski. Árið 1930 var unnið talsvert mikið að niðursuðunni, en þá kom verðfallið yfir þessa starfsemi og hún varð fyrir stórkostlega miklu tjóni og hefir jafnvel ekki enn getað selt vörur sínar frá þessu framleiðslutímabili. Seinasta haust mun hafa verið framleitt lítið. Sem sagt, félagið hefir þarna brotið ísinn um mjög merkilega framkvæmd til þess að gera okkar vörur markaðshæfari en ella. Fyrir það á Sláturfél. Suðurl. þakkir skilið. En jafnframt kom það í ljós, að það hefir á þessum voðalegu verðsveiflutímum bakað sér töluvert tjón með þessu í bili, og því sýnist ekki nema sanngjarnt, að það njóti um þessa starfsemi sína sömu ívilnunar og frystihús hjá öðrum sláturfélögum, sem hafa unnið mikið starf við að gera kjötið markaðshæfara erlendis. N. vill því mæla hið bezta með þessari till., og vænti ég þess fyrir hennar hönd, að d. geti fallizt á umorðun gr.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég skal einungis vekja athygli á því, að ríkissjóði mun erfitt að nota þessa heimild, ef hún á að orðast eins og í brtt. á þskj. 833. Ég geri ráð fyrir, að sú greiðsla, sem á frystihúsi Sláturfél. Suðurl. hvílir, sé þannig, að hún fari fram mjög fljótt, og mun þess vegna þurfa á reiðufé að halda nú þegar á þessu ári, til þess að heimildin verði notuð. En kosturinn við heimildina, sem er í 5. gr. frv., er sá, að þessa greiðslu má inna af hendi smátt og smátt í viðlagasjóð og Búnaðarbankann. Hinsvegar ætla ég, að það skipti ekki svo mjög miklu máli hvað þetta eina frystihús snertir, því að ég geri ráð fyrir, að það myndi áður en l. ganga í gildi geta breytt sínum lánum og komizt undir ákvæði 5. gr. eins og þau eru nú. Ég veit ekki heldur hvort Sláturfél. Sl. er nokkur greiði ger með því að breyta orðalaginu, sem er á 5. gr. um sláturhús, sem frysta kjöt til útflutnings, þannig að inn í gr. komi: „enda sé aðalhlutverk þeirra að frysta kjöt til útflutnings". Ég vil, að menn athugi, hvort frystihúsinu er ekki einmitt gert erfiðara fyrir með orðalagi brtt., því að það mun vera álitamál, hvort það er aðalhlutverk Sláturfél. Sl. að frysta til útflutnings.

Viðvíkjandi 2. lið brtt. vil ég einungis benda á, að niðursuða er rekin víðar en hjá Sláturfél. Sl., a. m. k. er í Borgarnesi rekin allmikil niðursuða, og hygg ég því, að það þurfi athugunar við, hvort þar er

þá gætt fulls jafnréttis, ef þetta eina fyrirtæki er tekið út úr og látið fá styrk. Í Nd. varð það að samkomulagi, þó að það kæmi ekki fram í umr., að vegna þess að vart yrði litið svo á, að Sláturfél. Suðurl. hefði það sem sitt aðalhlutverk að frysta kjöt til útflutnings, þá kæmi það að vísu til greina, en í dálítið öðru hlutfalli en þau hús, sem frysta kjöt eingöngu til útflutnings. Einmitt með það fyrir augum var það orðalag haft, sem stóð í frv. eins og það kom hingað, „allt að ¼ stofnkostnaðar". Ég hygg, að það hafi orðið samkomulag í Nd. við a. m. k. einn mann úr stjórn Sláturfél., að það orðalag væri haft einmitt með tilliti til þessa. Ég get tekið undir það, að Sláturfél. Suðurl. sé alls góðs maklegt fyrir sitt framtak í niðursuðu; en ég hygg, að það geti e. t. v. fleiri gert sömu kröfur. Ef svo fer, skiptir þetta nokkru máli fyrir ríkissjóð.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Ég held, að þetta sé á dálitlum misskilningi byggt hjá hæstv. atvmrh. Ég held, að ríkisstj. ætti ekki að verða miklu erfiðara um greiðslu á svona lánum eftir gr. eins og hún er nú orðuð, vegna þess að þetta er aðeins heimild til ríkisstj. og hún getur sett þau skilyrði, sem henni sýnist, áður en hún notar heimildina. Hitt er misskilningur, að við höfum breytt til í þeim tilgangi að létta nokkuð undir með frystihúsi Sláturfélags Suðurlands. Það er ekki meiningin að liðka frekar til fyrir frystihús Sláturfél. með þessari breytingu. Um síðara atriðið, styrkinn til niðursuðuverksmiðjunnar, er það að segja, að þar held ég, að við rekumst ekki á neina aðra; a. m. k. veit ég, að þm. hlutaðeigandi héraða þarna upp frá hafa lagt töluvert kapp á, að svona till. kæmist inn. Eftir því sem mér hefir skilizt, er þessi niðursuða uppi í Borgarnesi lítil og kannske þverrandi, og hafa verið notuð sömu áhöld við niðursuðuna og notuð hafa verið við mjólkina, en nú er frv. á ferðinni um styrk til mjólkurbúa. — Ég held, að þessi mótmæli hæstv. ráðh. séu að nokkru leyti byggð á misskilningi. Þetta á ekki að verða erfiðara fyrir ríkissjóð, því að hann getur sett þau lánsskilyrði, sem honum sýnist. Það er í engu breytt til um kröfur til frystihúsanna frá því, sem gert var í frv., og loks rekst það ekkert á hagsmuni Borgfirðinga, þó að Sláturfél. komi þarna undir.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Hv. 3. landsk. skildi orð mín sem mótmæli; þau áttu ekki að skiljast þannig. Ég vildi aðeins vekja athygli hv. d. á þessu tvennu. Ef það er meiningin, að frystihús Sláturfél. Suðurlands eigi að fá líkan rétt eins og önnur frystihús, þá tel ég ekki rétt að orða brtt. svo: „enda sé það aðalhlutverk þeirra að frysta kjöt til útflutnings". Það mun vart leika á tveim tungum, að aðalhlutverk þessa frystihúss er að frysta kjöt á innlendan markað, en ekki til útflutnings. Hinsvegar getur það vel komizt undir ákvæðin eins og þau eru í 5. gr. Hitt má vel vera, að ríkisstj. geti sett það skilyrði áður en heimildin er notuð, að lánunum sé betur fyrir komið, t. d. að þeim sé breytt í lán úr viðlagasjóði eða Búnaðarbankanum til lengri tíma; en ég sé ekki, að ástæða til orðabreyt. sé svo nauðsynleg.

Ég hefi síðan ég talaði áðan leitað upplýsinga um niðursuðuna í Borgarnesi. Má vel vera eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi nú fengið, að sú niðursuða, sem þar fer fram, sé ekki sambærileg við niðursuðuna hjá Sláturfél. Suðurlands.

ATKVGR.
Brtt. 833 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 851).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 890).

## 73. Virkjun Sogsins.

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um virkjun Efra-Sogsins** (þmfrv., A. 103).

Á 20. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Þetta frv. er gamall kunningi hér í d., því að það hefir legið fyrir 3 síðastl. þingum, og er nú flutt að mestu leyti í sömu mynd og það var í upphaflega. Tilgangur frv. er sá, að greiða fyrir því, að komist í kring virkjun á fallvatni við Sogið til afnota fyrir Reykjavíkurkaupstað og nærsveitirnar. Reykjavíkurbær á þarna hálf vatnsréttindi, og landið hinn helminginn.

Frv. gerir ráð fyrir því, að Reykjavíkurbær beri einn þá erfiðleika, sem eru við framkvæmd á fyrsta stigi virkjunarinnar. Það er föst regla, ef skynsamlega er stofnað til slíkrar virkjunar, að fyrsta stig hennar sé erfiðast fjárhagslega, og hvert hestafl dýrast í byrjuninni. Þetta kemur til af því, að á þessu stigi er enn ekki til sú notkun á afurðum virkjunarinnar, rafmagninu, sem þarf til að rísa undir hinum mikla byrjunarkostnaði. Sú notkun skapast smátt og smátt.

Nú stendur svo vel á, að Reykjavíkurbær hefir í nokkur ár haft rafmagnsstöð. Hér hefir því myndazt mikil og vaxandi þörf eftir raforku. Þetta bæjarfyrirtæki, rafveitan, ber sig ágætlega og er nú svo stæð, að hún getur, hvenær sem bæjarstjórn telur það hentugt, staðið undir vöxtum og afborgunum af lánsfé til fyrstu virkjunarinnar við Sogið. Þar með er sköpuð óvenjulega góð fjárhagsleg aðstaða til þess að koma slíku fyrirtæki af stað. Frv. er byggt á því, að fleiri en Reykjavíkurbúar geti haft not af þessu fyrirtæki og aðrir hlutar suðvesturlandsins geti komið inn í það sem meðeigendur, þegar þeir vilja. En þangað til þeir gerast meðeigendur, er þeim tryggð raforka úr veitunni og má verðið ekki fara fram úr því, sem rafmagnsveita Rvíkur borgar fyrir hana. Með þessu fyrirkomulagi er íbúum héraðanna sköpuð miklu auðveldari aðstaða til þess að nota sér þessi náttúrugæði en ef þau yrðu að standa undir öllum byggingarörðugleikum virkjunarinnar.

Eins og grg. ber með sér, er frv. upphaflega samið af mþn. í raforkumálum, og tilgangurinn var sá, að reynt væri að leysa úr rafmagnsþörf þessara landshluta, sem Sogsvirkjunina geta notað. Í athugunum sínum komst n. að þeirri niðurstöðu, að auk Rvíkur væru nokkur fjölbyggð pláss í suðvesturhluta landsins, sem gætu lagt til sín orkutaugar frá Soginu og notið rafmagnsins þaðan, ef þau í upphafi þyrftu ekki að greiða annað en vexti og afborganir af stofnfé til þess að leggja þessar taugar, auk verðsins á raforkunni sjálfri.

Í þetta frv. eru ekki tekin ákvæði um það, að útvega fé til þessara háspennutauga samtímis fé til virkjunarinnar. Ástæðan var sú, að n. taldi líklegt, að virkjunin sjálf mundi ekki taka minna en 4 ár, og þótti því ekki rétt að festa fé í byggingu þessara háspennutauga á fyrstu árum virkjunarinnar. Eðlilegast er, að þessar taugar séu lagðar þegar virkjuninni er lokið og rafmagnið fyrir hendi.

Ég hefi orðið var við það, að hér í þinginu hefir það komið fram sem mótbára gegn frv., að ekki væri um leið séð fyrir því, að þessi þéttbýlu svæði á suðvesturlandinu, sem nefnd eru í grg., gætu notfært sér orkuna frá Soginu. Við flm. höfum þó lagt frv. óbreytt fram hvað þetta snertir, en tökum fram í grg., að við erum fúsir til samkomulags um það atriði, að ákvæði verði bætt inn í frv., sem tryggi það, að unnt verði samtímis virkjuninni að koma upp háspennulínum til þeirra staða á Suðvesturlandi, sem hafa aðstöðu til þess að nota raforkuna án beinna framlaga úr ríkissjóði.

Næsta stig þessa máls verður svo eflaust það, að athuga, á hvern hátt má færa út taugakerfi þessarar orkustöðvar, svo að öll þau svæði, sem hún getur náð til og ekki geta staðið undir kostnaði af eigin orkustöðvum, geti notfært sér orku Sogsins.

Hvað snertir afstöðu Rvíkurbæjar til þessa máls, þá vil ég taka það fram nú þegar, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að hér í bæ hefir verið talsverður ágreiningur um það, hvort ætti að full-

virkja Elliðaárnar eða ekki, en þar er hægt að bæta við 3000 hestafla stöð. En þó að skoðanir manna séu nokkuð skiptar hvað þetta snertir, þá hefir það engin áhrif á afstöðuna til Sogsvirkjunarinnar. Þessi fyrirhugaða stöð við Elliðaárnar hefir tvennskonar hlutverki að gegna, og það hvorttveggja í sambandi við Sogsvirkjunina. Í fyrsta lagi er þá hægt að taka upp nú þegar það fyrirkomulag á sölu rafmagns, sem fyrirhugað er, þegar Sogsvirkjunin verður komin upp, t. d. er þá hægt að láta í té ódýrt rafmagn til iðnaðar og annarar notkunar, en það mundi auka eftirspurnina að miklum mun. Sú stækkun, sem með þessu yrði á rafmagnsveitu Rvíkur, yrði nóg til þess, að ekki þyrfti að bíða í 4 ár, eða þangað til Sogsvirkjunin væri fullbúin, til þess að geta sett rafmagnsverðið í bænum niður og auka notkunina. Á næstu fjórum árum þarf ekki að gera ráð fyrir meiri aukningu á raforkunotkun en svo, að Elliðaárstöðvarnar gætu fullnægt henni, ef árnar yrðu fullvirkjaðar.

En eftir að virkjun Sogsins er komin fram, á stöðin við Elliðaárnar að verða varastöð Sogsstöðvarinnar, og spara jafnháa hestaflatölu í varavélum austur við Sog og hún hefir.

Ef Elliðaárnar verða fullvirkjaðar, verður þar 7500 hestafla stöð. Það verður svipað einni vélasamstæðu við Sogið, og má þá hafa þar aðeins eina vélasamstæðu í stað tveggja, sem annars hefðu orðið að vera þar. — Ég tek þetta svona nákvæmlega fram hér, til þess að fyrirbyggja þann misskilning, að með því að berjast fyrir fullvirkjun Elliðaánna sé Sogsvirkjuninni að einhverju leyti skotið á frest.

Eins og auðvelt er að sjá, er þetta frv. ekki samið með hagsmuni Rvíkur fyrir augum fyrst og fremst, heldur aðallega með hagsmuni hinna byggðanna, sem með þessu eru boðin þau kostakjör, sem ekki hefði verið hægt að fá með öðru móti en að komast undir handarjaðarinn á Rvíkurbæ.

Ég skal svo að síðustu minna á, að samkv. útreikningi mþn. í rafmagnsmálum, sem áður hefir verið frá skýrt hér á þingi, þá eru háspennutaugar þær, sem ætla má, að geti borið sig án beins framlags af opinberu fé, frá Soginu til Eyrarbakka og Stokkseyrar og austur til Vestmannaeyja, ennfremur frá Soginu til Rvíkur, til Akraness og til Hafnarfjarðar og til plássanna á Reykjanesskaganum. Það eru því háspennulínur til þessara staða, sem átt er við í grg., sem við bjóðum til samkomulags um að samtímis verði séð fyrir fjárútvegun til þeirra.

En þessar línur liggja þannig um byggðir þessara landshluta, að auk sjálfra hinna þéttbyggðu plássa er mikið af sveitabýlum, sem liggja þannig við, að þau koma af sjálfu sér í samband við þessar háspennutaugar, og loks liggja þessar háspennutaugar þannig um þetta landsvæði, að það eru ekki nema tiltölulega stuttar álmur, sem þarf að leggja út frá þeim og til þeirra, sem rafmagnið nota. Það yrðu ekki nema tiltölulega stuttir spottar móts við það, ef leggja þyrfti háspennutaugar beinlínis frá sjálfu orkuverinu við Sogið.

Með þessu máli er þannig lagður grundvöllur að því að geta leyst þetta spursmál um raforkuveitu til almenningsþarfa fyrir allan suðvesturhluta landsins. Ég vonast eftir, að nú fari að nálgast sá tími, að Alþingi telji tímabært að taka þannig föstum tökum á þessu máli, að það geti farið að leiða til framkvæmdar á þessu sviði.

Ég skal svo leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til n. Það getur verið álitamál, hvort það eigi að fara til fjhn. eða iðnn. Það hefir áður verið fyrir fjhn. og er náttúrlega talsvert mikið fjárhagsmál, og hv. meðflm. minn óskar heldur eftir, að frv. verði vísað til fjhn., og er það því okkar till.

**Jón Baldvinsson:** Þetta frv. er, eins og hv. flm. sagði, gamall kunningi hér á þingi. Þessi hugmynd, að virkja Sogið, hefir átt miklum vinsældum að fagna hér í Rvík. Það er því skiljanlegt, að þaðan komi till. um, að þeirri hugmynd verði komið í framkvæmd.

Það leit út fyrir um tíma, að enginn ágreiningur væri um það í bænum, að nú þegar væri farið að virkja Sogið, a. m. k. ekki hjá meiri hl. bæjarstj. Þó er það vitanlegt, að fyrrv. borgarstjóri, Knútur Zimsen, áleit, að ekki væri rétt að byrja

nú á virkjun Sogsins, heldur ætti málið nokkurn tíma fyrir sér, þangað til rétt væri að ráðast í að framkvæma virkjunina. Það hefir talsvert verið unnið að undirbúningi þessa máls, og þá sérstaklega af einstökum mönnum. Það hefir farið fram ný athugun á því, hvar bezt væri að virkja Sogið, og það, sem ég vil láta koma fram í þessu frv., er það, að virkjunin sé ekki bundin við neinn sérstakan stað. Hv. flm. sló upp á því við mig um daginn, að ég gerðist meðflm. þessa frv., en úr því varð ekki. Alþfl. hefir verið að útbúa frv. svipaðs eðlis og þetta að öðru leyti en því, að þar er virkjunin ekki bundin við neinn ákveðinn stað. Við viljum aðeins fastákveða, að Sogið skuli virkjað, en ekki binda það fast, hvar það verður gert. Staður til virkjunarinnar yrði þá valinn eftir á á þeim stað, sem hentugastur þætti að dómi sérfræðinga, og í samráði við bæjarstj. Rvíkur og ríkisstj.

Þær rannsóknir, sem Rvíkurbær hefir látið gera á Efra-Soginu, hafa verið framkvæmdar af Steingrími Jónssyni rafveitustjóra. Að þeim hefir verið fundið af ýmsum, og veit ég ekki, hvort það er með réttu eða ekki. Gerðar hafa verið nýjar till. um virkjun neðar við Sogið, einnig af sérfræðingum, en að þeim hefir einnig verið fundið. Og þegar svona stendur á, þá er erfitt fyrir leikmenn að sjá, hver þessara sérfræðinga hefir rétt fyrir sér. Þess vegna vil ég, að í frv. sem þessu sé virkjunin ekki bundin við tiltekinn stað, heldur vil ég taka þann stað, sem að vel athuguðu máli virðist hentugastur. En um það, hvernig væri hægt að fá þá vitneskju, skal ég ekki segja að svo stöddu, en mér fyndist ekki óráðlegt, að Rvíkurbær og ríkið fengi einhverja af Norðurlandaríkisstj. til að benda á mann til að athuga þetta, svo að ekki væri hægt að segja, að neinir einstaklingahagsmunir réðu því, hvar Sogið væri virkjað. Ég bendi aðeins á þetta til athugunar, án þess að ég ætli að þessu sinni að gera nokkra till. þar um.

Þá er annað, sem mér hefir virzt vera deilumál í bænum og bæjarstj. Rvíkur hefir ekki heldur komið saman um, og það er, hve lengi eigi að halda áfram með virkjun Elliðaánna. Hv. 1. landsk. hefir nú haldið fram þeirri skoðun, sem ég býst við, að flokksmenn hans í bæjarstj. fylgi, að rétt sé að virkja Elliðaárnar til fulls, og með því eigi að fást 3000 hestöfl í viðbót við það, sem nú er, og alls fáist þá úr Elliðaánum 7000—7300 hestöfl. Þessari framhaldsvirkjun hefir verið fært það til ágætis, að þarna fáist ódýrt rafmagn. Mér hefir nú skilizt svo, að síðustu hestöflin séu því aðeins ódýr, að áður hafi verið lagt í mikinn kostnað við þá fyrri virkjun, sem komi svo að notum við þá síðari virkjun. Það væri því sennilega réttast við slíkan útreikning að taka meðalverð hestaflanna, en taka ekki síðustu hestöflin og segja, að þau hafi kostað svo og svo lítið, sem kemur þá bara af því, að með hinni fyrri virkjun hefir sú síðari verið undirbúin. Það sýnist a. m. k. frá leikmanna sjónarmiði, að ólíku sé saman að jafna að virkja Sogið, þetta mikla vatnsfall, sem hefir sjálfgerðan vatnsgeymi þar sem Þingvallavatn er, eða Elliðaárnar, þessa litlu sprænu, sem a. m. k. leikmönnum finnst ákaflega hæpið, að öruggt sé að byggja á. Sérfræðingar hafa líka verið ólíkrar skoðunar í því máli. Lengi vel var það, að sérfræðingar — ég veit ekki hvort það voru vatnsvirkjunarfræðingar — álitu, að ekkert þýddi að virkja Elliðaárnar. Einn rafmagnsfræðingur hér, en þó ekki fullkominn sérfræðingur á þessu sviði, hélt, að þarna mætti fá 600 hestafla raforku, en síðan eru milli 20 og 30 ár. En nú halda menn, að þarna megi fá talsverða raforku, og kann að vera, að þessi skoðanabreyting stafi af því, að menn kunna nú betur en áður að hagnýta sér vatnsorkuna, eða þá af því, að þeir, sem áður gerðu þarna athuganir, voru ekki vatnsvirkjafræðingar, en þarna er þó talið, að því aðeins megi fá rafmagn, að það verði dýrt, og einnig hitt, að alltaf verði tilfinnanlegur rafmagnsskortur, þó að þessi viðbótarvirkjun verði framkvæmd, jafnvel þótt notkuninni verði haldið niðri með háu verði. Áreiðanlegt er, að rafmagn lækkaði mikið í verði, ef tekið væri til notkunar miklu meira afl en Elliðaárnar geta látið í té. Einn allra stærsti rafmagnsnotandi hér í bænum, sænska frystihúsið, getur ekki, að því er mér hefir skilizt, fengið orku frá stöðinni hér í

Rvík, og iðnaðinn vantar tilfinnanlega meiri og ódýrari orku. Þetta gerir það að verkum, að mér virðist nauðsynlegt að ráðast sem allra fyrst í virkjun Sogsins. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra bæjarbúa. Með því móti geta menn fengið mjög mikla raforku til sinna þarfa, og vatnsvirkjafræðingunum kemur saman um, að raforku úr Soginu verði hægt að selja talsvert ódýrara en rafmagnið frá stöðinni við Elliðaárnar. Hér er því ekki eftir neinu að bíða.

Mér hefir skilizt af því, sem fram hefir komið á bæjarstjórnarfundi, að hv. 1. landsk. búist ekki við, að hægt verði að virkja Sogið fyrr en eftir 9—10 ár, en ég gæti nú ímyndað mér, að á þeim tíma yrði rafmagnsskortur í Rvík alltilfinnanlegur. Eins og áður hefir verið getið um, er rafmagnsþörf Rvíkur alltaf að vaxa, og þar sem raforka er nú af það skornum skammti, að draga verður úr notkuninni með háu verði, þá má nærri geta, hvernig það verður eftir mörg ár.

Annað er það líka, sem frá sjónarmiði leikmanna sýnist varhugavert við Elliðaárstöðina. Í skýrslu rafmagnsstjóra um þetta mál er sagt frá því, að vélarnar við Elliðaárstöðina séu látnar vinna meira en þær eru stimplaðar fyrir. Ég hefi ekki nóga þekkingu á þessum málum til að vita, hvort það hefir skaðvæn áhrif á þessar vélar, að þær séu að staðaldri látnar ganga með meira krafti en þær eru gefnar upp fyrir. Allir vita, að slíkt hefir mjög skaðleg áhrif á aðrar vélar t. d. mótorvélar, svo að þær endast miklu verr, ef meira er reynt á þær en þær eru gefnar upp fyrir. Frá leikmannssjónarmiði hlýtur þetta einnig að sýnast athugavert að því er rafmagnsvélarnar snertir, allt þangað til þeir, sem sérþekkingu hafa í þeim málum, upplýsa, að þetta sé vélunum ekki skaðlegt.

Að öllu þessu athuguðu sýnist mér, að nú beri að hrinda virkjun Sogsins í framkvæmd sem allra fyrst, og ég vil beina þeirri áskorun til hv. 1. landsk., sem er líka borgarstjóri Rvíkur, að hann beiti sér fyrir því, að nú þegar verði byrjað á þessu verki, svo að við getum eftir 3—4 ár fengið ódýrara rafmagn en nú er hægt að fá og svo mikið, að ekki þurfi að óttast þar neinn skort.

Ég skal taka það fram, að í ræðu hv. 1. landsk. kom ekkert það fram, sem benti í þá átt, að hann vildi ekki byrja undir eins á virkjun Sogsins, en þetta, sem ég hefi nú sagt, kom ég með af því, að mér hefir fundizt, að sumir flokksmenn hans í bæjarstj. væru á því að láta þetta mál bíða fyrst um sinn, en það er það, sem aðalágreiningurinn er um á milli Alþflmanna og sjálfstæðismanna í bæjarstj.

Hv. flm. sagði, að Elliðaárnar fullnægðu þeirri aukningu, sem þörf væri á næstu 4 ár, meðan verið væri að reisa stöðina við Sogið. Ég held, að Elliðaárstöðvarnar fullnægi ekki þörfinni, en það verður að bjargast við það, en það er auðsætt, að frá Elliðaánum fáum við ekki nóg rafmagn, eins og sjá má af því, að það verður að halda rafmagnsnotkuninni niðri með háu verði og ýmsum takmörkunum.

Það er alveg rétt, að virkjun Sogsins byggist á notkun rafmagnsins í Rvík og Hafnarfirði, sem hljóta að nota langmest af raforkunni. Þess vegna er það sjálfsagt, að Rvíkurkaupstaður verður að virkja Sogið, annaðhvort sjálfur eða í samráði og félagsskap við ríkið. Það gæti reyndar komið til mála, að ríkið eitt virkjaði Sogið, en þá yrðu þar á undan að ganga samningar um það, að Rvík fengi keypt við kostnaðarverði það rafmagn, sem hún þyrfti á að halda, en þetta er ekkert aðalatriði. Það, sem mest er um vert, er það, að á þessu verði byrjað nú þegar. Framkvæmd þessa verks skapar líka miklar atvinnubætur, og í sambandi við það sparaðist þá mikið af því fé, sem ríkið verður nú að leggja fram til að halda uppi atvinnubótum nú á þessum þrengingatímum.

Ég vona því, að Alþingi fallist á það, sem er höfuðatriði þessa frv., þó að ég sé ekki samþykkur einstökum atriðum þess — og að ríkið taki á sig ábyrgð á því fé, sem þarf til fyrirtækisins, því að gera má ráð fyrir, að annars fáist ekki lán til þess eins og nú standa sakir.

Það er að því leyti afarheppilegt fyrir ríkið að gera þetta nú, að þá er hægt að láta ýmsa þá staði fá rafmagn, sem ríkið hefði ekki getað komizt undan að sjá fyrir raforku fyrr eða síðar, en það hefði vitanlega orðið til miklu tilfinnanlegri

útgjaldaauka fyrir ríkið, ef ekki hefði verið hægt að gera það í sambandi við þessa virkjun Sogsins. Hinu hefi ég ekki trú á, að sveitabæir geti orðið þessa rafmagns aðnjótandi, nema þá þeir, sem yrðu alveg á leiðinni þar sem þessar raftaugar liggja um. Þessar leiðslur eru svo dýrar, að það er ekki vert að vera að gylla þetta fyrir sér með því, að hver sveitabær í þessum héruðum geti orðið rafmagnsins aðnjótandi, en virkjunin er auðvitað jafnnauðsynleg fyrir því.

Ég og flokksmenn mínir erum ekki búnir að ráða það við okkur, hvort við berum fram sérstakt frv., þar sem virkjun Sogsins er ekki bundin við neinn ákveðin stað, eða berum fram brtt. við þetta frv., sem ef til vill væri það einfaldasta, en það munum við ráða við okkur mjög bráðlega.

**Flm. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Það eru aðeins örfá atriði í ræðu hv. 2. landsk., sem ég finn ástæðu til að koma að. Ég mun ekki fara að þessu sinni út í það, sem hann var að tala um ágreining, sem orðið hefði í bænum um það, hvort fullvirkja skyldi Sogið. Ég skoða það sem innanbæjarmál að öðru leyti en því, sem ég í framsöguræðu minni gerði grein fyrir, enda hefir það engin áhrif á afstöðu manna til virkjunar Sogsins.

Ég get í rauninni alveg tekið undir það, sem hv. 2. landsk. sagði um það, að eiginlega sé ekki rétt á þessu stigi málsins að staðbinda þessa lagaheimild við ákveðið fallvatn í Soginu. Ég skal til frekari upplýsingar þar um aðeins geta þess, að fyrir aukafund, sem bæjarstj. heldur í kvöld út af þessu máli, kemur till., sem ég hefi borið fram í bæjarráðinu og þar hefir hlotið samþykki, um það, að rafmagnsveitan útvegi nú fullnaðaráætlun um virkjun við Sog, sem mun eins og nú er komið verða byggð á óhlutdrægum samanburði á öllum virkjunarmöguleikum, sem þar eru fyrir hendi. Við flm. fundum samt ekki ástæðu til þess að breyta þessu atriði við flutning málsins, en við álitum, að þetta gæti komið til athugunar í n., að rýmka orðalag frv. þannig, að heimildin verði jafnt fyrir hendi, hvort sem taka á þetta fallvatn eða eitthvað af því neðra.

Þá vil ég leiðrétta það, sem hann hafði eftir mér, að ég hefði látið í ljós á bæjarstjórnarfundi, að ég byggist ekki við, að hægt væri að virkja Sogið fyrr en eftir 9—10 ár. Þetta er misskilningur, sem byggist sjálfsagt á því, að bæjarstj. gerði ráð fyrir því, að eftir 8 ár gæti Rvíkurbær einn virkjað Sogið, án þess að leita ábyrgðar ríkisins. Það er með því að halda ákveðinni stefnu í þessu máli, sem sé að fullvirkja Elliðaárnar, annaðhvort fyrir tekjuafgang smámsaman eða þegar í stað með því að taka dálítið lán, sem svo endurgreiddist á þessu tímabili. Þá yrði lokið að greiða þær veðskuldir, sem hvílt hafa á þessu fyrirtæki, rafmagnsveitu Rvíkur. Stendur þá eftir óveðbundin eign, sem kostaði upphaflega 9 millj. kr., en er nú náttúrlega búið að skrifa mikið niður bæði vegna verðfalls á upphaflega verkinu, sem unnið var fyrir 20 árum, og svo eðlilegrar fyrningar, en þegar rekstrurinn er í svo miklum blóma, þá yrði auðvelt fyrir það fyrirtæki að fá lán með 1. veðrétti í sér sjálfu, sem þarf til þess að virkja Sogið. Það var það, sem átt var við, þegar sagt var, að Rvík væri ekki í sjálfu sér svo nauðulega stödd, að hún þyrfti um allan aldur að vera komin upp á ríkið í þessu máli og gæti ekki framkvæmt þessa virkjun nema með aðstoð ríkisins.

Hv. 2. landsk. má ekki skilja þetta á þann veg, að ég eigi við með þessu, að virkjun Sogsins eigi ekki að framkvæma fyrr. Frv. það, sem hér liggur fyrir, ber það einmitt með sér, að við flm. ætlumst til, að byrjað verði á verklegum framkvæmdum virkjunarinnar þegar á þessu ári. Það stendur beinlínis í 3. gr. frv. Því er ekki til að dreifa, að við séum að hugsa um nokkurn drátt á málinu. Hinsvegar hefi ég álitið alveg rétt, að þetta kæmi fram og yrði gerð grein fyrir, hvers Rvík á kost í þessu máli, ef henni verður neitað um ábyrgð ríkisins, sem þó er áhættulaust að veita eins og nú er ástatt. En rafveitan er ekki þannig ennþá, að hún geti sett það veð, sem þyrfti til að fá slíkt lán án ríkisábyrgðar.

Ég held, að það sé ekki fleira úr ræðu hv. 2. landsk., sem ég þarf að svara. Fyrir mitt leyti finn ég eiginlega ekki neinn skoðanamun á milli okkar um þetta mál, nema ef væri í einhverjum smáatriðum

eða algerðum aukaatriðum. Þetta, sem verið er að reyna að pústa upp hér í bænum um skoðanamun sjálfstæðis- og jafnaðarmanna í bæjarstj., er meira gert fyrir kjósendur en vegna ágreinings um málið.

**Jón Baldvinsson:** Ég verð að játa, að bæði þetta frv., sem hv. 1. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. flytja, og framsaga hv. 1. landsk. bendir á þá átt, að hann óski þess nú að virkja Sogið sem fyrst. En þetta er í mótsögn við þá málafærslu, sem borgarstjórinn í Rvík hafði á síðasta bæjarstjórnarfundi, sem ég var staddur á nýlega; og það er enginn misskilningur hjá mér, að það hafi verið meiningin í ræðu borgarstjórans á þeim fundi, að Rvík ætti að virkja og nota til fulls Elliðaárnar áður en ráðizt væri í virkjun Sogsins. Og ég get fullvissað hv. 1. landsk. um það, að fleiri en ég hafa skilið ræðu hans á þann veg. Það er nú svo með Sogsmálið, að bæjarstjórnarmeirihlutinn hefir jafnan hindrað, að nokkrar framkvæmdir yrðu gerðar í því máli. Við þetta átti ég með orðum mínum um ágreining þann, sem kom fram í ræðu borgarstjórans á umræddum bæjarstjórnarfundi. En sé það svo, að hv. 1. landsk. óski nú, að þegar verði gengið til virkjunar Sogsins, þá skulum við sleppa þeim skoðanamun, sem hér hefir verið talað um. Það er skylt, að við Alþflmenn stöndum með þessu máli, og það engu síður, þótt sjálfstæðismenn verði okkur nú sammála um það. Það ætti einungis að tryggja greiðari framgang málsins, að þessir tveir flokkar sameinast um það, sérstaklega þar sem sjálfstæðismenn eiga nokkur ítök í ríkisstj. og hafa nú samstarf við framsóknarmenn, en þeir hafa stundum reynzt erfiðir í þessu sjálfsagða máli, sem ekki einungis er nauðsynjamál Rvíkurbæjar, heldur einnig margra annara staða, sem myndu njóta virkjunar Sogsins. — Það skal ekki standa á mér að gleyma fyrri ágreiningi um málið og vinna að því, að á því fáist sem fyrst heppileg lausn. Þykir mér vænt um, að hv. flm. hefir lýst yfir því, að hann muni taka til greina aths. mína um að hafa ekki virkjunarstaðinn fastbundinn í frv., því að ég álít í alla staði heppilegra að hafa slíkt ekki fastákveðið í l.

**Bjarni Snæbjörnsson** [óyfirl.]: Það eru aðeins fáein orð, sem ég vildi láta falla um frv. þetta nú við 1. umr., bæði frá minni og Hafnfirðinga hálfu. — Eins og ég drap á í umr., sem urðu hér í d. 1931 um þetta mál, og eins og hv. 2. landsk. gat um nú, þá er þessi virkjun miklu meira atriði fyrir okkur Hafnfirðinga og aðra hér í kringum Rvík heldur en nokkurntíma Reykvíkinga. Það gleður mig stórlega, að mér finnst meiri horfur á framgangi málsins nú en áður. Er það nú betur upplýst en fyrr, og er það ekki sízt vegna þeirra umr., sem fóru fram á bæjarstjórnarfundi hér fyrir skömmu. Auk þess leggjast nú sjálfstæðis- og jafnaðarmenn á eitt án þess að karpa um, hver eigi upptök málsins eða hverjir hafi hindrað framkvæmdirnar. Ég vona líka, að nægilega margir úr Framsfl. sýni þeim, sem hlunninda þessara eiga að njóta, þann velvilja að ljá málinu fylgi, bæði hér og í Nd., og láti nú ekkert verða til þess að spilla framkvæmd virkjunarinnar, svo að hún megi verða þinginu til sóma og til blessunar þeim, sem njóta eiga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 3. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 103, 242, n. 445 og 483).

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** N. hefir klofnað um þetta mál í tvennt, eða jafnvel meira. En meiri hl. n. er sammála um það, að ekki sé hægt að samþ. frv. óbreytt. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir allt að 7 millj. kr. láni handa Rvík til virkjunar Sogsins. — Þetta mál er ekki nýtt, heldur var það mikið rætt fyrir tveim árum. Það var ekki hægt að heyra annað á þeim umr. en að þá þegar hefði farið fram fullkomin rannsókn til undirbúnings þessa mannvirkis. Þá var birtur fjöldi blaðagreina um málið, einkum í blaði

hv. 2. landsk., og var helzt að heyra úr þeirri átt, að fyrirtækið væri svo undirbúið, að hægt væri að byrja framkvæmdir þá um sumarið. Nú virðist þetta vera breytt. Sá maður, sem nú beitir sér helzt fyrir þessu frv., hv. 1. landsk., telur alls ekki hafa farið fram næga athugun á því, hvernig þessu fyrirtæki ætti að haga, þó að hann vilji nú þegar fá ábyrgðarheimildina. — En ég hefi komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé nóg með það, að málið hafi ekki verið nægilega rannsakað fyrir tveim árum, heldur hafi málið þá verið á hættulegri leið. Síðan hefir það komið fram, að á öðrum stað við Sogið sé hægt að koma upp stöð, sem mundi verða miklu ódýrari en sú, sem upphaflega var áætluð, en þó orðið til fullra nota. Því er það, að ég hefi álitið það eðlilegra að breyta frv. í ábyrgðarheimild handa ríkisstj. fyrir láni, allt að 3½ millj. kr., fyrir Reykjavík til virkjunar Sogsins. Þessi upphæð álít ég, að sé nægileg, og í því felst aðhald frá þinginu til bæjarins um að ráðast ekki í stærra fyrirtæki strax en nauðsynlegt er.

Ég hefi hugsað mér að bera fram við þessa umr. skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 445, um að í stað orðanna „Efri-Brú" komi „Syðri-Brú", því að þótt virkjunin byrji í landi Efri-Brúar, er meiri hluti hennar í landareign Syðri-Brúar.

**Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Ég vil láta í ljós óánægju mína yfir því tiltæki hv. meiri hl. fjhn. að fara að lýsa afstöðu minni í nál. sínu. Ég hefi engan þátt átt í samningu þessa nál. hv. meiri hl., sem ekki er til orðið fyrr en eftir klofning n. Ég held, að þetta sé algerlega á móti þingvenjum. Enda er það, sem sagt er í þessu nál. um afstöðu mína, alls ekki nógu nákvæmt til þess, að þeir, er það sjá, fái rétta hugmynd um afstöðu mína til þessa máls. Ég vil benda á það, að það er alls ekki rétt að gera öðrum nefndarhlutum upp skoðanir, þar sem gera má ráð fyrir, að hver nefndarhluti setji fram sitt eigið nál.

Ég legg til, að frv. þetta verði samþ. með þeim breyt., sem hv. 2. landsk. hefir borið fram á þskj. 242, sem n. hafði til athugunar áður en hún lauk störfum sínum. Þær brtt. fela það eitt í sér, að látið sé óbundið í frv., hvert af fallvötnunum í Soginu skuli miða ábyrgðarheimildina við.

Ég vil þá leyfa mér að rifja upp í helztu dráttunum undirbúning þessa máls. Byrjun þess undirbúnings mun vera sú, að árið 1928 lét rafmagnsveita Rvíkur gera bráðabirgðayfirlit yfir virkjun allra fallvatna í Soginu og samanburð milli hinna einstöku fallvatna. Samanburður þessi tók yfir 12—15 virkjunartilhaganir, bæði hvað snerti byrjun virkjunar og framhald. Þar á meðal var auðvitað tekin til athugunar virkjun þess fallvatns, sem brtt. meiri hl. miðast við. Niðurstaðan af þessum athugunum var sú, að hvort sem litið væri á byrjun eða framhald virkjunarinnar, væri hagkvæmast að taka það fallvatn, sem nefnt er Efra-Sogið. Samkv. þeirri niðurstöðu var þetta frv. flutt á þinginu, og enn sem komið er hefir það verið einskorðað við þetta fallvatn.

Síðan hefir undirbúningnum verið haldið áfram. Rafmagnsveitan lét fullgera þessa uppástungu um virkjun Sogsins. Framkvæmd þessa verks var boðin út 1930, og þá þannig, að óskað var eftir tilboði í verkið, en jafnframt tilboði um fjárútvegun til verksins. En þetta reyndist ekki góð leið. Aðeins tvö tilboð komu, og hvorugt þeirra var svo fullkomið, sem ætlazt hafði verið til. Kostnaðurinn var meiri en rafmagnsveitan hafði búizt við, hvort sem það stafaði af tilhögun virkjunarinnar eða sambandi tilboðsins um verkið og fjárútvegunarkvaðarinnar. En við athugun á tilhögun verksins sýndist mér möguleiki á því, að fá hagkvæmari tilhögun á virkjun þessa sama fallvatns. Ég átti hlutdeild í því, að rafmagnsveitunni var send lausleg uppástunga að annari tilhögun virkjunarinnar ásamt kostnaðaráætlun, sem sýndi, að ef ekki þætti að öðru leyti annmarkar á þeirri tilhögun, yrði hún mun ódýrari. Síðar kom fram enn ein uppástunga um að taka annan hluta fallvatnsins, einn af þeim hlutum, sem rafmagnsveitan lét gera bráðabirgðaáætlun um 1928. Ásamt þessari uppástungu var till. um að byrja virkjun í smáum stíl, of smáum til þess að fullnægja þörfum rafmagnsveitu

Reykjavíkur. Ennfremur virtist þessi síðasta uppástunga allmikið tengd einkahagsmunum. Hér hafði verið stofnað félag, með innlendu og erlendu fjármagni, sem ætlaði að reyna að fá sérleyfi á þessari virkjun og selja síðan rafmagnsveitu Rvíkur og öðrum í nágrenninu rafmagn.

Þegar þetta mál kom fyrir bæjarstj. Rvíkur, þá vísaði hún eindregið frá sér þeirri hugmynd, að kaupa þyrfti raforkuna úr Soginu af einkafyrirtæki. En að öðru leyti sýndist bæjarstj., úr því sem nú var komið, að fyrir lágu mismunandi áætlanir um virkjun Efra-Sogsins, og einnig lausleg uppástunga um virkjun Neðra-Sogsins, að ástæða væri til þess að taka málið til algerlega nýrrar yfirvegunar, bæði hvað snerti stærð virkjunarinnar og tilhögun. Bæjarstj. ákvað að ráða til sín erlenda sérfræðinga, sem nytu slíks álits, að tryggt væri, að till. þeirra yrðu teknar gildar af hverjum þeim banka eða annari stofnun, sem leitað yrði til með fjáröflun handa fyrirtækinu. Til þessa starfa hafa verið ráðnir tveir norskir verkfræðingar, sem standa hvor um sig mjög framarlega á sínu sviði. Annar er sérfræðingur í rafmagnsverkfræði, en hinn er sérfræðingur í vatnavirkjuninni. Þessir menn koma hingað innan hálfs mánaðar hér frá til að byrja starf sitt. Það má auðvitað mæla gegn þessu frv. á þeim grundvelli, að enn vanti lokaákvörðun um tilhögun mannvirkisins og þar af leiðandi kostnað, og menn viti því ekki, hvað þurfi að fara fram á ábyrgðarheimild fyrir háu láni. En ég sé ekki, að þetta ætti að gera það nokkuð varhugaverðara að veita stj. þessa ábyrgðarheimild, sem farið er fram á í frv., og miðuð er við þá upphæð, sem alltaf hefir verið talað um, nefnil. 7 millj. kr. Ég vænti þess, að sú raunverulega upphæð verði minni, þegar til á að taka, og skaðar þá ekkert, þó ábyrgðarheimildin miði við nokkru hærri upphæð en þörf er á. Og þó að tilteknar séu 7 millj. kr., þá er rafmagnsveita Rvíkur ábyggilega fær um að standa undir því láni. Þar sem hin endanlega rannsókn stendur nú fyrir dyrum, tel ég rétta þá hugsun, sem felst í brtt. hv. 2. landsk., að einskorða ekki ábyrgðarheimildina við neitt einstakt fallvatn í Soginu, eða ákveða nánar tilhögun mannvirkisins. Og ég vil leiða athygli manna að því, að eins og þetta frv. liggur nú fyrir, með brtt. á þskj. 242, felur það í sér fyrirgreiðslu á fyrirtæki, sem snertir ekki aðeins Rvík, heldur allan suðvesturhluta landsins, allt frá Vestmannaeyjum til Snæfellsness. Í frv. eru ákvæði, sem heimila héruðunum á þessu svæði að koma inn sem meðeigendur í fyrirtækinu, hvenær sem þau telja sér hentugast. Þetta eru svo mikil hlunnindi fyrir þennan landshluta, að mér er óskiljanleg sú afstaða meiri hl. að vilja kasta öllum þessum hlunnindum burt úr frv. og einskorða aðgerðir löggjafarvaldsins í þessu máli við Rvík eina. Ég gæti skilið, að slík uppástunga gæti komið frá mönnum, sem hugsuðu mjög einhliða um hag Rvíkur einnar. Ég verð að fara nokkru nánar út í þetta atriði, því að einmitt þess vegna finnst mér brtt. meiri hl. á þskj. 445 algerlega óaðgengilegar. Þetta mál var fyrst undirbúið af mþn. í raforkumálum, sem stj. skipaði á sínum tíma, og vann sú n. aðallega að því á árunum 1929—'30. Sú n. var engan veginn skipuð með hagsmuni Rvíkur fyrir augum, heldur átti hún að gera uppástungur um það, hvernig hægt væri að koma fyrir raforkuveitum til almenningsþarfa utan kaupstaða. Um sama leyti var rafmagnsveita Rvíkur að undirbúa virkjun Sogsins fyrir Reykjavík eina. Mþn. komst að þeirri niðurstöðu, að bezta úrlausnin á raforkumálum suðvesturhluta landsins væri sú, ef hægt væri að komast í samlag við Rvík um orkuframleiðslu úr Soginu. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er árangurinn af samstarfi mþn. og fulltrúa frá rafmagnsveitu Rvíkur. Mþn.-mennirnir komu þar fram sem forsvarsmenn héraðanna, en fulltrúarnir frá rafmagnsveitunni komu fram sem forsvarsmenn reykvískra hagsmuna. Þarna varð samkomulag um það, að heppilegast væri að veita raforku út til þessa stóra landshluta frá Soginu, hafa þar svo stóra stöð, að hún nægði bæði Rvík og þessum víðlendu héruðum. Og samkv. útreikningum verkfræðinga þarf framleiðsluspenna raforkunnar við Sogið að vera ekki minna en 60000 volt til þess að ná til Vestmannaeyja og álíka langt vestur.

Mþn. var búin að ljúka við uppástungur um orkuveitu frá Soginu um Árnes- og Rangárvallasýslur, Vestmannaeyjar, Reykjanes, Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu að nokkru leyti. Hvað snertir raforkuveitu lengra vestur var n. ekki búin að gera neinar uppástungur um þær, þegar hún lognaðist út af sökum áhugaleysis þáv. stj.

Ég tek þetta fram til þess að gera mönnum ljóst, að þegar meiri hl. n. vill einskorða sig við síðustu uppástunguna, sem fram hefir komið um virkjun Sogsins, þá er þar með strikað yfir allan þann undirbúning, sem gerður hefir verið í þessu máli, nema hvað Rvík snertir. Þó að gerð væri þessi bráðabirgðavirkjun hjá Efri-Brú, með 3 vélasamstæðum með 3000 hestöflum, yrði það aðeins nóg fyrir Rvík í nokkur ár. Og sé spennan ekki höfð meiri en 35000 volt, þá er útilokað, að aðrir geti haft gagn af þessari virkjun en Rvík. Hvað snertir tekniska hlið málsins, fela till. meiri hl. þannig í sér, að hætt sé alveg við þá hugsun, að veita raforku frá Sogsstöðinni yfir þann mikla landshluta, sem áður var tilætlunin. Og það má segja, að með till. meiri hl. séu strikuð út úr frv. öll þau ákvæði, sem tryggðu héruðunum rétt til þess að koma inn í fyrirtækið sem meðeigendur. Af hálfu meiri hl. er gengið að því með fyllsta samræmi að gera frv. þetta að engu öðru en aðstoð — og ef til vill óhentugri aðstoð — til rafmagnsveitu Rvíkur til þess að auka raforku Rvíkur einnar. Ég skil ekki í því, að hv. d. láti sér svo lítið annt um þetta stórmál, að hún fallist á till. hv. meiri hl. n.

Ég get þess vegna ekki annað en mælt á móti því, að brtt. meiri hl. n. á þskj. 445 verði samþ. Það eina rétta er að halda málinu á þeirri braut, sem það hefir verið á, því að það er eitthvert það stærsta framfara- og framtíðarmál fyrir þá stóru landshluta, sem hér um ræðir, sem sé allan suðvesturhluta landsins. Og það er gert með því að láta gr. frv. standa eins og þær eru með brtt. á þskj. 242. Auðvitað mætti svo ræða um breyt. á einstökum gr. frv. eða viðauka við það, sem miðaði þá til þess að tryggja hinum héruðunum aðstöðu til að geta notað sér þetta. Ég er við því búinn, hvenær sem fulltrúar þessara héraða kunna eftir því að óska, að styðja skynsamlegar till. því til tryggingar, að raftaugarnar geti teygt sig frá Sogsstöðinni og út um þessi héruð.

**Forseti (GÓ):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 5. landsk. (sjá þskj. 536), og þarf leyfi d. til að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Jón Baldvinsson:** Skömmu eftir að frv. á þskj. 103 kom fram, bar ég fram brtt. þær, sem um getur á þskj. 242. Þessar brtt. bar ég fram af því, að mér þótti eins og þá var komið orðalag frv. of bundið, þar sem virkjunin var eingöngu miðuð við Efra-Sogið, því að fleiri uppástungur, sem komið gætu til greina, lágu fyrir. Ég vildi þá ekki og vil ekki enn leggja neinn dóm á það, hvar hentugast væri að virkja Sogið fyrir þau héruð, sem raforkunnar eiga að njóta. Ég vil vona, að þeirri rannsókn, sem staðið hefir yfir í fjöldamörg ár, sé nú senn lokið. Því er ekki að leyna, að í meiri hl. bæjarstjórnar Rvíkur hefir verið uppi sú skoðun, að ekki væri rétt að byrja nú á virkjun Sogsins. Það hefir að vísu verið samþ. í bæjarstj. ýmislegt, sem benti til þess, að bæjarstj. vildi nú þegar láta hefja verkið, en það hefir alltaf tafizt einhvernveginn, þannig, að enn hefir ekkert orðið úr framkvæmdum, og er það mikið að kenna tómlæti Alþingis um að sinna þessu nauðsynjamáli, því að það er öllum þeim ljóst, sem nokkuð hafa kynnt sér þetta mál, að ríkissjóði stafar af því engin fjárhagsleg áhætta. Raforka er ein af þeim nauðsynjum, sem menn hvorki geta né vilja neita sér um og kaupa hana því alveg jöfnum höndum og þeir kaupa sér fæði og klæði. Þess vegna eru rafveitur, þar sem skynsamlega er til þeirra stofnað, taldar einhver þau öruggustu fyrirtæki, sem til eru.

Það er því þetta, sem gerir mér það alveg óskiljanlegt, að Alþingi skuli svo lengi hafa staðið á móti því, að Rvíkurbæ yrði veitt þessi heimild. Ég get þó

ekki verið svo ósanngjarn að viðurkenna ekki, að þessi tregða Alþingis er að nokkru leyti því að kenna, að í bæjarstj. hefir að undanförnu verið mikil andstaða gegn virkjun Sogsins. Ég ímynda mér, að ef bæjarstj. hefði með einbeittni ýtt undir málið, þá væri það nú lengra komið en nú er.

Það er út af þessu, sem nokkrir áhugasamir menn mynduðu félag til að reyna að flýta fyrir málinu og athuga, hvort ekki væri eitthvert seinlæti í þessum rannsóknum og hvort ekki mætti flýta fyrir málinu með því að finna nýjar leiðir. Það má segja, að starf þessa félags hafi orðið til þess, að fram kom tilboð um, að sérstöku félagi yrði veitt sérleyfi til virkjunarinnar og það seldi svo bænum rafmagn, svo sem hv. þdm. er kunnugt. En um það var bæjarstj. sammála, að þessu tilboði skyldi hafnað, enda er það öllum ljóst, að ef félag einstakra manna getur gert þetta, þá ætti það engu síður að vera arðvænlegt fyrir bæinn eða ríkið.

Málið er nú komið á þann rekspöl, að rafmagnsstjóri Rvíkur hefir farið til útlanda til þess að fá sérfræðinga til að dæma um áætlanir þær, sem hafa verið gerðar um virkjun Sogsins. Ég hefi heyrt undir væng, að þessar rannsóknir muni taka tíma, sem frá mínu leikmannssjónarmiði er afarlangur. Mér er sem sé sagt, að þessar rannsóknir muni standa yfir allt þetta ár. Þessir menn eiga að koma hingað í næstu viku, svo eiga þeir sennilega að fara á staðinn, athuga alla möguleika og öll tilboð, fara síðan með öll plöggin til sérfræðinga erlendis og leggja málið undir þeirra álit. Þetta allt hlýtur að taka svo langan tíma, að það er óskiljanlegt hverjum leikmanni, eftir allar þær rannsóknir, sem fram hafa farið um virkjun Sogsins. Mér virðist, að heimta verði af þessum sérfræðingum, að þeir skili álitinu strax. Ef ekki verður ýtt þannig á eftir málinu, getur rannsókin staðið yfir í ein 50 ár, því að það er alltaf hægt að fá sérfræðinga fyrir borgun til að gera nýjar og nýjar athuganir og rannsaka nýjar leiðir, og þær rannsóknir geta haldið áfram meðan bærinn eða ríkið fæst til að greiða fé fyrir þær. En ég tel fullvíst, að þeim mætti ljúka af á fáeinum mánuðum, ekki sízt þegar málið er nú þegar svo mikið rannsakað sem nú er orðið. Það ríkir sá ótti í huga mínum, að flokksmenn Sjálfstfl. í bæjarstj. hafi ekki svo mikinn áhuga fyrir því, að byrjað verði á þessu verki undir eins í sumar. Það er og kunnugt, að bæjarstjórnarkosningar eiga að fara fram næsta vetur, og verði ekki lokið við rannsóknina nú bráðlega, má búast við, að ekkert verði gert fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í janúar 1934. Þá er hægt að lifa á því við slíkar kosningar, að verið sé að rannsaka málið og hægt að fara að byrja. En síðan má slá málinu á frest, ef þeir fá meiri hl., sem ekki hafa áhuga fyrir virkjun Sogsins.

Það verður ekki um það deilt, að knýjandi nauðsyn er til að byrja á virkjuninni sem allra fyrst. Rvík er mikil þörf á rafmagni. Hér er mikill iðnaður og stórar verksmiðjur, sem þurfa mikið rafmagn, eins og t. d. sænska íshúsið, sem notar ekki raforku frá rafmagnsveitu Rvíkur, og t. d. hjá vélsmiðjunum er raforkan nú mjög dýr, og er það mjög tilfinnanlegt fyrir þær, þar sem þær þurfa svo mjög á raforku að halda. Það er því stórkostlegt tjón fyrir iðnaðinn í Rvík að geta ekki komið þessu máli í framkvæmd árinu fyrr.

Ég tek undir þau orð hv. 1. landsk., að þetta sé stærsta framfaramál suðvesturhluta landsins. En því þá ekki að taka svo á þessu máli nú, að við getum hafizt handa nú á þessu sumri? Ég veit, að það hefði mikla þýðingu fyrir framgang þessa máls, ef borgarstjóri, sem einnig er verkfræðingur, skýrði frá því, að ekkert væri því til fyrirstöðu að því er rannsóknirnar snertir, að hafizt væri handa nú á þessu sumri. Það hefði mjög mikla þýðingu fyrir málið.

Alþýðufl. hefir litið svo á bæði í bæjarstj. og á Alþingi, að virkjun Sogsins ætti að vera í höndum stærstu notendanna, og þá fyrst og fremst Rvíkur, en ef svo færi, að hin stóru bæjarfélög, Rvík og Hafnarfjörður, sæju sér það ekki fært, þá ætti ríkið að koma til skjalanna að virkja Sogið, og þá yrðu að gerast samningar um sölu orkunnar til þessara kaupstaða. Þess vegna hefi ég gert drög að brtt. við þetta frv. frekar en þær, sem

ræðir um á þskj. 242. Ég hefi ekki viljað bera þær fram enn, því að ég vildi fyrst vita, hvernig tekið yrði í málið við 2. umr. Þessar brtt. fara í þá átt, að stj. verði heimilað að byrja á virkjun Sogsins þegar á þessu sumri, t. d. 1. eða 15. júlí, ef bæjarstj. Rvíkur er þá ekki tilbúin að byrja á virkjuninni. Ég hefði þá viljað láta þessa heimild ríkinu til handa koma sem viðbótargr. eða nýjan kafla í frv.

Ég get ekki heldur skilið annað en að stj. ætti að vera annt um, að þetta mál gengi fram, og það sem fyrst. Þetta er, eins og áður hefir verið tekið fram, eitt hið mesta þjóðþrifamál, og þá ætti stj. ekki síður að vera umhugað, að byrjað væri á verkinu einmitt nú, vegna þess atvinnuleysis, sem nú er hér á landi. Yrði hafizt handa með virkjunina á þessu sumri, ætti stj. að sparast að leggja fram nokkuð af því fé, sem útlit er fyrir, að leggja verði fram til atvinnubótavinnu. Þetta tvennt mundi því vinnast: Meiri vinna fyrir verkalýðinn og sparnaður fyrir ríkið.

Ég hefði því viljað fá að heyra það t. d. frá hv. 1. landsk., að rannsókn málsins dragist ekki langt fram á þetta ár, svo að það verði ekki notað sem ástæða á móti þessari ábyrgðarheimild, að málið mætti eins bíða til næsta þings, því að Rvíkurbær verði ekki tilbúinn að byrja á verkinu á þessu ári.

Ég er hræddur um, að það, sem komið hefir fram í skrifum um þetta mál hjá rafmagnsstjóra Rvíkur, og jafnvel hv. 1. landsk. líka, spilli fyrir fljótum framgangi málsins, þar sem talað var um, að halda ætti áfram að virkja Elliðaárnar, en ekki byrja á virkjun Sogsins fyrr en eftir 10 ár. Þess hefir einnig verið getið í þessum skrifum, að rafmagnsveitan væri svo vel stæð fjárhagslega, að eftir þessi 10 ár yrði hún búin að greiða allar skuldir sínar og gæti þá ráðizt sjálf í þessa virkjun án ábyrgðar ríkisins. En þessi dráttur þýddi það, að Rvík yrði allan þennan tíma í sama rafmagnssvelti og hún er nú. Þetta þýddi það, að bæjarbúar og iðnaðarfyrirtæki gætu ekki átt von á að fá aukna raforku eða lækkun á rafmagnsverðinu.

Eins og ég tók fram áðan, álít ég þetta svo mikið stórmál, að það megi ekki dragast lengur að byrja á framkvæmd þess. En það er einhver tvískinnungur í þessu máli hjá ýmsum fulltrúum sjálfstæðismanna. Málinu hefir ekki verið fylgt fram með nógu mikilli einbeittni í bæjarstj. Rvíkur, sem mestra hagsmuna hefir að gæta í þessu máli.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Ed., 4. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 103, 242, n. 445 og 483, 536).

**Ingvar Pálmason:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara og tel rétt að gera grein fyrir honum. Það er nú svo ástatt, að leikmenn eiga erfitt með að átta sig á málinu, vegna þess að gögn þau, sem fyrir liggja, eru ekki sem skýrust. Fram að síðasta ári má segja, að ekki hafi legið fyrir hendi nema drög til áætlana, því að þau tilboð, sem fengizt hafa í ráðgerð mannvirki, hafa verið með fyrirvara; þeir, sem gerðu tilboðin, treystu sér ekki til þess að byggja föst tilboð á þeim grundvelli, sem hinar fyrirliggjandi áætlanir og rannsóknir sköpuðu. Fyrir skemmstu var enn stofnað til rannsóknar að tilhlutun félags í Reykjavík. En víst er það, að þessi rannsókn kemst að allt annari niðurstöðu en þeirri, er áður hafði yfirhöndina. Þar er bent á, að kostnaðaráætlunin geti verið miklu lægri, svo munar næstum helmingi. Það er örðugt fyrir leikmenn að dæma um þessi gögn, sem nú liggja fyrir. En frá mínu leikmannssjónarmiði er þessi rannsókn og niðurstöður hennar miklu aðgengilegri en hinar fyrri. Auðvitað geta verið tekniskir gallar á henni; þó fer því fjarri, að ég haldi því fram, enda er ég ekki fær um að dæma um slíkt. En ég segi fyrir mitt leyti, að þessi síðasta rannsókn er miklu aðgengilegri til þess að skapa sér skoðun um málið. Hv. 1. landsk. lýsti gangi málsins frá byrjun við umr. hér í gær. En ég gat ekki skilið annað á ræðu hans en að málið væri ekki enn að fullu rannsakað. En þegar nú þeir, sem fylgja málinu af kappi, og eins þeir, sem andmæla því, eru sammála um, að málið sé ekki nógu vel undirbúið, þá er ekki sjá-

anleg ástæða fyrir ríki og þing að taka endanlega afstöðu til þessarar ábyrgðarheimildar, sem fram á er farið, sérstaklega þegar litið er á, að þessi ábyrgð er miklu hærri en hún þarf að vera. Reyndar hefir verið sagt, að vel mætti treysta hæstv. stjórn til þess að gæta hagsmuna ríkissjóðs og veita ekki hærri ábyrgð en nauðsyn krefur. En fyrst og fremst er það athugavert, að Alþingi það, er nú situr, telur að gæta þurfi allrar varúðar í fjármálum, og því varhugavert að veita ábyrgðarheimild þessa, þegar samtímis liggja fyrir þinginu ýms nauðsynjamál annara héraða á landinu, og erfitt virðist að fá þeim framgengt. Þess vegna er það ósamrímanlegt að veita heimild fyrir miklu hærri upphæð en nota þarf. Það verður máske sagt, að óhætt sé að treysta stj. til þess að gæta hagsmuna ríkissjóðs. En eins og ástatt er nú, er ég ekki viss um, að þessi stjórn sitji svo lengi, að það verði hún, sem tekst á hendur þessa ábyrgð. Ég ber sjálfur fullt traust til hæstv. stj., en hinsvegar hefi ég enga löngun til þess að leiða hana í freistni. Mér sýnist nú, að ekki muni verða unnið að málinu í ár, eftir öllu útliti að dæma. Það upplýstist og í gær, að bæjarráðið hefir fengið 2 erlenda verkfræðinga til þess að samræma og vinna úr athugunum þeim, sem gerðar hafa verið, og framkvæma sjálfir nýjar. Það virðist því vera nægur tími til þess að athuga málið í heild og fyrir næsta Alþingi að taka fulla ákvörðun. Ég vil nú nota tækifærið og minnast á það, að hv. 1. landsk. sveigir að því í nál. sínu og ræðu sinni í gær, að meiri hl. fjhn. hafi sýnt málinu megna andúð. Ég býst við, að hann meini þetta til Framsfl. í heild. Mér þykir tilhlýðilegt að minnast á það atriði, sem talið hefir verið til ávirðingar, og það er þegar málið var stöðvað á þingi 1931. Þetta þótti ganga landráðum næst. Ég ætla samt ekki að fjölyrða um það, því að það var óspart notað í kosningunum þá um sumarið, og ég býst frekast við, að nú sé farið að dofna yfir því, og í þær kulnuðu glæður vil ég ekki skara. Það var minnzt á, að þessi síðustu 2 ár hefði Framsfl. ekkert gert fyrir málið. En hvað hafa hinir flokkarnir gert? (**JónÞ:** Flutt málið á hverju þingi). Já, það er alveg rétt, en það hefir nálgazt að berja höfðinu við stein. Mér hefir verið tjáð, að bæjarstj. Rvíkur hafi ekki gert nema að jagast um málið á fundum. Þó er, eftir blöðunum í bænum í vetur að dæma, útlit fyrir, að heldur dragi saman. En að öðru leyti fæ ég ekki séð, að bæjarstj. hafi gert neitt sérstakt til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Hefði verið samkomulag um málið hjá bæjarstj., þá væri það nú betur undirbúið. En hvers vegna hafa þeir fengið 2 erlenda verkfræðinga? Er það ekki vegna þess, að í einhverju er ábótavant? Hvers vegna er ekki lokið undirbúningi málsins á þeim tveimur árum, síðan málið varð kappsmál á þingi? Hv. 2. landsk. nefndi, að ósamkomulag mundi valda því. Það finnst mér mjög sennilegt. Þegar nú bæjarstj. Rvíkur er ekki enn búin að koma sér saman um málið, þá er ekkert glapræði, þó þm. utan af landi, sem enga sérþekkingu hafa í þessu máli, vilji ekki stuðla að því, að þessi ábyrgðarheimild sé veitt. Þeir, sem mest þykjast hafa barizt fyrir málinu, hafa í engu unnið því meira gagn en við hinir. Ég vil minna á það, að þó rétt kunni að vera, að þetta snerti fleiri héruð en Rvík og þá, sem þar búa, þá hlýtur málið alltaf fyrst og fremst að vera mál Rvíkur. (**JBald:** Það er eðlilegt, íbúar Rvíkur eru 30 þús.). Einmitt vegna þess. Þó þörfin þar sé rík og þó að Rvík sé sá þáttur, sem einna mest ber fyrirtækið uppi, þá tel ég rétt að stofnsetja það þannig, að fleiri geti komið til að njóta góðs af því í framtíðinni. Út af þessu, sem fyrirrætlanirnar og rannsóknirnar greinir á um, nefnil. að hve miklu leyti eigi að virkja og hvað mikið það eigi að kosta, og af því að allt til þessa hafa verið skiptar skoðanir um málið innan bæjarstj. Rvíkur, hvernig framkvæma eigi virkjunina, svo hún komi að sem fullkomnustum notum fyrir alla þá, sem til greina geta komið, þá sé ég ekki betur en að réttmætt og réttast sé fyrir Alþingi að taka ekki fullnaðarákvörðun, heldur vænta þess, að rannsóknum verði lokið á þessu ári og að bæjarstj. komi sér saman um þau atriði, sem enn kunna að vera óútkljáð. En ég tel það fremur óheillavænlegt fyrir fyrirtækið, ef bæj-

arstj. er klofin um það strax frá byrjun. Ég leyfi mér því að afhenda hæstv. forseta svo hljóðandi rökst. dagskrá:

**Þar sem niðurstöðum þeirra rannsókna og kostnaðaráætlana, sem fyrir liggja um virkjun Sogsins, ber svo mjög á milli, að munar fleiri milljónum króna, og þar sem enn virðist nokkur ágreiningur innan bæjarstjórnar Reykjavíkur um lausn þessa nauðsynjamáls bæjarins, þá telur deildin ekki tímabært, að Alþingi taki endanlega ákvörðun um mál þetta, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.**

Ég skal játa það, að þegar málið var til meðferðar í n., þá var ég í nokkrum efa um það, hvort ég mundi leggja þessa afgreiðslu til. Þó hygg ég, að nefndarmönnum hafi ekki verið ókunnugt um það, að ég hneigðist mjög að þessari stefnu. En það, sem gerði það að verkum, að ég var þá í nokkrum efa um að taka þessa niðurstöðu, var það, hvort það væri væntanlegt, að eitthvað yrði byrjað á verkinu á þessu ári. Ég taldi, að ef málið væri þannig undirbúið, að hafizt skyldi handa á þessu ári, þá væri varhugavert að afgr. málið á þann hátt, sem hér er lagt til. En eftir að bæjarráð Rvíkur hafði tekið þá ákvörðun að fá 2 útlenda verkfræðinga til að rannsaka málið og sennilega gera endanlegar till. um lausn þess, þá þóttist ég sannfærður um það, að á þessu ári yrði ekki að neinu leyti hafizt handa. Þá sé ég ekki betur en að þessi afgreiðsla sé að öllu leyti sú hagkvæmasta fyrir málið, því að ég tel mjög mikilsvert, að þegar málið er afgreitt frá Alþingi, þá verði það afgreitt þannig, að sem flestir aðilar verði ásáttir um það. Ég tel mjög varhugavert að afgr. jafnstórt mál og þetta á þann hátt, að það valdi mjög miklum ágreiningi bæði innan Alþ. og ekki síður innan Reykjavíkurbæjar. Hvernig sem hv. 1. landsk. og aðstandendur þessa máls líta á aðstöðu mína í þessu máli, þá er það sannfæring mín, að ég með þessari till. vinni málinu það eina gagn, sem hægt er að vinna því á þessu stigi.

Ég býst ekki við, að ég hafi ástæðu til að segja meira um þetta mál. Það má vel vera, að dagskrártill., mín valdi einhverjum umr., en ég geri ekki ráð fyrir, að langar umr. um málið skýri það mikið. Ég mun því afhenda hæstv. forseta þessa dagskrártill. mína. En verði hún felld, geri ég ráð fyrir, að ég fylgi till. meðnm. míns, hv. 5. landsk., þó ég í raun og veru sé alls ekki ánægður með þá lausn málsins.

**Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Ég var að hinkra við eftir því, að hv. frsm. meiri hl. tæki til máls, en úr því að hann finnur ekki ástæðu til þess, þá vildi ég gjarnan segja nokkur orð.

Ég þarf í raun og veru ekki mikið að segja út af ræðu hv. 2. landsk. Hann veit það ákaflega vel, að okkur skilur ekkert á í þessu máli. En það hefir nú verið svo, að flokkur hans hér í bænum hefir verið að reyna að nota þetta mál til þess að hafa eitthvað til að tala um fyrir kosningar. Sömuleiðis hefir hann verið að reyna að láta líta svo út, sem einhver skoðanamunur væri um málið, og hv. 2. landsk. þarf nú náttúrlega að reyna að halda uppi skildi fyrir flokksbræður sína í bænum hér í deildinni, sem tilraun til þess eingöngu að halda áfram samskonar tali hér.

En þó ég vilji nú ekki svara fyrir afstöðu hvers einstaks borgara í bænum að því er snertir þetta eða önnur mál, þá stend ég við það, sem ég sagði, að hv. 2. landsk. veit, að okkur skilur ekkert á um þetta mál, nema þá þegar til þess kemur, er hann segir, að hann sé í undirbúningi með nýjar till. í málinu, sem sé þær, að framkvæmd verði ríkisvirkjun á Soginu. Þar greinir okkur á, og þetta atriði hefir sérstaklega verið rætt nýlega í bæjarstj. Rvíkur, því að það var einn af flokksbræðrum hv. 2. landsk. sem hreyfði þar samskonar till., en við þær umr. kom það allgreinilega í ljós, að bæjarstj. Rvíkur óskar ekki eftir því, að neinn annar en bæjarfélagið verði eigandi að þeim hluta Sogsvirkjunarinnar, sem Rvíkurbær þarf að nota handa sjálfum sér. Bæjarstj. vill gjarnan ganga inn á að vera í samlögum við ríkið með þessa virkjun, þannig að ríkið sé eigandi að þeim hluta virkjunarinnar, sem aðrir en Rvíkingar þurfa að nota sér. En því er haldið föstu, að Rvíkurbær vilji eiga sinn hluta í virkj-

uninni. Og bæjarstj. vill heldur ekki ganga inn á, að ríkið sé eigandi þess hluta, svo ef hv. 2. landsk. er að undirbúa till. í þessa átt, þá er hann kominn inn á nýjan grundvöll, sem ég get ekki fylgt honum á, og flokksbræður hans í bæjarstj. mundu fylgja honum mjög nauðugir, ef þeir þá fengjust til þess. Hv. 2. landsk. vék annars mest að því í ræðu sinni, hverjar horfur mundu verða fyrir því, að hægt væri að byrja á framkvæmd þessa verks á yfirstandandi ári. Ég get í sjálfu sér ekki meira um það vitað en aðrir. Það var held ég nokkurnveginn samhuga álit bæjarstj., að eftir þennan útúrdúr, sem „h/f Sogsvirkjun" gerði í málinu, að það hefði ekki haft neina aðra þýðingu en að tefja það a. m. k. um eitt ár, þá var ekki annars kostur en að láta fara fram nýja fullnaðarrannsókn.

Það var komið töluvert kapp í málið frá hálfu þeirra manna, sem stóðu að „h/f Sogsvirkjun", og þessarar keppni kennir hér í þinginu, þar sem hér finnast í d. þm., sem vilja ganga það langt í erindrekstri fyrir þetta frv., að vilja kasta burt öllum uppástungum þessa frv. um að gera Sogsvirkjunina nothæfa fyrir aðra en Reykvíkinga. Þegar svona mikið kapp er komið í málið, og það frá hálfu þeirra manna, sem maður sízt skyldi ætla, að væru forvígismenn að því að útiloka aðra landshluta frá eðlilegri aðstöðu þeirra, þá er ekki að undra, þó að verið sé að taka málið upp til úrskurðar af nýju. Þetta hefir bæjarstj. Rvíkur séð, og varð sammála um það, að ekki yrði hjá þessu komizt. Fyrir mitt leyti álít ég þó ekki, að þessi nýja rannsókn hafi verið nauðsynleg vegna þess, að hinum **tekniska** undirbúningi málsins hafi verið svo áfátt, en sú nauðsyn var vegna þess, að þennan útúrdúr, sem upp hefir komið í málinu, er ekki hægt að kveða niður með öðru móti.

Ég hefi engin tök á því að gefa hv. 2. landsk. að svo komnu nokkrar upplýsingar um það, hve langan tíma þessir verkfræðingar þurfa til að sinna verkinu. Ég get ímyndað mér, að þeim sjálfum sé það ekki ljóst fyrr en eftir að þeir eru komnir hingað og búnir að athuga alla staðhætti. Ég get ekki búizt við, að þeir geti sagt um það fyrr, og því síður get ég sagt um það á þessu stigi málsins. En ég vil taka það fram, að mér er það alveg eins ljóst eins og honum, hversu æskilegt það væri, ef unnt væri nú að byrja á stórvirkjun sem þessari, meðan stendur yfir sú mikla kreppa og það atvinnuleysi, sem nú ber svo mikið á hér. Mér er þetta alveg eins ljóst og honum, en vilji hann sakast um það, að málið er ekki tilbúið til þessa, þá má hann ekki saka neina aðra um það en þá, sem hafa beint þessu máli út á þá gönubraut, sem tekur tíma að hverfa frá aftur.

Hv. 2. þm. S.-M., formanni þeirrar n., sem málið hafði til meðferðar, get ég sagt það, að náttúrlega verð ég að viðurkenna, að að forminu til hefir hann rétt fyrir sér, að undirbúningi málsins er ekki lokið. Og ég get ekki annað en viðurkennt, að þetta gefur honum átyllu — en ekki ástæðu — til þess að bera fram frestunartill. sína.

Hv. þm. sagði það sjálfur, og lagði allmikla áherzlu á, að sem leikmaður treysti hann sér ekki til þess að dæma um ýms atriði þessa máls. En það er nú svo, að jafnvel þó að þetta mál hafi sína verklegu hlið, þá eru aðrar hliðar málsins, sem verður að krefjast af hv. þm., að þeir geri sjálfa sig dómbæra um. Og það, sem fyrst og fremst verður að krefjast af hv. þm., og það öllum jafnt, er, að þeir geri sig dómbæra um það, hvort þeir vilji styðja það mál, sem flutt er hér í öllum greinum þessa frv., nema 2. gr., að sú virkjun, sem ráðizt verður í með ríkisábyrgð, verði gerð þannig, bæði að því er snertir verklegan grundvöll og fjárhagslegan grundvöll, að héruðin á Suðvesturlandi fái aðstöðu til að njóta hennar til jafns við Rvík. Þetta er stjórnmálaatriði og undirstöðuatriði í þessu máli, sem enginn þm. getur komizt hjá að gera sér grein fyrir.

Það, sem er það sorglegasta í mínum augum við undirtektirnar undir þetta mál í n., er það, að meiri hl. hennar vill fleygja alveg í burt úr frv. öllum þeim ákvæðum, sem að því lúta að gera héruðunum utan Reykjavíkur hagstætt að nota þessa virkjun. Hér er ekki að tala um neitt tekniskt vandamál, þegar honum er sagt, að það þurfi 60 þús. v.

spennu, en sú virkjun, sem þeir binda sig við, á ekki að hafa nema 35 þús. v. spennu. Þá er það nú á dögum ekki neitt sérfræðilegt atriði, að það er ekki hægt að komast af með svo lága spennu fyrir hin fjarlægu héruð, svo þau yrðu alveg útilokuð frá því að geta notið þessa. Ég veit ekki, hvaða skilning ég á að leggja í afstöðu þessara tveggja nm. Mér er hún svo alveg óskiljanleg.

Hv. 2. þm. S.-M. fann ástæðu til þess, eftir að hann hafði lýst því, hvað mikið sig skorti til þess að geta dæmt um þetta mál, að fara að gera upp á milli þeirra uppástungna um virkjun Sogsins, sem fyrir liggja, og það var þá þannig, að hann taldi frá sínu sjónarmiði, að sú síðari væri aðgengilegust og álitlegust. En ég var búinn að gera grein fyrir því, að þessi uppástunga er svo lítilfjörleg að öllu leyti, að þó að hún kannske gæti skilað nokkru rafmagni til Rvíkur, þá er alveg útilokað, að almenn þátttaka landshlutanna geti verið á henni byggð. Það þarf enga tekniska sérþekkingu til þess að skilja, að þetta er svona. Það þarf aðeins að líta á það, sem fram er tekið, og engum dettur í hug að mótmæla, að það er þessi munur á uppástungunum. Hv. þm. fór svo að reyna að finna þessu stoð með einskonar orðaleik. Hann sagðist ekki sjá neina ástæðu til að búa fyrirtækið svo út í byrjun, að öll héruð, sem talin eru upp í grg. við frv., gætu notfært sér það, en aðeins að sjá um, að enginn möguleiki sé útilokaður. En þetta er ekki annað en að segja sitt í hvoru orðinu.

Það er ekki hægt að búa orkuver út svo, að möguleikar fyrir fjarlægari héruð til að nota það séu ekki útilokaðir, nema að það sé búið svo út í byrjun, að fjarlægari héruðin geti notað það.

En að öðru leyti en þessu, sem ég nú hefi sagt, get ég vottað hv. 2. þm. S.-M. það, að hann hefir í raun og veru í n. tekið vinsamlega á þessu máli nú. En hann á aðeins eftir að stíga síðasta sporið, og það er að fá sig til að veita stj. þá heimild, sem nú er nauðsynleg til þess að fullnaðarundirbúningur á þessu máli komist í kring. Þá meina ég ekki aðeins verklegan undirbúning, heldur einnig fjárhagslegan fullnaðarundirbúning, þ. e. a. s. að útvega tilboð um fé til þess að framkvæma fyrirtækið. Það eru ekki líkur til, að það sé unnt að ganga frá undirbúningi á fjárhagshlið málsins fyrr en stj. er búin að fá heimild til þess að veita ábyrgð. Ég get ekki annað en óttast, að eins árs bið á veitingu ábyrgðarheimildar muni geta kostað eins árs bið á framkvæmd málsins.

Það er nú mismunandi, hvað fljótt og greiðlega gengur að útvega fé til stórfyrirtækja, jafnvel eftir að öll skilyrði eru fyrir hendi. Og enginn getur ábyrgzt, að ef ábyrgðarheimildin verður ekki veitt fyrr en seint á næsta þingi, við skulum segja í apríl eða maí næsta ár, að sú fjárútvegun gangi svo fljótt, að fært þyki að ráðast í framkvæmd fyrirtækisins á næsta sumri. Tíminn getur auðveldlega verið hlaupinn frá manni, þegar það er komið í kring að útvega féð, þannig að óhætt þyki að byrja. Ég er ekki að spá því, að svona muni fara, en bendi aðeins á það, að þetta getur auðveldlega kostað eins árs drátt á málinu, en ég yrði að telja það ákaflega óhentugt og mjög fjarri því að vera nokkur velgerningur við þetta mál og þjóðina í heild, eins og hv. 2. þm. S.-M. vildi vera láta, ef tækist að draga þetta mál svo, að hinar verklegu framkvæmdir koma ekki niður á þau atvinnuleysis- og kreppuár, sem nú ganga yfir, heldur kannske á næsta uppgangstímabil, þegar ekki er sérstök þörf á slíkri aukningu á atvinnu í landinu, og atvinnuvegunum kannske ekki neinn búbætir, að hún fari þá fram, en það er mögulegt, að þessi áframhaldandi dráttur verði til þess.

Það, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði um ágreining þessa máls innan bæjarstj. Rvíkur, þarf ekki að fara út í. Ágreiningur um þetta mál er enginn innan bæjstj. Rvíkur, ef málið er tekið sem heild. Það getur verið, að ágreiningur sé um annað eins aukaatriði og það, hvort eigi að bæta við 2—3 þús. hestafla vélasamstæðu við stöðina við Elliðaárnar áður en byrjað er á virkjun Sogsins, eða hvort á að bíða eftir, að lokið verði virkjun Sogsins, en það er algert aukaatriði í þessu máli. Hitt er öllum ljóst, að þar sem búið er að gera mikil mannvirki til undirbúnings þessari virkjun, þá verður

vélasamstæða við Elliðaárnar sett upp fyrr eða síðar. En það dregur ekki á nokkurn hátt úr nauðsyn Sogsvirkjunarinnar, því að þegar hún er komin á, verður þetta fyrst og fremst og aðallega varastöð við hliðina á Sogsstöðinni.

Ég vil svo að endingu aðeins leiða lítilsháttar rök að því, að sú hámarksupphæð fyrir ábyrgðinni, sem farið er fram á í frv., er ekki hærri en það, sem nú á yfirstandandi þingi alveg hiklaust er verið að veita öðrum landshlutum í samsvarandi tilgangi.

Ég sé í fjárlagafrv. eins og það nú liggur fyrir, að stungið er upp á heimild fyrir stj. að ábyrgjast allt að 600 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafmagnsvirkjunar, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstj. tekur gildar. Þetta er hærri upphæð á mann, sem njóta þeirrar virkjunar, en 7 millj. eru á hvern mann, sem á að njóta Sogsvirkjunarinnar. Og það er þar að auki sá munur á, að hér í Rvík er fyrir blómlegt fyrirtæki í þessari grein, sem er búið að finna upp mikið af þeim markaði, sem á að bera virkjunina uppi.

Ég gæti nefnt fleiri dæmi, en ég mun láta þetta eina dæmi nægja til viðbótar því, sem áður hefir verið sagt um það, að það, sem hér er farið fram á, felur ekki í sér neina áhættu fyrir ríkissjóð og fer ekki að neinu leyti fram úr því, sem eðlilegt þykir, þegar verið er að ræða um samsvarandi ábyrgð fyrir aðra.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil víkja því að hv. 2. þm. S.-M., sem nú vill vísa þessu máli frá, að þó að samþ. verði frv., þá er ríkisstj. veitt margvísleg heimild í ákvæðum frv. til þess að hafa hönd í bagga með undirbúningi málsins áður en virkjunin kemur til framkvæmda. T. d. í 2. gr. frv. er sagt, að senda skuli atvmrn. frumdrætti að þessu fyrirhugaða mannvirki. Þá getur ráðh. krafizt breytinga eftir því, sem honum kann að þykja nauðsyn.

Í öðru lagi er svo fyrir mælt í 4. gr., að samþykki fjmrh. þurfi um lánskjörin, svo að þessi ábyrgð, þó að samþ. yrði, er að miklu leyti lögð í hendur stj. til ákvörðunar. Þeir, sem svo trúa og treysta stj., sem ég þykist vita, að hv. 2. þm. S.-M. muni gera, ættu að geta samþ. þessa ábyrgðarheimild. Þó að þeir hafi ekki trú á samlyndinu í bæjarstj. Rvíkur, þá ættu þeir að trúa því, að ríkisstj. færi þannig með þá heimild, sem frv. veitir henni, að það verði ekki til skaða fyrir landið.

Í sambandi við það, að þetta sé fjárhagsleg áhætta fyrir ríkissjóð, vil ég benda á, að sennilega hefir aldrei verið hugsað til, að ríkissjóður tæki á sig ábyrgð fyrir nokkurt fyrirtæki eða hérað á landinu, sem er áhættuminna en að taka á sig ábyrgð á láni til Sogsvirkjunarinnar. Sala á raforku til kaupstaðanna og sjávarþorpanna við Faxaflóa er grundvöllurinn undir fjárhagslegri afkomu fyrirtækisins, en sú sala er tryggð hjá hinum mikla mannfjölda í kaupstöðum og kauptúnum á þessu svæði, vegna þess, að alstaðar vantar raforku.

Það var réttilega tekið fram hjá hv. 1. landsk., að á hverju þingi undanfarið hafa verið samþ. ábyrgðir í þessu skyni handa einstökum landshlutum, ábyrgðir, sem eru hlutfallslega hærri en sú, sem hér er farið fram á, og hv. þm. hefir verið ljóst, að væru stundum ekki alveg áhættulausar, þótt rétt hafi þótt að veita þær, til að lyfta undir afkomu einstakra héraða. Þetta er því í fyllsta máta öruggt rekstrarfyrirtæki.

Ég hefi ekki orðið þess var, að hæstv. fjmrh. eða atvmrh. hafi látið til sín heyra í þessu máli. Verður því að líta svo á, að þeir séu málinu samþykkir, því ef þeir teldu það skaðlegt, hefðu þeir án efa varað við að samþ. það. En ég hefði nú vænt þess, að þeir hefðu sjálfra sín vegna sýnt sig hér og heimtað af þinginu, að það samþykkti frv. til að koma í framkvæmd þeirri miklu atvinnuaukningu, sem af því leiðir, innan mjög skamms tíma.

Það leiðir af sjálfu sér, að ég get hvorki fylgt dagskrá hv. 2. þm. S.-M. né heldur brtt. hv. 5. landsk., þar sem ég fylgi frv. eins og það er með þeim litlu breyt., sem ég hefi drepið á. En ég vil beina því til hv. 2. þm. S.-M., að á því getur orðið löng bið, að allir innan bæjarstj. og þings komi sér saman um öll atriði slíks máls. Málið getur verið jafngott og þinginu jafnskylt að samþ. það, þótt 2—3 menn í bæjarstj. kynnu að vera á móti því.

Þá vil ég snúa mér að hv. 1. landsk. Hann sagði, að okkur greindi ekki á í

málinu, en vítti hinsvegar Alþfl. fyrir að hafa notað sér málið fyrir kosningar. Það er satt, að Alþfl. hefir vakið athygli á málinu og haldið því vakandi. Þetta mál hefir annars verið meira og minna á döfinni síðan Elliðaárstöðin var byggð, og allir vonað, að sem skemmst liði, þangað til Sogsvirkjunin kæmist í framkvæmd. En flokkur hv. 1. landsk. í bæjarstj. hefir tafið málið um mörg ár. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem áður hefir verið sagt hér um allar þær ófullnægjandi rannsóknir, er vafalaust hafa kostað hundruð þús., sem fram hafa farið án þess að niðurstaða hafi fengizt um, hvar ætti helzt að virkja Sogið, þótt þrjár eða fjórar áætlanir liggi fyrir. Nú, er bæjarstj. Rvíkur hefir komið sér saman um málið, þarf enn að láta erlenda sérfræðinga taka þetta til athugunar. Þetta sýnir vanrækslu meiri hl. bæjarstj. í málinu. Þegar send var nefnd til Stokkhólms til að útvega fé til fyrirtækisins, þóttu áætlanirnar svo athugunarverðar, að ekki fékkst ákveðið tilboð að öllu leyti. Það er alkunna, að fyrrv. borgarstjóri var virkjuninni andvígur, og bæði hv. 1. landsk. sjálfur og rafmagnsstjórinn í Rvík hafa sagt í ritum sínum, að bezt væri að virkja Elliðaárnar fyrst og geyma Sogsvirkjunina þangað til 1941. Þessi andi er ekki kveðinn niður enn, því að hv. 1. landsk. sagði áðan, að ágreiningur væri um það, hvort virkja skyldi 2000 hestöfl í Elliðaánum fyrir eða eftir Sogsvirkjunina. Þessi andi í málinu hefir tafið fyrir og gerir það enn, af því að hv. 1. landsk. getur ekki lýst yfir, að nú sé málinu svo komið, að hægt sé að hefjast handa þegar á næsta sumri. — Af þessu er það ljóst, að það er ekki að ófyrirsynju, að Alþýðufl. hefir haldið málinu vakandi í Rvík.

Hv. 1. landsk. hnýtti í menn, sem viljað hafa reyna aðrar leiðir í málinu, og þá einkum þann mann, er ötulast hefir barizt fyrir þessu máli, Sigurð Jónasson. En sú viðleitni ber aðeins vott um áhuga fyrir málinu og um óþolinmæðina hér í bænum og rökstudda vantrú á því, að Sjálfstfl. í bæjarstj. væri nokkur alvara með að hefja virkjun.

Hv. 1. landsk. kvaðst ekki geta fallizt á till. mínar, enda væri ég þar að fara inn á aðra braut í málinu. Þetta er misskilningur. Það hefir ávallt verið skoðun Alþfl., að ríkið **eða** bærinn eða ríkið **og** bærinn tækju þessa virkjun að sér. Ég vil, að Rvík sjálf standi fyrst og fremst fyrir virkjuninni, en ef bæjarstj. vill ekki leggja út í hana á næstá sumri, sé heimild fyrir stj. að hefjast handa. Hér er því ekki um það að ræða, að fella niður neina heimild handa Rvík. Ég vil krefjast þess, að rannsókn verði hraðað svo, að hægt sé að byrja á vegalagningu til undirbúnings þegar í sumar. Á þann hátt væri hægt að útvega nokkra aukna atvinnu, og það kæmi sér vel á þessum erfiðu tímum. Ég vil ekki gefa verkfræðingunum ótakmarkaðan tíma til þessara rannsókna. Þær gætu tekið 50 ár, ef þeir væru látnir sjálfráðir, eða jafnvel staðið endalaust.

Andstaða hv. 1. landsk. gegn brtt. mínum hlýtur því að vera á misskilningi byggð, eða þá á því, að hann er sér þess meðvitandi, að dráttur verði á málinu hjá bæjarstj., eða meiri hl. hennar. En þá er það ekki mér að kenna, þótt Rvík noti sér ekki heimildina. Ef hv. 1. landsk. getur ekki lýst yfir því, að bæjarstj. sé reiðubúin að hefjast handa þegar að lokinni rannsókn, sem verði hraðað sem unnt er, þá er það að gefa dagskrá hv. 2. þm. S.-M. vind í seglin og öðrum þeim mótbárum, sem færðar hafa verið gegn þessu sjálfsagða máli.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Ég sagði við 1. umr., að ég vonaðist eftir, að þetta mál fengi góða afgreiðslu hér á þingi, þar sem fullt samkomulag hefir orðið um það milli sócíalista og sjálfstæðismanna í bæjarstj. Rvíkur. En eftir nál. meiri hl. að dæma ríkir enn sami andi í þeim herbúðum og 1931. Mér fannst það ekki fjarri sanni, er hv. 2. þm. S.-M. sagði, að Rvík hefði ekki gert annað með því að flytja frv. ár eftir ár en að berja höfðinu við steininn. Það kom ljóst fram í ræðu hv. 2. þm. S.-M. og nál. meiri hl., að þessi steinn er andúð Framsfl. Eftir skoðun hv. 2. þm. S.-M. á ekki að hefjast handa í málinu fyrr en allir eru orðnir sammála, bæði í bæjarstj. og á þingi. Eigi að taka þetta bókstaflega, er þetta sama og að segja, að málið eigi eða geti dregizt um

aldur og æfi. Ég vona því, að þetta hafi ekki verið meining hv. 2. þm. S.-M.

Hv. þm. bar brigður á það, að héruðin utan Rvíkur væru fær um að taka á móti rafmagninu, ef fullkomin virkjun væri hafin. En sannleikurinn er sá, að virkjunin er ekki fyrst og fremst nauðsynleg vegna Rvíkur. Rvík kemst af með það rafmagn, er hún nú hefir, og það er margfalt ódýrara en í Hafnarfirði og verstöðvunum syðra, sem ég veit, að þessi hv. þm. er mér sammála um að hafa fulla þörf á ódýrara rafmagni, bæði til ljósa og smáiðnaðar. Ég vil því minna þá, sem kann að vera eitthvað í nöp við Rvík, á, að virkjunarinnar njóta fyrst og fremst aðrir en Rvíkingar, menn, sem nú verða að greiða meira fyrir rafmagn en þeir. Það hefir verið tekið fram af hv. 1. landsk., að sá undirbúningur, sem þarf til að veita rafmagninu utan Rvíkur, kostaði hærri spennu og þyrfti að gerast strax og virkjunin hefst og því sé fé til þess áætlað í frv.

Hv. 2. þm. S.-M. talaði um, að hann myndi hafa gert málinu greiða 1931. Ég held nú, að hann hafi fremur gert því stóran ógreiða. Hefði lánsheimildin verið veitt þá, væri byrjað á framkvæmdum nú og stórum minna atvinnuleysi en nú er. Sökum þess, að lánsheimildina vantaði, hefir ekki verið hægt að undirbúa málið. Bæjarstj. hefir vantreyst því að fá ríkisábyrgð, og það hefir lamað allar framkvæmdir.

Hv. 2. landsk. hefir greinilega sýnt fram á, og því ekki verið mótmælt, að þetta væri ekkert fjárhættuspil. Enda kemur það skýrt fram í öðrum undirbúningi málsins. Ég á hér við Sogsfélagið. Ég trúi því ekki, að það félag hafi ætlað að ráðast í virkjunina af tómum mannkærleika, heldur hreint og beint af því, að hún er gróðafyrirtæki.

Ég vona, að nægilega margir hv. þm. hafi þegar gert sér ljósa nauðsyn þessa máls fyrir Rvík og aðra landshluta og ríkissjóð í heild, og það fái góða og greiða afgreiðslu þegar á þessu þingi.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég á bágt með að halda, að hv. 2. landsk. trúi því í raun og veru, að nokkur fyrirstaða sé á því í bæjarstj. Rvíkur að snúa sér að Sogsvirkjuninni, ef það er framkvæmanlegt. Hann er þá víst sá eini, sem efast um það. Það er líka alveg rangt hjá hv. þm., að það hafi verið af vantrú á það, að meiri hl. bæjarstj. væri málinu hlynntur, að Sigurður Jónasson vildi hefjast handa um einkavirkjun. Ástæðurnar voru allt aðrar, m. a. sú, að Sigurð Jónasson brast þolinmæði til að bíða eftir ríkisábyrgð, og ef til vill sú, að honum hefir þótt fyrirtækið gróðavænlegt. En vonin um ríkisstyrk brást á þinginu 1931, og það olli því, að hann tók þetta til bragðs. Ég veit, að fyrst og fremst Sigurður Jónasson getur fullvissað hv. 2. landsk. um þetta, ef hann bara spyr hann um það. Þetta mál er þannig vaxið, að það var samþ. 1929 í bæjarstj. að ráðast í Sogsvirkjunina, og það undirbúið og verkið boðið út. Tilboð kom og var borið upp í bæjarstj. í lok ársins 1930, en það var þannig, að ekki þótti aðgengilegt meiri hl. bæjarstj., og það var fellt. En það var ekki af því, að sá meiri hl. í bæjarstj. væri þá orðinn andvígur Sogsvirkjuninni. Hann áleit, að ef hægt væri að fá ríkisábyrgð og tryggja fé til verksins, myndi hægt að komast að betri kjörum en með þeirri aðferð, sem hv. þm. skýrði hér frá í gær, nefnil. að bundið var saman framkvæmd verksins og fjárútvegun til þess. En svo fór það þannig, að þegar leitað var eftir ábyrgð til þingsins, var neitað um hana. Það er líka algerlega ástæðulaust hjá hv. þm., þegar hann gefur það í skyn, að bæjarstj. muni draga framkvæmdina af ásettu ráði, þótt ábyrgðin verði veitt nú, og því muni vera nauðsynlegt að setja ákvæði um það í frv., að ef bæjarstj. hefji ekki framkvæmdirnar innan viss tíma, þá skuli ríkið gera það. Bæjarstj. gerir það, þegar fært er. — Það er ástæðulaust að ræða um þær till., sem hann drap á í ræðu sinni í gær, að hann myndi bera fram hér á síðara stigi þessa máls. Það gefst tækifæri til þess, þegar þær koma fram. En ég get fullvissað hv. þm. um, að það eru alveg sömu ástæður, sem kynnu að geta orðið til þess að hindra framkvæmdir bæjarstj. á komanda sumri, sem myndu hindra það, að ríkisstj. gæti hafizt handa í sumar. En það er nógur tími til að ræða þetta, þegar hv. þm. kemur fram með till. sínar. Ég sé ekki ástæðu til að tala

meira um þetta. Það er kunnugt, þegar menn tala um virkjun Elliðaánna, að nú er enginn ágreiningur um það í bæjarstj., að ef mögulegt er skuli virkja Sogið. En ágreiningurinn er um það, hvort fela á einkafyrirtæki þá framkvæmd,' að ráða bót á rafmagnsskortinum, eða að ríkisábyrgð fáist og bærinn annist framkvæmdirnar sjálfur, og sé þá tryggilegra að fullvirkja Elliðaárnar heldur en sæta því að kaupa rafmagn dýru verði af einkafyrirtæki. Það var í því sambandi, sem ágreiningurinn varð og Elliðaárnar teknar fram yfir. (**JBald:** Bæjarstj. hefir öll hafnað því). Já, það er alveg rétt, bæjarstj. er mótfallin því. En ágreiningurinn er um, hvort eigi að ráðast til bráðabirgða í fullvirkjun Elliðaánna, sem í raun og veru, eins og hv. 1. landsk. benti á, mun verða gert seinna, þótt það verði ekki gert á næsta stigi málsins.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** Ég ætla að víkja fáeinum orðum að byrjun ræðu hv. 1. landsk. frá í gær, þar sem honum þótti undarlegt, að tekið skyldi fram, hvaða skoðanir hefðu komið fram á undirbúningi málsins og taldi ekki rétt skýrt frá. Ég sé einmitt á nál. hans, að það er nákvæmlega rétt frá þessu sagt, og verður ekki um það deilt, að það geta verið sérstakar ástæður til þess að skýra alveg hlutdrægnislaust frá, á hverju n. hafi klofnað. Það er ekki hægt að segja frá klofningu n. nema tilgreina tilefnið. Annars vildi ég víkja fáeinum orðum að því, sem hér ber á milli. — Fyrir 2 árum hefir hv. 1. landsk. fært sannanir fyrir því hér í þinginu, að heppilegast væri að fá ríkisábyrgð eins og þessa til þess að virkja Sogið á þeim stað, sem hann nú ekki treystir sér til að láta virkja það. Og þá var hv. þm. svo sannfærður um, að þetta væri rétt, að hann mun hafa lofað sócialistum í sambandi við þá samninga, sem þá voru milli þeirra tveggja flokka, að vinnan skyldi byrja þá um sumarið, því að Alþýðublaðið ámælti okkur framsóknarmönnum fyrir að hafa hindrað vinnu þá um sumarið, sem um 200 manns hefðu getað notið. Eftir að hv. 1. landsk. hafði gert þessa samninga og þessar ákvarðanir, eins og allt sé í lagi og öll vitneskja fengin um þetta mál, þá uppgötvar hann sjálfur aðra leið á sama stað, að grafa göng milli vatnanna, og gæti þá verið heppilegra að stífla Sogið og hafa einungis stutta leiðslu. Og þetta segir hann, að sé eitt af því allra bezta. (**JónÞ:** Anakronik — öfug röð viðburðanna). Hvað sem þetta er kallað, þá vildi hann byrja fyrir tveimur árum, en allt öðruvísi nú. Það, sem gerist eftir þetta, er hv. 1. landsk. að þakkarlausu og öllum þeim mönnum, sem að honum stóðu, að úrræði finnst til að bæta úr rafmagnsþörf Rvíkur og Hafnarfjarðar, og þetta hefir breytt málinu. Hv. þm. veit, að sá fræðimaður, sem gerði þessar athuganir þarna, hefir miklu meiri reynslu og stærra nafn en nokkur af þeim Íslendingum, sem hafa átt við þetta. Þess vegna er það, að hv. þm. og hans fyrirrennari í embættinu hafa töluvert hitann í haldinu, því að um þá rannsókn er ekki hægt að segja, að hún sé gerð af neinum óvita. Þeir vita, að það er stærra nafn en þeir hafa og geta haft. Þeir vita, að tiltrúin til þeirra hlýtur að minnka, þegar maður kemur, sem er virkilega hæfur um slíka hluti. Þá getur hann fundið leiðir, sem allir hefðu átt að sjá, sem eitthvert vit hefðu á þessum hlutum. Rannsókn þýzka verkfræðingsins er stórkostlegur áfellir fyrir hv. 1. landsk. sem verkfræðing, og þó öllu meir fyrir þá verkfræðinga af hans sauðahúsi, sem hafa fengizt við að rannsaka og gera þessa frámunalegu áætlun, sem reyndar er svo óábyggileg, að þeir sjálfir, sem hafa að þessu staðið, verða nú að hverfa frá því, einungis af því, að þeir voru hræddir við, að enginn fáist til að lána út á gamla „planið". Það er dottinn grundvöllurinn undan því, sem þeir hafa gert áður, og nú sjá þeir ekki annað ráð en að draga málið á langinn. Hv. 1. landsk. hefir haldið því fram bæði í n. og öðruvísi, að það væri vissulega ekki gert ráð fyrir nægilegri spennu, t. d. í þessu áliti um Sogsfossana sé ekki nægilegt að gera ráð fyrir 35 þús. volta spennu, heldur yrði að gera hærra vegna langrar leiðslu. Nú er vitanlegt og kom í ljós í n. við athugun á þessu, og eins við vélasamstæðurnar, að þótt þær séu heldur minni til að byrja með, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að næsta vélasamstæða

geti verið stærri; það hefir hv. þm. sjálfur játað, enda kom það í ljós, að kostnaðurinn verður minni með þessu móti en hann sjálfur gerði ráð fyrir. Hvað hv. þm. heldur um, að þurfi að miða spennuna við leiðslu vestur á Snæfellsnes og til Vestmannaeyja, þá býst ég við, að hann verði fyrir dálítilli gagnrýni, því að þegar Rvík haustið 1931 hafði sent mann út til að fá lán, þá tókst honum ekki að fá nokkursstaðar nokkurn eyri nema með ríkisábyrgð, og þó er það vitanlegt, að þessi virkjun er nauðsynleg fyrir Rvík og Hafnarfjörð. En aftur á móti má nærri geta, hve vel gengur að afla fjár til að leiða rafmagn til Vestmannaeyja og Ólafsvíkur og Sands, þegar ekki er hægt nema með hörmungum og ríkisábyrgð að útvega Rvík lán til þess hluta fyrirtækisins, sem má telja víst, að myndi bera sig. Hv. 1. landsk. hefir líka reynt að sanna með einlægum bollaleggingum, að ómögulegt væri að leiða rafmagn um suðurlåglendið frá þessum fossi eða öðrum. Allt þetta moldviðri er gert móti betri vitund af þeim mönnum, sem kalla sig kunnáttumenn. Þessir menn verða jafnvel að játa, að hér í Rvík og Hafnarfirði kemur ekki til mála að nota rafmagn til að hita hús, nema með því, sem afgangs er frá ljósi og suðu, því að jafnvel leiðslan öll í einu lagi, hingað og til Hafnarfjarðar, er of dýr til þess, að það sé á færi þeirra, sem byggja svona hús, að gera kleift fyrir Rvík að hita herbergi með rafmagni. Þá geta allir séð, hvílík fjarstæða það er, að það borgi sig að leiða rafmagn um sveitabæina á Suðurlandi með þeim löngu leiðslum, sem þarf. Þess vegna er það, að hv. 1. landsk. getur verið viss um, að menn á Snæfellsnesi og í Vestmannaeyjum taka alls ekki hátíðlega framtíðarloforðin um, að hita eigi sveitabæina út frá Soginu. Það er sennilegt, að yrði eitthvað hægt að nota Sogið fyrir Ölfusárbrú, Eyrarbakka og Stokkseyri, og eitthvað af Ölfusinu og Reykjavík. En allar bollaleggingarnar um stórar leiðslur um sveitirnar eru draumórar, gerðir á móti betri vitund. (**JónÞ**: Mikil er vantrú þessa aumingja). Sá er meiri aumingi, sem hefir sagt landsmönnum ósatt í því, sem hann í sinni eymd hefir reynt að láta fólkið halda, að hann hefði vit á. Það er auminginn, sem ætlaði að lokka þingið 1931 til þess að ganga inn á þessa ábyrgð, sem reyndist síðan að vera helmingi hærri en þurfti, þegar maður, sem ekki var aumingi, tók til að skoða hlutina. Til þess að koma svolítið nánar inn á það, hvernig ástandið er hjá þessum hv. þm., sem skaut hér inn í, þá er víst, að 1931 hyggst hann að blekkja sócialista til fylgis við sig í öðru máli með loforðum um vinnu. En um haustið fær Rvík enga peninga og kom skríðandi til þeirrar þjóðar, sem Reykvíkingar, — það er að segja ekki allir, heldur þeir, sem standa næst hv. 1. landsk. — ætluðu að setja verzlunarbann á um sumarið. Þeir urðu að koma skríðandi til mannanna með „mosann í skegginu“ til þess að biðja þá að skrifa upp á víxilinn. (**JakM**: Er Reykjavík ekki partur af landinu?). Hún var bara ekki nóg fyrir sig, þótt hv. 1. þm. Reykv. hafi haldið því fram, að Rvík ætti að vera sérstakt ríki. Gullbringu- og Kjósarsýsla áttu að fá að vera sérstakt ríki og hluti af Borgarfjarðarsýslu. En svo fékk hv. þm. að reyna það í Svíþjóð um haustið, að það hefði ekki verið alveg nóg til þess að fá aurana þar. (**JakM**: Var það nú um haustið?). A. m. k. kom hv. þm. peningalaus heim. Og nú er verið að biðja um þennan víxil, og það er dirfska eftir að hafa ekkert samband viljað hafa á milli Rvíkur og sveitanna — dirfska eftir að hafa farið eftir fölskum áætlunum og biðja um helmingi meira en þarf. Það væri barnalegt, ef þingið færi að ganga í 3 millj. kr. ábyrgð fyrir Rvík eftir áætlunum tiltölulega ófróðs manns um þetta, og neita aftur því, að hjálpa Rvík til að virkja eftir áætlun færara manns, fyrir helmingi minna en þeir ófróðu hafa áætlað. Það hefir ekki ennþá komið fram nein skýring á því, hvers vegna hann, sem var svo viss um, að ætti að leggja út í fyrirtækið fyrir tveim árum, hikar nú. Hann getur ekki komið með neina ástæðu aðra en þá, að hann þori það ekki, því að þýzku rannsóknirnar standa í veginum. Það væri bjargráð fyrir Rvík að ganga í ábyrgð fyrir helmingi hærri upphæð en þyrfti, til þess eins að lokka þennan núv. borgarstjóra bæjarins til þess að gera cementsgarð, sem kostaði

2 millj. kr., til þess að geta sjálfur lagt til meginhluta efnisins, og taka „plan", sem annars er dauðadæmt, bara af því, hve liðlega hefði verið skrifað upp á víxilinn. Annars þykjast menn vera vissir um, að ástæðan til þess, að hv. þm. vill ekki vinna að þessu máli nú, er, að hann sem stendur er í minni hl. í því í bæjarstj. Rvíkur, og hann mun vera að draga málið þetta ár í von um að fá öruggari meiri hl. við kosningarnar næsta vetur og geta þá byrjað aftur að nota svipaða verkfræðiþekkingu í þessu efni eins og svo oft hefir komið fram hjá honum áður. Hv. þm. veit t. d., hvernig hann leit á Elliðaárnar, þegar gasstöðin kom. Hann veit, hvaða lærðir verkfræðingar það voru, sem sögðu, að ómögulegt væri að nota Elliðaárnar. Hann veit, að það voru verkfræðingar, sem vildu gasstöð. Svo bíður til 1920, þegar dýrtíðin var sem mest. Þá kemur einn ágætur verkfræðingur, sem nú er hv. 1. landsk., og leggur út í virkjun fyrir Rvík á hinum dýrustu tímum. Og það undir þeim kringumstæðum, að áætlunin reyndist tóm vitleysa og loforðin um verðið á rafmagninu reyndust ósönn. Bærinn hefir síðan stunið undir verði rafmagnsins vegna þessara ósanninda, sem sögð voru hér. — Í framhaldi af þessu er það svo, að meiri hl. í bæjarstj. Rvíkur er helzt að hugsa um að gera viðbótarvirkjun í Elliðaánum og svo byrja þeir vitanlega á því að sprengja gatið þarna upp frá, sem Gestur heitinn á Hæli eða aðrir orðheppnir menn myndu líklega hafa kallað þjóðgatið. Og svona verður sjálfsagt haldið áfram í virkjunarmálum Rvíkur, að taka alltaf hið dýrasta og vitlausasta, sem völ er á á hverjum tíma. Að þessu stefnir hv. 1. landsk.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég ætla mér ekki að blanda mér inn í deilur manna, en verð að láta álit mitt í ljós um þetta merkilega mál, sem ég vildi kalla mál ljóssins og ylsins. Ég vil segja, að ef það tekst að leiða þetta mál farsællega til lykta, þá er mikið unnið. Ég minnist þess, að 1930 sat ég á landsþingi kvenna með mörgum mætum konum þessa lands, og þar var til umr. meðal annara mála, sem fundurinn fjallaði um: Straumur unga fólksins úr sveitunum. Konur stóðu upp hver af annari og lýstu því, í hve miklum vanda þær væru staddar vegna vinnufólkseklu, og kenndu því um, að unga fólkið tyldi ekki í sveitunum og sækti til kaupstaðanna, þar sem þægindin væru, m. a. rafmagnið. Þá kom berlega í ljós, að þægindaleysið í sveitum ætti mikla sök á því, hve unga fólkið yndi illa heima, og sé ég enga ástæðu til að bera brigður á það mál. Ég tel þetta vera stórt atriði í gengi þjóðar vorrar, einmitt þetta, að vinnukrafturinn myndi með auknu þægindunum jafnast niður í landinu, svo að sumstaðar væri ekki yfirfullt af fólki, en annarsstaðar vantaði starfsfólk tilfinnanlega. Ég hygg því, að ef þetta mál, sem hér liggur fyrir, verður leyst heppilega og hægt verði sem fyrst að byrja á virkjuninni, þá sé stigið rétt spor í rétta átt og verið að greiða fyrir þjóðþrifum og þjóðmenningu Íslendinga. Það hefir verið sýnt hér fram á, að ekki er hér um neina fjárhagslega áhættu að ræða, þar sem fyrirtækið er arðvænlegt og gefur aftur það, sem í það er lagt. Ræður manna um það, sem liðið er, heyra fortíðinni til, en málið sjálft er framtíðarinnar og framfaranna mál. Og nú vil ég spyrja: Hvernig blasir framtíðin við þeim aragrúa atvinnulausra manna, sem er í þessu byggðarlagi og víða annarsstaðar á landi voru? Hvernig horfir hún við fyrir þeim, sem vantar allt til alls og ekkert hafa við að bjargast, nema tvær hendur tómar, og ekkert til að vinna með þessum tveim tómu höndum? Ég veit, að verkalýðurinn mænir eftir þessu máli, og það er hans heitasta ósk, að þetta mál leysist og að Alþingi sjái sóma sinn í því að leysa það á viðunandi hátt. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að hv. alþm. sjái ekki ábyrgð þá, sem á þeim hvílir í því að ýta undir þetta mál og beita kröftum og hæfileikum til að koma því fram. Vér höfum ekki ráð á því að kasta á glæ voru unga og efnilega fólki. Vér höfum ekki efni á því að draga þetta mál lengur en það hefir þegar dregizt.

**Ingvar Pálmason:** Ég hefi ekki mörgu að svara, en tel þó rétt að segja hér nokkur orð. Ég skil það ofurvel, að hv. 1. landsk. sé það ekki sársaukalaust að kannast við, að þær rannsóknir, sem far-

ið hafa fram um málið, séu ófullnægjandi, og skil ýkjavel, að hann vill ekki viðurkenna, að sú rannsókn, sem seinast fór fram að tilhlutun h/f Sogsvirkjunar, hafi leitt nokkuð nýtt í ljós. En samt sem áður kannaðist hann við það, að það væri vegna þessarar rannsóknar, sem bæjarstj. Rvíkur hefði ákveðið að gera frekari rannsókn. Ég ætla ekki að deila um þetta — það er þýðingarlaust. Verkin sýna merkin. Hv. 1. landsk., sem er form. Sjálfstfl. og borgarstjóri í Rvík, hefir ákveðið þetta, og er þýðingarlaust að deila um ástæður fyrir því hér. En ég vil benda á annað, sem kemur greinilega fram í nál. hv. 1. landsk. og sýnir, að hann er á þeirri skoðun, að ekki þurfi fram úr 5 millj. kr. til þess að fá fullkomna virkjun á Soginu. Að vísu segir hann, að ennþá sé ekki fengin full vitneskja um það, hvaða upphæð þurfi, en hann telur ekki líklegt, að hún fari fram úr 5 millj. kr. Þetta bendir fyllilega í þá átt, sem við hv. 5. landsk. höfum haldið fram, að þetta mál væri svo illa undirbúið, að það væri of mikill ábyrgðarhluti fyrir ríkið að bindast þeirri fjárupphæð, sem í frv. felst, 7 millj. kr., eins og nú standa sakir. Ég kæri mig ekki um að gera sársauka hv. 1. landsk. meiri en komizt verður hjá, með því að lýsa þeim kostnaðaráætlunum, sem gerðar hafa verið um virkjun Sogsins, en aðeins halda mér við staðreyndir. Eftir að kostnaðaráætlun þýzka verkfræðingsins kom fram, horfið málið þannig við frá leikmannssjónarmiði, að hinar eldri áætlanir, sem hv. 1. landsk. hefir fyrr og síðar byggt á, voru a. m. k. mjög óábyggilegar, svo að ekki sé meira sagt.

Þeir hv. þm., 1. og 2. landsk., hafa báðir reynt að gera sem minnst úr þeim ágreiningi, sem verið hefir í þessu máli, og létu svo til að byrja með, að þeim bæri lítið á milli. En Adam var ekki lengi í Paradís. Því þegar hv. 2. landsk. fór að beina orðum sínum til hv. 1. landsk., kom það greinilega í ljós, að ágreiningurinn var býsna mikill. Og ég hygg, að hv. þdm. hafi af umr. sannfærzt um það, að allmikill ágreiningur hefir verið um þetta mál í bæjarstj. Rvíkur fyrr og síðar, þannig að ekki sé of djúpt tekið í árinni, þar sem vikið er að því í dagskrártill. minni. Hinsvegar má vera, að hann sé nú eitthvað að minnka, og það skyldi gleðja mig, ef svo er, en þrátt fyrir það álít ég nauðsynlegt, að hann minnki meira, áður en málinu er að fullu ráðið til lykta. Þá minntist hv. 1. landsk. á ábyrgð ríkissjóðs fyrir Ísafjarðarkaupstað og taldi, að ríkið hefði tekið á sig hlutfallslega miklu stærri ábyrgð fyrir Ísafjarðarkaupstað en hér væri farið fram á fyrir Rvík. Ég hefi ekkert á það minnzt í umr. eða borið þetta saman, en mér er ekki kunnugt um, að Ísfirðingar hafi farið fram á að fá ⅓ hluta hærri ábyrgðarheimild en þeir þurftu. En hér er það viðurkennt af hv. 1. landsk., að farið sé fram á a. m. k. 2 millj. kr. hærri ábyrgðarheimild til Sogsvirkjunarinnar en þörf er á, og ef til vill meira. Þessi samanburður hv. þm. við ábyrgð ríkissjóðs vegna Ísafjarðarkaupstaðar er því ákaflega villandi.

Ég þarf ekki mörgu að svara hv. 2. landsk.; hann var eitthvað að brýna mig á því, að ég hefði ekki mikið traust á stj. til þess að bera vit fyrir Rvíkingum í þessu máli. En ég fæ ekki séð, að hér geti verið um vantraust að ræða frá mér til núv. stj., því að mig vantar tryggingu fyrir því, að hún verði við völd áfram, þegar þessu máli verður hrundið í framkvæmd. Það er sem sé alveg óvíst, hverjir fara þá með völdin.

Hv. þm. talaði mikið um, að hér væri ekki um áhættufyrirtæki að ræða. Ég hefi aldrei haldið því fram, þó að ég hafi ekki viljað binda ábyrgð ríkissjóðs við þetta fyrirtæki, meðan málið væri ekki betur undirbúið. Hv. 2. landsk. tók það sérstaklega fram í ræðu sinni í gær, að þessi rafveitufyrirtæki bæru sig alstaðar vel, sem selja rafmagn til lífsnauðsynja almennings, ljósa, suðu og hitunar. Og það má vel vera, að svo sé, ef skynsamlega er til þeirra stofnað. En honum láðist að taka fram, hvað rafmagnið mætti kosta, til þess að almenningur þyrfti ekki að kaupa þessar lífsnauðsynjar of dýru verði. En það er einmitt þetta atriði, sem við í meiri hl. fjhn. leggjum mesta áherzlu á, að rafmagnið verði ekki selt dýrara verði en þörf er á til almenningsnota.

Hv. 2. landsk. benti á sjóðseignir rafmagnsveitu Rvíkur til sönnunar því,

hvað þessi fyrirtæki bæru sig vel, en jafnframt benti hann greinilega á það, að rafveita Rvíkur seldi rafmagnið svo dýru verði, að ýms fyrirtæki, sem eru hér í bænum, gætu ekki notað það, en reistu sjálf sérstakar rafmagnsstöðvar til iðjurekstrar.

Þetta sýnir það og sannar, að fyrirtækið getur borið sig með því móti að skrúfa almenning til að greiða óhæfilega hátt verð fyrir rafmagnið. Og það sannar líka hitt, að slík fyrirtæki, sem hér er um að ræða, verður að stofna með þeirri varfærni og gætni, að hægt sé að selja rafmagnið með hæfilegu verði til almennings. Framleiðsla rafmagns má ekki vera dýrari en svo, að það borgi sig fyrir þau fyrirtæki, sem hv. 2. landsk. talaði um, að nota það.

Ég sé ekki ástæðu til að svara því, sem kom fram í ræðu hv. þm. Hafnf., nema einu atriði, þar sem hann sagði, að ég hefði lýst því yfir, að till. mín í þessu máli væri í samræmi við stefnu Framsfl. í þessum efnum. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi misskilið það, sem ég sagði, eða tekið skakkt eftir. Hann hefir villzt á því, sem ég sagði út af þeim ummælum hv. 1. landsk., að frá meiri hl. fjhn. gætti eins og áður andúðar gegn þessu máli. Ég sagði, að þessum orðum hv. 1. landsk. mundi vera stefnt til Framsfl. í heild. En hitt hefi ég aldrei sagt, að dagskrártill. mín í málinu væri flutt í nafni Framsfl. Ég vona, að hv. þm. taki þessa leiðréttingu gilda, því að ég hefi ekki ástæðu til að ætla, að hann hafi farið hér vísvitandi með hártoganir.

**Jón Baldvinsson:** Ég ætla aðeins að leiðrétta lítilsháttar missögn, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. S.-M. Hann játaði, að það væri rétt, sem ég hafði sagt, að samskonar rafmagnsfyrirtæki og það, sem hér er um að ræða, bæru sig vel og gætu jafnvel verið arðvænleg, en hann bætti við þeirri eftirsetningu, ef skynsamlega væri til þeirra stofnað og af fullri varúð. Þetta vita náttúrlega allir. Enda hefir ekkert komið fram í þeim kostnaðaráætlunum eða framkvæmdaplönum, sem gerð hafa verið um virkjun Sogsins, er bendir til annars en að til þess fyrirtækis verði stofnað á skynsamlegum og traustum grundvelli. En það atriði í ræðu hans, sem ég vildi leiðrétta, mun stafa af því, að hann hefir misskilið það, sem ég sagði. Ég sagði ekki, að einstök iðnaðarfyrirtæki hér í bænum hefðu reist hér sérstakar rafmagnsstöðvar til iðnrekstrar af því, að þeim hefði þótt rafmagnið of dýrt frá rafmagnsveitu Rvíkur, heldur af hinu, að þau gátu ekki fengið þaðan rafmagn. Rafmagnsstöðin við Elliðaárnar framleiðir ekki nóg rafmagn til iðnrekstrar í bænum. Hitt játa ég líka, að það er of dýrt að framleiða rafmagn hér við Elliðaárnar til iðnrekstrar í stærri stíl. Þess vegna er það samhljóða álit allra, sem til þekkja, að Rvíkurbær þurfi að fá ódýrara rafmagn frá stærri stöð, og það er hægt með því að virkja Sogið.

Það er mesti misskilningur, að þessi smáfyrirtæki hér í bænum hafi ódýrara rafmagn á þann hátt að framleiða það sjálf með mótorvélum; því fylgir meiri kostnaður heldur en ef þau gætu fengið rafmagnið frá raforkuveitu bæjarins. En þau eiga bara ekki kost á að fá það. Það er svo sem ekki af því, að þau vilji það ekki, t. d. sænska frystihúsið og aðrar slíkar stofnanir. Þess vegna getur hv. 2. þm. S.-M. ekki notað þetta dæmi til stuðnings því, að hið fyrirhugaða raforkufyrirtæki geti verið varhugavert. Það hefir ekki við rök að styðjast, og hann getur ekki dregið neitt út úr minni ræðu, er bendi í þá átt.

Hitt játa auðvitað allir, að rafveitustöð Rvíkur við Elliðaárnar var afardýr, enda var byrjað á að reisa hana þegar allt var í toppverði hér á landi, um 1920—21, og þær viðbætur, sem gerðar voru skömmu síðar, voru líka reistar á dýrum tíma, þegar efni og vinna var í háu verði. Og þrátt fyrir þetta er rafmagnið frá Elliðaárstöðinni til muna ódýrara en unnt er að selja það frá þeim stöðvum, sem knúðar eru með vélum, eins og tíðkast víða í kaupstöðum og sjávarþorpum úti um land, svo sem í Hafnarfirði, á Eyrarbakka og ef til vill Norðfirði. Það rafmagn, sem framleitt er með mótorvélum, er alstaðar dýrara heldur en það rafmagn, sem framleitt er við Elliðaárstöðina, þó að dýr sé. Með virkjun vatnsfalls má víðast hvar fá ódýrara rafmagn

heldur en mögulegt er að framleiða með vélaafli. Það verður að knýja Framsfl. til þess að fylgja þessu máli fram, af því að hann ásamt Sjálfstfl. ber ábyrgð á stj. Það veltur á miklu um framtíð og afkomu íbúa höfuðstaðarins, hvernig þessu máli farnast. Það verður bezt búið í haginn fyrir Reykvíkinga með því að auka atvinnumöguleikana, og það er gert, ef Sogsvirkjunin kemst í framkvæmd.

Ég ætla, að það hafi verið hv. 5. landsk., sem sagði, að það væri ekki hægt að fá peninga til þess að virkja Sogið, nema með ríkisábyrgð, og það er sennilega rétt. En ástæðan til þess er ekki sú, að erlendir fjármálamenn hafi ótrú á þessu fyrirtæki, heldur sú, að þeir vilja tryggja sér það, að íslenzka stj. og löggjafarvaldið íþyngi ekki þessu fyrirtæki með ýmiskonar kvöðum. Og er hér um sömu ástæður að ræða og þegar erlendir fjármálamenn eru fúsastir að lána fé sitt til fyrirtækja gegn því að fá sérleyfi til rekstrar þeirra um tiltekið tímabil. Því þá er jafnan um það samið fyrir fram við hlutaðeigandi stjórnarvöld, hverskonar kvaðir hið opinbera leggur á fyrirtækið. Þess vegna krefjast þeir ríkisábyrgðar til tryggingar því, að ríkið leggi ekki ósanngjarnar kvaðir á fyrirtækið, en ekki af ótta við, að það sé ekki reist á heilbrigðum og öruggum grundvelli.

**Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að svara örfáum atriðum úr ræðu hv. frsm. meiri hl. n. Um flest atriðin í ræðu hans er það að segja, að þau komu málinu lítið við, eins og vant er að vera um ræður þessa hv. þm., þegar tilfinningarnar hlaupa með hann í gönur. Ég vík aðeins að því, er hann sagði um, að hin fyrirhugaða tilhögun á framkvæmd virkjunarinnar samkv. till. hans bæri langt af öðrum uppástungum og áætlunum, sem fram hefðu komið, eins og ráða mætti af því, að sá þýzki verkfræðingur, sem fyrir því stóð, væri heimsfrægur maður í sinni grein, en hinir fávitar. (**JónasJ:** Ég sagði labbakútar). Já, labbakútar, ef hv. þm. vill heldur nota það orð. Nú veit ég engu síður en hv. 5. landsk. um hæfileika og aðstöðu hins þýzka verkfræðings; hann var í þjónustu hjá stóru firma í Þýzkalandi, sem hafði það fyrir aukastarf að undirbúa vatnsvirkjanir, en aðalstarfsgrein þess hefir verið raftækjasmíði og framleiðsla og sala á efni og vélum til rafveitufyrirtækja. Mér er kunnugt um, að þegar þetta aukastarf félagsins var lagt niður, þá missti þessi maður atvinnu sína hjá félaginu, enda þótt það héldi áfram sinni aðalstarfsgrein, og þess vegna kom hann hingað til landsins. Þetta segi ég ekki honum til niðrunar á nokkurn hátt. Maðurinn getur verið ágætur í sinni starfsgrein, þar sem hann er kunnugur allri aðstöðu, þó að honum hafi sézt yfir við rannsóknir hér úti á Íslandi, því að hér er sannarlega um ólíkt veðráttufar að ræða og í Mið-Evrópu, þar sem hann hafði áður starfað að þessum rannsóknum. En þetta var þó ekki höfuðorsök þess, að áætlanir hans reyndust ófullkomnar, heldur þær fyrirsagnir, sem honum voru gefnar um það, hvers hann þyrfti að gæta við athuganir sínar og uppástungur. Þær fyrirsagnir bundu hendur hans þannig, að tillögur hans hlutu að verða ófullkomnar. Uppástungur hans voru að öllu leyti miðaðar við það eitt, að hægt væri að fá sem ódýrasta virkjun í byrjun. Þær voru miðaðar við áform einstakra manna, sem ætluðu sér að fá 25 ára sérleyfi til rekstrar raforkustöðvarinnar. Og þess vegna var mest um vert fyrir þá að fá sem mestar tekjur af fyrirtækinu á því tímabili, og að bygging þess og rekstur væri sem ódýrast í upphafi, enda þótt það mætti búast við endurnýjun á stöðinni og fyrirtækinu að 25 árum liðnum. Það þarf því ekki að telja hinum þýzka verkfræðingi það til niðrunar, þó að hann væri atvinnulaus þegar hann tók þetta starf að sér, né hitt, að uppástungur hans reyndust svo ófullnægjandi. Aðalorsök þess er sú, að verkefnið var honum afskammtað. — Þessu næst vil ég leiða athygli að þeirri sorglegu staðreynd, að í ræðu hv. 5. landsk. kom enn fram hin megna andúð gegn þessu fyrirtæki, sem alltaf hefir borið svo mikið á hjá honum og ýmsum flokksmönnum hans, gegn Sogsvirkjuninni og raforkumálum sveitanna yfirleitt í landinu. Það er hið sótsvartasta afturhald, sem ég hefi nokkurn tíma vitað bulla úr sál nokkurs manns, þegar

þessi hv. þm. er með sterkum orðum að útmála, hversu mikil fjarstæða og vitleysa það sé að leiða raforku um byggðir landsins, jafnvel í nánasta umhverfi þeirra fossa, sem hér er ráðgert að virkja. Ég verð að segja það, að ég sárkenni í brjósti um þennan hv. þm., ef honum yrði það á síðar meir að líta upp úr gröf sinni og sjá, hversu einn af hinum svo kölluðu stjórnmálaforingjum var langt á eftir sinni samtíð í þessum efnum. Því að venjulegast verður að ætlast til þess, að þeir gangi á undan öðrum og haldi merki hugsjónanna á lofti. — Ég gat ekki annað en gripið fram í ræðu hv. þm.: „Mikil er vantrú þessa andlega aumingja". Það er dómur minn um hann hér í dag, og það verður einnig áreiðanlega dómur framtíðarinnar um hann í þessu máli. Annars geri ég mér nokkra von um, að við munum báðir lifa það að sjá rafljósin útrýma myrkrinu úr ýmsum sveitum hér á landi, eins og ég hefi áður tekið fram. Og þá vona ég, að rafljósunum takist að eyða myrkri þeirrar vantrúar, sem nú ríkir glórulaust í sál hv. þm.

Það er enginn efi á því, að þetta mál er nú komið að því að losna úr læðingi. Það er enginn efi á því, að þegar þessu verki — virkjun Sogsins — verður lokið að 2—3 árum liðnum, þá verður annað sporið stigið, að leiða rafmagnið um næstu héruðin við aflstöðina. Og þegar því er lokið, þá verður farið að leiða rafmagnið víðar um landið, eftir því sem vilji manna og geta leyfa. Það fer svo jafnan um slíkar framkvæmdir sem þessar, að þær koma smám saman, í fullu samræmi við óskir þeirra manna, sem áttu frumkvæði að þeim og hrundu þeim af stað. Og þá stendur hv. 5. landsk. einn eftir eins og nátttröll í heiðríkju. Ég læt þetta nægja að sinni. Við erum búin að sjá það í þessari hv. þd. í dag, að vantrú hv. 5. landsk. á þessum málum er alveg ólæknandi. Og rafmagnið mun koma; það mál verður leyst, alveg án hans aðstoðar og hvað sem hann kann að leggja til þeirra mála. Þess vegna skiptir það engu.

Ég þarf litlu að svara hv. 2. þm. S.-M. Hann sagði, að það myndi valda mér sársauka að verða að kannast við það, að rannsóknir þær, sem áður hefðu verið gerðar um virkjun Sogsins, reyndust óábyggilegar. Þetta er algerlega misskilningur hjá hv. þm. Ég hefi ekkert lagt til þeirra rannsókna, en aðeins gagnrýnt þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um virkjun Sogsins. Hinsvegar er það ekkert undarlegt, þó það þurfi að gera heildaryfirlit um þær rannsóknir og áætlanir, sem fyrir liggja, nú þegar komið er að því að hefja framkvæmdir á þessu fyrirtæki. Það má nokkuð ráða af því, hvort ég sé viðkvæmur fyrir hinum eldri rannsóknum á Sogsvirkjuninni, þar sem það er nú ákveðið samkv. frumkvæði mínu að hefja lokarannsókn til undirbúnings Sogsvirkjuninni, eftir að bæjarstjórn Rvíkur hafði einróma ákveðið að auka rafveitu Rvíkur fyrir eiginn reikning.

Mér þykir kenna nokkurs misskilnings í ýmsu af því, sem sagt hefir verið um rafveitu Rvíkur í þessum umr. Ég hirði ekki um að eltast við að leiðrétta það allt. En það hefir verið sagt, að rafveitan seldi rafmagnið of dýru verði. Sannleikurinn er nú sá, að rafveitan getur ekki fullnægt eftirspurninni í bænum eftir rafmagni til annara nota en þeirra, sem selt er hæstu verði, og þá fyrst og fremst til ljósa, en það geta menn keypt hæstu verði og þar næst rafmagn til iðnaðar. En það má öllum vera ljóst, að verðið á rafmagninu getur lækkað í öllum flokkum, ef stofnað verður til ódýrari virkjunar í stærri stíl. Og þá er jafnframt hægt að fullnægja þeim þörfum fyrir rafmagn, sem ekki geta notað það afl, nema það fáist fyrir miklu lægra verð en nú er kostur á.

Að öllu samanlögðu hefir hún verið heilbrigt fyrirtæki og allir, sem hafa skipt við hana, hafa talið sig hafa haft hag af þeim viðskiptum. Þau ein viðskipti eru heilbrigð, sem báðir hafa hag af, en það hafa viðskipti rafmagnsveitunnar fullkomlega verið. Þörfin á aukinni orku er brýn. Það er rétt, sem hv. 2. landsk. tók fram, að rafmagnsveitan hefir beinlínis orðið að neita stórum skiptavinum um að láta þeim í té raforku, eins og t. d. sænska frystihúsinu. — Þá er það síðasta mótbáran hjá hv. 2. þm. S.-M., að það sé farið fram á hærri upphæð en talin sé þörf á; en þetta er

ekki rétt. Það er engan veginn farið fram á það, að veitt sé ábyrgð fyrir hærri upphæð en þeirri, sem þörf er á, heldur er aðeins farið fram á, að einskorða heimild þingsins ekki svo þröngt, að nein hætta sé á, að stranda þurfi á því, að heimildin sé ekki nægilega rúm. Ég tel réttast að halda sér við allt að 7 millj. kr. upphæðina, jafnvel þó að talsverðar líkur séu fyrir því, að komizt verði af með nokkru lægri upphæð. Það er þess vegna ekki vissa fyrir því, nema það kunni að þykja hentugasta lausnin á þessu máli að nota allt að þessari byrjunarupphæð. Hvort sem það er fyrir Rvíkurbæ eða þá, sem síðar eiga að koma til með að verða eigendur og notendur þessa fyrirtækis, er það ekkert höfuðatriði, hvort heildarupphæðin í fyrstu er 2 millj. kr. hærri eða lægri; höfuðatriðið er hitt, hvað hvert framleitt hestafl í stöðinni kostar. Ef við getum fengið hvert árshestafl mun ódýrara með því að kosta til 7 millj. kr. í fyrstu en með því að kosta til 5 millj. kr., þá væri sjálfsagt að velja hærri upphæðina. Það verða menn að gera sér vel ljóst, að hér er verið að tala um að ráðast í kaup á vöru, og hagnaðurinn af kaupunum veltur ekki á því að gera innkaupin sem minnst í upphafi, heldur á hinu, að fá hverja einingu vörunnar sem ódýrasta. Ég verð að telja það réttast, að stj. fái það frjálsar hendur, að það megi fara allt upp að þeirri upphæð, sem tiltekin er í frv.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** Ég býst við því, að hv. dm. hafi veitt því eftirtekt, að hv. 1. landsk. hefir ekki séð sér fært að skýra frá því, hvers vegna hann treysti sér að leggja út í virkjunina 1931, en treystir sér ekki til þess nú. Þessi „atvinnulausi verkfræðingur“ virðist vera eina skýringin á þeim till., sem hann hefir komið fram með. Sömuleiðis býst ég ekki við, að það sé nein tilviljun, að hv. þm. vill ekki minnast á, hvernig stóð á því, að það þurfti endilega að virkja Elliðaárnar, þegar það var dýrast og hvers vegna hefir tekizt að gera rafmagnið í Rvík óeðlilega dýrt. Ennfremur hefir ekki komið fram nein þolanleg skýring á því, hvers vegna hann heimtar helmingi meiri ríkisábyrgð en þörf virðist vera fyrir. Þetta eru ekkert annað en vífilengjur, sem hv. þm. hefir sagt í þessu máli. Hv. 6. landsk. var að fimbulfamba í sambandi við þessa virkjun, að það ætti að bæta atvinnuna og hjálpa fjarlægum landshlutum, en það virðist eins og þm. hafi ekki fylgzt með því, að einmitt „forgöngumennirnir“ vita ekki, hvernig þeir vilja taka á þessu máli. Þeir vilja fá stærri ábyrgð en þeir þurfa, og geyma hana svo til betri tíma; a. m. k. er það fullvíst, að þessir aðstandendur sjö milljónanna kæra sig ekkert um, að byrjað sé á neinni virkjun í sumar. Hv. þm. hefir þess vegna játað með þögninni sinn vanmátt til þess að gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins áður, kröfunum um ábyrgð þá og kröfunum um ábyrgð nú, og ráðaleysinu, sem enn er í sambandi við þetta mál. Það er mjög óheppilegt fyrir þm. að reyna að gera lítið úr þeim þýzka verkfræðingi, sem hér á hlut að máli, með því að það er mála sannast, að það eru hans till., sem hafa snúið við öllum bollaleggingum þm., svo að hann og hans samherjar þora ekki að halda áfram með sín plön. Nú stendur þannig á, að í vetur, þegar Knud Zimsen sagði af sér, leit út fyrir, að það myndi verða samkomulag í bæjarstj. milli nokkurs hluta Sjálfstfl., sócialista og framsóknarmanna um bráðabirgðastj. á bænum, til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. Þá vita allir, hvað gerðist, að hv. þm., sem var atvinnulaus þá, eins og þessi þýzki verkfræðingur, bauð sig fram til þess að vera borgarstjóri í eitt ár í því einu skyni að hindra það, að Sogið yrði virkjað í sumar. Það var víst, að þessi virkjun hefði verið knúin áfram, ef hv. þm. hefði ekki orðið borgarstjóri, og það er sennilega bezt, til þess að koma ekki of miklu óorði á pólitiskt líf hér í bænum, að fara ekki frekar út í það, hvernig þessi hv. þm. fór að hindra það, að Sogsvirkjunin yrði framkvæmd. Þessi sorglegi atburður gerðist, þegar verið var að hrinda virkjun Sogsins í framkvæmd eftir ódýrara plani en áður lá fyrir, og sú synd er öll á ábyrgð þess flokks, sem hefir kosið hv. 1. landsk. hér inn á þingið. (**JónÞ:** Þar með h/f Sogsvirkjunar). H/f Sogsvirkjun hefir engar aktíur í mér og ég

engar aktíur í neinu rafmagnsfyrirtæki. Þess vegna get ég verið óháður gagnvart mönnum eins og hv. 1. landsk. og hans samherjun, sem braska á rafmagnsvirkjunum. Ég þarf ekki að láta mitt atkv. miðast við það, að það þurfi að gera stór mannvirki, af því að ég geti komið til með að geta selt efni, sement eða annað í bygginguna. Þess vegna eru öll þessi ólæti í hv. 1. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. um þetta frv. eingöngu til þess að draga málið. Þeir vita, að þingið getur ekki verið svo frámunalega heimskt að veita þessa ábyrgð, þegar það sést, að þessir menn eru aðeins að lokka fólkið og láta eins og þeir vilji gera eitthvað í þessu máli, a. m. k. hv. 1. landsk., en ég vil ekki segja það um hinn, því hann er ekki eins ákveðinn í að tefja framkvæmdir. Ég vil fyrst og fremst leiðrétta það, sem hv. þm. (JónÞ) sagði viðvíkjandi þeim lögfræðingi hér í bænum, Sigurði Jónassyni, sem í mörg ár hefir beitt sér mest fyrir því að hrinda Sogsmálinu áfram. Það er sannanlegt, að hann hefir myndað félag til þess að hrinda þessu máli áfram, m. a. látið gera rannsókn á virkjunarmöguleikum í Soginu, og honum á málið og bærinn fyrst og fremst að þakka, að virkjunin verður nokkrum millj. kr. ódýrari en annars hefði orðið. Það er fullvíst, að þessi maður er engan veginn að hugsa um það, nema út úr neyð, að félagið virki. Hann bauð það í vetur af því, að það leit út fyrir, að bærinn vildi það ekki. Hann vildi fyrst og fremst, að bærinn virkjaði og landið hjálpaði til þess. Það er þess vegna ómakleg aðdróttun að þessum manni frá hv. 1. landsk. um hlutafélagabrask hans, því að hann hefir aðeins notað hlutafélagið til þess að hrinda málinu áfram, þannig að það geti orðið bænum að liði, og það hefir alltaf verið aðalatriðið fyrir honum, að það væri bærinn og því næst landið, sem virkjaði. — Ég álít, að ekki geti komið til mála að veita nema þá minnstu ábyrgð, sem hægt er að komast af með til þess að koma fyrirtækinu þolanlega í framkvæmd.

Þá reyndi hv. 1. landsk. að tortryggja þennan þýzka verkfræðing, sem hefir snúið málinu við í höndunum á honum og hans fólki. Hv. þm. sagði m. a., að þessi maður hefði verið atvinnulaus. Þessi maður hefir verið starfsmaður hjá einu stærsta rafmagnsfyrirtæki í heiminum, sem hefir með höndum stórar virkjanir. Ástæðan til þess, að hann var ekki mjög upptekinn, þegar hann kom heim, var sú, að eins og allir vita, hafa verið stórkostlegir örðugleikar í Þýzkalandi, ekki síður hjá útflytjendum og stóriðnaðarfyrirtækjum en öðrum. Þetta var þess vegna nokkurskonar millibilsástand hjá þessum manni. Annars álít ég, að hv. 1. landsk. ætti ekki að tala mikið um atvinnuleysi verkfræðinganna. Það er kunnugt, að haustið 1927 var hann atvinnulaus. Hann bauð þá landsstj. að rannsaka mál, sem var mátulega illa undirbúið, síldarverksmiðjuna, og gerði það með þeim margumtalaða árangri, sem oft hefir verið minnzt á hér í þinginu; svo ef hann hefir álitið sig góðan í síldarrannsóknina 1927, meðan hann var atvinnulaus, býst ég við, að þessi Þjóðverji hafi getað dugað, og hann hefir sýnt það, þó að hann hafi verið atvinnulaus, þegar hann kom hingað. Hv. þm. var að spotta till. þessa manns, af því að þær voru sparsamar. Áður var ætlazt til þess að gera ákaflega dýran veg austan Þingvallavatns, og átti að leggja í það stórkostlegt fé, til þess að koma rafvélum að efri fossunum. Eitt af því, sem þessi maður gerir ráð fyrir, er það, að ekki þurfi að leggja veg, nema þessa stuttu línu frá Þrastalundi að Syðribrú, eftir mjög góðu vegarstæði. Annars hefir hann miðað sínar till. við okkar kringumstæður, okkar vegi og okkar fátækt, eins og sparsamir menn hljóta að gera. Hitt er ekki annað en flottræfilsháttur, að vilja eyða meiru til hlutanna en þörf er á, en sem víða hefir þó komið fyrir. Dylgjurnar um sérleyfið í 25 ár falla niður að sjálfu sér, því að það er vitað, að þeir menn, sem stóðu að þessu, buðust aðeins til að reka þetta fyrirtæki með föstum verðsamningi við bæinn, af því að ekki var hægt að fá bæinn til þess að hreyfa sig, og hafa getað útvegað bænum helming af því fé, sem þarf til þess að virkja Efra-Sogið. Það var aðeins verið að bíða eftir því, að hægt væri að fá bæinn til þess að virkja.

Þá hélt hv. 1. landsk. enn dálitla ræðu

um raforku í sveitum. Menn munu sjálfsagt, að fyrir fáeinum árum, meðan hv. þm. var ennþá að mæla til vináttu við bændurna, kom hann með till. um að fara að raflýsa sveitirnar um allt Ísland. Þetta reyndist nú svo, að bændastéttin sá í gegnum þetta plan. Þó var það í einu héraði, sem einstöku menn trúðu þessum hv. þm. Það gerðu nokkrir íhaldsbændur. Þeir trúðu, að hv. 1. landsk. væri það viti borinn verkfræðingur, að eitthvað væri hægt að treysta á hans orð og ráðagerðir. Þeir héldu, að þeir hefðu nokkuð góða aðstöðu til þess að fara að undirbúa raflagnir frá fossi, sem liggur allvel við í héraðinu. Það var farið að undirbúa og rannsaka, og það hafði verið gerð áætlun um þetta mannvirki. En hún var samin svo lág eins og hægt var. M. a. var haft helmingi lengra milli staura en nokkurt vit er í að hafa í slíkum leiðslum. Samt sem áður varð þessi áætlun jafnvel svo há, að bændurnir gátu ekki litið við henni. Rafmagnsmálið er dautt í Skagafirði. Flokksbræður hv. þm. minnast með sársauka, að hann hefir reynt að blekkja þá, og vita, að þetta voru kosningabrellur og ekkert annað. Hv. þm. hefir þagað um þetta síðan. Hann gat talið bændunum trú um, að hægt væri að ráða við þetta, en tók svo hitt ráðið, að gera samning við sócialista um að taka atkv. frá þessum mönnum. Það, sem hv. þm. kallar svartasta íhald, er því það, að segja beizkan sannleikann eins og hann er, að það er ómögulegt með þeirri tækni, sem nú er í heiminum, að láta leiðslur um allar sveitir á Íslandi bera sig. Hitt er annað mál, að með breyttri tækni getur þetta orðið, en sú tækni er ekki komin enn. Alstaðar hefir orðið sama niðurstaðan og í Skagafirði, að menn hafa komizt að raun um, að það voru blekkingar einar, sem þeir menn höfðu í frammi, sem voru að ráðleggja bændunum þetta, og sýnir það sig bezt í því, að þessi hv. þm. treystir sér ekki til að mæla á móti því, að jafnvel í Rvík er ekki gert ráð fyrir að nota rafmagnið til þess að hita húsin, af því að það er of dýrt; en það er einmitt hitaspursmálið í sveitunum, sem er aðalatriðið þar, jafnvel meira en ljós og suða. Þess vegna má hv. 6. landsk. fara heim og lesa betur. Þm. ætti að spyrja skagfirzku bændurna um, hvaða reynslu þeir hafi í þessum efnum. Hv. þm. (JónÞ) hélt því fram vestur í Ólafsvík vorið 1931, þar sem við vorum saman á fundi, að það væri ekki útilokað, að rafmagninu væri veitt til þeirra vestur eftir. Þar er foss svona ½ km. frá bænum, og honum datt þó í hug, þessum ágæta verkfræðingi, að það væri farið að leiða rafmagnið þessa löngu leið, austan úr Sogi, til þeirra, en auðvitið hefir hann aldrei talað um að raflýsa Ólafsvíkina, nema þegar hann var staddur hjá þeim og var að biðja um atkv. Hv. 1. landsk. og hans flokksbræður standa þannig að vígi í þessu máli, að þm., sem berst fyrir þessu máli, hefir gert sig að borgarstjóra í því einu skyni að hindra það, að Sogið væri virkjað í ár. Ef hann hefði ekki verið kosinn borgarstjóri, hefði það verið virkjað í ár; og ef það væri ekki hindrað af borgarstjóranum, er ekkert sennilegra en að þingið hefði gengið í ábyrgð fyrir 3 millj. kr. láni handa Rvík og Hafnarfirði. Þegar þingið veit áhugaleysi forgöngumannanna í þessu máli, get ég ekki skilið, að menn hafi mikla löngun til þess að heimila ábyrgð nú strax handa manni, sem stendur í trúnaðarstöðu bæjarins, til þess að hindra það, að málið gangi fram og leggur á það hið mesta ofurkapp. Það er ekki nema eðlilegt, að þm. líti á þetta mál eins og hv. 2. þm. S.-M., að það sé ástæðulaust að vera að gefa stj. ábyrgðarheimild, meðan ekki er vilji til þess að leysa málið hjá meiri hl. bæjarstj. Ég er aftur á móti það liðlegri, en það er kannske af því, að ég er innanbæjarmaður, að ég vil vera með í því að veita ábyrgð á þeirri upphæð, sem full vissa er fyrir, að bæjarstj. þyrfti, ef hún ætlaði að leysa málið, en ekki meira.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég stend aðeins upp til þess að leiðrétta merkilega meðferð á sögulegum staðreyndum, sem kom fram í ræðu hv. 5. landsk. Hann segir, að hv. 1. landsk. hafi gerzt borgarstjóri í Rvík til þess að hindra það, að virkjun Sogsins kæmist í framkvæmd. Hann taldi þær ástæður fyrir þessu, að um þær mundir, sem borgarstjórakosning átti að fara hér fram í vetur, þá hefði

verið samkomulag milli nokkurs hluta Sjálfstfl., jafnaðarmanna og framsóknarmanna í bæjarstj. um að koma þessu máli í framkvæmd, og sagði, að virkjunin hefði verið drifin áfram, ef hv. 1. landsk. hefði ekki orðið borgarstjóri. Sannleikurinn í þessu máli er nú sá, að afdrif málsins fóru ekkert eftir því, hver varð borgarstjóri. Sú till., sem fyrir lá í bæjarstj. um virkjun Sogsins, var felld með öllum greiddum atkv. Hv. 1. landsk. átti ekki atkvæðisrétt og kom því ekki til hans kasta að fella málið eða drífa það í gegn. Ef maður á að draga nokkra ályktun af þessari frásögn hv. 5. landsk., verður helzt að gera ráð fyrir því, að hann hafi litið svo á, að ef hv. 1. landsk. hefði ekki orðið borgarstjóri í árslokin, myndi hafa tekizt að koma fram þessari fyrirætlun h/f Sogsvirkjunar, þó að það færi svo við það, að hv. 1. landsk. varð borgarstjóri, að það væri fellt. Þá verður maður að álíta, við nánari athugun, að jafnaðarmenn, sem ég hygg, að séu rangar getsakir í þeirra garð, og a. m. k. flokksmenn hv. 5. landsk. hafi ætlað sér að greiða atkv., undir gefnum forsendum, gegn betri vitund, en hafi ekki þorað að standa við það, þegar á hólminn kom, og greitt atkv. á móti till. Hv. þm. talaði um flottræfilshátt í sambandi við þetta mál. Hann kallar það flottræfilshátt að vilja byggja fullkomna rafmagnsstöð, sem geti orðið til frambúðar fyrir bæjarfélagið og bæjarfélagið geti haft hag af, en vill lúta að því, að byggja bráðabirgðastöð, sem er til hagsmuna fyrir einkafyrirtæki. Ég vil spyrja, hvort hann telji það flottræfilshátt, ef hann ætlaði að kaupa sér bíl, sem vel er hugsanlegt, og hann keypti heldur bifreið, sem hann vissi um fyrirfram, að entist um sæmilega langan tíma, en bifreið, sem hann vissi fyrirfram, að entist ekki nema skamman tíma og yrði síðan ónýt. Þó að sú bifreið kostaði hann minna í upphafi, yrði hún honum margfalt dýrari. Það liggur í því, að hann þyrfti að kaupa aðra bifreið strax á eftir. Að tala um flottræfilshátt í þessu sambandi er því ekki annað en heimska ein.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** Hv. 1. þm. Reykv. veit það vel, að það er fyllilega rétt, sem ég sagði um þetta mál, að þegar Knud Zimsen fór frá, hafði myndazt ákveðinn meiri hl. í bæjarstj., sem vildi virkja Sogið. Þar á meðal var einn af flokksbræðrum hv. þm. í bæjarstj., Hjalti Jónsson. Það, sem lá næst, var eðlilega það, að bærinn virkjaði, en Kn. Z. og íhaldið allt hafði alltaf tafið það, að bærinn virkjaði. Þá var það, að áhugasamir menn um þetta mál, og sérstaklega var það einn bæjarfulltrúi Alþfl., sem ekki gat unað við þetta lengur. Að hans tilhlutun hafði verið gerð rannsókn á Soginu í óþökk íhaldsmeirihl., af því að bærinn vildi ekki kosta rannsóknina, þó að bærinn ætti nú að borga þeim 2 verkfræðingum, sem hingað ætla að koma, 20 þús. kr. — en það er til að tefja málið. Það er fullvíst, að þessi maður, Sigurður Jónasson, vill hrinda þessu máli í framkvæmd, og þrátt fyrir það, að hann varð í minni hl. í vetur við núv. borgarstjóra, þá hefir hann samt verið að leita lánstilboða fyrir bæinn, ef til kæmi, að bærinn vildi ráðast í þetta mannvirki. Það er kunnugt, að það fé skiptir milljónum, sem hann getur útvegað bænum í þessa virkjun, ef hann vill virkja hjá Syðribrú, hvort það er nóg, skal ég ekki segja um, en þetta sýnir vilja mannsins til að hrinda málinu áfram, utan við allan einkaatvinnurekstur.

Allir vita, að kostnaðarmunur er mikill, eftir því, hvor leiðin er valin. Í öðru tilfellinu er tekinn bezti staðurinn, þar sem ódýrast er að virkja. Þegar á að fara að sprengja gegnum hraun, þá er við það mikill kostnaður, og þegar fara á að gera veg og flytja að efni fyrir 200 þús. kr., þá er það heldur ekki svo lítill kostnaður. Það, sem gerir áætlun íhaldsins svo dýra í samanburði við hina, er staðarval o. fl. Í annað skiptið hefir þekking og hagsýni ráðið staðarvalinu, en í hitt skiptið vanþekking og ef til vill prívathagsmunir.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. S.-M. felld með 7:2 atkv.

Brtt. 536,1—2 teknar aftur.

— 445,1 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasJ, EÁrna, IP, GÓ.

**nei:** MT, PM, BSn, GL, HSteins, JakM, JBald, JónÞ,
JónJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (PHerm) fjarstaddur.
Brtt. 242,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 242,2 (ný 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 242,3 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 242,4.a samþ. með 8 shlj. atkv.
— 242,4.b samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 242,5 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JakM, JBald, JónJ, JónÞ, MT, PM, BSn, EÁrna, GL, HSteins, IP, GÓ.
**nei:** JónasJ.
Einn þm. (PHerm) fjarstaddur.
Fyrirsögn eftir 2. umr.:
**Frv. til l. um virkjun Sogsins.**

---

Á 65. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Í lok sama fundar, þá er lesin hafði verið úr forsetastóli dagskrá næsta fundar, mælti

**Jón Baldvinsson:** Áður en fundi er slitið vil ég spyrja hæstv. forseta, hvort hann getur ekki tekið á dagskrá mánudagsins frv. til l. um virkjun Sogsins, af því að það er svo mikilsvert mál og þyrfti að komast sem fyrst til Nd. Ef það verður ekki tekið fyrir á mánudag, þá frestast afgreiðsla þess héðan úr d. um einn dag.

**Forseti (GÓ):** Ég held, að það verði svo mikið að gera á mánudaginn, af því að þá hafa verið ákveðnar eldhúsdagsumr. í sambandi við 3. umr. fjárl. Og þó að þetta mál verði sett einhversstaðar á dagskrána, mun það tæplega verða afgr. En úr því að hv. þm. óskar þess, þá get ég bætt því við á dagskrána.

**Jón Þorláksson:** Ég vil taka undir með hv. 2. landsk., að mér finnst nær að taka þetta mál á dagskrá mánudagsins heldur en frv. um löggæzlu, sem var gerbreytt hér við 2. umr. í gær. Með því að hraða slíku máli svo mjög gefst ekki svigrúm til að bera fram brtt. við það, þannig að þær geti legið fyrir til útbýtingar fyrir fund á mánudag. Mér finnst nær, að hæstv. forseti gefi svigrúm til þess, að þær brtt. geti komið fram.

**Forseti (GÓ):** Ég veit ekki betur en að það hafi alltaf fengizt, að mál væru tekin á dagskrá, þegar beðið hefir verið um það. Ég held, að ég hafi alltaf verið liðlegur í því efni, og ég skal bæta þessu frv. um Sogsvirkjunina á dagskrána. **(JakM:** Þá eru allir sáttir). Já, eins og vant er að vera, þetta er ekkert ófriðarheimili. — Annars skal ég taka það fram, að ég hefi nú séð mig um hönd og ákveðið að láta frv. um löggæzlu ekki vera á dagskrá á mánudag.

Á 66. fundi í Ed., 8. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 549, 559, 571).

**Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Ég á hér brtt. á þskj. 559, sem er ekki annað en lagfæring á orðalagi, sem brenglaðist í frv. við það, að brtt. við 3. gr. þess var samþ. við 2. umr. Hér er því ekki um neina efnisbreyt. að ræða. Um brtt. á þskj. 571 ætla ég að geyma mér að tala, þangað til flm. hafa gert grein fyrir henni, ef þeim þykir það þá ómaksins vert.

**Jón Baldvinsson:** Ég hafði ráðgert að bera fram brtt. við frv. þetta við þessa 3. umr., en hefi horfið frá því vegna þess, að verði frv. samþ. eins og það er nú, geri ég ekki ráð fyrir, að nokkrum haldist uppi að tefja framkvæmd þess, ef heimildin verður sett í lög. Það, sem fyrir mér vakti, var það, að hafizt yrði handa um framkvæmdir á næsta sumri, því að mér þykir sennilegt, að verði frv. samþ., þá hljóti bæjarfélagið að hefja allan nauðsynlegan undirbúning, sem 3. gr. gerir

ráð fyrir. Myndi það verða mikil bót hvað atvinnu snertir.

Ég vænti þess jafnframt, að rannsókn þeirri, sem gera á í sumar, verði flýtt svo, að á sumarmánuðunum verði byrjað á vegagerðinni, sem nauðsynleg er vegna aðdráttanna. Af þessum ástæðum hefi ég fallið frá að bera fram brtt. nú, enda mun verða hægt að koma henni að í Nd., ef málið tekur einhverjum breytingum.

Hvað snertir brtt. um að lækka fjárhæðina, sem ríkissjóður má ábyrgjast, þá má vel vera, að 7 millj. sé ekki sú nákvæmlega rétta upphæð, sem nauðsynleg er, enda stendur í frv. allt að 7 millj. kr. En að ákveða lægri upphæð er sama og binda við einhvern sérstakan stað virkjun á Soginu, en það er einmitt það, sem ég vil koma í veg fyrir, að sé gert, en nú er það komið inn í frv., að virkjunin er ekki bundin við neinn sérstakan stað. Það má vel vera, að horfið verði að því ráði að virkja Sogið eins og hv. 1. landsk. hefir farið fram á í till. sínum, að rannsókn lokinni, en ennþá er ekkert það komið fram, sem bendir til, að svo verði gert. Ég tel því till. þessa til skemmdar á frv., ef hún verður samþ., og vil því mælast til, að hún verði felld, en frv. samþ. með brtt. hv. 1. landsk., sem er aðeins lagfæring á máli.

**Magnús Torfason:** Ég hefi hingað til ekkert lagt til þessa máls, þó snertir það allmjög það kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, og það er því víst, að Árnesingar fylgja því með mikilli athygli.

Mál þetta hefir verið lengi á döfinni, og hafa ýmsar botnveltur orðið á því. Það hefir verið járnbrautarmál nr. 2. En nú virðist vera kominn skriður á það, þar sem tveir aðalstjórnmálaflokkarnir hér í Rvík hafa tekið höndum saman um að beina því áfram. Að vísu hefir maður orðið að hlusta á sér til leiðinda, að samkomulagið á milli formanna flokkanna hefir ekki verið eins gott og við hefði mátt búast. En það verður að skoða þessar bréfkúlur, sem þeir hafa sent á milli sín, frekar sem eftirhreytur gamalla glettinga en alvöru, því að óreyndu dettur víst engum í hug, að hér sé um leikaraskap að ræða í sambandi við það, að komið sé nærri kosningum.

Ég get ekki annað en lýst ánægju minni yfir því, að mál þetta skuli vera komið á þennan rekspöl, því að nú verður maður að vænta þess, að ekki líði langt þangað til hafizt verði handa um framkvæmdir. Þess vegna fylgi ég því eindregið og lít svo á, að ekki megi gera neitt því til tálmunar, og jafnframt, að ekki megi setja neitt það í frv., sem bendi til þess, að ein lausn þess sé nær en önnur, á meðan rannsókn hefir ekki farið fram að fullu og öllu.

Í þessu sambandi virðist mér rétt að geta þess, vegna hinna væntanlegu flutninga vegna virkjunarinnar, að það hefir komið á daginn, að öll þungavara, sem fara á austur yfir fjall, fæst miklu ódýrari frá Eyrarbakka heldur en héðan frá Rvík, sakir þess, að flutningskostnaðurinn er miklu minni frá Eyrarbakka. Þannig hefir t. d. allt efnið í Markarfljótsbrúna verið flutt upp til Eyrarbakka, af því að flutningur þaðan er miklu ódýrari en frá Rvík. Ég tek þetta fram til athugunar fyrir þá menn, sem um það fá að fjalla síðar. Ég álít, að hér gæti verið um ekki óverulegan sparnað að ræða, sérstaklega ef Neðra-Sogið yrði tekið til virkjunar, og jafnvel hvort sem er.

**Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Það er ánægjulegt að heyra það, að hv. 2. þm. Árn. lýsir yfir fylgi sínu við þetta mál, og sízt skal ég verða til þess að vekja nokkrar ýfingar út af því, sem á undan er gengið, þegar málinu er þannig komið sem nú er.

Hv. þm. gerði að umtalsefni hnútur, sem farið hefðu milli mín og hv. 2. landsk. út af þessu máli. Ég vil taka það fram, að ég tek ekki neitt til mín af þeim ummælum hv. þm., hvað sem kann að eiga við um hv. 2. landsk. Ég held, að ég geti sagt hv. 2. þm. Árn., að það er enginn ágreiningur milli mín og hv. 2. landsk. um þetta mál. Hitt er ekki nema mannlegt, þó brydda kunni á því, að hvor um sig kunni að vilja eigna sér og sínu fólki heiðurinn af framgangi þessa máls. En það kalla ég ekki hnippingar, og það er ekki sprottið af neinum ágreiningi.

Hv. 2. þm. Árn. gerði ráð fyrir því, að heppilegra kynni að vera að setja eitthvað af efni til virkjunarinnar upp á

Eyrarbakka heldur en í Rvík. Það getur vel verið, að eitthvað kunni að vera til í þessu. Annars skal ég taka það fram, að ákvæðin um vegabætur, sbr. 3. gr., eru upphaflega miðuð við það að gera mögulegt að koma þyngstu stykkjunum að orkuverinu. Þessi stykki eru svo þung, að gert er ráð fyrir, að þær brýr, sem eru á núv. vegum, séu ekki nægilega styrkar til þess að þola þann flutning, og eru þessar vegabætur hugsaðar til þess að styrkja þessar brýr. Mér finnst nokkuð hæpið, að hægt sé að gera ráð fyrir því, að þessum þyngstu stykkjum verði skipað í land á Eyrarbakka með þeim tækjum, sem þar eru fyrir hendi, en auðvitað ætla ég mér ekki að leggja neinn dóm á það, og verður það vitanlega á valdi verkfræðinganna að ákveða það.

Það hefir ekki verið minnzt á brtt. 571, frá hv. 2. þm. Eyf. og hv. 2. þm. S.-M., af neinum, hvorki hv. flm. eða öðrum, og geri ég það því ótilkvaddur, ef svo mætti segja, en brtt. þessi er á þá leið, að ábyrgðarheimild ríkisins sé færð niður úr allt að 7 millj. kr. í allt að 4 millj. kr. Ég vil vekja athygli hv. flm. á því, að úr því felld var hér við 2. umr. till. um að miða lögin við þarfir Rvíkur einnar, og úr því að 6. og 7. gr. frv. standa enn óbreyttar, þá er burt fallin sérhver ástæða fyrir því að færa ábyrgðarheimildina niður eða takmarka þá upphæð, sem ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast í fyrirtækinu, vegna þess, að eftir 6. og 7. gr. er ríkissjóði skylt að ábyrgjast fyrir Rvík það, sem til virkjunarinnar þarf, þangað til fallvatnið er að hálfu leyti virkjað, en eftir það á ríkissjóður ekki aðeins að ábyrgjast það, sem til virkjunarinnar þarf, heldur á hann þá einnig að leggja fé til hennar að nokkru leyti, þar til hún er fullgerð. Þannig er ríkissjóður skyldugur að ábyrgjast fyrir Rvík kostnaðinn við fyrra helming verksins, en úr því er ríkissjóður hliðstæður aðili í fyrirtækinu. Þegar svo er um búið, sýnist alveg meiningarlaust að vera að binda hendur ríkisstj. um það, hvort byrjunarábyrgð á fyrirtækinu skuli vera há eða lág, því það gæti orðið til tjóns fyrir alla aðila. Það er áreiðanlegt, að sú leið verður valin, sem að fenginni rannsókn verður talin heppilegust, miðað við nútíðarþörf og framtíðarnotkun á aflinu. Nú hefir annar þessara hv. flm. flutt brtt. um það, að byrja skuli frekar á Neðra-Soginu, sem er stærra fallvatn heldur en Efra-Sogið og því dýrari virkjun. Ég álít ekki rétt að binda hendur stj. um það, hvor staðurinn verði heldur tekinn, en ég vil vekja athygli á því, að ef Neðra-Sogið verður samþ., þá er þar með ríkissjóður bundinn við stærra fyrirtækið. Ef ákveðin er niðurfærsla á byrjunarupphæðinni, þá mun það frekar verða til þess, að tekið verði minna fallvatnið til virkjunar. Það segir sig nokkurnveginn sjálft, að á hverju stigi þarf minni upphæð, því smærra sem fyrirtækið er. Nú skilst mér eftir brtt. hv. 2. þm. S.-M., að hann kjósi frekar, að tekið verði stærra fallvatnið, en þá finnst mér, að hann ætti ekki samtímis að koma með aðra till. um að minnka byrjunarupphæðina. Það getur vel verið, að réttara sé að ráðast í að virkja stærra fallvatnið, en ef að því á að vinna, þá álít ég vera óráð að byrja á því að minnka ábyrgðarheimildina.

**Ingvar Pálmason:** Ég hafði ekki hugsað mér að tala fyrir brtt. okkar hv. 2. þm. Eyf. Hún skýrir sig fyllilega sjálf, enda er hún beint framhald af því, sem ég sagði hér við 2. umr. málsins. En nú hefir hv. 1. landsk. talað á móti henni. Ég hefði nú í sjálfu sér ekki haft neitt við það að athuga, ef hann hefði gert það af því, að fyrir lægi eitthvað um það, að upphæðin, sem nefnd er í brtt., væri of lág. En nú er það ekki svo, enda sagði hann það ekki. Það mundi líka vera allerfitt að halda því fram, meðan engar ábyggilegar áætlanir liggja fyrir, er sýni, að þessi upphæð sé ekki nóg. En aðalröksemdir hv. þm. voru þær, að þar sem útlit væri fyrir, að frv. yrði að lögum, og þar sem gert er ráð fyrir því í frv., að ríkissjóði verði gert að skyldu að verða aðili í fyrirtækinu, þá taldi hann meiningarlaust að vera á nokkurn hátt að binda með tölum ábyrgð ríkissjóðs. En ef þetta er rétt, þá er líka meiningarlaust að hafa nokkra upphæð tiltekna, ekki heldur 7 millj. Nú er það viðurkennt af hv. 1. landsk., að líkur séu til, að 4 millj. kr. muni vera nær þeirri upphæð, sem þarf til fyrirtækisins, held-

ur en sú upphæð, sem nefnd er í frv. Hann hefir kannazt við það í nál., að 5 millj. muni sennilega duga. (**JónÞ:** En 4 millj. nægja ekki). Það má vera, en ég álít, að hvorugur okkar geti þó um það sagt, því að ekkert liggur fyrir í málinu, sem úr því skeri. Eins og ég gat um við 2. umr., þá álít ég, að áætlunin um Neðra-Sogið sé aðgengilegri en hin; frá mínu leikmannssjónarmiði lítur það þannig út. Þar er gert ráð fyrir, að virkjunin sjálf þurfi ekki að kosta nema 3 millj. kr. Nú hefir hv. 1. landsk. haldið því fram, að stöð samkv. þessari áætlun væri of smá, bæði væri spennan of lág, og sömuleiðis vélasamstæðurnar of litlar. Nú hefi ég það frá sérfróðum manni, sem setið hefir fundi með n. um þetta mál, að auðvelt sé að bæta úr þessu hvorutveggja. N. spurði hann, hvað það mundi kosta, og svaraði hann því ekki alveg ákveðið, en taldi, að það mundi ekki verða nema nokkrir tugir þúsunda. Það er því svo langt frá að vera rétt, að brtt. okkar hv. 2. þm. Eyf. sé bending um að taka heldur Efra-Sogið. Ég álít, að það eigi að taka þann staðinn, sem álitlegri er, en till. um 4 millj. kr. er alls ekki miðuð við Efra-Sogið fremur en hið neðra, og eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, eru miklar líkur til, að einmitt sú upphæð muni nægja. Ég skal játa, að þar um eru náttúrlega getgátur á báðar hliðar, og úr því svo er ástatt, virðist skynsamlegra að hafa upphæðina ekki hærri en líkur eru til, að hún þurfi að vera.

Ég hefi yfirleitt ekki orðið var við þann hugsunarhátt hjá hv. þdm. á þessu þingi eins og hjá kerlingunni, sem sagði: „Sjóddu bara nóg“, nema hjá hv. 1. landsk. í síðustu ræðu hans, en eftir hans skoðun þar væri réttast að strika alveg út úr frv. 7 millj. kr. hámarkið. Annars má segja um þetta mál, að það sé alveg í lausu lofti enn, og því sé hyggilegast fyrir þá, sem lítið vita í málinu, að vera með því að taka lægri upphæðina.

**Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Það er misskilningur hjá hv. 2. þm. S.-M., að ég hafi talað á móti því, að ábyrgðarheimild ríkissjóðs verði miðuð við ákveðna tölu, heldur þvert á móti, en ég talaði á móti því, að samþ. væri sú tala, sem meiri hl. n. leggur til, að ákveðin verði. Ég hélt því fram, að það væru ekki nægileg rök fyrir því að lækka heimildina úr 7 millj. kr. Þó svo færi, að lánsupphæð til virkjunarinnar yrði eitthvað lægri en 7 millj., þá tel ég það ekkert ólán. En hitt væri ólán, ef ábyrgðarheimildin yrði ákveðin svo lág, að málið þyrfti að stranda á því. Af þessari ástæðu tel ég réttara að láta 7 millj. kr. upphæðina standa óbreytta heldur en setja málið í hættu með því að færa ábyrgðarheimildina niður í 4 millj. kr.

ATKVGR.

Brtt. 559 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 571 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JónJ, JónasJ, PHerm, EÁrna, GÓ.

nei: HSteins, JakM, JBald, JónÞ, MT, PM, BSn, GL.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 69. fundi í Nd., 9. maí, var frv. útþýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 596).

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 596, n. 820).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Fjhn. hefir athugað þetta frv. og gefið út um það sameiginlegt nál., þó að það kunni að vera, að einstakir nm. hafi sérstöðu um það, og þar á meðal form. n., sem hefir nú lýst sinni skoðun á þessu máli með því að bera fram sérstakt frv. á þskj. 824.

Þegar þetta mál var rætt í n., þótti

nokkuð orka tvímælis um það, hver nauðsyn væri að hraða afgreiðslu þess nú á þessu þingi. Ég hefi seinna leitað mér upplýsinga um það, hvað það þýðir, ef málið verður ekki afgr. fyrr en á næsta þingi.

Ég hefi talað um það við borgarstjórann í Rvík, hv. 1. landsk., og fengið þær upplýsingar, að það skiptir miklu máli, hvort frv. er samþ. nú eða látið bíða.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja drög þessa máls almennt; það hefir svo mikið verið um það talað, að það ætti að vera hv. dm. kunnugt. En ég vil skýra frá því, hvaða rök liggja til þess, að það er æskilegt, að málið fái afgreiðslu nú á þessu þingi.

Eins og hv. þdm. sjá, er í 3. gr. frv. gert ráð fyrir því, að lagður verði vegur meðfram Þingvallavatni í sambandi við nauðsynlega flutninga vegna virkjunar Sogsins. Það má gera ráð fyrir því, að ef frv. nær staðfestingu Alþingis, þá verði þegar á þessu sumri hafizt handa um að leggja þennan veg. Eins og nú horfir um atvinnu almennings í landinu, orkar það ekki tvímælis, að það út af fyrir sig mælir mjög með því, að frv. nái samþykki þingins nú þegar. Ég vil ennfremur geta þess, að auk þess, sem það er nauðsynlegt vegna virkjunar Sogsins, að leggja þennan veg, þá er það engu síður nauðsynlegt, hvar svo sem það verður virkjað, eingöngu vegna ferðamanna. Auk þess, sem lagning þessa vegar skiptir verulegu máli, vil ég benda á það, að nái þetta frv. samþykki þessa Alþingis, þá verður þegar hafizt handa um lánsumleitanir. Það er gert ráð fyrir því, að bæjarstj. verði búin að fá áætlun sérfræðinganna um virkjunina um næstu áramót. Ef leyfið verður þá fyrir hendi, verður þegar hægt að bjóða út verkið og samtímis undirbúa lántökuna. Verði þetta gert upp úr áramótunum næstu, verður hægt að hefjast handa með fullum krafti á næsta sumri. En verði horfið að því ráði að fresta afgreiðslu þessa máls þangað til á næsta þingi, þá verður þetta ekki hægt, því að þá verður of naumur tíminn með að bjóða út verkið og leita fyrir sér um lántöku. Það er álit þeirra manna, sem kunnugastir eru, að það sé ekki hægt að leita tilboða um lántökuna, nema fyrir liggi skýlaus lagafyrirmæli þessu til staðfestingar. Það hefir einu sinni verið gert, og það þykir ekki tiltækilegt að fara þess á leit aftur án þess að ábyrgðarheimild sé fyrir hendi.

Ég vil ennfremur benda á það, að eins og kunnugt er, er peningamarkaðurinn hagstæður eins og stendur. Það getur skipt miklu fyrir Rvík, hvort hún fær að njóta þessarar aðstöðu, eða að málinu verði seinkað um eitt ár, og þá má vera, að peningamarkaðurinn verði breyttur. Þess vegna er það ákjósanlegast, að Alþingi sjái sér fært að afgr. þetta mál nú þegar.

Ég býst við, að það sé hv. dm. kunnugt, að Eimskipafélag Íslands hefir verið að leita fyrir sér um lán erlendis. Framkvæmdarstjóri þess hefir nú tekið lán fyrir félagið með óvenjulega hagstæðum kjörum. Úr því að einstök félög geta fengið svona hagstæð kjör, þá er engin ástæða til að ætla, að bæjarstj. Rvíkur geti ekki fengið slík kjör, ef ábyrgð ríkissjóðs stendur á bak við.

Ég vil því leyfa mér að mælast til þess, að d. sjái sér fært að afgr. þetta mál tafarlaust, en sé ekki ástæðu að öðru leyti að fjölyrða mikið um efni þess.

**Halldór Stefánsson:** Um þetta mál höfum við afgr. sameiginlegt nál., vegna þess að við erum sammála um eitt atriði, og það er það, að það sé nauðsyn fyrir Rvík að virkja Sogið fyrr heldur en seinna.

Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara og er sá nefndarmaðurinn, sem getið er um, að vilji leysa málið á annan hátt, sem sjá má á frv. því, sem ég flyt á þskj. 824.

Fyrirvari minn gildir það, að ég tel réttara að leysa raforkuþörf Rvíkur og annara héraða með sameiginlegum ráðstöfunum, en ekki einstaklegum ráðstöfunum fyrir hvert hérað. Og það er einmitt það, sem í till. mínum í frv. felst.

Ég get ekki komizt hjá því að minnast nokkuð á efni frv. míns um leið og ég geri grein fyrir afstöðu minni til frv., sem fyrir liggur. Vona ég að hæstv. forseti leyfi það.

Eins og ég sagði áðan, þá hefi ég hugs-

að mér, að raforkumál þeirra, sem hafa skilyrði og brýna þörf fyrir raforku meira en nú hafa þeir, séu leyst með sameiginlegum ráðstöfunum. Það, sem ég legg til, að verði gert, er, að stofnaður sé sérstakur rafveitulánasjóður, og leggi ríkið honum til nokkurt stofnfé. Sjóðurinn geti svo aukizt smátt og smátt fyrir ýms tillög, sem honum eru ætluð. Rafveitulánasjóður taki lán með ríkisábyrgð, og veiti svo aftur lán þeim, sem óska, til framkvæmda í þessu efni, og hafa skilyrði til þess. Með þessu fyrirkomulagi væri veittur jafn styrkur og aðstoð öllum þeim, sem aðstöðu og skilyrði hafa til slíkra framkvæmda sem þessara. Hugmyndin um fyrirkomulag þessa sjóðs fer mjög nærri þeirri hugmynd, sem liggur að baki veðdeildum bankanna. Hún virðist geta átt alveg eins við um rafveitufranikvæmdir eins og um framkvæmdir til byggingar húsa, því að þetta eiga og þurfa að vera fyrirtæki, sem bera sig, engu síður en húsin, sem reist eru. Það er mín hugmynd, að þessi sjóður geti eflzt að fé með tillögum frá þeim, sem lán fá úr sjóðnum, á sama hátt og þeir, sem taka lán hjá veðdeildum bankanna, leggja til varasjóðs, og þessi sjóður gæti svo, þegar tímar líða, orðið þess megnugur að styrkja þau raforkufyrirtæki, sem erfiðari eiga aðstöðu til þess að bera sig, svo sem eins og raforkufyrirtæki úti um sveitir landsins.

Það má telja það vafasamt, að það sé nokkur þörf á því, að þetta mál nái fram að ganga nú á þessu þingi, og skal ég aðeins benda á það, að hér í Rvík er ekki búið að ná samkomulagi um það, hvar og hvernig eigi að virkja Sogið.

Þessi atriði er verið að rannsaka nú í sumar, og ég hefi séð þess getið hér í bæjarblöðunum, að þeirri rannsókn muni ekki verða lokið fyrr en undir næstu áramót. Og þar sem þingið á nú að koma saman alllöngu áður en gæti orðið hafizt handa með verkið, þá sé ég ekki þörf á, að frv. nái fram að ganga að þessu sinni.

Ef frv. eins og það nú liggur fyrir ætti að ná samþykki þingsins, þá hefi ég nokkrar sérstakar aths. að gera við það. Verði það afgr. hér við þessa umr., má vera, að ég beri fram við 3. umr. brtt. um þau atriði.

Hv. frsm. n. taldi það nauðsyn, að málið næði fram að ganga á þessu þingi, til þess að undirbúningsframkvæmdir á því þyrftu ekki að tefjast. Ég hefi nú áður vikið nokkuð að þessu atriði. Það gæti ekki verið um aðra nauðsyn að ræða fyrir því, að málið verði afgr. nú heldur en hina fyrirhuguðu vegagerð að virkjunarstaðnum.

Það er nú fyrst og fremst ekki útkljáð mál enn, hvar Sogið verði virkjað, og í öðru lagi hefi ég heyrt mismunandi álit manna um það, hvar vegurinn skuli lagður, þó að virkjað verði Efra-Sogið. Sumir telja, að það eigi að leggja veginn af Þingvallaveginum austan Þingvallavatns þangað suður, en aðrir telja, að hægt sé að fara styttri leið og leggja veginn út af Hellisheiðarveginum sem styzta leið til virkjunarstaðarins. Ég er ekki kunnugur þessu atriði sjálfur og get því ekki dæmt um það af neinni þekkingu. En þeir, sem því eru kunnugir, eru ekki á sama máli. Hinsvegar mætti e. t. v. byrja eitthvað á þessari vegagerð, þó að ekki sé fullvíst, hvar Sogið verður virkjað, en henni verður ekki lokið fyrr en búið er að ákveða, hvar það verður virkjað.

Þessi vegagerð væri náttúrlega góð til atvinnubóta, ef þeirra væri þörf nú um hásumarið, en ég vil telja líklegt, að það verði engu rýrari atvinna á þessu sumri heldur en venjulega hefir verið. Það er áformað að halda uppi allverulegum framkvæmdum, sem veitt er fé til í fjárl., og auk þess mun allmikið verða unnið að vega- og brúargerðum fyrir lánsfé, svo að ég get vel hugsað, að engu verra sé að eiga þessar atvinnubætur til góða þangað til frekari nauðsyn krefði.

Hv. frsm. nefndi til stuðnings því, að frv. næði fram að ganga, að nú væri sérstaklega góð aðstaða til lántöku. Ég heyri þetta nú í fyrsta sinn, því að hingað til hefir verið sagt, að ekki væri hægt að fá lán erlendis, og m. a. minnist ég þess, að hæstv. forsrh. gat þess út af því, þegar verið var að tala um að taka lán til að borga með enska lánið frá 1921. A. m. k. þegar hann var erlendis síðast, voru engin skilyrði til þess. Það má vel vera, að þetta sé breytt nú; ég ætla ekki að bera á móti því, sem hv. þm. sagði um það efni.

Ég hefi þá í stuttu máli gert grein fyrir minni afstöðu til þessa máls og rætt um þær helztu aths., sem ég geri við einstök atriði frv., og vil ég að lokum aðeins endurtaka það álit mitt, sem ég byggi afstöðu mína á, að það sé engin nauðsyn að afgr. málið á þessu þingi, það þurfi ekki að verða neitt til þess að tefja framkvæmd þessarar fyrirhuguðu Sogsvirkjunar, og í öðru lagi tel ég, að það megi koma miklu betur og eðlilegar fyrir þeim stuðningi, sem ríkið er megnugt að veita í þessu skyni, þannig að það komi að jafnari notum þeim, sem skilyrði hafa til slíkra framkvæmda og til þeirra hugsa.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Það eru aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hv. 1. þm. N.-M. Ég get a. m. k. ekki að svo stöddu aðhyllzt þær leiðir, sem hann leggur til, að farnar verði í þessu máli, en ég sé heldur ekki ástæðu til þess að fara langt út í það mál. Það getur verið, að þær leiðir, sem hv. þm. bendir á, séu heppilegar í framtíðinni, en þetta mál þolir enga bið, og þess vegna er ekki hægt að hafa gott af þeim ráðum, sem hann stingur upp á í sínu frv. að því er afgreiðslu þessa máls snertir.

Af þeim einstökum atriðum, sem hv. þm. gat um, veitti ég því sérstaklega athygli, að hann taldi, að það væri óráðið, hvar ætti að leggja veginn. Ég hefi alla mína vizku í þessu efni úr borgarstjóranum í Rvík, sem taldi það víst, að vegurinn mundi verða lagður meðfram Þingvallavatni, og svo sagði hann einnig, að ef frv. yrði samþ., mundi þegar verða hafizt handa um framkvæmdir á þessu sumri.

Um það, hvort þörf er á þessu vegna atvinnuleysis, skal ég ekki fjölyrða, en ég hefi, eins og margir aðrir, borið kvíðboga fyrir því, að atvinnan yrði ekki mikil í sumar, og ég held, að það væri ástæða til þess að fagna hverjum þeim ráðstöfunum, sem gætu orðið til þess að auka atvinnu fólksins. En auk þess vil ég leggja áherzlu á það, sem ég áður sagði, að þó að menn leggi ekki mikið upp úr atvinnubótum á þessu sumri, þá er það fyrirsjáanlegt, að verði þetta ekki afgr. fyrr en á næsta þingi, verður of lítill tími til þess að undirbúa framkvæmd verksins, svo að það geti orðið framkvæmt á næsta sumri.

Um það, að lánskjörin mundu vera heppileg eins og stæði, vísa ég til þess, sem ég sagði áðan. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að sér væri ekki kunnugt um þessi góðu lánskjör. En ég styðst við þá staðreynd, að Eimskipafélagið tók 60 þús. £ lán, en mér er ekki heimilt að upplýsa, með hvaða kjörum það var, en svo mikið get ég sagt, að þau voru óvenju góð. Það gefur mér tilefni til að halda, að Rvíkurbær geti náð hagkvæmum kjörum, þegar ríkisábyrgð stendur að baki. Lánveitandi Eimskipafélagsins er vátryggingafélag í Englandi, sem heitir Royal Exchange.

Þó að ekki sé annað en þessi góði peningamarkaður erlendis, er það eitt nægilegt til þess að hvetja þingið til að hraða afgreiðslu þessa máls, og þegar svo bætast við önnur rök, þá vænti ég þess, að hv. deild geti fallizt á, að málið verði afgr. nú á þessu þingi.

**Héðinn Valdimarsson:** Þar sem samþ. voru brtt. frá hv. 2. landsk. við þetta frv. í Ed., getum við jafnaðarmennirnir samþ. frv. eins og það er og af þeim ástæðum, sem um var getið í Ed., þegar frv. var þar til umr.

**Halldór Stefánsson:** Ég ætla ekki að hefja neinar deilur um þetta mál, en vil þó drepa á einstök atriði í ræðu hv. frsm.

Það er þá fyrst um vegina. Ég efa eigi, að hv. frsm. fari rétt með, hvert álit borgarstjórans sé um þetta, enda hefir svo verið lengi áætlað, að vegurinn eigi að liggja þar, sem hann gat um. En ég hefi þó heyrt aðra halda fram annari leið, sem sé styttri og heppilegri, en það er að taka veginn út af Hellisheiðarveginum. Ef það er rétt, sem mér hefir verið tjáð um þessa leið, þá getur verið mjög mikið álitamál, hvor leiðin er heppilegri. Syðri leiðin hefir þann kost að vera meira lögð um byggðir. Hin leiðin er styttri og hagkvæm fyrir samgöngur í efri hluta Árnessýslu, þar sem hún styttir leiðina þangað um ca. 30 km.

Ég get sagt hið sama og hv. frsm., að ég fagna öllu því, sem stefnir að atvinnubótum, bæði á þessu sumri og endranær.

En til þess að ekki verði minna um vinnu á næstu árum, verður að halda áfram með samskonar ráðstafanir og ekki minni en nú hafa verið gerðar vegna þessa sumars. Hefir það verið gert nú á ýmsan hátt, með vegagerðum eftir fjárl., svo sem venja er, en líka með lántökum til samgöngubóta. Ég er hræddur um, að vöntun kunni að verða á sambærilegum ráðstöfunum til atvinnubóta á næstu árum. Að nú sé völ óvenjulega hagstæðra lánskjara, vil ég á engan hátt vefengja. En þá vil ég leyfa mér að vekja athygli hæstv. ríkisstj. á því, ef peningamarkaðurinn er orðinn svona hagstæður til lántöku, að hún leiti þá fyrir sér um hagstæð lán til að greiða eldri og óhagstæðari lán, svo sem er um lánið frá 1921.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 596, 848).

**Halldór Stefánsson:** Ég hefi borið fram nokkrar brtt. við frv. á þskj. 848, sem ég tel, að betur færi, að samþ. yrðu, ef frv. á að verða afgr. nú. Vil ég gera stuttlega grein fyrir þeim. 1. brtt. er við 3. gr., að gr. falli niður. Efni þessarar gr. er tvennskonar: Í 1. lagi það, að ríkisstj. skuli láta gera nokkrar vegaframkvæmdir, kosta veg vegna virkjunarinnar. Í 2. lagi, að ef orkuverið verður reist við Efra-Sogið, þá megi telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra-Sogi, sem Reykjavíkurbær hefir keypt af eigendum Úlfljótsvatns. Þessi ákvæði eru bæði óþörf til þess að frv. nái tilgangi sínum. Ákvæðið um það, að ríkisstj. skuli hefjast handa um þetta verk, er algerlega óþarft, — bærinn getur sjálfur látið gera það, — og eins hitt, að verið sé að styrkja þetta fyrirtæki með fjárframlagi úr ríkissjóði. Hefir því lengi verið haldið fram, að þetta fyrirtæki sé byggt á fjárhagslega traustum grundvelli, og ef svo er, þá er óeðlilegt og algerlega óréttmætt, að ríkissjóður sé að styrkja það. Við verðum stundum hér á þingi að fallast á að styrkja fyrirtæki með fjárframlögum úr ríkissjóði, en þá verður í fyrsta lagi að færa rök að því, að fyrirtækið sé þarflegt, og í öðru lagi, að það hafi ekki nægilegt bolmagn til þess að hefjast af eigin rammleik, ekki nægilega traustan fjárhagslegan grundvöll til þess að það geti borið sig án þess að fá stuðning. Nú verður með sanni sagt um Sogsvirkjunina, að hún er þarflegt fyrirtæki, en það hefir alltaf verið talið fyrirtæki, sem mundi bera sig vel fjárhagslega, og þá væri skapað slæmt fordæmi með því að styrkja það með fjárframlögum úr ríkissjóði. Það er nógu erfitt fyrir ríkissjóð að styrkja þau fyrirtæki, sem berjast í bökkum, þó ekki væri farið líka að styðja þau, sem hægt er að byggja á traustum grundvelli. Síðara atriðið, að leita lögleyfis fyrir Rvíkurbæ til vatnsréttinda, virðist óeðlilegt og óþarft, nema hér liggi fiskur undir steini, sem menn fá ekki að vita um, svo sem vatnsréttindi væru svo óheyrilega dýr, að ekki næði nokkurri átt, en jafnvel þó að svo væri, þá væri þetta samt óþarfi, þar sem Rvíkurbær hlýtur að mega telja þessa sína eigin eign með í stofnkostnaði síns eigin fyrirtækis.

2. brtt. mín er við 6. gr., að orðin „að viðbættum 10%“ falli niður. Hér er um það að ræða, ef einhverjar orkuveitur yrðu gerðar út frá þessu fyrirtæki, þá er skv. frv. Rvík heimilt að leggja á stofnkostnaðinn allt að 10%. Mér virðist, úr því leitað er styrks úr ríkissjóði til þess að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd, að þá sé óeðlilegt, ef einhverjir aðrir vilja kaupa orku, þá sé bænum heimilt að leggja álag eða skatt á verð þeirrar orku. Mér sýnist ekki mætti minna vera en að orkan yrði látin af hendi með kostnaðarverði. Annarsstaðar í frv. stendur, að bændum sé skylt að láta í té orku til almennra nota við kostnaðarverði, og það ætti að vera nóg, enda eðlilegast.

Ég gat þess við 2. umr., að ég hefði borið fram till. um aðra lausn á þessu máli, sem felur í sér allt aðra hugsun. Ég hefi borið fram þá hugsun, að þær orkuveitur, sem fyrst eru gerðar, væru látnar styðja þær, sem síðar kæmu og hefðu fjárhagslega veikari grundvöll. Fyrir-

myndina fyrir þessari hugsun má finna í veðdeildunum. Ég vona, hvernig sem fer um aðrar brtt. mínar, þá verði þó litið á þessa tillögu. Ég vona, að menn fallist ekki á þá hugsun, sem frv. felur í sér, að því fyrirtæki, sem fjárhagslega er traustast, verði leyft að leggja á hin, sem síðar koma og veikari eru.

3. brtt. mín er við 7. gr. 3. málsgr., sem orðuð er um. Þar segir svo: „Nú hefir virkjuninni safnazt varasjóður þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkv. þessari grein, og verður hann þá óskipt eign fyrirtækisins".

Það er sem sé gert ráð fyrir því, að aðrir en Rvík fái orku úr veitunum og ríkið gerist meðeigandi fyrirtækisins. Þá er ekki í samræmi við rétta hugsun, að sá hluti varasjóðs, sem safnazt hefir af Rvík, skuli haldast í eigu Rvíkur, en ríkissjóður slá eign sinni á þann hluta sjóðsins, sem hefir safnazt utan Rvíkur. Annað tveggja væri rétt, að Rvík héldi sínum hluta varasjóðs eftir sem áður, og þátttakendur utan Rvíkur sínum, eða þá, eins og ég vil, að varasjóður haldi áfram að vera sameign. Það væri slæmt, ef hægt væri að benda á, að löggjöfin væri hlutdræg, ef hægt væri að benda á, að Rvík væri ætlaður annar og meiri réttur en öðrum þátttakendum í fyrirtækinu.

Ég læt svo þessa gagnrýni á frv. nægja og vænti, að hv. þdm. hafi skilizt, að þetta eru allt saman mjög nauðsynlegar leiðréttingar og lagfæringar, og ef þessar brtt. verða samþ., þá tel ég ekki mjög varhugavert, þó frv. verði samþ. En ef þær verða ekki samþ., þá teldi ég ófært, að frv. yrði að lögum, enda held ég því fram, að ekki sé brýn nauðsyn til þess, að það gangi fram á þessu ári.

**Frsm. (Ólafur Thors):** Eins og gefur að skilja, hefir n. ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til þessara brtt. hv. 1. þm. N.-M., þar sem þær eru svo nýlega fram komnar.

Ég persónulega er á móti því, að 3. gr. verði felld niður, vegna þess, að ríkið kemur til með að hafa sérstakar tekjur af þessari vegalagningu, og það er því ekki nema eðlilegt, að það taki þátt í henni. Með þessari vegalagningu yrði ferðamönnum gert léttara fyrir um skemmtiferðalög, og mundi það því auka ferðamannastrauminn.

Um 2. brtt., að álagningin falli niður, er ég ekki heldur sammála hv. flm. Mér finnst réttara, að það fyrirtæki, sem tekur á sig áhættuna af stofnuninni, jafnvel þó að allar líkur séu til, að það verði arðvænt, að það taki sanngjarnt álag af þeim, sem síðar koma inn í fyrirtækið, með því að það gefur þeim þá aðstöðu til þess að verða aðnjótandi góðs og ódýrs rafmagns. Auk þess er vafamál, þegar rafmagn er selt við kostnaðarverði, hvort þar í beri að telja afborgun á fyrirtækinu.

3. brtt. get ég ekki heldur aðhyllzt; ég álít, að varasjóður verði að vera eign hvers aðila fyrir sig.

Um allar brtt. er það að segja, að þær skipta engu höfuðmáli, en ég get samt ekki verið þeim samþykkur, þó ég feginn vildi til samkomulags við hv. form. nefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 848,1 felld með 13:8 atkv.
— 848,2 felld með 14:8 atkv.
— 848,3 felld með 14:8 atkv.

Frv. samþ. með 21:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GÍ, HJ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, StgrS, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, JörB.

**nei:** HStef, SvbH, SvÓ, BKr.

Þrír þm. (IngB, JónasÞ, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 898).

## 74. Verðtollur (sérákvæði).

Á 84. fundi í Nd., 27. maí, var útbýtt:

**Frv. til l. um sérákvæði um verðtoll** (þmfrv., A. 808).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Frsm. (Halldór Stefánsson):** Fjhn. flytur þetta frv. fyrir tilmæli hæstv. fjmrh. Það er eingöngu afleiðing af brezku

samningunum og formsatriði eftir að gengið hefir verið að þeim.

Að því er tollákvæði hér á landi snertir, þá eru það 3 skilyrði í samningum við Breta, sem snerta þau. Fyrsta atriðið er, að við megum ekki hækka þungatoll af þeim vörum, sem taldar eru í 1. gr. frv.

Annað atriðið er, að við megum ekki hækka toll á þeim vörum, sem taldar eru í seinustu málsgr. gr.

Þriðja atriðið er að lækka toll á þeim vörum, sem taldar eru upp í 1. gr. frv. Á þeim vörum er nú 15% tollur, en hann á að lækka niður í 10%. Þetta er það eina atriði, sem breyta þarf í tollalöggjöfinni vegna brezka samningsins, og er frv. algerð afleiðing af því, sem þegar hefir verið gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 808).

Á 84. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Ed., 31. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 808, n. 877).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 909).

---

## 75. Óréttmætir verzlunarhættir.

Á 59. fundi í Nd., 27. apríl, var útbýtt:

**Frv. til l. til varnar óréttmætum verzlunarháttum** (þmfrv., A. 463).

Á 61. og 63. fundi í Nd., 29. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 3. maí, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Eins og frv. þetta ber með sér, er það flutt af allshn. eftir tilmælum Verzlunarráðs Íslands. Í grg. er sagt, hverjar orsakir eru til þess, að frv. er fram borið. Verzlunarráðið hefir séð um samningu þess. Hefir það síðan verið borið undir ýms sérfélög innan

verzlunarstéttarinnar og hlotið einróma samþykki þeirra.

Ég hefi reynt að kynna mér álit þeirra manna innan verzlunarstéttarinnar hér á þessu frv., sem ég veit, að bera heill og heiður verzlunarstéttarinnar íslenzku mjög fyrir brjósti. Og þeir hafa tjáð mér, að þeir teldu nauðsyn bera til að samþykkja löggjöf í þessa átt. Hefi ég ekki orðið annars var en verzlunarmenn yfirleitt hafi áhuga á því að færa löggjöf okkar að þessu leyti í svipað horf og hjá nágrannaþjóðum okkar. Það er vitanlegt, að frv. er samið að miklu leyti með tilliti til hliðstæðra laga í Danmörku. En dönsku lögin um þetta efni voru á sínum tíma mjög sniðin eftir þýzkri verzlunarlöggjöf, og í Þýzkalandi er talið, að löggjöfin, sem verzlunarmálefni snertir og siðgæði í verzlunarháttum yfir höfuð, sé á mjög háu stigi.

Hér á landi hefir vöxtur verzlunarstéttarinnar síðan verzlunarfrelsi var lögleitt verið allmikill. Og vitaskuld eru mörg dæmi þess í hinni hörðu samkeppni milli verzlunarfyrirtækja, að gengið hefir verið feti framar heldur en fyllilega er hægt að telja rétt, til þess að afla sér viðskipta, þ. e. a. s. að stundum hafa verið notaðar ýmsar aðferðir, sem ekki eru hollar viðskiptalífinu. T. d. hefir nokkuð borið á því, að reynt hefir verið að lokka menn til að kaupa vörur með því að gefa einhverskonar kaupbæti, e. t. v. alveg óskyldan þeirri vörutegund, sem verið er að reyna að koma út. Einnig hefir borið á því, að útsölur hafa verið notaðar óhæfilega mikið til þess að vekja athygli á sérstökum verzlunum. Hefir stundum verið gengið svo langt, að fullyrt hefir verið, að þessa eða hina verzlun ætti að leggja niður, og þess vegna ætti allt að seljast. Fólk hefir verið lokkað til að kaupa á þeim grundvelli, og svo hefir verzlunin haldið áfram eftir sem áður — aldrei ætlað að hætta.

Í þessu sambandi má nefna firma eitt hér í bænum, sem lagt hefir fyrir sig að framleiða og verzla með kaffibæti. Hefir það lagt fram stórfé í kaupbætisgjöfum, til þess að reyna að vinna bug á öðrum fyrirtækjum í sömu grein. Hinn heilbrigði hugsunarháttur í viðskiptalífinu virðist hinsvegar eiga að vera sá, að hver vörutegund skuli standa og falla með sínum eigin verðleikum, að ekki megi nota neinar uppbætur eða mútugjafir, sem auka söluna á öðrum grundvelli en þeim, að varan sé betri heldur en hliðstæður varningur hjá öðrum. Það er nauðsynlegt fyrir hina íslenzku verzlunarstétt að taka upp háttu þeirra þjóða í þessum efnum, sem standa okkur feti framar í verzlunarþekkingu og verzlunarþroska, og því er þetta frv. fram komið.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að þó allshn. í heild tæki að sér að flytja þetta mál, þá hafa einstakir menn innan hennar áskilið sér rétt til þess að koma með brtt. við frv.

Um einstakar gr. frv. þarf ég ekki að fjölyrða; þær eru skýrðar hver fyrir sig í grg. frv. Bannaðar eru allar óréttmætar auðkenningar á vörum og óhæfilegar auglýsingaaðferðir, sem fela í sér tilraunir til að blekkja almenning. Í 5. og 6. gr. eru til dæmis ákvæði um það, ef fólk er blekkt til að koma í verzlanir með auglýsingum um útsölur, sem í raun og veru eiga sér ekki stað. Þá er hér líka farið inn á svið uppboða. Í 7. gr. eru ákvæði, sem eiga að tryggja það, að rétt sé skýrt frá um það, hvaðan þeir munir eru, sem boðnir eru upp. Ef t. d. selja á bækur eftir merkan bókamann, dregur það að sér ýmsa þá, sem áhuga hafa fyrir góðum bókum. En ef ætti að nota sér það til að koma út einhverju ómerkilegu rusli um leið, undir því yfirskini, að það væri allt frá þessum þekkta bókamanni, þá kæmi það í bága við þessi ákvæði, ef frv. verður að lögum.

Í 10. gr. er gerð tilraun til að koma í veg fyrir með skýrum lagaákvæðum, að menn geti með illu umtali um keppinauta sína spillt fyrir þeim og haft af þeim viðskipti bótalaust og án þess hegning nái til. Í 11. gr. eru sett ákvæði til varnar því, að starfsmenn atvinnufyrirtækja misnoti aðstöðu sína með því að spilla fyrir því fyrirtæki, sem þeir áður hafa unnið við, þegar þeir hafa látið af starfi sínu og e. t. v. eru farnir að keppa við fyrrv. húsbændur sína. Það leiðir af sjálfu sér, að það er ekki heilbrigt, ef maður, sem starfað hefir við fyrirtæki og af þeim ástæðum komizt að ýmsum trúnaðarmálum þess, notar þá þekkingu síðar sjálfum

sér til framdráttar, en fyrrv. húsbændum til skaða.

13. gr. er um það, hvað gefa má sem kaupbæti. Með ákvæðum hennar á að koma í veg fyrir, að óskyldum atriðum og óskyldum hlutum sé blandað saman í verzlun og með því reynt að afla vörutegund vinsælda með öðru heldur en verðleikum hennar sjálfrar.

Í 14. gr. er sett bann við því, að smásalar setji útsöluverð vörutegunda niður fyrir það lágmark, sem framleiðandi vörunnar ákveður, þegar svo ber undir, að framleiðandi vöru, sem seld er á mörgum útsölustöðum, setur á hana lágmarksútsöluverð, til þess að tryggja, að framleiðsla hennar og verzlun með hana verði lífvænlegur atvinnuvegur.

Ég mun svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég vona, að hv. þdm. skilji, að hér er nauðsynjamál á ferðinni, bæði fyrir verzlunarstéttina og almenning, sem við hana skiptir, og þar með þjóðina í heild. Íslenzka verzlunarstéttin er á ýmsum sviðum mjög dugleg og framtakssöm. En hana vantar, e. t. v. af eðlilegum ástæðum, að sumu leyti þann þroska, sem æskilegur er í heilbrigðu og öflugu viðskiptalífi, sem verða má landi og þjóð til þrifa.

Þar sem frv. er komið frá n., vænti ég, að hv. d. fallist á að vísa því til 2. umr. án þess að vísa því til n. aftur. Þeir, sem áhuga hafa á málinu, geta kynnt sér það og komið fram með brtt. við 2. umr., ef þeim finnst ástæða til, jafnt fyrir því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 463, 545).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 545. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Vilmundur Jónsson:** Ég flyt brtt. við þetta frv. á þskj. 545, og er hún í 3 liðum. Fyrsti liðurinn er um að láta bannið um villandi upplýsingar um vörutegundir ná til hverskonar auglýsinga, sem tíðast munu vera misnotaðar að þessu leyti, en verzlunarráðið hefir af undarlegu ógáti fellt hér undan. Ákvæði annars liðsins eru um að banna verzlunarfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum að kenna sig við nafn landsins eða sveitarfélaga, nema leyfi hlutaðeigenda komi til. Hefi ég fyrir löngu séð þörf á þessu og hafði dottið í hug að flytja um það sérstakt frv. Hið opinbera rekur nú ýms fyrirtæki, og geta þá slíkar nafngiftir einkafyrirtækja verið stórum villandi, auk þess sem þær samrýmast illa heiðarlegri samkeppni. Þriðji liður till. er að færa nafn frv. til réttara máls. Ég vildi raunar skjóta því til hv. n., hvort ekki væri tiltækilegt að fá þessari umr. frestað og líta betur yfir form og mál frv., því að það er víða mjög bágborið. Ég nefni t. d. í 1. gr., þar sem ýmist eintala eða fleirtala vísar til hins sama. Einnig er notað „eða sem“ og önnur slík málblóm. Þá er nafnið á frv. auðvitað allt annað en það ætti að vera: Frv. til varnar óréttmætum verzlunarháttum! Í samræmi við þessa fyrirsögn hefði frv., sem var á ferðinni hér á dögunum, átt að heita frv. til varnar okri. Ég hefði átt að flytja frv. til varnar næmum sjúkdómum. Og einhver guðrækinn hv. þm. gæti samkv. því fundið upp á að flytja frv. til varnar guðleysi. — Ég skýt því aftur til n., hvort hún vill ekki taka þetta allt til frekari aðgæzlu, áður en frv. er borið fram til samþykktar.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég skal játa, eins og ég tók fram við framsögu málsins, að n. hafði ekki mikinn tíma til að athuga frv., og má vel vera, að orðalag þess megi lagfæra; og að því er snertir þessar brtt. hv. þm. Ísaf., þá er ég mörgum þeirra, ef ekki öllum, samþykkur. Frv. ber það með sér, að það hefir verið þýtt úr dönsku og málið ekki eins gott á því og skyldi. Þess vegna væri e. t. v. ekki nema rétt að fá það tekið út af dagskrá nú og athuga það betur, sérstaklega málið á því. Mér skilst samt sem áður, að till. hv. þm. Ísaf. séu ekki ósamrýmanlegar efni og stefnu frv., og get ég að því leyti til verið ánægður með þær till., sem hann hefir komið fram með. Það er að vísu réttara að segja „til varnar gegn óréttmætum verzlunarháttum“ en „til varnar óréttmætum verzlunarháttum“, en hinsvegar má hv. þm. fara varlega í að hártoga þetta um of, því að „til varn-

ar“ er annað en „til verndar“, en það er oft notað að tala um að varna einhverju, þótt ég játi, að það sé skýrara og réttara mál að segja „til varnar gegn óréttmætum verzlunarháttum“. — Ég skal svo verða við þeim tilmælum, sem hér hafa komið fram, og geri ráð fyrir, að meðnm. mínir samþykki, að málið sé tekið út af dagskrá, og mun n. lagfæra þá agnúa, sem á því eru. (**ÓTh:** Senda það til norrænudeildar háskólans).

Umr. frestað.

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 463, 545, 583).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 583. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Þetta frv. var afhent allshn. af Verzlunarráði Íslands og hún beðin að flytja það. Okkur var sagt, að það væri sumpart þýtt, og það af löggiltum skjalaþýðara. En margir hafa hneykslazt á því, hvað málið á frv. væri slæmt, og hefir góður íslenzkumaður verið fenginn til þess að yfirfara frv. og laga á því málið.

Brtt. á þskj. 583 eru aðeins um betra málfar, en í engu efnisbreytingar. Hvað snertir till. hv. þm. Ísaf., álít ég hana til bóta, — og líka þá brtt., sem fram er komin um breyt. á nafni frv., en hún er shlj. till. n., sem ég vona að verði samþ. Ég þykist svo ekki þurfa að orðlengja þetta frekar.

**Vilmundur Jónsson:** Ég sé mig nauðbeygðan til að taka aftur til 3. umr. 1. brtt. mína á þskj. 545, því að hún fellur ekki vel inn í frv. eins og það verður með brtt. n. — 3. brtt. get ég alveg tekið aftur, með því að hún má heita samhlj. 9. brtt. n. á þskj. 583, en óska hinsvegar eftir því, að 2. brtt. mín komi til atkvæða.

ATKVGR.

Brtt. 545,1 og 3 teknar aftur.

— 583,1 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 583,2 (ný 2. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 583,3 (ný 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 583,4 (ný 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 583,5 (ný 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 545,2 (ný 10. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

— 583,6 samþ. með 17 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 583,7 (ný 11. gr., verður 12. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

12.—13. gr. (verða 13.—14. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

14. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 583,8 samþ. án atkvgr.

15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 583,9 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.**

---

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 604, 606).

**Vilmundur Jónsson:** Ég hefi skrifað um brtt. mínar frá fyrri umr. til þess að samræma þær við hið nýja form frv., en ekki gert á þeim neinar efnisbreyt., og hefi nú fengið góðar undirtektir undir þær hjá hv. frsm.

Önnur brtt., sem ég flyt nú að nýju til, er um að fella niður 15. gr. frv., þar sem kaupmönnum er bannað að selja nánar tilgreindar vörur undir ákveðnu verði. Þetta tel ég, að þingið geti ekki látið sér sæma að samþykkja. Brtt. miðar að því að tryggja það, að vörur séu seldar með svo lágu verði sem samkeppni leyfir, þar sem ákvæði gr. ganga á móti því, að svo megi verða.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Mér virðist báðir liðir 1. brtt. hv. þm. Ísaf. á þskj. 606 vera til bóta. Þar er farið dálítið ýtar-

legar út í þau ákvæði frv., sem miða í þá átt að koma í veg fyrir skrum og villandi umsagnir um vörur. En 2. brtt., um að fella 15. gr. frv. niður, get ég ekki verið samþykkur. Grein þessi ræðir um smásalaálagningu á vörur. Að ég tel misráðið að fella grein þessa niður, er vegna þess, að þegar framleiðandi vöru eða verksmiðja setur verð á framleiðslu sína, þá mun mega treysta því, að verðinu sé stillt svo í hóf, að það sé í hlutfalli við framleiðslukostnaðinn og tryggi seljanda hæfilega þóknun fyrir fyrirhöfn sína og áhættu. Samkv. þessari 15. gr. er bannað að selja vörur með lægra verði en 25% álagningu, nema um sé að ræða skyndisölu eða skemmdar vörur, sbr. 1. málsgr. 5. gr. frv. Ég held, að þetta geti ekki verið neitt hættulegt, því að hver, sem tekur að sér að framleiða einhverjar vörur, sem seljast eiga í smásölu, hlýtur að hafa það fyrir augum, að stilla verðinu svo í hóf, að þær séu samkeppnisfærar við aðrar vörur, jafnt innlendar sem erlendar, og jafnframt að tryggja útsölumanni hæfilegan ágóða. Það gæti t. d. komið fyrir, er um væri að ræða vörur, sem almenningur vildi kaupa og allir vildu selja, að sú keppni hlypi í framboðið, að hagnaðurinn af að selja vöruna yrði svo lítill, að enginn vildi verzla með hana. Gæti þá svo farið, að framleiðslan tepptist. Ég tel því ekki rétt að fella þessa 15. gr. frv. niður, því að hún kæmi í veg fyrir, að slíkt gæti komið fyrir, og svo fremi sem álagningin fer ekki fram úr 25%, getur hún ekki talizt óhófleg.

ATKVGR.

Brtt. 606,1.a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 606,1.b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 606,2 samþ. með 14:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 69. fundi í Ed., 11. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 633).

Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 633, n. 801, 832).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 832. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Jónas Jónsson):** Nefndin hefir komið sér saman um að mæla með frv. óbreyttu, nema hvað einn nm. hefir sérstöðu. N. taldi frv. geta orðið til nokkurs gagns í því að efla verzlunarsiðgæði. Meiri hl. n. taldi ekki rétt að fella inn í frv. þá grein, sem Nd. felldi niður, með því að hann leit svo á, að í henni fælist ákvæði til að tryggja óeðlilega hátt verðlag. Vænti ég því þess, að frv. verði samþ. hér óbreytt.

**Pétur Magnússon:** Það er misskilningur að halda, að frv. sé stofnað í hættu, þótt brtt. mín verði samþ. 15. gr. var felld niður af misskilningi í Nd., af því að einhverjir þm. héldu, að annað fælist í gr. en er. Ég vil því setja gr. inn aftur. Efni gr. er það, að er framleiðandi eða heildsali hefir sett ákveðið smásöluverð á vöru, má smásalinn ekki lækka verðið frá því, sem þeir ákveða, ef álagningin er undir 25%. Þetta ákvæði er sett vegna innlends iðnaðar, svo að framleiðendurnir verði ekki útilokaðir frá að hafa vörur sínar sem víðast á boðstólum. Hér er ekki verið að hugsa um milliliðina, heldur framleiðendur. Framleiðandinn ákveður sjálfs sín vegna álagninguna ekki hærri en nauðsynlegt er. En ef einstakir kaupmenn lækka hana úr því, getur farið svo, að aðrir kaupmenn vilji ekki selja vöruna, svo að minna gengur út af henni en ella, til tjóns fyrir framleiðendur. Með þessu er og fengin trygging fyrir, að varan verði ekki seld með óhæfilega háu verði. Tilgangurinn er auðvitað sá, að milliliðirnir geti ekki selt hærra verði en því, sem ákveðið er af framleiðendunum og þeir telja sanngjarnt gagnvart neytendum. Ég undrast, að hv. 5. landsk. skuli beita sér móti þessu ákvæði, því að á því geta ekki aðrir tapað en þeir kaupmenn,

sem vilja leggja of mikið á. Hagsmunir framleiðendanna tryggja, að álagning sú, er þeir ákveða, verði ekki of mikil.

**Frsm. (Jónas Jónsson):** Nefndin leit svo á, að yrði þetta ákvæði lögfest, að viðlögðum sektum, væri ekki annað leyfilegt en að hækka smásöluverðið. Textinn er augljós, og eftir honum er vítavert, ef smásalinn fær ekki 25%. Ef kaupfélag vill selja vöru með kostnaðarverði, getur það fengið 2000 kr. sekt. Ef mjólkursalan í Borgarnesi vill ekki selja til þeirra, sem selja með lítilli álagningu, þá hún um það. Þessi grein sýnist vera umbúðir um eðlilega verðhækkun, enda hefir hún vakið sérstaka athygli.

**Pétur Magnússon:** Það er síður en svo, að þetta ákvæði sé nokkurt nýmæli. A. m. k. er það bæði í dönskum og þýzkum lögum. Það er óskiljanlegur misskilningur hjá hv. 5. landsk., ef hann í alvöru heldur, að ekki megi ákveða lægri smásöluálagningu en 25%. Sú álagning er hámark, en ekki lágmark. Framleiðanda er því heimilt að ákveða álagningu svo lága sem honum þóknast; og má gera ráð fyrir að hún yfirleitt sé ekki ákveðin hærri en nauðsynlegt er, til þess að kaupmenn fáist til að verzla með vöruna. Hitt þykir mér ekki ólíklegt, að til séu þær vörur, sem nauðsynlegt þyki að leggja á allt að 25%. En að óþörfu mundi enginn framleiðandi ákveða svo háa álagningu. Of mikil álagning mundi fyrst og fremst verða honum sjálfum til tjóns, því vitanlega mundi hún jafnan leiða til tregari sölu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 832 (ný gr., verður 15. gr.) samþ. með 7:2 atkv.
15.—16. gr. (verða 16.—17. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 856).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 87. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 856).

Á 88. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 856, 885).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 885. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég bjóst við, að hv. þm. Ísaf. tæki til máls, en úr því það varð ekki, þá ætla ég að segja nokkur orð.

Þegar frv. fór til hv. Ed., var felld úr því ein grein, líklega af misskilningi. Sú grein hljóðar svo: „Nú hefir framleiðandi eða heildsali sett á vörutegund eða upprunalegar umbúðir hennar ákveðið smásöluverð, og er þá — svo fremi tilgreint verð ekki veitir útsölumanni ágóða, er fer fram úr 25% af innkaupsverði — bannað að selja vöruna eða bjóða fram í smásölu við lægra verði, nema leyfi viðkomandi framleiðanda eða heildsala eða önnur heimild komi til, eða salan falli undir 1. mgr. 5. gr., eða varan sé seld notuð eða skemmd".

Þessi grein hefir verið misskilin bæði af þm. og blaðinu Tímanum, þar sem sagt er, að greinin sé fram komin til þess að tryggja útsölumönnum 25% hagnað, en það er þvert á móti. Greinin tryggir því aðeins vernd, að útsöluverðið fari ekki fram úr 25% álagningu. Það er nægilega margt, sem komið hefir hér fyrir í verzlunarsökum, sem sýnir, að framleiðendur eiga þessa vernd fyllilega skilið. Ég hefi það eftir góðum heimildum, að hér í bæ sé seld sérstaklega góð íslenzk framleiðsla með sérstaklega lágu verði, til þess að koma góðu orði á verzlanirnar og menn kaupi einnig þar útlenda vöru. Þetta er kallað á reykvísku að „jobba" með þessar vörur. Þetta er vitanlega gert á kostnað íslenzku framleiðendanna, bændanna. Ég hefi talað við

Helga Bergs forstjóra um þetta mál, og leyfði hann mér að hafa eftir sér, að hann teldi greinina nauðsynlega til þess að tryggja framleiðendum lágmarksverð á vöruna. Ég vildi draga þetta fram, svo að hv. dm. felldu ekki þetta ákvæði úr frv. af misskilningi. Ég vil ennfremur benda á, að í þeim þýzku og dönsku lögum, sem þessi eru sniðin eftir, stendur þetta ákvæði óhaggað. Báðar þessar þjóðir hafa talið nauðsynlegt að hafa þessa hvöt fyrir framleiðendurna, og jafnframt nægilega mikið í aðra hönd fyrir þá, sem seldu. Ég vil ekki þreyta hv. þdm. á dæmum, en mér hafa verið sögð dæmi um egg, kjöt o. fl., sem fellt hefir verið óhæfilega mikið í verði, til þess að afla viðskiptavina; en þetta er óheilbrigður verzlunarmáti og kemur hart niður á framleiðendunum.

**Vilmundur Jónsson:** Ég hefi ekki getað sannfærzt af röksemdum hv. þm. Vestm., því að það er bersýnilegt fyrir augum allra hv. dm., að hér er verið að vernda álag á vörur, er nemur allt að 25% af innkaupsverði þeirra. Enginn má fara þar niður fyrir.

Þetta miðar ekki til verndar hagsmunum almennings, heldur til þess að tryggja hátt álag á framleiðsluvörur. Hví mega menn ekki keppa um að selja þessar vörutegundir, sem hér um ræðir, við sem aðgengilegustu verði, eins og hverjar aðrar vörur? Ég sé ekki heldur, að hagur framleiðenda krefjist hér neinnar verndar. Þeir mega jafnvel þakka fyrir, ef einhver kaupmaður tekur upp á að undirselja vörur þeirra. Því meira gengur væntanlega út af þeim, Ég álít, að margt standi stjórnarvöldunum nær en að setja skorður við of lágu álagi kaupmanna. Þurfi kaupmenn verndar í þessu efni hver fyrir öðrum, verða þeir að eiga um það við sjálfa sig.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Mér þykir það leitt, að hv. þm. Ísaf. skuli ekki skilja það, að þessu er þannig stillt í hóf, að álagningin verði hæfileg, svo að smásalar geti við unað. Framleiðanda er óhagnaður að því til lengdar, að verð vörunnar sé svo lágt, að verzlunarmenn missi áhuga fyrir að verzla með hana. Það er verið með þessu ákvæði 15. gr. að koma í veg fyrir, að álagning verði hærri en þetta. Þegar hún er orðin meiri, kemur ekki gagnvart þeim viðskiptum til greina vernd sú, er frv. ákveður.

Sá, sem selur kaupmönnum hér í Reykjavík framleiðsluvörur sínar, t. d. mjólk, egg, smjör o. fl., hann stendur varnarlaus gegn því, hvernig kaupmenn selja vörurnar, eins og nú er. Þetta er ekki svo í öllum löndum. Þegar verksmiðja hefir sett ákveðið verð á hlut, sem hún framleiðir, þá hefir kaupmaður ekki leyfi til að undirselja hann. En hvernig heldur hv. þm. Ísaf., að sá, sem framleiðir vöru, sjái sér hag í að halda verði hennar svo hátt, að ekki standist samkeppni? Sá, sem gerir það að lífsstarfi sínu að framleiða einhverja vörutegund, hann veit, að hagur hans verður bezt tryggður með því, að hann ákveði útsöluverðið þannig, að kaupendur fáist að vörunni og milliliðir fáist til að selja hana. Þegar kemur út fyrir þau takmörk, lendir skaðinn á framleiðanda sjálfum.

**Vilmundur Jónsson:** Þrátt fyrir ræðu hv. þm. Vestm. sé ég ekki ástæðu til annars en að endurtaka það, að hér er verið að tryggja verzlunarálag allt að 25%. Annað mál væri að lögfesta slík ákvæði sem þessi, ef miðað væri við svo lágt álag, sem lægst getur komið til greina, segjum 10%. Þá væri ekki hættulegt að samþ. gr., því að þá mundi hún tæplega miða til hækkunar á útsöluverði.

En af því að 25% álag er hærra en þörf er á, sérstaklega þegar um pakkavörur er að ræða, sem tiltölulega mjög þægilegt er að verzla með, rýrna meðal annars ekki, þá er fjarri sanngirni, að hv. d. fari að samþ. slík ákvæði sem í greininni felast.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Enda þótt það sé ekki á mínu valdi að tala svo, að hv. þm. Ísaf. skilji, þá er hann þó læs, og ef hann vill, þá getur hann lesið frv.-gr. eins og hún kom nú frá hv. Ed. Það er hvergi bannað í þessari grein að leggja aðeins 10% á vörur, meira að segja þó ekki væri nema 5%. Það getur framleiðandi, ef hann sér sér fært. En gr. kveður svo á, að ef álagning fer ekki fram úr

25%, þá er bannað að undirselja vöruna. Hv. þm. fer því öfugt í þetta allt saman, er hann segir, að hér sé verið að tryggja óhæfilega hátt verð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 91. fundi í Nd., 1. júní, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 885 felld með 12:6 atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 910).

## 76. Ábúðarlög.

Á 21. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:
**Frv. til ábúðarlaga** (þmfrv., A. 133).

Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Landbn. flytur þetta frv. samkv. ósk hæstv. atvmrh., og hefir hann algerlega undirbúið það, samið grg. o. s. frv. Upphaflega er frv. komið frá mþn. í landbúnaðarmálum, sem starfaði fyrir nokkrum árum. Fyrst var það borið fram árið 1929, og síðan á hverju þingi. Ég ætla þá að minnast á þrjú aðalatriði frv., sem öll eru mjög þýðingarmikil fyrir bændastétt landsins. Það er þá fyrst, að með frv. er ábúendum tryggð lífstíðarábúð á jörðunum, nema sérstaklega standi á. Í öðru lagi eru ábúendum með frv. tryggð viðunanleg hús á jarðir sínar, og í þriðja lagi fá þeir samkv. frv. endurgreiddan kostnað við jarðabætur, sem þeir gera á ábýlisjörðum sínum. — Frv. tók miklum breyt. í hv. Nd. í fyrra, og yfirleitt til bóta. Og nú er það algerlega endurskoðað af hæstv. atvmrh. og nokkuð breytt frá hans hendi. Landbn. þessarar d. telur allar þær breyt. til bóta. Annars er hæstv. atvmrh. staddur hér í d., og vænti ég þess, að hann geri ýtarlegar grein fyrir frv.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Leigujarðir eru nú 2800 á öllu landinu og þar af rúmar 2000 í eign einstaklinga. Hitt eru þjóðjarðir, kirkjujarðir, kristfjár- og gjafasjóðsjarðir o. s. frv. Af þessum tölum má það verða ljóst, að það skiptir eigi litlu máli, hvaða aðstöðu löggjöfin tryggir þeim mönnum, er ekki eiga sjálfir ábýli sín. Mér hefir því þótt rétt, að lagt yrði fyrir þetta þing frv. það til ábúðarlaga, er svo mjög hefir legazt hér á þingi á undanförnum árum. Ég hefi þó ekki séð mér fært að biðja hv. landbn. að flytja það með öllu óbreytt.

Frv. hefir þegar tekið allmiklum breyt. síðan það kom fyrst fram, og tel ég veigamestar þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Nd. á síðasta þingi, enda var þá allgóð samvinna um afgreiðslu frv.

Vegna anna þess manns, sem er sérfræðingur í þessari grein, hefir þess ekki verið kostur að semja frv. algerlega um og færa það í þann búning, sem slíkri löggjöf hæfir um framsetningu, málvöndun og niðurskipun, og sem mjög ber af um ábúðarlög þau, er nú gilda, þó að þau séu gölluð að efni til og sem vita má orðin úrelt. Hefir því orðið að taka þann kost að flytja nú aftur frv. hv. Nd., sem var á þskj. 787 f. á., með nokkrum breyt. og viðaukum, er ég skal nú gera grein fyrir í aðaldráttum.

Fyrsta höfuðbreyt. á þessu frv. frá frv. Nd. er sú, að því er nú slegið föstu, að öll ákvæði ábúðarlaganna skuli vera algerlega bindandi fyrir báða aðila, leiguliða og landsdrottin, og að landsdrottinn geti ekki gert neinn þann samning í byggingarbréfi, er leysi hann undan ákvæðum ábúðarl., nema þar sem það er sérstaklega fram tekið um nokkur minniháttar atriði, að semja megi um. En í frv. Nd. voru villandi ákvæði um þetta efni, er ýmsir góðir lögfræðingar, og þ. á m. kennari háskólans í ábúðarlöggjöfinni, hafa viljað skýra á þann veg, að samkv. þeim gætu landsdrottnar samið sig undan þeim skyldum, er ábúðarlöggjöfin legði þeim á herðar, með því að gera samning um þetta á annan veg í byggingarbréfinu. Ef svo væri, væru ábúðarl. aðeins pappírsgagn. Í þessu frv. ætla ég, að það sé tvímælalaust, að landsdrottinn geti ekki samið sig undan neinum skyld-

um, og hvorugur aðilja, nema það sé sérstaklega fram tekið um hvert atriði.

Aðrar höfuðbreyt. hníga einkum í þá átt að gera ákvæði frv. sanngjarnari með tilliti til erfiðleika þessara tíma, og því auðveldari í framkvæmd. Vænti ég, að með því móti muni vænlegar horfa um framgang málsins nú á þessu þingi.

Skal ég þá víkja að því ákvæði í frv. Nd., sem mestum ágreiningi hefir valdið, en það eru ákvæðin um húsabótaskyldu. Í þessu frv. hefir verið reynt að fara meðalveginn þannig, að skyldur landsdrottins verði ekki gerðar þyngri en svo, að flestir geti risið undir þeim. Nú verður líka að taka tillit til nýrrar tegundar landsdrottna, sem getur orðið allfjölmenn á næstu árum, en það eru uppflosnaðir bændur.

Hér í frv. er gert ráð fyrir lágmarksskyldu landsdrottins um hýsing jarða, miðað við ákveðið mark, og þess er gætt, að leiguliða sé ekki gert of dýrt að búa á jörðunum. En það fer aftur eftir því, hvort jarðirnar hafa verið ofhýstar eða ekki. Hér hefir verið hnigið að því ráði að miða byggingarskyldu landsdrottins við jarðaverðið, og hefir þá verið farið sem næst því, sem nú mun vera almennt á þjóðjörðum. Það hefir verið viðurkennt, að betra sé að búa á þjóðjörðum en á eignum einstaklinga, og eftir skýrslum, sem ég hefi aflað mér, er auðséð, að þar er mikill munur á. Í þessu frv. er húsabótaskylda landsdrottins miðuð við það, að landsdrottinn leggi jörð sinni til nothæf hús, er nemi ⅔ af verði landsins, hvorttveggja að fasteignamati. Ég tek það fram, að bæði húsa- og jarðarverðið er miðað við fasteignamat, en það getur munað miklu frá því, ef miðað væri við kostnaðarverð húsanna. Það mun almennt viðurkennt, að fasteignamat húsa í sveitum er ekki sambærilegt við kostnaðarverðið. Ég hefi athugað fasteignamat á nokkrum nýjum húsum í sveit, og er það víða aðeins ⅓ hluti kostnaðarverðs, t. d. ef hús kostaði 12 þús. kr., væri það ekki metið nema 4 þús. í fasteignamati.

Ég læt þess getið, að þegar ég miða við húsakost á þjóðjörðum, þá miða ég við allan húsakost, sem er þar nú, bæði þau hús, sem ríkissjóður hefir látið byggja eða fylgja jörðinni, og eins þau, er ábúandi hefir reist og á sjálfur, því að á þessu er ekki gerður greinarmunur í fasteignamatinu eða þeim skýrslum, sem ég hefi undir höndum. En þjóðjarðir munu yfirleitt vera sæmilega hýstar móts við aðrar leigujarðir, og væri það mikil framför frá núv. ástandi, ef húsakostur leigujarða væri hvergi verri. Það þótti og rétt að gera vægari kröfur um húsabótaskyldu til þeirra landsdrottna, sem leigja jarðir með mjög lágum leiguskilmála.

Önnur aðalbreyt. í þessu frv. er í sambandi við kaupskyldu leiguliða. Í frv. Nd. átti leiguliði að greiða allt jarðarverðið innan árs, en hér er lagt til, að hann fái lengri gjaldfrest.

Ég skal svo ekki fara út í smærri breyt., sem gerðar hafa verið á frv., svo sem afnám bannsins, sem áður var við því, að leiguliði mætti taka húsfólk. Þetta er algerlega óþarft ákvæði, en hefir stundum verið notað sem átylla til þess að byggja leiguliðum út.

Í þessu frv. er ennfremur reynt að gera hægara fyrir með skiptingu jarða, svo og að gert er auðveldara fyrir með að mæla út smábletti til ræktunar fyrir verkamenn í kaupstöðum og kauptúnum. Líka er nánar ákveðið um greiðslu, innheimtu og varðveizlu leiguliðabótar en áður hefir verið.

Ég vil afsaka, að fyrir vangá hefir fallið niður aths. við 45.—55. gr. í aths. við frv. þetta, og mun það verða leiðrétt í skjalapartinum.

Að endingu vil ég geta þess, að ekki þótti fært að láta ákvæði um húsabótaskyldu landsdrottins koma til framkvæmda nú þegar. Þar koma sérstaklega til greina erfiðleikar um lántökur og gjaldeyrisskortur landsins til innkaupa á byggingarefni í stórum stíl á þessum erfiðu tímum. Hinsvegar vona ég, að ákvæðin um húsabótaskyldu landsdrottins hafi nú þegar allmikil áhrif til bóta, þótt þessi frestur sé gefinn, því að landsdrottnar munu annaðhvort gefa leiguliða kost á kaupum með vægari kjörum eða bæta úr aðknýjandi húsaþörf, þar sem þeir vita, að innan fárra ára eru þeir skyldir til þess að lögum.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um frv., en óska, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 383).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Það hafa þótt allmargir gallar á núgildandi ábúðarlöggjöf, sem betur hafa komið í ljós eftir því sem árin hafa liðið, en einkum munu það hafa verið þrír annmarkar, sem helzt hafa komið í ljós. Að ábúðin hefir iðulega verið til of skamms tíma. Leiguliðarnir hafa orðið að hrekjast frá einni jörðinni á aðra, og sjá allir, hve óhentugt það er og hvað það dregur mikið úr því, að jörðunum sé gert mikið til góða og spillir aðstöðu leiguliðans. Þá hefir landsdrottinn samkv. núgildandi l. ekki verið skyldur að leggja til nema mjög takmörkuð jarðarhús. Af því hefir leitt, að leiguliðarnir hafa þurft að koma upp húsum, sem þeir hafa þurft að hafa til starfrækslu búsins á þessari og þessari jörðinni, og afleiðingin hefir orðið sú, að húsin hafa orðið af mjög skornum skammti og mjög ófullkomin og jafnvel heilsuspillandi. Loks hefir réttur leiguliðans gagnvart jarðabótum ekki verið tryggður eftir núgildandi l.; þó að leiguliðinn hafi gert allmiklar jarðabætur, hefir hann ekki átt rétt til að fá nema litlar eða engar réttarbætur fyrir sín verk. Eins og allir sjá, hafa þetta verið stórkostlegir annmarkar, bæði fyrir leiguliðana sjálfa og líka gagnvart því, að jarðirnar væru sæmilega setnar og bættar. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, á fyrst og fremst að ráða bót á þessum meginannmörkum á leiguliðalöggjöfinni, og ég verð að segja f. h. n., að hún lítur svo á, að það miði mjög mikið í þá átt.

Þetta frv. hefir legið fyrir flestum þingum síðan 1929 og var í fyrra loks afgr. frá Nd. eftir að hafa fengið þar mjög rækilega endurskoðun. Hafði verið unnið að þeirri endurskoðun að nokkru leyti af báðum landbn. þingsins, í undirnefnd, sem þær settu, og svo af Nd. sérstaklega, og með þeirri endurskoðun tók frv. stórmiklum endurbótum. Nú hefir núv. hæstv. atvmrh. tekið sig til og endurskoðað frv. af nýju mjög rækilega, og n. lítur svo á, að það hafi tekið geysimiklum endurbótum í hans höndum, bæði að því leyti, að frágangur sé töluvert betri, málið betra og ýmsu betur fyrir komið hvað formhliðina snertir, og líka þá efnislegu; sumpart að því leyti, að sanngjarnlegar sé tekið tillit til hagsmuna beggja aðila, leiguliðans og landsdrottins. Má benda á það, að mjög góður lögfræðingur leit svo á, að í raun og veru gerðu ákvæði 6. gr., eins og þau voru í fyrra, ábúðarl. lítils virði í framkvæmdinni. Hann leit svo á, að ákvæði 6. gr. giltu aðeins að því leyti, að ekki væri annað tekið fram. Í byggingarbréfinu væri opin leið fyrir landsdrottin að ákveða um flest hin stærri atriði, og þetta gerði ábúðarl. svo og svo lítils virði. Þetta hefir verið leiðrétt og ýms fleiri ákvæði, sem líka hafa verið sett leiguliðunum til bóta. M. a. er gert ráð fyrir, að ef húsabætur eru gerðar á kostnað landsdrottins, geti landsdrottinn ekki ákveðið að hækka landskuldina ótakmarkað, heldur er hann bundinn við að fara ekki hærra en sem nemi búnaðarbankavöxtum af kostnaðarverði. Loks má benda á það, sem helzt kann að orka tvímælis í þessu tilliti, að nokkuð er dregið úr skyldu landsdrottins um húsabyggingar. Þannig er gert ráð fyrir því í 11. gr. frv., að landsdrottinn þurfi ekki að leggja fram meira af jarðarhúsum en sem nemi ⅔ landverðs jarðarinnar, hvorttveggja miðað við fasteignamat.

Loks er gert ráð fyrir, að ef landsdrottinn sér sér ekki fært að inna af hendi þær skyldur, sem leiguliði leggur honum á herðar, þá sé honum vítalaust að bjóða leiguliða jörðina til kaups við því verði, sem úttektarmenn meta, og láta hann hafa greiðslufrest, sem nánar er tiltekinn í lögunum. Því er ekki að neita, að margir líta svo á, að með frv. eins og það upphaflega var sé réttur landeiganda ærið harkalega sterkur. En á þessu var ráðin talsverð bót, bæði á þinginu í fyrra og eins af hæstv. atvmrh., og þó er það svo, að réttur leiguliða í því, sem máli skiptir, er lítið skertur frá því, sem áður var. Landbn. hefir kynnt sér þetta frv. rækilega, og hefir hún komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta sé mikil umbót frá þeirri löggjöf, sem er, og mun hún beita sér fyrir, að þetta mál nái fram að ganga á

þessu þingi. En þrátt fyrir það hefir n. leyft sér að bera fram nokkrar brtt. Skal ég svo fara nokkrum orðum um hverja einstaka út af fyrir sig.

Fyrst er brtt. við 2. gr. frv. Þar er svo gert ráð fyrir, að landeigandi þurfi að fá samþykki trúnaðarmanns Búnaðarfél. Ísl. til þess að skipta jörð sinni, og úttektarmanna um það, hvernig skiptingunni skuli fyrir komið. N. leit svo á, að þetta væri óþarflega umfangsmikið og hugsaði, að það mundi duga að fá samþ. úttektarmanna. — Þá þótti n. skýrara að taka fram í 9. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að landsdrottni sé heimilt að taka jörð úr lífstíðarábúð handa sjálfum sér eða vandamönnum, að á eftir orðunum „að taka jörð“ í 2. málsgr. komi: eða jarðarpart. Því að það kemur oft fyrir, að það eru fleiri en einn, sem eiga jörðina.

Þá er 3. brtt., við 11. gr. Eins og ég tók fram, þá eru það 11. og 12. gr., sem ræða um skyldur landsdrottins til húsagerðar, sem helzt orka tvímælis og draga úr þeim rétti, sem leiguliði hafði eftir frv. eins og það var upphaflega. En n. leit svo á, að þessu væri í hóf stillt. Við 2. málsgr. 11. gr. frv., sem fjallar um skyldu landsdrottins um að láta jörðinni fylgja nauðsynleg hús, vill n. bæta því við, að þessi hús skuli vera í nothæfu lagi. Það má að vísu segja, að þetta felist í greininni, en n. þótti réttara að láta þetta koma skýrar fram.

Þá er aðalbreyt., sem n. hefir gert við 12. gr. Þar er svo ákveðið, að í vissum tilfellum eigi leiguliði að leggja til innlent efni, aðdrætti og gröft, ef landsdrottinn vill ekki auka jarðarhúsin. N. fannst þetta ósanngjarnt, að landsdrottinn ætti að njóta hlunninda fyrir það eitt að vanrækja að gera skyldu sína, en viðurkenndi það með hæstv. atvmrh., að það mundi verða fjárhagslega og þjóðhagslega réttara að leggja leiguliða á hendur nokkrar skyldur um þessa hluti. Þetta verður leiguliða ódýrara heldur en landsdrottni, sem venjulega er í fjarlægð, og þess vegna er leiguliða lögð þessi kvöð á herðar um húsagerðina almennt. En jafnframt leggur n. til, að honum sé tryggður nokkur réttur til endurgreiðslu, ef hann færi frá jörðinni fljótlega og nyti þessara umbóta ekki nema skamma stund. N. var í nokkrum vafa um það, hvað þessi kvöð ætti að ná langt, en henni fannst sanngjarnt, að ef ekki þyrfti að sækja innlent efni lengra en þetta, þá væri heppilegra, að leiguliði annaðist það. Sama er að segja um flutning á útlenda efninu. Oft getur það átt sér stað, að vagnfær vegur sé heim undir bæinn, en ekki alla leið heim. Þá er þeim, sem þar býr, hægara að flytja efnið þann spöl heldur en þeim, sem er í fjarlægð. En til þess að gera leiguliða ekki of erfitt fyrir, þá leggur n. til, að ef hann flytur af jörðinni innan 6 ára, þá á hann að fá nokkurn hluta af framlagi sínu endurgreitt eftir mati úttektarmanna. Þetta er ein höfuðbreyt. n. og telur hún hana mjög nauðsynlega.

Loks er brtt. við 14. gr. Þar er talað um leiguliðabót, sem leiguliði verður að svara af húsum landsdrottins. N. fannst það ekki sanngjarnt að miða hana við allt kostnaðarverðið, heldur skyldi hún miðuð við kostnaðarverðið að frádregnu framlagi leiguliða.

Þá er 6. brtt., við 15. gr. Þar er svo ákveðið í síðari málsl. fyrri málsgr., að atvmrh. skuli setja reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum till. búnaðarbankastjórnar og Búnaðarfél. Ísl. A. m. k. nokkur hluti n. leit svo á, að ekki væri bein ástæða til þess að blanda búnaðarbankastjórunum inn í þetta, heldur væri nóg að fá álit Búnaðarfél. Ísl. um þetta, og leggur því til, að orðið „búnaðarbankastjórnar“ falli burt, en leggur þó ekki mikið kapp á þetta, því að nokkuð mun mæla með þessu, þar sem sjóðir þeir, sem ávaxta fé sitt í slíkum mannvirkjum, heyra undir búnaðarbankann.

7. brtt. er aðeins um það, að aftan við fyrirsögn 3. kafla komi: „og leiguliða“. Það er réttara, því sá kafli fjallar bæði um skyldur landsdrottins og leiguliða.

Svo kemur 8. brtt., við 23. gr., um það, að orðið „hrognkelsaveiði“ falli burt. N. fannst það ástæðulaust að meina fráfarandi að nota sér hrognkelsaveiði, ef hún er einhver, og leggur því til, að orðið „hrognkelsaveiði“ falli burt.

Þá er 9. brtt., við 25. gr. 1. málsgr. Þar er gert ráð fyrir, að jörðinni fylgi öll hlunnindi, sem þar eru talin upp, nema

sérstakur samningur sé um annað og Búnaðarfél. Ísl. samþ. En þetta stríðir á móti laxveiðalögunum, því að þar er gert ráð fyrir, að laxveiðina megi undanskilja, ef veiðistjóri mæli með og atvmrh. samþ. Þess vegna bætti n. við: nema lög mæli öðruvísi fyrir.

Þá kemur 10. og 11. brtt., sem ræða báðar um það sama, við 30. og 32. gr. Þar er ákveðið, að útbyggingin skuli vera bréfleg og við votta. En eins og nú er högum háttað, þá hagar öðruvísi til nú en 1880, þegar lögin voru samin. Þá var nær eingöngu byggt út við votta, en nú getur útbyggingin verið jafntrygg bréflega eða með símskeyti, ef útbyggingin er skýrt tekin fram í bréfinu eða símskeytinu og hægt er að sanna, að það hafi verið gert. Svo að n. leggur til, að „bréflega og við votta“ falli niður, og niðurlag 32. gr. verði: „þannig að sannað verði“.

Þá er, samkv. brtt., sem n. leggur til, að gerð verði við 12. gr., um skyldur leiguliða almennt til þess að annast heimflutning á efni til bygginga, það álit n., að rétt sé að fella niður 35. gr., sem ákveður um skyldur leiguliða í einstökum tilfellum, þegar hús verða fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar. Ef brtt. við 12. gr. verða samþ., þá er þessi gr. þýðingarlaus, því að í henni eru að mestu sömu ákvæðin og þar eru tekin fram. Leggur n. því til, að hún verði felld niður. Þá er um leið fyrirsögn 5. kafla fallin niður og 36. gr. færist aftur fyrir fyrirsögn 6. kafla. Í þessu sambandi skiptir það aðallega máli, að n. lítur svo á, að 35. gr. eigi að falla niður.

Svo er 15. brtt., við 43. gr. Er það aðeins orðabreyt. eða leiðr. vegna málsins.

Loks er 16. brtt., við 55. gr. Í upphafi 55. gr. skal skýrt tekið fram, að lögin gangi í gildi 1. jan. næsta ár, en ákvæðin koma til framkvæmda eftir því, sem nánar er til tekið í lögunum.

Þó að brtt. séu 16 talsins, eru þær allar frekar smávægilegar, nema helzt brtt. við 12. gr. Væntir n. því, að hæstv. d. geti fallizt á flestar þessar brtt., og leggur svo eindregið til, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil þakka hv. landbn. fyrir þá vinnu, sem hún hefir lagt í athugun á þessu frv. Flestar þessar breyt. eru smávægilegar, og get ég eftir atvikum verið þeim samþykkur. Ég tel samt orka tvímælis um fyrstu brtt., hvort ekki sé rétt að tryggja sér nokkra búfræðilega aðstoð, þegar skipta á jörðum. Tel ég þess vegna ekki til bóta fyrstu brtt., um að fella burt orðin í síðustu málsgr. 2. gr., um að samþykki trúnaðarmanns Búnaðarfél. Ísl. komi til.

2. brtt., við 2. málsgr. 9. gr., er sjálfsögð til skýringar. Sömuleiðis 3. brtt., við 11. gr., að þau jarðarhús, sem þar koma til greina, séu nothæf. Það leiðir af sjálfu sér, að ekki er hægt að miða húsabótaskylduna við önnur hús en þau, sem eru nothæf til búrekstrar á jörðinni. Er ég því þessari brtt. fyllilega samþykkur og ennfremur breyt. við fyrirsögn V. kafla.

Aðalbreyt. n. eru við 12. gr. Það kann e. t. v. að orka tvímælis að því er snertir skyldur þær, sem lagðar eru almennt á leiguliða, þegar um endurreisn jarðarhúsa er að ræða, að þær séu réttmætar. En ég get verið því atriði fullkomlega sammála, sem hv. frsm. benti réttilega á, að það hefir þjóðhagslega þýðingu, enda miklu ódýrara, að þau verk, sem hér um ræðir, séu unnin af þeim mönnum, sem eiga hægast með að vinna að þeim í ígripum og í tómstundavinnu með heimilisfólki sínu. Hinsvegar höfum við við ýmsar opinberar byggingar allraunalega reynslu fyrir því, hvað reikningar fyrir ýms undirbúningsverk, t. d. rif tótta, gröft og aðdrætti, eru oft óeðlilega háir. Svo mundi líka geta farið um þetta, ef ekki væri eitthvert aðhald. En viðvíkjandi nokkrum atriðum í þessari grein vildi ég samt eiga tal við n. áður en frv. væntanlega fer til 3. umr.

5. brtt., við 14. gr., leiðir af þeim breyt., sem gerðar eru á 12. gr., og skal ég ekki fara fleiri orðum um hana.

Ég get verið samþykkur 8. brtt., um að hrognkelsaveiðin komi fráfaranda að notum. Sömuleiðis mun vera rétt og fyllra að kveða svo að orði eins og lagt er til í 9. brtt., við 25. gr., þar sem þessi lög gætu e. t. v. komið í bág við laxveiðalögin, ef þessu innskoti væri ekki bætt inn í.

Um 10. og 11. brtt. þarf ekki að fjölyrða. Þær virðast sjálfsagðar eins og nú er komið. Og 12. og 13. brtt. get ég einnig verið samþykkur. Leiðir það af sjálfu sér, ef 12. gr. breytist á þann hátt, sem n. hefir lagt til.

Aðrar breyt. skipta ekki svo miklu máli, að ég sjái ástæðu til að fjölyrða um þær.

**Jón Baldvinsson:** Þetta frv. hefir legið fyrir allmörgum þingum, en lítið miðað, þangað til nú virðist fyrst lagður nokkur kraftur á að koma því fram.

Ég mun ekki gera frv. sjálft að umtalsefni að þessu sinni, en vil beina því til hv. frsm. og nefndar, hvort hún telji ekki réttara að stuðla að því, að þáltill. mín um kaup hins opinbera á jörðum gangi fram frekar en þetta frv. Ég vænti þess því fremur, sem ég veit, að hv. frsm. hefir nú fengið skipun flokks síns til að beita sér fyrir því máli. Vegna þess að ég þykist vita, að hv. 3. landsk. hagi sér eftir samþykktum flokks síns, tel ég víst, að hann muni fremur beita sér fyrir þáltill. minni en því að lappa upp á landbúnaðarlöggjöfina með þessu frv. Það er víst, ef þáltill. mín nær fram að ganga, sem gera má sér góðar vonir um, eftir að Framsóknarfl. hefir lýst yfir fylgi sínu við hana, að slíkt myndi leiða af sér miklar breyt. á þeirri ábúðarlöggjöf, sem frv. gerir ráð fyrir, og því teldi ég heppilegra að fresta þessu máli til að losna við tafir og tvíverknað. Ég vil beina þessu til hv. frsm., þar sem hann mun nú vera orðinn öruggur fylgismaður ríkiskaupa á jörðum eftir samþykkt flokks síns.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Þessi ræða hv. 2. landsk. var nú heldur lítil gagnrýni á frv., og ég hefði satt að segja búizt við stærra skoti. Allt, sem hann sagði, snerist um þáltill. þá, er hann flutti hér sjálfur um ríkiskaup á jörðum. Vildi hann beina því að mér, að ég væri orðinn fylgismaður hans í þessu máli og að Framsfl. hefði tjáð sig samþykkan till. hans, og mun hann þar hafa átt við flokksþing framsóknarmanna. Ég verð nú að hryggja hv. 2. landsk. með því, að ég stend alveg í sömu sporum gagnvart till. hans og áður, og að ég hefi hvorki fengið umboð né áskorun frá flokki mínum um að fylgja till. hans, og ég verð líka að hryggja hann með því, að mér er ekki kunnugt um, að nein slík samþykkt, sem hv. þm. talar um, hafi verið gerð á flokksþinginu, og mun ég ekki leggja trúnað á slíkt fyrr en ég sé það svart á hvítu. Að vísu munu nokkrir bændur hafa hreyft því, að komið gæti til mála sem bjargráðaráðstöfun, að ríkið keypti jarðir af illa stöddum bændum, en ég ætla, að enginn hafi verið fylgjandi slíku sem almennri leið. Hvorki ég né minn flokkur mun því fylgja till. hans eftir fremur en áður. Ég get geymt að ræða till. hans þangað til hún kemur hér fyrir aftur. En ég tel hæpið, jafnvel frá sjónarmiði hans sjálfs, að beita sér gegn þessu frv., þó að efni till. hans yrði einhverntíma að veruleika, sem ég efast um, að verði, þar sem mikill meiri hl. í landinu mun vera henni andvígur. Framkvæmd hennar hlyti ávallt að taka svo langan tíma, að ég tel óforsvaranlegt að hindra þangað til umbætur á kjörum þeirra manna, sem núv. ábúðarlöggjöf leikur hart. Ég vænti því, að hv. 2. landsk. átti sig og greiði frv. atkv.

**Jón Baldvinsson:** Ég skal ekki neita því, að nokkrar bætur felist í frv., miðað við þá ábúðarlöggjöf, sem nú er. En yrði undinn bráður bugur að því að gera jarðirnar að ríkiseign — og ég hefi ástæðu til að ætla, að svo verði —, er víst, að þessum lögum þyrfti að breyta. Ég hélt því alrdei fram, að Framsfl. hefði samþ. mína till., en ef flokksþingið hefir samþ. till., sem gengur í sömu átt, eins og ég hefi góðar heimildir fyrir, þykist ég vita, að hv. 3. landsk. sé svo góður flokksmaður, að hann gangi ekki á móti sínum eigin flokki um kjarna málsins. Ég skal að vísu játa, að ég hefi heyrt, að hv. 3. landsk. og annar til hafi verið þeir einu, er atkv. greiddu gegn samþykkt flokksins í þessu máli, en auðvitað veit ég, að hv. þm. beygir sig fyrir flokksviljanum.

Ég ætla nú ekki að fara að ergja hv. 3. landsk. að þessu sinni, því að ég get vel skilið, að hann sé ekki fullkomlega búinn að átta sig, og þykir líklegt, að líða þurfi hjá hátíðum þangað til hann sættir sig við að fylgja samþykkt flokksins, nema hann kjósi þá heldur að snúa sér að öðr-

um flokki, sem hann á kannske öllu meiri samleið með.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Mér skildist nú á hv. 2. landsk., að dálítil von myndi vera um, að hann greiddi atkv. með frv., og þótti mér vænt um að heyra það. Ég þakka honum líka fyrir umhyggju hans fyrir afstöðu minni til flokks míns, en þó býst ég við að gera upp sakirnar við flokk minn án hans íhlutunar, ef á þarf að halda.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 383,1 samþ. með 6 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.
Brtt. 383,2 samþ. með 8 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.
Brtt. 383,3 samþ. með 8 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 383,4.a samþ. með 7 shlj. atkv.
— 383,4.b samþ. með 7 shlj. atkv.
— 383,4.c samþ. með 7 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 383,5 samþ. með 7 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 383,6 samþ. með 7 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
16.—18. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 383,7 samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn III. kafla, svo breytt, samþ. án atkvgr.
19.—22. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 383,8 samþ. með 8 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 383,9 samþ. með 7 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
26.—29. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 383,10 samþ. með 8 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 383,11 samþ. með 7 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
33.—34. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 383,12 samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn V. kafla, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 383,13 (35. gr. falli furt) samþ. með 6 shlj. atkv.
— 383,14 samþ. með 7 shlj. atkv.
36. gr. (verður 35. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
37. gr. (verður 36. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
38.—40. gr. (verða 37.—39. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
41.—42. gr. (verða 40.—41. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 383,15 samþ. án atkvgr.
43. gr. (verður 42. gr.) samþ. með 8 shj. atkv.
44. gr. (verður 43. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
45. gr. (verður 44. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
46.—54. gr. (verða 45.—53. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 383,16 samþ. með 7 shlj. atkv.
55. gr. (verður 54. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
56. gr. (verður 55. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess, þær, er ekki hafa áður verið sérstaklega ákveðnar, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 410).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Það hafa engar brtt. komið fram við þetta frv. við þessa umr., svo að þess vegna þarf ekki mikið um það að ræða; en ég vil geta þess, að nú við prentunina hefir láðst að leiðrétta eina tölu í 12. gr., 2. mgr., sem nú er orðin. Það á að standa 11. gr. 1. mgr., en stendur nú 11. gr. 2. mgr. Ég hefi minnzt á þetta við skrifstofustjóra, en hefi ekki séð ástæðu til að flytja brtt. um þetta efni. Vona ég, að þetta verði tekið til athugunar, ef frv. verður prentað upp

aftur. Að öðru leyti hefi ég ekki annað að segja fyrir n. hönd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 54. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 410).

Á 55. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Þetta frv. hefir legið fyrir hverju þingi síðan 1929. Hefir það nú tekið allmiklum breyt. frá því það var fyrst lagt fram, sérstaklega á síðasta þingi, enda hafa landbn. beggja d. lagt í frv. mikla vinnu. Frá því í fyrra hafa enn verið gerðar nokkrar breyt. á frv., og er það nú lagt fyrir þingið sem stjfrv., með því að ekki þótti lengur mega dragast að gera endurbætur á þeirri ábúðarlöggjöf, sem við höfum búið við frá því 1884.

Það mun láta nærri, að leigujarðir á öllu landinu séu um 2800, að meðtöldum þjóðjörðum, kirkjujörðum og kristfjárjörðum. Er augljóst, hve miklu skiptir allan þann fjölda, sem á þessum jörðum býr, hver löggjöf er um leiguábúð á hverjum tíma. Í þessu frv., sem nú hefir gengið í gegnum aðra d. og tekið þar smábreyt., er þeirri stefnu fylgt að fara nokkuð bil beggja milli þeirra krafna, sem fram hafa komið frá báðum hliðum. Það hefir verið reynt að stefna í sanngjarnari átt og mýkri í framkvæmd gagnvart báðum aðilum, jarðeiganda og leiguliða.

Af einstökum breyt., sem teknar voru upp í stjfrv., get ég m. a. bent á þá höfuðbreyt., að samkv. þessu frv. eru ákvæði þess bindandi, svo að ekki verður smogið framhjá þeim með samningi, er fari í aðra átt, nema þar sem það er sérstaklega tekið fram í frv., að fara megi eftir samningi eða samkomulagi beggja aðilja. En eins og frv. var afgr. frá Nd. í fyrra, litu margir lögfræðingar svo á, að vafasamt væri, hvort landsdrottnar gætu ekki samið sig frá þeim skyldum, sem lögin áttu að leggja þeim á herðar, með ákvæðum byggingarbréfa. Á meðal þeirra lögfræðinga, er svo litu á, má telja sjálfan háskólakennarann í ábúðarlöggjöf.

Þá voru og gerð nokkuð mildari ákvæði gagnvart leiguliðum, þegar svo stendur á, að landsdrottinn heimtar, að ábúandi kaupi ábýlisjörð sína. Í frv., eins og það var afgr. frá þessari hv. d. í fyrra, var ekki undir slíkum kringumstæðum gert ráð fyrir lengri gjaldfresti á kaupverðinu en einu ári. En hér er gert ráð fyrir, að landsdrottinn veiti leiguliða allt að fjögurra ára gjaldfrest á þeim hluta kaupverðsins, sem ekki er veðbundinn, og kaupandi taki við veðskuldum, sem á jörðinni hvíla.

Í þessum tveim atriðum, sem ég hefi nú bent á, og ýmsum fleirum er reynt að taka tillit til sanngjarnra krafna leiguliða. Aftur á móti er nokkuð dregið úr þeim kröfum, sem leiguliðar gátu gert samkv. frv. eins og það var afgr. frá hv. d. á seinasta þingi um húsabætur, þ. e. a. s., nokkuð dregið úr húsabótaskyldu landsdrottna. Hér er hnigið að því ráði að miða húsabótaskylduna við fasteignamatsverð á landi hverrar jarðar, þannig að landsdrottni sé skylt að leggja til nothæf hús til búrekstrar á jörðinni, er nemi ⅔ af landverði hennar, hvorttveggja að fasteignamati. Vil ég í sambandi við það minna á, að í flestum tilfellum er fasteignamatsverð húsa mjög miklu lægra en kostnaðarverð þeirra. Eftir athugun, sem ég hefi gert á hinu nýja fasteignamati, nær matsverð húsa oft ekki nema einum þriðja af kostnaðarverði þeirra. Þetta vil ég biðja menn að athuga, þegar þeir líta á ákvæði frv. um húsabótaskylduna. Fleiri atriði í sambandi við þetta mundi ég óska eftir að eiga tal um við þá hv. n., sem málið fær væntanlega til athugunar, ef því verður vísað til 2. umr.

Það hefir ekki þótt fært í þetta sinn að leggja til, að frv. kæmi að öllu leyti til framkvæmda nú þegar, þó það yrði að lögum. Veldur því það kreppuástand, sem í landinu er, og þeir gjaldeyriserfiðleikar, sem af því mundu leiða, ef byggingar væru mjög auknar á þessum árum. Þess vegna er lagt til, að húsabótaskyldan komi ekki til framkvæmda fyrr en eftir 5 ár frá því að þessi l. öðlast gildi. En ég

vil benda á, að þrátt fyrir þetta mundi frv. hafa allmikil áhrif þegar í stað, ef að lögum yrði. Landsdrottnar mundu sjá, að húsabótaskyldan fellur hvort sem er á þá eftir 5 ár, og mundu þeir því ekki sjá sér sérstakan hag í því að þybbast við sanngjörnum kröfum leiguliða um húsabætur.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. séu búnir að kynna sér þetta frv., og skal því ekki fara út í fleiri einstök atriði, en vil leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað, að lokinni þessari umr., til 2. umr. og hv. landbn.

**Sveinn Ólafsson:** Það er ekki tækifæri til að ræða einstakar gr. frv. að þessu sinni. Það er aðeins heildarsvipur þess, sem minnast má á við 1. umr. Skal ég geta þess strax, að þar sem frv. er í talsvert líkri mynd og það hefir haft á undanförnum þingum, þá get ég ekki fyrirfram lofað því fylgi mínu. Yfirleitt virðist frv. fyrst og fremst stefna að því að fjölga sjálfseignarbændum í landinu, ef hægt væri, og draga úr tilhneigingu einstakra manna og stofnana til þess að eiga jarðir og leigja öðrum. Og það er svo langt gengið í þessa áttina, að heita má, að með frv., ef að l. verður, sé umráðarétturinn tekinn af landeigendum og lagður í hendur óviðkomandi manna. Úttektarmennirnir verða samkv. frv. hinir eiginlegu umráðamenn leigujarðanna. Eða, svo ég kveði skýrar að orði, þá er 63. gr. stjskr. úr gildi numin með ákvæðum frv. að því er jarðeignir snertir, þó að hún sé látin gildi halda um aðrar eignir.

Á þessu stigi málsins er ekki tækifæri til að fjölyrða mikið um þetta efni. Þó vil ég benda á eitt einkenni frv., sem ég hygg, að ýmsir hafi veitt eftirtekt, og bendir í þá átt, að með frv. eigi að afnema eignarrétt á landi, þótt friðhelgi eignarréttarins eigi að gilda á öðrum sviðum. Í frv. eru tiltölulega ströng viðurlög við því sett, ef landeigandi leigir tveimur mönnum í senn sömu jörðina, eins og líka er í ábúðarl. frá 1884. En þau hliðstæðu ákvæði, sem í þeim l. eru um það, ef leiguliði prettar landeiganda á svipaðan hátt og brigðar ábúðarsamning, þau eru felld niður í þessu frv. Rétturinn er samkv. þessu aðeins á aðra hliðina, annar aðilinn er gerður réttlaus. Þetta atriði einkennir vel þá hugsun frv. að nema burt umráðarétt landeigenda á jörðunum.

Ég þarf ekki að fara lengra út í þetta efni, af því að hér er 1. umr. Ég býst við, að það geti farið svo, að ég þurfi einnig að kveðja mér hljóðs við 2. umr. til þess að benda nánar á ýms svipuð fyrirbæri í frv. eins og þau, sem ég hefi nú drepið á.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég sé það af þingtíðindum fyrri ára, að ekki hefir blásið hlýlega í garð þessa frv. frá hv. 1. þm. S.-M., sem seinast talaði. Mig undrar það því ekki svo mjög, þó hann sé dálítið andvígur frv. nú, en þó hygg ég, að frá hans sjónarmiði hafi hann nokkru minni ástæðu til að andmæla frv. í þeirri mynd, sem það hefir nú, heldur en eins og það hefir verið flutt á fyrri þingum.

Út í þau einstöku atriði, sem hv. þm. talaði um, mun ég lítið fara á þessu stigi málsins. Það er ávallt gott til athugunar fyrir n., að bent sé á einstök atriði, sem e. t. v. mættu betur fara á annan veg. T. d. eins og það, ef í frv. vantaði viðurlög við því, ef væntanlegur leiguliði tekur við byggingarbréfi, en brigðar síðan samningi. En hér þarf þó ekki vandlegrar athugunar við, því að ákvæði í þessa átt eru í frv., þótt hv. þm. hafi sézt yfir þau.

Hv. þm. komst sterkast að orði og kvað frv. koma í bága við 63. gr. stjskr. En það munu fleiri mæla en ég, að þar muni hann nokkuð hafa ofmælt. Okkar þjóðskipulag er nú orðið þannig, að það heimtar eftirlit hins opinbera með ýmsum hlutum, þó eignarréttur einstaklinga sé að öðru leyti óskertur. Ég skal minna hv. þm., sem er þm. fyrir kjördæmi, sem stundar að nokkru leyti sjávarútveg, á það, að ekki líta menn svo á, að eignarrétturinn sé tekinn af þeim, sem skip eiga, þó ströng ákvæði gildi um skipaskoðun og eftirlit með skipum og um sjóveð, sem hvílir jafnt á skipinu, þótt eigandi leigi öðrum. Ég lít svo á, að þeir menn, sem hafa eignarrétt á skipum, séu ekki síður háðir ströngum ákvæðum, þar sem um skipaskoðunina er að ræða. Þeim mönnum eru lagðar á herðar ríkar skyldur um að fullnægja þeim ákvæðum, sem þar að lúta, og þó eru þeir menn sjálfir oft skip-

stjórar og stýrimenn á skipum sínum og eiga þar af leiðandi sjálfir mest á hættu. En í þessu tilfelli eiga landsdrottnarnir ekkert á hættu sjálfir, heldur eru það aðrir menn. Það sýnist því ekki ósanngjarnt, að þjóðfélagið leggi hönd að því að tryggja réttláta aðstöðu þeirra manna, sem landsdrottnar geta látið sæta afarkostum.

Allir vita, að ef skipseigandi leigir öðrum skip sitt til fiskveiða, og leigutaki greiðir ekki skipshöfninni kaup sitt, þá verður skipseigandinn að svara til þess, ef hann á ekki að missa af skipinu. Hér er um ströng ákvæði að ræða, en þau hafa ekki verið talin koma í bág við 63. gr. stjórnarskrárinnar. Og það er því síður ástæða til að telja þetta frv. brjóta í bág við ákvæði stjskr.

Ég sé ekki ástæðu til að þreyta hv. þd. með löngum umr. að þessu sinni, heldur vildi ég aðeins benda á, að hv. 1. þm. S.-M. hefir hér nokkuð ofmælt. Ég vænti, að við athugun á frv. komi það í ljós, að þetta frv. gengur ekki eins nærri eignarrétti landsdrottna og það frv. um þessi mál, sem áður hefir legið fyrir Alþingi.

**Sveinn Ólafsson:** Það er aðeins lítil aths. Ég get fúslega kannazt við það, að svör hæstv. atvmrh. voru hógværleg. Þó get ég ekki fallizt á það, að ákvæði gildandi laga um skipaskoðun séu hliðstæð kvöð á hendur skipaeigendum þeirri kvöð, sem ákvæði þessa frv. eru á hendur þeim mönnum, sem jarðir eiga og selja þær á leigu, þar sem ráðstöfunarréttur þeirra yfir jörðunum er tekinn úr höndum þeirra og fenginn úttektarmönnum. Ákvæðin um skoðun skipa takmarka að vísu nokkuð frjálsræði skipaeigenda, en það er vitanlega gert til öryggis fyrir þá menn, sem á skipunum sigla, og aðkallandi nauðsynjar á því, að nægilega sé vandaður útbúnaður skipanna, sem eigendur þeirra mundu ella e. t. v. ekki hirða um nægilega vel. Hitt er augljóst, að vegna lands, sem leigt er til afnota, getur ekki verið um slíka knýjandi ástæðu að ræða; þar er engin sambærileg hætta á ferðum. Annars verð ég að segja það, að mér finnst ekkert sérstakt öryggi fengið um meðferð þjóðjarða með því að fá hreppstjórum og úttektarmönnum þetta víðtæka vald yfir þeim. Það er vitað, að ríkið er voldugasti landsdrottinn hér á landi og hefir í því efni mestra hagsmuna að gæta.

Það vill svo til, að ég hefi haft nokkur afskipti af þessum ríkissjóðseignum síðastl. 25 ár, en á þeim tíma hefir sala þjóðjarða einkum farið fram. Reynsla mín af henni hefir bent mér á það, að hagsmunir ríkissjóðs geta gleymzt úttektar- eða matsmönnum, þegar líkt stendur á og um sölu. Ég hefi orðið var við það, að úttektarmenn hafa löngum ríka tilhneigingu til þess að hlynna að hagsmunum nágranna sinna í þeim efnum, og það svo, að ég hefi orðið að ganga gegn áliti þeirra og mati hvað eftir annað, og ég hygg, að eitthvað álíka muni koma upp, þegar um er að ræða kjör leiguliða á jörðum ríkisins.

Það var fyrst og fremst vegna reynslu minnar í þessu starfi mínu, að ég fann ástæðu til þess að benda á þetta. Ég óttast blátt áfram, ef frv. þetta verður að lögum og kvaðir þær lagðar á landeigendur, sem það ætlar þeim, að ríkið muni neyðast til að losa sig við jarðirnar fyrir lítið eða ekkert verð, til þess að losna við enn þyngri búsifjar af kvöðum svona laga, og líkt mun fara um aðra landeigendur, sem leigujarðir eiga.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég þarf ekki að svara hv. þm. mörgum orðum, en í sambandi við það, sem hann talaði um einræði úttektarmanna og hreppstjóra, sem gefið væri með þessu frv., vil ég taka fram, að ég hygg, að svo sé nú um hnútana búið í frv., að í því tilfelli, að landsdrottinn sýni leiguliða fyllstu sanngirni í viðskiptum, þá muni landsdrottinn ekki verða mikið var við þetta einræði úttektarmanna. Hinsvegar er það, að ef landsdrottinn beitir hörku í þeim viðskiptum, þá sýnist það hreint ekki ósanngjarnt og ekki nema gott, að hann finni til þessa valds, enda fann ég, að þeirrar skoðunar gætti hjá hv. 1. þm. S.-M.

Hv. þm. hefir lengi verið umboðsmaður þjóðjarða, og ég þekki það af eigin reynslu, þó stutt sé, að hann hefir í hvívetna reynzt vel í því starfi, en ég vil sérstaklega benda honum á það, að sú skylda, sem lögð er landsdrottni á herðar með

þessu frv., nær ekki nema til vissra atriða, og ég ætla, að ákvæðunum, sem þar að lúta, muni verða í hóf stillt í framkvæmdinni, en þau ekki misbrúkuð. Þar er heldur ekki eingöngu um úttektarmenn að ræða, heldur eru flest þýðingarmestu ákvæði frv. um skyldur landsdrottins gagnvart leiguliða miðuð við fasteignamat, og það virðist mjög ólíklegt, að þeir menn, sem það framkvæma, og það eru sömu mennirnir fyrir hverja heila sýslu, hafi huga á því að meta húseignir ríkissjóðs lægra en önnur hús. Vænti ég, að ástæðulaust sé að óttast hlutdrægni fasteignamatsnefnda í þessum efnum.

Hv. þm. gaf í skyn, að varasamt gæti verið að leiða það í lög, að afgjald þjóð- og kirkjujarða skyldi fara eftir mati óvilhallra manna, vegna þess að þeir mundu hafa tilhneigingu til þess að meta frekar leiguliða í vil en hinu opinbera. En þá má minna á, að við höfum nú alllanga reynslu um, að jarðir séu leigðar eftir mati óvilhallra manna, og það eru einmitt jarðir, sem hafa verið eign þess opinbera. Það eru prestssetrin í landinu. Ég veit, að þær jarðir hafa yfirleitt verið sanngjarnlega metnar til leigu og alls ekki hátt yfirleitt. Þó veit ég dæmi um jörð, sem áður var prestssetur, en síðar var leigð leikmanni til ábúðar, að meðan hún var prestssetur og eftirgjaldið var ákveðið með mati óvilhallra manna, var það 150 kr. á ári, en síðan jörðin hætti að vera prestssetur og afgjald hennar ákveðið af hreppstjóra og sýslumanni eftir samkomulagi, þá var eftirgjaldið ekki nema 80 kr. Af þessu dæmi verður ekki séð, að mat óvilhallra manna á eftirgjaldi jarða hins opinbera muni skaða ríkissjóð, og ágizkanir um það, hvað þessir óvilhöllu menn kunni að gera í einstökum tilfellum, held ég, að verði erfitt að taka sem nokkurt sönnunargagn í þessu máli. Hinsvegar vil ég vænta þess, að þegar jarðir hins opinbera verða aðeins leigðar eftir mati óvilhallra manna, þá verði leiguliðum yfirleitt sýnd sanngirni, enda hygg ég, að það hafi aldrei verið tilgangur Alþingis f. h. ríkissjóðs eða kirkjujarðasjóðs að nota þessar jarðir hins opinbera sem fjárplóg á bændastéttina, heldur hafi hitt verið ætlunin, að veita þeim bændum, sem ekki hafa aðstöðu til þess að eiga jarðir sjálfir, möguleika til þess að fá ábúðarjarðir með bærilegum kjörum. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessar aths. lengri, enda fannst mér hv. þm. ekki gefa tilefni til þess með ræðu sinni.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 73., 74. og 75. fundi í Nd., 13., 15. og 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 410, n. 611 og 673).

**Frsm. meiri hl. (Pétur Ottesen)** [óyfirl.]: Frv. um breyt. á núgildandi ábúðarlögum hefir legið fyrir hverju þingi síðan 1929, þegar frá er tekið sumarþingið 1931. Þegar mál þetta kom fyrst inn í þingið, varð það fyrir geysilegri gagnrýni hér í hv. Nd. Sú gagnrýni byggðist mikið á því, að með frv., eins og það var þá, þótti gengið harla langt í áttina til þess að skerða eignarrétt þeirra manna, sem leyft höfðu öðrum ábúð á jörðum sínum. Á ýmsan hátt var freklegar en áður hefir tíðkazt í löggjöfinni tekinn af þeim umráðarétturinn yfir þessum eignum sínum og fenginn í hendur öðrum óviðkomandi mönnum. Þetta, ásamt nokkrum öðrum smærri atriðum, olli því, að frv. fékk nokkuð kaldar viðtökur og harða dóma. Af því leiddi aftur, hvað langan tíma það hefir tekið Alþingi að gera þær breyt. á frv., sem nauðsynlegar þóttu til þess það gæti orðið að lögum. Frv. var upphaflega samið af mþn., en hefir þó eigi verið borið fram sem stjfrv. fyrr en nú á þessu þingi; áður hefir það því komið inn í þingið eftir öðrum leiðum, og eru það tveir af hinum upphaflegu höfundum frv., sem aðallega hafa komið því á framfæri á undanförnum þingum. Í meðferð þingsins hefir frv. tekið geysimiklum breyt. Hefir það aðallega orðið hlutskipti landbn. Nd. að vinna að málinu og bera fram brtt. Á vetrarþinginu 1931 lagði hún mjög mikla vinnu í frv. og bar fram undir þinglokin mjög gagngerðar og víðtækar breyt. á því. Að þeim unnu mest þeir hv. þm. Mýr. og þáv. 2. þm. Skagf., Jón Sigurðs-

son. Á síðasta þingi lagði landbn. einnig mikla vinnu í að breyta frv. og bæta það. Og allar þær brtt., sem n. gat komið sér saman um, voru samþ. hér í d. En í n. var ekki fullkomið samkomulag um, hvað viðtækar breyt. þyrfti að gera á frv. Var sérstaklega ágreiningur um hina viðtæku og róttæku húsabótaskyldu, sem lögð var eingöngu á landsdrottna eins og frv. var þá.

Þrátt fyrir þessar breyt. á frv., sem samþ. voru í fyrra, náði það ekki samþykki. Mun það meðfram hafa verið vegna þess, að ekki náðist nauðsynlegt samkomulag um ýms mikilsverð ákvæði, og þá sérstaklega þau, sem lutu að húsabótaskyldunni. Í sambandi við húsabótaskylduna, skyldu landsdrottna til að leggja til ekki aðeins bæjarhús, heldur einnig peningshús, eftir því sem áhöfn jarðarinnar krefst, var gerð sú breyt. í fyrra, sem meira kemur til með að verka í framtíðinni heldur en á næstu árum, að gert er ráð fyrir að stofna sérstakan sjóð, sem greiða á í svokallaða leiguliðabót og síðan á að verja til að endurnýja húsin á jörðinni. Þetta getur orðið sterkur þáttur í því, að lausn fáist á málinu. Þó verður sú afleiðing af samþykkt frv., að húsabótaskyldan færist af leiðuliðunum og yfir á landsdrottna, þannig að í mörgum tilfellum verður landsdrottinn að inna þá skyldu af hendi, að byggja upp öll hús á jörðum sínum.

Eins og ég gat um, hefir hæstv. stj. nú í fyrsta sinn tekið þetta mál til flutnings. Hefir hún athugað það á milli þinga og gert á því nokkrar breyt. Hæstv. stj., eða hæstv. atvmrh., sem unnið hefir að þessu máli, hefir verið ljóst, að sá ágreiningur, sem sérstaklega þurfti að brúa, var einmitt ágreiningurinn um húsabótaskylduna; hefir hann því tekið það atriði til sérstakrar athugunar. Ég get lýst því yfir f. h. meiri hl. landbn., að hann fellst algerlega á till. hæstv. atvmrh. um það efni. Telur hann þær allar miða í sanngirnisáttina og vera til bóta á frv. Það er einmitt fyrir aðgerðir hæstv. atvmrh., að meiri hl. landbn. getur nú, þrátt fyrir ýmsa annmarka, sem búast má við á framkvæmd málsins, lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, svo að þar með sé lokið því stímabraki, sem verið hefir um það þing eftir þing, og bætt úr þörfinni á að fá endurskoðaða eða nýja ábúðarlöggjöf.

Því er þó ekki hægt að neita, að með frv. eins og það er nú, þrátt fyrir allar breyt., sem á því hafa verið gerðar af þinginu og hæstv. atvmrh., er eignar- og umráðaréttur einstaklinga og ríkis á jörðum meira skertur og gerður háður íhlutun og ákvörðunum óviðkomandi manna heldur en hægt er að benda á um eignarrétt á öðrum verðmætum í landinu. Má að því leyti segja, að hér sé gengið inn á varhugaverða braut. Enda er það svo, að ýmsum þykir freklega gengið á svig við ákvæði stjskr. um friðhelgi eignarréttarins í frv., eins og skýrast hefir komið fram hjá hv. 1. þm. S.-M. hér í d. (**PHalld**: Alveg réttilega!). En hinsvegar er ákaflega brýn þörf á að fá setta nýja löggjöf um ábúð leigujarða. Gamla ábúðarlöggjöfin er, eins og eðlilegt er, að ýmsu leyti mjög úrelt og á eftir tímanum. Eins og kunnugt er hafa miklar breyt. orðið á búnaðarháttum síðan hún var sett. Jarðirnar hafa verið bættar á ýmsan hátt og húsaskipun breytt. Af því leiðir vitanlega nýtt viðhorf og miklar breyt. á viðskiptum landsdrottins og leiguliða og afstöðu þeirra hvors til annars. Þess vegna er mikil nauðsyn á að leysa þetta mál, og Alþingi getur varla lengur hliðrað sér hjá að afgr. það endanlega.

Um brtt. hv. minni hl. á þskj. 611 er það að segja, að þær miða allar, að einni undantekinni, að því að taka út úr frv. þau ákvæði, sem hæstv. atvmrh. setti inn í það sem samningsgrundvöll undir afgreiðslu málsins. Ég hefi áður lýst því yfir f. h. meiri hl., að hann fellst á réttmæti till. hæstv. atvmrh., og samkv. því hefir hann tekið þá afstöðu til brtt. hv. minni hl., að vera á móti þeim öllum. Frá sjónarmiði okkar miða þær að því að spilla frv. og færa það í það horf, sem því hefir valdið, að ekki hefir enn tekizt að fá samþ. breyt. á ábúðarlöggjöfinni.

Ég skal ekki fara út í að ræða þessar brtt. Það er hvorttveggja, að hv. flm. þeirra hafa enn ekki talað fyrir þeim, og svo býst ég við, að hæstv. atvmrh. svari til um það efni, þar sem þær snerta nær eingöngu þær breyt., sem hann gerði á frv.

Að lokum vil ég aðeins minnast á eitt

atriði í þessu frv., sem ég hefi raunar áður bent á hér á þingi, að mundi valda nokkrum árekstri og óþægindum þegar til framkvæmda kemur. Það er viðvíkjandi þeim gjafajörðum, sem venjulega eru kallaðar kristfjárjarðir, jörðum, sem gefnar eru í einhverju góðgerðaskyni, þannig að ákveðið er í gjafabréfi, að afgjaldi þeirra skuli varið annaðhvort til forsorgunar munaðarlausra barna og ekkna eða annara hliðstæðra góðgerða, eða þá til að standa undir einhverri menningarstarfsemi í landinu. Mér skilst, að ekki sé hægt að samríma þá húsabótaskyldu, sem með frv. er færð yfir á landsdrottin, ákvæðum gjafabréfa þessara jarða, sem ákveða, að afgjaldinu skuli ráðstafað á ákveðinn hátt. Það er vitanlegt, að samkv. ákvæðum þessa frv., þar sem um er að ræða að byggja upp öll slík hús á þessum jörðum, mundi verða að verja afgjaldinu um áratugi, ef ekki lengur, til þess að inna af hendi þessa kvöð og ekki hægt að verja því til þess að uppfylla ákvæði gjafabréfsins. Þetta mundi leiða það af sér, að sá tilgangur, sem legið hefir til grundvallar fyrir því, að þessar jarðir voru gefnar, mun um lengri eða skemmri tíma verða að engu. Mér skilst því, að eina leiðin út úr þessu, ef sýna á viðleitni til þess að nota jarðirnar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í gjafabréfunum, muni vera sú, að selja jarðirnar og leggja andvirði þeirra í sjóð og láta svo vextina af höfuðstólnum ganga til þeirrar starfsemi, er ákveðin hefir verið í gjafabréfinu. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að það sé varlega gerandi fyrir þingið að ganga langt í því að gera ráðstafanir, sem verða þess valdandi að raska helgi, ef svo mætti að orði kveða, slíkra gjafabréfa. Það er mjög óeðlilegt að ganga svo í berhögg við slíkar ákvarðanir manna á deyjanda degi, eða þó þær séu teknar fyrr, sérstaklega þar sem þetta er gert í mannúðar- og menningarskyni.

Ég held þess vegna, að eina úrræðið í þessu efni verði að selja slíkar jarðir, en við það vinnst vitanlega það, sem ég álít mjög mikilsvert, að þær jarðir fara í sjálfsábúð, og það tel ég vera til mikilla heilla fyrir þjóðfélagið. En náttúrlega er því ekki að leyna, að svo gæti farið, að sá höfuðstóll, sem þannig fengist, yrði ekki eins tryggur til þess að bera uppi þá starfsemi, sem til er ætlazt, eins og ef höfuðstóllinn væri látinn standa í fasteignum. En við þessu verður ekki séð.

Ég vænti þess, að þrátt fyrir ýmsa ágalla, sem á frv. eru, þá geti þingið ekki lengur skotið því af sér að samþ. það, og þess geti þá orðið að vænta, að frv. geti orðið að l. nú á þessu þingi, og það getur það náttúrlega orðið, þó að allmjög sé liðið á þingtímann, ef það verður samþ. óbreytt. En það er ekki hægt að segja, hver muni verða afdrif þess, ef nú á þessu stigi verður farið að samþ. brtt.

Þess má geta, að Ed. hefir goldið jákvæði við brtt., sem hæstv. atvmrh. hefir gert á frv., og þannig hefir honum tekizt með sínum till. að gera frv. úr garði, að það var aðgengilegt fyrir þá d.

**Frsm. minni hl. (Steingrímur Steinþórsson):** Hv. frsm. meiri hl. hefir þegar talað alllangt mál um ábúðarlagafrv. og talað mest almennt um það, en lítið um einstök atriði þess. Ég skal reyna að ofþreyta ekki hæstv. forseta og d. með því að brjóta þingsköp og fara of mikið almennt út í þetta mál við þessa 2. umr. En ég vænti, að mér leyfist að segja örfá orð almenns eðlis um málið, þar sem hv. frsm. meiri hl. talaði nær eingöngu um málið eins og það væri 1. umr. þess.

Ég skal taka það fram, að ég er þar á sama máli og hv. frsm. meiri hl., að þetta frv. hefir að ýmsu leyti tekið endurbótum frá því, er það var hér á ferðinni síðast, og á ég þá einkanlega við formshlið frv., sem hefir verið lagfærð að ýmsu leyti.

Það er ekki rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að við, sem höfum leyft okkur að bera fram brtt. við frv., höfum tekið út úr því allt, sem hæstv. atvmrh. hefir sett inn í það. (**PO:** Viðvíkjandi húsabótaskyldunni). Nú, en það var á hv. þm. að skilja, að við hefðum tekið þær allar út. En það er síður en svo; þær standa fjöldamargar eftir.

Ég skal geta þess, að ég hefi mikla löngun til, að málið afgreiðist á þessu þingi, og ég fyrir mitt leyti vil stuðla að því, að það geti orðið. En ég skal þó taka það fram, að ég kýs heldur, að það dragist eitt eða tvö þing, að málið nái fram að ganga

og afgreiðist þá á þann hátt, að viðunandi sé, heldur en að það afgreiðist endilega á þessu þingi, e. t. v. með þeim ágöllum, sem margir þm. geta ekki sætt sig við, eins og nú er frá frv. gengið. Að öðru leyti vil ég taka það fram, að ég sé ekki ástæðu til þess, að málið nái ekki afgreiðslu á þessu þingi, enda þótt Nd. geri einhverjar breyt. á því. Ég vil ekki sætta mig svo við ofríki Ed., eins og mér virtist koma fram hjá hv. frsm. meiri hl., þar sem hann taldi sjálfsagt að ganga að frv. óbreyttu, af því að Ed. hefði álitið rétt að samþ. það á þann hátt, sem hún gerði. Inn á slíka skoðun mun ég aldrei ganga og mun óhikað bera fram brtt. án tillits til þess, hvaða afgreiðslu málið hefir fengið í Ed.

Í þessu sambandi má minna á það, að ábúðarlagafrv., sem kennt er við 1884, var búið að vera til meðferðar full 30 ár í þinginu, áður en það endanlega var samþykkt. Það er ekki einsdæmi með mál eins og þetta, að það taki mörg þing að ganga frá þeim, og sú reynsla, sem fengizt hefir af þeim ábúðarlögum, sem staðið hafa óbreytt nú um 50 árin hin síðustu, sýnir, að það er ekki ólíklegt, að hér sé verið að gera löggjöf, sem á að standa um langan tíma. Og þá er enn meiri ástæða til þess að ganga svo frá þeirri löggjöf, að tekið sé fullt tillit til þeirra aðilja, sem hér eiga hlut að máli. — Ábúðarlögin frá 1884 bera þess glögg merki, að það eru landeigendurnir, sem um samning þeirra hafa fjallað, þeir, sem jarðirnar hafa átt, en ekki þeir, sem jarðirnar áttu að leigja. Það má lesa þetta út úr hverri gr. laganna, enda er rétti leiguliða stórkostlega misboðið með þeim lögum. Af þeirri löggjöf hefir skapazt það ástand, sem við þekkjum svo vel, þar sem ábúendur á leigujörðum einstakra manna hafa engar umbætur getað gert, hvorki húsabætur né jarðabætur. Þetta byggist ekki á því, að þeir menn, sem á leigujörðunum hafa búið, hafi ekki verið eins góðir til að sinna sínu starfi og sjálfseignarbændurnir og hafi ekki haft fullan vilja á því, heldur af því, að ábúðarlöggjöfin hefir búið svo að þeim, að þeir hafa ekki getað notið starfskrafta sinna. Mér virðist, að eins og frv. er nú orðið, sé það farið að bera nokkur merki þess, að það séu fingraför jarðeigendanna á því meira en að fullt tillit sé tekið til leiguliðanna.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þegar frv. kom fyrst fram frá þeirri mþn., sem skipuð var 1927 til þess að fjalla um landbúnaðarmál og þá m. a. og einkum þetta mál, þá hafi það mætt geysimikilli gagnrýni. Ég verð að láta í ljós ánægju mína yfir því, að frv. fór jafnlangt í þá átt og það fór, þegar n. skilaði því. Það er auðséð á þeirri meðferð, sem frv. hefir fengið, að það hafa verið nógu sterk öfl til þess að toga það til baka í svipuð för og ábúðarlögin frá 1884, og því veitti ekki af, að mþn. stigi sporið stórt í till. sínum. Ef það hefði verið stigið skemmra í frv. mþn., þá hefði verið gengið meira til baka en þegar hefir orðið. Því álít ég það vel farið, að n. tók svo róttæka afstöðu í málinu, og ég er sammála þeirri afgreiðslu, sem málið fekk þar. Það, sem fyrir mér vakir, er, að réttur bænda á jörðum sé jafn, hvort sem þær eru í leiguábúð eða sjálfsábúð, að þeir hafi sömu möguleika til þess að gera umbætur og nota starfskrafta sína og að þeir hafi sömu aðstöðu til þess, að þau verk, sem þeir vinna, geti komið þeim sjálfum og þeirra niðjum að notum. Það er skylda þingsins að ganga svo frá þessari löggjöf, að sami réttur til starfa sé skapaður til handa öllum bændum, hvort sem þeir teljast leiguliðar eða sjálfseignarbændur. Það eitt á að vera ráðandi þegar ábúðarlagafrv. verður afgr. Hér má ekki láta hagsmuni þeirra fáu manna, sem eiga leigujarðir, sitja í fyrirrúmi; þeir verða að víkja, svo að bæta megi aðstöðu leiguliða og breyta því ófremdarástandi, sem því miður hefir átt sér stað í þessum efnum. Það er nú svo enn, að nærfellt helmingur bænda eru leiguliðar, og það eru þessar leigujarðir, sem níddar hafa verið niður eða a. m. k. orðið stórum á eftir með allar umbætur, af því að ábúðarlöggjöfin hefir verið haft um fót leiguliða og hindrað eðlilegar framkvæmdir. Þess vegna er hér ekki eingöngu um mál að ræða, sem snertir leiguliðana, heldur er hér um þjóðarmál að ræða, er snertir alla, um annan höfuðatvinnuveg landsins, að hægt sé að skapa sömu skilyrði fyrir búrekstur á leigujörðum og sjálfseignarjörðum. M. ö. o., það verður að þvinga þá menn,

sem eiga leigujarðir, til þess að búa svo að leiguliðum sínum, að þeir geti starfað þess vegna sem frjálsir menn. Að öðrum kosti verða þeir að láta jarðirnar af hendi.

Þó það komi þessu máli ekki beint við, þá má þó benda á, að þær aðgerðir, sem þingið er nú að gera viðvíkjandi kreppunni, t. d. með stofnun kreppulánasjóðs og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum landbúnaði vorum til verndar og viðreisnar, koma ekki réttilega niður. Þessar ráðstafanir koma þeim bændum að mestu gagni, sem hafa haft aðstöðu til þess að gera umbætur á jörðum sínum undanfarin ár, en þeir menn, og það eru einkum leiguliðar, sem ekki hafa getað lagt út í neinar slíkar umbætur, njóta ekki hlunninda á móts við hina, því þeirra skuldir eru minni, en þeir hafa að öllu leyti miklu verri aðstöðu til búrekstrar framvegis, en það léttir hlutfallslega minna á þeim en hinum, sem aðstöðu hafa haft til umbóta að undanförnu.

Ég skal svo ekki láta þessi almennu orð vera fleiri, en vil þá leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem við í minni hl. n. höfum borið fram á þskj. 611. Ég skal taka það fram, eins og sjá má af nál., að hv. þm. Mýr. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun hann því ekki telja sig bundinn við allar brtt., sem fyrir liggja. Að öðru leyti mun hann gera grein fyrir fyrirvara sínum, ef hann telur ástæðu til.

Sumar af þessum brtt., sem hér eru fram bornar, eru fremur smávægilegar. Aftur eru aðrar miklar efnisbreyt. og orka miklu um það, að mínum dómi, að frv. verði svo úr garði gert, að vel sé viðunandi. Ég skal þá fyrst minnast á fyrstu brtt., sem er við 3. gr. Þar stendur svo í frv.: „Hver maður, sem á jörð, er hann nytjar ekki að staðaldri sjálfur, skal skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi, að dómi úttektarmanna". Okkur virtist þetta ekki að öllu leyti vel heppilega orðað — „er hann nytjar ekki að staðaldri sjálfur", af því að í 2. gr. frv. er einmitt ákvæði um það, að maður megi ekki hafa ábúð nema á einni jörð, nema með undantekningum þeim, sem þar eru fram teknar. Þess vegna fannst okkur eðlilegra að orða þetta eins og gert er í brtt. okkar: „hver maður, sem á jörð, er hann hefir ekki heimild til að nytja sjálfur", af því að það er bannað almennt í l. að hafa samtímis ábúð nema á einni jörð. Svo kemur undanþága aftur í seinni málsgr. þessarar sömu gr., ef hann getur ekki byggt jörðina sjálfur, um það, hvernig þá skuli með hana farið. Þá hefir eigandi heimild til þess að nytja jörðina eftir því, sem honum sýnist, um visst árabil.

Þá höfum við gert brtt. við 9. gr. frv. Þar stendur svo, að landsdrottni sé ekki skylt að byggja æfilangt meira af jörð en sem getur framfleytt 36 kúgildum. Það, sem afgangs er, er honum ekki skylt að byggja æfilangt, en má hafa í lausaábúð eins og tíðkazt hefir. Við getum að vísu fallizt á, að ekki sé ástæða til þess, að sama manni sé byggt meira af jörð en sem þessu svarar. En ég fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til þess að láta þennan hluta jarðarinnar vera í lausri ábúð eftir sem áður.

Mér finnst óeðlilegt, að einhver jarðarhluti sé hafður í lausri ábúð á þennan hátt, og því höfum við lagt til, að þarna verði skotið inn í, að landsdrottni sé ekki skylt að byggja **sama manni** æfilangt meira en sem þessu svarar.

Það eru orðnar svo margar undantekningarnar með æfiábúð, eins og frv. nú er orðið, að ég tel ekki ástæðu til þess að gera þær fleiri; æfiábúðarákvæðið fer að verða eins og götótt skjóla, sem engu heldur.

Þá höfum við einnig leyft okkur að bera fram aðra brtt. við 9. gr., síðustu málsgr., sem við leggum til, að alveg sé orðuð um. Þar er ákveðið að undanskilja leiguliða afnotum af vissum vatnsréttindum, eins og þar er nánar tilgreint. Annars er ég í vafa um, hvernig beri að skilja þessa mgr. Þar stendur svo: „Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, önnur en til heimilisnota og búsþarfa, svo sem til áveitu og rafstöðvar". Eðlilegast finnst mér að skilja þetta þannig, að það eigi að skoðast sem innskotssetning, — önnur en til heimilisnota og búsþarfa —, og meiningin sé að undanskilja vatnsréttindi til áveitu og rafstöðvar að öðru leyti en sem snertir heimilisþarfir. Annars var n. í vafa um það, hvernig bæri að

skilja þetta. Nú álít ég, að ef um mikil vatnsréttindi er að ræða til rafvirkjunar, þá sé ekki ástæða til þess, að leiguliði hafi full umráð yfir því, en hitt þykir mér mjög orka tvímælis, að undanskilja vatn til áveitu. (**Atvmrh.**: Það á ekki að skilja það svo). Þá er gr. ákaflega óljóst orðuð, og það svo, að það er vissulega ástæða til þess að orða hana um, svo að hún verði skilin rétt. En við höfum nú leyft okkur að orða gr. um eins og gert er í brtt., þar sem það er aðeins tekið fram, að vatnsréttindi til rafstöðva skuli undanskilin leiguliðaafnotum.

Þá kem ég að 3. brtt. okkar, og hún er við 11. gr. frv. Það er einmitt við þann kafla frv., sem aðalbrtt. okkar minni hl. er við. Sá kafli fjallar um hús á leigujörðum og skyldu landsdrottins í sambandi við það. Ég vil þá fyrst taka það fram, að mér virðist 11. gr. vera mjög einkennilega orðuð eins og hún er nú orðin, þar sem í 1. málsgr. segir: „Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna“, en í næstu málsgr. er landsdrottni veitt leyfi til þess að leggja ekki meira til húsabóta en sem nemur ⅔ af landverði jarðarinnar, og þar er talað um, að nægilegt sé, að húsin séu nothæf. Þetta finnst mér ekki geta samrýmzt í sömu gr., því samkv. málvenju er það annað, að hlutur sé nothæfur eða í góðu lagi. Svona mótsagnir í sömu gr. frv. eru nægar út af fyrir sig til þess að það er óhæfa að samþ. hana óbreytta.

Það hefir verið tekin upp sú regla hér í þessari nýjustu útgáfu ábúðarlagafrv. að miða húsaskyldu við landverð jarðar. Að vissu leyti get ég fallizt á, að þetta hafi við rök að styðjast og að það sé eðlilegt að hafa ákveðið hlutfall milli landverðs jarðar og húsaverðs. En það hlutfall, sem hér hefir verið lagt til grundvallar, álít ég í öllu falli fráleitt. Við athugun fasteignamatsins síðasta á landverði leigujarða kemur í ljós, að allmargar leigujarðir hafa landverð neðan við 1000 kr., margar frá 1000—2000 kr. og allur fjöldinn milli 2000—3000 kr., en það er undantekning, ef leigujarðir hafa landverð, er nemi meiru en 3000 kr. Með því að láta húsaskylduna aðeins ná til ⅔ af landverði jarða, þá er sýnilegt, að hér verður um svo lítið fé að ræða, að ómögulegt verður að byggja upp á leigujörðum, svo að í nokkru lagi sé, fyrir það fé. M. ö. o. er húsaskyldunni að miklu leyti velt af landsdrottnum yfir á leiguliða. Við höfum því leyft okkur í minni hl. n. að leggja til, að þetta ákvæði verði fellt burt og húsaskyldan verði ákveðin eins og áður var samkv. 1. málsgr., að landsdrottni sé skylt að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna. Ég hygg, að ekki sé svo mikil hætta á því, að úttektarmenn muni verða svo um of kröfuharðir um þau hús, sem hér er um að ræða. En ég skal geta þess, að það getur komið til mála að miða við landverð eins og hér er gert, en þá verður að breyta hlutföllunum frá því, sem nú er ákveðið.

Þá er það næst 12. gr., sem við flytjum brtt. við, fyrst og fremst um að fella burt 1. málsgr. og í sambandi við hana aftur 7. málsgr. Þessar tvær málsgr. heyra saman, og verður því annaðhvort að fella þær báðar eða hvoruga. — Leiguliði á samkv. þessum mgr. 12. gr. að leggja fram allt innlent efni og aðdrætti þess og gröft allan, rif tótta, svo og aðdrætti á erlendu efni um allt að 5 km. veg. Þetta er ekki smáræðis hluti af kostnaði við byggingarnar. Eftir þessu frv., í því formi, sem það er nú, er víst, að ekki verður byggt upp á leigujörðum nema á sem allra ódýrastan hátt, t. d. torfhús að einhverju leyti í sambandi við timburhús. Ég er ekki að segja, að það geti ekki verið sæmilegar byggingar, en það liggur í hlutarins eðli, að þegar húsaskylda landsdrottins er ekki meiri en hér er ráð fyrir gert, þá verður ekki öðruvísi byggt. Og þar sem um torfhús er að ræða, þar sem aðalvinnan oft er að ná í hið innlenda efni, þá lendir mikill hluti af kostnaðinum á leiguliða. Þetta er því fráleitt og getur ekki komið til mála. Og ég undra mig yfir því, að hv. frsm. meiri hl. mælti svo um áðan, og það með allmiklum þjósti, að allar brtt. okkar væru til spillis eins á frv. Ég fæ ekki skilið, að hægt sé að líta svo á, að það spilli frv., að þessar ósanngjörnu kvaðir á ábúanda séu niður felldar. Leiguliði á ekki einu sinni að eiga þann hluta af byggingunni, sem hann

hefir lagt fram. Jú, af einhverri náð er ætlazt til, að ef hann flytur af jörðinni innan 6 ára, á hann að fá nokkurn hluta af framlagi sínu, eða sem svarar 1/6 af framlagi sínu fyrir hvert ár, sem vantar á þann tíma, en úr því á eignarréttur inn á hluta leiguliða algerlega að falla til landsdrottins. Ég get ekki skilið réttlætið í þessu. Mér finnst það minna um of á þær kvaðir, sem lagðar voru á landsetana í gamla daga, konungsþrælana, er skyldir voru til þess að byggja upp jarðirnar og halda þeim við, en voru réttlausir að fá endurgjald fyrir verk sín, til þess að hv. Alþ. geti samþ. slíkt nú á okkar dögum. Því um leið og húsabótaskylda landsdrottins er rýrð svo mjög sem gert er í 11. gr., þá er verið að þyngja kvaðirnar á leiguliðunum, þá er verið að heimta, að þeir fari að leggja miklu meira fram án þess að fá nokkuð fyrir.

Þá kem ég að 3. brtt. okkar, við 12. gr. Hún er aðeins smábreyt. Þar segir í frv., að hafi landsdrottinn greitt leiguliða húsagerðarkostnaðinn samkv. 1. og 2. mgr., megi hækka afgjald jarðarinnar sem svarar allt að almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af upphæðinni, **auk vátryggingargjalds af húsunum**. Brtt. okkar fer fram á, að þessi síðasta setning falli niður. Það er tekið fram í 17. gr., að séu hús vátryggð, skuli landeigandi bera vátryggingarkostnaðinn, og er þá óþarft að tala um vátryggingargjaldið í sambandi við þessi ákvæði í 12. gr.

Þá berum við fram tvær brtt. við 14. gr. Þessi gr. var sett í frv. í fyrra og fjallar um það, að í stað álags þess, sem áður var greitt, skuli tekin upp ný aðferð, nefnilega að greiða fyrningargjald, sem sé ákveðið fyrirfram sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði húsanna. Þetta fyrningargjald, eða leiguliðabót, eins og það er nefnt í frv., á að leggja í sérstakan sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður húsa á leigujörðum. Ætlazt er til, að hver jörð hafi sérreikning í sjóðnum og eigi tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og hibýli jarðarinnar. Um þetta atriði var mikið rætt í fyrra, bæði í landbn. og d., sérstaklega um það, hve há þessi leiguliðabót skyldi vera. Varð þá samkomulag um það hér í d., eftir ýtarlega athugun, að hámark leiguliðabótar væri hæfilegt 1/2% af steinbyggingum og 1% af byggingum úr öðru efni. En nú er hámark leiguliðabótar ákveðið 2/3% af steinhúsum og 1 1/2% af húsum úr öðru efni. En þetta er of mikið. Þetta gjald er þung kvöð, sem leiguliðar verða að greiða í reiðu fé árlega. Séu vextir 4 1/2% og leiguliðabótin af steinbyggingu 1/2%, þá væri búið að ná stofnverði byggingarinnar á 50—60 árum. En sæmileg steinhús — og ekki má reikna með öðru en sæmilegum húsum — er ekki ástæða til, að endurbyggi sig á skemmri tíma. Ef um annað efni er að ræða, torf, timbur o. s. frv., mundu húsin með 1% fyrningargjaldi endurbyggja sig á 38 árum. Einnig það virðist mjög sæmilegt. Brtt. okkar færa mark fyrningargjaldsins í svipað horf og var í frv. í fyrra. En það væri athugandi sá möguleiki, að láta þennan sjóð hafa víðtækara hlutverk en að endurreisa jarðarhús, t. d. hvort ekki væri hugsanlegt, að hann mætti nota til viðhalds húsum. Þá horfir þetta nokkuð öðruvísi við. Samkv. frv. í þess núv. mynd er sjóðurinn ekki ætlaður til annars en að endurreisa hús, sem orðin eru ónothæf. Og með það eitt fyrir augum er fyrningargjaldið í þessu frv. tvímælalaust sett of hátt.

Þá höfum við borið fram brtt. við 40. gr. frv. Þar er leiguliða gefin heimild til þess að gera minni háttar jarðabætur á ábýlisjörð sinni án samþykkis landsdrottins, ef þær eru vel og hyggilega gerðar og stuðla að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þegar hann fer af jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta, að hækka megi þeirra vegna landskuld á jörðinni, þannig að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina, en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna, að frádreginni fyrningu. Við álítum, að þessi viðbót, sem bætt hefir verið í frv. af hæstv. ráðh., „en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna, að frádreginni fyrningu“, sé allsendis óþörf, og leggjum því til, að hún verði felld niður. Hafi leiguliði unnið að jarðabótunum með svo mikilli hagsýni, að kostnaður við þær verði minni en ráð er gert fyrir, þá á hann fyllilega skilið að fá það, sem því munar, í sinn hlut. Það er fullkomlega óviðurkvæmi-

legt að reyna að troða skóinn niður af leiguliðum í svona smáatriðum og rétta landsdrottnum sífellt meiri og meiri fríðindi. — Ég vil benda á það í þessu sambandi, að oft mun vera mjög erfitt að segja um, hvert raunverulegt kostnaðarverð slíkra jarðabóta er. Þetta eru kannske einyrkjar, sem grípa í jarðabæturnar með börnum sínum hverja stund, er færi gefst. Í slíkum tilfellum er mjög erfitt að gefa upp ákveðið kostnaðarverð. Ég skil ekki í því, að hv. Ed. muni gera það að nokkru kappsmáli að halda í þessa viðbót, og vil ég fastlega mælast til þess, að hún sé felld niður.

Næsta brtt. okkar er við 42. gr. Fyrri hluti þeirrar gr. mælir svo fyrir: „Nú vill landsdrottinn gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bætir leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum að halda henni vel við og svara henni í gildu standi eða með álagi. Ennfremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina“.

Þarna leggjum við til, að orðin „og svara henni í gildu standi eða með álagi“, falli burt. Annars eru þessi ákvæði frv. alveg fráleit. Hugsum okkur, að landsdrottinn léti gera sléttu á jörð einhvers leiguliða með þessum hætti. Leiguliði yrði að greiða aukna landskuld og landsdrottinn fengi þar borgun fyrir þetta verk, sem þá yrði auðvitað samtímis til þess að auka gildi og dýrleika eignar hans. Hafi leiguliði svo búið á jörðinni ein 30 ár, er sléttan að sjálfsögðu farin að þýfast, og þá yrði hann samkv. þessum ákvæðum að slétta af nýju og skila jarðabótinni sem ný væri. Nei, slíkt nær ekki nokkurri átt. Með þessu móti er landeigendum gefinn laus taumurinn með að nota þetta í hreinu fjárplógsskyni. Gera slíkar bætur á jörðum sínum, láta ábúanda halda þeim við og hirða sjálfir afgjaldshækkunina án þess að bera nokkurn kostnað vegna fyrningar. Ég sé enga ástæðu til þess að ýta undir landsdrottna með að gera umbætur á jörðum sínum að leiguliða nauðugum. Þess vegna er sjálfsagt að fella þetta ákvæði, að leiguliði skuli svara jarðabótum í gildu standi eða með álagi, niður.

Við 47. gr. berum við fram tvær brtt. Þar er svo ákveðið, að úttektarmenn skuli skipaðir til 12 ára. Við leggjum til, að skipunartími þeirra verði færður niður í 6 ár. 12 ára skipunartími er óeðlilega langur. Þetta er auðvitað ákveðið svo í því skyni að fá sem mesta festu í starfið. En reynist úttektarmenn vel, má auðvitað endurskipa þá þegar út er runninn þeirra skipunartími. En reynist maður illa í þessari stöðu, eru 12 ár óþarflega langur skipunartími og skárra að geta losað sig við hann að sex árum liðnum. — Seinni brtt. okkar við þessa sömu gr. er í raun réttri aðeins orðabreyt. Þar er svo fyrir mælt, að úttektarmenn skuli skrifa undir „drengskaparvottorð“. Þetta mun vanalega vera nefnt „drengskaparheit“, og berum við fram brtt. um að breyta því á þá lund.

Síðasta brtt. okkar er við 54. gr. frv. Þar er svo ákveðið, að ákvæði frv. um húsabótaskyldu landsdrottins skuli ekki koma til framkvæmda fyrr en að 5 árum liðnum. Þetta teljum við óþarflega langan tíma. Um opinberar jarðir er það að segja, að þær eru flestar í lífstíðarábúð, svo að húsabótaskyldan kæmi ekki þungt niður hvað þær snertir, þar sem svo fáar jarðir losna úr ábúð árlega. Hvað snertir jarðeignir einstakra manna, þá held ég, að þessi ákvæði komi mjög réttlátlega niður. Þeir jarðeigendur, sem verið hafa góðir landsdrottnar og byggt jarðir sínar um lengri tíma, koma ekki undir ákvæði þessarar löggjafar fyrr en jarðir þeirra losna úr ábúð. En þeir jarðeigendur, sem hafa legið á því lúalagi að hafa jarðir sínar í eins eða tveggja ára ábúð, koma auðvitað strax undir ákvæði löggjafarinnar, og þeir eiga það sannarlega skilið. — Ég get fallizt á það, að rétt sé að veita undanþágur frá ákvæðum þessara l. nú í bráðina, meðan kreppu þeirri, er nú hvílir sem mara á þjóðinni, er ekki af létt. En ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessa frestun á framkvæmd l. lengri en 2 ár.

Sjálfsagt vonum við allir, að eftir 2 ár verði eitthvað farið að rakna úr því öngþveiti, sem nú ríkir, og því er það, að við berum fram brtt. þess efnis, að í stað 5 ár komi 2 ár.

Þá er ég búinn að minnast á allar þær brtt., sem minni hl. landbn. flytur nú við þetta frv. Sumar þeirra eru þess eðlis, að ég er fús á að taka þær aftur til 3. umr., ef von er um samkomulag við hv. meiri hl. n. og hæstv. atvmrh. um þær. En aftur eru aðrar þeirra þannig, að um þær getur ekkert samkomulag orðið til miðlunar frá okkar hendi við þessa umr. Hv. d. verður annaðhvort að samþ. þær eða fella.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil þakka hv. landbn. fyrir þá vinnu, sem hún hefir lagt í að endurskoða þetta frv. Ég tek undir það með hv. frsm. meiri hl., að það vakti fyrir mér við endursamningu frv. að gera það svo úr garði, að líkindi væru til, að það næði fram að ganga á þessu þingi. Ég reyndi að taka réttlátt tillit til þessara tveggja málsparta, sem þessi löggjöf fjallar um, og komið hafa fram fulltrúar fyrir nú í umr.

Mér var það ljóst af 20 ára reynslu minni sem formaður sáttanefndar, að það er ekki alltaf gott að hitta meðalveginn. Sem sáttanefndarformaður hefi ég auðvitað verið ánægðastur þegar báðir málsaðilar létu sér vel líka till. mínar. En væri ekki því að heilsa, var ég og nokkurnveginn ánægður, eða hálfánægður, ef báðir málspartar voru óánægðir. Hinu gat ég miður unað, ef aðeins annar málsparturinn var ánægður með till., en hinn óánægður. Og ég býst við að fá nú einmitt þessa hálfu óánægju mína af þessu frv. Hér er ekki því að heilsa, að nokkur málspartur sé ánægður, heldur eru þeir allir óánægðir. Það gefur mér bendingu um það, að ég hafi ekki farið langt frá þeim gullna meðalvegi fullkominnar réttsýni og sanngirni í þessu frv. Málsvari landsdrottna sagði hér við 1. umr. þessa frv., að hér væri gengið svo nærri ákvæðum 63. gr. stjskr., þar sem heita mætti, að eignarréttur landsdrottins væri af honum tekinn, að slíkt væri óviðunandi. Og nú við 2. umr. segir hv. frsm. minni hl. landbn., að frv. þetta geri leiguliða svo erfitt fyrir og háðan landsdrottni, að það minni á konungsþrælana fyrr á öldum! Hér sé reynt að troða skóinn niður af leiguliða, og landsdrottni rétt hver fríðindin öðrum meiri.

Sennilega verður ekki auðvelt að samríma þessar skoðanir, en ætlun mín er sú, að báðir þessir hv. þm. hafi farið með ýkjur og ofyrði í ákafanum að verja málstað sinn. Ég tek mér ekki nærri það aðkast, sem ég hefi orðið fyrir vegna þess þáttar, sem ég á í framkomu þessa frv. Ég tek því á sama hátt og þegar báðir málsaðilar eru óánægðir fyrir sáttanefnd. Þá þykist ég ekki vera langt frá því rétta.

Ég mun þá, eftir þessar almennu aths., snúa mér að einstökum atriðum. Hv. frsm. meiri hl. benti réttilega á það, að hér á landi er flokkur jarða, sem erfitt er að láta heyra undir ákvæði þessara laga. Það eru kristfjár- og gjafasjóðsjarðir. Þar stendur svo á, að jarðir eru gefnar til þess að veita einhverjum hjálp, annaðhvort fátæklingum eða til einhvers menningarauka í sveitinni, með því móti, að láta jarðarafgjaldið árlega renna til þess. Þarna er enginn höfuðstóll eða handbært fé til þess að húsa jörðina. Til þess yrði sennilega að veðsetja væntanlegt afgjald um lengri tíma og taka lán út á það. En það þýddi um leið, að gjöfin næði ekki tilgangi sínum um langt skeið. En nú stendur svo í mörgum gjafabréfum, að þessar jarðir megi ekki selja. Ég geri ráð fyrir því, að bezta leiðin yrði sú, að setja sérstök l. um heimild til að selja jarðir þessar, en svo tryggilega gengið frá um varðveizlu á andvirði þeirra, að öruggt sé, að það fari ekki á einn eða annan hátt forgörðum, og mundi þá öruggast að skipa svo fyrir, að jarðarverðin skuli jafnan ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands og nokkur hluti vaxtanna árlega leggjast við höfuðstól til þess að vega upp á móti verðfalli peninganna.

Ég verð að láta í ljós það álit mitt, að verði allar brtt. hv. minni hl. n. samþ., sé framgangi málsins á þessu þingi stefnt í tvísýnu. Það skal hinsvegar játað, að sumar brtt. eru ekki svo miklar efnisbreyt. En þó tel ég nauðsynlegt að rekja þær og skýra afstöðu mína til þeirra. Ég vil þá fyrst tala um brtt. við 3. gr. Í frv.

byrjar þessi gr. svo: „Hver maður, sem á jörð, er hann nytjar ekki að staðaldri sjálfur“ o. s. frv., en í till. er þessu breytt þannig: „Hver maður, sem á jörð, er hann hefir ekki heimild til að nytja sjálfur“ o. s. frv. Hv. frsm. færði þá ástæðu fyrir þessari brtt., að í 2. gr. stæði, að sami maður mætti ekki samtímis hafa ábúð á tveimur eða fleiri jörðum. Hann hélt því fram, að upphafsákvæði 3. gr. bryti í bág við ákvæði 2. gr. En þetta þarf ekki að vera og getur ekki verið. Ákvæði 3. gr. eru vitanlega bundin þeirri takmörkun, sem felst í 2. málsgr. 2. gr. Hinsvegar er þessi brtt. minni hl. varhugaverð vegna þess, að hún getur misskilizt. Maður getur haft heimild til þess að nytja jörð án þess að vera skyldur til þess. Ef svo stendur á, að hann hafi heimild til að nytja jörð, en geri það ekki, má skilja ákvæðið svo, að hann sé ekki skyldur til að byggja hana, en það held ég, að geti ekki verið meining hv. minni hl.

Þá er brtt. minni hl. við 9. gr. 3. mgr., en þar er svo ákveðið, að ef jörð framfleytir meiru en 36 kúgildum, þá sé landsdrottni ekki skylt að byggja meira af jörðinni en sem því svarar. Þessu vill minni hl. breyta þannig, að landsdrottni sé ekki skylt að byggja sama manni meira af jörðinni en sem því svarar.

Nú vil ég benda minni hl. á það, að svo getur staðið á fyrir landsdrottni, að hann geti í svipan ekki reist nýbýli á jörðinni til að fá þann ábúanda, sem hann vill trúa fyrir jörðinni eða jarðarhlutanum. Þá á hann varla aðrar útgöngudyr en að byggja til bráðabirgða þeim manni, sem hefir litið heimili og gæti notazt við þau hús, sem áður eru til, eða byggja þeim ábúanda, sem fengið hefir til æfilangrar ábúðar 36 kúgilda fleytimagn af jörðinni, hinn hluta jarðarinnar til skemmri tíma, eða þangað til hann treystir sér til þess að reisa nýbýli á þeim hluta jarðarinnar, sem fram yfir er. Svo veit ég ekki nema þetta orðalag minni hl. gæti misskilizt, ef því væri ekki breytt. Það gæti e. t. v. skilizt svo, að það ætti að byggja **tveimur** mönnum eða fleiri jörðina, ef hún er stærri en svo, að hún geti framfleytt 36 kúgildum.

Þá kem ég að aðalbreyt. minni hl. Skal ég þá fyrst skýra það, sem liggur í orðinu „nothæfur“. Hv. frsm. minni hl. fór allhvössum orðum um það og sagði, að þetta væri í ósamræmi við ákvæði 1. mgr., þar sem sagt er, að peningshús skuli vera í góðu lagi. Með orðinu „nothæf hús“ er átt við hús, sem hægt er að nota við ábúðina, en ekki t. d. gömul verzlunarhús, fiskhjall eða önnur slík hús, sem byggð hafa verið til annara nota en til afnota við ábúðina sjálfa. Þar sem talað er um, að hús skuli vera í góðu lagi, þar er átt við jarðarhús þau, sem um getur í 2. mgr., og þar koma ekki til greina önnur hús en þau, sem eru **nothæf** við sjálfa ábúðina.

Hv. frsm. minni hl. benti réttilega á það, að sumar jarðir væru svo lágt metnar, að húsaverð yrði óeðlilega lágt með því að ákveða það eins og hér er gert. En þá vil ég jafnframt benda á það, að þó að jarðir séu lágt metnar, þá eru húsin þó ennþá lægra metin eftir fasteignamati, og eftir því, sem ég hefi kunnugleika til í ýmsum héruðum landsins, þá hefir mér virzt, að yfirleitt væri það sæmileg bygging á jörðum, þar sem húsaverð er á við ⅔ af landverði, ef jörðin er meðaljörð, en taka mætti til athugunar, hvort ekki væri rétt að setja eitthvert lágmarksverð húsa viðvíkjandi lægst metnu jörðunum. Þætti mér rétt, að n. í heild sinni tæki það atriði til íhugunar.

Þá vill minni hl. láta falla niður ákvæði 3. málsgr. 11. gr., þar sem svo er ákveðið, að ef jörð fylgja lóðagjöld, vatnsréttindi, námur eða önnur þvílík verðmæti, er auki verð landsins fram yfir verðgildi þess til búrekstrar, þá skuli draga verðgildi þessara verðmæta frá landverðinu, þegar meta skal skyldur landsdrottins til húsabóta. Þessi brtt. mun vera afleiðing af fyrri brtt., en annars finnst mér, að ef jörð er metin sérstaklega hátt vegna t. d. lóðagjalda eða vatnsréttinda, þá eigi það verðgildi ekki að koma til greina, þegar húsaverð er miðað við landverð.

Þá er hv. frsm. mjög óánægður með 1. málsgr. 12. gr. og niðurlagsákvæði sömu gr. Ég verð að líta öðruvísi þar á, því að ég hefi svo oft séð það, bæði í sambandi við húsabætur á prestssetrum og kirkjujörðum og þjóðjörðum, að vinna leiguliða hefir verið oft óeðlilega

hátt reiknuð. Ég hygg, að það sé þjóðhagsleg hagsýni, að heimamenn á hverju heimili séu látnir vinna þessi störf, og þá á þeim tíma, sem önnur nauðsynlegri verk kalla ekki að. Þetta þarf ekki að koma tilfinnanlega þungt niður á ábúanda, en yrði hinsvegar til mikils sparnaðar fyrir ríkissjóð og þjóðina í heild. Ég hygg, að það geti ekki orðið tilfinnanlegt fyrir leiguliða, þó að hann láni hesta að vorinu til aðdrátta á byggingarefni. Það þarf ekki að auka mikið á fóður hesta að vetrinum, þó að þeir séu notaðir nokkra daga fyrir sláttinn til þess að draga að innlent efni. En það opinbera finnur mikið til þess, þegar það fær marga reikninga fyrir hestavinnu og hesturinn er reiknaður 4—5 kr. á dag, eins og stundum á sér stað.

Ég get ekki gengið inn á, að það sé rétt, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að leiguliðar væru gerðir að endurbornum konungsþrælum, þó að þeim væri gert að skyldu að vinna þessi verk, þegar þeim er hentugast, t. d. að rífa tóttir, sem þeir mundu þá gera á vorin og nota efnið í flagsléttur og þannig oft fá eins mikið verðmæti í áburðargildi rofsins og vinnan var verð. Ég vil í þessu sambandi minna á, að þegar sett voru l. um hýsing prestssetra, þá var það mín till. í kirkjumálanefnd, að þessar kvaðir yrðu lagðar á mig og mína stéttarbræður. Var þó ekki ætlun mín að gera sjálfan mig eða stéttarbræður mína að neinum konungsþrælum með því.

Það er smávægilegt atriði við 4. mgr. 12. gr., sem minni hl. vill fá breyt. á, það, að leiguliði sé frí við að greiða vátryggingargjald af húsum, sem hann hefir byggt, en jarðareigandi hefir keypt. Ég hygg nú samt, að þessi málsl. sé hér allmiklu betur úr garði gerður en var í frv. eins og það var afgr. frá 3. umr. í Nd. í fyrra, því að þar var svo frá þessari málsgr. gengið, að landsdrottni var heimilt að taka eins háa vexti af leiguliða og hann hafði orðið að gjalda af því láni, sem hann tók til að greiða húsagerðarkostnaðinn. Þar með stóð það opið fyrir lánardrottin að taka lán með okurvöxtum, þó það væru bara yfirskinsvextir, til að fá átyllu til að hækka afgjald jarðarinnar óhæfilega. Hér er miklu tryggilegar um búið, þar sem ekki má hækka afgjaldið um meira en sem nemur útlánsvöxtum Búnaðarbankans af upphæðinni. Annars er þessi 1. málsgr. 12. gr. ekki frá mér, heldur frá Ed., en ég er engu að síður henni samþykkur.

Ég vil mælast til þess við minni hl., að hann taki aftur til 3. umr. brtt. við 14. gr., því að það veltur á allmiklu, hvaða starf endurbyggingarsjóði er ætlað að vinna. Ég hefi hugsað mér, að svo gæti staðið á, að rétt væri að heimila atvmrh. að haga reglugerð sjóðsins þannig, að hæfilegt geti verið að verja einhverri upphæð úr honum til þess að gera endurbætur á húsum, sem ekki þykir þörf að endurreisa að fullu fyrr en eftir allmörg ár. Það getur verið hagnaður að verja nokkurri upphæð til að gera við hús, svo að þau geti verið góð og vel nothæf 15—20 ár. Getur verið miklu meiri hagnaður að því en að láta þau drabbast niður þangað til nauðsyn er að endurbyggja þau að fullu.

Hv. frsm. minni hl. sagðist álíta, að allvel væri séð fyrir endurbyggingu húsa, þó að gert væri ráð fyrir, að torfhús gætu enzt í 38 ár. Það getur verið, að þetta geti staðizt í vissum hlutum landsins. Ég efast ekki um, að þetta gæti átt við í því héraði, þar sem hv. frsm. er alinn upp. En á rigningarsvæðum landsins er þetta allt of langur tími, a. m. k. með þeim byggingaraðferðum, sem enn eru hafðar við torfhús. Hinsvegar er hundraðsgjaldið til húsabyggingasjóðs hlaupandi tala, ⅓—⅔% af steinhúsum, en ¾—1½% af húsum úr öðru efni. Þetta vill minni hl. lækka niður í ¼—½% og ½—1%. Ég lít nú svo á, að þar sem úttektarmönnum er sýnt svo mikið traust sem gert er í þessu frv., þá verði einnig að vænta þess, að þeir taki hér sanngjarnt tillit til þess, hvort hús eru vönduð eða óvönduð, þegar þeir eiga að meta þetta, en um það veltur auðvitað á ýmsu, því að þó að húsin séu t. d. steinhús, þá eru þau svo misjöfn að gæðum, styrkleika og frágangi, að það er vissulega nauðsynlegt að gera þar á nokkurn mun.

Hv. frsm. minni hl. hneykslaðist á því, sem stendur í 40. gr., að leiguliði skuli við burtför af jörðinni fá jarðabætur greiddar eftir því, sem úttektarmenn meta, að hækka megi þeirra vegna landskuld á

jörðinni, þannig að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina, **en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna**, að frádreginni fyrningu. En nú getur staðið svo á, að jarðabæturnar bæti jörðina mikið, þó að ekki sé kostað til þeirra miklu fé. Ég skal nefna það sem dæmi, að leiguliði hafi gert smáskurð fram úr allstórri tjörn, svo að hún þornar upp og verður að góðu engi. Það getur verið, að þetta geri það að verkum, að hækka megi jarðarafgjaldið að nokkrum mun, en þó hafi þetta ekki kostað mikið fé eða fyrirhöfn. Það er alls ekki víst, að þessi hagsýni sé leiguliðanum að þakka, svo að hann eigi nein verðlaun fyrir það. Hugmyndin getur alveg eins verið frá landeiganda. Og verð ég að ætla, að hver maður sé fullsæmdur af því að fá verk sín borguð með kostnaðarverði, hvort sem hann er leiguliði eða ekki. Hinsvegar finnst mér það, að við virðingu sumra jarðabóta verði að taka nokkurt tillit til fyrningar. Það er rétt, að það er ekki sanngjarnt, ef um túnasléttur er að ræða, þó að þau mannvirki geti líka orðið lítilsvirði fyrir beinan trassaskap og hirðuleysi ábúanda. En ég hygg, að ef hv. frsm. væri vanur að vera við úttekt, þá væri honum kunnug sú regla, sem fylgt hefir verið í a. m. k. þremur af landsfjórðungunum, að fyrning er metin á skurðum og flóðgörðum sérstaklega, en ekki túnasléttum. Ég hygg, að ákvæði 40. og 42. gr. komi ekki í bág við þá landsvenju. Ef skurðir eru ekki vel gerðir í fyrstu, getur farið svo á fáum árum, að þeir skemmist svo, að þeirra verði lítil sem engin not. Þá á leiguliði að halda þeim við, en ef hann gerir það ekki, þá finnst mér rétt, að hann greiði bætur. Alveg eins er um flóðgarða. Þeir geta eyðzt af vatnagangi, einkum þar, sem er vetraráveita, og geta því orðið lítilsvirði á stuttum tíma, ef ekki er gætt að og þeim haldið við.

Brtt. minni hl. við 47. gr. skiptir ekki miklu máli. Þar er lagt til, að úttektarmenn séu skipaðir til 6 ára, en í frv. er ákveðið, að það séu 12 ár. Tilgangurinn með því að hafa tímann svo langan, er sá, að fá með því meiri festu í þessu störf. Hv. frsm. sagði, að sömu festu mætti skapa með því að endurskipa sömu menn að 6 árum liðnum. En þá hefir hann ekki gætt að því, að þá þarf að breyta næstu setningu frv., því að þar stendur, að enginn sé skyldugur að taka við endurskipun fyrr en 6 ár eru liðin frá því, að hann hætti starfanum. Ég hygg, að það verði að athuga samræmið betur, áður en breyt. eru gerðar.

Þá vill minni hl. gera þá orðabreyt. á 2. málsgr. 47. gr., að fyrir „drengskaparvottorð" komi „drengskaparheit". Ég hefi litið eftir, hvort þetta orð hefir verið notað áður, og sá ég þá, að þetta orð, „drengskaparvottorð", hefir verið í frv. frá því fyrsta. Hefir það upphaflega verið „prentsmiðjupúkanum" eða einhverri misskrift að kenna, sem hefir svo haldizt í frv. af vangá. Hefi ég ekkert við það að athuga, að þessi orðabreyt. sé gerð.

Þá kem ég að niðurlagsákvæðunum. Í 54. gr. stendur, að ákvæði 11. og 12. gr. komi ekki til framkvæmda fyrr en eftir 5 ár frá því að l. öðlast gildi, en minni hl. vill stytta þetta tímatakmark niður í 2 ár. Hv. frsm. hélt því fram, að þetta kæmi niður á verstu landsdrottnunum, og má vera, að það sé rétt í sumum atriðum. En það getur líka komið niður á þeim, sem síður skyldi, t. d. á nýuppflosnuðum bændum. Ég hefi gert skrá yfir hýsingu á þeim sjálfs- og leigu-ábúðarjörðum, þar sem húsaverð er undir 1000 kr. Af þeirri skrá má sjá, að í einni sýslu eru 76 sjálfsábúðarjarðir, þar sem húsaverð er ekki hærra en 570 kr., en í sömu sýslu er þó ekki nema 61 jörð í leiguábúð, þar sem húsaverð er undir 1000 kr. Meðaltal húsaverðs þessara leigujarða er dálítið hærra, eða um 610 kr. Ég get vel ímyndað mér, að einhverntíma á þessum 5 árum, og þá ekki hvað sízt á 2 næstu árum, komi það fyrir, að einhverjir af þeim bændum, sem nú teljast hafa sjálfsábúð og hafa ekki getað byggt yfir sjálfa sig fyrir meira en svo sem 500 kr., neyðist til að hætta að búa. Þá verða þeir margir hverjir að leigja öðrum jarðirnar, því að kaupendur eru ekki á hverju strái nú, og þá sé ég ekki, með hvaða ráðum þeir eiga að afla þess fjár, sem þarf til að fullnægja þeim kröfum, sem í þessu frv. felast, ef allar þær brtt. verða samþ., sem minni hl. leggur hér fram. En ég er ekki svo bjartsýnn að ætla, að allar afleiðingar kreppunnar hér á landi verði horfnar að

tveim árum liðnum. Ég hygg, að við mikla erfiðleika verði að stríða með að útvega lánsfé til bygginga, þó að landsdrottnar eigi í hlut, og ekki kemur það heldur þjóðarbúinu eða gjaldeyrisverzlun þess vel, að svo mikið sé flutt inn af erlendum byggingarefnum, sem mundi þurfa, ef frestur væri ekki nema 2 ár. En þó að framkvæmd laganna að bókstafnum til sé frestað um 5 ár, þá vil ég benda á, að ákvæði 11. og 12. gr. laganna taka að verka undir eins og þær eru samþykktar. Landsdrottnar mundu þá líta svo á, að sú skylda hvíldi þeim á herðum að gera hvað þeir gætu til þess að endurbæta húsakost á jörðum sínum, með tilliti til þess, hvað þeir eru hvort sem er neyddir til að gera að fáum árum liðnum. Ég hefi því þótzt tilneyddur að leggja það til, að ákvæðin um húsabótaskylduna komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en að 5 árum liðnum, sérstaklega með tilliti til þess, hve erfið lántökuskilyrði eru nú fyrir hendi og að gjaldeyrir landsins leyfir það ekki, að flutt sé inn byggingarefni í svo stórum stíl. En hinsvegar vænti ég þess, að landsdrottnar fái það mikið aðhald með ákvæðum frv. eins og það liggur fyrir, að þeir bæti úr brýnustu húsaþörfinni, eftir því sem þeir hafa getu til, þegar þeir vita, að lagasverðið hangir yfir höfðum þeirra, ef þeir ekki hafa hýst jarðirnar sæmilega að 5 árum liðnum.

**Jörundur Brynjólfsson:** Ég vil byrja á því að tjá hæstv. atvmrh. þakkir fyrir, hve annt hann hefir látið sér um flutning þessa máls og undirbúning, og þó að ég sé sízt sammála um, að sumar breyt. séu til bóta, þá vil ég tjá honum þakkir fyrir, að hann hefir öðrum fremur stuðlað að því að koma málinu í höfn. Mig hefir mjög undrað það á undanförnum þingum, hve lítið mönnum hefir verið annt um að koma málinu áfram, og hv. 1. þm. Eyf. og mér hefir sárnað það, hve það virðist hafa skipt þingið litlu máli. Það er sameiginlegt álit okkar, að hæstv. atvmrh. hafi brugðizt betur við en fyrirrennarar hans, og á hann fyllstu þakkir fyrir það skilið. Þar eð svo fjölyrt hefir verið um málið á undanförnum þingum, ætla ég ekki að fara út í að rekja sögu þess. Ég get verið stuttorður, þar sem hv. frsm. meiri hl. hefir lýst gangi málsins, og ég er í flestum verulegum atriðum sammála honum. Hin minni atriðin, sem vafi leikur á, hvort séu til bóta, skipta hér ekki máli. Ég geng alveg framhjá því; en tvö atriði þarf ég að taka til athugunar, og er annað og mikilvægast húsaskylda landsdrottna og hitt, sem ekki er eins þungt á metunum, jarðabætur á leigujörðum. Þessi tvö atriði skortir mjög mikið á til þess að geta staðið í viðhlítandi ábúðarlöggjöf, og ekki síður til samanburðar við erlenda löggjöf í þeim efnum. Ég tel nú, að þannig eigi að ganga frá þessu máli, að leiguliðar og þeirra hagsmunir séu sæmilega tryggðir. En um húsaskyldu landsdrottins verð ég að segja, að eins og gengið er frá henni í frv. er hún alls ekki viðunandi, og það varðar vissulega ekki litlu, hvernig ákvæðin eru úr garði gerð um þetta atriði, sem skapar lífsskilyrðin fyrir þá, sem að þeim eiga að búa. Það er viðurkennt af mönnum, sem bezt skynbragð bera á þetta mál, að lögin frá 1884 hafi í mesta máta verið hemill á framkvæmdum leiguliða og afkomu þeirra í búskap, og furðu gegnir, hvað menn eru seinlátir að endurbæta þau, þar sem ljóst er, að með þeim lögum var stórt spor stigið aftur á bak frá því, sem áður gilti. Konungur hafði brotið skyldur sínar gagnvart leiguliðum á jörðum sínum, þvert ofan í landslög og rétt. Og Alþingi varð til þess að lögleiða þessar óhæfilegu aðfarir, sem konungur viðhafði fyrstur allra manna á leigujörðum sínum, sem svo færðist brátt yfir á kirkjujarðaleigjendur, og svo loksins var það látið ná til allra leigujarða yfirleitt í landinu. Þeir, sem vilja kynna sér þetta, ættu að lesa eldri lagaákvæði um þetta efni. Ég get vel viðurkennt, að það kunni að vera allmiklum erfiðleikum háð að byggja upp á jörðunum eins og þörf krefur. En ég get alls ekki séð, að sú krafa sé nokkru harðari fyrir þá, sem eiga jarðir og leigja þær, heldur en fyrir sjálfseignarbændurna. Ég sé sem sé enga ástæðu til þess að gera vægari kröfur til leigusala en til sjálfseignarbóndans. Þó að ákvæði 11. gr. um verðmæti húsa, sem leiguliði lætur í té, séu lögð þarna til grundvallar, og þó gengið sé út frá fast-

eignamati, þegar meta á húsin, þá býst ég við, að kostnaðarverð verði látið ráða. (**Atvmrh.**: Það stendur hvorttveggja, að fasteignamati undangengnu). Hvernig á þá að meta? (**Atvmrh.**: Fasteignamat á að fara fram). Það er nú tæplega hægt að láta fara fram fasteignamat á húsum, sem ekki er búið að byggja. Þetta er svo lágt sett, að það er ómögulegt að hýsa eignina fyrir þetta verð.

Þá er 12. gr., um skyldur leiguliða til að láta í té vinnu við byggingarnar. Þetta er einkar hörð kvöð, eins og hv. frsm. meiri hl. hefir þegar skýrt, ef leiguliði á að láta í té allan gröft og annast aðflutning byggingarefna; kostnaður við þetta getur skipt mörgum hundruðum króna, og ef um stór býli er að ræða, getur hann jafnvel komizt upp í 2—3 þúsund kr. Það er jafnast og eðlilegast, að leiguliðar hafi frjálsar hendur. Og sérstaklega getur þetta orðið óréttlát kvöð, ef leigusali vill byggja sérstaklega vel og ætlar að taka handa sér eða sínum fljótlega jörðina til ábúðar. Hv. Ed. hefir sýnt þá linkind, að ef hann fer innan 6 ára, þá eigi hann að fá endurgreiddan nokkurn kostnað, en fari hann nú ekki fyrr en eftir 7 ár, þá fær hann ekkert. Leigusali getur því beinlínis stórgrætt á þessu. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess, að jarðeigandi eigi að fá gjöld af fjármagni, sem hann hefir alls ekki látið í té. Þetta er ekki viðunandi eins og nú er; úr þessari kvöð þarf að draga meira. Náttúrlega er ekki nema rétt, að leiguliði láti meira af hendi, ef eitthvað sérstakt kemur fyrir, t. d. eldsvoði eða náttúrufyrirbæri, sem valda báðum tjóni. En menn mega ekki búa við þessar miðaldahugmyndir um, að vinnukrafturinn sé svo ódýr til sveita. Það var auðvitað hér áður, að vinnuaflið var einkar ódýrt, en þeir tímar eru löngu liðnir. Og nú er svo komið, að bóndinn hefir ekki meira af sínu skylduliði heldur en brýn nauðsyn krefur. Máske var ekki útilokað, að að haustinu og á útmánuðum hafi menn getað á stöku heimili gert meira en að sinna búsþörfum, en með því fólkshaldi, sem nú er yfirleitt, þá er þetta útborin eign. Mér þykir það óviðfelldið, að til þess skuli vera ætlazt, að svo harðdræg kvöð og þetta verði lögleidd. Ég vænti þess, að hv. d. sýni fulla sanngirni í garð leiguliða og að rétta þeirra hlut. Ég minnist þess, sem elzti þingmaðurinn, eða réttara sagt, sá, sem flest þing hefir setið, sagði um ástand og kjör leiguliða, að illa væri þeim í hendur búið. Ég vænti þess, að bæði hann og aðrir minnist þessara orða þegar á að skapa þessum mönnum grundvallaraðstöðu í lífsbaráttunni með þessari löggjöf. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta atriði, ég hefi nú drepið stuttlega á það helzta; og ég vil sízt lengja umr. um málið, því að tími finnst mér nú kominn til þess að koma því í höfn. Svo að ég drep aðeins á helztu atriðin.

Ákvæði 41. og 42. gr. viðvíkjandi jarðabótum fer ég aðeins fáum orðum um. Ég get skírskotað til hv. frsm. minni hl. En eitt atriði hefir gleymzt, sem sýnir bezt, hvernig réttur leiguliða er gagnvart húsabyggingum, því hann verður sjálfur að byggja megnið af þeim. Mér kæmi það ekki á óvart, þegar til framkvæmdar laganna kemur, þó leigusali þurfi aðeins að láta íbúðina í té, en leiguliði eigi að koma upp hlöðum, peningshúsum o. s. frv. Og engin ákvæði eru til um það, að nokkur sé skyldur til þess að kaupa þau af honum, þegar hann flytur af jörðinni, sjá 13. gr. í lok málsgr.; hann hefir enga tryggingu fyrir því, að viðtakandi eða landsdrottinn kaupi þau af honum, þó að óhjákvæmilegt sé að hafa þau áfram á jörðinni, ef hana á að byggja áfram. Svo prýðilega er frá gengið!! Það vantar bara brtt., sem einu sinni kom fram, um að ef steinveggir væru, þá væri ekki leyft að rífa þá niður.

Þá kem ég að jarðabótunum. Þær skipta *minna máli í framkvæmd* heldur en húsaskyldan. En eigi að síður gætir þar ósamræmis, og get ég þar tekið undir ummæli hv. frsm. Mér finnst ekki fullkomlega réttmætt, að ef leiguliði vinnur að jarðabótum, þá fái hann ekki nema kostnaðarverð fyrir. En ef hann sætir þessu, þá er ósanngjarnt, að landsdrottinn fær meira en hann hefir látið í té. Ákvæði 42. gr. um, hvert gjald jarðeigandi fær, ef hann lætur vinna nauðsynlegar jarðabætur fyrir eiginn reikning, eru ekki ósanngjörn, og má vel við una, að réttur leigusala og leiguliða sé gerður jafn á því. Hæstv. atvmrh. drap á það

áðan og nefndi tölur því til stuðnings, að þótt ekki þætti húsakvöðin fullkomin, gæti það reynzt nokkuð erfitt fyrir marga að standa straum af byggingarkostnaðinum. Þó að þetta kunni að vera satt, þá er ekki mögulegt fyrir Alþingi við svo mikilvægt mál sem þetta og afleiðingaríkt að setja markið svo lágt, að alltaf séu gerðar sem allra minnstar kröfur um byggingar. Ég vænti þess, að einhverjar breyt. verði hægt að gera til þess að draga úr ágöllum frv. um þessi 2 atriði, sem ég hefi hér tekið til meðferðar, og leiðinlegt þætti mér, ef hv. Ed. fengist ekki til að fallast á neinar breyt. Ef ekki fást bætur á húsaskyldunni, þá vil ég taka undir með hv. frsm. og bíða einu árinu lengur með að koma málinu í höfn, því að eins seint og hefir sótzt að fá þetta leiðrétt, þá er sem ég sjái viðtökurnar, sem umbótatill., sem fluttar kynnu að vera á næstu árum, fengju, ef nýlega væri búið að setja ábúðarlöggjöf.

Hv. frsm. meiri hl. taldi þetta sæmilegan samkomulagsgrundvöll, sem nú er, en ég skal segja hv. frsm. meiri hl. það, að ég fæst ekki inn á neitt samkomulag, ef þessi ákvæði eru höfð í frv. Getur verið, að það skipti ekki máli, þótt nokkrir þm. séu óánægðir, meiri hl. knýi frv. samt í gegnum d., en því heiti ég, að ef frv. fer svo í gegn, skulu þm. alla þá stund, sem ég sit á þingi, unz frekari réttarbætur fást, fá að heyra rætt um þetta mál frekar. Ég tel þetta atriði á engan hátt viðhlítandi. Ég heyri, að margir hv. dm. biðja nú um orðið, og býst ég við, að þeir geri það til þess að undirstrika það, sem ég sagði nú síðast. Ég býst við, að hv. dm. verði nú skeleggir fyrir því að leiðrétta þann órétt, sem til þessa hefir ríkt í þessum efnum. Það eitt sæmir og annað ekki.

Út af þeim orðum hv. frsm. meiri hl., að frv. hefði tekið miklum umbótum frá því, er það fyrst var borið fram, skal ég segja það, að ég viðurkenni fullkomlega, að frv. hefir tekið umbótum um mörg atriði, enda var frv. upphaflega lagt fyrir þingið af mér og hv. 1. þm. Eyf., óbreytt frá því uppkasti, sem mþn. í landbúnaðarmálum hafði gert, en meining n. var sú, að n. kæmi aftur saman til þess að leggja síðustu hönd á frv. Af þessu varð aldrei vegna veikinda á heimili eins nm., Þórarins Jónssonar, og við vildum ekki gera breyt. á frv. að honum fjarverandi, þar sem þessi nm. ávallt hafði verið skeleggur og tillögugóður um að gera frv. sem bezt úr garði, enda álít ég, að þessi maður eigi miklar þakkir skilið fyrir þetta sitt verk, eins og fyrir önnur störf sín í n., og tókum við hv. 1. þm. Eyf. þess vegna það ráð að leggja uppkastið óbreytt fyrir þingið eins og n. hafði skilið við það um haustið. En þótt ég þannig viðurkenni, að frv. hafi tekið miklum umbótum, verð ég þó að segja það, að það hefir allmjög geigað frá því marki, sem því var sett í upphafi, að allir búendur í landinu, hvort sem væru jarðeigendur eða leiguliðar, gætu náð sem mestum og beztum þrifnaði í búskap sínum, og að ábúðarlöggjöfin hjálpaði þar til, en hindraði ekki, því að það mark hefir frv. áreiðanlega fjarlægzt við þær breyt., sem á því hafa verið gerðar. En ég vænti þess, að þessi d. kippi þessu í lag og skapi þar með farsæld og umbætur að öllum eðlilegum hætti í búskap landsmanna. Læt ég þá ósk vera mín síðustu orð í þetta sinn.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég þarf ekki margt að mæla, því að ræðu hv. 1. þm. Árn. hefi ég í raun og veru svarað að mestu leyti í svarræðu minni til hv. frsm. minni hl.

Mér kom það undarlega fyrir, að hv. þm. varði miklum tíma og málskrúði til þess að þakka það verk, sem ég hefði unnið að þessu frv. En mér þótti þakkirnar fara minnkandi þegar fram í sótti ræðu hv. þm. og hann fór að tala um, hve leiguliðarnir fengju litlar réttarbætur með frv. Þótti hv. þm. ýmis ákvæði frv. ekki viðhlítandi. Þannig vildi hv. þm. draga það út úr ákvæðum 11. og 12. gr., að það yrði ekki nema lítill partur af húsunum, sem fengist byggður með þessu móti, og enda svo lélegar byggingar, að ekki yrði búandi í þeim, en hinsvegar gerði hv. þm. ráð fyrir því, að smáatriði eins og tóttarif o. s. frv. gætu hlaupið á þriðja þús. kr., og verð ég að segja það, að ég býst við, að það verði myndarlegar byggingar, miðað við það, sem við höfum að venjast hér á landi, ef þessi smávægilegasti kostnaðarliður við húsabygging-

una verður svo mikill. Dýr mundi Hafliði allur. Dýr mundu þá húsin sjálf. — Hv. þm. vildi halda því fram, að í 2. málsgrein 11. greinar væri átt við hið reikningslega kostnaðarverð húsanna, en í mgr. stendur greinilega, að fara skuli eftir fasteignamati, og ég hygg, að hv. þm. þurfi ekki lengi að leita í fasteignamatinu til þess að komast að raun um, að hús, sem raunverulega kostaði t. d. 12000 kr. fyrir nokkrum árum, er þar metið á 4000 kr. Er þannig á engan hátt hægt að bera saman hús í sveit eftir fasteignamati og hús í sveit eftir kostnaðarverði, enda hygg ég, að öllum sé þetta ljóst, ef þeir aðeins vilja láta sér vera það ljóst. -- Að því er innlenda efnið snertir skal ég ekki hefja deilur um það, en vil þó segja það, að ég ætla, að verð húsanna „sökkvi" í verði fyllilega um þá upphæð. Ég hygg, að reynslan hafi orðið sú um flest hin dýrari hús á sveitajörðum, að orðið hefir að afskrifa ⅓ upp í ½ eða meira af verði húsanna nýrra, til þess að búandi sé á jörðunum. Og ef leiguliði leggur fram þann hl., sem hann á hægast með að leggja með, lækkar upphæðin, sem hann verður að greiða afgjald af, svo að fremur verður búandi á jörðinni en ella.

Hv. þm. talaði um, að ekki ætti að gera minni kröfur til landsdrottna, sem leigðu jarðir sínar, en landsdrottna, sem sjálfir byggju á eignarjörðum sínum. Las ég hér áðan upp skýrslu úr einni sýslu, þar sem reyndust að vera 76 landsdrottnar, er bjuggu á eigin jörð, en gerðu þó ekki meiri kröfur til húsa en svaraði 570 kr. að fasteignamati á hverju býli, og í sömu sýslu voru 61 leiguliði, sem búa við hús, sem að vísu eru undir 1000 kr. að fasteignamati, en hjá flestum yfir 600 kr., og virðast leiguliðarnir sannarlega ekki verr settir eftir þessu að dæma. Ég verð því að segja það, að ekki er mikið fengið með þessari kröfu. Það er hinsvegar vitanlegt, að sumir efnamenn hafa ofhýst jarðir sínar, svo að óbúandi er á þeim jafnvel fyrir þá sjálfa, og ég veit ekki, hvort það er heppilegt, að löggjöfin fari að stuðla að því, að jarðirnar verði óbyggilegar af þessum ástæðum. Verður að sjálfsögðu að líta til þess, hvað bændur megna í þessum efnum. Þegar jafnvel efnaðir sjálfseignarbændur hafa reist sér hurðarás um öxl með byggingum, er ekki síður ástæða til að óttast, að leigujarðirnir komist í hann krappan, ef keppt verður að hæsta marki í þessum efnum, án þess að taka nokkurt tillit til, hverju atvinnureksturinn getur staðið undir.

Til viðbótar við þakkirnar til mín lét hv. 1. þm. Árn. þess getið m. a., að við, sem fjallað hefðum um frv., lifðum aftur í fornöld. Tek ég þetta ekki nærri mér. Eins og ég áður sagði, er ég vanur að vera ánægður í sáttanefnd, ef báðir aðilar eru óánægðir. Ég hefi það sem öruggt merki þess, að mér hafi tekizt að finna sanngjarna leið út úr deilunum. Og svo mun og hér. Ég hefi leitazt við að fara sanngjarnan meðalveg, en látið mig litlu skipta hrópyrði öfgamannanna til beggja hliða.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði út af 42. og 44. gr., skal ég ekki endurtaka það, sem ég áður sagði, en mér finnst, að hver maður ætti að geta verið ánægður, sem fær kostnaðarverð fyrir það, sem hann gerir. Fæ ég ekki séð, að verið sé að draga leiguliðana niður, ef þeim er séð fyrir kostnaðarverði fyrir verk þeirra. Ef mönnum er það til hugarhægðar, get ég þó til samkomulags gengið inn á að setja slíkt ákvæði í 44. gr., enda þótt ég telji litla hættu á því, að nýgerðar jarðabætur verði metnar yfir kostnaðarverði.

Ég get ekki gengið inn á það hjá hv. 1. þm. Árn., að ef þetta frv. verður að l. nú, myndi ekki verða nein leið til að endurbæta galla á því, sem kæmu í ljós við reynsluna. Ég hefi að vísu ekki átt sæti hér á þingi, en mig undrar, að svo gamall þm. sem hæstv. forseti þessarar d. skuli ekki bera meira traust til Alþingis Íslendinga en svo, að hann telur það muni vera ófáanlegt til að lagfæra síðar augljósa galla, sem kynnu að reynast á þessum l., fremur en öðrum l., sem alltaf er verið að breyta, og stundum árlega.

**Sveinn Ólafsson:** Við 1. umr. lýsti ég nokkuð skoðun minni á þessu máli, og skal ég játa, að ekki hefir birt yfir þeirri skoðun í huga mínum síðan, allra sízt eftir að fram komu till. hv. minni hl. landbn. Mér finnst þar votta fyrir einkennilegri kommúnistiskri stefnu, og ég hefi því minni trú á, að málið verði leitt til

heillavænlegra lykta, þar sem slík stefna hefir komið upp. Að því er snertir einstakar brtt. hv. n.hl. get ég látið mér lynda svör hæstv. atvmrh.; ég er honum að mestu sammála um svörin við till. minni hl. n., en ég er honum algerlega ósammála um það, að frv. eigi að ganga fram, jafnvel í þeim búningi, sem það nú hefir. Ég held því fram, og það er hreint trúaratriði fyrir mér, að það mundi leiða til hins mesta ófarnaðar og óhappa fyrir þjóðfélagið, ef tekinn yrði, eins og frv. ætlast til, ráðstöfunar- og umráðaréttur eignanna af landeigendum og fenginn í hendur óviðkomandi mönnum, hvort þeir heita úttektarmenn, trúnaðarmenn búnaðarfélagsins eða jafnvel Búnaðarfél. Ísl. sjálft; en það virðist að vera alfa og ómega í öllu þessu frv., að svipta landeigendur fjárráðum. Sé ég ekki, hvað getur verið á móti því, að sama gangi þá t. d. yfir húseigendur hér í Rvík, og taki þá eitthvert bæjarráð eða „sovét" að sér ráðstöfun húseigna hér, til þess m. a. að ákveða húsaleiguna, að sínu leyti eins og frv. ætlar búnaðarfélaginu að vera allsherjarsovét allra landeigna og hafa ráðstöfunarrétt á þeim. Er og mála sannast, að ólíku er saman að jafn, leigu algengustu af jörðum og húsaleigunni hér í Rvík. Ég býst líka við, að ekki þætti síður vel til fallið að taka ráðstöfunarréttinn af eigendum hinna stærri atvinnufyrirtækja, t. d. togaraeigendum, þegar sameignarstefnan hefði sigrað alla jarðeigendur, enda hafa jafnaðarmenn þráfaldlega krafizt þess, að rekstur togaranna væri háður einhverjum öðrum en þeim, sem togarana eiga, þ. e. einhverju „sovétinu". Fyndist mér, að þeir hv. þm., sem fastast mæla með frv. þessu, ættu fyrir samræmis sakir að koma með brtt. í þessa átt.

Eins og ég benti á við 1. umr., er með frv. þessu ráðizt á 63. gr. stjskr., og sýnist mér sem réttast sé að láta skerðingu eignarréttar ganga jafnt yfir alla, ef á annað borð á að fara að draga úr gildi þeirra ákvæða stjskr. Ber og líka svo vel í veiði, að einmitt nú er hér á ferðinni í þinginu stjórnarskrárbreyt., og færi bezt á því, að þeir hv. þm., sem fastast sækja þetta mál, kæmu fram með breyt. við 63. gr. stjskr. í líkingu við þá, sem hv. 2. þm. Reykv. flutti hér fyrir nokkrum árum.

Út af því, að hv. frsm. minni hl. og hæstv. forseti létu hilla undir einhver ókjör, sem leiguliðar ættu við að búa, skal ég geta þess, að ég hefi athugað nákvæmlega, hver afgjöld leiguliðar greiða á þeim jörðum, þar sem ég þekki í nágrenni mínu, og eins á þeim umboðsjörðum, sem ég hefi haft umsjón með nú í 25 ár. Af umboðsjörðunum eru afgjöldin eftir gildandi verðlagsskrá 1,5 til 2,7% af matsverði jarðanna, og svipuð eru afgjöldin eftir eignarjarðir einstakra manna, þó e. t. v. eitthvað hærri, en það hæsta, sem ég þekki, er 2,9% af matsverðinu. Þessi eru nú ókjörin, sem leiguliðarnir verða að búa við og hv. 1. þm. Skagf. hefir verið að fárast yfir; ætti þetta að vera nægilegt svar við skýrslu hans og því, sem aðrir hv. þm. hafa sagt í þessu efni. Skal ég að vísu ekki fullyrða, að svo geti ekki verið einhversstaðar, að leiguliðar eigi við verri kjör að búa. Ég þekki einstök dæmi þess, að þegar kosta- og hlunnindajarðir eru boðnar til leigu, þá myndist um þær kappboð, sem leiða til þess, að leigumáli verður óeðlilega hár. Hinsvegar hefir undanfarið gengið svo illa að byggja jarðir, að margar hafa jafnvel lagzt í eyði af þeim sökum, á sama tíma sem fólkið hefir flúið sveitirnar. Gæti ég talið í nágrenni mínu margar jarðir og grasbýli, sem svo hefir farið um, en læt það þó hjá líða, af því að tilheyrendur þekkja þar ekki til staðhátta og myndu því ekkert gagn af því hafa. Segir það sig sjálft, að þegar svo er ástatt, sem ég hefi lýst, þá er barlómskliðurinn út af kjörum leiguliðanna skvaldur eitt, tilefnislítið eða tilefnislaust.

Ég minntist áðan á þá kommúnistisku bliku, sem hér hefir dregið upp, og vil ég í framhaldi af því drepa lítillega á brtt. hv. minni hl. landbn. við 3. gr. frv. Hún hljóðar svo:

„Hver maður, sem á jörð, er hann hefir ekki heimild til að nytja sjálfur" o. s. frv., í stað þess að frv. segir: „... á jörð, er hann nytjar ekki sjálfur".

Þetta er ósvikinn kommúnismi hjá hv. minni hl., að eigandi skuli ekki hafa heimild til að nota þann hlut, sem er

hans viðurkennd eign. Þetta sker úr, því að kommúnistar viðurkenna ekki eignarrétt einstaklinga, en ætla ríkinu og ráðstjórn þess að drottna yfir öllum verðmætum. Auðvitað er hugsunin í þeim tilvitnuðu orðum frv. eins og það er á þskj. 410, að ef svo stendur á, að maður á jörð, sem hann getur ekki nytjað sjálfur, þá skuli með fara sem 3. gr. segir. Margt getur borið til, að eigandi geti ekki nytjað jörð þá, er hann á. Hitt ættum vér ekki að þurfa að deila um, hvort hann hafi heimild til að nota eign sína. Það er beint öfugmæli að kveða svo að orði, að eigandi hafi ekki heimild til þess að nota frjálsa eign sína, svo sem að eigandi reiðhests hefði ekki heimild til að koma hestinum á bak.

Það mun nú að mestu þrotinn tíminn. Ætla ég því ekki að eyða öllu fleiri orðum í bili að frv. þessu, en vel má vera, að ég óski eftir aths. seinna meir. Það vil ég þó taka fram áður lýkur, að frv. eins og það liggur fyrir mun ég ekki greiða atkv., og því síður, ef eitthvað af brtt. minni hl. verður samþ. Margir kunna að hugsa: Hví hefir þú ekki sjálfur komið með brtt. um þetta? Ég skal hreinskilnislega játa, að ég hefi ekki getað trúað því, að þetta frv. yrði samþ., né heldur hefir mér gefizt tími eða tækifæri til nauðsynlegrar athugunar. Ég álít sem sé, að umsteypa þurfi frv. öllu frá rótum, og til þess hefir ekkert tóm gefizt að þessu. Ég mun þess vegna verða á móti frv. gegnum þykkt og þunnt, ef ekki tekur það stórbreyt. Það er óframbærilegt og stórhættulegt, ef að l. verður. Og það munu þeir fá að reyna, sem væntanlega lifa lengur en ég, að verði þetta að lögum, þá líður ekki á löngu áður en róttæk óánægja kemur upp út af þessari löggjöf og kröfur um enn víðtækari skerðingu eignarréttar. Ég ætla engu að spá frekar um það, til hvers þetta getur leitt, en get þess einungis að leikslokum, að ef ég hefði verið á ungum aldri og slík lög verið sett sem þessi, þá hefði ég heldur yfirgefið ættlandið — fremur kosið að fara landflótta af Íslandi — en að beygja mig undir slík lög.

Ég hafði hugsað mér, áður en ég lyki máli mínu, að minnast á fáar gr. frv. sérstaklega. (**Forseti:** Ég vil benda hv. þm. á, að ef mikið er eftir af ræðu hans, fer vel á að fresta fundi nú, og að hann ljúki ræðunni eftir fundarhlé.). Ég get fallizt á uppástungu hæstv. forseta. — [Fundarhlé].

Ég hefi haldið því fram, að frv. þetta væri bæði að efni og orðbúningi ærið viðsjált, og því til sönnunar verð ég að benda á nokkrar setningar.

Í 1. gr. er t. d. skilgreining á hugtakinu **jörð**, sem er svo fráleit, að hún fer í bág við málvenju. Þar er ekki tekið fram, að það, sem kallast jörð (bújörð), þurfi að hafa ákveðin takmörk eins og málvenjan gerir, heldur er sú skilgreining höfð, að jörð sé hvert það býli, sem sérstaklega sé metið til verðs samkv. fasteignamati og framfleyti minnst 9 kúgildum, eða að landverð þess sé að fasteignamati minnst 1000 kr. En slík býli heita oftast samkv. málvenju hjáleigur, kot eða grasbýli. Má þó að vísu segja, að þetta skipti ekki miklu máli.

Að því er 2. gr. snertir, þá hefir nokkuð verið rætt um hana áður af hæstv. atvmrh. Ég vil þó benda á það, að þar sem í henni er talað um, hvað jarðnæði megi vera stórt, sem 1 maður hefir til umráða, þá er við það miðað, að hægt sé að framfleyta þar 36 kúgildum, eða því minna, sem þar kann að vera útræði. Þarna virðist mér sniðinn allþröngur stakkur, og mega allir sjá, að ekki á að leyfa stóran búrekstur, þótt 36 kúgildi leyfist, ef sjávargagn vantar. Það svarar til þess, að bóndinn megi hafa 5 kýr, 160 ær, 48 gemlinga og 3 hross, en slíkt er ekkert stórbú; þó er þetta hámark þess, sem einn maður má hafa á tveimur eða fleirum sameinuðum smábýlum. Fleyti þau meiru, þá má svipta hann landi. Mér þykir undarlegt, að þessi stakkur skuli sniðinn svona þröngur. Það á þá beinlínis ekki að líðast hér eftir nokkurt myndarlegt bú í sveit, jafnvel ekki óðalsbónda á eigin jörð. Þá má landeigandi ennfremur, samkv. þessari grein, ekki skipta jörð milli barna sinna, nema með ráði úttektarmanna. Þannig er hver silkihúfan upp af annari í þessu fáranlega frv.

3. gr. frv. ætla ég ekki að gera að umtalsefni, og þó er sízt betur gengið frá henni en hinum, en á 7. gr. vildi ég minnast lítilsháttar. Það er einkennilegt, að

þrátt fyrir mjög alvarlega viðleitni höfunda frv. þessa til að hlynna að landsetunum á kostnað landeiganda, þá hefir þeim alveg brugðizt bogalistin í 7. gr. Þar stendur í 2. mgr.: „Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og skal þá miða landskuld við leigumála hennar að fornu". Mér finnst fremur óeðlilegt að miða hér við það, sem var til forna. Hversu langt hér á að fara aftur í tímann, verður eigi séð eða sagt. En eigi t. d. að fara 50—60 ár aftur í tímann, þá yrði það sízt til hagsbóta fyrir leiguliðana, því að þá var það algengt að greiða í landskuld af leigujörðum fiskavætt eða veturgamla kind fyrir jarðarhundrað hvert, en væg bygging þótti það, ef kind var fyrir annaðhvert hundrað, en spesía eða 4 kr. fyrir hitt. Ef taka ætti upp þá reglu að miða afgjaldið við þennan forna leigumála, þá yrði það a. m. k. tvígilt við það, sem nú er algengast. Hér hafa því hinir vísu menn skotið yfir markið. Þeim hefir brugðizt bogalistin og boginn hefir snúizt við í höndum þeirra.

Að fara að tína upp hverja grein á þennan hátt og sýna fram á hverja einustu fjarstæðu, get ég ekki átt við, og sízt þegar ég hefi lýst yfir því, að ég muni greiða atkv. á móti frv. í heild. En þar sem búast má við, að þessi löggjöf verði afgr. frá þinginu, þó seinna verði, þá tel ég mér skylt að benda á misfellur þess og það, sem betur má fara.

Að því er snertir 12. gr., þar sem þessi almenna umbótakvöð er lögð á landeigendur, þá þykir mér rétt að minna á það, að fjölmargar hinna minni jarða í sveitum eru metnar frá 1200 til 2000 kr. Þegar sú fortakslausa skylda eftir 12. gr. er lögð á landeigandann að reisa jarðarhús á hverjum tíma eftir breyttum ástæðum, eða jafnvel eftir duttlungum leiguliða og úttektarmanna, þá getur í mörgum tilfellum svo farið, að landeigandi geti alls ekki uppfyllt kvöð þessa og neyðist til að farga jörðinni. Ef ég t. d. tek jörð, sem metin er að fasteignamati á 1800 kr., en þar sem leiguliði telur sig þurfa aukin útihús, þá má ætla, að jarðarverðið allt hrökkvi ekki til húsabótanna. Og eins og verðlag er nú, þarf ekki að vera um mikil hús að ræða til þess að verð þeirra komist í 2—3 þús. kr. Það myndi því oftast ekki hægt fyrir landeiganda að fá helming þess láns út á jörðina, sem þyrfti til húsabótanna. Í slíkum tilfellum yrði ekki um annað fyrir landeiganda að velja en að beygja sig undir ákvæði 18. gr., að gera jörðina fala fyrir það, sem úttektarmenn meta hana, og gefa að auki langan frest á jarðarverðinu, til þess að forðast enn harðari kosti, svo sem það, að jörðin yrði seld á nauðungaruppboði. Út frá þessu fæ ég ekki annað séð en að það opinbera verði að sleppa eignarumráðum sínum á öllum þeim jörðum, sem í þess eign eru. Það mundi tæpast talinn mikill búhnykkur af ríkisstjórn að gefa stórar upphæðir með jarðeignum þeim, sem þó eru leigðar fyrir sáralítið gjald. Þessi 18. gr. virðist mér bera einna ljósastan vott um það, hversu fljótfærnislega hefir verið að frv. þessu unnið og óvægilega að landeiganda búið. Þar stendur t. d.: „Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og er honum það vítalaust, ef hann býður við votta leiguliða jörðina" o. s. frv. M. ö. o.: honum skal það vítalaust að sjá sér ekki fært að fullnægja kröfunum. Hér er alleinkennilega að orði kveðið. Meiningin á eflaust að vera sú, að þegar hann geti ekki fullnægt þessari erfiðu lagaskyldu, þá eigi hann að láta jörðina fala eftir mati úttektarmanna og gefa gjaldfrest á ¾ hlutum jarðarverðsins. Þetta má þó telja kostakjör samanborið við ýmislegt annað í frv. þessu. En að búa þannig að jarðeigendum, að þeir sjái sér ekki annað fært en að sleppa eignum sínum, hversu lágt sem þær eru metnar, það er meira gerræði og ónærgætni en ætla verður, að nokkur löggjafarsamkoma geti fellt sig við að sýna í verki.

Ég gæti nú alveg á sama hátt, eða a. m. k. líkan, minnzt á allar greinar frv., sem eftir eru, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Mér virðist ekki eyðandi „púðri" á frv. þetta frekar en orðið er. Læt ég því máli mínu lokið að sinni, en vel má vera, að síðar gefist kostur á að ræða mál þetta betur.

**Frsm. meiri hl. (Pétur Ottesen)** [óyfirl.]: Ég þarf ekki að svara nema litlu f. h. meiri hl. landbn., því að þessi gagn-

rýni, sem fram hefir komið út af brtt. þeim, sem fram hafa komið, hefir hæstv. atvmrh. svarað, enda honum skyldast. Ég hefi áður lýst afstöðu okkar meiri hl. gagnvart þeim till., og sú gagnrýni, sem hér hefir komið fram gagnvart þeim, hefir engin áhrif haft á afstöðu okkar.

Út af ummælum þeim, sem féllu hjá hv. frsm. minni hl. viðvíkjandi einni brtt. hans, sem er orðabreyt. við 9. gr., c.-lið 5. málsgr., vil ég segja örfá orð. Hv. frsm. sagði, að það hefði komið fram í n., að nm. hefðu ekki skilið til fullnustu, hvað meint væri með málsgr. þessari eins og hún er orðuð í frv. Hvað mig snertir, þá tók ég það þegar fram, að enda þótt betur kynni að fara á því að skipta orðum eins og gert er í brtt., þá teldi ég þó ákvæði gr. ekki það torskilið, að af þeirri ástæðu væri nauðsynlegt að bera fram sérstaka brtt. Hér væri ekki um annað að ræða en undanskilja leiguliðaafnotum þau vatnsréttindi, sem hann þyrfti ekki að nota sjálfur.

Hv. frsm. minni hl. kvað fast að orði í garð meiri hl. n. út af þeim ummælum mínum, að brtt. hans og hv. minni hl. væru til spillis frv. Honum þótti ég taka djúpt í árinni um þetta. Til þess að sýna honum fram á, að brtt. hans voru í raun og veru þannig, benti ég honum á hin nýju ákvæði í 11. og 12. gr. frv., er lúta að húsabótaskyldum landsdrottins og miða í þá átt að setja hömlur á það, að leiguliði geti heimtað allt mögulegt af landsdrottni í þessu efni, en þessum ákvæðum vill hv. minni hl. breyta til hins verra. Það er vitanlegt, að víða í sveitum landsins hefir verið gengið lengra en góðu hófi hefir gegnt í því að byggja þannig upp á jörðum, að þær hafa verið yfirbyggðar, svo reynzt hefir erfitt að láta þær standa undir þeim kostnaði, sem af byggingunni hefir leitt. Allar jarðir, sem byggt hefir verið á í seinni tíð, eru yfirbyggðar, þannig að það hefir reynzt erfitt að láta jarðirnar eða afrakstur þeirra standa undir kostnaði af þeim. Það hefir nú þegar komið í ljós, að stjórn búnaðarbankans er farin að kippa að sér hendinni með lánveitingar úr honum til slíkra bygginga. Þetta byggist á því, að það hefir komið í ljós í mörgum tilfellum, að þegar byggingarnar, sem lánað var til, voru komnar upp á jörðunum, þá hefir eigendum verið gersamlega um megn að standa straum af þeim. Í þessum hömlum, sem hér eru lagðar á, getur falizt sú almenna nauðsyn, sem á því er yfirleitt, að eigi sé lagt meira fé í byggingar á jörðum í sveitum en svo, að hægt sé að standa straum af þeim með eðlilegum búrekstri. Mér virðist þess vegna, þegar litið er á þetta frá almennu sjónarmiði, að þá sé það í samræmi við það, sem lánsstofnanir landsins hafa tekið upp í sínum lánveitingum til húsbygginga í sveitum. Auk þess var það svo, og það hefir öllum frá öndverðu verið ljóst, að sú skylda, sem lögð er á herðar landsdrottins um að byggja upp íbúðarhús og peningshús, er vitanlega svo stór kvöð, að ef hægt er að heimta fjárframlög til að byggja þetta allt í einu, þá yrði afleiðingin sú, að viðkomandi jarðeigandi hefði alls ekki getað risið undir slíkum kostnaði, ef engar hömlur væru á það lagðar framar því, sem gengið var frá á þinginu í fyrra, hve háar kröfur hægt væri að gera í þessu efni. Mér virðist, að það hlutfall, sem hér er sett milli húsbygginga annarsvegar og verðgildi jarðarinnar hinsvegar, sé mjög skynsamleg leið, og ef eftir þessu væri farið, þá væri nokkurnveginn útilokað, að jarðirnar væru yfirbyggðar. En það leiðir af sjálfu sér, að of dýr hús leiða til tjóns fyrir sveitirnar og búskapinn í heild. — Þá var það og það, sem hv. frsm. minni hl. og hv. 1. þm. Árn. fundu til forátta ákvæði 12. gr., að leiguliði leggur fram nokkra vinnu þegar um er að ræða byggingu á jörð og gripahúsum, sem felst í því að draga að efni, t. d. torf og grjót, þegar byggt er á þann hátt. Þegar verið er að ræða um þetta, verður að taka tillit til þess, að eftir þessu frv. verður yfirleitt ekki hægt að byggja neinn nýjan byggingarsamning á öðru en því, að jörðin sé byggð æfilangt. (StgrS: Ekki skilyrðislaust). Það eru nokkrar undantekningar, en þetta er aðalreglan, þótt skyldmenni og þess háttar geti komið til greina og borið ofurliði þessi réttindi, sem leiguliði fær með byggingarsamningum. En aðalreglan er sú, að viðkomandi leiguliði hefir tryggingu fyrir því að njóta sinna handaverka á jörðinni um

lengri eða skemmri tíma, eftir því sem honum auðnast að nota jörðina, og ég hygg, að með þessu móti geti orðið eins hagkvæmt fyrir viðkomandi leiguliða að inna þetta af hendi, eftir því sem kringumstæður eru beztar fyrir hann, og landsdrottinn væri skyldaður til að gera þetta og yrði að kaupa til þess dýran vinnukraft. Það er um þennan hluta kostnaðarins eins og um byggingarkostnaðinn að öðru leyti, að leiguliði verður að greiða fulla búnaðarbankavexti af öllum húsbyggingarkostnaðinum, og þegar um langa ábúð er að ræða, þá safnast þegar saman kemur, og því skilst mér þetta vera engu síður hagkvæmt fyrir leiguliðann, eins og það má teljast ívilnun gagnvart landsdrottnum. Hagsmunir beggja geta því farið þarna saman.

Mér virtist hv. frsm. minni hl. leggja sérstaklega þungan dóm á mín ummæli um, að ég álíti brtt. hans til hins lakara, sérstaklega í sambandi við þessi atriði frv. En ég skal svo ekki ræða þetta frekar um brtt., því að hæstv. atvmrh. hefir tekið þær til athugunar og svarar því, sem honum finnst ástæða til. — Hv. 1. þm. Árn. þakkaði stj. vel og innvirðulega fyrir hennar gerðir í þessu máli. Þó verð ég að taka undir það með hæstv. atvmrh., að þetta þakklæti fór nokkuð út um þúfur, þegar hann vildi láta fella úr frv. meginið af því, sem hæstv. atvmrh. hafði sett inn í það, og þá sérstaklega það, sem lýtur að húsabótastyrknum. Því að það átti allt að takast út úr frv. eftir till., sem fyrir liggur frá minni hl. landbn.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta, en það minnti mig á nýliðinn atburð, eða frá deginum í gær, þegar ég var hér með rökstudda dagskrá um eitt mál, sem fyrir lá, og menn hældu sérstaklega mikið, og þeir, sem hældu dagskránni mest, lögðu lið til að fella hana og koma fyrir kattarnef þessum góða ásetningi. Annars ætla ég ekki að fara lengra út í þetta, en þakklæti hv. 1. þm. Árn. var maklegt að því leyti, að þær landsstj., sem setið hafa hér síðan hann bar frv. fyrst fram — 1929 —, hafa ekki sýnt neinn vilja í því og ekki lagt til þess neitt lið að koma málinu fram eða lagfæra þær stórfelldu misfellur, sem á því voru frá hans hendi, eins og öll meðferð þessa máls sýnir bezt, því að ég held helzt, að þar standi ekki eftir ein einasta grein, sem ekki hefir verið tekin til athugunar og breytt af þinginu, og margar breyt. hafa verið gerðar við sumar þeirra. Það er þess vegna varlega farandi í það fyrir hv. þm., að vera að fella harða dóma yfir Alþ. um að það hafi gefið þessu máli litinn gaum, því að það hefir tekið þetta mál sérstaklega til athugunar, og þeir, sem hafa haft það til meðferðar, hafa orðið að leggja í það mikið verk, til þess að geta gert það frambærilegt og viðunandi.

Það hafa yfirleitt verið rólegar umr. um þetta mál, eins og vera ber. Þetta er mikilvægt. Og þótt menn greini hér nokkuð á, þá hafa auðvitað allir mikið til síns máls og deila hver frá sínu sjónarmiði, en þó þykkjulaust, nema hvað mér fannst bregða út af því hjá hv. 1. þm. Árn., forseta þessarar d., þar sem hann var að hafa í hótunum við Alþ., ef það afgr. nú ekki þetta frv. eins og hann vildi vera láta, ekki beint við þetta þing, heldur þau, sem koma saman eftirleiðis og hann kynni að eiga sæti á, að þau skyldu finna til hans í þessu máli og hann mundi halda stíft fram kröfunum um það. Auðvitað þurfti hv. þm. ekki að viðhafa þessi orð, því að það liggja engir fjötrar á honum til hindrunar því, að hann haldi sínu fram. En þetta virðist nokkuð skera sig úr þeim umr., sem farið hafa hér fram um þetta mikilsvarðandi mál. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en vil endurtaka það, sem ég hefi áður sagt, að mér virðist hæstv. atvmrh. hafa í sínum till. komið fram með góðan samningsgrundvöll fyrir hinar töluvert miklu andstæður og skiptu skoðanir í þessu máli, sem alltaf hafa komið hér fram, og seinast í dag. Ættu menn því að geta mætzt á miðri leið og það orðið til þess að málið fengi afgreiðslu frá þessu þingi.

**Frsm. minni. hl. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég skal reyna að vera stuttorður, en það hefir nú allmjög verið andmælt ýmsu af því, sem ég hélt fram í framsöguræðu minni í dag. Að vísu getur það, sem ég þarf að svara þeim andmælum, orðið styttra vegna þess, að hv. 1. þm. Árn. hefir komið inn á ýms þau atriði, sem andmælt var í minn garð, og hefir

hann því sparað mér ýms mótmæli, sem ég hefði annars þurft að bera fram. — Ýmsar mótbárur gegn brtt. minni hl. landbn. mun ég ekki ræða hér, og á ég þá einkum við andmæli gegn þeim brtt., sem minna máli skipta, en mun aðallega snúa mér að þeim breytingartill., sem aðalágreiningi virðast valda. En ég skal þá fyrst geta þess, út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að það var ekki allskostar rétt haft eftir mér, þegar hæstv. ráðh. hélt því fram, að ég hefði talað um í minni ræðu, að samkv. frv. ætti að gera leiguliða að réttlausum kongsþrælum. Ég talaði einungis um eitt atriði í frv., þar sem kvaðir væru lagðar á leiguliða, sem bentu mikið til þeirra kvaða, sem áður fyrr voru lagðar á leiguliða, og konungsvaldið einkum beitti sér fyrir að auka og margfalda. Þetta voru mín orð, og mun ég standa við það, að ákvæði 13. gr., að þær kvaðir, sem þar eru lagðar á leiguliða um framlög til húsagerðar án þess að þeir fái nokkra verulega hlutdeild í eigninni, virðast mjög líkar mörgum hinum gömlu kvöðum, sem þá voru á leiguliðana lagðar. Hæstv. atvmrh. andmælti flestum eða öllum brtt., sem við í minni hl. landbn. höfðum gert við frv. Mun ég ekki neitt verulega koma inn á þær allar, en láta þær, sem eru minni háttar og ekki skiptir miklu máli um, hvort eru samþ. eða ekki, óumtalaðar. Svo er það um fyrstu brtt., við 3. gr., hvernig orðalag hennar eigi að vera. Mun ég ekki gera það að deiluefni út af fyrir sig, en eðlilegast er að orða hana eins og við leggjum til, því að það, sem átt er við, er að skylda landsdrottin til að byggja öðrum þær jarðir, sem honum er ekki heimilt að nytja sjálfum samkv. 2. gr. Hv. 1. þm. S.-M. hneykslaðist mjög á þessari brtt., en hv. þm. hefir ekki aðgætt það, að hneykslunarhellan er í 2. gr. Ákvæði 3. gr. um þetta atriði eru einungis afleiðingar af ákvæðum 2. gr.

Þá er það brtt. við 9. gr., um það, hvort landsdrottni eigi í öllum tilfellum að vera skylt að byggja alla jörðina í einu, hve stór sem hún er, eða þótt hún fleyti meiru en 36 kúgildum, sem er sett þarna sem hámark þess, sem skylt er að byggja sama manni. Hæstv. atvmrh. sagði, að það væri afarerfitt fyrir landsdrottin, ef hann ætti að skipta stórum jörðum í tvennt og byggja báða hlutana til lífstíðar, og taka þá um leið á sig aðrar þær kvaðir, sem því fylgir. Þetta getur að vísu verið rétt, en honum er í sjálfsvald sett, hvort hann byggir jörðina þannig í tvennu lagi eða alla í einu. En mér finnst óeðlilegt, ef við göngum inn á þá stefnu, að jarðir skuli byggðar til lífstíðar, að við séum að gera undantekningar með jarðarhluta eins og hér er gert með þessu ákvæði. Mér finnst ekki hægt að færa nein veruleg rök fyrir því, að slíkt sé rétt. Það er ekki hægt að færa nein rök fram fyrir því, að það sé erfiðara fyrir landsdrottin að byggja upp í tvennu lagi á sömu jörðinni, ef hún er stór, en tveim kotum, og ég sé því ekki, að hægt sé að taka tillit til þess út af fyrir sig. En ég get mjög vel fallizt á þá hugsun, sem kemur fram hjá hæstv. atvmrh. í sambandi við þetta, að ekki sé ástæða til þess, að stórar jarðir séu endilega í einni ábúð. Mér finnst miklu eðlilegra að skipta þeim, og þetta ákvæði í 9. gr. væri eins og bending um, að slíkt ætti að gera, án þess að þar sé um nokkra skyldu að ræða. — Aðalumr. hafa orðið um 11. og 12. gr., og þær brtt., sem við höfum gert við þær, hefi ég fátt um að segja. Hæstv. ráðh. var að leitast við að sýna fram á, að ekki væri mótsögn í 1. og 2. mgr. 11. gr., þar sem í 1. mgr. segir, að landsdrottni sé skylt að láta fylgja hús í góðu lagi, en í 2. mgr. á hann að leggja til nothæf jarðarhús. Á þetta verður ekki öðruvísi litið en sem mótsögn. Ég vildi aðeins benda á, að það er svo margt annað í 2. mgr. en í 1. mgr. Hann á að leggja til nægileg eða nauðsynleg peningshús samkv. 1. mgr., en samkv. 2. mgr. er þetta takmarkað við vissa fjárhæð, sem í flestum tilfellum verður algerlega ónóg til þess að koma upp sæmilegum byggingum. Ég held, að fáir finni samræmið í þessu. Það er að mínum dómi nauðsynlegt að breyta þessu einhvernveginn, ef það verður ofan á í þinginu að miða skyldu landsdrottins til húsagerðar að einhverju leyti við landverð. Það, að 3. mgr. 11. gr. er felld niður samkv. brtt. okkar, er bein afleiðing af niðurfellingu 2. mgr., og ég hefi ekkert út á það að setja, að hún standi, ef 2. mgr. verður ekki felld burt. Annaðhvort verða báðar

mgr. að falla burt eða báðar að standa. Hv. þm. Borgf. talaði einnig talsvert um húsaskyldu landsdrottins, og í því sambandi lagði þm. út af því, að jarðir hefðu víða verið yfirbyggðar nú, einkum hin síðustu árin, og benti hv. þm. Borgf. á það, að byggingar- og landnámssjóður hefði mjög takmarkað útlán sín í þessu skyni og lánaði nú ekki meira en 6 þús. kr. til sama býlis. Get ég viðurkennt það, að of margir bændur hafa reist sér hurðarás um öxl með því að byggja of dýrar byggingar á býlum sínum. En það, sem byggingar- og landnámssjóður hefir takmarkað útlánin nú upp á síðkastið, stafar ekki einungis af því. Þessi útlánalækkun stafar af tvennu: Fyrst og fremst af því, að of dýrt var sumstaðar byggt í fyrstu, svo og hinu, að verðfall hefir orðið á byggingarefni, vinnu og öðru, er til heyrir, og því ekki ástæða til að lána jafnmikið og áður. Það er rétt, að ekki á að leggja meira í byggingar á jörðum en hægt er að rísa undir. Það er hinn erfiði hnútur að leysa, að koma upp góðum byggingum, bæði fyrir fólk og fénað, sem þó eru ekki jörðunum ofviða. Þetta er erfitt hér á landi vegna loftslags og atvinnuhátta. Við þurfum mikinn húsakost vegna atvinnuvegar vors, og loftslagið gerir það að verkum, að byggingar verða að vera vandaðar, en þær endast illa vegna votviðra; þess vegna verða viðunandi byggingar alltaf dýrar hér við það, sem gerist annarsstaðar. Það dettur engum í hug, að hægt sé að koma upp slíkum byggingum á leigujörð, ef almennt er miðað við ⅔ hluta landverðs. Hæstv. atvmrh. féllst líka á, að á öllum þeim jörðum, þar sem landverð væri lágt, myndi þessi takmörkun vera of þröng. Ég hygg, að það hafi komið í ljós, að þessu verði að breyta á einn eða annan hátt. Hversu sparlega og hagkvæmlega sem byggt er, verður aldrei komið upp byggingum á jörðum fyrir ⅔ hl. landverðs.

Um 12. gr. talaði hæstv. ráðh. allmikið og virtist ég hafa verið óþarflega hvassyrtur út af kvöðum, sem þar væru lagðar á leiguliða, þar sem ætlazt er til, að þeir vinni nokkuð að byggingu húsanna. Sagðist hæstv. atvmrh. hafa komizt að því við endurskoðun reikninga yfir byggingar á prestssetrum, að dýrt hefði verið reiknað það, sem landsetinn lagði til. Ég get vel búizt við þessu, því að það er nú svo, að þegar menn vinna fyrir aðra, og einkum fyrir hið opinbera, þá vilja menn fá það fyrir vinnu sína, sem hægt er. Hæstv. atvmrh. sagði líka, að leiguliðar þyrftu ekki að finna til þess, þótt þeir lánuðu hesta til aðdráttar, en ég er hræddur um, að hestarnir geri ekki allt, sem ætlazt er til af landseta í 1. mgr. 13. gr. Þeir rista ekki torf eða taka upp grjót og annað þess háttar. Þetta er þó ekki það, sem ég legg aðaláherzluna á. Ég get fallizt á, að einhver kvöð sé lögð á leiguliða um framlag til bygginga. En þegar ekki er ætlazt til, að leiguliði eigi nokkurn hluta í byggingunni að sex árum liðnum, og hann þar með orðinn réttlaus, þá er ég hræddur um, að hv. 1. þm. S.-M. myndi hafa farið að tala um brot á 63. gr. stjskr., hefði landsdrottinn átt í hlut, en það virðist vera svo með marga hv. þm., að þeim virðist eðlilegt, að leiguliðar sitji þar við annað og óæðra borð en landsdrottnar. En það er þessi aldagamli vani, sem gerir það að verkum, að sumum finnst sjálfsagt að leggja þessar sérstöku kvaðir á leiguliða, en sem að mínum dómi eru algerlega ófærar. Það er einkum niðurlag 13. gr., sem mér er ómögulegt að sætta mig við. Það verður að meta það, hve stór hlutur leiguliða er í þeim umbótum, sem hann gerir, og vitanlega á hann að hafa óskoraðan rétt til þess hluta af kostnaðarverði bygginga, sem hann hefir lagt fram í fyrstu, svo lengi sem honum eru ekki greiddar þær að fullu, og það er algerlega óhugsandi, að Alþingi gangi svo frá þessum lögum, að þessi réttur leiguliða sé ekki tryggður. En hæstv. ráðh. og hv. þm. Borgf. gengu algerlega framhjá síðustu málsgr. gr., enda er algerlega ómögulegt að færa rök fyrir því, að hún sé réttlát. Það var einkanlega í sambandi við þessa málsgr., sem ég minntist á kvaðirnar á konungsþrælunum áður fyrr, sem eru einna óvinsælastar af erlendum álögum á þjóðina í sögu okkar.

Út af brtt. við 14. gr. vil ég aðeins taka það fram, í sambandi við þá skýringu, sem hæstv. ráðh. gaf um það, að til mála gæti komið að nota endurbyggingasjóð að einhverju leyti til viðhalds á jarðar-

húsum, að ég get miklu fremur fallizt á það, að leiguliðabót hækki eitthvað, eftir að ég hefi heyrt þessa skýringu hæstv. ráðh. Því þá er hér að nokkru leyti um nýtt viðhorf að ræða, en hér þarf að koma viðbót inn í gr., því þar er sagt, að sjóði hverrar jarðar skuli aðeins varið til þess að endurreisa hús og híbýli jarðarinnar. Ég vildi þá, að þar á eftir kæmi, að leyfilegt væri að nota endurbyggingarsjóð að einhverju leyti til viðhalds. Þá horfir þessi gr. öðruvísi við frá mínu sjónarmiði. Hæstv. ráðh. hefir óskað eftir því, að minni hl. n. tæki aftur brtt. við 14. gr. til 3. umr., og tel ég það sjálfsagt, ef von er um aðra skipun á því máli.

Þá var það viðvíkjandi 40. gr., að hæstv. ráðh. hélt því fram, sem ég skal játa, að jarðabót, sem ekki kostar mjög mikið fé, geti bætt jörðina tiltölulega allmikið meira en hún raunverulega kostaði. Það er hugsanlegur möguleiki, að svona tilfelli geti átt sér stað, og get ég fallizt á, að verðmæti jarðabótarinnar, það sem fram yfir verður kostnaðarverð, eigi að skipta á milli leiguliða og landsdrottins, þegar svo stendur á. En ég hugsa, að slík tilfelli verði svo fá, að þau verði undantekning, en ekki aðalregla. Hinu hefir ekki verið mótmælt, sem ég sagði, að órétt væri, að leiguliði nyti umbótanna undir venjulegum kringumstæðum, og að afarerfitt gæti verið að meta oft og tíðum, hvað jarðabót hefði kostað. Slík verk eru oft ígripavinna, sem bændur vinna í frístundum sínum, og því erfitt að meta. Mér virðist því, að þetta ákvæði í niðurlagi 40. gr. sé algerlega óþarft og ekki rétt, nema þá ef tilgreind væru í lögunum sérstök tilfelli, og sé ég þó ekki, að það væri svo auðvelt.

Þá er það 42. gr. Hæstv. ráðh. fellst á það, að ákvæðin í greininni um álag á jarðabætur væru ekki heppileg, og að ekki gæti komið til mála, að leiguliði greiddi álag á sléttur í túnum. (**Atvmrh.**: Ekki nema um sérstakan trassaskap væri að ræða). Ég kem að því síðar. En ég get ekki fallizt á, að hægt sé að skylda leiguliða til þess að greiða nokkurt álag á jarðabætur, hvorki á túnasléttur né engjabætur, svo sem flóðgarða eða skurði, því ef um vanrækslu er að ræða í þessum efnum, þá tryggja ákvæði 27. gr. það, eins og hæstv. ráðh. einnig viðurkenndi, að leiguliði greiði fullar bætur fyrir, þar sem landsdrottinn getur hvenær sem er látið meta skemmdir af þesskonar vanrækslu og krafið leiguliða um fullar bætur fyrir. Öll slík vanrækslu heyrir undir ákvæði 27. gr., en ekki undir ákvæðin um álag. Enda þýða þau ákvæði ekki annað en það, að leiguliði, er hann fer af jörð, á að skila henni í ekki rýrara standi en hann tók við jörðinni. (**Atvmrh.**: Það þýðir, að hann á að skila jörðinni í góðu lagi). Nei, það þýðir, að leiguliði á að skila því mannvirki, sem um er að ræða, sem nýtt væri, því að viðhaldsskyldan hvílir á leiguliða þess utan samkv. ákvæðum 27. gr.

Þá var það viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði um brtt. okkar við niðurlagsákvæði 54. gr., að í staðinn fyrir 5 ár komi 2 ár. Hæstv. ráðh. benti einkum á það, að verða mundi mjög erfitt að gera svo stórfelld kaup á byggingarefni sem þyrftu, ef skyldur landsdrottins um hús á leigujörðum gengju í gildi svo fljótt, og þess vegna mundi það verða ofætlun fyrir landsdrottna að fullnægja þessu ákvæði, ef það gengi í gildi strax eftir 2 ár. Ég skal játa, að húsabótaskyldan getur í einstökum tilfellum orðið landsdrottni nokkuð örðug, en það er ekki ástæða til að fresta gildistöku þessara ákvæða fyrir það meir en 2 ár, en yfirleitt hygg ég, að þetta ákvæði verði ekkert ægilegt, hvorki fyrir einstaklinga né hið opinbera, sem á flestar sínar jarðir í lífsábúð, og því eru það mjög fáar þeirra, sem losna árlega, svo að varla þarf að búast við stórfelldum árlegum útgjöldum af þessari ástæðu. Hitt er rétt, að landsdrottnar mundu nota þessi 5 ár til þess að átta sig á því, hvað þeir eigi að gera, hvort þeir eigi að eiga leigujarðir sínar áfram eða selja þær jarðir, sem þeir leigja, eftir því, hvort þeir treysta sér til að uppfylla þær kvaðir, sem lögin leggja þeim á herðar eða ekki. Þessi ástæða hefir við nokkuð að styðjast, en þó hygg ég, að 2 ár séu nægilegur frestur í þessu efni. Á hitt ber ekki síður að líta, að leiguliðar eru, eins og ástandið er nú, afskaplega réttlausir í þessum efnum og þrá því fátt meira en einhverja réttarbót viðvíkjandi húsabótum á ábýlisjörðum sín-

um. Það væri því höggið stórt skarð í þeirra rétt með svo löngum fresti sem frv. gerir ráð fyrir, enda gæti vel farið svo, að eftir þessi 5 ár væri komin hér önnur kreppa, sem gerði það að verkum, að þá yrði ekki léttbærara fyrir landsdrottnana að ganga undir þessa kvöð. Með 5 ára fresti er því rennt alveg blint í sjóinn um ástandið, þegar þessi ákvæði koma til greina, og tel ég beint hættulegt að hafa hann svo langan og tel því miklu hyggilegra að samþ. brtt. n. um þetta atriði.

Þá hefi ég svarað, að ég hygg, flestum þeim atriðum, sem þörf er á að svara, í ræðu hæstv. atvmrh., og í raun og veru líka að mestu leyti ræðu hv. þm. Borgf., því þeir voru mjög svo sammála.

Hv. þm. Borgf. dvaldi í ræðu sinni mest við 11. og 12. gr. frv. Hann tók það fram, að sér þætti hlutfallið hóflegt milli húsaverðs og landverðs samkv. 11. gr. eins og hún er nú. Ef hv. þm. á við það, að byggingar á leigujörðum þurfi ekki að vera meiri en sem svarar ⅔ eða helmingi af verði þeirra jarða, sem hafa lönd metin frá 1 til 3 þús. kr. samkv. fasteignamati, þá er ekki hægt að segja, að hv. þm. Borgf. sé kröfuharður fyrir hönd leiguliða um byggingar á leigujörðum, því það er vitanlega alveg ómögulegt að byggja viðunandi hús fyrir það fé.

Ég finn ekki ástæðu til að fara sérstaklega mikið út í ræðu hv. 1. þm. S.-M. Hann er allstórhöggur á allt þetta mál í heild sinni, þó hann veittist sérstaklega að brtt. minni hl. n. En þessi hv. þm. hefir áður borið fram þessar skoðanir sínar hér á þingi, og ég finn ekki ástæðu til að fara langt út í að ræða þær nú. Mér virðist hann telja, að með lögunum og brtt. sé gengið svo langt í því að taka umráðarétt af jarðeigendum yfir jörðum sínum, að vart muni líft hér á landi fyrir bændur, ef að lögum verði. Nú veit hv. þm., að þrátt fyrir þessi lög hefir þó hver jarðeigandi óskoraðan rétt yfir ábýlisjörð sinni. Hér er aðeins farið fram á að takmarka umráðarétt jarðeigenda yfir þeim jörðum, sem þeir leigja öðrum. Þetta ætti hann að athuga og taka meira tillit til en hann gerir. Af því að hann gerði það ekki, var margt í ræðu hans tóm vindhögg, byggð á skökkum forsendum. Ég skal játa það, þó það e. t. v. kunni að hneyksla hv. þm., að ég tel óheppilegt, að einstakir menn eigi jarðir í leiguábúð, sem þeir hafa óskoruð umráð yfir, af því að ég hefi séð slíkar jarðir alloft lenda í niðurníðslu, og ég skal játa það, að ég ætlast til, að húsabótaskyldan verði til þess að knýja slíka landsdrottna til að láta jarðirnar af hendi. Ég tel það ekki heppilegt, að einstakir menn hafi yfirráð á jörðum, er þeir leigja öðrum, af því ég álít það hvorki gróðaveg fyrir þá sjálfa né leiguliða, heldur sé þeim jarðeigendum betra að losna við þær jarðir á einn eða annan hátt. — Hv. 1. þm. S.-M. talaði um, að í 12. gr. væri það heimtað, að landsdrottnar gæfu stórar upphæðir með leigujörðum sínum. Ég veit ekki vel, hvað hann hefir meint með þessu, en ef hann á hér við húsabótaskylduna, sem ég býst við, að hann meini, þá er þess að gæta, að landsdrottinn hefir heimild til að hækka afgjald jarðarinnar sem svarar útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af því, er hann hefir lagt fram, og í því tilfelli, að lán til bygginganna séu veitt úr byggingar- og landnámssjóði, þá virðist hér ekki vera um sérstaka byrði að ræða fyrir landsdrottin, heldur miklu fremur, að hann græði á þeim viðskiptum. Annars tel ég, að þessi ummæli hv. þm. hafi fremur verið töluð í hita en að þau væru framborin eftir nákvæma íhugun á málinu, og verða þau því ekki tekin alvarlega.

Þá hygg ég, að ég hafi athugað og svarað þeim andmælum gegn frv. og brtt., sem þarf í þetta sinn, og sé því ekki ástæðu til að lengja umr. meira af þeim tilefnum, er gefin hafa verið.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Það komu fram í umr. í dag upplýsingar um það, að núgildandi ábúðarlög hefðu loks verið tekin í gildi eftir að staðið hefði um þau þrjátíu ára stríð. Mér finnst sumir hv. þm. nú svo gjarnir á að vekja aftur deiluatriði í þessu máli, að svo virðist, sem þeir hafi nokkra löngun til þess, að um þetta frv. standi aftur þrjátíu ára stríð.

Ég hygg, að ef fyrir því er almennur áhugi, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, þá verði allir að slá nokkuð af sín-

um persónulegu skoðunum, því skoðanir manna eru svo ólíkar innbyrðis, að nokkuð er tvísýnt um afgreiðslu málsins, ef ekki er stefnt meir til samkomulags. Sumir eru stórhneykslaðir yfir því, hvernig landsdrottnar eru sviptir sínum rétti, aðrir eru aftur stórhneykslaðir yfir því, hve vel er farið með landsdrottna. Ég hygg, að sanngirni sé hér mitt á milli, og þann meðalveg er reynt að þræða í frv. Ef hv. þm. er það yfirleitt áhugamál að eyða ekki svo og svo mörgum árum enn í árangurslaust rifrildi um þetta mál, og að leiguliðar sitji ekki allan þann tíma við þau kjör, sem allir eru óánægðir með, þá hygg ég, að vænlegra væri, að einstakir hv. þm. sýndu ekki ýtrasta kapp í till. sínum og málflutningi.

Hv. 1. þm. S.-M. hneykslaðist á öllu frv., frá upphafi til enda, þó hann gæfi sér ekki tíma til að rífa það allt í sundur. M. a. hneykslaðist hann á síðustu málsgr. 2. gr., um það, að landeiganda sé heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir, enda fái hann til þess samþykki úttektarmanna um það, hvernig skiptingunni sé bezt fyrir komið. Ég held, að úttektarmenn séu yfirleitt ekki svo ósanngjarnir, að hætta geti stafað af þessu ákvæði. Ég held miklu fremur, að það gæti leitt til góðs. Það skiptir ekki svo litlu máli, að slík skipti á jörðum takist vel, því það er mál, sem ekki aðeins varðar eina kynslóð, heldur fleiri, hverja fram af annari, og því hygg ég, að ekki sé misráðið, þó að þau skipti væru gerð að góðra manna yfirsýn. — Mér skildist á hv. þm., að hann gera ráð fyrir, að samkv. frv. gætu leiguliðar heimtað alltaf ný og ný hús vegna breyttra búnaðarhátta, þegar fyrrv. hús reyndust ekki lengur hæf fyrir þann búrekstur, sem heppilegri þætti en sá, er verið hefði á jörðinni; en þetta er vangá hjá hv. þm., því í næstsíðustu málsgr. 12. gr. eru ákvæði um það, að ákvæði 2. og 3. málsgr. sömu gr. gildi ekki, ef landsdrottinn hefir lagt til nægileg peningshús, sem enn eru í nothæfu standi, en verða eigi notuð að fullu vegna breyttra búnaðarhátta á jörðinni. — Þá hneykslaðist hv. 1. þm. S.-M. á orðalagi 18. gr., upphafinu. Nú hefir það orðalag staðizt rækilega athugun og gagnrýni landbn. beggja deilda þingsins, og það athugasemdalaust, en vel má vera, að svo málhagur maður sem hv. 1. þm. S.-M. geti orðað þetta betur, og skal þakksamlega tekið á móti öllum góðum bendingum frá honum í þá átt. — Þá hneykslaðist hv. þm. enn á 7. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að úttektarmenn ákveði afgjald af jörð með hliðsjón af fornum leigumála á jörðinni. Ég bjóst nú sízt við því af þessum hv. þm., að hann mundi hneykslast á því, þó eitthvað væri miðað við fyrri tíma. Það mun vera svo í hverri sveit, að mönnum mun vel kunnugt um það, hverjir leigumálar hafi verið á einstökum jörðum, og ef jarðirnar eru óbreyttar að gæðum, þá hygg ég, að ekki sé ósanngjarnt, þó að miðað sé við gamalt lag í þessu efni. Ég hygg, að sú jörð, sem áður var leigð fyrir 10 sauða afgjald, væri hæfilega leigð nú fyrir sama verðmæti, ef hún er óbreytt að kostum. Ef jörðin er aftur á móti gerbreytt, þá er öðru máli að gegna.

Hv. 1. þm. Skagf. er enn á því, að í frv. sé farið illa með leiguliða, og jafnvel mátti skilja á honum, að það væri spillt frá því, sem það hefði verið eftir 3. umr. í fyrra; en ég vil benda hv. þm. á, að einu grundvallaratriði frv. er gerbreytt frá því, sem það var eftir 3. umr. í Nd. í fyrra. Því þá voru í frv. ákvæði, sem kennari háskólans í ábúðarlöggjöf og jafnvel háttsettir dómarar litu svo á, að gerðu það mögulegt að semja sig frá öllum ákvæðum laganna með byggingarbréfi. Fyrir þetta hefir nú gersamlega verið skorið í frv., og skil ég sízt í svo skýrum manni sem hv. 1. þm. Skagf., að láta sér betur líka frv. Nd. 1932, sem af nefndum ástæðum var ekki nema pappírsgagn, en þetta frv.

Þá vék hv. 1. þm. Skagf. að því, sem ég hafði eftir honum sjálfum, að ákvæði frv., sérstaklega 12. gr., minntu á meðferðina á konungsþrælunum til forna, en mér skildist hann í seinni ræðu sinni draga nokkuð inn seglin viðvíkjandi þeim ummælum, sem hann hafði um þetta í fyrstu.

Mér fannst hv. þm. ekki leggja verulega áherzlu á brtt. sína við 3. gr., enda hygg ég, að hann hafi sannfærzt um, að það sé a. m. k. ekki heppilegt orðalag eins og hann hefir lagt til í till. sinni. —

Viðvíkjandi brtt. við 9. gr. vildi hann ekki gera neinn greinarmun á því, að landsdrottni væri neitt erfiðara að byggja tvenn jarðarhús á sömu jörðinni en að byggja á 2 smákotum. Ég hygg þó, að venjulega séu þar einhver hús fyrir og þá megi hafa not af þeim meðan verið er að koma byggingunni upp að fullu. En ef reisa þarf tvenn hús, sín fyrir hvorn ábúandann á sömu jörðinni, þá mun að jafnaði þurfa að reisa a. m. k. önnur húsin algerlega frá stofni og öll í einu.

Viðvíkjandi 11. gr. talaði sami hv. þm. um, að orðin „nothæf jarðarhús" kæmu í mótsögn við það, sem stæði í 1. mgr. um, að húsin skyldu vera í góðu lagi, en ég get ekki fallizt á það, því að í orðalaginu „nothæf jarðarhús" liggur fyrst og fremst það, að húsin séu þannig, að þau verði notuð við ábúðina, en að það séu ekki t. d. gömul geymsluhús, sem notuð hafi verið áður í allt öðru augnamiði. Ég hygg, að það sé ekkert óvenjulegt form í l., að það sé takmarkað í síðari mgr., sem sagt er í fyrri mgr. Ég hygg, að það sé oft, að síðari setning eða síðari liður í mgr. takmarki ákvæði í næstu setningu eða næsta lið á undan, eins og hér er gert. Það vakir sýnilega fyrir þeim róttækustu mótstöðumönnum frv. eins og það er nú, að það verði hægt að byggja helzt nú þegar eftir 2 ár upp allar leigujarðir í landinu, þannig að allt sé þar fullkomið og gott. Ég efast um, að það verði fárra ára verk, ég efast jafnvel um, að það geti orðið einnar kynslóðar verk að byggja svo upp, að fullkomið sé. Við höfum tekið við landinu næstum ónumdu að því er húsbyggingar snertir, og það, sem hefir tekið aðrar þjóðir margar aldir, býst ég ekki við, að við getum gert á fáum árum. M. a. með það fyrir augum hefir mér sýnzt, að það yrði að setja nokkur takmörk fyrir því, hvers væri hægt að krefjast að því er húsabyggingar snertir, og að það yrði að taka nokkurt tillit til þeirra, sem þær skyldur eiga að inna af hendi. Sami hv. þm. talaði og um það, að þar sem landverð væri ekki metið meira en 1—3 þús. kr. að fasteignamati, myndu ákvæði 11. gr. vera gersamlega óhæf, og færði það til, að ekki myndi vera hægt að koma upp húsum fyrir ⅔ af landverði jarðarinnar. Ég verð enn aftur að minna á það, sem alls ekki virðist geta komizt inn í höfuð þeirra, sem um þetta mál tala frá þeim bæjardyrunum, að hér er ekki átt við kostnaðarverð, heldur við fasteignamatsverð húsanna, og það mun vera auðvelt að færa dæmi til þess, að fasteignamatsverð húsa í sveit er nú oft ekki meira en ¼ af því raunverulega kostnaðarverði. Ég verð að telja, að það liggi allnærri hártogun að ala á því enn aftur að miða eingöngu við kostnaðarverð, þegar beinlínis stendur í frvgr., að bæði landverð og húsaverð skuli miða við fasteignamat.

Viðvíkjandi upphafi 12. gr. hafði hv. þm. þau orð, að það minnti ofurlítið á þau kjör, sem konungsþrælar hefðu átt við að búa. (StgrS: Einkum niðurlag 12. gr.). Það er nú um þetta að segja hvorttveggja, upphaf og niðurlag 12. gr., að það hefir verið sett í frv. af hv. Ed. Það voru áður í frv. ákvæði, sem stefndu nokkuð í þessa átt einmitt frá sjálfum frumhöfundum frumvarpsins, sem þóttu nægilega róttækir, en þau ákvæði giltu þá að vísu aðeins um það, þegar hús féllu niður af landskjálfta eða öðrum þvílíkum orsökum. En þessu sérákvæði stjfrv. breytti hv. Ed. í almennt ákvæði. Hv. þm. tók á mælsku sinni og brá jafnvel á leik, þar sem hann var að tala um, að hestarnir ristu ekki torf og græfu ekki gröft þann, sem þyrfti við húsabyggingar. Þetta var nú svona meira til skemmtunar. Ég hygg þó, að ekki sé útilokað, að það megi hafa hjálp af hestum við að flytja rist torf. Ef hestareka er á heimilinu, hygg ég, að það megi hafa not af henni, og hestar eru notaðir til þess að koma moldinni burt. Ég verð enn að halda mér við það, að það sé hagfræðilega rétt leið til þess að gera húsin sem ódýrust og létta á leiguliðunum þá afgjaldshækkun, sem leiðir af húsabyggingum, að sá vinni verkið, sem á auðveldast að leysa það af hendi með sem minnstum kostnaði. Má vera, að viðvíkjandi 6. mgr. sé nokkuð þröngt að miða aðeins við 6 ár, og getur það vitanlega verið athugunarmál til 3. umr., en ég vil alls ekki ganga inn á það, að þessi grein sé gersamlega felld niður nú við þessa umr., því að vel gæti verið, að það mætti fá samkomulag, sem stefndi meira í miðlunarátt

þessara tveggja ólíku sjónarmiða, og mætti athuga það til 3. umr.

Viðvíkjandi síðasta ákvæði 40. gr., að leiguliði eigi ekki heimting á að fá meira fyrir unnar jarðabætur en hann hefir í raun og veru til þeirra kostað, þá veit ég ekki um, hvort það er hægt að gera það að almennri lagaskyldu, að menn eigi kröfu á því að fá meira fyrir verk sín en þeir hafa til þeirra kostað, eins og hv. þm. virðist ætlast til. Ég veit ekki, hvort það er ástæða til þess að tryggja mönnum, að þeir fái yfirleitt meira en kostnaðarverð fyrir verk sín. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. talaði og um, að erfitt væri síðar meir að vita, hver kostnaðurinn hefði verið, þá hygg ég, að ef leiguliðinn hefir unnið þessar jarðarbætur í fristundavinnu, sem hann nefndi svo, sé honum ekki misboðið með því, þó að jarðabæturnar væru reiknaðar í dagsverkatölu eftir ákvæðum jarðræktarlaganna og síðan yrði greitt fyrir dagsverkið eins og það hefir kostað á hverjum tíma, og mætti finna sanngjarnt kostnaðarverð með því.

Viðvíkjandi 24. gr. skilst mér, að ekki sé um annað að ræða en hvort orðið ætti að nota, „bætur" fyrir það, að jarðabótum hefði ekki verið haldið við, eða „álag", af því að jarðabótum hefði ekki verið haldið við. Ég vil ekki deila um það, hvort orðið skuli notað, álag eða bætur, og get ekki lagt áherzlu á það, hvort orðið er haft, því að mér skilst eftir seinni ræðu hv. frsm. minni hl., að hann meini í raun og veru það sama og hér er átt við í frv.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði í sinni fyrri ræðu, að ekki væri ástæða til þess að ýta undir það, að landsdrottinn gerði jarðabætur á jörð, sem hann leigði öðrum, þá hygg ég, að það geti orðið skiptar skoðanir um það. Ég hygg, að jörðinni sjálfri og þar með þjóðfélaginu væri nokkur greiði gerður með því, að landsdrottinn setji fé sitt í jarðabætur, með því að mér þykir ólíklegt, að landsdrottinn kosti svo kapps um að leggja fé í jarðabætur, ef hann sér ekki, að jörðin vex að verðmæti sem svarar því, sem hann kostar til jarðabótanna, og þá eru þeir peningar geymdir í góðum „banka" og erfingjar hans geta þá ekki eytt þeim fjármunum í óspilunarsemi eða á annan verri hátt.

Þá vil ég að lokum víkja að niðurlagsákvæðum frv. Ég hygg, að við sannfærum hvorugur annan um það, hvort fresturinn til framkvæmda á húsabótum skuli vera 5 ár eða 2 ár, og þess vegna sé ekki til neins fyrir okkur að deila um það. Ég hygg, að jafnvel þó að líða megi 5 ár þangað til landsdrottinn er að lögum skyldur að inna þessar kvaðir af hendi, þá verki l. fyrir sig fram svo mikið, að jafnvel á næsta ári eftir að l. ganga í gildi fari þau þegar að hafa áhrif, þannig að landsdrottnar annaðhvort gefi leiguliðunum kost á kaupum með vægum kjörum, eða þeir bæti úr knýjandi húsaþörf, þar sem þeir vita, að þessi skylda fellur yfir þá innan örskamms tíma. Hitt getur verið mikið athugunarmál, hvort við erum þegar að 2 árum liðnum við því búnir að geta veitt þau lán, sem þarf til stórfelldra byltinga í húsabyggingum á jörðum, eða hvort við erum algerlega við því búnir að hafa þann gjaldeyri, sem til þess þarf, því ef snögg bylting verður, þarf til þess ekki lítið fé.

**Sveinn Ólafsson:** Það hefir verið minnzt á 30 ára stríð a. m. k. af 2 hv. þdm., 30 ára stríð, sem á að hafa staðið um núgildandi ábúðarlöggjöf. Ég held, að hér hafi verið skotið nokkuð yfir markið. Reyndar man ég ekki, hve snemma var hafið máls á löggjöf þessari, en frá þinginu 1883 eru l., þó að þau væru ekki staðfest fyrr en árið eftir. Mig minnir satt að segja, að málið hafi legið fyrir 3 eða 4 þingum. Það skiptir í sjálfu sér ekki miklu um þetta, en hitt mun vera fjarstæða ein, að um þessa löggjöf hafi verið háð 30 ára stríð. Að vísu var tíminn tiltölulega langur, af því að þing var þá ekki haldið nema annaðhvert ár. Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en því hefir einnig verið haldið hér fram í þessum umr., að 1883 hafi landsdrottnar ráðið einir í þinginu. Þeir hafi sett l. og þau hafi verið ófrjálsleg frá þeirra hendi. Það er sjálfsagt rétt, að fleiri eða færri af þeim, sem þá áttu sæti á þingi, voru sjálfseignarbændur, og ég geri ráð fyrir því, að það hafi einkum verið sjálfseignarbændur ásamt nokkr-

um sveitaprestum, sem unnu að afgreiðslu málsins. Mér er það enn minnisstætt, að eftir að l. komu út, var mikið um það talað og orð á því haft, að þeir hefðu verið óvenjulega frjálslyndir gagnvart leiguliðunum, jafnvel framar en efni stæðu til. Þegar ég lít aftur í tímann eins og hann var um 1880, þá verð ég að viðurkenna, að þeir menn, sem að þessari lagasmíð unnu, hafi verið sérstaklega frjálslyndir og nærgætnir um þessa hluti. Þessi löggjöf er enn í dag að mörgu leyti fyrirmynd, og það skársta í þessu frv. er allt tekið þaðan. Hafi svo verið, að landeigendurnir hafi átt mestan þátt í lagasmíðinni 1883, þá er hún þeim til sóma. En nú eru það víst leiguliðarnir, sem mestan þátt hafa átt í lagasmíðinni. Eftir því, sem mér hefir verið sagt, munu þeir flestir leiglendingar vera, sem mestan þátt hafa átt í þessari frv.smíði, eða tilvonandi landeigendur, menn, sem hljóta fyrst og fremst að leita að hagkvæmustu leið til þess að geta náð jörðunum á sitt vald. Þess vegna er ekkert óeðlilegt, þó að þeir við samningu frv. og till. minni hl. n., sem hér liggja fyrir, hafi leitað lags um að komast að hagfelldum landkaupum. Og þegar litið er á 12. og 18. gr. frv., verður ekki annað sagt en að þeim hafi tekizt furðu vel að tryggja tilvonandi hagsmuni sína. Reyndar hefir orðun á fyrstu setningunni, í 18. gr. ekki tekizt fimlega, en markinu virðast þeir að öðru leyti hafa náð mjög vel.

Út af orðum hv. 1. þm. Skagf., þar sem hann var að minna mig á það, að þær kvaðir, sem lagðar voru á landsdrottna að því er húsabætur snertir, tækju aðeins til þeirra jarða, sem þeir leigðu, en notuðu ekki sjálfir, þá var sú bending meira en óþörf. Hann þurfti sízt að minna mig á þetta. Hv. þm. leggur alla áherzluna á það, að einstakir menn geti ekki átt jarðir og leigt þær öðrum. M. ö. o. verður eftir hans kenningu að finna ráð eins og í 18. gr. frv. — tiltölulega sniðug ráð — til þess að losa landeigendur við slíkar eignir fyrir lítið, eða helzt ekki neitt. Hv. þm. þurfti svo sem ekki að taka það fram, eins og hann gerði, að frv. tæki ekki til ábúðarjarða sjálfseignarbænda að því er húsabætur snerti. Það er líklega nógur kommúnistakeimur að því samt.

Af því að stefna mín í þessu máli er yfirlýst og fyrir löngu ákveðin, þá þarf ég ekki að vera að elta ólar um þær einstöku brtt., sem fyrir liggja, og get ég að mestu leyti látið niður falla andsvör við aths., sem fram hafa komið. Hæstv. ráðh. hefir svarað þeim flestum svo að ég get vel við unað. — Það er aðeins síðasta brtt. minni hl., sem ég vil snöggvast drepa á. Hún er um það, að l. gangi að fullu í gildi eftir 2 ár, en ekki eins og í frv. stendur, eftir 5 ár. Ég þykist sjá, að byltingin, sem verður við það, að l. koma til framkvæmda, geti orðið ærið skæð og hastarleg, ef hún á að dynja yfir eftir tveggja ára tíma, sérstaklega þó, ef kreppuástandið, sem nú er, verður ekki um garð gengið. Það hlýtur að gilda um þetta umrót eins og um svo margt annað, að „frestur er á illu beztur", og sjálfsagt er að reyna að komast út yfir það ástand, sem nú er í landinu, áður en ofsóknin hefst á hendur landeigendum, því að hraklegar mundu afleiðingarnar verða, ef þetta ætti að skella yfir fyrirvaralaust, eins og ástæðurnar fjárhagslega eru nú. Þessi till. minni hl. er þess vegna ein af þeim fráleitustu, sem fram hafa komið, og eru aðrar till. hans þó sízt góðgjarnlegar. Ég vil ekki tefja tímann með því að gera þær frekar að umtalsefni, af því að þeirra hefir þegar verið maklega minnzt. Læt ég svo þetta lynda að sinni og hygg, að málið í heild sinni græði lítið á löngum umr.

**Frsm. minni hl. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég skal ekki lengja umr. mikið, því að það eru aðeins örfá orð út af seinni ræðu hæstv. atvmrh. Hann sagði, að það nálgaðist hártogun hjá mér, þar sem ég hafði talað um, að ekki væri hægt að byggja sæmileg hús fyrir ⅔ af fasteignamatsverði lands, af því að í frv. væri ekki átt við kostnaðarverð byggginganna, heldur fasteignamatsverð. Það mun vera rétt hjá hæstv. ráðh., að ég hafi ekki skýrt þetta nógu skipulega í minni ræðu, en þetta verður framkvæmt á þann hátt, að fasteignamat verður látið fara fram strax þegar húsið er fullgert, og þá veit ég a. m. k. af þeirri reynslu, sem áður er fengin, að þegar ný hús eru metin til fasteignamats, er afarmikið tillit tekið til

kostnaðarverðsins. Undir eins og byggingarnar eru teknar að eldast, falla þær mikið í verði. Ef á að framkvæma mat á slíkum húsum, verður það kostnaðarverðið, sem lagt verður mjög mikið til grundvallar. Landeigandinn leggur áherzlu á, að kostnaðarverðið verði lagt til grundvallar, en hagsmunir leiguliða fara að vísu í gagnstæða átt. En þó er ég hræddur um, að það verði kostnaðarverðið, sem lagt verður til grundvallar og réði mestu um fasteignamatið. Svo verður ekki fyrr en við næsta mat á eftir, að veruleg lækkun frá kostnaðarverðinu kemur fram. Ég er dálítið hræddur við þetta atriði og held þess vegna, að í ýmsum tilfellum sé ekki svo mikill munur á kostnaðarverði og fasteignamati, a. m. k. ekki eins mikill munur eins og hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir.

Þá er það aðeins út af því, sem hæstv. ráðh. sagði viðvíkjandi brtt. við 40. gr., að það væri tæplega rétt að tryggja mönnum meira fyrir verk sín en verkin hefðu kostað þá. Ég verð að játa, að þetta er fallega sagt og réttmætt í sjálfu sér, að hver maður fái fyrir verk sín eins og hann hefir til þeirra lagt, en hvorki meira né minna. Hitt finnst mér ennþá verra, að landeigandi eigi að fá fyrir verk, sem annar maður gerir, en það verður það í þessu tilfelli, sem hér er deilt um, ef jarðabæturnar, sem gerðar hafa verið, bæta jörðina meira en það, sem hér er um að ræða. Að miða kostnaðarverð við dagsverkatölu eftir ákvæðum jarðræktarlaganna er að mínum dómi fráleitt. Við skulum hugsa okkur mann, sem tekur grýtt land til ræktunar, ryður úr því grjóti og gerir að túni. Kostnaðarverð jarðabótarinnar getur þá orðið margfalt við það, sem jarðræktarl. gera ráð fyrir. En aðra aðferð en þessa gat hæstv. ráðh. ekki bent á til að komast að kostnaðarverðinu. Þar sem ég vil ekki lengja umr. um of, ætla ég ekki að segja fleira út af ræðu hæstv. atvmrh.

Um ræðu hv. 1. þm. S.-M. skal ég ekki fara mörgum orðum. Hann sagði, að 1884 hefði alls ekki verið búið að heyja 30 ára stríð um ábúðarl., og mundu þau vart hafa legið fyrir meira en 3 þingum. Þau voru fyrst til umr. á þingi 1845, og var málið svo afgr. á þinginu 1883. Verður stríð það, sem háð var um málið, því frekar nefnt 38 ára stríð.

Ég veit ekki, hverja afgreiðslu málið muni fá hér í d., en eftir afstöðu d. til málsins í fyrra, skil ég ekki annað en að flestar till. okkar nái samþykki. Skil ég heldur ekki, að Ed. taki svo í málið, að það þurfi að verða því að falli.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Aðeins stutt aths. Hv. frsm. minni hl. virðist ganga út frá því, að þegar fasteignamat færi fram á nýbyggðu húsi, þá yrði það sem næst kostnaðarverði. Reynslan sýnir annað. Veit ég um ýmsar húseignir, sem reistar hafa verið fyrir lán úr byggingar- og landnámssjóði og fasteignamat hefir farið fram á skömmu síðar, að það hefir orðið langt fyrir neðan kostnaðarverð. Ég man sérstaklega eftir einni byggingu, sem kostaði 30 þús. kr., en var metin á 9 þús. kr., og það sama árið. Hér má því ekki blanda saman fasteignamatsverði og kostnaðarverði. Það má vera, að við brunabótavirðingu sé oftast fylgt kostnaðarverði í kaupstöðum, en í sveitum er þessu venjulega öðruvísi háttað, einkum að því er fasteignamatsverðið snertir.

Viðvíkjandi áréttingu hans á orðum mínum um 40. gr., þar sem hann segir, að erfitt sé að leggja jarðabætur í dagsverk, að lítt sé að marka það dagsverkamat, sem í jarðræktarl. felst, vil ég geta þess, að ég átti við, að dagsverkamat jarðræktarl. væri aðeins til hliðsjónar um dagsverkatöluna, en að treysta verði matsmönnunum að öðru leyti. Annars þurfa þær jarðabætur, sem dýrastar eru, ekki alltaf að vera nýtastar. Oft hagar svo til, að hægt er að koma jarðabótum við með litlum tilkostnaði vegna staðhátta og annara gæða, sem jörðin hefir til að bera, og er þá ekki ósanngjarnt, að landsdrottinn njóti þess að einhverju leyti.

Um það, hvort líkur eru til þess, að málið strandi, ef miklar breyt. eru gerðar á því hér í d., skal ég ekkert fullyrða, en nú er þó langt liðið á þetta þing, og mætti því ætla, að málinu gæti orðið stefnt í tvísýnu, ef stórvægilegar breyt. kæmu fram. Hinsvegar held ég því ekki fram, að frv. sé svo heflað að frágangi, máli og

öðru, sem prýða ætti svo mikilsverða löggjöf, að ég myndi harma það, þótt endurbætur yrðu gerðar. En samt verður jafnframt að líta á hitt, að málið sé ekki tafið um of.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Nd., 18. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 410, n. 611 og 673).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 611,1 felld með 14:9 atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 611,2.a felld með 14:11 atkv.
— 611,2.b felld með 15:12 atkv.
— 611,2.c felld með 14:12 atkv.
9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 611,3 felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HG, HV, JónasÞ, StgrS, SvbH, JörB.
**nei:** ÁÁ, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SvÓ, TrÞ.
Einn þm. (PHalld) fjarstaddur.
11. gr. samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 611,4.a felld með 14:11 atkv.
— 611,4.b kom ekki til atkv.
— 611,4.c felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** JónasÞ, StgrS, SvbH, VJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HG, HV, IngB, JörB.
**nei:** JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, GÍ, HJ.
ÞorlJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (PHalld) fjarstaddur.
Brtt. 611,4.d—e komu ekki til atkv.
12. gr. samþ. með 15:1 atkv.
Brtt. 611,5 kom ekki til atkv.
13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 611,6.a—b teknar aftur.
14.—18. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
19.—34. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
35.—36. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
37.—39. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 611,7 felld með 14:9 atkv.
40. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
41. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 611,8 felld með 14:10 atkv.
42. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
43. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
44.—46. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 611,9.a samþ. með 14:12 atkv.
— 611,9.b samþ. án atkvgr.
47. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
48.—53. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 611,10 felld með 14:9 atkv.
54. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
55. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

---

Á 79. og 82. fundi í Nd., 20. og 24. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 725, 748, 766).

**Sveinn Ólafsson:** Við 1. og 2. umr. þessa máls benti ég á ýmsa annmarka, og þá suma stóra, er mér þykja vera á frv. þessu. Við 2. umr. lét ég þess getið, að ég mundi bera fram brtt. við frv. fyrir 3. umr. Ég kunni því betur og tel rétt að láta ekki lenda við aðfinnslur einar, þótt tilefni sé ærið. Vildi ég heldur gera mitt til að frv. mætti verða aðgengilegra, og hefi því komið fram með nokkrar brtt. á þskj. 766, sem taka til 16. gr. þess. Það er þó ekki svo að skilja, að ég álíti, að frv. þurfi ekki frekari breyt. við en þar er lagt til að gera á því, heldur hitt, að ég hafði ekki tíma til að fara lengra en þetta þskj. sýnir. Mér virðast ýmsir fleiri staðir í frv. þurfa endurbóta við, jafnvel stórra. Get ég sem dæmi nefnt 35. og 36. gr. frv., sem mér virðast ekki vel orðaðar eða heppilega. En þar er þó eigi um svo stórar misfellur að ræða að efni til, að frv. megi ekki verða að l. þeirra vegna. — Brtt. á þskj. 766 lúta að því fyrst og fremst að draga úr þeirri óhæfilegu takmörkun á ráðstöfunar- og umráðarétti landeigenda yfir eignum sínum, sem nú er í frv., takmörkun, sem álíta verður, að leiða mundi til þess, að lögfestar verði samskonar takmarkanir á umráðarétti einstakra manna yfir annari eign eða atvinnutækjum. Yfirleitt mundu ákvæði 63.

gr. stjskr. um friðhelgi eignarréttarins með því að miklu leyti falla úr gildi. Í öðru lagi lúta brtt. mínar að því að takmarka það úrskurðar- og drottinvald, sem frv. leggur í hendur Búnaðarfél. Ísl., trúnaðarmönnum þess og útttektarmönnum yfir jarðeignunum. Að því leyti, sem rétt er að afhenda slík umráð óvilhöllum stjórnarvöldum, þá legg ég til, að þau hverfi til sveitarstjórnanna á hverjum stað. Tel ég þau betur komin þar en hjá þeim aðilum, sem frv. greinir. Þá aðila, Búnaðarfél. Ísl. og trúnaðarmenn þess, skortir oft að sjálfsögðu staðlega þekkingu og kunnugleika um þau deiluatriði, sem til lykta þarf að leiða. Sveitarstjórnirnar eru sökum kunnugleika síns betur til þess fallnar en nokkrir aðrir menn.

Í þriðja lagi miða brtt. mínar að því að fella úr frv. orðatiltæki og setningar, sem eru meira eða minna óþörf eða tvíræð og valdið geta ágreiningi. M. ö. o. geta orðið til þess að vekja deilur.

Í fjórða lagi er með brtt. bætt ákvæðum í frv., sem nú vantar og skipta þó verulegu máli, svo sem í 24. gr. Ennfremur er á nokkrum stöðum breytt orðum, sem ekki eiga við og hljóta að valda misskilningi. Verð ég svo að víkja að einstökum brtt., en fer þó fljótt yfir sögu.

1. brtt. er við 2. gr. Þykja mér ákvæði þeirrar gr. nokkuð tvíræð að sumu leyti og óeðlilega hörð gagnvart landeigendum yfirleitt víða, t. d. orðatiltæki eins og það, að býli megi ekki sameina eða nytja fleiri býli saman, ef þau hvert fyrir sig teljast lífvænleg fyrir ábúanda. Hér er óskýrt, hvað við er átt. Þetta getur farið og fer eftir stærð fjölskyldu. Það getur t. d. verið lífvænlegt býli fyrir einsetukarl, sem ekki fleytir fram 5 manna fjölskyldu. Svo óákveðið orðalag sem þetta er óhafandi í l., sem almenningur á að lifa og breyta eftir. Það vekur deilur og verður misskilið. Í þessari sömu gr. eru ákvæði um heimild landeiganda til að skipta jörð. En þá heimild tel ég bundna óeðlilegum takmörkunum, þar sem til þess verður að leita úttektarmanna. Mér þykir ófrjálslegt og óviðfelldið, að landeigandi skuli ekki mega skipta jörð milli barna sinna án þess að kveðja til þess óviðkomandi menn.

Efni 2. gr. er að vísu tekið upp í brtt., en á annan veg orðað en í frv. og felld niður viðsjálustu ákvæðin. Vil ég ekki fjölyrða um það frekar, en skal þó geta þess, að ritvilla eða prentvilla — ég veit enn eigi, hvort heldur er — hefir slæðzt inn í till. Þar stendur tilvitnun í 3. gr. 3. málsgr., en á að vera 3. gr. 2. málsgr. Vil ég biðja hv. þdm. að athuga þetta og leiðrétta. — 2. brtt. við 3. gr. er að mestu orðalagsbreyt. Efni er þar ekki haggað. Ég tel þó, þar sem landeiganda er gert að skyldu að byggja jörð, sem hann nytjar ekki sjálfur, að þá verði eftirgjald að bjóðast a. m. k. svo hátt, að viðlit sé að byggja jörðina, og tel ég þar lágmarkið vera 2% af matsverði jarðar og húsa. Er ekki forsvaranlegt að skylda landeiganda til þess að byggja jörð, sem honum eftir 2. gr. er bannað að hagnýta sér, fyrir t. d. ½% af matsverði. Lágmark leigu hefi ég því sett 2%, og mun þó flestum virðast það harla lítið afgjald. En sannleikurinn er þó sá, að eftir margar þær jarðir, sem eru í opinberri eign, fæst tæplega þetta afgjald, og sumar þó enn minna. Tel ég sjálfsagt að takmarka skyldu landeiganda til að byggja jörð sína við það, að viðhlítandi boð fáist í hana, ella sé honum frjáls notkun hennar eftir vild.

Þá eru enn nokkrar breyt. í niðurlagi 3. gr. Þar er t. d. numin burt sú skylda landeiganda að byggja upp á eyðijörð og bjóða hana síðan til ábúðar. Er sú kvöð hastarlegri en tali taki, að landeigandi skuli húsa og rækta jörð, sem svo gengur máske ekki út fyrir 1% af matsverði.

Kem ég þá að 3. brtt., sem er við 7. gr. og ekki mikilvæg. Úr henni felli ég þó mat úttektarmanna á landskuld. Ég legg einnig til, að niður falli það ákvæði 7. gr., að jarðarafgjald undir vissum skilyrðum skuli metast eftir því, sem það hefir til forna verið. Þetta tel ég vera ónákvæmt orðalag og vanhugsað. Er heldur ekki vitað, hvort þetta ákvæði er leiguliða í hag. Ef úttektarmenn færu að miða afgjald jarða við fornan leigumála, þá mundi afgjaldið oft verða tvöfalt við það, sem hæfilegt þykir nú. Meðan nær því öll þjóðin hafði aðsetur sitt í sveitum, var eftirspurnin eftir jörðum miklu meiri en nú er og landskuldir hærri. Er óefað helmingsmunur á afgjaldi margra

jarða nú, miðað við það, sem var fyrir um 60 árum.

Við 9. gr. legg ég til nokkrar orðabreyt., en efnisbreyt. þó jafnframt. Greinin fyrirskipar fortakslaust lífstíðarábúð á leigujörðum. Mér finnst ekki eiga við að fyrirskipa fortakslaust slíka takmörkun á samningafrelsi. Oft getur komið fyrir, að nauðsynlega verði að leigja jörð tiltekinn tíma. Og óvíst er, að leigjanda sé nokkur greiði gerður með því að binda leigu sífellt við lífstíð. Hætt er t. d. við, að leigukjör verði verri með þeim hætti, þegar landeigendur sjá, að þeir fá ekkert færi á að breyta leigumálanum síðar. Í brtt. minni við 9. gr. er a-liður aðalatriðið, hitt annað eru einkum orðabreyt. B-liður er, eins og ég hefi tekið fram, breyt. á ákvæðinu um fleytimagn jarða, sem ætlazt er til í frv., að verði metið af trúnaðarmanni Búnaðarfél. Ísl. og úttektarmanni. Í þess stað legg ég til, að viðkomandi sveitarstjórn skeri úr þessu, en ekki trúnaðarmaður Búnaðarfél. Ísl., sem engin skilyrði mundi hafa til þess í langflestum tilfellum, vegna skorts á kunnugleika á staðháttum og ágreiningsatriðum milli manna út af þessum hlutum. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir slíkri þekkingu hjá þeim mönnum, sem í fjarlægð búa.

Ég hefi einnig lagt til, í c-lið brtt. minnar við 9. gr., að fyrir „vergagna“ í 4. mgr. komi „vervistar“. Þessi brtt. er endurtekin síðar í frv. Ég kannast sem sé ekki við, að orðið „vergögn“ þýði það, sem því er ætlað að þýða í frv., að það tákni hlunnindi á jörð. Ég hefi leitað að þessu orði í orðabókum þeirra Sigfúsar Blöndals og Eiríks Jónssonar. Í báðum orðabókunum er orðið lagt úr á dönsku „Fiskeredskaber“, og einmitt þannig er orð þetta skilið víðast á landinu. Það táknar áhöld til fiskiveiða og annað, sem vermenn flytja með sér í verið, svo sem blöndukút, nestisskrínu, skinnföt og þesslegt. En vervist þýða báðir þessir orðabókahöfundar sem veru þar, sem fiskveiðar eru stundaðar. „Vergagn“ er alls ekki rétt nafn á hlunnindum jarða.

Ég kem þá að 5. brtt. minni, sem er um, að 10. gr. falli niður. Þar er gert ráð fyrir, að ef landsdrottinn byggir út leiguliða undir því yfirskini, að hann ætli að láta ættingja sína eða vandamenn, sem í frv. greinir, nota hana, en prettast svo um það, þá sé honum skylt að byggja leiguliða aftur og greiða bætur fyrir prettina. Ég álít þetta ákvæði óþarft vegna þess, að margt getur komið fyrir í viðskiptum milli landsdrottins og leiguliða, sem heimfæra má undir svik frá annarshvors hendi, og ekki verður með ábúðarlöggjöf tínt til allt, sem fyrir getur komið af því tægi. Þess vegna finnst mér óþarft að taka upp í slíka löggjöf ákvæði um þetta sérstaka tilfelli. Mér finnst eðlilegast, að þegar annarhvor hefir brigðað ábúðarsamningnum, þá leiti hinn réttar síns, hvor þeirra sem er. Þessi 10. gr. er í raun og veru hortittur í frv.

Þá er 6. brtt. mín við 12. gr., um að fyrir „hefir lagt til ... verða nú eigi ...“ í 6. mgr. komi: hefir áður lagt til nægileg peningshús, sem nú verða eigi. Ákvæði 12. gr. um byggingarskyldu landsdrottins eru harðvítug í hans garð. Þó er nokkur tilslökun gerð í niðurlagi gr., sem hv. þdm. hafa efalaust kynnt sér. Í frv. er í þessari 6. mgr. bundið við, að húsin séu í nothæfu standi, þegar deilt er út af húsbyggingum á jörðinni. Það er ekki á valdi landsdrottins að hafa húsin þá í notfæru standi, heldur hefir það verið á valdi leiguliða, sem á að halda þeim við. Og séu þau það ekki, þegar á að beita kröfunni, sem hér um ræðir, er það ekki landsdrottni að kenna. Það, sem ég legg til, að numið verði burt úr frv., er ákvæðið um, að húsin þurfi að vera í nothæfu standi á þeirri stund, þegar deilt er um viðbót húsa e. t. v. mörgum árum eftir að leiguliði tók við jörðinni.

7. brtt. mín, við 17. gr., er um það eitt, að fyrir „hús“ í 1. málslið komi: jarðarhús. „Hús“ á jörðinni almennt má skilja svo, að skylda landsdrottins til greiðslu brunabótagjalds nái einnig til húss leiguliða, en vitanlega á ekki að skilja gr. svo. Einmitt hér á því við að setja „jarðarhús“ í staðinn fyrir „hús“. (StgrS: Það er tekið fram í frv., að eigandi húsanna eigi að bera kostnaðinn). Það má skilja það svo eftir frv., að jarðeigandi eigi að greiða tryggingarkostnað af öllum húsum á jörðinni.

Í 18. gr. vil ég breyta nokkrum orðum,

en ekki er það mikilvæg efnisbreyt. Mér finnst ekki heppilegt orðalag á upphafi hennar, því að þar stendur: „Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal honum það vítalaust".

Mér finnst óviðeigandi orðalag að segja, að landsdrottni sé vítalaust að sjá sér ekki fært að fullnægja skyldunum. Þá hefi ég einnig bætt við ákvæðum í 18. gr., sem ég tel nauðsynlegt, að standi í l., nefnil., að kauptilboðum þeim, sem landsdrottinn á að gera ábúanda og sveitarstjórn, sé svarað innan ákveðins tíma, sem ég hefi sett 5 vikur.

9. brtt. mín er við 23. gr. frv. og er ekki annað en lagfæring á orðinu „vergagn" í „vervist", og hefi ég áður gert grein fyrir þessu.

10. brtt. mín er við 24. gr. Þessi gr. ákveður, að um innstæðukúgildi fari eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Þetta hefir alltaf verið svo, og ákvæðið er þess vegna í alla staði eðlilegt. En svo er bætt við ákvæði um 6% leigu eftir kúgildi, þegar búið er í upphafi gr. að leggja á vald landsdrottins og leiguliða að semja um þau. Finnst mér þetta ósamræmi og algerlega óviðeigandi. Nú er það svo, þrátt fyrir lagaákvæði, sem gilt hafa um margar aldir hér á landi í þessu efni, að kúgildi á leigujörðum eru víðast úr sögunni. Takmörkun á þessu sviði finnst mér þó sjálfsögð, til þess að ekki verði hrúgað á eina jörð svo eða svo mörgum kúgildum, ef þess ætti að freista, og þess vegna legg ég til í samræmi við forna venju, að ekki megi fleiri kúgildi vera á leigujörð en eitt fyrir hver 9 kúgildi af fleytimagni jarðar. Hinsvegar álít ég óþarft að tiltaka, hve háa vexti skuli greiða af þessari innstæðu, úr því að gert er ráð fyrir, að samningar um þau fari eftir samkomulagi milli landsdrottins og leiguliða. Geta þeir þá samið um þessa vexti sem annað. Eftir minni brtt. getur landsdrottinn aldrei látið fylgja jörð fleiri kúgildi en eitt á móti hverjum 9, sem jörðin telst framfleyta. Hygg ég, að þau kjör séu ekki harðari í garð leiguliða en samrýmazt getur fornri venju, en fremur vægari. — Í niðurlagi gr. er lítilvæg orðabreyt. gerð, um að leiguliði ábyrgist innstæðu og skili henni í „leigufæru" standi, en ekki „fullgildu standi". Það er vanalega kveðið svo að orði um ærpening, að hann sé í leigufæru standi.

11. brtt. mín er við 25. gr., og er hún í samræmi við það, sem ég hefi áður minnzt á, að úrskurðarvaldið um þau mál, sem geta valdið misklíð á milli landsdrottins og leiguliða, verði flutt frá Búnaðarfél. Ísl. og til viðkomandi sveitarstj. Einnig að í stað orðsins „vergagna" komi „vervistar", samkv. því, sem ég hefi áður sagt.

Þá er lítilfjörleg brtt., sú 12., við 37. gr. frv., um það, hvernig reka skuli skipt. Legg ég til, að í stað orðsins „álna" í 1. mgr. komi „fóta". — Frvgr. gerir ráð fyrir, að allan 4 álna við eða lengri skuli landsdrottinn hafa, en leiguliði allan við minni. Víðast hafa álnarkefli fallið til leiguliða, en stærri viður komið til skipta. Þótt brtt. mín yrði samþ., þá er samt helmingi stærri viður ákveðinn í hlut leiguliða en venja hefir verið til, því áður var hámarkslengdin 2 fet.

13. brtt. mín er við 38. gr. frv. og lýtur að því, hvernig skipta skuli rekahval. Í frvgr. er gert ráð fyrir, að landeigandi fái ⅔ hluta hans, en leiguliði ⅓. Þetta er stórfelld breyt. frá því, sem verið hefir, því að ég hygg, að það hafi vart nokkurn tíma þekkzt dæmi þess, að leiguliði hafi fengið meira en ⅛ hluta hvalreka, og tíðast ekkert haft af rekahval annað en „sjómannshlut" svonefndan eða björgunarlaun. Mér finnst þessi breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, vera óeðlilegt stökk, og virðist mér leiguliði allvel haldinn, þótt hann fái ekki meira en ¼ hvals, eins og ég legg til. Hinsvegar er þetta atriði í löggjöfinni ekki mikilsvert, vegna þess að nú er hvalreki orðinn svo torgætur, að naumast er hann lengur til.

14. brtt. mín er við 40. gr. og er, eins og áður er vikið að, um að í stað orðanna „trúnaðarmanns Búnaðarfél. Ísl." komi: „sveitarstjórnar", og er því um flutning úrskurðarvalds frá Búnaðarfél. Ísl. til viðkomandi sveitarstjórnar. Í öðru lagi er þessi 14. brtt. mín um, að í stað orðanna „eftir því, sem úttektarmenn meta, að hækka megi þeirra vegna landskuld á jörðinni" komi: eftir því sem landskuld hefir þá hækkað á jörðinni.

Þarna er í frv. gert ráð fyrir, að leiguliði geti krafizt gjalds fyrir unnar jarðabætur á jörðinni, þegar hann fer frá henni, allt að tólffaldri þeirri upphæð, sem úttektarmenn meta, að landskuld geti hækkað vegna þessara umbóta. Það getur staðið svo á, þótt jarðabætur séu miklar á einhverri jörð, að ekki aukist afgjald hennar eða eftirspurnin eftir henni að sama skapi, vegna ýmissa annara ástæðna. M. a. s. gæti eftirspurn eftir henni orðið minni eftir en áður, af einhverjum ástæðum, þrátt fyrir jarðabæturnar. Álit úttektarmanna er engin trygging fyrir sanngjarnri niðurstöðu í þessu efni. Með þessu ákvæði frv. yrði því gengið á rétt landeiganda, ef ekkert hækkaði afgjald jarðarinnar. Það gæti þá orðið sniðugt ráð fyrir leiguliða til þess að næla í fé, að gera til málamynda einhverjar jarðabætur og fá álit úttektarmanna um, að hækka mætti leigu þeirra vegna mikið. (StgrS: Hann á ekki að fá yfir kostnaðarverð jarðabótanna, að frádreginni fyrningu). Ég hefi ekki haggað neinu, sem í frv. stendur, heldur skýrt frá því rétt, sem þar er tekið fram.

15. brtt. mín er við 41. gr. og er aðeins lítilsháttar orðabreyt. Hún er um tilflutning úrskurðarvalds frá Búnaðarfél. Ísl. til sveitarstjórna, eins og áður er að vikið.

Við 51. gr. er síðasta brtt. mín, og er hún um það, að fyrir orðin: „að hann hafi krafizt álags" komi: að hann hafi að lögum krafizt álags.

Það skiptir miklu, hvort álags er krafizt að lögum eða ekki. Og geti viðtakandi jarðar þrátt fyrir það ekki fengið álagið hjá fráfaranda, er sjálfsagt, að landsdrottinn greiði það. En hafi viðtakandi ekki krafizt þess að lögum, finnst mér engin ástæða til að setja í lög, að þá skuli landeigandi greiða álagið.

Ég þekki dæmi þess, að fráfarandi hefir prettað viðtakanda með því, að hann hefir tekið að sér að greiða álag og gefið ávísun á fé í banka, en þegar til kom var ekki til í bankanum nein innstæða til greiðslu á ávísuninni, svo að viðtakandi fékk ekkert.

Ég hefi nú eytt nokkuð miklum tíma í þessar aths., vegna þess, að hér er um svo margar brtt. að ræða, sem sumar taka til þeirra atriða í frv., sem miklu máli skipta. Læt ég hér staðar numið, enda þótt ég ætlaði að fara nokkrum fleiri orðum um frv. eins og það er nú. Ég skal svo að lokum lýsa yfir því, að ef þessar brtt. mínar verða samþ., þá mun ég geta unað því nokkurn veginn, að frv. verði afgr. héðan og lögfest, en ég tel samt allan búning þess lítt vandaðan og slík lög tvísýna réttarbót, þótt viðhlítandi geti orðið í bili, ef brtt. verða samþ.

**Frsm. minni hl. (Steingrímur Steinþórsson):** Það fer nú að líða að því, að þessi hv. d. skili þessu frv. frá sér til fullnustu, því að ég vænti þess, að Alþingi beri gæfu til að afgr. þetta mál nú og í því horfi, sem sæmilegt má telja. Hefði verið ástæða til þess að koma hér inn á málið almennt áður en d. skilar því frá sér, en ég mun þó takmarka mig, til þess að eyða ekki of miklu af þeim stutta tíma, sem við höfum yfir að ráða nú til að afgr. málið.

Þótt ég álíti að vísu, að frv. feli í sér miklar réttarbætur fyrir leiguliða, réttarbætur, sem að því miða að skapa þeim möguleika fyrir heilbrigðari búnaðarháttum, þá eru þó þessi ábúðarlög aðeins ein hliðin í því stóra máli, sem snýr að jarðeignum landsins, og ég álít, að miklar og róttækar breyt. þurfi að gera viðvíkjandi jarðeignum landsins, ef maður á að geta gert sér vonir um, að búskapur verði rekinn á eðlilegan hátt í framtíðinni og landbúnaður vor tekið þeim framförum og þróun, sem við allir vonumst eftir. Nokkur hl. af jarðeignum landsins er enn í opinberri eign, og ég tel rétt, að þær verði ekki seldar, heldur leigðar á erfðaleigu og samin sérstök ábúðarlöggjöf fyrir þær jarðir, sem ríkið á nú og mun síðar eignast, þannig að það verði tvennskonar ábúðarlöggjöf, önnur gildi fyrir jarðir í opinberri eign og önnur fyrir leigujarðir í eign einstakra manna. Það er með þetta fyrir augum, sem ég fylgi þessu frv. Ástandið eins og það nú er í sveitum vegna þess skipulagsleysis um allt, er snertir eign og yfirráð yfir jarðeignum, er óþolandi. Þetta leiðir til þess, að sveitunum blæðir út fjárhagslega fyrr eða síðar, ef ekkert er gert til þess að koma á heilbrigðri skipan. Ég er ekki í vafa

um, að það væru beztu kreppuráðstafanirnar, ef þessu máli væri komið í gott horf, því að til kaupstaðanna gengur óslitinn fjárstraumurinn úr sveitunum. Það heyrist reyndar oft hér, að kaupstaðirnir beri uppi gjöldin í landinu, en sveitirnar leggi litið sem ekkert af mörkum, en hins er sjaldan getið, að sveitirnar greiða of fjár til kaupstaðanna í gegnum jarðasöluna. Fólkið hefir streymt úr sveitunum til kaupstaðanna og selt jarðirnar til að setjast þar að. Oft eru það beztu bændurnir, sem þannig hafa selt jarðir sínar, flutt í kaupstaðinn og byggt sér þar hús. Þeir, sem keypt hafa af þeim jarðirnar, hvort sem það eru börn seljandans eða vandalausir, verða af þessum ástæðum að reyta sig inn að skyrtunni til þess að greiða til þeirra, sem flutt hafa til kaupstaðanna, til þess að geta staðið í skilum með jarðarverðið. Hefir óreiknaður fjárstraumur gengið úr sveitunum í kaupstaðina á þennan hátt, enda má segja, að kaupstaðirnir hér á landi hafi verið byggðir að allmiklu leyti upp beinlínis með þessu móti. Gæti verið nógu fróðlegt að athuga, hve mikill fjárstraumur hefir gengið til kaupstaðanna á þennan hátt, og ég gæti nefnt ótal dæmi þessa, að menn selja óðal sitt fyrir of fjár, flytja í kaupstaðina og byggja sér þar stórhýsi, en þeir, sem eftir sitja, verða að reyta sig inn að skinni til þess að geta fullnægt kröfum hinna, og endirinn verður líka oft sá, að þeir gefast upp að lokum og flytja líka til kaupstaðanna. Þetta er sú stóra hætta, sem vofir yfir landbúnaðinum, og er satt að segja furðulegt, að fulltrúar sveitanna skuli ekki geta sameinazt gegn henni til verndar sveitunum. Hitt þykir mér ekki nema eðlilegt, að fulltrúar kaupstaðanna kæra sig ekki um að breyta þessu. Þeir mega vel við una hinn óslitna fjárstraum, sem gengur úr sveitum í kaupstaði. Ég minnist þess, að hv. 4. þm. Reykv. lét svo um mælt hér í sambandi við annað mál, skipulag um sölu mjólkur, að mig minnir, að sveitirnar vildu hafa Rvík fyrir mjólkurkú, en að vísu fara vel með þá mjólkurkú, til þess að hafa sem mest upp úr henni. Ég held þvert á móti, að Rvík og aðrir kaupstaðir hafi haft sveitirnar fyrir mjólkurkú, án þess þó að láta sig nokkru skipta, þótt sveitirnar hafi horazt niður meir og meir eftir því, sem féð hefir flutzt burt.

Við þessari meinsemd er ekki nema um tvær leiðir að velja, að því er mér sýnist. Annað er það, að taka hér upp óðalsrétt og fyrirskipa, að t. d. elzti sonur hafi rétt til jarðarinnar og þurfi ekki að svara út arfahlutum úr jörðinni, og ekki hvíli aðrar kvaðir á eigninni en veðskuldir. Óðalsréttur hefir frá ómunatíð tíðkazt í Noregi. Er gaman að athuga það, að hin nýja stj. í Þýzkalandi hefir einmitt horfið að þessu ráði, að taka upp óðalsréttinn og samtímis fyrirskipa, að enginn megi búa nema á einni jörð. Segi ég þetta ekki til að hæla þessari nýju stj., sem mér virðist margt misjafnt um, en hitt er það, að hún virðist hafa hitt naglann á höfuðið um þetta atriði. Þó er við þetta að athuga, að það nær aðeins til hinna smærri landeigenda. Allir hinir meiri landeigendur í Þýzkalandi geta um þetta farið eftir eigin geðþótta eftir sem áður. Hitt úrlausnarráðið er það, að ríkið yfirtaki jarðirnar. Aðrahvora þessara tveggja leiða verður að fara, og vildi ég láta það koma fram, áður en málið fer héðan úr d., að þessi ábúðarlög eru aðeins ein hliðin á því stóra máli, sem hér er um að ræða. Er eftir að leysa úr mörgum verkefnum, áður en talið verður, að sæmileg lausn hafi fengizt á þessu máli, og ég er viss um það, að ekki verða gerðar betri ráðstafanir fyrir sveitirnar en að hindra það ólag, sem verið hefir um eignaryfirráð landsins. Það eru og sýnileg greinileg straumhvörf í þessum efnum, því að augu bænda hafa nú almennt opnazt fyrir því, hver voði er fyrir dyrum, ef svo fer fram, sem gert hefir undanfarið, og ég veit, að Alþ. kemst ekki hjá því fyrr eða síðar að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessum efnum.

Mig hefði langað til að tala lengra mál um þessi efni og færa til einstök, sorgleg dæmi úr einstökum héruðum um þau áhrif, sem tíðar sölur og uppsprengt verð hefir á þrif búnaðarins, en ég mun þó láta þetta nægja, vegna þess, hve tíminn er naumur, því ég vildi stuðla að því, að frv. næði afgreiðslu á þessum fundi. Ég skal þá snúa mér að þeim brtt., sem ég flyt við frv. ásamt hv. 1. þm. Árn., á þskj.

748. Þær brtt., sem við minnihlutamennirnir í landbn. fluttum hér við 2. umr., voru allar drepnar, nema ein, sem engu máli skipti í sjálfu sér, en mér þó þótti vænt um engu að síður, að var samþ., því að nú geta hv. dm. ekki lengur borið því við, að ekki megi samþ. brtt. við frv., af því að það verði til þess að hrekja málið milli d., þar sem frv. hvort eð er verður að ganga til Ed.

Þessar till., sem við hv. 1. þm. Árn. flytjum, eru miðlunartill., og vænti ég þess því, að hv. d. geti fallizt á að samþ. þær. Get ég farið fljótt yfir þessar till., því að þær fjalla flestar um atriði, sem eru þaulrædd hér í d. áður.

1. brtt. okkar er við 11. gr. Þar er svo ákveðið, að landsdrottinn sé skyldur til að leggja til nothæf jarðarhús, er nemi ⅔ af landverði jarðarinnar, en eins og ég benti á við 2. umr., er óhugsandi að byggja upp mikinn hl. af öllum leigujörðum landsins á þennan hátt, þar sem landverð flestra þeirra er frá 1—3 þús. kr., og féllst hæstv. atvmrh. enda á þetta við 2. umr. Till. okkar minnihlutamannanna í landbn. um að gera húsaskyldu landsdrottins algera var þá felld, og nú leggjum við hv. 1. þm. Árn. til, að hlutfallstala húsaskyldunnar verði hækkuð upp í ¾, í stað ⅔ í frv. Er þetta að vísu lítil bót, en þó spor í áttina, og við væntum þess, að hv. d. samþ. þessa miðlunartill. — Þá gerum við ennfremur till. um breyt. á orðalagi þessa ákvæðis, að í stað „nothæf jarðarhús“ í mgr. komi: jarðarhús í góðu lagi, — og er þessi breyt. gerð í samræmi við 1. mgr. gr., sem kveður svo á, að landsdrottni sé skylt að láta öll þau hús vera „í góðu lagi“, sem leigujörð eiga að fylgja, samkv. dómi úttektarmanna. Ennfremur leggjum við til, að hlutfallstala húsaskyldunnar í því tilfelli, að landsskuld sé lægri en 3% af verði lands og jarðarhúsa, verði hækkuð úr ½ upp í ⅔ af landverði jarðarinnar.

Þá flytjum við brtt. við 12. gr. Við 2. umr. fluttum við minnihlutamennirnir í landbn. till. um að fella 1. mgr. þessarar gr. niður, en sú till. okkar var felld, og leggjum við hv. 1. þm. Árn. nú til, að niðurlag mgr. verði fellt niður, þar sem leiguliði er skyldaður til að sjá um aðdrætti á útlendu efni um allt að 5 km. veg. Er þetta mjög óeðlilegt ákvæði. Þannig væri eftir ákvæðinu svo, ef um 100 km. veg væri að ræða, að landsdrottinn ætti að annast flutningana 95 km., en leiguliði síðustu 5 km., því að vitanlega kemur ekki til mála að reikna leiguliða hlutfallslegan kostnað af flutningunum, heldur er honum rétt að annast þá sjálfum með eigin tækjum. Þetta niðurlagsákvæði mgr. er því ekkert annað en hortittur, og hefir enda enga þýðingu fyrir landsdrottin heldur.

Þá flytjum við brtt. við 7. mgr. þessarar sömu gr., þar sem svo er ákveðið, að ef leiguliði flytur af jörð áður en 6 ár eru liðin frá því hús voru reist á jörðinni, skuli hann eiga endurgjaldskröfu á landsdrottin sem svarar ⅙ af framlagi hans fyrir hvert ár, sem vantar á þann tíma. Benti ég á það við 2. umr., að þetta atriði er nokkurskonar endurtekning á þeim kvöðum, sem lagðar voru á leiguliða áður fyrr, og ef leiguliði t. d. leggur fram allt það til húsa, sem getur í 1. mgr. og vafalaust getur numið allt að helmingi byggingarkostnaðarins, nær ekki nokkurri átt, að hann geti fyrirgert endurgjaldskröfu sinni á 6 árum. Ég hefi og helzt kosið að fella þessa mgr. alveg niður, en áskilja leiguliða í þess stað fulla endurgjaldskröfu á allt framlag sitt eftir mati úttektarmanna, en ég þorði þó ekki að bera fram slíka brtt., af því að ég treysti hv. d. ekki til að samþ. hana, þótt sjálfsögð væri, og í þess stað hefi ég borið fram brtt. um að hækka þetta upp í 12 ár, og vænti ég þess, að hv. d. fallist á þetta, því að það er hið minnsta, sem hægt er að gera þessu til leiðréttingar.

Þá flytjum við brtt. við fyrri mgr. 13. gr. Þessi gr. fjallar um það, hvernig að skuli fara, þegar leiguliði flytur af jörð og á hús á jörðinni, og er svo ákveðið, að landsdrottinn sé skyldur að kaupa húsin við matsverði, ef þau eru haganleg og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, en svo kemur: „sbr. þó 11. gr., 2.—4.“, og þar er talað um, að landsdrottni sé vítalaust, ef hann leggur til nauðsynleg jarðarhús, er nemi ½—⅔ af landverði jarðarinnar, eftir atvikum. Er því landsdrottinn samkv. þessu ekki skyldur að kaupa meira af húsum leiguliða en svo, að öll jarðarhús nemi

½—⅔ af landverði jarðarinnar. Leiguliðinn stendur þannig alveg réttlaus gagnvart landsdrottni um þetta og verður að selja honum hús sín við því verði, sem hinn kveður á, eða verða af kaupunum og rífa húsin. Landsdrottinn getur því kúgað leiguliða til þess að selja sér þau hús, sem eru fram yfir það, er 13. gr. ákveður, fyrir það verð, er húsin hafa til niðurrifs. Er þetta hreinasti „vandalismi", að ganga svo frá l., að komið geti til mála, að jarðarhús, sem nauðsynleg eru, verði rifin niður, af því að landsdrottinn vill þrýsta niður verði þeirra, og minnkun fyrir Alþingi, ef slíkt ákvæði er ekki numið burt úr frv. Hinsvegar lítur þessi aths. svo meinleysislega út, að ég dreg það af eigin reynslu, að sumum hv. þm. geti hafa sézt yfir þýðingu hennar, ef þeir hafa ekki lesið frv. með því meiri athygli. Ég þykist því mega vænta þess, að hv. d. fallist á að fella þessa aths. niður, eftir að bent hefir verið á þetta.

Við minnihlutamennirnir í landbn. fluttum hér brtt. við 14. gr. við 2. umr., en tókum hana aftur þá; nú flytjum við hv. 1. þm. Árn. hana á ný. Fjallar þessi till. um það, að fyrningargjaldið eða leiguliðabótin verði lækkuð frá því, sem er í frv., þannig að hún nemi ¼—½% af steinhúsum, í stað ⅓—⅔% í frv., og ½—1% af húsum úr öðru efni, í stað ¾—1½% eftir frv. Ég færði rök fyrir því við 2. umr., af hverju mér þætti leiguliðabótin of há eftir ákvæðum frv., miðað við það, sem við annars gætum hugsað okkur um varanleik húsanna. Minnist ég þess, að hæstv. atvmrh. sagði í svarræðu sinni þá til mín m. a., að torfbyggingar mundu varla endast lengur en 38 ár, en ég get sagt það, að í sumum héruðum, þar sem ég þekki til, eins og víðast á Norðurlandi, endast þær helmingi lengur, en ég veit hinsvegar, að í votviðrasömum héruðum endast torfhúsin skemur, enda eru þau að leggjast þar niður. Ég minnist og þess, að þetta atriði var rætt hér allmikið í fyrra, og þáv. hv. 2. þm. Reykv. (Einar Arnórsson), sem tók mikinn þátt í afgreiðslu ábúðarlagafrv. þá og flutti við það margar brtt., er margar voru til bóta á frv., féllst á það í umr., að þetta hundraðsgjald, sem við hv. 1. þm. Árn. gerum till. um, mundi vera nægilegt, og niðurstaðan varð sú við atkvgr., að það var samþ., og ég hygg mótatkvæðalaust hér í þessari hv. d., og vænti ég þess, að hv. d. hafi ekki skipt um skoðun í þessu efni frá því í fyrra og samþ. því till., enda er sjálfsagt að miða þessa tölu sem næst við það, sem ætla má um endingu húsanna.

Þá kem ég að fimmtu og síðustu brtt. okkar, við 42. gr., er fjallar um jarðabætur, er landsdrottinn gerir á jörð sinni án þess að hafa náð samkomulagi um það við leiguliða. Urðu miklar umr. um það hér við 2. umr., hvort rétt væri að skylda leiguliða til að svara út jarðabót með álagi. Var till. frá okkur minnihlutamönnunum í landbn. þá felld, þess efnis, að burt félli ákvæði gr. um það, að leiguliði væri skyldur til að svara jarðabótinni í góðu lagi eða með álagi, og nú berum við hv. 1. þm. Árn. fram till. aðeins um það, að álagsskyldan verði felld niður. Við getum ekki fallizt á, að álag eigi að greiða af mannvirki slíku, sem hér um ræðir, af því að með álagi er átt við það, að hlutnum sé skilað aftur í sama ásigkomulagi og tekið var við honum upprunalega. Nú má ganga út frá því sem gefnu, að afgjald jarðarinnar hækki í réttu hlutfalli við tilkostnað við jarðabótina, og á leiguliði að standa skil á því, og auk þess á hann að halda mannvirkinu við. Það yrði því um tvöfaldan skatt að ræða, ef leiguliði ætti svo við brottför að greiða álag á jarðabótina. Annað mál er það, að leiguliða ber að halda jarðabótinni vel við, enda brestur ekki ákvæði í frv., sem tryggja það. Þar sem svo var og að heyra á hæstv. atvmrh., að hann teldi það þýða eitt og hið sama, „í góðu lagi" og „með álagi", vænti ég þess, að samkomulag geti orðið um að fella hið síðara burt. Mér líkar illa þetta orðalag, enda hefi ég fátt meira hatað en einmitt þessa álagsskyldu, sem leggur á leiguliða kvaðir, sem hann getur aldrei vitað, hvað miklar verða, og á enda rót sína að rekja aftur til konungsvaldsins.

Þá höfum við einnig leyft okkur að leggja til að bæta aftan við fyrri málsgr. 42. gr., þar sem svo er ákveðið í niðurlagi þeirrar málsgr., með leyfi hæstv. forseta: „... Ennfremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin

er fyrir jarðabótina". Þarna viljum við bæta við: „enda fari það gjald ekki fram úr almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Ísl. af kostnaðarverði jarðabótarinnar". Ég vil geta þess, að þetta er í fullu samræmi við niðurlag 40. gr., þar sem svo er ákveðið, að ef leiguliði gerir jarðabætur án samþykkis jarðeiganda, skuli hann fá greidda tólffalda þá upphæð, sem metið er, að hækka megi landskuldina þeirra vegna, „en þó ekki yfir kostnaðarverð jarðabótanna, að frádreginni fyrningu". Við í minni hl. landbn. vildum fella niður þetta niðurlag 40. gr. við 2. umr., en því fékkst ekki framgengt, og er þá sjálfsagt að láta 42. gr. vera í samræmi við það, þannig að það sama gangi yfir landsdrottin og leiguliða, að hann geti aldrei fengið meira fyrir sína jarðabót heldur en sem svarar venjulegum vöxtum af kostnaðarverði jarðabótarinnar.

Ég hefi nú farið í gegnum þessar brtt. og skal svo ekki að sinni lengja mál mitt frekar.

Ég sé ekki ástæðu til að koma neitt inn á brtt. hv. 1. þm. S.-M.; það er ekki mitt að svara fyrir þær að neinu leyti. En um þær í heild sinni get ég sagt það, að ef ætti að samþ. þær allar eins og þær liggja hér fyrir, þá hygg ég, að við gætum alveg eins slegið striki yfir frv. og búið áfram við ábúðarlögin frá 1884. Því með brtt. þessum er farið fram á að fella úr frv. ýmsar aðalbreyt. frá gildandi lögum, t. d. ákvæðið um æfiábúð. Eins og það ákvæði er orðið nú í frv. er það líkast sáldi, sem lekur allmiklu, en ef brtt. hv. 1. þm. S.-M. væru samþ., er sem botninn væri tekinn úr sáldinu. Þannig mætti benda á fleira, sem miðar að því að gera frv. áhrifalaust. Hinsvegar get ég fallizt á sumar þær smærri af brtt. og tel þær til bóta; ég tala hér aðeins um þær, sem verulegu máli skipta.

Hv. þm. vill ekki hafa nein ákvæði í frv. um, hvað gjalda eigi eftir innstæðukúgildi á leigujörðum; það á að vera „eftir samkomulagi". Við erum nú hér á þingi að afgr. lög um okur, þar sem bannað er að taka hærri vexti en þar er tiltekið. Liggur í hlutarins eðli, að það er eins skylt að hafa eitthvert hámark um, hvað taka megi eftir kúgildin, því það er aðeins önnur leið til þess að ávaxta fé sitt.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég skal ekki við þessa seinustu umr. þessa máls hér í d. fara að tala um málið almennt. Mun ég einungis snúa beint að þeim brtt., sem fyrir liggja, og skal þá fyrst víkja að brtt. á þskj. 748. Fyrsta brtt. þar er við 11. gr., þar sem hv. tillögumenn leggja til, að í stað ⅔ af landverði komi ¾, og í staðinn fyrir helming af landverði komi ⅔. Þessar tölur, sem staðið hafa í frv. síðan það var lagt fyrir þingið, að landsdrottni sé skylt að leggja til jarðarhús, sem nema ⅔ af verði landsins, miðað við fasteignamat á hvorutveggja, eru byggðar á allmikilli athugun á fasteignamati jarða í landinu. Eftir þeim kunnugleika, sem ég hefi í nokkuð mörgum sýslum landsins, hefir mér virzt vera yfirleitt vel byggðar jarðir þar, sem fasteignamatsverð húsa hefir numið ⅔ af matsverði landsins. En hitt hefi ég margoft bent hér á, að fasteignamatsverð húsa er stundum ⅔ neðan við raunverulegt kostnaðarverð þeirra, og jafnvel neðar. Ég get því ekki enn fallizt á þessa breyt. Hér liggur fyrir mér skýrsla um nær 500 jarðir, sem eru í sjálfsábúð. Og húsaverð þeirra er svo lítið, að ótrúlegt virðist, ekki nema 640 kr. að fasteignamati. Ég get hugsað mér, hvernig þeim bændum mundi reiða af, sem á þessum jörðum búa, ef þeir flosnuðu upp nú í kreppunni og ættu síðan að fara að byggja mikil hús á jörðum sínum um leið og þeim er ekki orðið lengur mögulegt að búa á þeim sjálfir. Hygg ég, að með tilliti til hinna erfiðu tíma, sem nú eru, verði ekki hægt að hafa húsaskylduna öllu ríkari heldur en hún er í frv. eins og það liggur nú fyrir.

Hvað snertir orðalag það, sem hv. frsm. minni hl. hneykslaðist á við 2. umr. og minntist enn á nú, þar sem talað er um „nothæf" jarðarhús, þá tók ég fram þá, að með orðinu „nothæf" er átt við, að húsunum sé þannig fyrir komið, að þau komi að notum við ábúð jarðarinnar. Hitt, sem sagt er í fyrri málsgr. 11. gr., gildir vitanlega um jarðarhús yfirleitt, og þarf því ekki að endurtaka það strax í næstu málsgr. Ég get því hvorki fallizt á a- né b-lið 1. brtt. hv. minni hl.

Brtt. við 1. málsgr. 12. gr. hygg ég, að hv. tillögumenn leggi ekki mjög mikla áherzlu á, sízt ef brtt. við 7. málsgr. 12 gr.,

að í stað 6 ára komi 12 ár og í stað ⅙ komi 1/12, verður samþ. Hygg ég, að þá væri farinn sanngjarn meðalvegur í þessu efni, ef a-liður brtt. væri felldur, en b-liðurinn samþ. Vænti ég samkv. viðtali við hv. tillögumenn, að þeir geti fallizt á þá málamiðlun.

Um brtt. við 13. gr. get ég sagt það, að henni get ég eftir atvikum verið samþykkur, þó að ég telji, að hér sé nokkur nauðsyn á að setja varnagla að því er tekur til opinberra jarðeigna, ekki sízt gjafasjóðsjarða. Aftur á móti verð ég að mæla á móti brtt. við 14. gr., um að lækka þá prósentu af húsverðinu, sem leiguliði á að greiða sem leiguliðabót. Ég hygg, að þó benda megi á, að í einstökum sveitum endist bæjarhús svo lengi, að sú prósenta, sem stungið er upp á í brtt., gæti nokkurnveginn nægt, þá sé hún mikils til of lág, þegar litið er til landsins í heild. Að ég hefi lagt til, að þessi prósentutala væri hlaupandi, en ekki fastákveðin, miðast einmitt við það, að aðstaðan getur verið misjöfn í hinum ýmsu landshlutum. Einnig má líta á það, að frágangur nýrra húsa getur verið svo mismunandi, að full ástæða sé til, að leiguliðabótin af þeim sé mismunandi há.

Um 5. brtt., við 42. gr., hefir þegar verið allmikið rætt við 2. umr. þessa máls, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég tók fram þá. Hv. frsm. þessara brtt. gekk inn á það við 2. umr., að ef leiguliði héldi ekki jarðabótum landsdrottins við, heldur léti þær níðast niður, þá ætti hann að greiða **bætur** fyrir það. Og annað er ekki átt við með þeim orðum, sem hv. tillögumenn vilja fella niður. Hvort þarna er notað orðið „bætur“ eða gamla orðið „álag“, finnst mér ekki skipta miklu máli, því „álag“ þýðir ekki annað í þessu sambandi en það, að leiguliði á að greiða **bætur** fyrir, ef hann lætur jarðabæturnar níðast niður eða vanrækir viðhaldið. Þar sem landsdrottinn á ekki að fá nema sem svarar vöxtum af þeim kostnaði, sem hann leggur í jarðabæturnar, verður hann að gera kröfu til, að þau mannvirki níðist ekki niður, e. t. v. á fáum árum, án þess bætur komi fyrir. Um það efni virðist mér við hv. frsm. sammála, og finnst mér hann ætti því að geta sætt sig við orðalag þessa ákvæðis. (StgrS: Það verður aldrei skilið sem bætur). Yfirleitt veit ég ekki til, að komið hafi til greina álag á jarðabætur, nema þegar viðhald þeirra hefir verið vanrækt.

Um b-lið brtt. hv. minni hl. við sömu gr. er ekkert að segja. Það má náttúrlega gjarnan koma sú viðbót aftan við fyrri málsgr., sem hv. tillögumenn leggja til. Hinsvegar verð ég að líta svo á, að hún sé óþörf, því ég hygg, að ekki sé nauðsynlegt að setja úttektarmönnum neinar skorður í þessu efni. Þeim er yfirleitt sýnt svo mikið traust í þessu frv., að ég sé ekki ástæðu til að ætla þeim sérstaka ósanngirni í þessu tilfelli frekar en öðrum. En þyki þetta meira til samræmis við 40. gr., þá skiptir ekki miklu, þó það sé samþ.

Annars verður að benda á það, að ef farið er að gera mjög viðtækar breyt. við frv. á þessu stigi málsins, við seinustu umr. í seinni deildinni, má vera, að margt verði óathugað um samband þeirra ákvæða, sem bætt er inn, við frv. að öðru leyti. Getur þá ýmislegt í frv. rekizt á, þegar það er loksins orðið að lögum, og það því fremur, sem hv. n. hefir ekki í heild tekið frv. til athugunar og lýst sinni afstöðu til brtt. Nú er vonandi þegar liðið svo langt á þingtímann, að ég hygg, að ekki verði gott tóm til að athuga þær breyt., sem samþ. verða nú. Því verður að gjalda varhuga við að gera stórfelldar breyt. á frv. úr þessu; það gæti orðið til þess, að frv. næði ekki fram að ganga, eða þá að þeir smíðagallar yrðu á því sem heild, að hvert ákvæðið rækist á annað. þegar til framkvæmda kemur.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 766 má hið sama segja. Ég óttast nokkuð, að ef svo víðtækar breyt. væru samþ. á þessu stigi málsins, þá gæfist ekki tóm til að athuga þær í sambandi við ýms önnur ákvæði frv. Skal ég aðeins í því sambandi minnast á brtt. hv. flm. við 18. gr. Í 18. gr. er talað um, með hvaða kjörum leiguliði skuli eiga kost á að kaupa jörðina, ef jarðeigandinn sér sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem með l. eru á hann lagðar. Þau ákvæði vill hv. flm. brtt. fella niður, en eftir stendur í 44. gr. tilvísun einmitt til þeirra sömu ákvæða í 18. gr. Þetta hefir hv. tillögumaður ekki

athugað, og ég hygg, að þar sem svo skýrum manni og alvönum lagasmið hefir láðst að gæta þessa, þá geti þeim, sem minni vinnu hafa lagt í frv., ekki síður orðið það á að samþ. ýmislegt, sem komið gæti í bága við önnur ákvæði laganna.

Um 1. brtt. hv. 1. þm. S.-M. er það að segja, að ég fyrir mitt leyti gæti fallizt á, að kúgildatalan, sem tiltekin er í 2. gr., væri hækkuð, jafnvel upp í það, sem hv. þm. leggur til. Hann talaði í þessu sambandi um, að ákvæði 2. gr. eins og hún er nú væru nokkuð óljós. Ég hygg þó, að a. m. k. eitt ákvæði í þessari brtt. sé þá ekki síður óljóst. Þar stendur: „Fleytimagn þeirra jarða samtals fari þó eigi yfir 46 kúgildi í sveit eða 36 við sjó —". Þetta er ekki nógu nákvæmt orðalag, því þó jarðir standi við sjó, getur vel staðið svo á, að þær hafi ekkert sjávargagn fyrir því. En að hv. þm. gerir mun á kúgildatölunni eftir því, hvort jörðin stendur við sjó eða annarsstaðar, mun vera miðað einmitt við það, að þær jarðir, er við sjó liggja, hafi eitthvert sjávargagn. Annars væri þessi skilgreining út í hött. Ég hefi hugboð um, að einhver skrifl. brtt. sé á leiðinni við þessa 1. brtt., og ég vildi óska þess að fá að heyra hana áður en ég tala frekar um þetta atriði.

Þá er 2. brtt., við 3. gr. Um hana er svipað að segja, að í henni eru atriði, sem ég get verið samþykkur. Mun ég ekki gera að ágreiningsefni, þó hún væri samþ., þó ég hinsvegar sakni ýmissa ákvæða, sem eru í 3. gr. frv., en ekki brtt., og sem ég hygg, að reynslan hafi sýnt, að eru ekki óþörf.

3. brtt., við 7. gr., verð ég að telja óþarfa, og vænti ég þess, að þó hv. flm. felli sig ekki að öllu leyti við orðalag greinarinnar eins og hún er, þá geti hann þó sætt sig við það eftir nánari athugun. Hv. flm. talaði um, að það myndi sízt leiguliðunum til gróða, þó tekið væri fram, að úttektarmenn ættu að miða við fornan leigumála, þegar þeir meta eftirgjald jarða, ef jörðin er óbreytt. En samkv. 7. gr. frv. eins og hún er nú á að miða við ýmislegt fleira, afrakstur jarðarinnar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar, sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, og kvaðir, sem á henni kunna að hvíla. Gamli leigumálinn á aðeins að vera til hliðsjónar, og ég verð að álíta, að gömlu mennirnir hafi farið oft svo nærri því rétta í þessu efni, að ekki skaði, þó í sambandi við annað sé aðgætt, fyrir hvað jörðin var leigð áður. Allvíðast er mönnum kunnugt um, hver var hinn gamli leigumáli hverrar jarðar, og var hann að þeirra tíma hætti miðaður við álnatölu eða afgjöld í fríðu.

Brtt. við 9. gr. 1. málsgr. get ég því miður ekki fallizt á. Ég hygg, að rétturinn til æfiábúðar væri allmjög skertur, ef 1. málsgr. 9. gr. er samþ. með því orðalagi, sem þar er farið fram á. Sérstaklega finnst mér fyrsta setningin: „Jörð skal að jafnaði byggja æfilangt ..." opna svo víðar dyr fyrir landsdrottna til þess að víkja sér undan þeirri skyldu, sem frv. annars leggur þeim á herðar í þessu efni, að frv. sé mjög spillt, ef hún er samþ.

Þá vill hv. þm. gera þá almennu breyt. á frv., að í stað trúnaðarmanna Búnaðarfél. Íslands og úttektarmanna komi sveitarstjórn í allmörgum stöðum í frv. Oft er það nú svo, að úttektarmenn eiga sjálfir sæti í sveitarstjórn, eða eru a. m. k. alvanir sveitarstjórnarmenn, og sé ég ekki á því mikinn mismun, nema að því leyti, hve miklu er að jafnaði erfiðara að fá dóm 5 manna en tveggja. En þetta, að ætlazt er til þess, að trúnaðarmaður Búnaðarfél. Ísl. sé tilkvaddur í vissum tilfellum, er með það fyrir augum, að hann á að hafa sérstaka þekkingu á búnaði og ræktunarmálum, og er þess vegna líklegt, að hann geti oft bent á heppilegri leiðir heldur en öðrum koma í hug þegar t. d. er um að ræða skiptingu jarða eða annað þesshättar.

Viðvíkjandi c-lið í 4. brtt. skal ég taka það fram, að orðið „vergögn" er hér á Suðvesturlandi haft í annari merkinu en hv. flm. segir, að það sé notað á Austurlandi, en ég held þá líka, að orðið „vervist" sé heldur ekki notað í sömu merkingu í öllum landshlutum, og er þá lítið úr bætt, ef tvírætt orð kemur fyrir annað tvírætt orð. Það, sem í þessu sambandi er átt við í 9. gr., er það, sem á venjulegu máli er kallað fiskreitir, og ef ástæða er til þess að breyta orðinu „vergögn", sem er algengt hér á Suðvesturlandi, þá hefði

ég helzt kosið, að það orðið væri tekið, sem algengast er í sjóþorpunum um allt land, þó hitt orðið sé þar líka notað, ef upplýst er, að hið gamla orð „vergögn" hefir ekki sömu merkingu alstaðar.

Um 5. brtt., um það, að 10. gr. falli niður, vil ég segja það, að ef ekki er full þörf á ákvæðum þeirrar greinar, þá er ekki fremur þörf á brtt. um að fella hana niður. Það má vera, að þau brot, sem þar er talað um, að hendi landsdrottin, geti heyrt undir almenn ákvæði, en ég hygg þó, að ákvæði 10. gr. séu öllu betri, ef landsdrottinn hegðar sér svo sem þar er talað um.

Við 12. gr. hafa þeir báðir flutt brtt., annarsvegar hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Árn. og hinsvegar hv. 1. þm. S.-M. Viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. S.-M. er það að segja, að hún er aðeins orðabreyt. Ég vil fyrir mitt leyti ekki mæla gegn því, að hún verði samþ. — Um brtt. við sömu gr. á þskj. 748 skal ég út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. talaði fyrir brtt. við 1. málsgr., geta þess, að ákvæði þau, sem hann vill nema burt úr 1. málsgr., eru miðuð sérstaklega við það, þegar svo stendur á, að ekki er bílfært alla leið heim í hlað á ábýlisjörð leiguliða. Þá er ætlazt til þess, að landsdrottinn flytji efnið það, sem bílfært er, en þá taki leiguliði við og flytji það síðasta spölinn. Er þá miðað við það, að leiguliði eigi hægra með að inna af hendi þann flutning heldur en landsdrottinn, þar sem leiguliði getur notað til þess eigin hesta og áhöld úr búi sínu. Þess vegna er honum ætlað að flytja efnið þennan síðasta spöl. Ef ekki er bílfært hinn síðasta spöl, mundi það verða miklu ódýrara fyrir leiguliða, sem til þess getur notað sína eigin hesta og áhöld, að sjá um þennan flutning heldur en fyrir landsdrottin, sem yrði að greiða flutninginn eftir reikningi. Hið opinbera hefir nokkra reynslu í þessu efni. Það hefir komið í ljós, að þessir reikningar hafa stundum orðið óeðlilega háir, og hefir jafnvel komið fyrir, að hestburðunum hefir allmikið fjölgað hinn síðasta spöl, frá því leiguliði tók við flutningnum, miðað við það, sem talið var á reikningum bifreiðanna, er fluttu efnið heim undir bæinn. Annars hygg ég, að hv. flm. fari ekki að leggja áherzlu á þetta atriði, ef þeir fá samþ. brtt. við 7. málsgr. sömu gr., þannig að í staðinn fyrir 6 ár komi 12 ár.

Þá vil ég víkja að 7. brtt. hv. 1. þm. S.-M., við 17. gr. Þetta er aðeins orðabreyt., og má vera, að það fari betur, sem till.-maður vill. Annars liggur það í hlutarins eðli, að þetta skiptir engu máli. Það stendur í þessari grein, að séu hús vátryggð á leigujörðum, skal eigandi bera kostnaðinn. En skylt er leiguliða að annast vátryggingu fyrir hönd landsdrottins, ef hann krefst þess. Ég hygg, að það þurfi ekki að valda neinum ruglingi, þó gr. sé óbreytt. Það leiðir af sjálfu sér, að jarðareigandi greiðir vátryggingargjald af sínum húsum, en leiguliði af sínum, ef hann á nokkur hús á jörðinni.

Brtt. hv. 1. þm. S.-M. við 18. gr. get ég verið samþykkur að nokkru leyti, en ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hann beri hana upp til atkv. í tvennu lagi, þegar þar að kemur. Ég get fallizt á, að upphaf gr. sé samhlj. brtt., sem ég vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú treystist landsdrottinn ekki að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta, ef ekki semur um verð. Hafni leiguliði kaupum, skal jörð boðin sveitarfélagi með sama hætti, en hafni sveitarfélag einnig kaupum, getur landsdrottinn selt jörð hverjum, sem kaupa vill.

Kauptilboðum til leiguliða og sveitarstjórnar skal svarað á 5 vikna fresti, ella má svo álíta, að tilboði sé hafnað".

Ég get verið þessu samþykkur, en ekki því, að niður falli ákvæðin í gr. um, að leiguliði fái gjaldfrest á ¾ þess hluta kaupverðs, er kann að vera fram yfir veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár, gegn almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Ísl. og veði í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum með uppfærsluréttti, og eigi seljandi heimtingu á, að hús séu vátryggð og að kaupandi taki að sér veðskuldir o. s. frv. Þessi ákvæði vil ég ekki fella niður, en ef hæstv. forseti ber brtt. upp í tvennu lagi, mun ég mæla með upphafi brtt.

Brtt. hv. þm. við 24. gr. er ekki mikilsverð. Ég býst ekki við, ef gert er ráð fyrir, að leiga eftir kúgildi lækki, eins og ég

tel sanngjarnt og mæli með, að þá finni landsdrottnar hjá sér sérstaka hvöt til að hlaða kúgildum á leigujarðir fremur en leiguliðar óska. Það hefir yfirleitt ekki verið lagt kapp á það á síðustu árum að auka kúgildi á leigujörðum fram yfir það, sem áður hefir tíðkazt. Hvort í greininni stendur, að skila eigi kúgildum í leigufæru ástandi við brottför eða fullgildum við brottför, eins og í frv. stendur, finnst mér ekki skipta miklu máli.

Við 37. gr. frv. hefir hv. flm. gert þá brtt., að í stað „álna" í 1. málsgr. komi orðið „fóta", sem þýðir, að landsdrottinn á að fá allan 4 fóta við og lengri af reka á jörð sinni, en leiguliði allan minni við, í stað þess að í frv. er miðað við 4 álna við. Um þessa brtt. verð ég að segja það, að ég get fyrir mitt leyti ekki fallizt á hana, því eins og nú er komið, þá er þetta smámor, álnarkefli og þvíumlíkt, svo lítils virði, að það borgar varla hirðingu og björgunarkostnað með því verkakaupi, sem nú er goldið. Ég veit, að það er svo á mörgum jörðum, t. d. á ýmsum gömlum prestssetrum, að prestarnir áskilja sér ekki annan við en þann, sem er 6 álna og lengri, vegna þess kostnaðar, sem er við að hirða viðinn. Hinsvegar tel ég rétt, eins og í frv. er, að landsdrottinn eigi kröfu á að fá minni við, ef hann notar hann til umbóta, leiguliða í hag, svo sem til húsabóta, girðinga eða annars þvílíks.

Um brtt. sama flm. við 38. gr. verð ég að segja það sama, að ég get ekki verið henni samþykkur. Það er nú orðið svo fátítt, að hval reki, að ég sé engum ofsjónum yfir því, þó leiguliði fái ⅓ af hvalnum, ef það happ hendir eiganda og ábúanda leigujarðar, með því líka, að leiguliði mun oftast verða fyrir meira erfiði við björgun þessa reka heldur en landsdrottinn.

Þá er brtt. sama flm. við 40. gr. hvað samþykki trúnaðarmanns Búnaðarfélags Ísl. snertir til smærri jarðabóta á leigujörð án samþykkis landsdrottins, og þar sem hann vill setja sveitarstjórn í staðinn fyrir trúnaðarmanninn. Ég hygg, að þó sveitarstjórnir beri yfirleitt skyn á marga hluti, þá fari betur á því, að þarna sé trúnaðarmaðurinn látinn hafa úrskurðarvaldið, af því hann er sérfróður um þetta efni og mun í flestum tilfellum bera bezt skyn á það, hvaða jarðabætur hækki jörðina mest í verði.

Með 2. brtt. flm. við 40. gr. er lagt til, að í stað þess að leiguliði á samkv. frv. að fá jarðabætur greiddar eftir því, sem úttektarmenn meta, að hækka megi þeirra vegna landskuld á jörðinni, þannig að leiguliði fái tólffalda landskuldarupphæðina, komi, að leiguliðar fái greiðslu þessa miðað við landskuld eftir því, sem hún hefir þá hækkað á jörðinni. Ég hygg, að þetta sé ekki fullnægjandi orðalag í brtt., því það er gengið framhjá því, að landsdrottinn tekur jörð af leiguliða einna helzt í því tilfelli að byggja hana barni sínu eða nánum ættingja, og þó að landsdrottinn hækki ekki landskuldina við barn sitt eða náið skyldmenni sem svarar afgjaldi af þeim jarðabótum, sem gerðar hafa verið af leiguliða, þá held ég, að það geti ekki talizt fastur eða réttlátur grundvöllur undir úrskurði um verðmæti jarðabótanna, því að þar kemur annað til greina.

Um síðustu brtt. á sama þskj., við 51. gr,. ætla ég, að megi segja, að nokkuð standi á sama, hvort orðalagið er notað. Ég held, að það sé nokkurn veginn eitt og hið sama, hvort viðtakandi hefir sannað, að hann hafi krafizt álags eða geti krafizt álags. Það kemur í sama stað í framkvæmdinni, þó e. t. v. sé lítilsháttar munur á orðalagi.

Ég vil enn endurtaka það, að menn gjaldi varhuga við að gera aðrar breyt. á frv. en óhjákvæmilegar eru, því það er hætt við því, ef fjöldi brtt. yrði samþ., þar sem svo er langt komið meðferð málsins sem nú er, að málið annaðhvort strandi að þessu sinni eða að sá hroðvirknisbragur verði á afgreiðslu málsins, að taka verði það upp aftur mjög bráðlega.

Brtt., sem nú liggja fyrir, eru 21 alls, og sumar þeirra í fleiri liðum, og ef þær yrðu allar eða flestar samþ., þá er hætt við, að á frv. yrðu þeir smíðagallar, að óverjandi verði að gera það að lögum.

Umr. frestað.

Á 84. fundi í Nd., 27. maí var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 725, 748, 766, 839).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 839. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

**Sveinn Ólafsson:** Við fyrri hl. þessarar umr. var brtt. mínum á þskj. 766 andmælt af frsm. landbn. og hæstv. atvmrh. Ég get nú ekki verið að gangast gegn andmælum þeirra í einstökum atriðum, vegna þess að mér er óljúft að tefja tímann með því, enda andmælin flest léttvæg. Ég veit líka, að svo er ástatt um marga hv. þdm., að þeir eins og ég vilja nú orðið vinna flest til að losna héðan svo fljótt sem nokkur kostur er á. — Ég get sagt það yfirleitt um frv., að eins og það nú horfir við í heild og allt er í pottinn búið, þá væri langheppilegast, að það biði betri tíma og fengi rækilega athugun á næsta eða síðari þingum. Engin aðkallandi þörf er fyrir afgreiðslu þess nú. Það er óneitanlegt, að með þessu frv. er verið að leggja hyrningarsteininn að breyttri þjóðfélagsskipun, þ. e. a. s. kommúnistiskri þjóðfélagsskipun. En svo óhönduglega hefir þó tekizt til fyrir höfundum þessa frv., að hljóti það samþykki, þá verður ríkið að losa sig við jarðeignir sínar. Að þessu leyti er það antikommúnistiskt og brýtur meginregluna, því að kommúnistar vilja leggja allar eignir undir ríkið. Ef því rússneska stefnan ryður sér hér til rúms, eins og frv. stefnir að, þá verður að gerbreyta þessari lagasetningu bráðlega, til þess að ríkið nái jörðunum aftur. Ef þetta verður að l., og þeir menn, sem eiga jarðir, verða á þann hátt, sem frv. ráðgerir, sviptir umráðarétti þeirra, þá mun fljótlega verða gengið lengra og röðin koma að öðrum eignum. Allar jarðir verða teknar, húseignir og öll stærri atvinnutæki, allt lagt undir umráð ríkisins, ella verður ekkert samræmi í löggjöfinni. Ég mun nú ekki fara langt inn á þetta efni að öðru leyti. Ég sé, að nokkur hluti landbn. hefir borið fram brtt. á þskj. 839, og snerta þær aðeins að litlu leyti brtt. mínar. Sú fyrsta, sem er við 2. gr. frv., kemur að vísu nokkuð á móti þeim í einu fremur óverulegu atriði. En samningatilraun þessi er svo afslepp og lítilsverð, að ég tel ekki að henni neina réttarbót. Öll tilslökunin er það, að n. vill sætta sig við, að hámark fleytimagns jarða í eins manns ábúð verði 46 í stað 36 kúgildi. Að öðru leyti gengur n. framhjá öllum annmörkum 2. gr., sem ég minntist á við fyrri umr. og legg hér til að lagaðir verði. En þeir annmarkar, sem eru á 2. og 3. gr., eru svo stórvægilegir, að hneyksli valda. Sú takmörkun, sem þar er gerð á umráðarétti landeigenda yfir jarðeign, er svo hastarleg, að nálgast eignarrán. — Þess hefir nú verið leitað, að ég tæki aftur till. mínar til samkomulags við n. En ég verð að segja, að þar sem hún býður ekki neitt á móti, sem lítandi er við, þá tel ég það frágangssök að verða við slíkri ósk. Ég get ekki heldur talið eftir hv. þdm. að fella brtt. mínar, ef þeir svo vilja. Það er ekki til of mikils mælzt, að þeir greiði um þær atkv. Engin brú verður byggð milli mín og n. til samkomulags með brtt. hennar á þskj. 839. Tilslakanir hennar þar eru aðeins til málamynda og að þeim engin bót. Um þær skal ég ekki ræða margt og vil ekki eyða tíma í það að óþörfu. En ég álít, að heillavænlegast væri, að svona róttækt mál fengi að bíða. Að vísu væri freistandi að taka upp til athugunar nokkurn hluta andsvara þeirra hv. frsm. og hæstv. atvmrh. En þó skal ég ekki gera mikið að því.

Hv. frsm. tók það fram og lagði áherzlu á, að hann teldi það óheppilegt, að einstakir menn ættu leigujarðir. Vildi hann, að ríkið hefði allar jarðir í sínum höndum, sem vitanlega er hreinn kommúnismi, en jafnframt taldi hann sjálfsagt að hafa erfðaleigu á jörðum. Ég felli mig vel við erfðaleigu á þjóðjörðum og hygg hana til bóta. En hv. frsm. virðist ekki hafa veitt því eftirtekt, að ef frv. þetta verður að lögum eins og það er nú, þá hlýtur að fara svo, að ríkið missi tangarhald á öllum sínum jarðeignum, þeim, sem það nú leigir. Til þess að ná því marki, að ríkið eignist jarðirnar, verður fljótlega að breyta þessum lögum, ef þau ná lögfestingu. Kjör þau, sem það ætlar jarðeigendum, leiða auðsæilega til þess, að ríkið verður jafnt sem einstakir menn að losa sig við jarðeignirnar, heldur en að sæta þeim ókjörum, sem frv. boðar og ætlar landeig-

endum. Ég held líka, að hv. frsm. gefi ekki gætur að því, að með samþykkt frv. hlýtur svo að fara, að jarðeignir falli í verði. En að því hygg ég, að þjóðfélaginu verði lítil stoð. Þegar svo hefir verið búið um með l., að ekki verður eftirsóknarvert að eiga jarðir eða arðsvon af slíkri eign, en eigendum búnar þungar búsifjar og áhætta af ráðstöfun óviðkomandi manna á þeim, þá er bert, að jarðirnar hljóta að falla í verði vegna aukins framboðs og minnkandi eftirspurnar. Eigendur verða að losa sig við jarðirnar heldur en að sæta þeim afarkostum, sem frv. býður upp á. Fer þá í öfuga átt við það, sem flestir myndu ætla um verðhækkun lands, og hygg ég, að margir verði sammála mér um það, að nær liggi að gefa hvöt til landnáms en draga úr henni, að gera það eftirsóknarvert að eignast jarðir og auka verðmæti þeirra, með því að framkalla með umbótum þau ónotuðu auðæfi, sem í skauti þeirra felast. Að því ber að keppa að gera jarðirnar eftirsóknarverðari í augum almennings en þær hafa nú um hríð verið.

Ég skal þá ekki fara lengra út í þetta mál að sinni. Ég tek með rósemi þeim afdrifum, sem brtt. mínum eru búin. Þær eru vænlegri til sæmilegra úrslita þessa máls en frv. Því verður ekki alstaðar með fögnuði tekið um landið, ef þær verða felldar, og þótt svo kunni að fara, þá veit ég, að efni þeirra kemur fram síðar og skilst þá betur en nú.

**Frsm. meiri hl. (Pétur Ottesen)** [óyfirl.]: Það var nú svo, er landbn. afgreiddi þetta mál til 2. umr., að ég var frsm. meiri hl. landbn. Vorum við þrír úr n. meðmæltir því, að frv. yrði samþ. óbreytt og eins og það kom frá Ed. Þessi aðstaða okkar meiri hl. n. byggðist á því, að okkur virtist sem hæstv. atvmrh. hefði með undirbúningi þessa máls fyrir þingið tekizt að finna samkomulagsgrundvöll fyrir þær skoðanir, sem verið höfðu um þetta mál og valdið höfðu miklum deilum á undanförnum þingum. Og þótt við hefðum viljað ganga lengra inn á þá braut, sem hæstv. atvmrh. hafði beint málinu inn á, þá fannst okkur þó vera forsvaranlegt að afgreiða það í því formi, sem það var afgr. í frá Ed. Og því fremur tókum við þessa afstöðu, þar sem brýn þörf er á því orðin að gera breyt. á ábúðarlögunum, sem eru gömul og úrelt orðin á margan hátt og komast þurfa því í samræmi við breytta búnaðarháttu.

Brtt. þær, sem minni hl. landbn. bar fram, gengu í þá átt að draga úr þeim ákvæðum, sem hæstv. atvmrh. hafði sett inn í frv. Voru þær því skerðing á þeim samkomulagsgrundvelli, sem fenginn var og við gátum sætt okkur við. Okkur var því ekki hægt að aðhyllast þær, enda féllu þær allar við 2. umr., að undantekinni einni smábreyt. Nú hafa þeir hv. 1. þm. Árn. og hv. 1. þm. Skagf. tekið upp í breyttri mynd þessar till., er felldar voru við 2. umr. Hefir hæstv. atvmrh. þegar gert grein fyrir andstöðu sinni gegn þeim. Get ég skírskotað til ummæla hans um þær og hefi engu þar við að bæta.

Þá hefir hv. 1. þm. S.-M. komið fram með margar brtt. við þessa umr. Hafa þessar till. allar verið teknar til athugunar á fundi landbn. í morgun. Af þeirri athugun hefir svo leitt, að 4 af 5 nm. hafa borið fram miðlunartill., sem að nokkru leyti ganga til móts við till. hv. 1. þm. S.-M. og að nokkru leyti til móts við till. þeirra hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Árn. Ég skal lýsa því yfir, að ég tók engan þátt í tilbúningi þessara brtt. og tala því ekki sem frsm. þeirra. Ég hefi nú heyrt, að þessar miðlunartill. geðjast ekki hv. 1. þm. S.-M., og virðast þær því lítinn árangur hafa borið. Hv. þm. vill ekki sætta sig við þær og telur þær nær enga umbót frá því, sem nú er í frv. Mér skilst líka, að ekki hafi með þeim náðst samkomulag við hv. 1. þm. Skagf., því hann mun vilja halda sínum brtt. sumum hverjum til streitu, þótt þessar miðlunartill. verði samþ., enda snerta þær ekki neitt eina eða tvær af hans brtt.

Mín afstaða til þessa máls er óbreytt frá því, sem hún var við 2. umr. Ég álít forsvaranlegt að samþ. frv. eins og það er nú, þótt ég viðurkenni fyllilega, að sumar brtt. hv. 1. þm. S.-M. séu til bóta. En að öðru leyti geta þær þó sumar hverjar valdið misskilningi, ef þær eru samþ. óbreyttar. En þar sem nú dregur nær þinglokum, þá gæti samþykkt stórfelldra brtt. orðið þess valdandi, að frv.

dagi uppi. Ég tel því einu líklegu leiðina til þess að frv. nái samþykki þá, að það verði afgr. nú án frekari breyt. en á því varð við 2. umr. En sú breyt. getur vart orðið til þess, að málið nái ekki afgreiðslu í Ed. Hinsvegar er mér kunnugt um, að ef gerðar eru efnisbreyt. jafnstórfelldar og felst í brtt. hv. 1. þm. S.-M. og hv. 1. þm. Skagf., að Ed. mun ekki fallast á þær, og gæti það því orðið til þess, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi, sem mun vera sjötta þingið, sem hefir þetta mál til meðferðar.

Brtt. hv. 1. þm. S.-M. eru svo viðtækar, að þær þyrftu meiri athugun en tími hefir verið til. Þyrfti að athuga gaumgæfilega, hvort þær komi ekki í bága við önnur ákvæði frv. og raski efni þess og samhengi.

Hv. 1. þm. Skagf. fór nokkrum almennum orðum um jarðnæðismálið í byrjun 3. umr. Ég mun ekki fara út í þá sálma að þessu sinni. Hv. þm. taldi, að það væri mjög stór og verulegur þáttur í erfiðleikum sveita, hversu háttað væri um byggingar á leigujörðum, og hitt líka, að eignarréttur á jörðum væri svo óheftur sem hann er. Hann benti á strauminn til kaupstaðanna síðustu árin og vildi skrifa hann á reikning þessa fyrirkomulags. Ég held, að ýmislegt fleira komi til greina í þessu sambandi. Langsamlega stærsti þátturinn í aðstreyminu til bæjanna er sá, að sjávarútvegurinn tók hraðari framförum en landbúnaðurinn, varð fljótari til að tileinka sér hentugustu tæki og aðferðir á þeim tíma, meðan allur landbúnaður í landinu var rekinn með aldagömlu sniði, sem orðið var úrelt, miðað við nágrannalöndin, sem við verðum annaðhvort að selja afurðir okkar eða keppa við. Þegar síðan er hafizt handa um að breyta sveitunum og færa búskapinn í nútíðarform með aukinni ræktun og vélum í stað mannsaflsins og búið er að verja stórfé til þess, dynja þau ósköp yfir, að afurðaverðið fellur um 50—60% á þrem árum. Þetta hefir gert sveitunum erfitt og ókleift að bera uppi kostnaðinn við húsa- og jarðabætur. Framkvæmdirnar hafa því ekki orðið eins og nú er komið til að gera afkomumöguleikana glæsilegri, heldur þvert á móti, svo að straumurinn til kaupstaðanna heldur áfram. Þetta hefir valdið strauminum miklu fremur en það, hve ástatt er um eignarhald á jörðum og sambúð leiguliða og landsdrottins. Ég er þess fullviss, að ef sjálfsábúð í sveitum hefði ekki aukizt með kaupum á þjóð- og kirkjujörðum og fjölmörgum jörðum úr einstakra manna eigu, hefði þessi straumur orðið enn hraðari. Því einmitt það, að hafa bundið í jörð eigindóm sinn og tengt við hana framtíðarvonir, hefir framar öllu hindrað, að menn leituðu til kaupstaðanna. Því er alveg víst, að það er ekkert viðreisnarspor fyrir sveitirnar að stöðva þjóðjarðasölu, eða að ríkið fari að kaupa jarðirnar, heldur þvert á móti. — Hitt úrræðið, sem hv. þm. benti á, óðalsrétturinn, er að vísu gamlar leifar af stéttarhagsmunum, en vel má þó vera, að þær leifar hafi í sér almennt gildi, svo að rétt væri að taka þetta atriði til athugunar. Það felur a. m. k. í sér þá tryggingu, að sá, sem hefir atvinnureksturinn með höndum, eigi sjálf tækin. Og það verður ávallt bezta tryggingin til að knýja fram allan þann dugnað, sem býr í hverjum manni. Og auk þess sem þetta er nauðsynlegur grundvöllur atvinnulífsins, er þetta sterkasta aflið til að standa í gegn þeim byltingum, er nú ganga yfir og fá beztan jarðveg hjá þeim, sem selja öðrum vinnu sína og hafa ekkert fast við að styðjast.

Ég get svo lokið máli mínu og vil ítreka það, að öruggasta leiðin til að fá málið afgr. er að samþ. það breytingalaust.

**Frsm. minni hl. (Steingrímur Steinþórssson):** Ég get tekið undir það með hv. þm. Borgf., að varla sé gerlegt að koma með breyt., sem grípa inn í form frv., þar sem ekki er tími til athugunar. En hitt tel ég eðlilegt, að menn beri fram brtt., sem ekki raska höfuðformi þess.

Landbn. hafði fund í morgun og athugaði brtt., og 4 nm. hafa komið sér saman um brtt. á þskj. 839. Um þær hefir verið rætt nokkuð áður. Við sáum ekki fært að ganga inn á nema lítið af brtt. hv. 1. þm. S.-M., bæði af því að ekki vannst tími til að athuga þær, og af því, að sumir nm. voru þeim andvígir. Þó höfum við gengið inn á þá breyt. á 2. gr., að fleytimagn jarða megi vera 46 kúgildi, í stað 36 áður, og ennfremur þá brtt., að í stað

þess að leita til Búnaðarfél. Ísl. um sameiningu jarða skuli menn snúa sér til sveitarstjórnar.

**Sveinn Ólafsson:** Ég hefi aðeins fáar mínútur til umráða, og verð því að takmarka mál mitt.

Ég vil þó taka það fram út af orðum hv. þm. Borgf., að brtt. á þskj. 839 geta að litlu leyti orðið mér til geðs, enda eru þær aðeins fálm. Ég vil taka til dæmis þá brtt. við 2. gr., að í stað „Búnaðarfél. Íslands" komi „sveitarstjórn". Þessi sama breyt. á við á 4—5 öðrum stöðum í frv., en er tekin eftir mér aðeins á þessum eina stað. Ég legg til, að hún verði hvarvetna í frv. tekin upp, nema í 13. gr. Við að breyta eins og n. gerir verður frv. aðeins álappalegra.

Að því er snertir brtt. hv. meiri hl. landbn. út af orðinu „vergögn", að í staðinn komi uppsátur og fiskireiti, þá er þar aðeins færð til réttara máls ambaga, sem valdið gat misskilningi, en miklu þýðlegra orð er þó **vervist**, sem ég legg til að notað verði, og mundi ekki um það orð verða hnotið. En yfirleitt eru allar brtt. n. að öðru leyti svo smávægilegar, að ég vil ekkert fyrir þær gefa, enda spilla þær sumar og ganga ekkert á móti mínum till. í þessu máli.

Að nafninu tekur meiri hl. n. til greina að nokkrum hluta brtt. mína við 18. gr. frv., en þó ekki það, sem verulegu máli skiptir í brtt. minni. Með ákvæðum 2., 3., 9., 11., 12. og 13. gr. frv. er búið að herða svo að kjörum jarðeigenda, að þeir hljóta oft að neyðast til að sleppa leigujörðum sínum og bjóða ábúendum þær samkv. 18. gr. til kaups, og ætlast meiri hl. n. til, ef þeim semur ekki um kaupverðið, að þá skeri úttektarmenn úr. Má nærri geta um öryggi þess úrskurðar eða mats, ef úttektarmenn eru nágrannar kaupanda og því oftlega ekki óvilhallir. Ég legg til í minni brtt., að þegar þessi neyðarkjör knýja jarðeigendur til að selja jarðir sínar, þá séu dómkvaddir menn látnir meta þær, eins og venja hefir verið við sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Sala þeirra hefir ætíð farið fram samkv. mati dómkvaddra manna, þó að mati þeirra hafi stundum verið breytt til hækkunar verði af seljanda (ráðherra). Mér finnst með frv. alveg farið aftan að siðunum, þar sem jarðirnar á að taka af eigendum með hálfgildingsofbeldi og án þess að tryggilegt mat sé látið fara fram á þeim. Má líka segja, að bætt sé gráu ofan á svart með því að jarðeigandi er skyldaður til að veita langan gjaldfrest á ¾ hlutum kaupverðs, sem fer fram úr áhvílandi veðskuldum. Hvorttveggja virðist eiga að útiloka með 18. gr.: álit dómkvaddra matsmanna og samninga milli kaupanda og seljanda um kaupverð og greiðsluskilmála; úttektarmenn ráða þar öllu. — Í þessum brtt. meiri hl. n. er sízt lengra gengið til samkomulags en við 2., 3. og 9. gr. Skiptir það litlu máli, hvort þessar till. n. verða samþ. eða ekki; þær koma engum að gagni, en auðvitað fylgi ég þeim fáu atriðum, sem eru samstæð mínum brtt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um brtt. á þskj. 748, frá hv. 1. þm. Árn. og hv. 1. þm. Skagf.; ég hafði ekki tíma til þess við fyrri hl. umr., og nú er mér ætluð aðeins stutt aths. Ég vil þó minnast á 4. brtt. þeirra, við 14. gr., sem lýtur að því að færa niður leiguliðabótina til mikilla muna. Af því að hún er kvöð á leiguliðum þá vilja flm. gera hana svo óverulega, að hún verður nær að engu gagni fyrir landsdrottin.

Hv. flm. brtt. ætlast til þess, að af steinhúsum verði gjaldið fært úr ⅓—⅔% niður í ¼—½%; en eftir því mundi þurfa 200—400 ár til þess að safna fé, sem jafngilti húsverðinu. Að því er snertir ákvæðin um leiguliðabótina af húsum úr öðru efni, gera hv. till.menn ráð fyrir niðurfærslu á henni, þannig að í stað ¾—1½% komi ½—1%, og ættu húsin þá að endurnýjast á 100—200 árum. Líklega verður að leita nokkuð víða um land eftir svo gömlum húsum úr torfi eða timbri, og munu þau vart finnast. Ég veit satt að segja ekki, hvað slík ákvæði og þetta eiga að þýða. Þetta gerir leiguliðabótina gagnslausa um marga mannsaldra, en þetta minnir mig á sögu um níræða konu, sem keypti hrafnsunga og sagðist ætla að vita, hvort það væri satt, að hrafninn gæti lifað í 100 ár. Ég fyrir mitt leyti get ekki skilið, hvaða vit er í þessari brtt., ef það annars vakir fyrir hv. flm. till., að leiguliðabótin eigi að koma að liði fyrir núlifandi kynslóð.

Auðvitað er miklu fleira við þessar brtt. n. að athuga en það, sem ég hefi tíma til að benda á. Ég hygg, eins og áður er sagt, að afgreiðslu þessa máls væri bezt komið með því að fresta henni til næsta þings. Þetta er svo örlagaríkt og stórt mál, að það á alls ekki við að afgr. það í flýti eða flaustri og eiga það svo á hættu, að lögin verði stórgölluð, eins og frv. auðsæilega er.

**Frsm. minni hl. (Steingrímur Steinþórsson):** Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði nú síðast. Og vil ég þá fyrst víkja að aths. hans út af brtt. okkar við 18. gr. frv., þar sem hann hélt því fram, að við vildum ekki láta dómkvadda menn meta jörð, ef landsdrottinn býður leiguliða hana til kaups. En það er heimilt samkv. lögunum. (SvÓ: Þjóðjarðasölulögunum?). Nei, það eru ákvæði í 54. gr. þessara laga, sem heimila það, og samkv. þeim getur hvor aðilja, sem hlut á að máli og ekki vill hlíta úttekt eða mati úttektarmanna samkv. lögum þessum innan tveggja vikna, krafizt yfirúttektar eða yfirmats. Og þá dómkveður sýslumaður menn til yfirmats. Þess vegna sáum við ekki ástæðu til að gera slíka breyt. við 18. gr. frv. Það er alltaf opin leið fyrir landsdrottin að skjóta úrskurðum og mati úttektarmanna til þessa dóms, ef honum þykir það ekki hæfilegt.

Út af því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði um leiguliðabótina, hygg ég, að honum sé farin að fatast reikningslistin; hann komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi taka 200—400 ár að endurgreiða byggingarkostnað steinhúsanna með þeirri leiguliðabót, sem við hv. 1. þm. Árn. leggjum til í brtt. okkar, að hún verði allt að ½%, en sannleikurinn er sá, að það tekur ekki nema tæp 60 ár, ef leiguliðabótin ávaxtast með 4½%, og að því er snertir hús úr öðru efni, torfi og timbri, þá endurgreiðist kostnaðarverð þeirra á 38 árum, ef reiknað er með 1% leiguliðauppbót og 4½% vöxtum, því vitanlega reiknum við með því, að hún ávaxtist á þessu árabili. — Mér finnst, að hv. 1. þm. S.-M. hafi fatazt svo herfilega í þessum útreikningum sínum, þar sem hann telur, að það taki 200—400 ár að endurgreiða kostnaðarverð húsanna með leiguliðauppbót, að ég verð að segja, að ef honum hefir fatazt svo hrapallega um hin önnur atriði frv., sem hann er óánægður með, eins og leiguliðauppbótina, þá undrar mig ekki, þó hann hafi látið ófriðlega í andstöðu sinni gegn frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 766,1 felld með 12:8 atkv.
— 839,1.a samþ. með 18:1 atkv.
— 839,1.b samþ. með 16:1 atkv.
— 766,2 felld með 14:8 atkv.
— 766,3 felld með 14:6 atkv.
— 766,4.a felld með 14:8 atkv.
— 766,4.b felld með 13:8 atkv.
— 766,4.c felld með 14:11 atkv.
— 839,2 samþ. með 14:1 atkv.
— 766,5 felld með 14:5 atkv.
— 748,1.a—b felld með 13:11 atkv.
— 748,2.a felld með 13:11 atkv.
— 748,2.b tekin aftur.
— 766,6 samþ. með 13:5 atkv.
— 839,3.a—b samþ. með 17:5 atkv.
— 839,4 samþ. með 18:5 atkv.
— 748,3 tekin aftur.
— 748,4.a—b felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasÞ, StgrS, SvbH, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, BKr, HG, HV, JörB.

nei: LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, SvÓ, ÁÁ, GÍ, HStef, HJ, IngB, JJós, JAJ, JÓl.

Einn þm. (TrÞ) fjarstaddur.

Brtt. 766,7 samþ. án atkvgr.
— 766,8 felld með 14:7 atkv.
— 839,5 samþ. án atkvgr.
— 839,6 samþ. án atkvgr.
— 766,9 sjálffallin.
— 766,10 felld með 13:8 atkv.
— 766,11.a samþ. með 14:10 atkv.
— 766,11.b kom ekki til atkv.
— 839,7 samþ. án atkvgr.
— 766,12 felld með 14:9 atkv.
— 766,13 felld með 15:10 atkv.
— 766,14.a felld með 15:7 atkv.
— 766,14.b felld með 16:5 atkv.
— 766,15 felld með 15:4 atkv.
— 748,5.a felld með 13:10 atkv.

Brtt. 748,5.b samþ. með 14:8 atkv.
— 766,16 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv. og endursent Ed.

---

Á 85. fundi í Ed., 31. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 870).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. aftur tekið til einnar umr.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Landbn. hefir nú athugað þær breyt., sem orðið hafa á málinu í Nd., og þær eru svo lítilfjörlegar, að hún sér ekki ástæðu til að hrekja málið þeirra vegna milli deilda, og mælir þess vegna með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 920).

---

## 77. Ráðstafanir vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

Á 84. fundi í Nd., 27. maí, var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina** (þmfrv., A. 807).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt var liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Frv. þetta er flutt af allshn. Nd. eftir ósk hæstv. forsrh. Tilefnið er, eins og kunnugt er, ákvæði brezku samninganna, þar sem takmarkaður er nokkuð innflutningur á kjöti og fiski til Bretlands.
Í frv. er ákveðið, að ríkisstj. veitist heimild til, ef þörf krefur, að ákveða með reglugerð útflutningsmagn á kjöti og fiski og hvernig útflutningi skuli hagað. Sömuleiðis er það kunnugt, að eftir brezku samningunum erum við skyldaðir til að kaupa í Bretlandi ákveðinn hluta af þeim kolum, sem við kaupum til landsins. Vegna þessarar skyldu, þá er í 3. gr. frv. ríkisstj. heimilað að hafa eftirlit með innflutningi á kolum frá öðrum löndum heldur en Bretlandi, ef þörf krefur.

**Héðinn Valdimarsson:** Þetta frv. leiðir af sjálfu sér eins og skýrt er frá í grg. En ég vildi aðeins skýra frá því, að við 2. umr. mun ég flytja brtt. við 3. gr., þannig að aftan við bætist, að ríkisstj. setji reglugerð um það, hvernig innflutningi á kolum skuli hagað.
Það kemur af því, að við megum ekki flytja inn meira en 23% af kolamagninu, sem inn er flutt, frá öðrum löndum en Bretlandi, og við munum nú kaupa allmikið af kolum frá Póllandi, en ef innflytjendur kynnu að óska eftir meiri innflutningi þaðan en 23%, þá er nauðsynlegt, að stj. geti ákveðið skiptingu innflutningsins milli innflytjenda, og um það vantar ákvæði. Ég hefi talað um þetta við hæstv. forsrh. og hann sagðist mundu verða því fylgjandi, að þetta ákvæði væri sett.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 807, 823).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 823. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég talaði um þessa brtt. á þskj. 823 við 1. umr. máls-

ins, og þarf hún því ekki nánari skýringa. Forsrh. hefir fallizt á hana, og ætla ég ekki, að hún sæti mótmælum í deildinni.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég vil leyfa mér að lýsa því yfir, að ég tel þessa brtt. á þskj. 823 eingöngu leiðréttingu á frv.

ATKVGR.
Brtt. 823 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 84. fundi í Ed., 30. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 843).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Ed., 31. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 843, n. 868).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég leyfi mér f. h. n. að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég vil aðeins leyfa mér að skýra frá því, að komið hefir brtt. í þessu máli, sem ekki er útbýtt enn hér í hv. d., og óska ég því, að frestað verði að taka málið fyrir, þangað til síðar á fundinum, þegar þskj. hefir verið útbýtt.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 907, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. (Magnús Torfason):** Ég vil f. h. n. leyfa mér að mæla með þessari breyt. við frv., sem er á þskj. 907, þess efnis, að í reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett verði samkv. þessum lögum, megi ákveða sektir fyrir brot gegn þeim. Ég skal geta þess, að þetta ákvæði er til komið sérstaklega með tilliti til kolainnflutningsins. Þykir n. alveg sjálfsagt að hafa þannig löguð ákvæði í þessum lögum sem öðrum, og hygg ég, að hv. Nd. hafi aðeins gleymt að setja þetta ákvæði inn.

ATKVGR.
Brtt. 907 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 92. fundi í Nd., 2. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 914).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 926).

---

## 78. Menntaskólinn á Akurevri.

Á 80. fundi í Ed., 24. maí, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 1930, um menntaskóla á Akureyri** (þmfrv., A. 783).

Á 81. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Jón Jónsson:** Ég hefi ekki mikið um þetta mál að segja. Það er flutt eftir beiðni hæstv. kennslumálaráðh., og í því er farið fram á örlitla breyt. á l. um menntaskóla á Akureyri. Þegar þau lög voru sett, var sett sem skilyrði fyrir upptöku í lærdómsdeild nokkur kunnátta í þýzku. Nú hefir kennarafundur menntaskóla Akureyrar óskað eftir því, að þessu yrði breytt, og hefir ráðuneytið fallizt á það, að fenginni umsögn fræðslumálastjóra og rektors menntaskólans hér, sem báðir mæltu með þessari smábreyt. N. taldi rétt að flytja þetta frv., og vil ég mælast til þess, að því sé vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 783).

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 91. fundi í Nd., 1. júní, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 92. fundi í Nd., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 927).

---

## 79. Útflutningur á kjöti.

Á 62. fundi í Nd., 1. maí, var útbýtt:
**Frv. til l. um útflutning á kjöti (þmfrv., A. 497).**

Á 63. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 3. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Guðbrandur Ísberg):** Þetta frv. er flutt af landbn. eftir tilmælum atvmrh. Í samningnum við Noreg, sem nýlega er búið að samþ., er eins og kunnugt er takmarkaður útflutningur á íslenzku saltkjöti, og menn gera einnig ráð fyrir, að kjötútflutningur til Englands muni verða takmarkaður. Þetta hvort-

tveggja gerir nauðsynlegt að hafa eftirlit með kjötflutningi til þessara landa. Kjötútflytjendur eru hér allmargir og dreifðir og hafa engan félagsskap með sér, sem hægt væri að fela slíkt eftirlit. Það er því nauðsynlegt, að trygging sé fyrir því, að ekki sé flutt út meira saltkjöt til Noregs, a. m. k. ekki fyrir vangá og að óvilja eigenda, en það, sem tollívilnunar nýtur, og ekki meira til Englands en leyfður verður innflutningur á þar. Frv. er borið fram með það fyrir augum, að stj. fái heimild til að hafa eftirlit með kjötflutningnum. — Svo er rétt að benda á annað þýðingarmikið atriði í þessu sambandi, og það er skipting útflutningsins milli útflytjenda. Þeim er ætlað að fá útflutningsleyfi miðað við það kjötmagn, sem þeir hafa flutt út, þannig að þeir fá hlutfallslegan rétt til útflutnings, miðað við það, sem þeir hafa áður flutt út. Það er gert ráð fyrir, að útflutningsleyfin verði miðuð við útflutning áranna 1930—32. Að því er árið 1932 snertir, þá er það sérstakt að því leyti, að á því ári óx mjög útflutningur freðkjöts, og útflutningshlutföllin raskast af þeim sökum allverulega, miðað við undanfarandi ár. Er eigi unnt með lagasetningu að ákveða, hvernig úthlutun leyfanna skuli fara fram í einstökum atriðum, heldur verður að treysta stj. til að beita fullri sanngirni og réttsýni í því efni.

Það er gert ráð fyrir því í frv., að allir, sem hafa flutt kjöt út, komi til greina að því er snertir að fá leyfi til útflutnings. En að því er þá menn snertir, er kynnu að óska að flytja út kjöt, en hafa ekki gert það áður, þá geta þeir, sem hafa haft kjöt til sölu, en falið öðrum útflutninginn, fengið útflutningsleyfi, enda sé þá miðað við það kjötmagn, er þeir létu flytja út, en það kjötmagn dregst aftur frá útflutningsleyfi þess firma, sem áður hafði útflutninginn á hendi. En þeir, sem ekki hafa flutt kjöt út áður og nú kynnu að óska þess, geta ekki fengið leyfi til þess. Um þetta atriði var nokkur ágreiningur í n., en varð þó samkomulag um það á þeim grundvelli, að leggja til, að l. verði aðeins látin gilda til eins árs, til 1. júlí 1934, m. ö. o. að lögin verður að endurskoða á næsta þingi, ef frv. verður að l., og þá koma til athugunar þeir annmarkar, sem kynnu að koma fram á þessu fyrsta ári, sem líta má á sem tilraunaár. Það munu vera heldur litlar líkur til, að nýir menn bætist í hópinn, sem óska að fá leyfi til útflutnings, og leit n. því svo á, að óhætt mundi vera að gera engar undantekningar að því er þessa menn snertir, ef l. giltu aðeins eitt ár, en hinsvegar taldi hún óheppilegt að loka alveg fyrir slík leyfi að því er lengri árabil snertir.

Ég hirði svo ekki um að fjölyrða frekar um þetta frv., en vænti þess, að því verði vel tekið í hv. þd. og látið ganga áfram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 18 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 66. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 497).
Á 68. fundi í Ed., 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Ed., 31. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 497, n. 859, 892).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 892. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Mönnum er það kunnugt, að eins og útlit er nú, þá er ekki hægt að búast við því, að kjöt verði flutt út úr landinu ótakmarkað eins og verið hefir. Það er vitanlegt, að gagnvart Noregi hafa verið sett hámarksákvæði um innflutning þar, og það er líka vitað, að einhver takmörk verða sett á innflutning til Englands frá því, sem verið hefir. Af þessu leiðir að sjálfsögðu það, að eftirlit verður að hafa með kjötútflutningi og vitanlega gæta þess, að ekki sé flutt til þessara markaðslanda meira en leyfilegt er, og líka að gæta þess, að þessi útflutningur kjöts skiptist nokkuð hæfilega milli framleiðendanna. Þetta frv. er fyrirskipun um, að eftirlit skuli haft með þessum útflutningi og nánari reglur um það, hvernig þessu skuli hagað. Frv. var borið fram í Nd. af landbn. þar, eftir tilmælum atvmrh. Landbn. þessarar d. vill leggja það til, að frv. verði samþ., en hún lítur jafnframt svo á, að af þessari útflutningstregðu á kjöti muni að líkindum stafa það, að óvenjulega mikið af kjöti verði boðið í landinu sjálfu. (JBald: Það þyrfti að vera meira en nú er). Það verður það nú væntanlega líka. Nú lítur n. svo á, að ef óeðlilega mikið framboð verður í landinu sjálfu, þá mundi einnig heppilegt að hafa nokkurt eftirlit með þeirri sölu. N. flytur því brtt. við frv., sem er einskonar viðauki og fjallar um söluna innanlands. Þessi till. er á þskj. 859. Við nánari athugun, eftir að till. hafði verið sett í prent, urðum við þess þó áskynja, að heppilegra myndi vera að breyta henni dálítið. Flytjum við um það breyt. á þskj. 892. Ég vil einnig f. h. n. leggja til, að þessi brtt. verði samþ., og sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. — Ég veit, að dm., a. m. k. þeir, sem inni eru, geta vel áttað sig á þessu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 892 samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 859, svo breytt (ný gr., verður 8. gr.), samþ. með 7 shlj. atkv.
8.—9. gr. (verða 9.—10. gr.) samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 903, 904).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 904. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Hér liggur fyrir frá landbn. brtt. við frv., á þskj. 904. Um hana er það að segja, að í 9. gr. frv. eru sett viðurlög við brotum gegn fyrirmælum frv., en í frv. er einnig gert ráð fyrir, að reglugerðir verði settar, sem munu reynast þýðingarmiklar fyrir framkvæmd laganna, en þessi viðurlög ná ekki til brota gegn reglugerðunum, eins og frá því er gengið í 9. gr. Breyt. er aðeins fólgin í því, að undir gr. falli ekki eingöngu brot gegn þeim fyrirmælum, sem frv. eitt hefir að geyma, heldur líka þau, sem koma í bága við þær reglugerðir, sem síðar kunna að verða settar samkv. því, sem í frv. segir. N. þótti rétt að láta þetta koma fram í lögunum.

ATKVGR.
Brtt. 904 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 92. fundi í Nd., 2. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 915).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Sú eina breyt. hefir verið gerð á þessu frv. í hv. Ed., að skotið var inn ákvæði um það, að stj. hefði heimild til að grípa inn í um fyrirkomulag á sölu á kjöti innanlands, ef mjög mikið verður af kjöti á innlendum markaði. Engar aðrar breyt. hafa verið gerðar

á frv. Það hefir verið mikið rætt um að gefa stj. heimild til slíkra ráðstafana í einhverri mynd, og varð það ofan á, að landbn. Ed. tók upp till. um það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 930).

---

## 80. Innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

Á 62. fundi í Nd., 1. maí, var útbýtt:

**Frv. til l. um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og mjólkurdufti** (þmfrv., A. 499).

Á 63. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Flm. (Bjarni Ásgeirsson):** Við hv. þm. Borgf. höfum áður flutt á Alþingi samskonar frv. og þetta, en þá gat það ekki orðið að lögum. Hinsvegar má gera ráð fyrir, að það gangi greiðara nú, með því að ástæður eru töluvert breyttar í landinu frá því, sem þá var, þessu máli í vil. Fyrst og fremst hefir aðstaða til sölu ýmsra landbúnaðarafurða versnað um allan helming frá því, sem þá var. Það er afarerfitt að koma þeim í peninga, og kjötframleiðslan verður að sæta hinni hörðustu samkeppni á erlendum markaði. Það verður því sýnilega að umleggja landbúnaðinn, með það fyrir augum að framleiða landbúnaðarafurðir sérstaklega fyrir innlendan markað, af því að erlendi markaðurinn fyrir íslenzkar landbúnaðarvörur virðist smám saman vera að lokast. — Í öðru lagi hefir orðið allmikil breyt. á framleiðslu á niðursoðinni mjólk í landinu, þannig að niðursuðuverksmiðjan í Borgarnesi framleiðir nú þessa vöru á miklu öruggari og fullkomnari hátt en áður var gert. Ég minnist þess, að því var áður haldið fram af andmælendum þess frv., er við fluttum þá um þetta efni, í fyrsta lagi, að þessi verksmiðja framleiddi ekki nægilega fullkomna vöru til þess að forsvaranlegt væri að útiloka innflutning á erlendri mjólk, og í öðru lagi, að hún framleiddi ekki nægilega mikið til þess að fullnægja eftirspurninni innanlands. En nú, eftir að niðursuðuverksmiðjan var reist í Borgarnesi með nýtízku útbúnaði, er niðursuða mjólkurinnar miklu fullkomnari, og jafnframt hafa framleiðslumöguleikarnir aukizt mikið. Fyrirtækinu er stjórnað af erlendum manni, sem hefir fullkomna þekkingu og reynslu í þessum efnum. Og heita má, að engar umkvartanir hafi komið fram út af mjólkinni, síðan þessi verksmiðja var reist. Það er því sýnilegt, að hin innlenda niðursuða á mjólkinni er komin í það horf, sem allir neytendur mega vel við una. Auk þess hefi ég fengið ábyggilegar upplýsingar um, að það muni vera hægt að framleiða í niðursuðuverksmiðjunni í Borgarnesi nægilega mjólk til þess að fullnægja eftirspurninni eftir niðursoðinni mjólk hér innanlands.

Það má taka það fram, að skipin, sem eru nokkuð stór neytandi í þessari vörugrein, hafa leyfi til þess að bæta inn á sinn „proviant" nokkru af þessari vöru eins og öðrum, þegar þau koma í erlenda höfn og geta því að nokkru leyti notað hinn erlenda markað. Það er svo augljóst mál, að ég býst ekki við, að ég þurfi að fara mörgum orðum um það, að þegar leita verður að hverri einustu holu, ef svo má segja, innan lands og utan fyrir hina innlendu framleiðslu, þá er sjálfgefið, að það verður að tryggja landsins eigin börnum þann markað, sem til er í þessu landi. Hvað sem líður öllum skoðunum um frjáls viðskipti og frjálsa verzlun á venjulegum tímum, þá erum við Íslendingar til neyddir að fara þær sömu slóðir og nú eru farnar um allan heim, að reyna að tryggja hinn innlenda markað fyrir hina innlendu framleiðslu, og þá er sjálfsögð afleiðing af því, að þegar risinn er upp í landinu iðnaður svipaður þessum, sem byggist algerlega á því að koma hinni innlendu framleiðslu í nothæfa vöru og peninga, þá á fyrst og fremst að tryggja honum innlenda markaðinn. Þar sem nú er svo ástatt um kjötmarkaðinn, að það má

segja, að hann sé algerlega í hundunum, þröngur innanlands og takmarkaður utanlands, þá gefur það að skilja, að þeir bændur, sem hafa aðstöðu til þess, gefa sig meir og meir að framleiðslu mjólkur, svo framarlega sem hægt er að koma henni í verð. Þetta er einn liðurinn í því að breyta til um búskaparhætti, eftir því sem yfirstandandi tímar heimta. Það mætti segja, að hægt væri að tryggja þessari niðursoðnu mjólk hinn innlenda markað á annan hátt, t. d. með því að hækka tollinn á innfluttri mjólk; en ég tel mjög vafasamt, að það takist, vegna þess, að eins og kunnugt er, þá er sala og framleiðsla á niðursoðinni mjólk svo að segja um allan heim í höndum örfárra sterkra hringa, sem ráða algerlega yfir verðinu og er í lófa lagið, ef þeir vilja, að taka fyrir kverkarnar á fyrirtækjum eins og þessum, með því að undirselja þau í 1—2 ár, enda er full ástæða til að ætla, að því hafi verið beitt einmitt hér á landi gagnvart því fyrirtæki, sem hér um ræðir. Upp á síðkastið hafa verið svo ískyggilega lág tilboð um sölu á erlendri dósamjólk, að það eru engar líkur til, að það samsvari neinu heilbrigðu erlendu verði, heldur sé það hrein og bein tilraun til þess að kyrkja þessa stofnun, sem hér er að rísa upp. En þó að takast mætti á þennan hátt, með hækkun tolla, að stemma stigu fyrir innflutningi á erlendri mjólk, þá hefði það í för með sér, að verðið á hinni innlendu vöru yrði skrúfað upp. Hinsvegar með því að innleiða aðflutningsbann á þessari mjólk og með því að setja hámarksverð á hina innlendu framleiðslu, þá er hvorttveggja gert: Hinum innlendu framleiðendum er tryggður hinn innlendi markaður og séð fyrir því, að ekki sé okrað á neytendum þessarar vöru. Til þessa er tillit tekið í frv. okkar hv. þm. Borgf., og býst ég við, að þeir tímar, sem nú standa yfir, séu öllum hv. þm. svo holl og heilbrigð lexía, að þeir taki þessu frv. með velvild.

**Magnús Jónsson:** Það getur náttúrlega vel verið, að þau ummæli í lok ræðu hv. fyrri flm. rætist, að tímarnir, sem nú standa yfir, séu sú lexía fyrir hv. þm., að þeir gangi á sínar fyrri samþykktir, en hvort það er svo sérstaklega holl lexía, skal ég ekki um segja. Annars er það svo, að við höfum búið hér við tvennskonar bannlög. Önnur bannlögin hafa verið þannig, að með hinum svokölluðu innflutningshöftum hefir ýmist verið bannaður eða takmarkaður innflutningur á mörgum vörum um ákveðinn tíma, og svo höfum við eina vöru, sem hefir verið bönnuð, og það er vínið. Nú er stungið upp á því að innleiða við hliðina á vínbannlögunum okkar bann á öðrum drykk, og það er mjólkin. Eftir að reynslan hefir sýnt mönnum, að það er jafnvel erfitt að banna vínið, þá finnst þeim, að nú sé tími kominn til þess að banna líka mjólkina. Ég skil ekki sannast að segja, að flm. skuli ekki hafa séð svo vel líkinguna milli þessara tveggja banna, að þeir skyldu ekki setja þau ákvæði í frv., að sektir skv. þessum l. skuli renna í menningarsjóð í staðinn fyrir ríkissjóð. Mér finnst sjálfsagt að tengja það saman, sem skylt er! Ég hefi verið á móti þessum bráðabirgðabönnum, innflutningshöftunum, þegar þau hafa verið sett á einstakar vörutegundir, og hefi ekki ennþá séð það gagn, sem af þeim hefir orðið. Um hitt bannið, sem ég upphaflega var með, er það að segja, að þar hefi ég neyðzt til að breyta minni skoðun og orðið að gerast meðflm. að frv. um að afnema það. Ég get því ekki fylgt þessu banni. Ég álít ekki þessa aðfluttu mjólk svo miklu hættulegri en vínið, að það eigi að banna hana sem sverasta eitur. Það eru náttúrlega sömu rökin, sem eru færð fram fyrir þessu eins og jafnan koma fram, þegar um slíkt er að ræða, hvort heldur það er bann, hátollar eða annað, að það þurfi að vernda innlendu framleiðsluna, efla atvinnulífið í landinu o. s. frv. Ég veit ekki, hvort ég á að vera að eyða tíma hv. þd. í að koma enn einu sinni inn á það, hvað það er, sem langtíðast er fært fram sem rök fyrir verndartollum eða innflutningsbanni, en það er alltaf gert upp á einhvers annars kostnað. Hvort sem það eru verndartollar eða bönn, þá eru þau sett fyrst og fremst til að styðja þá innlendu framleiðslu, en sú innlenda framleiðsla verður dýrari í skjóli þessara laga. Það, sem menn verða að velja um, er það, hvort þeir vilji láta einn borga til þess að styðja annan. Það

er auðvitað, að ef t. d. er gengið inn á að samþ. frv. eins og þetta, þá mun koma með fullkomlega sömu rökum fjöldi af öðrum vörum á eftir. Ef þau rök eru nóg, að hægt er að framleiða einhverja vöru í landinu, til þess að banna innflutning á henni, þá þyrfti helzt að setja mþn. til þess að telja upp þann sæg af vörum, sem hægt er að framleiða hér innan lands, og banna svo innflutning á öllum þeim vörum. Ef við lítum á reynsluna, þá er hún langskýrust frá Bandaríkjunum, sem eru sérstaklega vel sett með að hafa verndartolla, vegna þess, hve landið er stórt og framleiðir margt. Nú er svo komið, að það land er einna lakast statt fjárhagslega í veröldinni, og þar hafa menn ekki annað ráð en að sitja á ráðstefnum til að íhuga, hvernig þeir eigi að fara að losna við eitthvað af þessari vernd allri saman. Þeir hafa rekið sig á það, að í skjóli verndartollanna hefir komið upp í landinu mikil og óheilbrigð starfsemi. Þeir ætla að fara að lækka þessa tolla hægt og hægt og reyna að losna einhvern veginn við þá. Þeir eru búnir að sjá, að það er lífsskilyrði fyrir þá.

Hv. fyrri flm. sagði, að hér fengju allir sitt; þeir, sem framleiddu, fengju tryggan markað, og þeir, sem neyttu, fengju tryggingu fyrir sanngjörnu verði í skjóli 2. gr., sem er um það, að það megi setja hámarksverð á vöruna. Þetta hefir verið reynt af okkur. Á stríðsárunum var hver n. sett eftir aðra til þess að ákveða hámarksverð á vörum, og það var farið að gera það þannig, að setja í n. einmitt þá, sem skömmuðust mest yfir því, að hámarksverðinu væri ekki framfylgt; og það dugði ekki neitt, af því að það er h. u. b. ómögulegt að vinna það verk. Það er að vísu einfaldara, þegar um eina einustu vörutegund er að ræða, en ég vil spyrja, við hvað á að miða þetta hámarksverð? Halda menn, að einhver vara sé ódýrari, ef ákveðið er eitthvert hámarksverð á henni? Það getur verið ákveðið tvöfalt verð hinnar innlendu vöru. Það er ekki nokkur minnsta trygging fyrir því, að varan sé seld fyrir sannvirði, þó að ákveðið sé hámarksverð á henni. Ég gæti trúað, að blessaðir innlendu framleiðendurnir vildu segja eitthvað um það, hvað þeir þyrftu að fá fyrir hana til þess að framleiðslan borgaði sig. Ef ákveða á hámarksverð á mjólkinni, gæti ég trúað því, að fullt svo mikið myndi vera hugsað um, að mjólkurframleiðendurnir fengju sitt eins og um það, þó að einhverjir kaupstaðabúar borguðu hana helzt til háu verði. Ég sé ekki, hvaða gagn innlendu framleiðendunum er að þessu, annað en að fá hærra verð fyrir vöruna. Ef þeir væru samkeppnisfærir við erlenda vöru, þá fengju þeir markað. Hv. flm. gat um, að niðursoðin mjólk hefði verið seld hér með óeðlilega lágu verði. (BÁ: Boðin, sagði ég). Það getur verið „dumping", undirboð. Ég fyrir mitt leyti skal vera fús til þess að vera með í því, ef hv. þm. vill leita einhverra ráða á móti slíkum óheiðarlegum boðum á vörum. Það er ekki nema algengt, að þjóðir, sem unna frjálsum viðskiptum, geri sérstakar ráðstafanir á móti þeirri sölu, sem er algerlega óeðlileg. Annars megum við dálitið vara okkur á að tala ákaflega digurbarkalega um þessa óeðlilegu sölu, a. m. k. meðan við höfum hér til meðferðar í þinginu frv., sem ómögulegt er að skilja öðruvísi en að þar sé um „dumping" að ræða, en ég skal ekki fara frekar út í það.

Ég skal ekki segja fleira um þetta mál, en vildi aðeins gera grein fyrir því, hvers vegna ég greiði atkv. á móti þessum nýju bannlögum nú þegar við 1. umr. Ég tel það svo mikla fjarstæðu, að engu tali taki að styðja að því, að verndartollur verði settur á þessa vöru, vegna þess að ég veit, að þetta er nauðsynleg vara og að margir neytendanna hafa úr litlu að spila, og því frekar er ég á móti því að banna algerlega innflutning á þeirri vöru. Mér finnst það óheilbrigt, ef á að setja hreint verzlunarbann á vöru, sem enginn segir, að sé skaðleg á neinn hátt.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég skal ekki bæta miklu við það, sem hv. 3. þm. Reykv. hefir sagt. Menn muna sjálfsagt, að hér í þinginu hafa oft komið fram óskir um það að vernda þessa mjólkurniðursuðu í Borgarnesi og það hefir verið gert með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði; það dugði ekki til. Varan var svo léleg, að það var ekki hægt að selja hana. Nú er

öðru máli að gegna, því varan er orðin góð vara, og ég veit ekki betur en að niðursoðin mjólk frá Borgarnesi gangi út svo að segja jafnóðum. Öll innlenda framleiðslan selst jafnóðum, og ég hygg, að salan geti aukizt talsvert mikið ennþá. Nú sem stendur er ekki leyft að flytja inn erlenda mjólk, þó að sumstaðar þar, sem ég er kunnugur, fái menn ekki nóga mjólk frá niðursuðuverksmiðjunni í Borgarnesi. Ef það kæmi fyrir, að fleiri niðursuðuverksmiðjur risu upp í landinu og mjólkin gengi ekki út, þá dygði ekki að setja þetta bann. Ef ekki væri markaður innanlands, þyrftum við að fara að flytja út. Hv. þm. Mýr. talaði um óeðlilega lágt verð á erlendri dósamjólk. Menn mega ekki undra sig á því, þó að okkur þyki verð á erlendri mjólk lágt, þar sem mjólkin er framleidd svo ódýrt, að seljendur fá ekki meira en 6—7 aura fyrir mjólkurpottinn, kominn að fabrikunni. Það er ekki óeðlilegt, þó að verðið á þeirri mjólk sé svo lágt, að við getum ekki keppt við hana; en það er nú svo, að menn hafa séð, að þessi niðursuða hefir verið að komast í það horf að framleiða góða vöru, og hefir mjög lítið verið flutt inn af erlendri mjólk þrátt fyrir það, að verðið á erl. mjólk hafi verið mun lægra. Ég vildi beina því til hv. aðalflm., sem líka er í utanríkismálanefnd — (BÁ: Nei, laus allra mála). Hann ætti kannske að athuga það samt, þó að hann sé ekki í þeirri virðulegu n. lengur, að það er ekki víst, að slík bönn sem þessi verki vel á samninga við aðrir þjóðir, allra sízt ef ekki er hægt að færa full rök fyrir þeim. Í 2. gr. er sett ákvæði um, að hægt sé að setja hámarksverð á þessa vöru. Ég vildi spyrja, við hvað á að miða það hámarksverð? Á að miða við það, sem erlenda mjólkin myndi kosta hér á landi með þeim tolli, sem nú á að leggja á hana, eða eitthvað annað? Þetta er eingöngu gert vegna framleiðendanna. Ég veit, að þeir þurfa að fá meira fyrir sína framleiðslu, en hinsvegar verður að gæta þess, að þeir, sem endilega þurfa að nota þessa vöru, eru ekki færir um að taka mikilli hækkun, og þó að smátt sé, miðar þetta allt í sömu áttina, að halda dýrtíðinni við og kaupgjaldinu í því hámarki, sem það er nú í og flestir munu vera sammála um, að sé hærra en svo, að íslenzk framleiðsla geti þolað það. Skip, sem ég hefi með að gera, keypti t. d. síðastl. vetur hollenzka mjólk í Englandi, beint út úr tollbúðinni. Verðið á þeirri mjólk var miklu lægra en á þeirri mjólk, sem hér er seld. Okkur datt ekki í hug að birgja okkur upp með mjólk til heillar vertíðar. Svona skip þurfa að nota 8—9 kassa af mjólk á hverjum mánuði. Það getur munað nokkru á verðinu, en þegar varan er til innanlands, eru menn ekki að sigta eftir því að fá þessa útlendu vöru, en skirrast við að kaupa þá innlendu, þó dýrari sé. Ég er sannfærður um, að ekki eitt einasta skip hefir keypt erlenda mjólk til þess að birgja sig upp, og þess vegna er ástæðulaust að setja þetta innflutningsbann. (BÁ: Skipin mega taka 20 kassa í túr). Það gerir ekkert skip. Hinsvegar er ekkert bann til í þessu efni. Á ísfiskveiðum, þegar færri menn eru um borð, taka þau ekki meira en 4 kassa. Það gæti verið ástæða til þessa banns, ef svo væri, að mjólkin frá þessari niðursuðuverksmiðju gengi ekki út, en væri þó seld með skaplegu verði, en eins og nú er, getur þetta leitt til þess, að þessi verksmiðja, sem er eina verksmiðjan í þessari grein hér á landi, geti haldið uppi óeðlilega háu verði, sem gæti leitt til þess, að t. d. skipin færu að birgja sig upp með erlendri mjólk til fleiri mánaða. Það mundi draga úr sölumöguleikum þessarar verksmiðju, og væri það illa farið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 3. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:6 atkv., og til landbn. með 14:1 atkv.

---

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 499, n. 540).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:2 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 15:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:5 atkv.

---

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:4 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 499).
Á 70. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:3 atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 85. fundi í Ed., 31. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 499, n. 860).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8:2 atkv.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Ég vil f. h. landbn. leyfa mér að leggja til, að frv. verði samþ. með brtt. á þskj. 860.

**Jón Baldvinsson:** Mér þykir það dálítið hastarlegt, sem farið er fram á í þessu frv., en það er að banna innflutning niðursoðinnar mjólkur til landsins. Það er kunnugt, að til skamms tíma hefir talsvert verið flutt inn af niðursoðinni mjólk, og er sjálfsagt óhjákvæmilegt vegna útgerðarinnar. Skipin nota þessa mjólk, þegar þau fara í lengri ferðir og geta ekki haft með sér nýmjólk, sem auðvitað væri æskilegast. Botnvörpuskip flytja inn mikið af þessu, og þótt verksmiðja sé nú risin upp í landinu og geti framleitt mikið af því, sem þarf, þá er ekki verðið hjá þeirri verksmiðju sambærilegt við verð á erlendri mjólk, og innlendur iðnaður á ekki að þrífast í skjóli hárra tolla eða innflutningsbanns, ef það er rétt, að munurinn séu um 20—30%, sem íslenzka mjólkin er hærri. Ég sé að vísu, að hér er ætlazt til, að sett sé hámarksverð á mjólkina, en ég trúi ekki, að það verði gert á þann hátt, að verðið verði samt ekki alltaf talsvert hærra en á erlendri mjólk, og ef ég þekki rétt þann anda, sem nú er í mörgum, þá sé ekki spursmálið, hvað það kostar, heldur að láta kaupstaðafólkið greiða það, sem upp er sett. Þessu get ég því ekki fallizt á að greiða atkv.

Landbn. leggur til, að mjólkurduftið falli burt, og er það sjálfsagt, því að það er ekki búið til hér á landi. En það er ekki aðalatriði í þessu máli, heldur niðursoðna mjólkin. Ég hefi ekki spurt um, hve mikið er flutt inn af þessari vöru, en ég veit, að það er sótt eftir henni, og þegar bornar eru saman skýrslur um verð innlendrar og erlendrar framleiðslu af þessu tægi, því að þrátt fyrir það, að sett hefir verið niður dálítið innlenda niðursoðna mjólkin, þá er hún samt hærri en hin erlenda, og meira munu þeir ekki geta sett hana niður í verði en orðið er; í skjóli þess á ekki að haldast við iðnaður hér á landi. Ég vil því leggja á móti því, að þetta frv. fái afgreiðslu.

**Pétur Magnússon:** Ég vil gjarnan gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls með nokkrum orðum og jafnframt greina frá ástæðum til þess, að þetta frv. er fram komið. Eins og e. t. v. sumum hv. þdm. er kunnugt, var sett upp mjólkurniðursuðuverksmiðja í Borgarnesi fyrir nokkrum árum. Verksmiðjan var eign hlutafélags, er mestmegnis var skipað innanhéraðsmönnum. Þetta fyrirtæki gekk illa, og það var vafalaust að ýmsu leyti af vanefnum gert, og munu bæði tækin hafa verið heldur ófullkomin og vantað ýms skilyrði til þess, að varan gæti uppfyllt þau skilyrði, sem nauðsynleg eru til að vinna markað. Fyrir 1½ ári varð sú breyt. á, að Mjólkurfélag Borgfirðinga — samvinnufélag — keypti eignina, bætti við miklu af nýjum vélum og fékk vel lærðan mann til þess að veita niðursuðunni forstöðu. Eftir þessa breyt. á rekstrinum reyndist mjólkin ágætlega vel, og hafa skemmdir aldrei komið fyrir síðan, en sala farið hraðvaxandi. Skömmu eftir að verksmiðjan tók til starfa í þessari nýju mynd komu gjaldeyrishöftin, og ég hygg, að ekki hafi ver-

ið leyfður innflutningur á niðursoðinni mjólk síðan á miðjum vetri 1932. Og þótt nokkrar birgðir væru þá fyrirliggjandi, þá er það komið í ljós nú, að verksmiðjan getur framleitt þá mjólk, sem þarf til innanlandsnotkunar. Þess skal getið, að um leið og gjaldeyrisnefndin gekk að því, að nokkru leyti fyrir tilhlutun stjórnar niðursuðuverksmiðjunnar í Borgarnesi, að banna innflutning á niðursoðinni mjólk, þá skuldbatt mjólkursamlagið sig til þess að selja mjólkina með lægsta gangverði á hverjum tíma, og óhætt að segja með nokkuð lægra verði en var á innfluttri mjólk til þess tíma, og það verð hefir haldizt óbreytt síðan. — En eftir að fram á þetta ár kom hefir þess orðið vart, að farið er að bjóða erlenda mjólk hér miklu lægra verði en Borgarnesmjólkina. Nú eru þetta út af fyrir sig ekki nein rök fyrir því, að banna eigi innflutning á útlendri mjólk. En þegar farið var að rannsaka þetta mál — en það var gert ýtarlega af einu stærsta verzlunarfirma hér í Reykjavík —, þá kom í ljós, að verð það, sem útlend mjólk var boðin fyrir hér, var langt fyrir neðan venjulegt markaðsverð, og var augljóst, að hér var auðugur erlendur mjólkurhringur að gera niðurfærslu á verðinu í þeim tilgangi einum að drepa þennan innlenda iðnaðarvísi, sem hér var kominn. Það þykir máske ekki sennilegt, að þessi auðugi félagsskapur lúti svo lágt að seilast á þennan hátt til hins íslenzka markaðs. En það er nú yfirleitt svo, að verzlunarhringarnir teygja klærnar eins langt og þeir ná og láta ekki bola sér út að óreyndu, jafnvel þó um smáræði á þeirra mælikvarða sé að ræða. Nú vil ég taka það skýrt fram, að hið eina, sem gerði það að verkum, að ég gat léð þessu frv. fylgi, var, að ég vildi ekki láta drepa þennan innlenda iðnaðarvísi á þennan hátt — vil ekki, að erlent auðvald sé notað til þess að selja vörur hér undir sannvirði, til þess að hindra framhald þessa atvinnurekstrar hér á landi, sem á að geta orðið til gagns bæði mjólkurframleiðendum og neytendum. En takist að stöðva þessa innlendu framleiðslu, þá mun ekki líða á löngu áður en mjólkurverðið er aftur komið upp fyrir það, sem íslenzka mjólkin er seld, því að eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, hafa ekki neinar verulegar breyt. orðið á heimsmarkaðinum á mjólk síðan þetta gerðist, sem gæti réttlætt þessa verðlækkun.

**Jón Baldvinsson:** Það er sjálfsagt rétt hjá hv. 4. landsk., að niðursuðuverksmiðjan í Borgarnesi mun hafa samið við innflutningsnefndina á sínum tíma og setti þá niður mjög mikið verðið frá því, sem áður var. Varð það til þess, að ekki var leyfður innflutningur mjólkur frá árinu 1932. En því ekki að láta sitja við þetta? Það eru líkindi til, að haldist eitthvað hömlurnar á gjaldeyrinum og innflutningi fyrst um sinn, og þá má gera ráð fyrir, að nauðsynlegt verði leyfi fyrir innflutningi á erlendri niðursoðinni mjólk. Er þá á valdi nefndarinnar að neita, nema því aðeins, að verðmunurinn sé svo mikill, að það þyki óforsvaranlegt að synja um innflutningsleyfi. Skömmu fyrir áramótin síðastl. var gerður samanburður á verði innlendrar og erlendrar mjólkur, og það reyndist mikill munur, og var þó verksmiðjan í Borgarnesi búin að setja niður að stórum mun. Skilst mér því, að með þessu frv. væri það verksmiðjan, sem gæti hækkað sitt verð.

Mér skilst, að afleiðingin af þessu frv. verði sú, að verksmiðjan í Borgarnesi þurfi ekki framar að taka tillit til heimsmarkaðsverðsins á mjólkinni, og geti því hækkað verðið á mjólk sinni í skjóli innflutningsbannsins.

Það var talsverður reyfarabragur á þeirri sögu, sem hv. 4. landsk. sagði um mjólkurhringa stórveldanna, sem væru að seilast til þess að drepa niðursuðuverksmiðjuna í Borgarnesi. Að sjálfsögðu vinna margir verzlunarhringar að sölu á niðursoðinni mjólk og togast á um markaðinn í löndunum, en það er undarlegt, ef þeir hafa allir komið sér saman um að útrýma Borgarnesverksmiðjunni, því að verðtilboð á erlendri niðursuðumjólk eru frá mörgum verksmiðjum og firmum frá andstæðum verzlunarhringum. Og samkv. þeim tilboðum er verðið miklu lægra en á innlendu mjólkinni. Það gætu auðveldlega risið upp mörg iðnaðarfyrirtæki í landinu og gert sömu kröfu til lög-

gjafarvaldsins og verksmiðjan í Borgarnesi. Þau gætu sagt hið sama og fulltrúar Borgarnesverksmiðjunnar segja nú, og með sama rétti, að þau geti ekki keppt við erlendan iðnaðarvarning, og þess vegna verði að banna innflutning á honum, til verndar innlendu vörunni. Það er náttúrlega gott fyrir þá, sem reka fyrirtækin, að fá þessa vernd, en það er ekki gott fyrir neytendur, sem kaupa vörurnar, að framleiðendum þeirra sé veitt slík aðstaða til þess að selja vöru sína miklu hærra verði en samskonar vörur frá útlöndum. Vitanlega er þetta aðeins sagt út í loftið, að hið útlenda auðmagn ætli að kúga verksmiðjuna í Borgarnesi til þess að gefast upp. Sannleikurinn er sá, að það er hið lága verð mjólkurinnar á heimsmarkaðnum, sem gerir það að verkum, að þessi mjólkuriðnaður í Borgarnesi á við erfiðleika að etja. Og mér finnst, að það sé veitt talsverð vernd með því, að það skuli þurfa bæði innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess að fá erlenda mjólk til landsins, og auk þess verður að greiða af henni toll. Hér er því um marga þröskulda að ræða fyrir erlendu mjólkina í samkeppninni á markaðnum hér á landi, en þrátt fyrir það getur hún verið þriðjungi ódýrari en innlenda mjólkin. Hér er því um að ræða þungar búsifjar fyrir kaupendur mjólkurinnar, ef lögleitt verður innflutningsbann á mjólk vegna þessarar einu verksmiðju. Enda má alls ekki gera það; slíkt hefnir sín geipilega síðar. Því verður ekki tekið með þökkum, að þetta eina einkafyrirtæki í landinu fái aðstöðu til þess að plokka menn í skjóli innflutningsbanns, eftir eigin geðþótta. Ef hér væri um að ræða ríkisfyrirtæki, sem ríkið hefði tekjur af, þá mætti bæta um þetta. En ég tel alveg óhæfilegt að bera fram svona frv., um að banna innflutning á nauðsynjavöru, sem svo mikið er notuð í landinu. Mér finnst, að rök hv. 4. landsk. mæli á móti frv., og ber það vott um, að í huga hans leynist nokkur vafi á því, hvort nokkur þörf sé á slíkum ráðstöfunum sem þessum.

**Pétur Magnússon:** Hv. 2. landsk. vill draga það í efa, að það stafi af óeðlilegri samkeppni, að mjólk frá útlöndum er hér boðin til sölu með langtum lægra verði en hún er nóteruð á heimsmarkaðnum. En ég vil spyrja hv. þm.: af hverju stafar það, að mjólkin er seld fyrir lægra verð hér í Rvík heldur en hún gengur í heildsölu í Englandi, ef það stafar ekki af óeðlilegri samkeppni? (**JBald:** Hvers vegna er hveiti selt fyrir lægra verð hér en í Ameríku?). Ég geri varla ráð fyrir, að þar liggi sömu ástæður til grundvallar. En að því er mjólkurverðið snertir, þá held ég, að ekki geti verið um aðra skýringu að ræða en þá, þó það virðist dálítið óeðlilegt, að hin erlendu mjólkursölufélög vilji kyrkja þennan vísi til mjólkurniðursuðu, sem stofnað hefir verið til hér á landi.

Þó að mér sé óljúft að fylgja innflutningsbanni á nauðsynjavörum, þá virðist mér, að undir þessum kringumstæðum sé óhjákvæmilegt að gera það. Ég vil ekki halda svo fast í „principið" á þessu sviði, að það leiði til þess, að lögð verði í rústir innlend atvinnugrein, sem vissulega á fullan rétt á sér og orðið gæti að þjóðþrifafyrirtæki.

Hv. 2. landsk. sagði, að af þessum lögum leiddi það, að mjólkin yrði hækkuð í verði. En það er ekki rétt, því að samkv. 2. gr. frv. er atvmrh. heimilað að setja hámarksverð á mjólkina, og þar eru einnig ákvæði um sektir, ef út af er brugðið. Ef niðursuðuverksmiðjan ætlar að misbrúka aðstöðu sína til þess að hækka mjólkurverðið, þá yrði hiklaust beitt sektarákvæðunum. Ég sé enga ástæðu til að efast um það.

Það hefir enn ekki verið gerð grein fyrir þeirri brtt., sem n. flytur við frv., en mér þykir rétt að taka það fram, að n. leggur til, að orðin „og mjólkurduft" séu felld úr frv. Ástæðan er sú, að hér er um að ræða vöru, sem aðeins er notuð til iðnaðar, súkkulaðigerðar, og eftir upplýsingum, sem n. hefir fengið, er búizt við, að sá iðnaður yrði að leggjast niður, ef bannaður yrði innflutningur á mjólkurdufti. Vitanlega hefir það eigi verið tilgangur flutningsmanna að eyðileggja þá iðnaðargrein, heldur mun það stafa af vangá eða misskilningi, að ætla innflutningsbanninu að ná til mjólkurdufts. Engin hætta er á, að það verði notað í stað mjólkur, og ná lögin því alveg jafnt tilgangi sínum, þó innflutningur á duftinu sé heimilaður, en hann er, eins og

ég áður tók fram, alveg nauðsynlegur vegna súkkulaðiiðnaðar.

**Jón Baldvinsson:** Út af orðum hv. 4. landsk. vil ég aðeins taka það fram, að það er algengt, að vörur séu seldar við lægra verði en þær eru „nóteraðar" á opinberlega. Heimsmarkaðsverðið á vörum er ekki alltaf það sama og söluverð þeirra. Það kemur þráfaldlega fyrir, að hægt er að fá vörur keyptar undir hinu nóteraða verði, en það kemur sjaldan fyrir, að söluverðið sé hærra. Ég þykist vita, að hver einasti vöruinnflytjandi hafi orðið var við þetta. Og þess vegna er það ekkert óeðlilegt, þó að niðursoðin mjólk sé boðin til sölu fyrir lægra verð en hún er nóteruð, og þarf það alls ekki að stafa af því, að hinir stóru mjólkursöluhringar erlendis ætli sér að koma niðursuðuverksmiðjuni í Borgarnesi á kné, þó að hv. 4. landsk. virðist leggja trúnað á þá firru.

ATKVGR.

Brtt. 860,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, PM, EÁrna, GL, GÓ.

nei: JakM, JBald, JónÞ, BSn, HSteins.

2.—5. gr. samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 860,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.**

---

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 902).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:3 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og endursent Nd.

---

Á 91. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 902).

Á 92. fundi í Nd., 2. júní, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:** Þetta frv. hefir orðið fyrir þeirri breyt. í hv. Ed., að helmingurinn hefir verið sniðinn af því, þannig að þessi nýju bannlög eiga ekki að ná nema til þessa hættulega vökva, í stað þess að áfengið er bannað í öllum myndum, jafnvel þó að hægt væri að koma því fyrir í fastri mynd. Mjólkin er ekki álitin eins skaðleg, því að það er óhætt að flytja hana inn, ef henni er komið fyrir í dufti, svo að að þessu leyti hefir hv. Ed. dregið ofurlítið úr þessum nýju bannlögum. Ég sé, að því miður hefir hv. Ed. ekki gert þá sjálfsögðu breyt. á frv., sem hún hefði átt að gera, úr því að hún vildi á annað borð afgr. frv. og breytti því, að láta andvirði fyrir innflutta mjólk og sektir renna í menningarsjóð, enda hefði verið sjálfsagt að láta það, sem kemur fyrir ólöglega innfluttar bannvörur, renna í þennan sjóð. Ég er auðvitað á móti þessu frv. jafnt eftir sem áður. Tilgangurinn er alveg jafnaugljós: að láta sjávarútveginn, sem verður að nota þessa vöru, borga hana hærra verði. Þetta er ekkert annað en einn skatturinn, sem lagður er á sjávarútveginn fyrir landbúnaðinn. Ég álít það miklu hreinlegra að leggja slíka skatta hreint og beint á og greiða þá svo út aftur, heldur en að gera beina ráðstöfun til að efla annan atvinnuveginn með því að láta hinn borga, því að tilgangurinn er ekki annar en sá, að mjólkurframleiðendurnir geti fengið meira fyrir sína vöru á kostnað sjávarútvegsins.

Ég vil líka benda á annað atriði. Það er það, að ég held, að hér verði um tap að ræða fyrir ríkissjóðinn, að því leyti, að það má búast við, að þau skip, sem þurfa að nota talsvert af niðursoðinni mjólk, muni reyna að komast hjá að flytja birgðir í land; þau munu nota sína aðstöðu til þess að hafa birgðir sínar í skipinu og nota þær svo án þess að borga nokkurn toll.

Ef það þykir nauðsynlegt að vernda þessa innlendu mjólkurframleiðslu verulega, þá finnst mér nokkru nær að hafa þá aðferð, að leggja toll á þessa vöru. Hitt er hrein og bein háðung, að banna

innflutning á henni. Það er svoleiðis braut, að ef farið er inn á hana, þá sé ég ekki betur en að við megum í ýmsum tilfellum öðrum banna innflutning á, vöru, sem er alveg óskaðleg. Þá erum við komnir inn í þá bannlagaflækju, að við yrðum bara að athlægi hvar sem það fréttist, að hér lifði þjóð, sem mætti ekki flytja inn í landið nema einhverjar vissar vörutegundir, vegna þess að hér sé verndartollastefnan svo miklu sterkari heldur en annarsstaðar, að hér dugi ekki einu sinni að leggja tolla á vörurnar, heldur bara að setja blátt bann við innflutningi, til þess að hægt sé ótakmarkað að okra með hinar innlendu vörur.

Ég skal svo ekki orðlengja meira um þetta, af því að ég þykist vita, að forlög þessa máls séu ráðin. Það er yfirleitt ekki mikið farið eftir rökum í svona málum, heldur bara farið eftir því, hvað menn taka í sig að gera. En það getur vel verið, að gerð verði tilraun til að leggja svipaðan prófstein á þessa menn, sem þetta flytja, og sjá þá, hvort velvildin er sú sama, hvaða atvinnuvegur það er, sem verið er að vernda.

**Jón Auðunn Jónsson:** Í öðrum löndum munu vera lög um það, hvaða innihald skuli vera í mjólkinni til þess að vera talin niðursuðuhæf, en hér eru engin slík lög til. Í Englandi voru sett lög nú fyrir ári síðan um það, að ekki mætti sjóða niður aðra mjólk en sem inniheldur 9,5% af rjóma, og ennfremur má ekki sjóða niður mjólk nema því aðeins, að kýrnar, sem hún er úr, hafi fengið grænfóður eða nýslegið hey. Það má alls ekki sjóða niður mjólk úr þeim kúm, sem fóðraðar eru inni á gömlu heyi eða kjarnfóðri. Þessi skilyrði eru sett í Englandi, og ef þetta er ekki fyrir hendi, þá þykir ekki tiltækilegt að sjóða mjólkina niður.

Þetta er ekki hér, en hinsvegar er mér skýrt frá, að nýlega hafi verið efnagreind mjólk, sem var soðin niður hér á landi, og í henni hafði ekki reynzt nema kringum 8% af rjóma. (**PO:** Hver hefir gefið þær upplýsingar?). Hann heitir Þorgeir Jónasson. (**PO:** Er hann heildsali sér í Rvík?). Það veit ég ekki, hvort hann er heildsali. En það er nauðsyn á að gera ráðstafanir til þess að tryggja mönnum, að sú mjólk, sem er soðin niður, sé sæmilega góð, ef á að fara að einoka þessa vöru hér á landi. Þetta er eins og hv. 3. þm. Reykv. tók fram, aðeins gert til þess að halda uppi verði á þessari vöru. Hinsvegar er þetta alveg óþarft að öðru leyti. Ég veit ekki betur en þessi eina niðursuðuverksmiðja, sem er hér á landi, geti selt alla sína mjólk. Annars má búast við því, að menn reyni fremur, þeir sem hafa aðstöðu til, að taka útlenda mjólk, þegar svona á að fara að. En það eru skipin, sem sigla til útlanda, sem hafa aðstöðu til þess, þó þau hinsvegar hafi ekki notað þá aðstöðu sína, heldur hefir þorri útgerðarmanna skipt við niðursuðuverksmiðjuna íslenzku, til þess að reyna að halda henni uppi, og það jafnvel á þeim tíma, sem varan, sem hún framleiddi, reyndist skemmd. En nú get ég hugsað, að hugur útgerðarmanna verði annar heldur en var og á að vera. Það er engin nauðsyn á að banna þessa vöru; hún hefir gengið greiðlega út, sú sem verksmiðjan í Borgarnesi framleiðir. Og ekki er nauðsyn á að banna þessa vöru vegna þess, að hún sé eitur.

Það er skylda þeirra manna, sem harðast ganga fram í því að koma þessu á, að sjá um, að sú vara, sem við eigum að nota, sé góð og óskemmd. (**PO:** Þetta er sú bezta vara, sem hér er fáanleg). Hún hefir þó reynzt skemmd og auk þess ekki með sambærilegu fitumagni við erlenda mjólk. (**PO:** Þetta er hrein og bein lygi. — Forseti hringir). Til þess að segja þetta þarf hv. þm. Borgf. að fá efnagreiningu á þessari vöru.

Þó að lagður væri tollur á þessa vöru til þess að styrkja þessa innlendu framleiðslu, þá er enginn á móti því, en að banna hana nær ekki nokkurri átt. En ef það verður tekið upp að banna þennan innflutning, þá get ég hugsað hér, að við yrðum fyrir barðinu á þeirri pólitík að ætla að banna innflutning á þessari nauðsynjavöru, þar sem hvergi í heiminum eru til hliðstæð dæmi.

Ég vil beina því til hæstv. stj., að hún sjái um, að við þurfum ekki, þó að þessi lög verði samþ., að búa við lakari vöru heldur en annarsstaðar er framleidd, og

væri þá ekki úr vegi, að hún athugaði löggjöf annara þjóða um þessi efni.

Hv. þm. Borgf. verður að kannast við það, að þegar mjólkin frá niðursuðuverksmiðjunni í Borgarnesi reyndist skemmd, þá var bæði ég og aðrir að hjálpa til að halda verksmiðjunni uppi af góðum huga, en þegar svona er farið að, sem nú er útlit fyrir, þá er ekki óeðlilegt, þó að menn verði tregari til að styrkja slík fyrirtæki, þegar það er sýnilega gert til þess að knýja fram óeðlilega verðhækkun.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég skal ekki gera miklar kappræður út af þessu máli. Ég býst við, að þær verði að litlu gagni fyrir þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að skapa sér skoðun í þessu máli. En út af því, sem tveir hv. þm. hafa nú sagt, verð ég að segja nokkur orð.

Þessir hv. þm. sögðu, að tilgangurinn með þessu frv. væri enginn annar en sá, að gera mjólkina dýrari, en það er langt frá því, að svo sé. Ef sá hefði verið tilgangurinn, hefði okkur flm. ekki dottið í hug að setja það ákvæði í lögin, að heimila hámarksverð á mjólkinni, því að það er ekki til annars en að tryggja hæfilegt verð. Tilgangurinn með frv. er enginn annar en sá, að tryggja þessari innlendu framleiðslu þann markað, sem til er í landinu. Það virðist nú á tímum ekki vera um svo auðugan garð að gresja með markað fyrir landbúnaðarafurðir, að við megum halda áfram að kasta í útlendinga þeim litla markaði, sem til er í landinu sjálfu. En ef sú stefna hefði verið uppi, að leggja háan toll á þessa vöru, svo háan, að hann hefði verkað sem bann, þá er miklu frekar ástæða til að ætla, að það hefði orðið til þess að hækka mjólkina; en með þessari leið, að banna innflutning, er tryggður markaður fyrir innlenda framleiðslu, og með því að setja hámarksverð eru tryggðir hagsmunir þeirra, sem mjólkina þurfa að kaupa.

Hv. þm. N.-Ísf. gaf það í skyn, að innlend mjólk jafnaðist ekki á við erlenda mjólk að gæðum. Ég skal játa það, að fyrir nokkrum árum var nokkurt ólag á starfrækslu niðursuðuverksmiðjunnar í Borgarfirðinum, og kom það þó nokkrum sinnum fyrir, að það kom skemmd mjólk á markaðinn. En það fyrirtæki er nú úr sögunni og annað nýtt komið í staðinn, miklu fullkomnara, undir stjórn þaulæfðs sérfræðings, enda hefir síðan hann tók við aldrei komið kvörtun um skemmda mjólk á markaðnum. En það vita allir, að innlenda mjólkin stendur yfirleitt alls ekki að baki erlendri mjólk, hvorki að hollustu né gæðum. Í fyrra var gerð efnarannsókn á niðursoðinni innlendri mjólk í samanburði við erlenda mjólk, og sú rannsókn leiddi það í ljós, að íslenzka mjólkin stóð alls ekki að baki þeirri erlendu, heldur var hún að ýmsu leyti fremri.

Viðvíkjandi því, að ekki megi sjóða niður aðra mjólk en þá, sem framleidd er af grænfóðri, eins og mér skildist á hv. þm. N.-Ísf., þá vita það allir, að Íslendingar standa öllum öðrum landbúnaðarþjóðum Evrópu framar með grænfóðurnotkun til gripaeldis, og þar, sem kýr eru hafðar í húsi allt sumarið, er þeim gefið miklu meira af kjarnfóðri og þurru heyi heldur en hér á landi. Það er því enginn vafi, að íslenzka mjólkin stendur erlendri mjólk alls ekki að baki hvað hollustu snertir, svo það er alveg ástæðulaust hjá hv. þm. N.-Ísf. að bera á móti þessu og gera tortryggileg gæði íslenzkrar mjólkur.

**Magnús Jónsson:** Meðmælendum þessa frv. gengur ákaflega erfitt, eins og eðlilegt er, að komast í kringum röksemdir okkar, að þetta verði til þess að hækka verðið á þessari vöru, og sýna fram á, hvaða þýðingu það hefir að banna innflutning á erlendri mjólk, ef það er ekki vegna verðsins. Þeir segja, að það sé sjálfsagt, að Íslendingar sitji að framleiðslu þessarar vöru. Það eru æfinlega þessi sömu rök, sem borin eru fram fyrir öllum slíkum haftastefnum og verndartollastefnum, og nákvæmlega sömu rökin og fyrir einokuninni gömlu. Við gætum alvel eins farið í gömul skrif um það bil, sem einokunin gamla var sett á, eins og að hlusta á ræður þessara haftapostula; þar eru alveg nákvæmlega sömu rökin. Þeir gætu þýtt þessar ræður og flutt þær hér, og mundu sjálfsagt fá mikið lof fyrir. Það voru rökin þá, að það þyrfti að vernda þegna konungsins. Þá sögðu

Danir: Er ekki sjálfsagt, að við þegnar Danakonungs sitjum fyrir þessari verzlun? Eigum við að láta Englendinga og Hansamenn mjólka þessa kú, sem við eigum að nota sjálfir? Þetta var gert til þess, að sú skaðlega frjálsa samkeppni yrði ekki til þess, að skemmd og dýr vara flyttist til landsins. En afleiðingin af þessu öllu saman varð sú, að varan var oft stórskemmd og stundum fluttist ekkert til landsins, svo að landsmenn liðu skort, og þessi fræga einokun varð svo að segja til þess að drepa þjóðina alla saman. Ég öfunda hv. þm. ekkert af þessum rökum, en ég ann þeim vel að feta í fótspor þessara gömlu einokunarpostula. Og það, sem á að koma á móti þessu öllu saman, er svo hámarksverð, sem á að ákveða. Óvinsælustu plöggin, sem komu út á Íslandi, voru taxtarnir gömlu. En hvað voru taxtarnir? Þeir voru hámarksverð. Í sambandi við einokunina varð auðvitað að fela konunginum, með allri sinni velvild til landsmanna, að ákveða sanngjarnt verð á þá vöru, sem þeir þurftu að kaupa. Nú eigum við að hafa það eins, við eigum að fá taxta líka. Og það er nú ekki mikil hætta á því, að sú nefnd, sem á að setja þessa taxta, verði þannig skipuð, að framleiðendurnir þurfi að kvarta yfir hennar gerðum. Við þm. getum auðvitað flutt langar ræður um það, hve íslenzka mjólkin sé góð, og að hér sé bezta beitilandið, sem til er á jarðríki. En ef nú verður sett í mjólkina svo sem helmingur af vatni? Hvað ætli verði þá um hennar ágæti? Það er ekkert ákvæði í frv., sem á að tryggja það, hvernig mjólkin á að vera. En það getur vel verið, að hún verði indæl, en það er ekki nokkur leið að gera hana afturreka, því annars fá menn ekki þessa vöru, sem þeir svo nauðsynlega þurfa. Ég skal ekki efast um það, að þessi verksmiðja, sem nú starfar, sé búin að koma starfrækslu sinni í gott lag, en það er einmitt vegna þess að hún hefir þurft að keppa við erlenda framleiðslu. Ef það hefði verið aðflutningsbann á mjólk þegar fyrri verksmiðjan starfaði, þá hefðu ekki orðið miklar framfarir, þá hefði hún ekki þurft að hugsa mikið um þá hluti. Hún hefði ekki þurft að svara nema skömmum, ef eitthvað var minnzt á súrmjólk, sem sjómenn yrðu að drekka, af því að þá hefði ekki verið hægt að fá erlenda mjólk.

Það er eitt einasta atriði, sem ég gæti viðurkennt að væri nýtt í þessu og gæti afsakað það, og það er það, ef hér væri verið að selja erlenda mjólk fyrir óeðlilega lágt verð. En svarið við því mundi þá að sjálfsögðu verða mjög hár tollur. En ef þeir lækkuðu sig svo, að t. d. 100% tollur dygði ekki, þá væru þessir erlendu framleiðendur að vinna okkur þarft verk, ef þeir vildu vinna til að gefa okkur mjólkina, en borga allt andvirði hennar í ríkissjóð. En að ætla að banna innflutning á þessari nauðsynjavöru til þess að innlendir framleiðendur geti öllu ráðið um þessa hluti, það nær ekki nokkurri átt.

Ég býst nú við, að hv. flm. séu rólegir fyrir þetta, af því að þeir vita, að þetta verður samþ., en ég vildi láta þá hafa þennan böggul með þessu skammrifi sínu, að þeir gætu vel lesið upp sem meðmæli með þessari hugmynd sinni gömul einokunarskrif frá 17. og 18. öld.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það væri nú freistandi að lesa hv. 3. þm. Reykv. duglega pistilinn og reka ofan í hann þá fjarstæðu og vitleysu, sem hann hefir rutt úr sér í sambandi við þetta mál, sem hann hefði ekki gert, ef hann hefði ekki verið að tala í hlustir heildsalanna, sem eru hér í hliðarherbergjunum, en menn eru nú einu sinni sendir inn á Alþingi til þess að greiða atkv. eftir eigin sannfæringu, en ekki eftir hagsmunum einstakra manna, sem kannske fara í bág við heill og afkomu þjóðarinnar. En af því að nú er alveg komið að þinglokum, þá skal ég ekki ræða frekar við hv. þm. um þá hluti. En þessi samlíking hv. þm. við hina illræmdu einokunarverzlun, sem hér var áður fyrr, á ekkert skylt við það að vilja á þennan hátt hlynna að þessari innlendu framleiðslu. Einokunin var eingöngu í því fólgin að selja verzlunina við Ísland í hendur erlendum mönnum, og var alveg gagnstætt því að hlynna að innlendri framleiðslu og sjá um, að við getum notið okkar markaðs. En það, að efla sem víðtækasta framleiðslu í landinu sjálfu, er einmitt sterkasta vopnið til þess að standa á móti erlendri kúgun.

**Magnús Jónsson:** Ég held, að það hafi verið skynsamlegt af hv. þm. Borgf., eins og vænta mátti af jafnskynsömum manni, að halda ekki þessa ræðu fyrr en ég var dauður. En ég held, að ég þurfi ekki nema stutta aths. til þess að svara honum.

Hv. þm. sagði, að það væri ákaflega mikill munur á þessari gömlu og nýju einokun. Hann sagði, að hér væri verið að vernda framleiðslu þjóðarinnar. En hann veit það, að þegar einokunin var sett, var Ísland og Danmörk eitt ríki, — allir voru þegnar sama konungs. En að þessi einokun var sett á, var af tómri vitleysu, og það er ákaflega líkt með þessari fyrri og síðari einokun, en ég vil ekki segja, að þeir séu vitlausir, sem eru að þessu nú, en það er jafngott, að þá, sem eru svona sigurglaðir yfir þessu, svíði undan sannleikanum. (PO: Mig svíður ekkert undan þessu). Ég er viss um, að hv. þm. Borgf. svíður, þegar hann er að slöngva slíkum orðum að mér, jafngóðum kunninga.

En út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði verið að tala í hlustir heildsala, þá vil ég geta þess, að ég sé, að þarna er kominn einn í blaðamannaherbergið, en ég held hann hafi ekki verið kominn, þegar ég talaði áðan, svo ég vona, að hv. þm. vilji bera honum orð mín. En mér þykir sennilegt, að það sé mögulegt, að hv. þm. Borgf. hafi verið að tala í hlustir einhverra með sinni ræðu.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég vil út af því, sem hv. þm. Mýr. sagði, benda honum á, að það hafa verið víða úti í löndum sett skilyrði fyrir því, hvaða mjólk megi selja, hvaða fitumagn eigi að vera í henni o. s. frv. Í flestum bæjum í Kanada og Hollandi og víða annarsstaðar er það ákveðið, að ekki megi selja nýmjólk, sem hefir minna fitumagn inni að halda en 9%. (BÁ: Það er í hverju héraði hér á landi). Er þá farið eftir því? (BÁ: Já, það er farið eftir því. — PO: Er farið eftir því í Kanada?). Það hefir sagt mér greinagóður maður, sem er bóndi í Kanada, að það sé rannsakað vikulega, hvort mjólkin sé eins og hún á að vera. Og ég vil segja það, að það er alls ekki forsvaranlegt, þegar á að einoka einhverja vöru, að setja þá ekki skilyrði fyrir því, hvernig hún á að vera. Ef einkasala hefði verið hér á mjólk, þá hefði mjólkurfélag Borgfirðinga aldrei umbætt sína mjólk, sem framan af var mjög gölluð vara og hætti því að ganga út. En síðari árin hefir verksmiðjan framleitt óskemmda vöru. En þrátt fyrir það á þetta innflutningsbann engan rétt á sér. Ef svo væri að farið með allar þær vörutegundir, sem framleiddar eru hér á landi, sjá allir, hve háskaleg sú braut er, sem inn á er gengið með þessu. Ég hygg, að heppilegra væri fyrir þetta fyrirtæki að láta sér nægja þá velvild, er það hefir hlotið hjá mjólkurkaupendum. Það getur allt eins orðið því til óþurftar, ef gengið er á rétt þúsunda manna á þennan hátt, þó það eigi að vera til þess að hlynna að þessu fyrirtæki.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég vil spyrja út af orðum hv. þm. Borgf.: Er nú svo sérlega mikill munur á því að selja innlendum eða útlendum mönnum í hendur einkasölu á neyzluvörum? Hér er verið að gefa eitt fordæmi fyrir því, að fyrirtæki hafi trygging fyrir því, að það geti með hvaða framleiðslukostnaði sem er haft hagnað af starfsemi sinni. En þetta verða landsmenn að borga. Ég sé engan mun á þessu og því, sem gert var á gamla einokunartímanum, að selja verzlunina í hendur einum manni. Ég sé ekki betur en að bein afleiðing þessarar stefnu sé sú, að ríkissjóður taki að sér fyrirtækin og einokaði þau til hagnaðar fyrir ríkissjóð. Hvers vegna leggja hv. þm. ekki til, að það spor sé stigið? Hví óska þeir ekki blátt áfram eftir því, að ríkissjóður kaupi verksmiðjuna og reki hana til hagnaðar fyrir ríkissjóð? Stefnan er hvort sem er sú, að einoka þetta. Og fleira kemur vitanlega á eftir, þegar búið er að einoka þetta. Ég hélt þó, að hv. þm. Borgf. vildi ekki stíga nein slík spor. En það er bein afleiðing þessa.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það er á afskaplegum misskilningi byggt, að hér sé verið að leggja inn á nokkra einokunarbraut, þótt þetta sé samþ. Það er ekkert í þessu frv., sem fyrirbyggir það, að samkynja fyrirtæki geti risið upp. Þetta frekar ýtir undir og er grundvöllur þess, að

önnur slík fyrirtæki geti myndazt, ef þeim er tryggður innlendi markaðurinn. Þetta er því fjarstæða. Ég er alveg undrandi yfir því, hvað andstæða þeirra gegn málinu getur gengið langt, að þeir skuli líkja þessu við gömlu einokunina, eða þá ríkisrekstur nútímans. Þetta er fjarri öllu lagi. Ég skil ekki í, að þm. sjái ekki muninn á því og þó þetta sé gert, þegar þröngt er um sölu erlendis fyrir afurðir okkar, sem þó öll velferð landsins byggist á, að seljist. Það eru afurðirnar, sem framleiddar eru bæði á sjó og landi, sem halda í þjóðinni lífinu. Og er útlendi markaðurinn bregzt svo hrapallega sem nú, þá er eina lífsvonin að nota sem bezt hinn innlenda markað fyrir landsins eigin börn. Það er alveg undravert, að skýrir menn skuli geta leiðzt svo langt að tala gegn þessu máli eins og þeir hafa gert. En þótt þeir hitti oft á rétt rök í málum, þá bregzt þeim þó hér algerlega bogalistin og skjóta því langt yfir mark, svo langt, að þeir koma ekki nærri neinu, sem heitið geta rök. Þeir vekja upp gamla drauga og afturgöngur frá einokunartímanum og reyna að hræða menn með því um hábjartan daginn. Þetta sýnir óneitanlega nýja hlið á þessum hv. þm. Ég vil engar deilur vekja í þessu máli. En þetta komst ég ekki hjá að segja.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Mér fannst vini mínum, hv. þm. Borgf., nú heldur skjátlast í röksemdunum. Hann sagði, að öllum væri frjálst að sjóða niður mjólk. Þetta getur að vísu verið rétt. En undirstaða frv. er þó það, og það rökstutt með því, að þessi verksmiðja geti framleitt nægjanlegt af niðursoðinni mjólk fyrir innlenda markaðinn. Og sé það rétt, þá er vitanlega fjarstæða að setja á fót fleiri verksmiðjur, ef þessi fullnægir þörfinni. Þessari verksmiðju er því í raun og veru gefin einkasala á niðursoðinni mjólk. Ef svo væri ekki, þá væri öðru máli að gegna. Og tal hv. þm. Borgf. um, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að fleiri slíkar verksmiðjur rísi upp, er málinu eins og það liggur fyrir ekkert viðkomandi. Þar sem þessi verksmiðja nægir til að fullnægja innanlands þörfinni, að sögn hv. flm. sjálfra, þá yrði aukin framleiðsla á þessu sviði að byggja á sölu á erlendum markaði. En um það er naumast að ræða, og ekki eins og nú stendur. En í þessu er einmitt hættan fólgin. Samkeppnin við útlenda framleiðslu er útilokuð. Og ríkisstj. miðar eflaust verðið við það, sem verksmiðjan þarf að fá til að geta borið sig. En verksmiðja þessi hefir kostað mikið fé og er því dýr í rekstri. Verðið verður því hátt, en menn eru tilneyddir að kaupa, vegna þess að annað fæst ekki. Að vísu má segja, að niðursoðin mjólk sé ekki stór hluti af neyzluvöru almennings í landinu. En þá má segja í annan stað, að þegar einni tegund framleiðslu er tryggt verð, þá sé ekki hægt að skorast undan því að veita öðrum tegundum framleiðslu sömu skilyrði, ef þær, eins og segir í grg. fyrir þessu, fullnægja innanlandsþörfinni. Sé á þetta litið sem „princip"mál, er þetta alveg óhætt. Og það er engin afsökun, þó hér sé naumast um almenna neyzluvöru að ræða. Stefnan er röng og því réttmætt að vera á móti henni eins fyrir það, þótt þetta kunni að verða nokkrum mönnum að liði.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)**: Það er nú orðið aðalatriði andmælenda þessa máls, að verið sé að gefa einu fyrirtæki einkarétt um framleiðslu og sölu þeirrar vörutegundar, er það framleiðir. Hv. þm. Borgf. hefir nú reyndar sýnt, að hverjum einum er frjálst að framleiða og selja sömu vörutegund. Ég skal athuga, hvernig þetta er nú. Á þessari vörutegund er í raun og veru innflutningsbann nú, vegna þeirra gjaldeyrisráðstafana, er gerðar hafa verið (**PHalld**: Nægir það þá ekki?). Jú, það getur fullnægt meðan það stendur. En hve lengi verður það? — Hvað verðinu viðvíkur, þá er rétt að skýra frá því, að upphaflega var verðlag verksmiðjunnar miðað við samtíma markaðsverð á erlendri mjólk, enda var það gert að skilyrði frá hendi innflutningsnefndar. Eftir lítinn tíma koma svo seljendur erlendrar mjólkur og sjá, að þeir geta selt mjólkina lægra verði. Er þá mjólkurverðið lækkað. En nokkru síðar koma enn boð um lægra verð á erlendri mjólk. Er þá farið að rannsaka þær breyt., sem orðið hefðu erlendis á markaðsverði mjólkur á þessum tíma. Kom þá í ljós,

að það hafði ekki breytzt sem nokkru nam á öllum þessum tíma. Var því verðið á niðursoðinni mjólk orðið lægra hér en ætla mátti, að verið hefði, þó sala hefði verið frjáls. Þetta bendir óneitanlega í þá átt, að erlendir mjólkurframleiðendur hafi ætlað sér að selja hér niðursoðna mjólk með „dumping" verði, aðeins til þess að koma þessari innlendu framleiðslu hér á kné, sem vita mátti, að mundi verða auðvelt. — Það er nákvæmlega víst, að lögin verða aldrei notuð til þess að hækka mjólkina óeðlilega. Hinsvegar mættu þau gjarnan stuðla að því, að mjólkurverðið lækkaði ekki til neytendanna niður úr því, sem það er nú, heldur jafnvel hækkaði, en það gæti orðið á þann hátt, að markaður ykist og framleiðslan um leið, en samhliða minnkaði nokkuð rekstrarkostnaður á hvern lítra mjólkur. Nú fá þeir bændur, er framleiða mjólk til niðursuðu, ekki nema 12—14 aura fyrir lítra. Það sést því, að þeir gera ekki háar kröfur. En þar sem þeir eiga ekki um annað að velja, þá óska þeir þess eins að fá að halda þessari starfsemi áfram og njóta þessarar litlu innanlandssölu, sem er og væntanlega verður á niðursoðinni mjólk.

Hv. 4. þm. Reykv. hélt því fram, að þetta fyrirtæki vildi fá aðstöðu til að hækka verðið. En heldur hv. þm. ekki, að ef farið væri að okra á verðinu, svo að hér yrði um verulegt gróðafyrirtæki að ræða, að upp risu fljótlega önnur samskonar fyrirtæki? — Á því er enginn vafi, að þau mundu fljótlega rísa upp. En þar sem verðið er svo lágt, að naumast má telja, að þessi framleiðsla beri sig, þá er engin hætta á, að sett verði á stofn önnur slík fyrirtæki. En á meðan verðinu er svo í hóf stillt, hafa neytendurnir ekkert upp á að klaga, þótt fyrirtæki þetta fái að vera eitt um markaðinn.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Mér þóttu það nú nokkuð merkilegar upplýsingar, sem hv. þm. Mýr. gaf, að mjólkurfélagið hefði í raun og veru haft einkasölu á mjólk vegna innflutningshaftanna. Mér þykir merkilegt að fá það upplýst, að innflutningshömlurnar hafa verið framkvæmdar með annað fyrir augum en að vera gjaldeyrisráðstöfun ein saman. Það er einkennilegt, ef gjaldeyris- og innflutningsn. hafa tekið sér það vald að verja sum fyrirtæki með innflutningshöftum á þeirri vöru, er þær framleiða, en önnur ekki. — Það er vald, sem ég bjóst ekki við, að þær n. tækju sér. — Þegar ég talaði um hátt verð á þessari framleiðslu, þá átti ég ekki fyrst og fremst við það, að verksmiðjan mundi hækka verðið upp úr öllu valdi, heldur miklu fremur við það, að í skjóli innflutningshaftanna gæti hún haldið verðinu uppi, þrátt fyrir það, þó mjólk á frjálsum markaði lækkaði. En hv. þm. vildi hugga mig með því, að þá gætu aðrar verksmiðjur risið upp og myndu gera það. En þess ber að gæta, að þær verksmiðjur yrðu þá að framleiða fyrir erlendan markað, þar sem innanlandsmarkaðurinn er svo þröngur, að hver og ein slík verksmiðja gæti fullnægt honum. En slíkt væri síður en svo arðvænlegt, þar sem stofnkostnaður við slíkar verksmiðjur er mikill, og mundi því engum koma slíkt til hugar. — Ég tel betra, að verksmiðja þessi færi aðra leið. Hún ætti að fá lán úr kreppulánasjóði og minnka með því stofnkostnað sinn, svo að hún yrði samkeppnisfær við erlenda framleiðslu. Ef svo útlendir framleiðendur reyndu til að koma mjólk með „dumping"verði inn á markaðinn hér, þá mætti gefa ríkisstj. heimild til að taka í taumana og fyrirbyggja slíkt. Það væri allt annað en skilyrðislaust bann. — Hvort sem á þetta frv. er litið frá sjónarmiði framleiðenda eða neytenda, þá er það ekki til annars en ills eins.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það er varla hægt annað að segja en að hv. 4. þm. Reykv. hafi nú skitið í nytina sína, er hann sagði, að þetta frv. væri öllum til ills. Með því sagði hann, að það væri til ills eins, að framleiðendurnir, sem í þessu tilfelli eru bændurnir, gætu flotið áfram fjárhagslega á þessum erfiðu tímum. Þetta er rökrétt ályktun af því, sem hann endaði orð sín með. Ef allir bændur eru gerðir fjárhagslega ósjálfstæðir, þá er um leið boðið heim öllum þeim hörmungum, er þeim öfgastefnum fylgja, sem nú vilja nema sér hér land og festa klær sínar í íslenzku þjóðlífi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, MG, PO, JörB.

nei: GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MJ, ÓTh, PHalld, SvÓ, VJ.

Fjórir þm. (BJ, StgrS, SvbH, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 931).

## 81. Víxillög.

Á 34. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:
Frv. til víxillaga (þmfrv., A. 231).

Á 36. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þetta frv. er allmikill lagabálkur, þar sem núgildandi lög um þetta efni eru samræmd við það, sem lög eru á Norðurlöndum og víða hvar um Evrópu.

Upphaf þessa máls er alþjóðafundur, sem haldinn var á árinu 1930 um þetta mál, en síðan hefir víxlalöggjöf flestra þessara ríkja verið endurskoðuð og samræmd við þær till., sem alþjóðafundurinn samdi.

Í grg. frv. er sagt ýtarlega frá þeim breyt., sem með frv. eru gerðar á gildandi víxillöggjöf vegna samræmingarinnar, og skal ég láta nægja að vísa til grg. Þess skal látið getið, að prófessor Ólafur Lárusson hefir eftir beiðni stj. samið þetta frv. og tvö þau næstu á eftir á dagskrá fundarins. Að lokinni umr. óska ég, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 231, n. 775).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Eins og skýrt er frá í grg. frv., þá er aðalástæðan fyrir þessum breyt., sem gera á á víxillögunum, til að samræma þau við erlend víxillög og tékkalög annara landa, til þess að hægt sé að ganga inn í þá samþykkt, sem ýms ríki hafa gert sín á milli í þessu efni.

N. hefir leitað álits bankastjórnar Landsbankans um þetta, og hefir hún ekkert sérstakt haft við það að athuga. Þó voru ýms smærri atriði, sem hún hefði gjarnan viljað, að væri öðruvísi skipað, en þar sem þau höfðu ekki neina verulega þýðingu, þá sá n. ekki ástæðu til að fara að breyta frv. á síðustu stundu, og þá líka með tilliti til þess, að þær breyt., sem eru svo smávægilegar, gengu á móti þeirri samþykkt, sem gerð var í Genève um samræmingu víxillaganna. N. hefir á þskj. 775 gert grein fyrir þeim frávikningum og nýmælum, sem frv. flytur og almenna þýðingu hafa. En eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, þá er frv. borið fram til þess, að við Íslendingar getum komið inn í þá samþykkt, sem gerð hefir verið á milli margra ríkja árið 1930, og okkur nú hefir verið boðið að taka þátt í.

Það voru nokkrar prentvillur í nál. og það átti að prenta það upp aftur, en endurprentun nál. hefir ekki verið útbýtt ennþá, en ég vænti þess, að þar sem hér er aðeins um auðsæjar prentvillur að ræða, sem mætti laga til 3. umr., að það tefji ekki fyrir framgangi málsins. Prentvilla hefir t. d. orðið við g-liðinn í nál., þar sem sagt er „ef lán hans er tekið til skiptameðferðar“, en á auðvitað að vera „ef bú hans er tekið til skiptameðferðar“.

Þær breyt., sem nefndin hefir gert við frv., eru aðeins leiðréttingar, annaðhvort á misprentun eða misritun, eða fastar kveðið á um atriði en í frv. Annars er þetta frv. nálega að öllu leyti sniðið eftir þeim lögum, sem sett hafa verið í Danmörku og öðrum Norðurlöndum, og að mestu leyti þýðing á þeim lögum, nema aðeins nokkrar frávikningar, sem betur henta fyrir okkur.

Ég vil svo f. h. nefndarinnar mæla st til þess, að frv. fái greiðan gang í gegnum deildina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
11.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
21.—29. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
30.—32. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
33.—37. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 775,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
39.—40. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 775,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
41. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
42. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
43.—54. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
55.—63. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
64.—66. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 775,3 samþ. án atkvgr.
67. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
68. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
69. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
70. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 775,4 samþ. án atkvgr.
71. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 775,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
72. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
73.—74. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
75.—77. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 775,6 samþ. án atkvgr.
78. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
79.—87. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
88.—95. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 812).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 812).

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 812, n. 878).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Þorláksson):** Þetta frv. er stóreflis lagabálkur í 95 greinum og kom ekki til n. fyrr en nú undir þinglokin. Þar að auki fjallar það um flókið og vandasamt sérfræðilegt efni, svo að n. hafði ekki tök á að vinna að því eins og til er ætlazt af henni um önnur mál, að taka hverja grein út af fyrir sig og athuga hana. Þessi löggjöf er að miklu leyti samin í samræmi við erlend lög um þessi sömu efni. Og af þessu leiðir, að það getur engan veginn nægt til að mynda sér rökstudda skoðun um einstök atriði frv., að yfirfara greinar þess sjálfar, heldur þarf auðvitað líka að bera saman við þá hina erlendu löggjöf, sem er verið að samræma þetta við. Þetta hefir n. alls ekki getað gert eins og þarf, eftir að hún fékk frv. í þinglokin, og var þá um það að velja fyrir n., hvort hún vildi stöðva framgang málsins á þessu þingi eða leggja til, að það yrði samþ., með þeim undirbúningi, sem það hefir fengið hingað til.

Nú er þetta frv. samið af sérfræðing fyrir ríkisstj. og flutt þannig í Nd., en sem þmfrv. Auk þess virðist það hafa fengið allgrandgæfilega athugun í nefnd í Nd., enda hafði sú n. það lengi til athugunar og gerði á því nokkrar breyt.

Að öllu þessu athuguðu þótti fjhn. þessarar hv. d. þó réttara að leggja til, að þessi langi lagabálkur yrði lögleiddur, heldur en hitt, að hann yrði látinn daga uppi og bíða næsta þings. Þó má kannske að einhverju leyti telja þetta athugavert. En ég vil þá taka fram, að frá sjónarmiði þeirra manna — og þeir eru til í þessari deild —, sem halda fram, að Alþingi ætti ekki að vera nema ein mál-

stofa, þá ætti ekki að vera sérstaklega athugavert, þótt treyst sé á starf einnar þingdeildar, og ekki sízt þegar frv. hefir verið undirbúið á réttan og reglulegan hátt af ríkisstj. Samkv. þessu er það, að n. leggur til að samþ. frv. óbreytt.

**Jón Baldvinsson:** Það hefir nú sjálfsagt verið vandað til undirbúnings þessa frv. Mér er sagt, að próf. Ólafur Lárusson hafi um það fjallað, sem hefir vafalaust gengið vel frá því og farið eftir þeim erlendu fyrirmyndum, sem nýbúið er að lögtaka, og þá líklega þeim skandinavisku.

En það er dálítið erfitt fyrir okkur í Ed. að samþ. slíkan lagabálk, þegar n. getur ekki ábyrgzt um frágang málsins í einstökum atriðum, sökum þess að ekki var tími til að vinna að málinu. Hinsvegar hefir málið sjálfsagt fengið rækilegan undirbúning í Nd., og þó er nú ekki búið að upplýsa mig um breyt., sem þar var gerð, hvort hún er þörf eða á rökum byggð.

Nú er á það að líta, að þessi lög eiga að ganga í gildi 1. jan. næstk., og þau verða þegar þýdd og send um heim allan, til þess að menn geti eftir þeim farið í viðskiptum við Ísland. Þykir mér þá nokkuð varhugavert að samþ. slíkan lagabálk, ef svo færi, að við þyrftum að breyta honum á næsta þingi og senda þær breyt. út um allar jarðir. Það er nú svo, að þeir menn, sem um þetta mál hafa fjallað, vilja enga ábyrgð taka um afgreiðslu þess. Og þetta mál er að því leyti erfiðara viðfangs en önnur, að það er alþjóðamálefni, miklu erfiðara að gera breyt. á slíkri löggjöf en almennri löggjöf, sem snertir aðeins landsmenn eina. Þess vegna væri kannske réttara að fresta samþykkt þessa lagabálks um eitt ár, þangað til a. m. k. nefndir þær, sem þingið kýs til að fjalla um slík mál, geta látið það frá sér fara eftir rækilega íhugun. Ég tel erfitt fyrir okkur að greiða atkv. um þessa löggjöf að svo stöddu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
11.—20. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
21.—29. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
30.—32. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
33.—37. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
38.—42. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
43.—54. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
55.—63. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
64.—68. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
69. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
70.—71. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
72.—74. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
75.—78. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
79.—87. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
88.—95. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 935).

---

## 82. Tékkar.

Á 34. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt: **Frv. til l. um tékka** (þmfrv., A. 232).

Á 36. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þetta frv. er fram komið af sömu ástæðu og frv. um víxla, sem afgr. var næst á undan. Það er eins með tékka og víxla, að það eru verðbréf, sem ganga kaupum og sölum milli landa, og þess vegna er nauðsynlegt, að lög þau, sem um þá gilda, séu hin sömu í sem flestum nágrannalöndum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 232, n. 776).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Það er sama um þetta frv. og það, sem næst var á undan á dagskránni, frv. til víxill. N. hefir ekki gert aðra efnisbreyt. á því en að sýningarfresturinn verði lengdur. Eftir frv. er hann ákveðinn 20 dagar, en vegna þess, að samgöngur hér á landi eru ekki svo góðar, að víst sé, að unnt hafi verið að sýna tékka innan þess tíma, taldi n. rétt að lengja frestinn upp í 30 daga fyrir innlenda tékka, en upp í 40 daga — í stað 20 eftir frv. — fyrir tékka, sem gefnir eru út erlendis. Er þetta heimilt eftir þjóðasamþykktinni frá 19. marz 1931 um samræming tékkalöggjafarinnar milli þeirra þjóða, sem að samþykktinni standa, en frv. er borið fram með það fyrir augum, að Ísland gangi í þessa þjóðasamþykkt. Nýmæli og frávikningar þessa frv. eru færri en í víxillagafrv., enda eru gildandi l. um tékka frá 1901 og sniðin eftir því, sem þá voru l. á Norðurlöndum. Ýmis atriði eru það þó, sem gjalda verður varhuga við, og eru þau tekin fram í nál. á þskj. 776. Skal ég aðeins vekja athygli á því nýmæli frv., að samkv. því má aðeins gefa út tékka á peningastofnanir, banka og sparisjóði, í stað þess, sem samkv. gildandi l. má gefa út tékka á hendur hverjum, sem er. Skapast með þessu miklu meira öryggi um greiðslu tékka, en lítið mun þó hafa verið um það hér á landi, að tékkar hafi verið gefnir út á einstaka menn eða félög, en erlendis var þetta nokkuð algengt. Þá er það og nýmæli í frv., að peningastofnun sé heimilt að greiða tékka, sem ekki hefir verið afturkallaður, þótt sýningarfrestur sé liðinn, og afturköllunin er þó því aðeins möguleg, að bankinn hafi ekki ritað á tékkann orð eða merki, sem skuldbindi hann til greiðslu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til f. h. n., að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem getur á þskj. 776.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
14.—24. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
26.—27. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 776,1.a—b samþ. með 18 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
30.—36. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
37.—39. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
40.—48. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
49.—50. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
51. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
52. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 776,2 samþ. án atkvgr.
53. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
54.—57. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 776,3 samþ. án atkvgr.
58. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
59.—65. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
66.—73. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 813).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 813).

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 813, n. 879).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Þorláksson):** Um þetta frv., sem er langur bálkur, er það sama að segja og næsta mál á undan á dagskránni (frv. til víxillaga), að fjhn. þessarar d. fékk það svo seint til meðferðar, að hún hafði engin tök á því að athuga einstök ákvæði þess og bera saman við þá erlendu löggjöf, sem á að vera til fyrirmyndar um samningu frv. En af sömu ástæðum, sem ég færði áðan fram, hefir n. ekki viljað stöðva framgang málsins á þessu þingi, og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
14.—24. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
26.—27. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
28.—36. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
37.—39. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
40.—48. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
49.—50. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
51. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
52.—53. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
54.—57. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
58.—65. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
66.—73. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 936).

---

## 83. Varnarþing og stefnufrestur í víxilmálum.

Á 34. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:
**Frv. til l. um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum** (þmfrv., A. 233).

Á 36. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þetta frv. er borið fram í sambandi við frv. um víxla, og óska ég, að því verði einnig vísað til fjhn.
Ég vil geta þess til leiðbeiningar, að inn í frv. hefir slæðzt mjög bagaleg prentvilla í 3. gr., þar sem talað er um tékka, en á vitanlega að vera víxla, og þarf að laga þetta með brtt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 233, n. 777).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** Samkv. víxill. frá 1882 voru engin ákvæði um varnarþing eða stefnufrest í víxilmálum, og reyndist þetta mjög óheppilegt, eftir að bankar fóru að starfa hér. Fyrir forgöngu bankanna var þessu breytt með l. nr. 33 11. júlí 1911, þannig, að ákveðið var, að höfða mætti víxilmál fyrir gestarétti á greiðslustað víxilsins, en þetta er mjög óskýrt orðað í l., svo að l. hafa jafnan verið skilin svo, að þetta tæki aðeins til þeirra víxla, þar sem greiðslustaðurinn er sérstaklega tilgreindur, en ekki til hinna, þar sem hann er aðeins nefndur í sambandi við nafn greiðanda. Þykir rétt að kippa þessu í lag jafnhliða endurskoðun víxill. og heimila að höfða og reka öll víxil- og tékkamál á greiðsluvarnarþingi, og er frv. fram borið af þeim ástæðum.
Fleiri orðum sé ég ekki ástæðu til að fara um þetta, en legg til f. h. n., að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Nd., 27. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Bergur Jónsson:** Ég ætla ekki að fara að mótmæla þessu frv., sem hér liggur fyrir, en ég vildi benda á það áður en málið fer út úr d., að bæði við þetta mál, víxillagafrv. og tékkafrv. hefir verið höfð röng aðferð. Þessum málum hefir verið vísað til fjhn. í staðinn fyrir allshn. Segi ég þetta þó ekki af því, að ég er allsherjarnefndarmaður, heldur þótti mér rétt, að á þetta væri bent áður en málin fara til hv. Ed. Það nær ekki nokkurri átt að vísa til fjhn. málum eins og víxlum og tékkum, sem eru hrein viðskiptamál, hvað þá máli eins og þessu, sem er hreint réttarfarsmál. Maður verður að gera ráð fyrir því, að þær n., sem fá mál til meðferðar, séu eitthvað betur fallnar til þess að eiga við þann málaflokk, sem undir þær heyra, en þann málaflokk, sem þær eru óvanar að fást við. Ég vona, að hv. Ed. breyti þessu, þó að það sé ekki venja að skipta um n. milli d.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 233).

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 233, n. 880).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Þorláksson):** N. mælir með því, að frv. þetta nái fram að ganga, og vísar þar að öðru leyti til grg., sem fylgir uppháflega frv. á þskj. 233. Það fer í raun og veru ekki fram á annað en samræmingu á reglum um það, hvar megi höfða og sækja víxilmál.

**Pétur Magnússon:** Í gildandi l. er heimilað að höfða víxilmál fyrir gestarétti í þeirri þinghá, þar sem víxillinn á að greiðast. Í þessu frv. er heimildin felld burt, en að vísu látið standa, að stefnufrestur þurfi ekki að vera lengri en í gestaréttarmálum. Það er talið nokkurt réttarfarslegt hagræði að heimila að reka mál fyrir gestarétti, og auk þess gerir það málsmeðferð nokkru greiðari, þar sem ekki einungis stefnufrestur er styttri, heldur líka aðfararfrestur í þeim málum, sem rekin eru fyrir gestarétti, heldur en fyrir bæjarþingi eða manntalsþingi. Ég get ekki séð fyrir mitt leyti, að nein ástæða sé til að breyta til í þessu efni. Því að vitanlega er tilætlunin sú, að öll málsmeðferð víxilmála sé hin greiðasta sem nokkur kostur er á.

Ég vil því leyfa mér að flytja þá brtt., að á eftir orðinu „sækja“ í 1. gr. komi: fyrir gestarétti.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 918) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Þorláksson):** N. hefir náttúrlega ekki tekið neina afstöðu til þessarar brtt., sem nú fyrst er fram komin. Það skal viðurkennt, að brtt. felur í raun og veru í sér skref til meira samræmis við þær reglur, sem geta gilt hér. Því að það hefir verið svo um allflesta víxla, eins og þeir venjulega eru útbúnir, að heimilt er að höfða og sækja mál út af þeim fyrir gestarétti í þinghá þeirri, þar sem víxillinn á að greiðast. Ég geri ráð fyrir, að þótt 1. gr. héldi áfram að vera eins orðuð og hún er nú, þá myndi þetta þó verða heimilt áfram í ýmsum tilfellum, þar sem ákvæði löggjafarinnar annars heimila, að málflutningur fari fram fyrir gestarétti. En ég vil skjóta því til hv. tillögumanns, hvort 2. gr. frv. verði ekki í raun og veru óþörf, ef brtt. hans verður samþ., og hvort honum þætti ekki réttara að láta till. bíða athugunar til 3. umr.

**Pétur Magnússon:** Ég er fús til að láta till. bíða til 3. umr. Það má vera, að 2. gr. frv. verði óþörf. Tek ég till. aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 918 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 233, 918).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Pétur Magnússon:** Ég flutti í gær skrifl. brtt. við þetta frv., og er nú búið að prenta hana. Óska ég, að hún komi nú til atkv. Eftir bendingu frá hv. 1. landsk. flyt ég nú aðra skrifl. brtt., við 2. gr. Breytist þá 2. gr. í samræmi við 1. gr. eins og hún er nú.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 923) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 918 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 923 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 924).

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 948).

---

## 84. Mjólkurbúastyrkur o. fl.

Á 70. fundi í Nd., 10. maí, var útbýtt:
**Frv. til l. um mjólkurbúastyrk o. fl.** (þmfrv., A. 618).

Á 71. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Flm. (Ólafur Thors)** [óyfirl.]: Ég þarf í sjálfu sér ekki að orðlengja mikið um þetta frv. Öll þau rök, sem ég hefi fram að færa fyrir því, koma fram í grg. á þskj. 618. Þeim til leiðbeiningar, sem ekki kynnu að hafa lesið þá grg., vil ég geta þess, að það, sem farið er fram á í frv., er það, að mjólkurbúum þeim, sem þegar hafa verið stofnuð hér á landi og notið hafa styrks úr ríkissjóði, verði veittur nokkur viðbótarstyrkur. Hér er um fimm mjólkurbú að ræða, sjötta mjólkurbúið hér á landi, mjólkurbú Thor Jensens, hefir engan styrk fengið úr ríkissjóði, enda ekki sótt um það. Fjögur þeirra hafa áður fengið sem styrk úr ríkissjóði einn fjórða stofnkostnaðar, en hið fimmta, Mjólkurfélag Rvíkur, 3/16 stofnkostnaðar. Frv. fer fram á, að þau fjögur bú, sem fengið hafa ¼ stofnkostnaðar, fái aftur ¼ til viðbótar, og það fimmta, sem fengið hefir áður 3/16 stofnkostnaðar, fái aftur 3/16, þannig að allur styrkurinn til þessara fjögurra búa nemi helmingi stofnkostnaðarins, en styrkurinn til Mjólkurfélags Rvíkur ⅜ af stofnkostnaðinum. Þetta er hægt að gera án þess að ríkið þurfi að taka á sig ný útgjöld, því Mjólkurbú Flóamanna er reist fyrir lán úr ríkissjóði að ¾ hlutum. Nú hefir stofnkostnaður þess orðið 400 þús. kr. Ef frv. þetta nær fram að ganga, verður ríkissjóðsstyrkurinn til þessa bús alls 200 þús. kr. Eftir standa þá 200 þús. kr. sem skuld við ríkissjóð. Ætlazt er til, að búið gefi út skuldabréf ríkissjóði til handa fyrir þeirri upphæð, og ríkissjóður afhendi þau svo Búnaðarbanka Íslands sem afborgun á viðlagasjóðslánum hinna mjólkurbúanna, að tilskildu samþykki búnaðarbankans, sem ganga má út

frá, að ekki standi á. Þessar 200 þús. kr. eiga að skiptast þannig milli aðilja, að Mjólkursamlag Eyfirðinga fái 37500 kr., Mjólkursamlag Borgfirðinga 35500 kr., Mjólkurfélag Rvíkur 72000 kr. og Mjólkurbú Ölfusinga 55000 kr. Það yrði því ekki tilfinnanlegt fyrir ríkissjóð að verða við þessari málaleitun.

Um þörfina fyrir slíka ráðstöfun er aftur það að segja, að stofnkostnaður allra þessara mjólkurbúa hefir orðið miklu meiri heldur en gert var ráð fyrir þegar lagt var út í framkvæmdirnar. Í sumum tilfellum varð kostnaðurinn fullkomlega helmingi hærri heldur en búizt var við. Við þennan óvænta kostnaðarauka bætist svo sú staðreynd, að mjólk og mjólkurafurðir hafa fallið mjög í verði. Orkar því ekki tvímælis, að þessi nytjafyrirtæki hafa mjög ríka þörf fyrir aukinn ríkisstyrk. Þingið hefir yfirleitt sýnt fullan skilning á hagsmunamálum bænda, bæði nú og á undanförnum árum, og vænti ég því, að þetta mál fái góðar undirtektir og afgreiðsla þess verði í samræmi við þann anda, sem hér hefir ríkt í garð bændastéttarinnar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að láta fylgja frv. lengri eða fleiri skýringar, en vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn.

**Björn Kristjánsson:** Ég get því miður ekki orðið við þeim tilmælum hv. aðalflm. þessa frv. að lýsa yfir fylgi mínu við það. Ég get a. m. k. ekki fellt mig við það, sem mér skilst vera aðalatriði frv., að ríkissjóður leggi fram helming af stofnkostnaði mjólkurbúanna, sérstaklega vegna þess, að í því er svo mikið ósamræmi við aðrar tegundir fyrirtækja, sem vinna úr afurðum bænda. Eins og kunnugt er, hefir frystihúsum bænda verið komið upp án framlaga frá hinu opinbera. Ríkið hefir að vísu útvegað hentug lán til þeirra eins og mjólkurbúanna, en um beinan styrk hefir ekki verið að ræða. Nú á þessu þingi kemst þó væntanlega inn í frv. um ýmsar ráðstafanir vegna kreppunnar ákvæði um framlag til frystihúsanna, allt að einum fjórða kostnaðar. Enn hefir þó ekki verið farið fram á annað en að það væri aðeins heimild, en ekki skylda, og á því er strax nokkur munur. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er svo ákveðið, að mjólkurbúin fái skilyrðislaust helming stofnkostnaðar, að undanteknu Mjólkurfélagi Rvíkur. Þegar litið er á það, að framleiðsla kjöts er miklu óálitlegri atvinnuvegur heldur en framleiðsla mjólkur, af því verðfall kjötsins er miklu meira en á mjólkinni, þá finnst mér alls ekki ástæða til að mismuna þannig mjólkurframleiðendum og kjötframleiðendum. Ég hefi heyrt þá ástæðu fram borna, að einmitt af því mjólkurframleiðslan er álitlegri atvinnuvegur heldur en kjötframleiðslan, þá sé rétt að styðja mjólkurframleiðsluna meira. Þetta gæti verið réttmæt ástæða, ef svo væri, að bændur gætu allflestir farið að framleiða mjólk í stað kjöts. En því fer fjarri, að svo sé. Það eru mjög víða á landinu engin skilyrði til mjólkurframleiðslu í stórum stíl. Það eru aðeins fá héruð, sem vel eru fallin til nautgriparæktar. Íbúar annara héraða eru því útilokaðir frá að njóta þess stuðnings, sem mjólkurframleiðendum er boðinn. Þess vegna er ekki rétt að gera þennan mun á kjötframleiðendum og mjólkurframleiðendum.

Nú veit ég, að hagur sumra mjólkurbúanna er ákaflega slæmur, og ég vil síst hindra, að þeim sé hjálpað eftir því, sem hægt er og þau hafa virkilega þörf fyrir. En hitt er líka vitanlegt, að sum þessara búa hafa ágætan fjárhag, t. d. Mjólkurfélag Rvíkur og eins Mjólkursamlag Eyfirðinga. Ég veit ekki annað en þau fyrirtæki gangi bæði vel og séu fjárhagslega trygg. Sé ég því enga ástæðu til að styrkja þau meira en frystihúsin. Hinsvegar get ég verið með því, að þeim búum sé hjálpað, sem versta aðstöðu hafa til rekstrar og mestar skuldir. En þá vil ég, að það sé gert sem kreppuráðstöfun, en ekki þannig, að þau mjólkurbú, sem stofnuð kunna að verða framvegis, geti átt von á styrk, sem nemur helmingi stofnkostnaðar.

Til þess að sýna, hvað mikill munur er á kjötframleiðslunni og mjólkurframleiðslunni vil ég benda á það, að samkv. upplýsingum, sem ég hefi fengið um mjólkurverð og framleiðslukostnað mjólkur í Eyjafirði, mun láta nærri, að bændur þar fái 11—12 kr. fyrir hvern

heyhest, sem þeir framleiða til kýrfóðurs. Í Þingeyjarsýslu fá menn aftur á móti í mesta lagi 7—8 kr. fyrir heyhestinn, sem þeir fóðra á sauðfé. Þetta sýnir, hver mismunur er á skilyrðunum til þessarar tvennskonar framleiðslu, og að ekki er réttlátt að auka þann mismun með því að leggja aðeins ¼ kostnaðar til frystihúsanna, en helming kostnaðar til mjólkurbúanna.

Einnig vil ég benda á það, að ef frv. er lögtekið í því formi, sem það er í nú, þá sé ég ekki, að mögulegt verði að komast hjá að veita þeim mjólkurbúum einnig helming stofnkostnaðar, sem síðar kunna að rísa upp. Ég sé ekki ástæðu til, að þau væru útilokuð frá að fá sama styrk. Ég er hræddur um, að þetta gæti jafnvel orðið til þess að ýta undir það, að mjólkurbú yrðu stofnuð þar sem ekki eru nægilega góð skilyrði fyrir rekstur þeirra; að vonin um hinn háa styrk gæti orðið til þess, að meira yrði gert að því að koma upp mjólkurbúum og framleiða mjólk heldur en heppilegt væri fyrir bjóðarheildina. A. m. k. gæti þetta valdið ríkissjóði miklum útgjöldum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja fleira að sinni. Ég vildi láta koma fram þegar við þessa umr., að ég er óánægður með sum ákvæði frv. og býst við að koma fram með brtt. við 2. umr.

**Flm. (Ólafur Thors)** [óvfirl.]: Ég get vel skilið þá hugsun, sem liggur til grundvallar mótbárum hv. þm. N.-Þ. gegn þessu frv. Það er mjög eðlilegt að segja, að ekki sé rétt, að ríkið ívilni mjólkurframleiðendum meira heldur en kjötframleiðendum. En ef sá hugsunarháttur hefði ríkt hér á þingi á undanförnum árum að segja: „ég vil ekki gera þetta fyrir þessa bændur, því þá verða einhverjir aðrir, sem fá minna heldur en þeir", þá hefði áreiðanlega lítið verið gert fyrir bændur yfirleitt. Þessi hugsunarháttur er mjög hættulegur þeirri stefnu, sem ríkt hefir á Alþingi um að létta undir með bændum, og láta það ekki ráða undirtektum og afstöðu til mála, þó vissum hóp bænda væri ívilnað eitthvað án þess að þær ráðstafanir næðu til allra bænda í landinu. Ekki hafa heldur aðrir framleiðendur í landinu gert kröfur til sérstakra ívilnana í hvert skipti sem bændum er eitthvað hjálpað, þó þeir hafi oft staðið höllum fæti líka. Ég vænti, að þessi stefna haldi áfram að ríkja í þingsölunum, þó færa megi ýms skynsamleg rök fyrir því, sem fram kom í ræðu hv. þm. N.-Þ., og menn gangi enn inn á að hjálpa bágstöddum bændum, þó ekki sé um leið bættur hagur allra bágstaddra bænda í landinu.

Ég held, að það sé á misskilningi byggt, að sum mjólkurbúanna séu sérstaklega vel stæð. Ég get svarað fyrir annað þeirra búa, sem hv. andmælandi tók út úr, Mjólkurfélag Rvíkur. Mér er kunnugt um, að það félag á að mörgu leyti við mjög þröngan fjárhag að búa. Það hefir ráðizt í margar lofsverðar framkvæmdir og stendur því eins og allir, sem sýnt hafa óvenjulegt framtak, mjög höllum fæti. Ég get frætt hv. þm. N.-Þ. um það, að afurðir þeirra bænda, sem skipta við Mjólkurfélag Reykjavíkur, hafa á seinustu árum fallið um nær 70%; bendir það á, að þeim muni ekki veita af þeim styrk, sem hér er farið fram á.

Mér virtist það þungt á metunum hjá hv. þm. N.-Þ., að ef frv. þetta næði lögfestingu, væri með því skapað fordæmi, sem gerði það að verkum, að þau bú, sem reist yrðu í framtíðinni, ættu kröfu til helmings stofnkostnaðar úr ríkissjóði. Það er langt frá því, að þetta sé meining okkar, sem frv. flytium, og það er langt frá því, að slíkt burfi að verða. Frv. þarf að mínu áliti ekki að skapa neitt fordæmi. Það má ganga út frá, að a. m. k. þeim mjólkurbúum, sem kann að verða komið upp á næstunni, megi koma upp með miklu minni tilkostnaði heldur en þeim vinnustöðvum, sem búið er að koma á fót. Með þeirri ráðstöfun, sem hér er um að ræða, er ekki verið að gefa neitt fordæmi, sem verka á fram í timann, heldur er verið að gera upp þessi fimm illa stæðu mjólkurbú, sem eru eign þeirra manna, sem brautryðjendur hafa verið á þessu sviði hér á landi. Það má því létta þeim áhyggjum af hv. þm. N.-Þ.

Með þetta tvennt fyrir augum, að hér þarf ekki að vera um fordæmi að ræða, og hvað landbúnaðurinn á mikið undir þeim hugsunarhætti, að ívilna megi einum, þó ekki sé hægt að ívilna öllum öðrum um leið, vænti ég þess, að hv. þm.

N.-Þ. eins og aðrir geti sætt sig við, að þetta frv. nái fram að ganga.

**Björn Kristjánsson:** Það er aðeins aths. út af því, sem hv. þm. G.-K. sagði um það, að ekkert fordæmi væri skapað með því, þó frv. þetta yrði samþ. Ég verð að halda fast við mína skoðun á því atriði, af því að hér er ekki um heimild að ræða eins og að því er snertir styrkinn til frystihúsanna, heldur er fastákveðið, að styrkurinn til þeirra mjólkurbúa, sem búið er að koma á fót, skuli vera helmingur stofnkostnaðar. Einmitt af því að þessu er slegið föstu í frv., get ég ekki annað skilið en að það hljóti að verða skoðað sem fordæmi, og að ekki verði hægt að neita samskonar búum, sem stofnuð kunna að verða í framtíðinni, um sama stuðning.

Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, get ég fylgt því með glöðu geði, að þau af mjólkurbúunum fái viðbótarstyrk, sem áreiðanlega hafa þörf fyrir hann, en að mínu áliti er þó nauðsynlegt, að frv. sé breytt í heimildarform. Eins og það er, er enginn munur gerður á því, hvort búin eru vel eða illa stæð. Það hlýtur að verða til þess, ef samþ. er, að ekki yrði hægt að neita þeim búum, sem seinna rísa upp, um sama styrk.

Það er auðvitað lofsverður hugsunarháttur, sem fram kom hjá hv. þm. G.-K., að ekki ætti að vera að metast um það, hvar kæmi niður slík hjálp, sem hér er um að ræða. Það er náttúrlega gott og blessað. En ég sé þó ekki neina þörf á því eða samræmi í því að láta hjálpina koma niður hjá þeim mjólkurbúum, sem eru vel stæð, en synja öðrum héruðum um hana, sem komizt hafa í örðugleika vegna sláturhúsa- og frystihúsabygginga, þó þörfin sé þar miklu meiri.

Ég sé svo að öðru leyti ekki ástæðu til að deila um þetta mál að sinni. Ég býst við, ef ekkert nýtt kemur fram, að ég haldi fast við þær brtt., sem ég hefi hugsað mér að flytja við 2. umr. Ég hefi ekki sannfærzt svo af því, sem fram kom í ræðu hv. 1. flm., að ég geti látið það ógert.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég vildi bara ekki láta hv. þm. N.-Þ. ómótmælt slá því hér föstu, þó ekki væri nema frá hans sjónarmiði séð, að með þessu frv. væri gefið fordæmi fyrir því, að öll mjólkurbú, sem stofnuð verða í framtíðinni, skuli fá helming stofnkostnaðar úr ríkissjóði. Þetta er svo fjarri öllu lagi, sem bezt sést á því, að það er látin halda áfram að standa í fjárl. sú heimild, sem þar hefir staðið nokkur ár, til að veita nýjum mjólkurbúum styrk, sem nemur ¼ kostnaðar. Það er hin almenna regla, sem gilt hefir og á að gilda áfram. En við hliðina á henni kemur nú fram frv. um að veita ákveðnum mjólkurbúum viðbótarstyrk, af því að þau hafa orðið fyrir því óláni, eins og mörg nýbyrjunar fyrirtæki í þessu landi, að stofnkostnaður þeirra varð helmingi hærri heldur en áætlað var. Þau hafa orðið fyrir ýmsum kostnaði, sem reynslan hefir sýnt, að komast hefði mátt hjá með annari tilhögun. Sú reynsla gerir aðstöðu þeirra mjólkurbúa, sem á eftir koma, miklu betri; þau geta forðast þau sker, sem brautryðjendurnir á þessu sviði steyttu á. Það kemur skýrt fram í frv., að einungis er um viðbótarstyrk að ræða handa ákveðnum mjólkurbúum, sem byggist alveg á sérstökum kringumstæðum. Þetta er svo augljóst mál, að í sjálfu sér er ekkert meira um það að segja.

Ég vil aðeins benda á það vegna samanburðar hv. þm. N.-Þ. á till. um styrk til frystihúsa og þeim till., sem hér liggja fyrir, að þær eru báðar í samræmi við þá afstöðu, sem þingið hefir áður tekið til þessara mála. Það hefir þótt sá munur á því að koma upp frystihúsi og mjólkurbúi, að Alþingi hefir talið nægilegt að veita hagfelld lán til frystihúsanna, en hinsvegar veitt bæði lán og nokkurn beinan styrk til mjólkurbúanna. Nákvæmlega sömu stefnu er fylgt nú, þegar gera þarf till. um sérstakar ráðstafanir til að bæta hag þessara fyrirtækja; á þeim er gerður hliðstæður munur og áður. Í þessu er ekkert ósamræmi, heldur fyllsta samræmi.

Ég skal ennfremur geta þess, að ekki mun hægt að benda á nein sérstök óhöpp í sambandi við byggingu frystihúsanna, eða að kostnaðurinn við þau hafi farið mikið fram úr áætlun; a. m. k. hefir hann ekki farið svipað því eins mikið fram úr áætlun eins og kostnaðurinn við mjólk-

urbúin. Enda er miklu lengra síðan farið var að byggja frystihús hér á landi, og var því nokkur reynsla fengin á því sviði, þegar þau frystihús voru byggð, sem nú er talað um að styrkja.

**Björn Kristjánsson:** Hv. þm. Borgf. leggur mikla áherzlu á það, að þau mjólkurbú, sem nú eru komin á fót hér á landi, hafi átt við mikla byrjunarörðugleika að stríða. Það má vera, að svo hafi verið; þó hefi ég ekki fyrr heyrt um nein sérstök óhöpp, sem þau hafa orðið fyrir vegna þess, að þau eru brautryðjendur á sínu sviði. En ég vil taka fram, að frystihúsin hafa orðið fyrir samskonar örðugleikum og þeim, sem hv. þm. lýsti. Mér er a. m. k. kunnugt um það, að þegar við réðumst í að byggja frystihúsið á Kópaskeri, gerðum við ýms glappaskot, sem komast hefði mátt hjá, ef meiri reynsla hefði verið fengin.

Fyrsta tilraunin á þessu sviði var frystihúsið á Hvammstanga. Þegar það var byggt veit ég ekki til, að við neina reynslu hafi verið að styðjast um byggingu frystihúsa til að frysta kjöt til útflutnings hér á landi. Næst var byggt frystihús á Reyðarfirði. Þar á eftir byggðum við okkar og fórum eftir upplýsingum frá Kaupfélagi Reyðarfjarðar, sem reyndust að ýmsu leyti ekki réttar, sem ekki var heldur von, þar sem það frystihús var þá alveg nýbyggt og sama sem ekkert reynt. Og afleiðingin varð sú, að ýms mistök áttu sér stað við fyrirkomulag og gerð húsanna, sem ollu félagi okkar skaða, sem nam miklu fé og komast hefði mátt hjá, ef rétt var að farið. Ef það er nú rétt, að farið sé að styrkja mjólkurbúin á ný vegna byrjunarörðugleika, sem stafað hafa af vöntun á reynslu, þá sé ég ekki annað en nákvæmlega það sama eigi við um frystihúsin.

Hv. þm. Borgf. sagði, að hér væri ekki um neitt ósamræmi að ræða, því Alþingi hefði áður litið svo á, að frystihúsin þyrfti ekki að styðja nema með láni, en mjólkurbúin einnig með ¼ stofnkostnaðar í beinan styrk. Ég játa, að till. þær, sem nú eru fram bornar, eru í samræmi við þetta. En ég get ekkert réttlæti séð í þeim fyrir það. Við getum alveg eins sagt, að sú regla að veita mjólkurbúunum styrk, en frystihúsunum aðeins lán, hafi alltaf verið röng. Hún réttlætir því alls ekki það, sem hér er verið að gera.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 618, n. 670, 676).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 676. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

**Frsm. (Pétur Ottesen)** [óyfirl.]: Landbn. hefir orðið ásátt um það að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Fer ég ekki út í það að rekja ástæðurnar fyrir því, að frv. er fram komið, því það gerði hv. þm. G.-K. svo rækilega við 1. umr. málsins, að við það er engu að bæta.

Það hefir komið fram brtt. um það, að 1. gr. frv. skuli orðast svo:

„Ríkisstj. heimilast að greiða úr ríkissjóði viðbótarstyrk til mjólkurbúanna í Eyjafirði, Borgarfirði, Árnessýslu og Reykjavík, er nemi allt að ¼ af stofnkostnaði þeirra hvers um sig, ef rannsókn leiðir í ljós, að fjárhagsástæður þeirra eru svo erfiðar vegna yfirstandandi kreppu, að þau geti ekki framvegis rekið starf sitt á heilbrigðum grundvelli".

Ég býst ekki við því, að þetta hafi nokkur áhrif hvað framkvæmd málsins snertir, því að það hefir einmitt þess vegna verið farið fram á þennan viðbótarstyrk, að kostnaður þessara búa hefir reynzt allt að helmingi meiri en ráð var fyrir gert í upphafi, og síðan hefir mjólkurverðið fallið um 40—50%. Sjá þá allir, hver aðstaða þeirra muni vera nú.

Mér virtist það koma fram hjá einum af hv. flm. brtt., að hann áliti hana í samræmi við till., er hér var samþ. fyrir skömmu, um heimild fyrir stj. kreppulánasjóðs til að greiða nokkurn styrk til frystihúsa. Þegar þessar tvær till. eru bornar saman, þá sést, að þeim ber ekki saman að öðru leyti en því, að í báðum er gert ráð fyrir þessari heimild. En í till. um frystihúsin er ekki gert ráð fyrir

neinni rannsókn, eins og í þessari. Veit ég ekki, hvort það stafar af því, að hv. flm. séu haldnir af einhverri tortryggni gagnvart þessum fyrirtækjum, sem hér ræðir um, fremur en gegn frystihúsunum.

Hv. flm. hafa ekki athugað sem skyldi samband það, sem er milli 1. og 2. gr. frv. Í 2. gr. er talað um viðskipti ríkisins og mjólkurbús Flóamanna, og er gert ráð fyrir, að mjólkurbúið greiði aftur þann helming af ríkissjóðsláni til stofnunar búsins, sem eftir verður, þegar frá er dreginn styrkur samkv. 1. gr. Ef það sýndi sig, að annað en helmingshlutfall yrði hér á, þá rækist þetta á 2. gr. Veit ég ekki, hvort hv. flm. hafa athugað þetta, en ef þeir vilja athuga það, þá býst ég við, að þeir hljóti að viðurkenna, að þetta er svona. Sem sagt, að það, sem þeir vilja tryggja með þessari brtt. sinni, er það, að ekki verði farið að veita að óþörfu viðbótarstyrk. En það er algerlega óþarft, því að það er vitað af ríkisstj., sem hefir lánað allt fé til Flóabúsins og auk þess ábyrgzt lán fyrir hin búin, og þar af leiðandi hefir kunnugleika á þessu og fylgist með um rekstur þessara búa, að það er hennar að gæta hagsmuna ríkissjóðs í þessu efni. Þá hefir þetta enga þýðingu í sjálfu sér, þó að þetta verði samþ. hvað það snertir, að þessi nauðsyn, sem hér um ræðir, er fullkomlega til staðar. En mér virtist að það koma þó fram í þessu talsvert ósamræmi við þessa till. um styrk til rjómabúa, að því er niðurlag till. snertir. Það er óviðkunnanlegt, að það sé verið að sýna tortryggni í öðru tilfellinu, sem hvergi kemur fram í hinu tilfellinu. Þar sem slíkt er með öllu ástæðulaust, þá virðist mér, að þingið eigi fremur að ganga á snið við að lögfesta slíkan hugsunarhátt.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en aðeins bæta því við, að við höfum gert grein fyrir því hér, að mjólkurbú Mjólkurfélags Rvíkur fengi nokkru lægri styrk en hin búin, sem er í samræmi við það, sem verið hefir, en með þessari brtt. er stjórninni a. m. k. gefið undir fótinn með að gera það jafnrétthátt hinum búunum, því að í brtt. er talað um að greiða allt að ¼ af stofnkostnaði hvers bús sem uppbótarstyrk til allra búanna án þess að nokkuð sé undanskilið Mjólkurfélag Rvíkur, en í frv. er ekki gert ráð fyrir, að það fái nema ⅜, í staðinn fyrir, að hin búin eiga að fá allt að því helming. Það getur vel verið, að hv. flm. till. geti falið þetta í því, að það er sagt, að eigi að greiða allt að, en ef þeir hefðu getað gengið inn á, að mjólkurbú Mjólkurfélags Rvíkur yrði sett skör lægra heldur en hin búin, þá hefði það átt að koma fram í till. eins og það kemur fram í frv. því, sem hér liggur fyrir. Það má leggja þann skilning í það, að þeir vildu þurrka burt þann mismun, sem gerður hefir verið á styrkveitingum til þessa bús og hinna búanna. (StgrS: Þetta er misskilningur hjá hv. þm.). Það er hægt að skilja till. þannig, en ég hefi ekki heyrt hv. þm. tala fyrir henni. Það getur verið, að þeir geti gefið einhverja aðra skýringu á meiningu hennar en sem í henni felst eða lesa má út úr henni. En eins og hún liggur fyrir, þá liggur næst að leggja þennan skilning í hana. Mér er ekki að öðru leyti en af sögusögn hv. 1. þm. Eyf. kunnugt um hag mjólkurbúsins þar, en hv. 1. þm. Eyf. getur gefið upplýsingar um það upp á sinn máta, eins og við höfum gefið upplýsingar um hag og afkomu búanna hér sunnanlands, ef það kynni að vera, að afkoma þess félags, sem hefir komið hv. flm. til að orða niðurlag sinnar brtt. á þann hátt, sem þeir hafa gert á þskj. 676.

**Steingrímur Steinþórsson:** Ég hafði ekki ætlað mér að lengja umr. mjög um þetta mál, en hv. þm. Borgf. hefir nú þegar talað alllengi um þetta atriði, svo ég get ekki lofað því, að það sé öruggt, að þessari 2. umr. málsins verði lokið á þessum fundi, þó ég annars hafi velvilja til þessa máls og vildi óska, að svo gæti orðið.

Ég vil þá geta þess, eins og hv. þm. Borgf. líka tók fram, að ég gat ekki fylgzt með samnm. mínum í landbn. í því að fylgja þessu frv. óbreyttu, vegna þess að mjólkurbúin samkv. þessu frv. eru algerlega tekin út úr og ætlaður meiri styrkur en öðrum hliðstæðum fyrirtækjum hér á landi. Vil ég þar vitna til ræðu, sem hv. þm. N.-Þ. hélt við 1. umr. þessa máls.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að frystihúsin og mjólkurbúin

eru hliðstæðar stofnanir hér á landi. Báðar hafa verið settar á stofn til þess að koma afurðum landsmanna í verð annaðhvort utan lands eða innan á hagkvæmari hátt en áður var.

Ég get ekki viðurkennt, að ástæða sé til að styrkja mjólkurbúin frekar en sláturhúsin eða frystihúsin, einkum með tilliti til þess að það er víst, að kjöt hefir fallið meira í verði heldur en mjólk.

Hv. þm. Borgf. hélt því fram, að ég ætti ekki að vera að rengja það, að mjólk hefði fallið í verði um 40 til 50%. En kjöt hefir fallið um meira en þetta. Ef taka á tillit til þessara hluta, þá ætti að styrkja frystihúsin meira en mjólkurbúin.

Það er fyrst og fremst af þessu, sem ég hefi ekki getað fylgzt með samnm. mínum um afgreiðslu þessa máls á þeim grundvelli, sem lagður er í frv. Þó get ég eftir atvikum fallizt á það að setja mjólkurbúin skör hærra en frystihúsin, því að með því, sem er í frv. því, sem afgreitt hefir verið til Ed., ég á þar við frv. til l. um ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar, er svo ákveðið, að frystihúsin fái aðeins ¼ af stofnkostnaði sínum sem styrk frá ríkissjóði. Þennan styrk hafa mjólkurbúin öll hlotið áður, þegar þau voru byggð, svo að með ákvæðum þess frv. hefir þegar verið jafnað milli þessara 2 aðilja, sem ég álít hliðstæða. Ég vil þó til samkomulags teygja mig svo langt að heimila, að mjólkurbúin verði styrkt með helmings framlagi miðað við stofnkostnað þeirra, ef undangengin rannsókn leiðir það í ljós, að þau, sökum yfirstandandi kreppu, geti ekki rekið starf sitt á heilbrigðum grundvelli. En ég get ekki fallizt á að gera svo mikið upp á milli þessara tveggja hliðstæðu stofnana, að sjálfsagt sé að styrkja hvert mjólkurbú með svona miklu framlagi, án þess að upplýst sé, hvort þörf er á því eða ekki. Ég álít það alveg út í bláinn hjá hv. flm. að setja mjólkurbú Mjólkurfélags Rvíkur svo miklu lægra en öll önnur mjólkurbú. Mér virðist það eitt rétt í þessu máli að láta fara fram rannsókn á hag allra þessara búa, eins og út af öðrum kreppuráðstöfunum, og láta þá rannsókn skera úr um það, hve mikill viðbótarstyrkur er nauðsynlegur fyrir hvert bú. Virðist eðlilegast, að mjólkurbú Mjólkurfélags Rvíkur sæti þar sömu meðferð og hin búin.

Ég álít þetta vera kreppuráðstöfun og að það eigi að rannsaka, að hve miklu leyti þörf er á að ganga lengra í fjárstyrk til mjólkurbúa en til frystihúsa, samkv. þessu frv. Þetta er mín skoðun, og ég hygg annara flm., sem ásamt mér fluttu brtt. á þskj. 676.

Hv. þm. Borgf. var eitthvað að tala um tortryggni hjá okkur gagnvart mjólkurbúunum. Þessu mótmælti ég algerlega. Við, sem viljum styðja þetta mál, en viljum aðeins breyta því á þennan hátt, það er engin tortryggni. Við fylgjum því, að jafnvel sé gengið lengra í að hjálpa mjólkurbúunum heldur en frystihúsunum. En við getum ekki fallizt á, alveg skilyrðislaust, að öll mjólkurbú fái helmingsframlag miðað við stofnkostnað sinn. — Ég vil líka í þessu sambandi benda á það, að þó þetta eigi ekki að skapa það fordæmi, að þau mjólkurbú eða rjómabú, sem framvegis verða stofnuð, eigi að njóta þessa styrks, þá verður það þungt á metunum, að búið er að veita þeim mjólkurbúum, sem þegar eru stofnuð, svona mikinn styrk, án þess að rannsókn hafi leitt í ljós, að yfirstandandi kreppa hafi skapað þá nauðsyn.

Ég hygg, að það sé heppilegra fyrir þróun þessara mála, að framkvæmd verði rannsókn á því, hvort þörf er fyrir þetta eða ekki, því að ef skilyrðislaust er veittur þessi styrkur til þeirra mjólkurbúa, sem búið er að stofna, þá er ekki hægt að standa á móti því, að þau bú, sem síðar verða stofnuð, fái sama styrk, ef þau krefjast þess. Vil ég því vænta, að brtt. okkar á þskj. 676 nái samþykki þessarar hv. d., því að ég hygg, að það, sem vakað hefir fyrir forgangsmönnum þessa máls, sé einmitt að gera þessi þjóðþrifafyrirtæki starfhæf á þessum krepputímum, sem nú ganga yfir land vort, og ég held, að brtt. okkar skerði það ekki, að það geti orðið. Samkv. henni á aðeins að fara fram óhlutdræg rannsókn á því, hvort þörf sé fyrir þennan styrk eða ekki. Það er ekkert annað. Aðeins á þeim grundvelli get ég fylgt því, að svona langt sé gengið eins og farið er fram á með styrk til mjólkurbúanna.

Hv. þm. Borgf. var að tala um það, að

1. þm. Eyf. mundi geta upplýst um þörf Mjólkurbús Eyfirðinga fyrir þetta fjárframlag. Ég efast ekki um það, að hvaða þm. sem er mundi geta gefið skýrslu um þörf hvaða fyrirtækis sem er í sínu kjördæmi fyrir fjárstyrk. En það er ekki fyrst og fremst hlutverk þessarar hv. d. að taka alveg gagnrýnislaust á móti öllum slíkum kröfum og telja það sem alveg fullnægjandi upplýsingar um þörf þeirra fyrirtækja. Þar verður að fara fram rannsókn af óhlutdrægum mönnum á því sviði, sem geti skýrt frá því, hvort þörf er á vegna þessara fjárhagsörðugleika að hlaupa undir bagga með þessum fyrirtækjum.

Við, sem erum flm. þessara brtt. á þskj. 676, erum allir úr kjördæmum, þar sem aðalframleiðsla bændanna er kjöt. Þessi héruð hafa orðið að leggja stórfé á síðustu árum til frystihúsbygginga. En við höfum sýnt framleiðendum mjólkurhéraðanna fullan skilning að vilja veita helmingi meira framlag til þeirra, ef þörf krefur, en viljum ekki gera það án þess að rannsókn leiði í ljós, að þess sé þörf. Hér er því um algert sanngirnismál að ræða, og alls ekki sæmandi fyrir deildina að afgr. málið á öðrum grundvelli en við leggjum til, af því að það er borið fram sem kreppuráðstöfun og ekki annað.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Nd., 15. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

**Björn Kristjánsson:** Ég hafði við fyrri hluta þessarar umr. kvatt mér hljóðs til að svara hv. frsm. En 1. þm. Skagf. hafði þá gert það á undan mér og í ræðu sinni svarað hv. flm. Get ég látið það nægja og fell því frá orðinu að mestu leyti. Ég vil aðeins taka það fram, að þegar við bárum fram brtt. okkar á þskj. 676, við 1. gr. frv., höfðum við eigi gætt þess, að sú breyt. leiddi til annarar nauðsynlegrar breyt. á 2. gr., en þar segir svo: „Mjólkurbú Flóamanna greiðir þann helming af ríkissjóðsláni til stofnunar búsins“ o. s. frv. Er þar byggt á því ákvæði 1. gr. frv., að ríkið greiði helming stofnkostnaðar þessara mjólkurbúa. Ef brtt. á þskj. 676 verður samþ., þá er því ekki slegið föstu, að ríkið greiði helming stofnkostnaðar, og þá ekki heldur fyrir mjólkurbú Flóamanna, þar sem aðeins verður um heimild að ræða fyrir ríkisstj. að greiða hluta, sem mest má nema því, að framlag ríkissjóðs verði helmingur stofnkostnaðar alls. Þessu má ná með því að í stað orðsins „helming“ í fyrstu málsgr. 2. gr. komi: hluta. Mun ég afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. þess efnis og vænti, að henni verði leyft að koma til umr. og atkv.

Að öðru leyti þarf ég eigi við að bæta það, sem háttv. 1. þm. Skagf. sagði um brtt. okkar við fyrri hl. þessarar umr.

**Bernharð Stefánsson:** Við fyrri hl. þessarar umr. vék háttv. frsm. n. því til mín, að ég gæti gefið upplýsingar um það, hvernig ástatt væri fyrir mjólkursamlagi Eyfirðinga á Akureyri. Hann sagðist búast við, út af brtt. á þskj. 676, að öll mjólkurbúin hér sunnanlands mundu verða þess styrks aðnjótandi, sem frv. getur um, eftir sem áður. M. ö. o.: að ekkert þeirra mundi geta starfað á heilbrigðum grundvelli, ef viðbótarstyrkur þessi verður ekki samþ. En háttv. frsm. bjóst þá við, að mjólkursamlag Eyfirðinga væri hið eina mjólkurbú, er kæmist af án viðbótarstyrks. Út af þessu vil ég nú fyrst og fremst taka það fram, að mér er ekki fyllilega ljóst, hvað háttv. till.-menn meina með orðunum „heilbrigðum grundvelli“ — hvað þeir skilja við þessi orð, að reka fyrirtækin á heilbrigðum grundvelli. Hitt þykist ég skilja, þótt ekki sé það beinlínis játað, að þessari till. er stefnt gegn mjólkursamlagi Eyfirðinga. Ég get búizt við því, þótt ég viti það ekki gerla, að mjólkursamlag Eyfirðinga sé e. t. v. eitthvað betur sett fjárhagslega heldur en sum önnur mjólkurbú á landinu. En ég fullyrði það, hvað sem þessu kann að líða, að það hefir ekki að neinu leyti betri aðstöðu til starfsemi sinnar heldur en önnur mjólkurbú. Norður í Eyjafirði er sízt betri aðstaða í þessu efni heldur en á Suðurlandsundirlendinu og í Borgarfirði. Í fyrsta lagi er markaðurinn fyrir afurðirnar sízt betri á Akureyri heldur en hér í Rvík. Það vita allir. Og í öðru lagi er töluverður aðstöðumunur að því leyti, að mjólkurbúin hér á Suð-

urlandi geta yfirleitt gengið hindrunarlaust allt árið. En í Eyjafirði eru erfiðleikar oft og einatt miklir á því að koma mjólkinni til samlagsins. Það hafa verið góðir vetur undanfarið, en samt hefir orðið að aka mjólkinni á sleðum og mikið af henni alls ekki komizt til samlagsins tíma og tíma úr vetrinum.

Ef því svo er, að mjólkursamlag Eyfirðinga er eitthvað betur sett en önnur mjólkurbú á landinu, sem ég skal þó ekki segja um hvort er, þá getur það ekki verið fyrir annað en það, að þar hafi verið gætt meiri fyrirhyggju um stjórn og rekstur fyrirtækisins heldur en annarsstaðar hefir verið gert. Og í öðru lagi kannske vegna þess, að félagsmenn hafi sýnt meiri sjálfsafneitun og ekki krafizt eins mikilla útborgana fyrir afurðirnar, heldur látið sér lynda, að lagt hafi verið til hliðar fé, til þess að tryggja fyrirtækið. Það er þá víst meiningin með þessari till., að mjólkursamlag Eyfirðinga og félagsmenn þess eigi að gjalda þess, ef svona er sem ég sagði, að meiri fyrirhyggju í rekstri og sjálfsafneitun félagsmanna hafi gætt hjá þeim heldur en meðal annara mjólkurbúa á landinu. Ég skal út af fyrir sig ekkert kvarta um þetta, en aðeins benda á, hvað hlýtur að liggja til grundvallar fyrir þessari till. Annars verð ég að segja það, burtséð frá þessari till., að ég kann ákaflega illa við þann anda, sem fram kemur í þessari till., sérstaklega vegna þess, frá hvaða mönnum hún er komin. Ég gæti betur unað því, að slík brtt. hefði komið frá einhverjum öðrum mönnum. Þessir menn vilja sem sé ekki láta veita þennan viðbótarstyrk til mjólkurbúanna sem viðurkenningu fyrir það, að hafa lagt út á nýjar brautir í þessu efni, né heldur sem endurgjald fyrir að hafa orðið að taka á sig aukakostnað, er óhjákvæmilega leiðir af því að ráðast í slíkar framkvæmdir áður en innlend reynsla er fengin í því efni. Nei, það vilja þeir ekki. Og alls ekki má hann vera til þess að stuðla að heilbrigðum atvinnurekstri, eftir þeirra skoðun. Það, sem þeir vilja, er, að ef eitthvað verður um þetta, að viðbótarstyrkur verði veittur, þá verði hann fátækrastyrkur og því skilyrði bundinn, að þau fyrirtæki, sem fá hann, verði rekin á óheilbrigðum grundvelli. Ég man nú reyndar ekki eftir því, að þegar ríkið hefir veitt atvinnurekstri, sem tilheyrir landbúnaðinum, stuðning, þá hafi það verið gert í þessu formi, sem hér er farið fram á í þessari till. Ríkið telur það þess vert að styðja að aukinni jarðrækt í landinu og veitir drjúgan styrk til þess. Bændur, sem njóta hans, eru mjög mismunandi efnum búnir. Má segja um suma þeirra, að þeir geti rekið bú sín á heilbrigðum grundvelli. Sumir þeirra kannske ekki. En styrkur þessi er greiddur út á unnin dagsverk, án tillits til þessa. Það hefir verið mikið talað um þetta mál í sambandi við frystihúsin, og það er víst með tilliti til þess, sem þessir hv. þm. hafa borið fram þessa brtt. En á það má benda, þegar þetta er borið saman, að mjólkurbúi með tilheyrandi tekjum er tiltölulega miklu dýrara að koma upp heldur en frystihúsi. Og í annan stað sé ég ekki beint, hvernig frystihúsum sem slíkum á að geta vegnað verr fyrir það, þó að þessi till. um mjólkurbúin verði samþ. Ég sé ekki, hvaða samband er þarna á milli. Mér finnst, að þessir hv. þm. hefðu getað flutt einhverjar sjálfstæðar till. um það, ef þeir telja þörf á því, að frystihús verði studd frekar heldur en hefir verið gert.

Þær röksemdir, sem fram hafa komið hjá hv. flm., líkjast því leiðinlega mikið, að till. þeirra væri sprottin af vissri tilfinningu, sem er að vísu algeng meðal mannanna, en ég vil þó ekki nefna hér. (**StgrS**: Hún kemur víst ekki fram hjá hv. 1. þm. Eyf. nú). Nei, alls ekki. Ég veit alls ekki, hvernig á að setja hana í samband við það, sem ég hefi sagt. Ég mæli ekki Kaupfélag Eyfirðinga undan því, að taka á sig það, sem ríkissjóður mundi annars gera, ef frv. yrði samþ. óbreytt. Ég bendi aðeins á þá staðreynd, á hvaða grundvelli og hvernig þetta kemur fram hjá hv. flm. brtt. Ég býst við því, að þótt þeir geti unnið þetta þrekvirki, að taka mjólkursamlag Eyfirðinga undan, en veita hinum búunum öllum viðbótarstyrk, getum við Eyfirðingar kannske rekið okkar mjólkurbú áfram fyrir því. En það sannar þó ekki, að rétt sé að gera þennan greinarmun á þessum grundvelli, sem flm. tala um. Það væri náttúrlega vel, að þær sveitir, sem svo illa eru settar,

að þær geta ekki framleitt annað en sauðfjárafurðir, gætu komið á hjá sér fjölbreyttari framleiðslu. Slíkt er sjálfsagt að styðja eftir því, sem við verður komið, og ég efast ekki um að í framtíðinni verði unnið að því að gera atvinnuvegina fjölbreyttari í landinu yfirleitt. En að það sé sérstaklega heppileg leið til þess, að þó að menn hafi hugmynd um, að í einhverri sveit sé ekki allt á hausnum, þá eigi að sparka í hana, það held ég alls ekki, heldur fari því fjarri.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira og ætla ekki að leggja kapp á þetta mál. En ég vildi aðeins láta hv. flm. brtt. vita, að ég hefi tekið eftir því, hvað fyrir þeim vakir.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það eru aðeins nokkur orð almennt um þá stefnu, sem virðist vera hjá Alþ. um þessar mundir í atvinnumálum.

Í þessu frv. er farið fram á, að styrkur til mjólkurbúa nemi helmingi stofnkostnaðar. Áður hafa þessi fyrirtæki verið styrkt með framlagi, sem nam ¼ stofnkostnaðar þeirra, og með því að veita þeim mjög hagkvæm lán fyrir hinum hlutanum. Þetta er nú verulegur styrkur, og ef atvinnurekstur ber sig ekki með því í venjulegum árum, þá finnst mér í þessu sem öðru stefnt í mesta óefni.

Það er sí og æ verið að kvarta undan dýrtíð, og einstökum mönnum og stéttum gefin sök á dýrtíðinni. En jafnframt eru a. m. k. á þessu þingi gerðar ráðstafanir til frambúðar til að halda við dýrtíðinni. Ég er ekki að tala um það, sem gert er fyrir landbúnaðinn vegna yfirstandandi kreppu. Ég á ekki við þær ráðstafanir, sem gerðar eru til að rétta hann við. En þegar þar að auki er farið inn á þær brautir, sem mér virðast algerlega skakkar í atvinnulífi landsmanna, þá vil ég benda á það.

Sumir menn virðast búast við því, að við getum rekið landbúnað með mikilli útflutningsstarfsemi, með því verðlagi á afurðum hans, sem nú er. En ef menn athuga verðlagið á heimsmarkaðinum, þá sjá menn, að þetta er blekking. Hvernig eigum við að reka útflutning á mjólkurvörum, þar sem mjólkurverðið er 8—9 aur. í Hollandi og Danmörku? En við teljum ekki, að við getum komizt af fyrir íslenzkan landbúnað með 16—20 aur. verði á lítra, án þess að fá styrk til að framleiða mjólkina fyrir þetta verð. Nú er t. d. smjörverðið í Danmörku, eftir nýjustu skýrslum að dæma, 1,45 kr. pr. kg. í 100 kg. pökkum af fyrsta flokks smjöri. Hér hefir gott smjör víðast verið selt á kr. 3,00—3,50 og jafnvel allt að 4,00 kr. Nú er bannaður innflutningur á þessari vöru, sem hægt er að fá miklu ódýrari annarsstaðar frá. Og farið er fram á að banna innflutning á niðursoðinni mjólk, sem unnin er úr hollenzkri mjólk. Náttúrlega hlýtur verðlagið stórkostlega að hækka við þessar ráðstafanir. Jafnframt fer kaupgjald nokkuð eftir verðlagi, ef rétt er með farið, þótt það hafi hér verið langt fyrir ofan það eðlilega í því sambandi.

Í skýrslum frá Board of Agriculture, U. S. A., 15. nóv. síðastl., er tekið fram, að verðlag á öllum framleiðsluvörum þar sé samanlagt að meðaltali 56 1/16% af verði því, sem var á framleiðslunni fyrir stríð. Hinsvegar eru vinnulaun þar, eftir sömu skýrslum að dæma, 84% af því, sem var fyrir stríð. Skattar og tollar, sem hvíla á landbúnaðinum þar, hafa aukizt um 250% síðan fyrir stríð. Landbúnaðarráðuneytið þar sér enga von um neina breyt. til batnaðar fyrir landbúnaðinn, nema með því að minnka framleiðsluna stórkostlega, og hefir á undanförnum árum ekki séð sér fært að grípa inn í, þótt hundruð þúsunda bænda hafi orðið að hætta við framleiðsluna. Hér hafa bændur til skamms tíma verið hvattir til að framleiða sem allra mest, án þess að nein von hafi verið um erl. markað fyrir afurðirnar, sem mundi borga nándar nærri það verð, sem framleiðendur nauðsynlega þurfa að fá. Ég held, að í þessu efni hafi verið ákaflega skakkt stefnt, en að það þurfi í þessu tilfelli eins og öðrum að minnka framleiðsluna, þegar ekki er hægt að selja hana því verði, sem þarf til þess að hún beri sig. Ég er orðinn undrandi yfir því, að þeir, sem hafa átt að veita forsjá landbúnaðinum — og ég á þar ekki sízt við Búnaðarfél. Ísl. —, að ráðandi menn þess hafa ekki, þrátt fyrir ábendingu frá öðrum þjóðum, gert tillögur til breyt. á framleiðsluháttunum. Við

þurfum áreiðanlega að breyta mikið til og framleiða fyrst og fremst þær landbúnaðarvörur, sem við getum notað sjálfir innanlands, svo sem grænmeti, garðávexti, egg og fugla, en fremur að draga úr annari framleiðslu.

Það er allmikið kvartað undan því, að þau atvinnufyrirtæki, sem hér ræðir um, mjólkurbúin, hafi orðið dýrari en búizt var við. En hvar sjáið þið annað í atvinnurekstri þessa lands og annara landa á undanförnum árum? Við höfum keypt skip frá útlöndum fyrir 5 árum. Fyrir 2 árum voru þau helmingi minna virði en það, sem við keyptum þau fyrir.

Það má benda á ishúsin úti um land, sem notuð hafa verið til að frysta fisk og fleira, en þó sérstaklega beitu. Þessi ishús hafa nær undantekningarlaust verið rekin með tapi, í sumum tilfellum svo tugum þúsunda nemur. Ég veit, að þau mundu verða seld nú, ef nokkur vildi kaupa þau, fyrir helming þess verðs, er þau kostuðu, þegar þau voru byggð 1929—1930, eða minna.

Ef yfirleitt ætti að koma í veg fyrir verðfall með styrk úr ríkissjóði til atvinnufyrirtækja, hvort sem er til lands eða sjávar, þá mundi lánstraust ríkissjóðs verða þrotið áður en því yrði fullnægt til hálfs, hvað þá til fulls. Menn mega ekki láta það blekkja sig, að á þessum, og því miður að mér sýnist á nálægum tímum, þá verður tap á atvinnuvegunum, líka á sjávarútvegi. Það var gerð lítilsháttar tilraun til þess í fyrra að bæta markaðsverð á fiski með því að stórútgerðin kom sér saman um að láta skip sín ganga a. m. k. 2 mán. skemur en venja er til á vertíðinni. Fiskframleiðsla lækkaði um 50—60 þús. skippund. Að nokkru leyti fyrir þessa ráðstöfun, svo og bætt sölufyrirkomulag, hækkaði verðið á erlenda markaðinum um full 20%.

Menn eru að tala um það, að þess megi vænta, að vöruverð fari hækkandi í heiminum. Já, það er von margra, en ekki vissa. En það er víst, að það kemur okkur ekki til góða á heimsmarkaðinum, nema við verðum nokkurn veginn samkeppnisfærir við aðra. Vitanlega kemur verðhækkun þeim fyrst og fremst til góða, sem geta framleitt ódýrt, því að þeir, sem geta haldið atvinnurekstri sínum í jafnvægi með núverandi verðlagi, þeir hafa fyrst hag af verðhækkuninni, sem menn nú eru að vona eftir, og þeir munu þá auka framleiðslu sína. En við, sem erum að selja með tapi, og mundum gera það, jafnvel þótt verðlagið hækkaði eitthvað, njótum ekki þessarar aðstöðu.

Þess vegna er að mínu áliti ekki um annað að gera fyrir okkur en að breyta þannig til, að neyta sem mest sjálfir af landbúnaðarafurðum okkar, þegar nú stendur svo á, að yfirleitt í öllum löndum nema Englandi er framleitt miklu meira af slíkum vörum heldur en þjóðirnar geta, hver fyrir sig, notað til eigin neyzlu eða markaður er fyrir. Það er hrein blekking að halda því fram, að hægt sé, eða að ætla sér að halda uppi vöruverði, sem er 50—100% fyrir ofan heimsmarkaðsverð, með styrkjum á einn eða annan hátt. Slíkt er firra, sem getur ekki lengi blessazt, því að vitanlega verður að taka það, sem er fram yfir 25 eða 30% af venjulegu markaðsverði, af einhverri annari framleiðslu. Og frá öðru en framleiðslunni fáum við ekki peninga.

Ég sé ekki, eins og nú horfir, að nein von sé um verulega bót að því er landbúnaðarframleiðslu okkar snertir, ef ekki er hægt að framleiða fyrir lægra verð en nú er, nema með því að breyta til um framleiðslu að verulegu leyti. Í þessum kvörtunum, sem hér hafa komið fram, er nokkur barlómur, eins og kemur fyrir, þegar menn gefa opinberlega skýrslur um sínar framkvæmdir. Þess vegna get ég ekki fylgt þessu frv., og líka vegna hins, sem ég þykist hafa gert grein fyrir, að ég álít, að hér sé boginn spenntur of hátt, sem geti leitt til þess, að hann bresti, ef ekki er að gætt í tíma.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 692, II) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Pétur Ottesen)** [óyfirl.]: Ég drap á síðast, að hv. flm. brtt., er hafa sniðið brtt. eftir ákvæðum um styrk til frystihúsa, gengju lengra en þörf er á. Ég sagði þá, að mér virtist felast tortryggni í brtt. Má vera, að þetta hafi verið orsök þess, hve fast hv. 1. þm. Skagf. tók á orðum mínum. Ég er þess viss, að það skiptir

ekki máli um framlag ríkissjóðs, hvort 1. gr. verður orðuð eins og í brtt. eða frv. Mér er kunnugt um, að hagur mjólkurbúanna er þannig, að allt veltur á því fyrir þeim, að þau fái þessa hjálp. Hv. 1. þm. Eyf. hefir lýst hag þess mjólkurbúsins, sem ég þekki sízt til, búsins á Akureyri, og staðfesti sú lýsing fullkomlega skoðun mína. Að því leyti kemur í sama stað niður, þótt brtt. verði samþ. En þar sem brtt. um styrk til frystihúsa hefir verið höfð til fyrirmyndar, hefði ég talið betra, að þeir hefðu gengizt inn á samkomulag um að orða þessa brtt. alveg á sama hátt eins og verður, ef orðin „ef rannsókn ...“ og til enda eru felld niður. Ég mun því bera fram skrifl. brtt. þessa efnis. En þótt sú till. verði samþ., er auðvitað alls ekki meiningin, að stjórnin láti ekki fara fram rannsókn áður en hún veitir styrkinn. Álít ég, að það felist m. a. í orðalaginu, „allt að ¼“, sem sýnir, að stjórnin er ekki bundin við vissa upphæð. Ég vona því, að allar deilur um þetta atriði geti fallið niður og get því látið ýmsu ósvarað í ræðu hv. 1. þm. Skagf.

Það hefir verið sagt, að þetta gæti gefið fordæmi um að greiða til mjólkurbúanna helming í staðinn fyrir einn fjórða stofnkostnaðar. Ég hefi bent á, að í fjárlfrv. er ákveðinn ¼, og ætti það að vera nægileg bending um, að svo skuli vera framvegis. Þessi viðbótarstyrkur er eingöngu veittur vegna kreppunnar. Stofnkostnaður hefir stundum farið allt að helmingi fram úr áætlun. En til þess að taka af skarið vil ég bera fram skrifl. brtt. um að skjóta inn í brtt. þeirra hv. þm. N.-Þ., hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. V.-Húnv. aths. um, að styrkurinn sé veittur vegna yfirstandandi kreppu. Mundi 1. gr. þá verða á þessa leið:

„Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði, vegna yfirstandandi kreppu, viðbótarstyrk til mjólkurbúanna í Eyjafirði, Borgarfirði, Árnessýslu og Reykjavík, er nemi allt að ¼ af stofnkostnaði þeirra hvers fyrir sig“.

Hér hefir þá verið gengið á móts við flm. brtt. og aðra, sem óttast, að hér sé verið að gefa fordæmi um hærri styrk en áður. Þetta er svo góður grundvöllur til sátta, að allar frekari deilur ættu að geta fallið niður.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði almennt um, hvernig taka bæri af Alþingis hálfu slíkum óskum um stuðning, og skildist mér á honum, að hann vildi ekki ljá þeim liðsyrði. Hann sagði m. a., að hér væri verið að ganga inn á þá braut, að halda uppi atvinnuvegi, sem ekki gæti borið sig af sjálfsdáðum. Það, sem nú er gert vegna landbúnaðarins, bendir alls ekki til þess, að hið opinbera eigi að standa undir landbúnaðinum í framtíðinni, heldur á það aðeins að stuðla að því, að þessi atvinnuvegur geti fleytt sér yfir örðugleika kreppunnar. Verðfall á landbúnaðarafurðum síðustu árin nemur 70%, svo að ekki er furða, þótt einhversstaðar sjái á. Því er allt tal um óeðlilega hjálp frá öðrum atvinnuvegum alveg út í bláinn og verður ekki rakið til þeirra ráðstafana, sem nú hafa verið gerðar. Ég býst ekki við, að hægt sé í fljótu bragði að benda á þann atvinnurekstur við sjóinn, sem tekið gæti við fólkinu úr sveitunum.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði um, að ráðstafanir væru gerðar til að halda uppi dýrtíð í landinu. Býst ég við, að hann hafi þar átt við till., sem fram hafa komið í þá átt að tryggja landbúnaðinum markað fyrir vörur sínar í landinu sjálfu. Þingið hefir hingað til ekki tekið svo vel í slíkar till. sem ég hefði óskað. Þetta mál hefir tvær hliðar, og þetta er aðeins önnur hliðin og sú, er minna máli skiptir. Hún er sú, að á þennan hátt verður tvennt gert í senn, efld íslenzk framleiðsla og dregið úr atvinnuleysinu. Með því að tryggja innlendri framleiðslu innlendan markað er stigið stórt spor í þá átt að útrýma þessum vágesti, atvinnuleysinu. Allar þjóðir hafa meira og minna gripið til þeirra ráða að hindra innflutning á þeim vörum, sem framleiddar eru í landinu sjálfu, annaðhvort með tollum eða innflutningshöftum, og það jafnvel ákveðin friverzlunarþjóð eins og Englendingar.

Það var fullkomin mótsögn hjá hv. þm., að jafnframt því sem hann var að átelja ráðstafanir til að hækka verðlagið, benti hann á leið til þess, með því að minnka framleiðsluna. Það yrði auðvitað til þess að hækka vöruverðið, því að sennilega ætlar hv. þm. sér ekki að láta allar dyr standa opnar til að slá niður þá litlu

framleiðslu, er hann vill láta vera eftir í landinu.

Það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði um mjólkurverðið, var alveg á misskilningi byggt. Framleiðendur mjólkur, sem smjör og ostar er unnið úr, fá um 12—14 aur. fyrir pottinn. Fyrir austan fjall fá framleiðendur 16—18 aur. Kringum Rvík er verðið nokkru hærra, en þó nokkuð misjafnt. Mun það þegar bezt lætur vera 22 aurar.

Hv. þm. sagði, að verðfallið í Bandaríkjunum væri 45%, miðað við verðlag fyrir stríð. Gærur og ull hafa fallið meira en þetta hjá okkur, og kjötið líka. Bændur fengu í haust ekki nema 20 aur. fyrir ½ kg., og jafnvel aðeins 12½ eyri. Svo var þetta í Rvík, og hafa þó bændur úti um land orðið harðar úti. Fyrir fyrstu sendinguna af frystu kjöti til Englands fengust ekki nema 20 aur. fyrir ½ kg., og var þá eftir að draga frá kostnað innanlands. Kjötið hefir fallið um 65% og mjólkin eftir upplýsingum hv. þm. G.-K. um 70% síðustu þrjú árin.

Mér þótti vænt um, að hv. þm. N.-Ísf. talaði um nýbreytni í búnaðarháttum, að gera framleiðsluna fjölbreyttari og að laga sig meira eftir innlendum sölumöguleikum, t. d. með því að auka nautgriparækt, einkum þar sem léleg eru beitilönd, og auka framleiðslu á eggjum og grænmeti og efla alifuglarækt. Þetta hefir oft verið brýnt fyrir mönnum hér í deildinni og verið farið fram á stuðning við þessi þjóðfélagslegu nauðsynjamál, með því að tryggja þessum framleiðsluvörum innlendan markað, en ég verð að segja, að hv. þm. N.-Ísf. hefir ekki alltaf verið þeim megin í þeim málum, sem betur gegndi.

Þetta vinnst upp og meira til, þegar litið er á þjóðfélagsheildina, því með því er dregið úr því þjóðarböli, sem atvinnuleysið er orðið. Það leiðir af sjálfu sér, að þeir skattar og tollar, sem lagðir eru á hvern einasta mann og hvert einasta atvinnufyrirtæki í landinu, til þess að mæta þeim útgjöldum, sem hið opinbera hefir orðið að taka á sig vegna atvinnuleysisins, hljóta að verða yfirfærðir á vöruverðið í landinu. Það er engin leið til að skaffa fé til að bera þær byrðar, sem af atvinnuleysinu stafa, án þess að það komi niður á vöruverðinu. Eins og nú standa sakir, á því atvinnuleysið stærstan þátt í að viðhalda dýrtíðinni í landinu. Þess vegna er líka stuðningur til handa atvinnuvegunum og ráðstafanir til þess að landsmenn geti sjálfir notið sem bezt innanlandsmarkaðarins stærsti þátturinn í því að sporna á móti hækkandi vöruverði. Samkv. skýrslum, sem ég hefi fengið, hefir verið greitt hér í Rvík á síðasta ári um 600 þús. kr. í atvinnuleysisstyrki og til atvinnubótavinnu. Í þeirri upphæð felst einhver ofurlítill stuðningur við matgjafir, sem hér hafa farið fram, en þær eru líka vegna atvinnuleysis. Aftur er alls ekki talið þarna með neitt af þeim geysilegu upphæðum, sem greiddar hafa verið hér í fátækrastyrki, og stafar þó allmikill hluti þeirra af atvinnuleysinu. Það á eflaust verulegan þátt í dýrtíðinni hér í Rvík, að jafna verður þessum geysilega kostnaði niður á íbúa bæjarins og atvinnufyrirtæki þau, sem hér starfa.

Svona er þetta mál, þegar á það er litið frá almennu sjónarmiði. Því er rangt, þegar talað er um stuðning við atvinnuvegina, að dæma út frá því einu, að hann hamli á móti innflutningi og hækki vöruverðið í landinu. Því aðeins getur fallið réttur dómur um þessa hluti, að einnig séu teknar með í reikninginn þær miklu byrðar, sem leiðir af atvinnuleysinu og hvernig þær verka á vöruverðið.

Ég ætla svo ekki að fara um þetta fleiri orðum, en endurtek það, að í þessu máli ættum við að geta mætzt á þeim grundvelli, sem ég hefi bent á, og afhendi ég nú forseta brtt. mína.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svohljóðandi skrifl. brtt. frá hv. þm. Borgf.: [Sjá þskj. 692, I].

Vil ég leita afbrigða frá þingsköpum um, að till. þessi megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Steingrímur Steinþórsson:** Ég sé ekki ástæðu til að lengja mikið umr. um þetta mál; verð þó að segja örfá orð út af ræðu hv. 1. þm. Eyf. Hann taldi, að brtt. okkar við 1. gr. frv. væri sérstaklega stefnt

gegn mjólkursamlagi Eyfirðinga. En ég mótmæli algerlega, að henni sé beint gegn nokkru einstöku mjólkurfélagi. Í brtt. kemur einungis fram það, sem sumir af flm. frv. hafa þegar fallizt á, að hér sé um að ræða sérstaka ráðstöfun til hjálpar mjólkurbúunum vegna yfirstandandi kreppu, en ekki ákvörðun um, að framvegis skuli ríkið leggja fram sem styrk helming stofnkostnaðar þeirra mjólkurbúa, sem stofnuð kunna að verða. Það dettur engum í hug, að ef frv. væri samþ. óbreytt, yrði hægt að standa gegn því, að ríkið greiddi sama styrk til nýrra mjólkurbúa. Þá væri skapað fordæmi, sem ekki yrði hægt annað en fara eftir. Þetta eitt liggur til grundvallar okkar brtt. Mótmæli ég því harðlega öllum brigzlyrðum í þá átt, að hún sé fram borin af einhverjum verri hvötum. Það er síður en svo, að við sjáum ofsjónum yfir því, þó Mjólkursamlag Eyfirðinga fengi nokkrar krónur af þessum mjólkurbúastyrk, ef það hefir þörf á því. En hafi það enga þörf fyrir slíka hjálp, þá sé ég enga ástæðu til að veita því hana fremur en öðrum fyrirtækjum. Það eru áreiðanlega mörg fyrirtæki í landinu, sem kæmi mjög vel að fá einhverja hjálp á þessum tímum. Hv. þm. var að tala um, að þetta mætti ekki vera stuðningur við heilbrigðan atvinnurekstur. Ég veit ekki, hvað hann á við með því. Við viljum einmitt hjálpa heilbrigðum atvinnurekstri, sem ekki getur þó staðizt yfirstandandi kreppu. En að hjálpa atvinnurekstri, sem ekki þarf virkilega á hjálp að halda, í því er ekkert réttlæti og engin sanngirni á neinn hátt.

Hv. þm. talaði um, að miklu dýrara væri að koma upp mjólkurbúum heldur en frystihúsum. Já, það er nokkru dýrara, en munurinn mun ekki vera mikill. Kostnaðurinn við að koma upp frystihúsi hefir komizt upp í 200 þús. kr., og ég hygg, að sum mjólkurbúin hafi varla orðið svo dýr. Dýrasta mjólkurbúið kostaði um 400 þús. kr., en það varð líka langsamlega dýrast. Stofnkostnaður þessara tveggja tegunda fyrirtækja er því mjög sambærilegur. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara út í neinn samjöfnuð þar á milli. Hv. þm. benti á, að við hefðum getað farið fram á viðbótarstyrk til frystihúsanna. Ég hefi eigi séð mér það fært. Ég tel ekki rétt að veita fyrirtækjum slíka aukafjárveitingu, nema brýna nauðsyn beri til. Út í það efni sé ég eigi ástæðu til að fara frekar, en mótmæli harðlega, að einhverjar sérstakar hvatir liggi til grundvallar fyrir brtt. okkar. Mér finnst hún sprottin af eðlilegum skilningi á því máli, sem hér liggur fyrir, og hvernig ber að leysa það.

Um ræðu hv. frsm. landbn. og þá skrifl. brtt., sem hann hefir borið hér fram, get ég verið stuttorður. Hann hefir gengið þar að miklu leyti inn á það, sem fyrir okkur vakti. Er það því aukaatriði fyrir mér, hvort till. hans er samþ. eða ekki. Ég vænti, að hæstv. stj. taki til greina það, sem fram kom í ræðu hv. frsm. og ég nú vil endurtaka, að ætlazt er til, að greiðsla þessa ¼ af stofnkostnaði mjólkurbúanna fari fram að undangenginni rannsókn á hag þeirra, og því aðeins, að þess sé brýn þörf. Verði þessum skilningi ekki mótmælt, tel ég ekki skipta miklu máli, þó ekki standi í frv. sjálfu þau orð, sem hv. þm. Borgf. vill fella niður, því ég geri ráð fyrir, að hæstv. stj. hagi framkvæmdum eftir þeim ummælum, sem hér hafa fallið. Sé ég svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta atriði.

Mér hafði dottið í hug að segja nokkur orð út af ræðu hv. þm. N.-Ísf., en hv. þm. Borgf. hefir nú svarað henni að nokkru leyti. Það er ekki af því, að ég geti ekki fallizt á ræðu hans að ýmsu leyti, en hann dró fram dæmi viðvíkjandi aðstöðu bænda hér á landi, sem mér virtust alls ekki rétt. Hann talaði t. d. um, að bændum dygði ekki að fá 20—22 aur. fyrir mjólkurpottinn. Það má vera, að mönnum dugi það ekki hér við Rvík, en ef bændur fengju almennt verð sem því svarar fyrir afurðir sínar, þá mundum við ekki þurfa að vera að bollaleggja um þær ráðstafanir hér, sem nú á að gera til viðreisnar landbúnaðinum, því þá mundu bændur standa sig vel. En því miður er verðlag landbúnaðarafurðanna yfirleitt margfalt lægra en þessu svarar. Hv. þm. benti á það sem eitthvað sérstakt, að í Bandaríkjunum væri verðlag landbúnaðarafurða orðið lægra heldur en fyrir stríðið. Þetta er ekki annað en það, sem hér er orðið líka. Í haust fékkst t. d. ekki

nema 6—7 kr. fyrir dilka. Ég man ekki betur en þeir væru í hærra verði 1912—1914. Þá munu hafa fengizt 8—9 kr. fyrir dilkinn, og það í betri krónum. Það er því ekkert einstakt dæmi, þó vöruverð sé komið niður fyrir það, sem var fyrir stríðið; það mun vera svo í flestum löndum. Það er ekki að miða við mjólkurverðið hér í Rvík, sem er alveg sérstakt, heldur verður að líta á hið almenna ástand. Vegna þess ástands verður að grípa til hinna sérstöku ráðstafana til hjálpar landbúnaðinum. Það er ekkert einsdæmi hjá okkur; svipaðar ráðstafanir er verið að gera í ýmsum löndum í kringum okkur. Þó stendur að einu leyti öðruvísi á hjá okkur en öðrum þjóðum. Við höfum lagt svo óhemju mikið fé í landbúnaðarframkvæmdir á síðustu árum, eftir okkar mælikvarða, að vart finnst hliðstætt dæmi hjá öðrum þjóðum. Við vitum, hvernig landbúnaðurinn var rekinn hér til skamms tíma, og hvernig hann er rekinn að miklu leyti enn. Bændur hafa næstum því ekkert af verkfærum, sem svara kröfum tímans, og vinna svo að segja með miðaldaaðferðum. Nú hefir verið lagt stórfé í það að færa búskapinn í nútíðarhorf, og það fé er víða ekki farið að svara vöxtum enn. Það hefir verið lagt mikið fé í að rækta jörðina, en hún er víða ekki komin í rækt enn. Þess vegna er aðstaða ísl. bænda erfiðari nú heldur en stéttarbræðra þeirra erlendis. Landbúnaðarkreppan lagðist á okkur með öllum sínum þunga á allra óheppilegasta tíma. Í nágrannalöndunum voru búnaðarumbæturnar komnar að gagni löngu áður, og þurftu bændur þar því ekki annað en halda í horfinu.

Ég undra mig ekkert á því, þó menn eins og hv. þm. N.-Ísf., sem er að nokkru leyti fulltrúi fyrir annan atvinnuveg, bendi á það, að hér sé verið að færa landbúnaðinum miklar fórnir; það er ekki nema eðlilegt. En ég vildi vekja athygli á því, að mér fannst hv. þm. ekki gera eins mikið úr verðfalli landbúnaðarafurðanna eins og það er í raun og veru. Árið 1928 seldum við Skagfirðingar dilkana á 18—20 kr. og töðuhestinn einnig á 18—20 kr. Nú fáum við ekki nema 7 kr. fyrir dilkana og þykir gott, ef við getum selt töðuhestinn fyrir 5 kr. heima á túninu. Þetta sýnir, hvað hinar fábreyttu afurðir ísl. bændanna hafa fallið gríðarlega í verði á svona skömmum tíma. Það er varla hægt að hugsa sér, að atvinnurekstur, sem verður fyrir slíku skakkafalli, geti gengið sinn eðlilega gang án sérstakra ráðstafana.

Um það, að auka þurfi fjölbreytni atvinnuveganna, er ég hv. þm. alveg sammála. Ég býst við, að það þurfi beinlínis að umskapa okkar landbúnað í framtíðinni. Nokkrar ráðstafanir hafa líka þegar verið gerðar á þessu þingi til þess að auka fjölbreytni framleiðslunnar. Það hafa verið sett l. um innflutning karakúlafjár og um innflutning erlendra nautgripa af holdakyni. Fleira mætti benda á, sem sýnir, að menn hafa opin augu fyrir þessari þörf og vilja skapa möguleika til þess að umskapa landbúnaðinn eftir því sem kringumstæðurnar heimta nú og framvegis.

Ég sé ekki ástæðu til að koma frekar inn á það mál, sem hér liggur fyrir. Ég mun út af fyrir sig láta afskiptalaust, hvort brtt. hv. þm. Borgf. er samþ. eða ekki.

**Jónas Þorbergsson:** Ég ætla aðeins að minnast ofurlítið á þær brtt., sem hér liggja fyrir.

Ég vil ekki álíta, að hv. flm. brtt. á þskj. 676 hafi borið hana fram í þeim ákveðna tilgangi, að við niðurstöðu málsins yrði eitt af mjólkurbúum landsins undanskilið. Enda hefir hv. flm. í grg. fyrir till. lýst þeim tilgangi hennar, að koma í veg fyrir, að fordæmi skapist, og að færa frv. til samræmis við aðrar ráðstafanir hliðstæðar, t. d. styrk til frystihúsanna. Hinsvegar má telja víst, að niðurstaðan af þeirri athugun, sem brtt. gerir ráð fyrir, verði sú, sem hv. 1. þm. Eyf. drap á, nefnilega, að mjólkursamlag Eyfirðinga yrði undanskilið þeim viðbótarstyrk, sem hér er um að ræða, því það mundi sennilega ekki verða talið hans þurfandi. En ég verð að segja það, af því að ég er nokkuð kunnugur samvinnumálum Eyfirðinga, að ég teldi þá niðurstöðu í hæsta lagi ómaklega. Eyjafjörður er eitt af elztu og merkustu samvinnuhéruðum landsins. Samvinnufélagsskapurinn þar hefir verið svo heppinn að njóta

hinnar ágætustu forustu og góðra starfskrafta. Honum hefir verið stjórnað af ráðdeild og dugnaði. Sjálfir eru Eyfirðingar dugnaðarmenn og gætnir í fjármálum sínum. Eitt af því, sem telja má, að þeir hafi haft forgöngu í, er einmitt stofnun mjólkurbúa hér á landi. Kaupfélag Eyfirðinga hóf fyrst undirbúning í þessa átt og stofnaði fyrsta nýtízku mjólkurbú hér á landi. Og óhætt má staðhæfa, að Mjólkurbúi Eyfirðinga hafi frá öndverðu verið stjórnað af miklum dugnaði og hagsýni. Þess vegna yrði niðurstaðan e. t. v. sú, ef rannsakaður væri hagur mjólkurbúanna, að hagur þessa mjólkurbús yrði álitinn það betri en hinna, að ekki væri ástæða til að láta það njóta þess stuðnings, sem frv. ræðir um. Í reyndinni kæmi þetta þá þannig fram, að Eyfirðingar, einhverjir fremstu og beztu samvinnumenn landsins, yrðu á þennan hátt að gjalda dugnaðar síns og forustu sinnar á þessu sviði. Það tel ég alls ekki maklegt og get ekki veitt neinn stuðning til slíks.

Það hefir verið vikið að því í þessum umr., að mjólkursamlag Eyfirðinga stæði betur að vígi heldur en önnur mjólkurbú á landinu. Ég hefi nú í þeim fáu orðum, sem ég hefi sagt hér, bent á, í hverju það er fólgið, ef það stendur betur að vígi. En á annað hefir ekki verið bent, sem einnig getur komið til greina í þessu máli, og það er, að Eyfirðingar hafa um sumt lakari aðstöðu til þess að reka mjólkurbú heldur en héruðin á Suðurlandi. Í Eyjafirði hagar svo til, að þar getur gert svo mikil snjóalög, að þau hindri að miklu leyti alla flutninga og þar með starfsemi mjólkurbúsins mikinn hluta af árinu. Þann aðstöðumun finnst mér einnig ástæða til að taka til greina við afgreiðslu þessa máls.

Ég hefi hugsað mér við atkvgr. að fylgja frv. óbreyttu, en greiða atkv. á móti brtt., því ég tel, að þær geti leitt til þeirrar niðurstöðu, sem ég hefi drepið hér á og ég teldi í hæsta lagi óréttmæta.

**Atvmrh. (Þorsteinn Briem):** Ég vil aðeins leyfa mér að mæla með því, að skrifl. brtt. frá hv. þm. Borgf. verði samþ., því hún felur í sér þau atriði, sem sérstaklega verður að taka til greina í þessu máli. En það er, að ekki skapist fordæmi, sem þingið teldi sig bundið við í framtíðinni, og að málið verði vel athugað áður en það fær fullnaðarafgreiðslu frá stj.

Skal ég svo ekki lengja umr. frekar.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Mér er ekki alveg ljóst, hvað það er, sem vakir fyrir flm. þessa frv., hvort það er frekar þörf þeirra mjólkurbúa, sem hér er talað um, að fái aukastyrk, eða fullvissan um það, að Mjólkurbú Flóamanna geti ekki staðið undir þeim skuldbindingum, sem á því hvíla, og því beri nauðsyn til að létta þær. Mér skilst vera gengið út frá því í frv., að Mjólkurbú Flóamanna geti greitt 200 þús. kr. af stofnkostnaði sínum. Því er slegið föstu í grg. frv., að frv. muni ekki hafa nein bein útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Það má vera, að það verði ekki, en ég hygg, að Mjólkurbú Flóamanna geti ekki greitt þær 200 þús. kr., sem því er ætlað að greiða samkv. frv., og ef svo færi, lenti það óbeinlínis á ríkissjóði, þar sem búnaðarbankinn yrði að afskrifa skuldina hjá sér.

Mér finnst, að það hefði verið miklu eðlilegri leið í þessu máli að taka Mjólkurbú Flóamanna út úr og gera það upp á þann hátt, að það yrði sæmilega starfhæft. Jafnframt mætti taka til athugunar aðstöðu hinna mjólkurbúanna til rekstrar, og ef það kæmi í ljós, að einhver þeirra stæðu ekki á sæmilegum grundvelli fjárhagslega, væri sjálfsagt að rétta þeim á einhvern hátt hjálparhönd.

Nú í umr. hefir verið gerður samanburður á frystihúsunum og mjólkurbúunum, og því hefir verið haldið fram, að mjólkurbúin væru hlutfallslega miklu dýrari fyrirtæki heldur en frystihúsin, en þetta er alls ekki rétt, a. m. k. alls ekki, ef tillit er tekið til þess vörumagns, sem húsin hvor fyrir sig umsetja. Ég skal nefna sem dæmi, að mjólkursamlag Eyfirðinga umsetti mjólkurvörur fyrir um 285 þús. kr. síðasta ár, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi getað fengið, skilst mér, að sú bygging hafi kostað um 150 þús. kr. Til samanburðar ætla ég að taka það frystihúsið, sem fyrst var reist hér á landi með það fyrir augum að flytja út freðið kjöt. Byggingarkostnaður þess varð um 100 þús. kr., en á síðastl. ári

var með því verðlagi, sem þá var á vörum, hægt að umsetja í þessu húsi vörur, sem voru seldar fyrir um 70 þús. kr. Hvor stofnunin halda svo háttv. þm., að vinni meira gagn í hlutfalli við stofnkostnað, sú, sem kostar 150 þús. kr. og umsetur vörur fyrir nær 300 þús. kr., eða hin, sem kostaði 100 þús. kr. og umsetur vörur fyrir 70 þús. kr.?

Þau ákvæði, sem snerta frystihúsin og felast í frv. því um ýmsar ráðstafanir vegna kreppunnar, sem nýlega er afgreitt, voru eingöngu til þess að færa þessi fyrirtæki, frystihúsin, inn á sama grundvöll gagnvart ríkissjóði og mjólkurbúin eru nú á. Og ef hægt er að sýna fram á það með rökum, að mjólkurbúin standi ekki verr að vígi en frystihúsin, heldur miklu betur, þá sést, að það hefir verið fullkomin ástæða til þess að leiðrétta það misræmi, sem átt hefir sér stað milli þessara tveggja náskyldu fyrirtækja hvað ríkissjóðshjálp snertir. Það er vitanlega eins nauðsynlegt, að frystihúsin séu til í kjötútflutningshéruðunum eins og rjóma- og mjólkurbúin eru nauðsynleg til þess að gera mjólkina markaðshæfa. Og það má einnig benda á það, að mjólkurframleiðendur bera nú ólíkt meira úr býtum en kjötframleiðendur. T. d. hefir mjólkursamlag Eyfirðinga getað borgað 19½ eyri á hvert kg. mjólkur. Þetta er hreint ekki svo lítið og miklu meira en það, sem kjötframleiðendurnir fá fyrir kjötið. Að sjálfsögðu er rétt að taka það fram, að Eyfirðingar hafa sýnt svo stórkostlega miklu betri útkomu heldur en hin mjólkurbúin, og það svo, að það ætti kannske að stuðla að því með löggjöf, að þau lærðu af mjólkursamlagi Eyfirðinga, því ég sé enga eðlilega ástæðu fyrir því, að það geti veitt sínum meðlimum betri kjör en hin félögin. Það hlýtur að stafa af einhverri óheyrilegri óreiðu eða dáðleysi í rekstri þessara fyrirtækja hér fyrir sunnan, að útkoman er svo léleg sem raun er á. Við því er ekki hægt að gera, sem mistekizt kann að hafa um stofnun þessara fyrirtækja, úr því sem komið er, en ólagið á rekstri þeirra verður að lækna, ef á að fara að styrkja þessar stofnanir enn. Það verður að vera tryggt, að þær hér eftir feti ekki í sín fyrri fótspor með svo herfilegri ráðsmennsku með fé þjóðarinnar sem þar sýnist hafa verið. Ég skal fúslega játa það, að þegar á að styrkja slík fyrirtæki sem mjólkurbúin, þá sé ekki síður ástæða til þess að verðlauna þau félög, sem bezta afkomu sýna á rekstri sínum, en ég tel þetta frv. ekki fram komið í þeim tilgangi að verðlauna neina, heldur sé aðaltilgangur þess sá, að reyna að bjarga Flóabúinu upp úr því feni, sem það er sokkið í. Það er nú þannig statt, að það er ekki hægt að hjálpa því á annan hátt en að gefa því, en hvort þá á líka að gefa öllum hinum mjólkurbúunum eins, það er náttúrlega álitamál, þegar um slíkan fátækrastyrk er að ræða sem hér er. Þegar sá, sem þarfnast fátækrastyrks, fær styrk hjá bæjar- eða sveitarfélagi, þá fær hinn, sem ekki þarf styrks með, heldur engan styrk, þó vel mætti segja, að það væri fullkomlega sanngjarnt. Þetta er nú einu sinni svo, og hér getur það ekki orðið öðruvísi. Þjóðfélagið þarf að hjálpa þeim, sem ekki geta hjálpað sér sjálfir, og það kemur niður á hinum, sem betur gengur.

Svo að ég víki aftur að samanburði á mjólkurbúunum og frystihúsunum, þá mun það vera svo, að allmikill hluti af stofnkostnaði mjólkurbúanna mun hafa farið til þess að gera þau sem vönduðust og sem mestar framtíðarbyggingar. Aftur er það áreiðanlegt, að ef eins hefði verið farið að við byggingu sumra frystihúsanna, þá hefðu þau orðið miklu dýrari en þau urðu. Sá verðmunur stafar að nokkru leyti af þeim barnasjúkdómum þessara fyrstu húsa, sem stöfuðu af því, að mönnum var fyrst ekki nægilega ljóst, hverjar leiðir voru beztar um form og fyrirkomulag á húsunum. Og ég get a. m. k. sagt það um fyrsta frystihúsið, sem byggt var og ég er kunnugastur, að það hefði verið byggt æðimikið öðruvísi en gert var, ef átt hefði að byggja það nú. Og úr því að á það hefir verið bent, að vel væri til fundið að verðlauna þau mjólkurbú, sem brotið hefðu ísinn hér á landi, þá get ég ekki stillt mig um að minna á það, að ekki væri síður ástæða til að verðlauna þau félög, er reistu fyrstu frystihúsin, því hvað sem verða kann um frystikjötsmarkaðinn í framtíðinni, þá er þó víst, að hingað til hafa frystihúsin

unnið ómetanlegt gagn fyrir kjötmarkaðinn, því verðið á frysta kjötinu hefir alltaf verið hærra en verðið á saltkjötinu. Auk þess geta menn ímyndað sér, hvaða verð hefði orðið á saltkjöti undanfarin ár, ef allt kjöt hefði verið saltað, þegar ekki hefir einu sinni verið hægt að selja í Noregi það saltkjöt, sem við höfum haft á boðstólum. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að hér eigi aðeins að tala um hjálp handa því eina mjólkurbúi, sem nú er á heljarþröminni, og þeirri hjálp get ég verið fylgjandi, en hvað snertir önnur mjólkursamlög, sem betur eru stödd, sé ég ekki fært að styrkja þau þannig sem frv. ætlast til, enda ætla ég, að það mál sé ekki nægilega hugsað með tilliti til mjólkurfélaga, sem síðar kunna að verða stofnuð hér á landi og ættu að geta sneitt hjá þeim byrjunarörðugleikum, sem þetta bú hefir orðið fyrir. Ég hygg, að þau önnur mjólkurbú, sem nefnd eru í frv., hafi komizt hjá slíkum byrjunarágöllum.

Af þessum ástæðum tel ég mig geta verið með brtt. þeirra hv. 1. Skagf. og hv. þm. N.-Þ. En það er hvorki af andúð né illvilja gagnvart þeirri framleiðslugrein, sem hér ræðir um. En mér finnst réttmætt að leita að réttlátri úrlausn eða mælikvarða milli þessara tveggja aðalframleiðslugreina landbúnaðarins og hygg, að svo bezt verði tryggð framtíð þeirra, að réttlátur grundvöllur fáist fyrir báðar þessar framleiðslugreinir.

**Jón Auðunn Jónsson:** Hv. þm. V.-Húnv. nefndi dæmi af sínu íshúsi, sem kostað hefði 100 þús. kr. og umsetti árlega vörur fyrir aðeins 70 þús. kr. Ég get nú sagt frá hliðstæðri reynslu frá sjávarútveginum. Ég þekki fleiri en eitt dæmi fyrir vestan um íshús, sem notuð eru til þess að geyma beitu og hafa hlutfallslega minni umsetningu í rekstri miðað við stofnkostnað heldur en er í því dæmi, sem hv. þm. nefndi. Þessi íshús kostuðu frá 120 þús. til 160 þús. kr., en taka við vöru yfir árið, sem svarar 60 þús. kr. hvert hús, eða neðan við það, því beita hefir á Vesturlandi lækkað nálega um helming á síðustu þremur árum.

Hv. þm. benti á, að mjólkurbúunum væri hollt að taka sér mjólkursamlag Eyfirðinga til fyrirmyndar. Ég býst við, að það sé rétt, en ég hygg, að góð afkoma þess stafi af því, að það hafi farið gætilega í sakirnar með útborgun til framleiðendanna og að það hafi þegar í byrjun myndað sér sjóð til þess að standast stofnkostnað búsins, og þess vegna standi það nú betur að vígi en önnur mjólkurbú. Þetta er vafalaust gott til eftirbreytni fyrir þau félög, sem eru að byrja nú, þó það verði vafalaust erfiðara vegna verðfallsins, sem nú er orðið á mjólkurafurðum. Annars er það nú svo, að þó verðfall hafi orðið mikið á landbúnaðarafurðum á síðustu 3 árum hér á landi, eins og tekið hefir verið fram, þá er það þó stórum meira úti í heimi. Og sízt er það meira verðfallið á landbúnaðarafurðunum nú en verðfallið var á sjávarafurðunum á árunum 1921—1926. Það var einmitt á árunum 1918 til 1925, sem mest var keypt til landsins af gufuskipum og mótorbátum, og þau skip voru keypt háu verði, en samhliða þessum miklu innkaupum kom verðfallið. Árið 1921 féll fiskurinn svo í verði, að skippundið, sem selt var áður á 280 kr., féll niður í 162 kr., en þá var ekkert talað um, að þyrfti að styrkja þennan atvinnuveg, enda var það heldur ekki hægt, en það var gert annað, sem ég vona, að aldrei endurtaki sig hér á okkar landi. Þeir menn, sem urðu fyrir þessu þunga áfalli, voru skammaðir og svívirtir, þeim var brigzlað um óforsjálni og fyrirhyggjuleysi og annað verra, jafnvel um glæpsamlegar tilhneigingar. Nú þegar kreppan sækir landbúnaðinn heim, þá kveður heldur við annan tón; nú sjá menn alvöru þessa máls og finna, að eitthvað þarf að gera. En ég vil vænta þess, að þetta kenni mönnum að skilja aðstöðu og erfiðleika sjávarútgerðarinnar betur nú en gert var þá.

Erfiðleikar landbúnaðarins stafa nú af sömu orsökum og erfiðleikar sjávarútvegsins 1921 til 1925, verðfalli afurðanna jafnhliða því, að of mikið hafði verið lagt í kostnað, of dýr vinnutæki keypt og of miklum peningum veitt inn í atvinnuna. Þetta hefir gilt um sjávarútgerðina alla tíð frá 1920 til þessa dags, en nú er landbúnaðurinn kominn í sömu ófæruna og engu minni. Samfara þessu hafa opinber gjöld stórhækkað á

þessum árum. Ég hygg, að ef allt væri skoðað niður í kjölinn, þá mundi það ekki verða fjarri því með sjávarútveginn, sem er í Ameríku um landbúnaðinn, að opinberu gjöldin hafi hækkað um 250%. — Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að verð á landbúnaðarafurðum hér á landi væri nú víða orðið lægra en fyrir stríð. Ég held, að þetta sé ekki allskostar rétt. Það er ekki rétt að miða verðlagið aðeins við lifandi pening, t. d. dilkinn, því vænleikinn getur verið svo misjafn. Dilkar munu hafa verið fyrir stríð seldir á 5 til 6 kr. og hagfæringar á 3 til 4 kr., en hann segir, að síðastl. ár hafi dilkurinn gert 6 til 7 kr., en ef þetta er rétt, þá hlýtur verðlagið að hafa verið ákaflega misjafnt. Sumstaðar á Vestfjörðum gerði dilkurinn 10 til 12 kr. Auk þess getur samanburður á verðlagi nú og fyrir stríð verið óeðlilegur þegar miðað er við stykkjatölu. Nú er almennt meira af tvílembingum en þá var, sem sennilega stafar af betri meðferð og fóðrun ánna, en við það, að tvílembingarnir eru fleiri, þá verða dilkarnir að meðaltali léttari. Þess vegna má ekki miða við höfðatöluna, heldur fráleggið, kjöt, gærur, mör o. s. frv. En ef verðfallið er nú svo mikið sem talið er, þá ættu bændur að leggja meiri áherzlu á mjólkurframleiðslu, því þær vörur eru í miklu hærra verði nú en þær voru fyrir stríð. Þá var smjörkílóið selt á kr. 1,20 til 1,50, en nú er það selt á kr. 3,00 til 3,50. Hið sama er að segja um skyrið, það var selt fyrir stríð á 40 aur. potturinn af góðu skyri, en nú kostar hann 80 til 100 aur. Til samanburðar má geta þess, að fiskverðið er engan veginn hærra en það var fyrir stríð. Árið 1931 var meðalverð á verkuðum stórfiski 57 kr. skippundið, en fyrir stríð var það 65 kr. Síðastl. ár var verðið sambærilegra því, sem það var fyrir stríð, en nú lítur aftur verr út með verðið á þessu ári. — Þá var síldin í hærra verði fyrir stríð en hún er nú, og sömuleiðis var lýsi með betra verði þá en á síðastl. ári. En hvað verðið á heimsmarkaðinum snertir, þá er þess ekki að dyljast, að það er yfirleitt lægra en fyrir stríð. Þess vegna er það, að ef við ætlum okkur að vera útflutningsþjóð, þá verðum við að miða verðið á okkar framleiðslu með hinn erlenda markað fyrir augum, en ekki við óeðlilega hátt verð á vörunum í landinu sjálfu, sem ekki getur gilt nema fyrir lítinn hluta framleiðslunnar.

Hv. þm. Borgf. sagði, að Englendingar væru nú horfnir frá frjálsri verzlun. Þetta er rétt; þeir hafa neyðzt til þess vegna tollmúranna, en ég held, að ef einhver lagfæring kæmist á í þeim efnum, þá kæmi það í ljós, að Englendingar eru fríverzlunarþjóð. Þeir trúa því, að það eigi að framleiða í hverju landi það, sem ódýrast er að framleiða, það sé fyrsta skilyrðið fyrir almennri velmegun og heilbrigðri verzlun.

Hv. þm. Borgf. hafði misskilið það, sem ég sagði um verðlagið á landbúnaðarvörum í Ameríku og samanburð á því nú og fyrir stríð. Ég sagði, að eftir skýrslum Board of Agriculture í Bandaríkjunum væri verðið þar lægra nú, að vörumagn, sem 1 kr. fékkst fyrir fyrir stríð, fær bóndinn nú aðeins 56 aura fyrir. Þannig er verðfallið orðið um 44%.

Þá held ég, að ég þurfi ekki fleira að taka fram út af ræðum hv. þm.

**Björn Kristjánsson:** Það er nú eins og síðast, er ég talaði í þessu máli, að tveir hv. þm., báðir meðflm. mínir að brtt. á þskj. 676, hv. þm. V.-Húnv. og hv. 1. þm. Skagf., hafa tekið af mér ómakið, svo að ég var ráðinn í því að falla frá orðinu, hefði ég ekki fengið tilefni í ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. N.-Ísf., til þess að segja nokkur orð, aðallega út af einu atriði. Hv. þm. var að vefengja það, að verðfall á landbúnaðarafurðum væri eins mikið og af væri látið. Ég er vel kunnugur verðlagi á landbúnaðarafurðum eins og það var fyrir stríð og hefir verið síðan, og ég get fullyrt það, að verðið er orðið talsvert lægra en fyrir stríð. Ég get því undirstrikað það, sem hv. þm. V.-Húnv., hv. þm. Borgf. og hv. 1. þm. Skagf. hafa sagt um verðfallið. Og sé eingöngu talað um verð á útfluttum landbúnaðarafurðum, þá er enginn vafi á, að það er miklu lægra nú en fyrir stríð. Ég skal nefna t. d. verð á kjöti. Ég held, að ég muni það rétt, að árið 1913 var verð á fyrsta flokks kjöti í Þingeyjarsýslu 70 til 75 aur. kg. Kjötverð á sama stað á síðasta hausti er að vísu ekki al-

veg fastákveðið enn, vegna þess að sölu kjötsins er ekki alveg lokið, en það er víst, að verðið verður aldrei hærra en 50 aur. kg. af bezta kjöti. Það sjá því allir, að hér er um stórfellda lækkun að ræða. Ullin var seld rétt fyrir stríð á kr. 1,50—2,00 kg. Ullin frá síðasta sumri er nú að vísu ekki seld nema að nokkru leyti, en eftir því sem selzt hefir, eru það beztu vonir, að hægt verði að reikna norðlenzka ull no. I á kr. 1,20 kg. Hér er því líka um mikið verðfall að ræða.

En auk þess sem verðið á útfluttum landbúnaðarafurðum er miklu lægra að krónutölu nú en fyrir stríð, þá hefir krónan síðan lækkað stórlega að verðgildi, þannig að kaupmáttur hverrar krónu, sem fæst fyrir útfluttar vörur, hefir mikið minnkað. Það er því ekki aðeins, að verðfallið sé það, sem tölurnar sýna, heldur miklu meira.

Þá ætla ég, úr því að ég stóð á fætur, að svara nokkrum atriðum í ræðu hv. 1. þm. Eyf. Hv. þm. spurði um það, hvað við flm. brtt. á þskj. 676 meintum með heilbrigðum grundvelli. Við tókum þetta orðalag upp úr samskonar till., sem samþ. hefir verið í sambandi við kreppulánasjóð. Þar er talað um að hjálpa bændum til að reka bú sín á heilbrigðum grundvelli. Við meintum með þessu að létta það mikið á stofnkostnaði á búum þessum, að vextir og afborganir af skuldum þeirra legðust ekki allt of mikið á mjólkina, sem þar er unnin, svo að það yrði óbærilegt fyrir framleiðendur.

Hv. þm. var að tala um, að við vildum ekki veita þessum fyrirtækjum, mjólkurbúi Eyfirðinga og öðrum, viðurkenningu fyrir það að ríða á vaðið með að stofna fyrirmyndar mjólkurbú. Ég vil algerlega mæla á móti þessu. Fyrst og fremst eru þessi bú búin að fá viðurkenningu, þar sem þau hafa fengið ¼ af sínum stofnkostnaði áður samkv. eldri lagaákvæðum. Og með því að við leggjum ekki á móti því, að þeim búum verði veittur styrkur á ný, þó við viljum ekki fastákveða í lögunum, hve mikill hann skuli vera, þá sýnum við með því, að við viljum gjarnan, að þau njóti þessarar viðurkenningar.

Hv. þm. V.-Húnv. hefir sýnt fram á það með skýrum rökum, að þó stofnkostnaður mjólkurbúa sé mikill, þá er hann engu síður mikill á frystihúsunum. Eins get ég tekið undir það með hv. þm., að ef fengin hefði verið sú reynsla, sem upphaflega vantaði, þá hefði frystihúsabyggingum verið hagað öðruvísi, og vafalaust miklu fullkomnara. A. m. k. er það svo með það frystihús, sem ég þekki bezt, á Kópaskeri.

Þá var hv. 1. þm. Eyf. að tala um einhverjar miður heiðarlegar hvatir, sem lægju á bak við till. okkar flm. brtt. (BSt: Ekki nefndi ég það). Það mátti skilja það svo. En eins og hv. 1. þm. Skagf. tók greinilega fram, þá var það aðalatriðið hjá okkur, að þessi ákvæði verði ekki skoðuð framvegis sem fordæmi til þess að veita öðrum búum, sem kynnu að verða stofnuð, rétt til að fá helming styrks. Það er enginn vafi á því, hvað sem um það er sagt við þessar umr., að ef frv.gr. stendur óbreytt, þá muni þau bú, sem stofnuð verða síðar, fara fram á, og það með miklum rétti, að fá samskonar stuðning. Þetta er það, sem við viljum fyrirbyggja með brtt. okkar, og þess vegna leggjum við áherzlu á, að styrkurinn verði heimilaður, en ekki fastákveðinn í lögunum. En þetta er ekki af öfund til neins sérstaks félags, eins og mér skildist hv. þm. gefa í skyn. Má vera, að hann dragi það af ummælum mínum við 1. umr., þegar ég talaði um, að ekki væri þörf á að styrkja mjólkursamlag Eyfirðinga. Það var ekki af öfund til Eyfirðinga, heldur af hinu, að ég var því búi kunnugastur og vissi fyrir víst, að ástæður þess voru ólíkt betri en t. d. hjá Mjólkurbúi Flóamanna. Ég nefndi þessi bú aðeins til að sýna fram á, að ekki væri sama þörfin hjá öllum, og væri því réttara að hafa þetta í heimildarformi. Þetta sannast líka bezt á því, að ég nefndi annað bú, Mjólkurbú Rvíkur, í sömu andránni og á undan til þess að sýna, að það bú væri líka betur sett en Mjólkurbú Flóamanna.

Hv. þm. Dal. var að tala um það, að Eyfirðingar hefðu gefið mjög gott fordæmi með því að koma þar fyrst upp fyrirmyndarbúi með fullkomnum vélum. Forstaða þess félags hefir verið alveg sérstaklega góð, og Eyfirðingar eiga mikinn heiður skilinn fyrir sinn dugnað og sam-

heldni í samvinnumálum. Ég vil alls ekki draga úr þessu, en hinsvegar get ég ekki fallizt á þá ályktun, sem hv. þm. dró út af þessu, að rétt væri með þessum mjólkurbúastyrk að veita Eyfirðingum viðurkenningu, því að því fylgir sá ókostur, að þá geta aðrir komið á eftir, sem miklu minni rétt eiga á slíkri viðurkenningu, og heimtað samskonar stuðning. Ég hygg því, að betra sé að sýna kaupfélagi Eyfirðinga viðurkenningu á einhvern annan hátt.

Ég vil benda á, að þau kaupfélög, sem fyrst hafa orðið til þess að koma upp frystihúsum, eins og t. d. á Hvammstanga, ættu þá líka rétt á að fá samskonar viðurkenningu, því það eru áreiðanlega ótaldar upphæðir, sem íslenzkir bændur hafa grætt á því, að hafizt var handa að byggja frystihús.

Annars vil ég segja það út af því, sem fram kom í ræðu hv. þm. Dal. um þá erfiðleika, sem bændur eiga við að stríða með að flytja mjólkina í bú sín, að ég tel sjálfsagt, að tekið verði tillit til þeirra að einhverju leyti, þegar stjórnin fer að ákveða styrk til hinna einstöku búa eftir þessum lögum. — En hvað viðvíkur till. hv. þm. Borgf. um að fella niður seinni hlutann af till. okkar, þá get ég, eftir að hafa heyrt ummæli hæstv. atvmrh. og hv. frsm. um skilning þeirra á fyrri hluta frvgr. eins og við tillögumenn leggjum til, að hann verði, tekið í sama streng og hv. 1. þm. Skagf. og lýst yfir því, að ég legg ekki mikið kapp á, að hann standi og mun ekki mæla því í gegn, þó ég hinsvegar teldi réttast, að till. okkar yrði samþ. óbreytt.

**Bernharð Stefánsson:** Það eru nú orðnar nokkuð langar umr. um þetta mál, enda skal ég ekki lengja þær nema örlítið. Tveir af flm. þessarar till. á þskj. 676 hafa svarið og sárt við lagt, að henni væri ekki stefnt gegn Eyfirðingum, langt frá því. Hv. 1. þm. Skagf. mótmælti því kröftuglega, að svo væri, og mér fannst á honum og hv. þm. N.-Þ., að það væri einhver sérstök ósvífni af mér að láta mér detta slíkt í hug. En það er nú svo, að ég er ekki sá fyrsti, sem nefni þetta hér í þessari hv. d. Eins og hv. þm. N.-Þ. vék að í sinni ræðu, þá voru það einmitt að nokkru leyti orð frá honum við 1. umr. þessa máls, sem gáfu það til kynna, að þetta væri það, sem fyrir vekti. Og það, sem kom mér til þess að tala um þetta atriði málsins, var einmitt það, að hv. þm. Borgf. hafði fundið þetta líka, og hann skoraði á mig að segja mitt álit um það, hvort ég teldi, að mjólkursamlag Eyfirðinga gæti komizt af án þessa styrks.

Svo var hv. 1. þm. Skagf. að tala um það, að ég hefði borið till.mennina brigzlum. Ég veit ekki til þess, að ég hafi haft í frammi nein brigzl við þá né talað um illar hvatir þeirra. Ég þekki ekki hjörtun og nýrun, og veit ekki, hvaða hvatir búa með þeim, en ég sagði bara, að þetta líktist óþægilega einni alþekktri tilfinningu mannanna. Það eru þessir hv. till.menn sjálfir, sem eru að tala um öfund, en ekki ég. „Hver er að tala um mig?“ sagði maðurinn í kirkjunni forðum.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að þetta ætti ekki að vera fátækrastyrkur samkv. þeirra till., heldur til þess að rétta heilbrigðum atvinnurekstri hjálparhönd, sem ekki væri hægt að reka á heilbrigðum grundvelli vegna kreppunnar. En jafnan áður þegar slíkum framkvæmdum hefir verið veittur stuðningur frá ríkinu, þá hefir það gengið jafnt yfir, án tillits til efnahags eða slíks.

Það er dálítið hæpið, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði um það, hvort væri dýrara mjólkurbúin eða frystihúsin, miðað við umsetningu þeirra. Það var eitt fyrir sig, að hann talaði um frystihúsin á þá leið, eins og þar væri ekki um neina umsetningu að ræða, nema aðeins kjötið. Það er máske svo í sumum frystihúsum, en vitanlega er um meiri umsetningu að ræða en kjöt í mörgum frystihúsum, þannig að það kemur ýmislegt fleira til greina í þessu efni. En ég ætla ekki að tefja tímann með því að fara nánar inn á það.

Hvað viðvíkur því, sem hv. þm. sagði um hina góðu afkomu mjólkursamlags Eyfirðinga, og hvað það geti goldið fyrir mjólkurkg., þá býst ég við, að þau ummæli hans geti valdið misskilningi. Þarna þarf að draga frá allan flutningskostnað mjólkurinnar, og það er nokkuð mikið, sem dregst frá í hinum fjarlægari sveitum.

Hv. þm. N.-Þ. sagði, að þessi orð þeirra í till. um „heilbrigðan grundvöll“ væru tekin eftir öðru frv., sem hér hefði verið samþ. Það má vel vera, að þetta sé rétt. En það gegnir öðru máli þar en hér. Í frv. um kreppulánasjóð er um að ræða hjálp með lánum og öðru beint til framleiðendanna, til bændanna sjálfra, til þess að þeir geti rekið bú sín á heilbrigðum grundvelli. En hér í þessu máli er ekki um það að ræða, heldur um stuðning við samvinnufyrirtæki bænda. Það var út af þessu, að ég spurði, hvað þeir ættu við með „heilbrigðum grundvelli“. Samvinnufélag eins og t. d. mjólkursamlög geta verið rekin þannig, ef forstöðumennirnir eru starfinu vaxnir, að fyrirtækið beri sig vel sem slíkt, þó atvinnurekstur hinna einstöku félagsmanna beri sig illa. Því þó eitt slíkt samvinnufyrirtæki standi sig vel fjárhagslega og starfi að því leyti á heilbrigðum grundvelli, þá er engin sönnun fyrir því, að afkoma þeirra manna, sem að því standa, sé góð, m. ö. o., að framleiðsla þeirra beri sig. Er það þetta, sem hv. flm. till. kalla heilbrigðan atvinnurekstur? Mér hafði skilizt, að aðalatriðið í þessu máli væri ekki fyrirtækin sjálf, heldur félagsmennirnir, framleiðendurnir, að gera þeim mögulegt að reka atvinnuveg sinn og leggja til hráefni til þessarar starfsemi.

Það væri náttúrlega vert að fara út í fleira, sem fram hefir komið, en ég ætla nú að sleppa því, og þá meðfram fyrir það, að þessir hv. þm., sem flytja þessa till., eru nú farnir að draga saman seglin og virðast nú vera gengnir inn á brtt. við sína till., sem a. m. k. gerir hana miklu aðgengilegri en hún var frá þeirra hendi í fyrstu.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er aðallega fyrirspurn til þeirra hv. þm., sem hafa borið fram till. um styrk til frystihúsanna, um það, við hvað er miðað, þegar talað er um stofnkostnað. Ég veit, að samvinnufél. hefir keypt frystihús. Byggingarkostnaður þessa húss var frek 100 þús. kr., en samvinnufél. keypti það fyrir 50 þús. kr. Er nú meiningin, að þetta samvinnufél. fái ríkisstyrk til kaupanna? Og ef svo er, þá 50 þús. eða 25 þús. kr. Það gerir náttúrlega mikinn mun á styrkupphæðinni, við hvaða upphæð er miðað, kaupverð eða kostnaðarverð.

En hvað viðvíkur því, sem hv. þm. N.-Þ. sagði um kjötverðið og ullarverðið, þá verð ég að draga í efa, að það sé rétt. Að því leyti er kjötið snertir, þá veit ég ekki til, að fengizt hafi á erlendum markaði fyrir saltkjötið meira en 44—45 aur. á kg., a. m. k. ekki á Vesturlandi. En ef það er rétt, sem hv. þm. sagði, þá væri rétt að breyta um og nota meira þann innlenda markað, þar sem verðið er um það tvöfalt eins og fyrir skyr og smjör, og draga meira úr hinni framleiðslunni.

Að því er snertir gengið á krónunni, þá koma að sjálfsögðu sömu hlutföll til greina á fiskverðinu og kjötverðinu.

**Sveinn Ólafsson:** Mér er ekki ljúft að tefja umr., en ég sé mér ekki annað fært en að gera stutta grein fyrir atkv. mínu. Ég verð að segja það, að ég lít á þetta mál mjög líkt og hv. þm. N.-Ísf. og get tekið undir margt af því, sem hann sagði viðvíkjandi samanburðinum á þessum erindum, sem hér liggja fyrir, og þeim erindum, sem vænta má, að berist á eftir og snerta útveginn og atvinnufyrirtæki, sem standa álíka höllum fæti og mjólkurbúin.

En ég vil út af þeirri atkvgr., sem væntanleg er, taka það fram, að ég fylgi brtt. á þskj. 676, ekki af því, að ég sé henni í raun og veru fylgjandi, heldur af hinu, að ég vil með því reyna að fyrirbyggja, að 1. gr. frv., eins og hún er, verði samþ., því aðeins með því að samþ. brtt. á þskj. 676 kemst málið inn á það spor, að fremur má telja forsvaranlegt af d. að afgreiða frv.

Nú er fundartíminn liðinn og því ekki fært að halda uppi umr. í bili. Þess vegna ætla ég að sleppa því að gera frekari grein fyrir atkv. mínu.

En hinsvegar verð ég að segja það, að ef þessu á að fara fram, ef af líkum erindum og þessu á að sinna mörgum í viðbót við þær kreppuráðstafanir, sem til stendur að afgreiða, þá finnst mér, að líkurnar bendi í þá áttina, að hér verði setið til sláttar og verði þá fyrr eða síðar gefizt upp við þær ráðstafanir, sem eins réttlátt er að sinna eins og þessum, sem hér eru á dagskrá.

**Frsm. (Pétur Ottesen):** Það er aðeins út af fyrirspurn hv. þm. N.-Ísf. um það, hvað ætti að leggja til grundvallar, þegar um væri að ræða styrkveitingu í því tilfelli, sem hann nefndi. Það er vitanlega kaupverðið, sem lagt verður til grundvallar, því það er stofnkostnaður núverandi eiganda.

ATKVGR.
Brtt. 692,I.a—b samþ. með 12:7 atkv.
— 676 (ný 1. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
— 692,II samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.
3. gr. samþ. með 15:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:4 atkv.

---

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 693).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., 18. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 693).
Á 76. fundi í Ed., 19. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7:1 atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 693, n. 891).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Jón Jónsson)** [óyfirl.]: Eins og kunnugt er hafa á seinni árum risið upp nokkur mjólkurbú, og hafa aðallega 5 samvinnufélög gengizt fyrir stofnun þeirra, t. d. er eitt í Eyjafirði, eitt í Borgarfirði, tvö í Árnessýslu og eitt í Rvík. Þessi félög eiga nú afarörðugt uppdráttar, stofnkostnaður hefir orðið geysimikill; mjög dýrt hefir reynzt að koma á fót vélum og öðru, sem til þessarar iðju heyrir. Ríkið hefir veitt þessum fyrirtækjum styrk, sem nemur ¼ af stofnkostnaði þeirra, og auk þess gert þeim hægt fyrir að fá rekstrarlán úr þeim sjóðum, sem til þess má ætlast af, t. d. viðlagasjóði. Það er nú eftirtektarvert, að sú stærsta af þessum stofnunum, Mjólkurbú Flóamanna, á einna örðugast uppdráttar. Ríkið hefir þegar veitt því fjárhagslega aðstoð, sem nemur öllum stofnkostnaði þess, 400 þús. kr., þannig, að ¼ af þeirri upphæð er beinn styrkur, en hin 300 þús. eru lánveiting, en fyrirtækið hefir enn ekki getað staðið undir greiðslum af þeirri skuld. Frv. fer fram á, að styrkauki sé veittur þessum mjólkurbúum, vegna þess að illa lætur í ári og kostnaður við þessi störf hefir farið upp úr öllu valdi, svo að þau eiga erfitt með að standast straum af skuldagreiðslum sínum. Ætlazt er til, að styrkurinn sé aukinn úr ¼ stofnkostnaðar allt upp í helming, og helzt á að haga þeim greiðslum svo, að bein útgjöld hljótist ekki af því fyrir ríkissjóð, t. d. með Mjólkurbú Flóamanna verði því svo fyrir komið, að því verður gefið eftir ⅓ af láninu, þ. e. a. s. 100 þús. kr., sem jafnframt er ¼ af stofnkostnaði, og að búnaðarbankinn taki við skuldabréfi því, sem mjólkurbúið gefur út fyrir þeirri upphæð, þó ekki hærra en sem nemi niðurfærslu á viðlagasjóðslánum hinna mjólkurbúanna. Það má nú e. t. v. segja, að nokkuð langt sé gengið með því að styrkja mjólkurbúin að svona miklu leyti, en vegna hinnar tæpu aðstöðu þeirra verður vart hjá því komizt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 937).

## 85. Lántaka erlendis.

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán erlendis** (þmfrv., A. 867).

Á 88. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt var liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

---

Á 90. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 867).
Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Á 88. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Jónas Jónsson:** Af því að hæstv. fjmrh. er hér viðstaddur, vildi ég heyra álit hans um þetta lán. Í fyrsta lagi, hvernig lántakan hafi verið undirbúin og hvar lánið er tekið. Í öðru lagi, undir hvaða kringumstæðum stj. hugsar sér að nota lánið, og í þriðja lagi, hvort stj. hugsar sér, að hægt sé að greiða lánið upp á árinu, svo að það verði ekki að fastaláni. Ég veit, að stj. gerir það ekki að gamni sínu að taka slíkt lán, en það er hættulegt, ef það skyldi enda með föstu láni, eins og sum bankalánin.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Undirbúningur málsins er sá, að ég átti í haust tal við Barcleysbanka um það, að ríkið kynni að þurfa rekstrarlán á þessu ári, og var vel tekið í þá málaleitun. Bað ég síðan hæstv. dómsmrh. að endurtaka lánsumleitunina, og er bankinn fús til að veita lánið. Frv. ber með sér, til hvers á að nota lánið. Það er bersýnilegt, að ríkið getur ekki greitt afborganir sínar af erlendum skuldum 1. júlí án þess að taka lán. 1. jan. mátti heita, að væri sjóðlaust og skuldlaust. Síðan hafa ekki verið stofnaðar lausaskuldir, og má það heita

sæmileg afkoma. Hinsvegar verður ekki skotizt undan því að greiða erlendar skuldir á gjalddaga. Reglan er sú, að tekjurnar koma örar inn síðara hluta ársins. Með þeim tekjum er tilætlunin að greiða lánið aftur, og vonirnar um endurgreiðslu byggjast á því, að þetta ár verði ekki lakara tekjuár en 1931 og að þingið veiti auknar tekjur, sem samsvari þörfum ríkissjóðs. Þetta eru að vísu aðeins vonir, en þær hafa mikið við að styðjast, en hitt er vafalaust, að lánið þarf að taka og að ekki má leggja það á innlendar lánsstofnanir. Hinsvegar eru líkur til, að stjórnin þurfi ekki að nota nema hálfa heimildina.

Það er rétt, að illt er, að lausar skuldir verði fastar, en slíkt hefir nú hent áður, þegar við hv. 5. landsk. vorum ráðherrar saman og áður, en nú verður ekki sagt annað en að útlit fyrir endurgreiðslu sé sæmilegt.

**Jónas Jónsson:** Ég get verið ánægður með svör hæstv. fjmrh. En þó verður að gæta þess, að svo illt sem það er, að ríkið stofni til skulda innanlands, er þó verra að gera það erlendis. Við stöndum enn í skuld, sem er bráðabirgðalán vegna Útvegsbankans, sem ekki hefir verið kippt í lag. En hæstv. ráðh. hefir látið í ljós, að þetta lán muni ekki verða að fastri skuld, og er þá vel farið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 946).

## 86. Mjólkursala og rjóma.

Á 67. fundi í Nd., 6. maí, var *útbýtt*:

**Frv. til l. um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.** (þmfrv., A. 569).

Á 68. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Ólafur Thors):** Það hefir nú þegar í mörg ár verið unnið að því að skipuleggja mjólkursöluna hér í Rvík. Má e. t. v. segja, að það starf hefjist með stofnun Mjólkurfélags Rvíkur 1917. Þegar það félag var stofnað, gengu inn í það flestir mjólkurframleiðendur hér í bænum og nágrenni hans. Fyrsti árangurinn af þeim samtökum var sá, að komið var á stofn hæfilega mörgum mjólkurbúðum í bænum. Ég segi hæfilega mörgum með það fyrir augum, að reynt var að hafa mjólkurbúðirnar eins margar og hentugt var fyrir almenning, án þess þó að þær yrðu of margar eða of miklu til þeirra kostað. Samtímis var reynt að tryggja það, að gæði mjólkurinnar yrðu önnur og meiri heldur en áður hafði verið. En það fór svo skömmu eftir að þessi þörfu samtök komust á, að á þau reyndi allmikið. Ástæðan til þess var m. a. sú, að brauðsölubúðir hér í bænum töldu sér hag í að hafa mjólkursölu ásamt brauðsölunni. Þær töldu, að ef þær hefðu mjólk á boðstólum ásamt brauðunum, þá mundi það auka brauðsöluna. Þær buðust þess vegna til að taka mjólk til útsölu fyrir minni sölulaun heldur en eðlilegt og sanngjarnt var. Það gátu þær með því að láta brauðsöluna halda uppi óeðlilega miklum hluta af rekstrarkostnaðinum. Af þessum sökum áttu mjólkurframleiðendur kost á ódýrari útsölu heldur en Mjólkurfélag Rvíkur gat boðið. Nokkru seinna fór einnig að hefjast sala mjólkur frá bændum austanfjalls hingað til Rvíkur. Var hún aðallega seld yfir sumartímann. Nýjar mjólkurbúðir voru opnaðar, sem seldu mjólk að austan yfir sumarið, en á veturna, þegar flutningar voru erfiðari, vantaði þær mjólk. Afleiðingin varð sú, að þessar búðir buðust til að selja mjólk fyrir framleiðendur í nágrenni Rvíkur að vetrinum fyrir lægra verð heldur en útsalan kostaði í raun og veru. Sáu þá ýmsir sér hag í að ganga úr samtökum mjólkurframleiðenda hér í Rvík og nágrenninu og gerast viðskiptamenn þessara búða, sem að öðru leyti byggðu afkomu sína á sölu mjólkur að austan. Þriðja hættan, sem á vegi þessara þörfu samtaka varð, og e. t. v. sú mesta, var sú, að brátt varð mjólkurframleiðslan meiri heldur en

samsvaraði nýmjólkurþörf bæjarins. Varð þá að vinna skyr og osta úr því, sem afgangs var, en sú vinnsla skilaði mjólkurframleiðendum minna verði fyrir mjólkina heldur en nýmjólkursalan. Mjólkurframleiðendur kostuðu því kapps um að selja alla sína mjólk nýja og forðuðust að reyna að vinna úr henni. En af þessu leiddi, að búðafjöldinn óx og viðleitnin til að ná í nýjar búðir varð æ meiri og meiri, en að sama skapi fór það magn mjólkur, sem selt var í hverri búð, minnkandi, og af því leiddi vitaskuld hlutfallslega aukning á sölukostnaðinum.

Enn má segja það, að þessum mjólkurframleiðendum hafi stafað nokkur hætta af því, að heilbrigðisstjórnin í Rvík leyfði mönnum að selja mjólk beint úr fjósinu. Við þetta varð sölumagn í búðunum minna en ella hefði orðið og kostnaðurinn hlutfallslega meiri. Svo var það á árunum 1929—1930, að stofnuð voru 3 ný mjólkurbú, mjólkurbú Thor Jensens, Mjólkurbú Flóamanna og Mjólkurbú Ölfusinga. Eftir það jókst enn á ný mjög samkeppnin um mjólkursöluna, þannig, að austanmenn leituðu lags að ná sem flestum nýjum búðum til þess að selja sína mjólk, og samkeppnin leiddi það af sér, að kostnaðurinn af mjólkursölunni varð óhæfilega hár. Það hefir náttúrlega ekki farið dult, og er sjálfsagt kunnugt flestum hv. dm., að hagur bænda á þessum svæðum, er sízt svo blómlegur, að þeir megi við því, að óhæfilegur kostnaður leggist á sölu afurða þeirra. Þeim hefir líka skilizt það til fullnustu, og fulltrúar þessara bænda hafa á undanförnum árum reynt að vinna að því að koma sér niður á eitthvert skipulag, sem mætti ráða bót á þessari óhæfilegu samkeppni um mjólkursölu og hinum mikla kostnaði, sem af samkeppninni hefir leitt. Þessi viðleitni hefir verið að ég hygg mest fyrir forgöngu framkvæmdarstjóra Mjólkurfélags Rvíkur, Eyjólfs Jóhannssonar, manns, sem nú er orðinn þjóðkunnur fyrir sinn mikla dugnað, og eins og nú er komið, hefir þessi dugnaður hans borið mikinn og óvæntan árangur. Það liggur náttúrlega í hlutarins eðli, að þessir aðilar, sem hafa verið að keppa um Reykjavíkurmarkaðinn, hafi haft nokkuð ólíka hagsmuni og í lengstu lög hver um sig haldið í sína hagsmuni. En það er þó svo komið fyrir forgöngu þessa manns, að þeir mjólkurframleiðendur, sem hér eiga hlut að máli, og þá sérstaklega þessi aðalmjólkurfélög, Mjólkurfél. Rvíkur, mjólkurbú Thor Jensens, Mjólkurbú Flóamanna og Mjólkurbú Ölfusinga, hafa orðið sammála um að standa að þeirri löggjöf, sem borin er fram í þessu frv., sem nú er til umr. hér.

En það er að vísu svo, að allir þessir aðilar hafa ekki verið jafnginnkeyptir, og ég á þar við Thor Jensen, sem hefir nokkra sérstöðu í þessum efnum, en ég hefi þó þá ánægju að geta sagt, að einnig það mjólkurbú mun geta sætt sig við þessi ákvæði, ef þau verða lögfest.

Tilgangur þessara laga lýsir sér hér í grg. frv. Hún er ákaflega stutt, og ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp. Ég treysti mér ekki til að segja hana með öðrum orðum á greinilegri hátt: „Með frv. þessu er stefnt að því tvennu: 1. að bæta hollustuhætti um meðferð mjólkur í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem því verður við komið, með því að fyrirskipa, að þar verði aðallega seld gerilsneydd mjólk og hreinsuð. Mjólk, sem framleidd er innan kaupstaðar eða kauptúns og seld er beint til neytenda, er þó undanþegin þessu ákvæði, en þó að sjálfsögðu látin vera háð heilbrigðiseftirliti. 2. Að styðja að skipulagninu um mjólkursölu og gera með því kleift að draga úr hinum gífurlega kostnaði, sem leggst á mjólkina með þeirri tilhögun, sem nú er á útsölunni".

Þessum tilgangi er svo ætlað að ná með því að banna að selja aðra mjólk en gerilsneydda mjólk eða mjólk, sem er hreinsuð í fullkomnum mjólkurbúum, sem að dómi atvmrh. hafa aðstöðu til þess að hreinsa mjólkina á annan hátt en að gerilsneyða hana og koma henni óskemmdri á markaðinn.

Þetta ákvæði er sérstaklega sett vegna mjólkurbús Thor Jensens, sem selur meginhluta mjólkurinnar hreinsaða, en ekki gerilsneydda. Það mjólkurbú hefir nokkra sérstöðu til þess að geta fullnægt þeim heilbrigðikröfum, sem gerðar eru til mjólkur, án þess að mjólkin sé gerilsneydd, þar sem mjólkin er framleidd undir eftirliti dýralæknis, og fyllsta

hreinlætis er gætt á búinu, sem er sambærilegt við fullkomnustu mjólkurbú a. m. k. á Norðurlöndum, og þó víðar væri leitað.

Ég álít það galla á frv., að undanþegnir eru mjólkurframleiðendur, sem eru innan vébanda Rvíkur. Ég álít það eðlilegt, að þeim væri einnig bannað að selja aðra mjólk en þá, sem er gerilsneydd eða hreinsuð á tryggilegan hátt. En það hefir þó ekki þótt kleift að fara fram á, að þau ákvæði væru lögfest, m. a. af því, að þeir framleiðendur, sem þar eiga hlut að máli og reka allverulegan búskap, óska ekki eftir, að þessi löggjöf nái til þeirra og mundu setja sig á móti því. En tilgangur okkar, sem flytjum frv., er ekki sá, að þröngva mönnum til að vera með því, heldur að lögfesta þessi ákvæði, sem langsamlega mestur hluti af hlutaðeigendum er fylgjandi, að nái fram að ganga.

Undanþegin ákvæðunum er líka svo kölluð barnamjólk. Ég viðurkenni, að það vantar ákvæði um það, hvað sé barnamjólk, og ég ætlast til, að ekki líði langur tími þangað til þingið setur löggjöf um það, hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til þess að mjólk sé kölluð barnamjólk. Ég veit ekki, hvort slík löggjöf er annarsstaðar, en ég hygg það þó. A. m. k. eru reglur til um það frá heilbrigðisstjórnum. Það ákvæði ætti því ekki að vera hættulegt, þó barnamjólk sé undanþegin.

Hinum tilganginum, að draga úr kostnaði við mjólkursöluna, er ætlazt til, að náð verði með því að fækka búðum mjög verulega frá því, sem nú er annarsvegar og hinsvegar með því að forðast óþarfa flutningskostnað á mjólk frá bændum austanfjalls til Rvíkur. Til þess að því verði komið við er heimild í 2. gr. l. um það, að mjólkurframleiðendur á stærri eða minni svæðum, sem selja mjólk og rjóma frá viðurkenndum mjólkurbúum, geti gert með sér samþykktir um skipulag sölu á þessum vörum. Það er ætlazt til, að árangurinn af þessari heimild verði sá, að mjólkursalan verði skipulagsbundin. Ég skal taka það fram, að það er ekki ætlazt til þess, að þessi skipulagsbinding á mjólkursölunni nái til þess, að meiri hl. mjólkurbúanna á þessum svæðum geti sett reglur um það, að öll mjólkin sé seld gegnum einn aðila og þannig meinað einstökum mjólkurbúum á svæðinu að selja sína mjólk sjálf. Ég tek þetta sérstaklega fram með tilliti til eins aðila, og það er gert í samráði við forgöngumenn þessa máls og meðflm. mína, a. m. k. þann, sem mesta forgöngu hefir, Eyjólf Jóhannsson framkvæmdarstjóra. Hinsvegar er tilgangurinn sá, að fækka mjólkurbúðunum, sem orðnar eru 80—100, en ætlazt var til með reglugerð, sem um þær var sett, að væru 12, að fækka þeim niður í hæfilegan fjölda, t. d. 20 og á þann hátt draga úr sölukostnaðinum, og jafnframt er það annar höfuðtilgangurinn að koma í veg fyrir, að austanmenn séu að vetrarlagi að flytja nýmjólk til Rvíkur, þegar framleiðendur í nágrenni Rvíkur eru að vinna skyr og osta úr sinni mjólk. En til þess svo, að austanmenn megi við það una, að sleppa þeim feng að njóta nokkurs hluta mjólkursölunnar í Rvík, er ætlazt til, að stofnaður sé verðjöfnunarsjóður með því að leggja nokkurn skatt á þá mjólkurframleiðendur, sem mjólk selja innan vébanda Rvíkur eða annara kaupstaða, sem hlut eiga að máli. Það er ætlazt til þess, að þessi skattur verði eftir því sem þörf krefur, en aldrei hærri en 5% af útsöluverði gerilsneyddrar mjólkur, að því er snertir mjólk frá mjólkurbúum utan kaupstaða. En það er jafnframt ætlazt til, að þeir, sem mjólk framleiða innan vébanda kaupstaðanna og samkv. 1. gr. frv. er heimilt að selja hana beint til neytenda, greiði einnig nokkurn skatt í þennan verðjöfnunarsjóð. Og af því að það er erfitt að henda reiður á því, hve mikil sú mjólk er að lítratölu, þá er skatturinn miðaður við kúafjöldann og gengið út frá, að meðalársnyt í hverri kú sé 2500 lítrar.

Þessum verðjöfnunarsjóði verður varið til þess að bæta þeim austanmönnum, sem hafa haft aðstöðu til að keppa um mjólkurmarkaðinn, upp þann halla, sem þeir telja sig hafa af því að hætta að selja mjólk til Rvíkur og vinna skyr og osta úr henni austanfjalls. En það er náttúrlega undir atvikum komið, hvort allri mjólkurþörfinni verður fullnægt með sölu úr nágrenni Rvíkur, en ef sú framleiðsla er ekki nægjanleg, þá er ætlazt til þess, að mjólk verði flutt austan að

eftir því sem með þarf til þess að fylla í skörðin.

Það er sett ákvæði í 2. gr. þessara l. um það, hvers skuli krafizt til þess að samþykktir mjólkurframleiðenda á ákveðnum sölusvæðum séu gild. Þess er krafizt áður en slíkar samþykktir öðlast gildi, að frv. sé lagt fyrir viðkomandi mjólkurbú á viðkomandi sölusvæði og samþ. af þeim mjólkurbúum, og svo sé haldinn sameiginlegur fundur, þar sem mjólkurbúin hafa sína löglegu, kjörnu fulltrúa. Á þessum fundi verður samþykktin að fá a. m. k. ¾ hl. atkv. til þess að hún öðlist lagalegt gildi, en atkvæðamagn mjólkurbúanna á slíkum fundi miðast við, hver er ársframleiðsla hlutaðeigandi mjólkurbúa.

Það er viss veila í þessu skipulagi, sem okkur flm. er ljóst, að geti komið fyrir. Við skulum hugsa okkur, að á slíkum aðalfundi allra mjólkurbúanna sé með 75% af greiddum atkv. samþ., að slík samþykkt skuli öðlast gildi. En ef nú þau mjólkurbú, sem neita gildistöku samþykktarinnar, hafa að baki sér alla meðlimi sína, þá hafa 25% af mjólkurframleiðendum á þessu svæði neitað gildistökunni. En svo er það a. m. k. teoretiskur möguleiki með 75%, að þau séu þannig til komin, að innan hvers mjólkurbús hafi samþykktin öðlazt gildi á þann hátt, að liðlega 50% af meðlimum hlutaðeigandi mjólkurbúa hafi sagt já, en liðlega 49% nei. Þetta þýðir þá, að í raun og veru er það ekki nema liðlega 50% af 75% af framleiðendum á svæðinu, sem hafa goldið jákvæði, en neikvæði hafa goldið fyrst 25% í einu lagi, og svo í öðru lagi allt að 37½% af framleiðendum þeirra mjólkurbúa, sem þó greiddu samþykktinni jákvæði. Það er að segja, að það getur teoretiskt komið fyrir, að liðlega 38% af framleiðendum á svæðinu kúgi 62% af framleiðendum.

Þetta er nú eingöngu teoretiskur möguleiki, sem ég vildi taka fram, að okkur hefði ekki skotizt yfir. En það er náttúrlega opin leið fyrir þá n., sem fær þetta mál til athugunar, að ráða bót á því með því að breyta þessu ákvæði. Ég hefi ekki fundið ástæðu til þess, en ég skal ekki setja mig á móti því, ef það verður gert.

Ég skal svo aðeins geta þess, að menn þurfa ekki að óttast, að af þessu leiði verðhækkun á mjólk hér í Rvík. Menn þurfa ekki að halda, að þó að mjólkurframleiðendur fái þessa aðstöðu að skipulagsbinda mjólkursöluna í Rvík, fái þeir aðstöðu til að okra á Reykvíkingum. Ef menn kynnu að óttast það, þá þurfa þeir ekki annað en að lesa 5. gr. frv. Hún segir frá því, að það skuli skipuð 7 manna nefnd, sem ákveður útsöluverð á mjólkinni, og þessi n. er þannig skipuð, að framleiðendur skipa aðeins 2 af nefndarmönnum, tveir eru skipaðir af bæjarstjórn og 3 af atvmrh. Þess vegna er full ástæða til að halda það, að a. m. k. meiri hl. þeirrar n., sem á að ráða mjólkurverðinu, sé skipaður úr hópi neytenda. Það má segja, að það sé máske óvarfærni af framleiðendum að vilja leggja sig undir þetta högg, að menn, sem eiga að kaupa vöruna, ráði verðlaginu, en það er þó gert í því trausti, að n. sé skipuð mönnum, sem láta það eitt ráða, sem sanngjarnast er og réttast, sem sitja í n. sem dómarar, en ekki sem vilhallir eiginhagsmunamenn. Og bændur á þessum svæðum eiga við það skarðan hlut að búa, að þeir telja sig ekki eiga úr háum söðli að detta og kjósa sér ekki annað fremur en að sanngjarnir, dómbærir menn kynni sér sérstöðu og hag búrekstrar þeirra og ákveði svo verðlagið eftir því, sem brýn þörf krefur. Annað fara þeir ekki fram á, og ég hygg, að Rvík geti ekki með sanngirni kosið sér annað betra hlutskipti. Því þó það megi vel vera, að samkeppni bænda um mjólkursöluna í Rvík nái því marki að verðfella mjólkina svo gífurlega, að bændur sligist undir búskapnum, eins og nærri stappar nú, þá verða afleiðingarnar þær, að eftir vissan og takmarkaðan tíma heltast það margir bændur úr lestinni, að verðið rís aftur, og þá e. t. v. úr hófi. Til þess að fyrirbyggja þær óeðlilegu sveiflur og með sameiginlega hagsmuni framleiðenda og neytenda fyrir augum er þetta frv. fram borið. Að það sé meining okkar, mega allir marka á því, að við biðjum um verðlagsnefnd, þar sem allar líkur eru til, að neytendur verði í meiri hluta. Aðra skýrari sönnun fyrir því, að ekki eigi að okra á Reykvíkingum, get ég ekki

gefið og getur heldur enginn maður beðið um.

Ég vænti því þess, að úr því að mestur hluti framleiðenda á þessum svæðum hefir borið gæfu til þess að ganga saman um það að bera fram eina sameiginlega ósk í þessu efni, ljái hv. þm. þessu máli lið sitt og leyfi því að ganga viðstöðulitið gegnum þingið, þannig að það megi öðlast lögfestingu, þó tiltölulega stuttur tími sé eftir.

Að endingu vildi ég svo vænta þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til landbn.

**Pétur Halldórsson:** Ég vildi gjarnan óska þess, að þetta frv. væri sent til bæjarstjórnar Rvíkur til umsagnar, áður en það væri afgr. sem l. frá Alþingi. Ég vildi beina þeirri ósk til landbn., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, að hún gefi bæjarstj. Rvíkur og Hafnarfjarðar tækifæri til að koma með sína skoðun áður en n. gengur frá sínu nál. um málið.

**Sveinbjörn Högnason** [óyfirl.]: Ég vildi lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. er fram komið, sem leggur grundvöllinn að því að skapa jafnari aðstöðu og betri verðlagsjöfnuð en verið hefir meðal mjólkurframleiðenda.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um frv. sjálft. En ég vildi aðeins beina því til n., sem fær frv. til meðferðar, sem væntanlega verður landbn., að hún taki til athugunar það ákvæði 2. gr., sem tiltekur þau svæði, sem samtökin eiga að ná yfir á hverjum stað, sem er sérstaklega þetta ákvæði, sem ég skal lesa upp með leyfi hæstv. forseta: Mjólkurbú innan sömu sölusamtaka má þó ekki vera fjær sölustað en 70 km. og félagar þess ekki fjær en 130 km. frá sölustaðnum. Ég vildi aðeins benda á, að með þessum ákvæðum er útilokaður allverulegur hluti af bændum á Suðurlandi frá því að geta starfað í mjólkurbúum þeim, sem þeir nú eru í. Og þeim væri gerður meiri óleikur en það. Þeir væru einnig útilokaðir frá því að geta komið sér upp mjólkurbúum. Ég á hér við bændur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Ég get einnig upplýst það, að nokkur hluti þeirra, sem búa innst í Fljótshlíðinni, yrði þá að hætta að vera í Mjólkurbúi Ölfusinga, og það yrði til þess, að hinir yrðu einnig að hætta, því þeir væru þá of fámennir til þess að geta haldið uppi sölu.

Ég vænti því, að n. taki þetta til athugunar og leiðrétti það fyrir 2. umr.

**Flm. (Ólafur Thors):** Ég sé ekki ástæðu til að svo stöddu að gera að umræðuefni þessi ummæli hv. 2. þm. Rang. Þau hafa sjálfsagt, a. m. k. að sumu leyti, við rök að styðjast. N., sem fær frv. til meðferðar, mun taka þetta til athugunar.

En að því er snertir tilmæli hv. 4. þm. Reykv. um það, að frv. verði sent bæjarstjórnum Rvíkur og Hafnarfjarðar til umsagnar, þá get ég ekki tekið undir þau, því það mundi sennilega aðeins tefja fyrir framgangi málsins. En nú eru tilmæli hv. þm. svo sanngjörn, að ég mundi ekki setja mig á móti þeim, ef ekki væri svo ástatt, að í báðum d. þingsins eru einhverjir áhrifamestu mennirnir innan bæjarstjórnarinnar, eins og t. d. hv. 4. þm. Reykv., hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. landsk., borgarstjórinn sjálfur. Það gefst því fyllsta tækifæri hér á þingi til að koma fram með þær skoðanir, sem bæjarstjórn hefir á þessu máli, og ég vænti þess, að þær verði málinu ekki að neinu leyti til falls eða miska.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

---

Á 73. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 569, n. 671).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. hefir athugað þetta frv., eins og nál. á þskj. 671 ber með sér, og hefir n. orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með einni tiltölulega lítilli breyt. Er þessi brtt. n. við 2. gr. frv. aðallega orðalagsbreyt., en þó efnisbreyting að því leyti, að n. leggur til, að samtakasvæðið verði fært út, þannig að það geti náð 150 km. frá sölustað, í stað 130 km. í

frv. Er þessi breyt. gerð með tilliti til búanna hér eystra og viðskiptasvæðis þeirra. Þá þótti og n. rétt að taka það skýrt fram, hvað lagt væri til grundvallar, þar sem talað er um vegarlengd frá sölustað, — að hér væri átt við venjulegan flutningaveg milli sölustaðarins og hlutaðeigandi héraðs. Óttaðist n., að ágreiningur gæti risið út af þessu, ef það væri ekki tekið skýrt fram, menn gætu farið að tala jafnvel um loftleiðina í þessu sambandi og einhverjar aðrar óeðlilegar leiðir, ef þetta væri látið óákveðið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svo stöddu að bæta fleiri orðum við það, sem hv. þm. G.-K. mælti fyrir þessu máli við 1. umr., þegar frv. var lagt hér fram, og get ég því látið máli mínu lokið.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég hafði beiðzt þess við 1. umr. þessa máls, að frv. yrði sent bæjarstjórnum Rvíkur og Hafnarfjarðar til umsagnar, áður en málið kæmi aftur fyrir í d., af því að hér er um ráðstafanir að ræða, sem snerta þessi bæjarfélög vissulega ekki lítið. Landbn. hefir þó ekki séð ástæðu til að verða við þessum tilmælum mínum, og hélt ég þó, að það gæti verið fróðlegt bæði fyrir n. og Alþingi að frétta, hvað bæjarstjórn Rvíkur t. d. hefir nú á prjónunum þessu máli viðvíkjandi, en bæjarstjórnin hér vinnur nú að athugun þess, hvernig fyrirkomulag mjólkursölunnar hér í Rvík verði haganlegast fyrir komið fyrir báða aðilja, neytendur og framleiðendur. Þær ráðstafanir, sem hér eru ráðgerðar, fara í bág við það, sem bæjarstj. hér helzt mun hafa hugsað sér að samþ. í þessu efni, því að hér er farið fram á að afhenda framleiðendunum takmarkalítið réttinn á markaðinum í hinum stærri kaupstöðum, einkum þó hér í Rvík og í Hafnarfirði, þannig að þessi markaður verði sem arðbærastur fyrir framleiðendurna, þó svo, að þeir framleiðendur, sem bezta aðstöðu hafa til að selja mjólkina ódýrt, eiga samkv. frv. að greiða skatt til hinna, sem eru lengra í burtu og erfiðari aðstöðu hafa, til þess að jafna afurðaverðið milli framleiðendanna, þeirra, sem nær eru, og þeirra, sem eru fjær. Finnst mér einmitt þetta vera aðalatriðið fyrir framleiðendurna, að hér er stefnt að því að jafna hlut þeirra, sem fjær eru, við hlut hinna, sem eru nær, og til þess að koma þessari jöfnun á, hefir sú leið verið valin, að skattleggja framleiðendurna hér í nágrenni bæjarins, og það ekki minna skatti en svo, að ef miðað er við útsvar þessara manna, verður skatturinn, sem þeir samkv. frv. eiga að greiða til keppinauta sinna, meiri en fært þykir að láta þá greiða í útsvör til bæjarins. Getur þetta auðvitað ekki komið til mála. Deildin hlýtur að vita, að framleiðendurnir hér í nágrenni Rvíkur verða að kosta meiru til framleiðslu sinnar en þeir, sem engu þurfa til að kosta til þess að rækta land sitt til mjólkurframleiðslu, en það er hinsvegar á margan hátt óhagstætt að gera landið hér í nánd við bæinn arðbært. Er þetta atriði sérstaklega varhugavert, og er enda beinlínis sama sem dauðadómur yfir öllum þeim, sem brotizt hafa í því að rækta land hér í kringum bæinn með það fyrir augum að selja mjólkina hingað til Rvíkur. Ég mun og ekki geta greitt slíkum ráðstöfunum sem þessum atkv. mitt, fyrr en mér þá hefir verið sýnt fram á það, að þetta geti orðið án þess að mjólkurframleiðslan hér í nágrenninu bíði stórtjón af og jafnvel falli niður. Gæti ég hugsað mér, að n. hefði athugað, hve mjólkurframleiðslan er mikil hér í nágrenni Rvíkur. Sé ég ekki réttlætið í því að skattleggja hina reykvísku mjólkurframleiðendur til þess að hjálpa þeim, sem fjær eru, til þess að þeir standi betur að vígi að keppa á mjólkurmarkaðinum hér. Eru þessar ráðstafanir óforsvaranlegar með öllu, þar sem þær miða fyrst og fremst að því að auka fjárhagslega erfiðleika þeirra manna, sem lagt hafa fé sitt í ræktun hér í nágrenni Rvíkur, til þess að hafa ofan af fyrir sér með mjólkursölu, og verður Alþingi að gera sér ljóst, hvað við tekur, ef þessi framleiðsla verður gjaldþrota vegna slíkra ráðstafana.

Þá vildi ég drepa lítillega á annað atriði. Svo er til ætlazt samkv. frv., að skipuð verði n. til að ákveða mjólkurverðið, en allir þeir, sem eru allt að 130 km. burtu frá sölustaðnum, geta tekið þátt í mjólkursölunni. Hvernig á nú þessi n. að ákveða markaðsverðið? Til hvers á að taka tillit í því sambandi? Á að miða við

framleiðslukostnað þeirra, sem lakasta aðstöðu hafa til framleiðslunnar, eða hinna, sem bezta hafa aðstöðuna? Eða á að taka meðaltal af þessu tvennu og miða við það, sem duglegur bóndi með meðalaðstöðu til framleiðslunnar getur látið sér nægja? Geri ég helzt ráð fyrir, að þessi millivegur verði farinn, og vil þá spyrja hv. n., hvort hún hafi gert sér grein fyrir, hvernig verður aðstaða þeirra framleiðenda, sem á að skattleggja sérstaklega í þessu augnamiði. Er ekki einmitt með þessum ráðstöfunum verið að útrýma reykvísku framleiðendunum, þar sem fara á að skattleggja þá í því skyni að styrkja keppinauta þeirra, sem eru lengra frá markaðinum? Eða getur n. e. t. v. sýnt fram á, að svo sé ekki? Geri hún það þá.

Ýms smærri atriði í þessu frv. gætu gefið tilefni til athugunar, en ég skal þó ekki fara frekar út í frv. að sinni.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég vildi svara hv. 4. þm. Reykv. nokkrum orðum.

Hann finnur mjög að því, að málið skyldi ekki vera lagt fyrir bæjarstjórnir Rvíkur og Hafnarfjarðar. Verð ég þó að segja það, að svo framarlega sem gert er ráð fyrir, að nokkur alvara sé með að koma þessu máli fram, hlýtur maður að telja illa farið, ef fara ætti að tefja málið með því að senda það frá Heródesi til Pílatusar, eða jafnvel grafa því gröf hjá bæjarstj. hér og í Hafnarfirði, enda vill svo vel til, að Rvík a. m. k. hefir hér á að skipa góðum fulltrúum fyrir sinn málstað, því að nokkrir bæjarfulltrúanna eiga sæti hér á þingi, þ. á m. hv. 4. þm. Reykv. (**ÓTh:** Og borgarstjórinn sjálfur líka). Já, rétt er það, og ég ætla, að Hafnarfjörður eigi sæmilegan málsvara sinna hagsmuna í þm. kjördæmisins. Það sýnist því heldur ekki vera nein ástæða til að fara að stofna málinu í hættu með því að senda það til umsagnar þessum bæjarstjórnum.

Hv. 4. þm. Reykv. tók það réttilega fram, að meginþátturinn í þessum ráðstöfunum væri að koma á sölusamtökum með mjólkurframleiðendunum. Í þessu skyni skal stofnaður m. a. svonefndur verðjöfnunarsjóður, sem í renni ákveðið gjald af hverjum mjólkurlítra, sem selður er beint til neyzlu á sölustað, en tekjum verðjöfnunarsjóðs skal varið til að greiða uppbót á verði seldra mjólkurafurða innan sölusvæðisins, vegna verðfallsins, sem vinnsla mjólkurinnar hefir í för með sér. Get ég ekki séð, að neitt geti verið við þessar ráðstafanir að athuga, því að þeir, sem verðuppbótina fá, víkja að nokkru leyti fyrir hinum af mjólkurmarkaðinum og vinna úr sinni mjólk, sem þó gefur óhagstæðari útkomu. Þeir mjólkurframleiðendur, sem skattlagðir verða samkv. frv., verða því betur staddir eftir en áður, meðan salan er óskipulögð og hver ríður annan niður á markaðinum, eins og þetta er nú, þar sem þeir fá nokkurskonar forgangsrétt að mjólkurmarkaðinum og tryggja sig um leið gegn óeðlilegu verðfalli á framleiðslu þeirra — mjólkinni. En það, sem þó er ánægjulegast við þetta, er það, að þótt báðir þessir aðilar fái meira verð fyrir afurðir sínar með þessu móti, þurfa neytendurnir þó ekki að bíða tjón við það, því að þetta getur náðst með því að koma milliliðakostnaðinum niður, en hann mergsýgur nú bæði framleiðendur og neytendur. Og svo er hitt víst, að ef núv. skipulagsleysi verður áfram ráðandi í þessum efnum, má telja vafalaust, að þess verði ekki langt að bíða, að framleiðendurnir troði skóinn hver niður af öðrum, vegna hinnar sífelldu samkeppni um markaðinn, og að þeir dragi hver annan niður smátt og smátt, þar til allir þeir, sem betri aðstöðuna hafa, jafnt sem hinir, liggja jafnflatir. Það er hinn mesti misskilningur, að atvinna þeirra manna, sem hv. 4. þm. Reykv. sérstaklega ber fyrir brjósti, framleiðendanna hér í lögsagnarumdæmi Rvíkur, sé lögð í rústir með ákvæðum frv., því að þeim er þvert á móti gefinn einkaréttur á að selja alla nýmjólk beint að heiman til neytendanna, en þeir eru margir, sem helzt vilja mjólkina nýja, og bætir það aðstöðu þessara framleiðenda enn frekar, því að sú sala fer fram milliliðalaust. Verða þessar ráðstafanir því, eins og fyrr er sagt, báðum aðilum til mikilla hagsbóta.

Ég hefði getað búizt við þeirri mótbáru frá hv. 4. þm. Reykv., að hann væri hræddur um, að þetta skipulag mundi verða til að skaða neytendurna, því að

slíkt hefði verið eðlileg mótbára í alla staði frá bæjarbúum hér, en til öryggis í þessu efni kveður frv. svo á, að skipa skuli sérstaka n., sem ráði algerlega yfir verðlaginu, svo að framleiðendur hafi ekki á sínu valdi að skrúfa verðið upp úr öllu valdi.

Hv. 4. þm. Reykv. spurði, hvernig ákveða ætti söluverðið, og játa ég, að erfitt verður við það að fást. Ég býst við, að reynt verði að þræða þá leið, sem hv. þm. sjálfur benti á í því sambandi, og að miðað verði við meðalaðstöðu til framleiðslunnar, þannig, að meðalverðið verði ákveðið eftir því, sem nauðsynlegt þykir, til þess að búskapurinn geti borið sig sæmilega. Og ég fyrir mitt leyti treysti því fullkomlega, að í þessa n. verði valdir svo góðir menn, að verðið verði ekki haft ósanngjarnt, og má enda frekast búast við því, að verðið lækki frá því, sem nú er, fremur en hitt, að verðið fari hækkandi, án þess þó að þetta verði framleiðendunum til skaða. Þá vil ég bæta því við, að verðjöfnunarsjóðsskatturinn hittir alla jafnt, sem selja mjólk til bæjarins, viðskiptamenn Mjólkurfélags Rvíkur eins og aðra, svo að því fer alls ekki fjarri, að verið sé að níðast á framleiðendunum hér í lögsagnarumdæminu, og verð ég að segja það enn, að aðstaða þessara framleiðenda verður sízt verri en áður, nema síður sé, og er þeim ekki íþyngt með þessu fyrirkomulagi fremur en öðrum, er nýmjólk selja, enda mun meiri hl. þeirra vera því samþykkur, að þetta fyrirkomulag sé tekið upp, sem frv. ráðgerir. (**PHalld**: Þeir eru á móti því). Á fyrsta stigi málsins munu þeir allir hafa verið þessu fyrirkomulagi samþykkir, en síðan mun hafa komið afturkippur í suma þeirra, svo að þeir eru nú skiptir í málinu. Ég býst þó við, að þeir hljóti að sjá, að þetta er einmitt til hinna mestu hagsbóta fyrir þá, vegna hins mikla milliliðakostnaðar, sem nú leggst á mjólkina.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Það var auðskilið af orðum hv. frsm., að n. hefir sett sig á móti því, að málinu væri vísað til umsagnar bæjarstjórnanna, af þeirri ástæðu, að n. telur víst, að bæjarstjórnirnar muni verða á móti málinu. Hv. frsm. talaði einmitt um það, að slíkt mundi verða til að tefja fyrir málinu og jafnvel grafa því gröf. Og segja mætti mér, að hv. flm. hefðu passað að koma ekki með frv. fyrr en þetta, til þess að geta komið með þessa mótbáru gegn því, að málinu yrði vísað til umsagnar aðalaðilja málsins. Er þarflaust að vera að taka fram fyrir hendur þessara aðilja, bæjarstjórnar og framleiðenda, og ekki ástæða til að vantreysta því, að þeir geti komið sér saman um eitthvert skipulag, sem öllum aðilum sé fyrir beztu. Og ef hér er virkilega um slíkt skipulag að ræða, sem tryggi í senn hagsmuni neytenda og framleiðenda, sé ég ekki, að nokkur minnsta ástæða geti verið til þess ótta, sem því hefir valdið, að bæjarstjórnirnar fá ekki að segja sitt álit á málinu. En þessu er ekki svo farið, heldur á að keyra málið í gegnum þingið á móti vilja bæjarstjórnanna, og þá líklega á kostnað neytendanna, því að það hlýtur að skýrast út frá því, að þetta verði á kostnað bæjarmanna, að bæjarstjórnirnar eru á móti málinu.

Háttv. frsm. sagði, að hér væri um að ræða betri aðstöðu bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Annars heyrði ég ekki nægilega rök hans, en eitt af því, sem hann fullyrti, var það, að mjólkurútsölustöðunum mætti fækka, og með því fækkaði milliliðunum. Þetta er bara sagt út í bláinn. Það á sannarlega eftir að sýna sig, að mjólkurverð lækki, þó að útsölustöðunum verði fækkað. Ég lít svo á, að sú mjólkurbúð, sem allir eru ánægðir með, bæði framleiðandi og neytandi, eigi fullan rétt á sér. Ef t. d. er mjólkurbúð uppi á Sólvöllum, sem fólkið vill verzla við, þá er ekki hægt að segja því að fara niður í Aðalstræti og kaupa sína mjólk þar, enda þótt frsm. vilji halda því fram, að það sé öllum til hagnaðar.

Þá vildi hann halda því fram, háttv. frsm., að hér væri hver að troða skóinn niður af öðrum með hinni hörðu samkeppni. Þetta á hann líka eftir að sanna. Mér þætti gaman að vita, hvort mjólkin lækkaði í verði, þó samkeppnin minnkaði. Ég er því sannfærður um, að þessi ráðstöfun verði öðrumhvorum til tjóns, framleiðendum eða bæjarbúum, og ég er viss um, að háttv. flm. ætlast til þess, að það verði bæjarbúar, sem hún verður til

tjóns, því að annars hefðu þeir ekki borið þetta fram. Enda ekki nema eðlilegt af umbjóðendum þeirra, sem ráða yfir hinum mikla markaði, sem hér er um að ræða fyrir mjólk og mjólkurafurðir.

Hvað snertir smámjólkurframleiðendurna hér í kringum Rvík, þá get ég sagt háttv. frsm. það, að þeir mótmæla harðlega, að frv. þetta verði samþ. Mér þótti dálítið einkennilegt það, sem háttv. frsm. sagði um þessa menn, að þeim væri gefinn einkaréttur til þess að selja nýmjólk beint í hús í kaupstöðunum. Hver getur gefið þeim þennan rétt? Ef þeir hafa hann, þá eiga þeir hann, og því þarf hvorki Alþingi né aðrir að gefa þeim hann. Það hættulegasta við frv. er það, að með því að það skerðir þennan einkarétt, þá miðar það að því að hækka mjólkurverð í bænum. Nú á að skattleggja þessa menn með því að láta þá greiða 50 kr. gjald fyrir hverja kú, sem þeir hafa. Takist með þessu að koma þeim á vonarvöl, sem frv. helzt virðist stefna að, þá tapar bæjarfélagið og þjóðfélagið þeim sem góðum skattþegnum, og þá greiða þeir heldur ekki þennan 50 kr. skatt.

Þá þótti mér dálítið spaugilegt svar háttv. frsm. viðvíkjandi því, hvað mjólkurverðið yrði eftir að þessi 7 manna n. hefði ákveðið það. Hann var t. d. spurður, við hvað það yrði miðað. Svarið var aðeins það, að það væri svo örðugt að gefa almennar reglur fyrir því, að um það væri hreint ekkert hægt að segja, a. m. k. ekki að svo komnu. Ég hélt, að þessu væri hægt að svara mjög fljótlega og ákveðið. Þegar þetta atriði er í svona mikilli óvissu, er ekki hægt að búast við því, að við Reykvíkingar getum sætt okkur við, að sett verði í lög slík ákvæði sem í frv. þessu felast. Mér finnst, að n. hefði beinlínis verið skylt að búa sig undir að svara jafnþýðingarmikilli spurningu sem þessari, og það m. a. s. að svara henni glöggt og skýrt. En með slíku svari sem háttv. frsm. gaf, viðurkenndi hann hreinlega, að verið væri að setja lög hreint og beint út í bláinn. Hvers vegna frv. kemur svona seint fram, að hvorki er hægt að bera það undir bæjarstjórn Rvíkur né Hafnarfjarðar, vil ég ekkert fullyrða. En helzt virðist, að hér eigi að knýja fram með valdi þá hluti, sem bæjarstjórnirnar hafa neitað um. Annars er það ekki verkefni Alþingis að úrskurða þessi mál, og það er ekki rétt af Alþingi að grípa inn í og fyrirskipa það, sem annar aðilinn getur ekki með neinu móti sætt sig við.

**Ólafur Thors:** Ég þakka háttv. n. fyrir góða og skjóta afgreiðslu þessa máls.

Eins og máli þessu er varið hefði ég helzt kosið að skipta mér ekki af umr. um það. Afstaða hv. 4. þm. Reykv. til þess ber vott um, að hann hafi ekki hugsað málið vel. Ég þyrfti að tala langt mál, ef ég ætti að hrekja alla ræðu hans eins og þörf væri á, því að hún var öll á misskilningi byggð. Í frumræðu minni sýndi ég fram á, að getsakir þær, sem hann var með, eru með öllu óþarfar. Einnig er mikið af ræðu hans hrakið með ræðu hv. frsm. Hann var ennþá að kvarta yfir því, að málið hefði ekki verið sent til umsagnar bæjarstjórnunum í Rvík og Hafnarfirði, og hann gekk svo langt í málflutningi sínum, að hann vildi jafnvel gefa það í skyn, að það hefði verið vitandi vits að láta frv. koma svona seint fram, svo ekki væri hægt að leggja það undir bæjarstjórnirnar. Þetta eru ómaklegar aðdróttanir, því að það er vitanlegt, að skoðanir bæjarstjórnanna fara ekki dult hér á Alþingi, hvorki í þessu máli né öðrum, sem ekki er undarlegt, þar sem hér eiga sæti menn úr bæjarstjórnunum, eins og t. d. úr bæjarstjórn Rvíkur hv. 4. þm. Reykv. og borgarstjórinn sjálfur. Það virðist því næsta einkennilegt af hv. þm. að vera að fjargviðrast yfir þessu. Það verður ekki með sanni sagt, að við komum fram með frv. þetta á elleftu stundu. Efni þess er vel kunnugt bæjarstjórnunum og þær eiga sína talsmenn hér. Mér heyrðist hv. þm. segja, að mikið hefði verið hugsað um þetta mál, helzt í mörg undanfarin ár í bæjarstjórn Rvíkur. Þetta má vel vera. En hv. þm. hefði þá átt að vera orðinn viðbúinn að taka afstöðu til þess, nú þegar það kemur inn í þingið. Að fara að senda málið til umsagnar bæjarstjórnar Rvíkur nú, var alveg sama og kæfa það. Hinsvegar skal ég játa, að ég hefði ekki talið annað við eiga en að senda henni

það, ef hún hefði ekki átt jafnmarga fulltrúa hér á Alþingi og hún á.

Mér fannst bera mest á því í ræðu hv. 4. þm. Reykv., að með frv. þessu væri verið að skattleggja neytendur og smáframleiðendur kringum bæina með drápsklyfjum. En þetta er gersamlegur misskilningur á grundvallaratriðum málsins. Það, sem vakir fyrir okkur, er það, að koma á sameiginlegu skipulagi milli allra þeirra, sem framleiða mjólk og selja hingað til Rvíkur og Hafnarfjarðar. Hvort hér sé farin hin réttasta leið til þess að bæta úr því ástandi, sem nú er um mjólkursöluna, má kannske deila um. En það veit hv. þm., að þegar mikið berst af einni vörutegund á markaðinn, þá er hætta á, að hún falli í verði. Og til þess að koma í veg fyrir þessa hættu er frv. fram komið. Ég benti á það í frumræðu minni, að hér í Rvík væru hartnær 100 mjólkurbúðir, í stað þess sem reglugerðin um mjólkursölu hér gerir ráð fyrir 12. Með tilliti til þess, sem fólki hefir fjölgað hér síðan reglugerð þessi var sett, mun láta nærri, að þær ættu að vera 20 nú.

Ein fullyrðing hv. þm. var sú, að hver sú mjólkurbúð, sem hægt væri að halda opinni án tekjuhalla, ætti rétt á sér. Ég skal ekki að þessu sinni fara að rökræða þessa staðhæfingu hv. þm., en benda vil ég honum á, að þó að mjólkurbúð kannske beri sig reikningslega, þá er ekki víst, að hún sé sem heppilegust fyrir því. Það út af fyrir sig er engin trygging fyrir því, að ekki sverfi svo að framleiðanda mjólkurinnar, að hann verði að selja hana undir framleiðslukostnaði, og að neytandinn greiði samt of hátt verð fyrir mjólkina. Aðalatriði þessa frv. er að halda verði mjólkurinnar í sem mestu samræmi við framleiðslukostnaðinn, og því er farið fram á, að mjólkurframleiðendur greiði skatt í hinn svonefnda verðjöfnunarsjóð.

Sé það rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að smáframleiðendurnir kringum kaupstaðina hafi lagt fram mikið fé til stofnkostnaðar búrekstri sínum, og standi því höllum fæti í samkeppninni við aðra mjólkurframleiðendur, sem hafa ódýrari framleiðslu, þá er það sýnilegt, að engum er meiri þörf á því en þeim að halda verðlagi mjólkurinnar í sem réttustu hlutfalli við framleiðslukostnaðinn. Þess vegna á það að vera og er sérstakt hagsmunamál fyrir þá, að þessi samtök komist á. (**P-Halld:** Kannske þau séu aðeins gerð fyrir þá?). A. m. k. ekki síður en fyrir aðra, þar sem verið er að koma í veg fyrir e. t. v. allt að 10 aur. verðfall á mjólkinni. En 10 aur. lækkun á mjólkinni myndi hafa í för með sér gjaldþrot, fyrst og fremst þeirra, sem standa höllum fæti, og líka margra annara bænda.

Þó að frv. sé að sjálfsögðu borið fram til verndar bændum, þá er það og einnig borið fram til verndar neytendum. Það á að tryggja þá gegn því, að verðlag mjólkurinnar verði of hátt. Verðlagsnefnd skipuð 7 mönnum, aðeins 2 af hálfu framleiðendanna, á að vera neytendunum full trygging fyrir því, að þeirra hagsmuna verði gætt, að verðlag mjólkurinnar verði jafnan sett eins lágt og unnt verður.

Það hefir verið spurzt fyrir um það, eftir hverju eigi að fara þegar verðlag mjólkurinnar sé ákveðið. Í fljótu bragði er ekki hægt að telja það allt upp, en að sjálfsögðu verður byggt á fóðurkostnaði, hirðingarkostnaði, flutningskostnaði, kaupgjaldi, vöxtum o. fl. o. fl. Það, sem hér þarf að gera, er að finna út kvóta fyrir verðlag mjólkurinnar. Það eiga vitrir menn, eins og t. d. hagstofustjórinn hér í Rvík, að vinna það verk.

Það er rétt, að sitt á við á hverjum stað, það á annað við hér í Rvík heldur en norður í Eyjafirði, enda ekki ætlazt til, að sama verðlagsnefnd verði á báðum stöðunum. Hitt nær engri átt af hv. þm., að ætla okkur flm. að kveða upp um það, hvert eigi að vera mjólkurverðið í framtíðinni.

Ég ætla að enda mál mitt með því að geta þess, að sá skattur, sem leggst á skjólstæðinga hv. þm., er eigi meiri en sá, sem skjólstæðingar okkar flm. frv. verða að bera. Kaupstaðarbúar hafa engu síður hag af ákvæðum þessa frv. en bændur. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál okkar flm. frv. og hv. 4. þm. Reykv. að vinna að því að leiða þetta mál til farsællegra lykta.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég vildi aðeins svara hv. andmælendum þessa frv.

nokkrum orðum í viðbót við það, sem hv. þm. G.-K. sagði. Hv. 4. þm. Reykv. hélt því fram, að við flm. frv. hefðum búizt við, að bæjarstjórnirnar í Rvík og Hafnarfirði mundu leggja á móti þessu frv., og þess vegna hefði ég verið því andvígur, að þeim yrði sent það til umsagnar. En ekki þurfti það að vera. Töfin ein út af fyrir sig gat orðið þess valdandi, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi, enda má það engan tíma missa úr því, sem komið er. Annars skal ég nú segja hv. þm. það, þó hann ætti að vita það úr annari átt, að það er ákaflega lítils að vænta frá bæjarstjórn Rvíkur og Hafnarfjarðar í þessu máli. Mjólkurfél. Rvíkur hefir í mörg ár reynt að komast að samkomulagi við bæjarstj. Rvíkur um þetta mál; en bæjarstj. hefir alltaf stjakað því frá sér, mánuð eftir mánuð og ár eftir ár, og ekki gert nokkurn skapaðan hlut, og það er ekki sízt vegna þeirrar vanrækslu bæjarstjórnarinnar í þessum efnum, að frv. er nú komið á þennan rekspöl. Ennfremur skal ég geta þess, að reynsla nágrannaþjóða okkar í Noregi og Svíþjóð í þessum efnum hefir ýtt á eftir frv. Þar hefir þetta skipulag á mjólkursölunni gefizt svo vel, að bæði framleiðendur og neytendur eru hæstánægðir með það.

Ég þarf ekki að svara því, hvers vegna þetta mál var svo seint fram borið, að ekki hefir unnizt tími til að senda bæjarstjórnum Rvíkur og Hafnarfjarðar það til umsagnar; það gerði hv. þm. G.-K. Enda er það alkunnugt, að ekki flýtir það fyrir afgreiðslu mála á þinginu að leggja þau seint fram, svo að okkur flm. gat ekki verið neinn greiði að því. Nei, ástæðan fyrir drættinum var blátt áfram sú, að undirbúningur málsins hjá aðilum þess utan þings tók svo langan tíma, áður en samkomulag yrði um að flytja það í þessu formi.

Hv. 4. þm. Reykv. vildi halda því fram, að ákvæði þessa frv. til breyt. á núverandi ástandi hlytu að vera gerð á kostnað neytenda mjólkurinnar, að öðrum kosti hefðum við ekki flutt það, og ef það ætti að vera til hagsbóta fyrir framleiðendur, þá yrði það einungis á kostnað neytenda. En hv. þm. verður að gæta þess, að það þarf ekki svo að vera og er ekki svo þar, sem sett hafa verið slík lög sem þessi og reynd um nokkurra ára bil. Ég vil t. d. benda á, að þegar hægt er að fækka mjólkurbúðum — útsölustöðum mjólkurinnar — um helming, án þess að sölukostnaður mjólkurbúanna aukist nokkuð við það, þá segir það sig sjálft, að sölukostnaður mjólkurinnar minnkar um helming. (JAJ: En hvað kostar það kaupendur mjólkurinnar?). Það þarf ekki að kosta þá nokkurn skapaðan hlut. Er það ekki álíka kostnaðarsamt að sækja mjólkurflöskurnar, hvort sem mjólkurbúðin er t. d. hægra eða vinstra megin í götunni, sem kaupandinn býr við. En í sumum götum eru þær nú tvær — sín hvorum megin. Ég er ekki í vafa um, að það er hægt að fækka mjólkurbúðunum hér í bænum jafnvel um ⅔, án þess að nokkur óþægindi stafi af því, og það er hægt að dreifa búðunum skipulegar um bæinn en nú tíðkast. Auk þess er mikið af mjólkinni sett á flöskur og send þannig heim til neytenda, þeim að fyrirhafnarlausu, og til þess þarf engar sölubúðir. Nú skulum við segja, að þessum sparnaði af fækkun útsölustaðanna yrði skipt jafnt á milli kaupenda og seljenda mjólkurinnar; þá hefðu báðir aðilar hag af þessu.

Frv. sama efnis og þetta var einnig flutt á síðasta þingi, og þá var það reiknað út, að ef mjólkurbúðunum væri fækkað, þá yrði hægt að lækka útsölukostnað mjólkurinnar um 4 aura á hvern lítra. Og þá lá fyrir tilboð um það, að mjólkurverðið til neytenda skyldi lækkað um þessa 4 aura á lítra. Síðan hefir mjólkurverðið lækkað, svo að ekki virðist eins mikil ástæða til þess nú og í fyrra að láta alla lækkunina koma fram á verði mjólkurinnar. En ég ætla þó að fullyrða og jafnvel lofa því, að mjólkurverðið skuli ekki hækka í Rvík, að óbreyttu öðru verðlagi, þó að samþ. verði það skipulag á mjólkursölunni, sem í frv. felst; ég hygg, að verðið mundi heldur lækka.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að hver mjólkurbúð, sem gæti sýnt, að hún bæri sig, væri með því búin að sanna sinn tilverurétt. Þetta þykir mér einkennileg speki. Ef hægt er að sýna, að ein mjólkurbúð við einhverja götu fullnægi þörfum kaupendanna við götuna, og ef hún er þannig

sett, að hún sé þægileg fyrir alla neytendur, sem við götuna búa, þá virðist ekki þurfa á meiru að halda. En vegna þess skipulagsleysis, sem nú er á sölunni, þá er venjulega sett önnur mjólkurbúð í næsta húsi hinum megin við þessa sömu götu. Afleiðingin af þessu verður ætíð sú, að mjólkursalan skiptist til helminga á milli búðanna, en fyrir það, að mjólkursalan minnkar við skiptinguna í hvorri búðinni fyrir sig, verða framleiðendur mjólkurinnar að hækka sölulaunin smátt og smátt og áður en varir allt að helmingi, til þess að búðirnar geti borið sig með hinni minnkandi sölu — en neyðast til að gera það til að koma mjólkinni út. Er nú hægt að draga af þessum dæmum þá ályktun, að mjólkurbúðirnar hafi báðar fullkominn tilverurétt? Ég get ekki séð, að þetta sanni neitt annað en það, sem ég hefi margsinnis sagt, að hér er um óþarfa eyðslu og kostnað að ræða.

Hv. þm. sagði, að hér væri um að ræða sérmál á milli mjólkurframleiðenda annarsvegar og bæjarstjórnarinnar hinsvegar, sem þeir gætu sjálfir gert út um með samkomulagi. En reynslan hefir nú sýnt, að þeir hvorki geta það né gera. Samtök framleiðenda eru ekki það sterk eða heilbrigð, að þetta mál sé svo einfaldur hlutur til samkomulags. (**PHalld**: Ætli það sé svo einfalt að ná góðum árangri með lögþvinguðu skipulagi?). Já, það er afareinfalt. Ég kynnti mér það í fyrra bæði í Osló og Kaupmannahöfn. Norskir bændur í nágrenni við Osló fengu 12 aur. meira fyrir hvern mjólkurlítra heldur en þeir framleiðendur, sem seldu mjólk til Kaupmannahafnar. Og var það eingöngu þakkað hinu lögbundna skipulagi á mjólkursölunni í Osló. En útsöluverðið á mjólkinni var hið sama í báðum borgunum. Mennirnir eru nú einu sinni svo gerðir og gallaðir, að það er örðugt með frjálsum samtökum að koma í framkvæmd breyt., sem horfa til bóta, jafnvel þó þær liggi í augum uppi. Þess vegna verður oft að knýja þær fram með löggjöf.

Hv. 4. þm. Reykv. var eitthvað að snúa út úr því, sem ég sagði, að mjólkurframleiðendur í umhverfi bæjarins mundu eftir frv. fá einkarétt á nýmjólkursölunni í bæinn, og spurði hann, hvort ég ætlaði að veita þeim þann rétt. En það, sem ég átti við með þessu, var það, að ef þessi lög yrðu samþ., þá fengju þessir mjólkurframleiðendur löghelgaðan einkarétt til þessarar sölu til einstaklinga í bænum og gætu notað sér hann. Nú hafa þeir að vísu þennan rétt eins og aðrir, en þegar þetta frv. er orðið að lögum, þá verða þeir einir um hann.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að með þessu frv. væri lagður þungbær skattur á mjólkurframleiðendur í bænum, sem næmi 50 kr. á hverja mjólkandi kú, og taldi það óréttlátt í hæsta lagi; en ég vil benda honum á, að með samkomulagi um framboð og sölu á mjólkinni í bænum, þá er þessi skattur fljótur að koma inn aftur með öruggari sölu og tryggara verðlagi mjólkurinnar.

Hv. þm. G.-K. gerði nokkra grein fyrir því, eftir hvaða reglum mjólkurverðið yrði reiknað, og hvernig hægt væri að finna út fast verð á mjólkinni í hlutfalli við framleiðslukostnaðinn. Það voru útbúnar fastar reglur fyrir þessu í fyrra og mjólkurverðið reiknað eftir automatiskum mælikvarða. Ég geri ráð fyrir, að það verði ákveðið eftir áliti þeirrar nefndar, sem um það á að fjalla samkv. frv. — og ákvörðun sína byggir n. á útreikningi nokkurra aðalfaktora framleiðslukostnaðarins, svo sem kaupgjaldi, vöxtum af stofnfé búsins, kostnaði við áburðar- og fóðurbætiskaup o. s. frv. N. finnur svo út sameiginlega verðvísitölu þessara aðalflokka, sem hækkar eða lækkar af sjálfu sér frá ári til árs, eftir hinum almennu verðbreyt. á kostnaðarliðum búrekstrarins. Ég er sannfærður um, að hér er fundinn góður og réttlátur verðmælir, sem ákveður hæfilegt og sanngjarnt verð á mjólkinni, er allir geta sætt sig við.

Ég ætla svo ekki að fara lengra út í þetta mál að sinni, en býst við því eins og hv. þm. G.-K., að þegar hv. 4. þm. Reykv. er búinn að kynna sér þetta mál betur, þá muni mótstaða hans gegn því minnka að sama skapi.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég get ekki sagt, að ég sé sérstaklega kunnugur þessu máli, en það eru á því svo margar hliðar, sem grípa inn í viðskiptalífið yfirleitt, að það er vel hægt að taka afstöðu til þess

út frá almennum hugleiðingum og skoðunum í þeim efnum. Það er því í raun og veru ekki nauðsynlegt að vera nákvæmlega kunnugur þessari sérstöku grein viðskiptanna, mjólkursölunni, til þess að ákveða sig með eða móti þessu frv.

Ég hlustaði með mikilli gaumgæfni á ræður þeirra tveggja hv. þdm., sem mæltu með frv. Og öll rök þeirra eru nákvæmlega hin sömu og koma fram hjá þeim mönnum, sem hafa trú á því, að hægt sé að laga viðskiptin með ýmiskonar höftum eða lagafjötrum og skattaálögum. Þessir blessaðir lagaþrælar, sem aldrei hafa trú á, að hægt sé að koma nokkrum sköpuðum hlut áfram, nema hoppað sé í hafti. Í umr., sem fóru fram í útvarpinu í vetur um bæjarmál Rvíkur, bar einn ræðumaðurinn það á Sjálfstæðisflokkinn eða fulltrúa hans í bæjarstj., að hann ætti meginsökina á því, hvað mjólkurverðið væri óafsakanlega hátt í bænum. Þetta var bara eins og hver önnur vitleysa, að mjólkurverðið kæmi nokkuð við einum pólitískum flokki í landinu. En þá í umr. kom greinilega fram þessi almenna skoðun, að mjólkin væri of dýr og dýrari en hún þyrfti að vera. Það er náttúrlega mjög gott, ef hægt er að gefa vonir um lægra mjólkurverð. En mér finnst nú, að þessum lögum sé fremur ætlað að auka öfgarnar á hinn bóginn og að þau séu talin nauðsynleg af því að framleiðendur mjólkurinnar þurfi að fá hærra verð fyrir hana. Niðurstaðan verður vitanlega hin sama hér eins og alstaðar annarsstaðar, að hverskonar hindrun frjálsrar samkeppni leiðir til hækkunar á vöruverðinu. — Annars fannst mér nokkuð mikið bera á ósamkvæmni og mótsögnum í ráðum hv. frsm. Annað veifið hélt hann því fram, að það vekti fyrir framleiðendum mjólkurinnar og flm. frv. að lækka mjólkurverðið fyrir neytendur, en á hinn bóginn taldi hann, að framleiðendur fengju of lágt verð fyrir mjólkina, af því að þeir byðu það niður hver fyrir öðrum. (BÁ: Þeir sprengja söluverðið upp hver fyrir öðrum). Þess vegna á með lögunum að skipulagsbinda þessar mannskepnur til að selja mjólkina dýrara. Ef hægt verður að lagfæra þetta með því fyrirkomulagi, sem stungið er upp á í þessu frv., þá er nú ekki annað eftir en milliliðirnir. Og því atriði ætti nú að vera hægt að kippa í lag til þess að framleiðendur fái meira fyrir mjólkina og kaupendur geti fengið hana fyrir lægra verð handa sér og sínum börnum! Þessari stórvægilegu hagsbót á nú að koma í framkvæmd með fækkun sölustaðanna. Þessu atriði er alltaf hampað hér í umr., að ef útsölustöðum mjólkurinnar verði fækkað, þá á allt að vera í blóma. Þá eiga framleiðendur að fá meira verð fyrir mjólkina, og neytendur að borga minna fyrir hana. Ég get nú ekki séð, að með þessu frv. séu gerðar stórfelldar ráðstafanir í þessa átt. Það er að vísu opnuð leið til að skipuleggja mjólkursöluna, en þeir möguleikar hafa verið fyrir hendi og eru það enn, án sérstakrar lagasetningar. Það er enginn, sem bannar framleiðendum og neytendum mjólkurinnar að skipuleggja söluna á henni. Ég get ekki séð, að í þessu frv. séu lagðar línur fyrir gagngerðum ráðstöfunum í þessu efni. Það má kannske segja, að það létti eitthvað undir, en meira er það heldur ekki.

Annars verð ég að segja, að þó að ég hafi ekki í höndum skýrslur um sölukostnað mjólkurinnar hér í bænum og efist ekki um, að sölustaðirnir séu margir, þá hygg ég, að hið fyrirhugaða sölufyrirkomulag muni gleypa álíka mikinn sölukostnað og nú tíðkast. Það má e. t. v. spara einhvern skilding, en ég á bágt með að trúa, að það muni nema nokkru verulegu. Mér er ekki vel kunnugt um, hvernig mjólkurbúðirnar eru reknar, en ég hefi hugsað mér, að greitt sé ákveðið gjald fyrir hvern lítra í sölulaun. Og ef svo er, þá virðist það ekki skipta neinu máli, hvort mjólkin er seld í 1 búð eða 10 búðum. Kostnaðarauki, sem stafar af minni umsetningu, kemur niður á þeim, sem taka að sér útsöluna, en skiptir engu fyrir framleiðendurna, sem borga jafnt útsölugjald fyrir lítra, hvort sem mjólkin er seld á einum stað eða á 2—3 stöðum. Ég get ekki reiknað þetta dæmi öðruvísi. En því verður náttúrlega ekki neitað, að það stafar nokkur aukakostnaður af hinum mörgu búðum; aftur á móti gera þær kaupendum léttara fyrir, og ég hygg, að með fækkun mjólkurbúða verði ekki náð þeim árangri, sem nokkru nemi.

Ýmsir hafa mjólkursölu samhliða öðrum verzlunarrekstri, og bætir það nokkuð úr.

Það heyrist oft talað um, hvað það sé dýrt og óhentugt að hafa þessar mörgu verzlanir, og það má vel vera, að svo sé í ýmsum tilfellum. En hin almenna reynsla er nú samt sem áður sú, að það er hægt að reka verzlun alveg eins ódýrt í mörgum og smáum búðum eins og í fáum, stórum útsölustöðum. Það er t. d. talsvert erfitt að reka matvöruverzlun í stórri sölubúð, nema að vissu takmarki, eins og verzlunarfróðum mönnum er kunnugt um, þannig að því fylgi ekki meiri kostnaður en í smærri búðum. Og það mætti nefna mörg önnur dæmi hliðstæð þessu. Hvernig stendur á því, að smáskip geta keppt við stór flutningaskip um vöruflutninga og í mörgum tilfellum með meiri hagnaði? Hvers vegna getur smávegis heimilisiðnaður keppt við verksmiðjuiðnað, sem rekinn er í stórum stíl? Ástæður fyrir því geta verið margvíslegar. Það getur m. a. stafað af því, að heimilisiðnaðurinn sé unninn í aukavinnu og fyrir miklu lægra kaup en tíðkast í verksmiðjunum.

Það er ábyggilegt, að sú staðhæfing hv. frsm. getur ekki staðizt, að hægt sé að fækka mjólkurbúðunum um helming í Rvík og lækka sölukostnað mjólkurinnar um helming. Þessi fullyrðing stenzt ekki rökstudda gagnrýni; það getur verið, að sölukostnaðurinn lækki eitthvað, en alls ekki um helming.

Hv. þm. G.-K. sagði, að tilgangur þessarar löggjafar væri sá, að vernda sameiginlega hagsmuni allra mjólkurframleiðenda á því svæði, sem henni væri ætlað að ná til. En mér finnst tilgangurinn vera einungis fjárdráttartilraun og jafnframt kúgunartilraun gegn vissum flokki mjólkurframleiðenda. Það á með þvingunarlögum að jafna aðstöðu allra mjólkurframleiðenda á svæðinu til mjólkurmarkaðsins í Rvík, með því að leggja jafnháan skatt á þá alla, er renni í svo kallaðan verðjöfnunarsjóð. Úr honum á svo aftur að úthluta stærri upphæðum til verðuppbótar handa nokkrum mjólkurframleiðendum. Þetta er blátt áfram fjárdráttartilraun og ekkert annað. Mér sýnist, að þar sem talað er í 3. gr. frv. um verðjöfnunarsjóð, sé tilgangurinn með honum ekki annar en sá, að taka gjöld af öllum mjólkurframleiðendum og afhenda þau fáum mönnum í hópnum til eignar. Ef þetta er ekki fjárdráttur, ja, hvað er það þá annað en leikur með peninga? Og kúgunartilraun er það. Í ákvæðum 3. gr. frv. er þetta ákaflega meinleysislega orðað. Þar er sagt, að verðjöfnunarsjóður skuli stofnaður fyrir hvert sölusvæði. „Í hann skal renna ákveðið gjald af hverjum mjólkurlítra, sem seldur er sem neyzlumjólk á sölustað eða sölustöðum samtakanna". Síðan er ákveðið gjald til sjóðsins o. s. frv. Þetta fannst mér í sjálfu sér vera ákaflega meinleysislegt ákvæði við fyrsta lestur. Og sömuleiðis ákvæði 2. málsgr. 3. gr. frv., þar sem gengið er lengst í þessari fjárdráttarherferð á hendur framleiðendum hér innan takmarka bæjarfélagsins. Þar stendur: „Skylt er þeim, er mjólk framleiða innan takmarka sölusvæðis, sem samþykkt er gerð fyrir, og selja hana þar beint frá heimilum sínum til neytenda, að greiða sama gjald til verðjöfnunarsjóðs af hverjum mjólkurlítra, sem ákveðið hefir verið í samþykkt, og skal þá miðað við 2500 lítra ársnyt úr hverri kú".

Svo kemur úthlutunin í 4. gr. Það á ekki aðeins að leggja þetta gjald á þá, sem eru í samtökunum, heldur líka á þá, sem eru utan samtakanna, en rétt til þess að fá hlutdeild í þessu fé hafa ekki aðrir en þeir, sem í samtökunum eru. Þetta er einskonar tilraun til þess að kúga menn til að ganga í eitthvert slíkt félag, þó að það sé þeim stórkostlega í óhag og þeir eiga að fá að borga þennan skatt án þess að hafa beinlínis gagn af honum. Nei, mig skal ekkert furða, þó að hv. 4. þm. Reykv. vilji ekki fallast á það hjá hv. flm. og hv. frsm., að það sé beinlínis verið að hjálpa þessum mönnum með því að leggja á þá 5% af útsöluverði gerilsneyddrar mjólkur! Og þó að þeir selji hana ógerilsneydda, á samt að miða við gerilsneydda mjólk. Það á að taka þetta gjald af þeim og úthluta því milli keppinautanna, sem eru í „fullkomnum mjólkurbúum".

Ég er hissa á því, að hv. þm. G.-K. skuli ekki vera glaður yfir háum tekjuskattsfrv., sérstaklega ef þá á nú að leggja skattinn á fyrir þá, sem eiga að greiða

skattinn! Nei, það er ómögulegt að neita því, að tilgangurinn með þessu frv. er ekki sá, sem þessir hv. þm. hafa lýst yfir, að jafna hag allra framleiðendanna, heldur á að leggja á suma, til þess að ívilna öðrum. (ÓTh: Ég vil leggja á alla!). Ég hefi ekki athugað, hvorum megin Korpúlfsstaðabóndinn er. (ÓTh: Korpúlfsstaðabóndinn er ekki í þeim flokki). Mér finnst sennilegt, að þessi hv. þm. láti það ekki hafa áhrif á sig, þó að hann sé skyldur einum eða öðrum bónda hér eða þar. — Þessar reglur lenda svo náttúrlega á neytendum mjólkurinnar að lokum. Annars er reglan yfirleitt sú, að þeir, sem bezta hafa aðstöðuna, hafa mest áhrif á verðið, vegna þess að þeir undir samkeppninni ákveða verð sinnar vöru nokkurnveginn eins lágt eins og þeir geta framleitt vöruna fyrir, og neyða svo aðra svo og svo langt niður á eftir sér, eins langt og þeir treysta sér til að fylgja þeim. Með þessu frv., er verið að taka þessa beztu aðstöðu af þeim, sem hana hafa nú, og er þá þessi ástæða til verðlækkunar burtu fallin, því að þetta verður óhjákvæmilega til þess að verðið á vörunni í heild hækki. Ég held, að það sé ekki ástæða til þess að knýja menn til að ganga í félagsskap til þess að hækka þá vöru, sem er jafnhá í verði eins og mjólkin er hér í Rvík. Ég skal játa, að þegar ég hefi verið eindregið með því að hafa samtök um sölu á vöru og jafnvel getað dregizt með í að veita einskonar lagavernd, hefir það kannske verið af of litlum mannkærleika, en þá hefir verið um vöru að ræða, sem við seljum öðrum fjarlægum þjóðum, og þá hefi ég ekki verið eins viðkvæmur fyrir því, þó að verð vörunnar hækkaði. Tilgangurinn er sá, að verð vörunnar hækki. Ástæðan er að minu viti burtu fallin, þegar um innlenda menn er að ræða, bæði sem framleiðendur og neytendur. Ég býst við, að næst á eftir þessu frv., ef samþ. verður, myndi koma frv. um að jafna á sama hátt verð ýmissa annara vara, t. d. kjötverðið. Þá ætti að láta þau félög, sem eru næst búðamarkaðinum, t. d. Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga, greiða í sjóð, til þess að jafna upp verðið fyrir þeim, sem eru lengra í burtu, eins og þeim, sem framleiða þetta ágæta kjöt frá Kópaskeri. Í raun og veru væri enginn munur á þessu tvennu. Fyrst eru menn kúgaðir til þess að ganga í sölusamlag og svo þarf ekki annað en að láta fjarlægðina vera 500 km. í staðinn fyrir 50, því að þá ná samtökin yfir allt landið. Þetta væri jafnsanngjarnt og skynsamlegt og það, sem hér er stungið upp á. Í þessu sambandi vil ég minna á, að allt, sem leiðir til verðhækkunar á vöru, lítur að vísu í fljótu bragði þannig út, að það komi seljendunum beinlínis að gagni, en þetta er ekki, ef litið er betur á málið. Vitaskuld er ákaflega misjafnt notað af vörum eins og mjólk og kjöti, eftir því, hvað verðið er hátt. Veruleg verðhækkun á þessum vörum leiddi til þess, að markaðurinn myndi dragast saman, og það er mikill vafi á því, hvort slík verðhækkun borgar sig fyrir framleiðendurna sjálfa, þegar til lengdar lætur.

Hv. þm. G.-K. var að sýna fram á, að einmitt smáframleiðendurnir hér við Rvík og í Rvík, sem eiga að greiða þennan skatt, án þess að hafa nokkur bein not af honum aftur, hefðu í raun og veru ákaflega gott af þessu frv., og það var af því, að ef of mikið bærist að af mjólkinni, færi að draga að því, að menn yrðu að gefast upp og verða gjaldþrota, og það myndi lenda fyrst á þeim, sem framleiddu mjólkina með mestum kostnaði, en það væru þessir smáframleiðendur hér í Rvík. Þetta frv. ætti að vera vörður, vernd og skjól fyrir þessa menn! Það má benda á, að það er ekki það eina sérkenni á þeim Reykvíkingum, sem framleiða mjólk, að þeir framleiði hana með mestum kostnaði, heldur er annað sérkenni, að þeir hafa hagstæðari aðstöðu til þess að hagnýta vöruna. Þeir geta t. d. selt mjólkina spenvolga beint til neytendanna. (ÓTh: Og skituga). Algerlega hreina. Ég hefi ekki heyrt, að mjólkin kæmi skítug úr kúnum. Þessir menn hafa betri aðstöðu en aðrir, sem kemur á móti þeirra aukna kostnaði. (BÁ: Þeir hafa hana áfram). Annars þykir mér merkilegt, ef mjólkin verður svona skítug, að þeir skuli ekki banna hana! Þessa betri aðstöðu sem þeir hafa á móti sínum erfiðleikum, á að taka af þeim með því að láta þá borga 5% í skatt, og þeir hafa ekki rétt til þess að njóta þessa verðjöfnunarsjóðs,

því að þessu fé á aðeins að úthluta til þeirra, sem eru í fullkomnum mjólkurbúum. Sumpart á að leggja á þá skatt eða neyða þá til að ganga í þessi mjólkurbú. Þess vegna er langt frá því, að þeim sé nokkuð hjálpað með þessu. Þessir menn hafa sína erfiðleika, dýru ræktun o. fl., en þeir hafa betri aðstöðu, vegna þess að þeir geta selt mjólkina svo að segja milliliðalaust. Þessa betri aðstöðu á að taka af þeim með því að leggja á þá þennan skatt. Ég veit ekki betur en að það sé viðurkennt af þeim, sem hafa verið fylgjandi að leggja skatt á þá, sem hafa viljað selja fisk sinn utan sölusamlagsins, að það hafi verið gert til þess að neyða þá til þess að taka þátt í samtökunum eða borga peninga fyrir að vera utan samtakanna. Ég hefi ekki heyrt, að það hafi verið gert til þess að láta þessa menn hafa betri aðstöðu.

Svo koma þessar almennu umr. um mjólkurverðið, hvernig muni fara um það. Um leið og talað er um það, að mjólkurverðið muni hækka, þá er undir eins flett upp í frv. Það á að skipa n.! Vitaskuld á að skipa n.! Það er nú annaðhvort, ef ekki á skipa 7 manna n., tveir kosnir af framleiðendum, tveir af bæjarstj. og þrír af atvmrh.! Þegar búið er að skipa þessa n. er nú ekki hætta á því, að verðið verði ekki rétt! Þetta eru alveg sömu rökin og færð eru fram þegar verið er að setja bönn eða verndartolla. Það þarf ekkert annað en að skipa verðlagsnefnd til þess að sjá um, að verðið verði rétt. Það er lærdómsríkt að heyra, hvernig meðmælendum frv. gengur að greiða úr því, eftir hvaða reglum á að ákveða verðið. Hv. frsm. sló úr og í, en hv. þm. G.-K. fór að draga svona aðallínurnar, og við það fekk hv. frsm. svo mikinn kjark, að hann fór að draga línurnar líka. Þá kemur fram þessi skoðun á því, hvað sé sannvirði vörunnar, sem jafnaðarmenn hafa haldið fram frá fyrstu og hafa rökstutt svo, að allt verð eigi að ákveða þannig, að verð vörunnar sé framleiðslukostnaður + ágóði. Það er þessi rammvitlausa kenning, því að reynslan sýnir, að verð vörunnar er það, sem hún selst fyrir. Það væri ekki til neins fyrir mig að setja upp eldspýtnaverksmiðju og halda, að ég gæti selt eldspýtnastokkinn á eina krónu, af því að ég gæti sýnt fram á, að hann hafi kostað mig við skulum segja 90 aura, og ég hefði ekki nema 10% sjálfur. Reynslan hefir kennt hagfræðingunum, að það er framboðið og eftirspurnin, sem ræður verðinu. Allar verðlagsnefndir standa máttlausar gegn þessu, m. a. af því, að þegar á að fara að meta, hver framleiðslukostnaðurinn er, reynist hann undir eins svo misjafn. Þetta fer eftir því, hvað mikil hyggindi og vit er í hverjum búrekstri. Það, sem er framleiðslukostnaður eins bónda, er ekki annars, og það, sem er framleiðslukostnaður á einum stað, er ekki á öðrum, flutningskostnaður misjafn o. s. frv. Við hvað af þessu á að miða? Ef svo skyldi nú fara, þegar búið væri að setja verð á mjólkina, að hún seldist ekki, hvernig færi þá? Þá kemur gamla hagfræðilega reglan, að það verður að selja hana fyrir það verð, sem hún selst fyrir. Ég er sannfærður um, að síðastl. haust var kjötverðið ekki miðað við framleiðslukostnaðinn, heldur miðað við það, að ef verðið væri sett eins lágt og mönnum var frekast fært, myndi seljast meira af vörunum, og þetta var rétt út reiknað. Það er á þessu, sem verðlagsnefndirnar stranda: hvað það er, sem ákveður verð vörunnar. Því verði, sem er óeðlilegt, verður aldrei hægt að halda uppi. — Ég skal svo ekki segja fleira um þetta mál. Ég er þeirrar skoðunar, kannske eins í þessu máli eins og öðrum, að það væri gott, ef eitthvað næðist með frjálsum samtökum í þessum efnum; en mér þykir undarlegt, ef þetta er hreint sleifarlag og mjög einfalt að leysa þetta mál, ef framleiðendurnir geta ekki leyst það sjálfir. Ég hygg, að það sé af því, að það eru á þessu miklu, miklu meiri örðugleikar en flm. vilja vera láta.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég skal reyna að vera stuttorður. Það kemur þá í ljós í ræðum hv. frsm. og hv. 1. flm., að það er aðallega verið að gera þetta fyrir framleiðendurna hér í nágrenninu við Rvík, en það er leiðinlegt, að þeir kæra sig ekkert um þá vernd, sem í frv. felst! Ég hefði ekki óskað að hafa sagt, eins og hv. frsm. hafði eftir mér, að Alþingi mætti ekki setja l. um þetta efni, held-

ur vildi ég segja, og held að ég hafi sagt, að það væri ekki rétt af Alþ. að taka málið úr höndum bæjarstj. og framleiðendanna, þar sem það er nú. Ef þeir koma sér saman um þetta, þá er málið leyst. Ef framleiðendurnir fá samning við bæjarstj., sem þeir geta unað við, finnst mér, að Alþ. ætti ekki að grípa þar inn í. Það er hagsmunamál neytendanna líka, að ekki sé búið svo illa að framleiðendunum, að framleiðslan legðist niður. Ég óttast, að svo geti farið, eins og hv. frsm. lýsti ástandinu í Oslo. Hann hrósaði því mikið, að þetta fyrirkomulag væri í norsku bæjunum Bergen og Oslo og það hefði verkað svo, að í Oslo fengju framleiðendurnir 12 aur. meira fyrir lítrann en í Kaupmannahöfn. (BÁ: Útsöluverðið sama á báðum stöðunum). Þá er ekki hægt að fullyrða, að þetta komi niður á neytendunum, en það er heldur ekki nein sönnun fyrir því, að réttur neytendanna sé ekki fyrir borð borinn. Það verður þá ekkert sagt um þetta. Ég ætlaði að segja, að ef svo væri og hitt ekki upplýst, þá ætlaði ég ekki að lofa ástandið í Oslo.

Hv. þm. G.-K. sagði, að ekki væri þessi skattur, 50 kr. á hverja kú, mikill á móti þeirri verðlækkun, sem menn annars ættu í vændum. Hann er ekki neitt líklegri spámaður á þá hluti en framleiðendurnir sjálfir. Meðan framleiðendurnir mótmæla þessu, vil ég ekki ganga á móti þeim í þessum efnum fyrr en betri rök eru færð fram en þau, sem komin eru. — Viðvíkjandi búðafjöldanum vil ég segja, að það er einmitt svo ástatt í Þýzkalandi nú, að stóru verzlanirnar eru að leggja undir sig viðskiptin í þýzku borgunum. Þessar stóru verzlanir eru að útrýma smákaupmönnunum, kannske meðfram vegna þess, að þær geta selt ódýrara fyrir stærri innkaup, og svo eru e. t. v. fleiri atriði, sem koma til greina og eru ekki eins til hagsmuna fyrir neytendurna, eins og t. d. þegar menn eru búnir að venja sig á að kaupa eitthvað á vissum stað, þá er hægt að rugla tilfinningar manna fyrir verðlaginu. Þeir gæta þess ekki, að þeir kaupa hlutinn kannske dýrara verði þar en þeir mundu fá hann fyrir hjá smákaupmanninum. Það er svo komið í Þýzkalandi, að það er verið að gera tilraunir til að útrýma þessum stóru verzlunum, en það er kannske af pólitískum ástæðum. Þeir, sem með völdin fara þar, leggja kapp á að auka ekki þá samkeppni og þá hættu, sem í þessum efnum er fyrir smærri verzlanirnar, sem eru að kikna undir samkeppninni. Ef stóru verzlanirnar gætu útrýmt smáverzlununum, þá væri það til óþurftar fyrir neytendurna. Við skulum segja, að 1 eða 2 stórir mjólkurframleiðendur hefði aðeins búðir, þar sem þeir sjá sínum hag bezt borgið, þá væri það ekki til hagsmuna fyrir borgarana að þurfa að standa í löngum halarófum fyrir utan þessar búðir eins og víða í Rússlandi, þar sem menn þurfa að bíða klukkutímum saman og jafnvel sólarhringa til þess að fá sínar nauðþurftir. Það væri engin fyrirmynd.

Ég vil að endingu benda á eitt atriði, sem er augljóst mál, að ef á að fara með svona löggjöf að bæta aðstöðu framleiðendanna, sem eru lengst frá markaðinum, á kostnað þeirra, sem eru næst honum, þá er enginn vafi, ef þetta er gert svo verulegu nemi, að framleiðslan eykst að svo miklum mun þar sem framleiðsluskilyrðin eru meiri, að það verður ekki viðráðanlegt að halda uppi verðinu eins og tilgangurinn er með þessum l. Ef menn fá uppbót fyrir hvern mjólkurlítra, sem þeir framleiða, úr vasa þeirra, sem framleiða mjólk hér í nánd við bæinn, þá verður það til þess, að framleiðslan í nágrenni bæjarins leggst niður, en eykst lengra burtu frá bænum. Þá verður verra að ráða við verðspursmálið en áður og þá er verr farið en heima setið. Þessi árangur er bersýnilegur eins og nú standa sakir.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Margt af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, kom á einn eða annan hátt fram í ræðu hv. 4. þm. Reykv., en það eru sérstaklega tvö atriði í ræðu þessa hv. þm., sem ég verð að svara. Hann var að andmæla því, að búðafjöldinn í bænum hefði veruleg áhrif á mjólkurverðið. Búðarleigan sjálf er þó alltaf útgjaldaliður, sem eykst eftir því, sem fleiri búðir eru teknar á leigu til þess að selja sama magn af vöru. Hann vildi segja, að það kæmi í sama stað niður fyrir þá, sem framleiddu, hvort seldir væru 1000 lítrar á einum stað eða

tíu stöðum, ef þeir borguðu þessa 10 aur. á lítrann. Þetta er rétt, en ég vil benda hv. þm. á, ef hann ekki veit, hver gangurinn hefir verið í þessu máli. Við skulum segja, að það hafi verið sett upp búð í einhverri götu hér í bænum og borgaðir 5 aur. fyrir seldan lítra. Nú eru þeir tímar ársins, þegar mikið berst að af mjólk og hver keppir við annan. Þá kem ég sem mjólkurframleiðandi til nágranna þessarar búðar og segi: Ef þú vilt setja upp mjólkurbúð í þínu húsi, skal ég borga þér 6 aur. fyrir lítrann. Maðurinn gerir það og fær 6 aur. fyrir lítrann. Við það minnkar mjólkursalan hjá hinum, hann kvartar undan því og þarf líka að fá 6 aur. Svo kemur þriðji framleiðandinn og býður 7 aur. Afleiðingin verður sú, að hinir báðir verða að hækka sitt sölugjald upp í 7 aur. Þó að ekki sé keppt um að setja mjólkina niður, þá er keppt um búðirnar með því að láta meira og meira sölugjald. Það verð, sem bændur nú fá, er orðið svo lágt, að þeir fá naumast risið undir framleiðslunni lengur. Það hefir farið um milliliðina í mjólkursölunni eins og um apann, sem átti að skipta eplinu fyrir kettina; hann beit alltaf meira og meira af því, þangað til mestur hlutinn var kominn ofan í hann sjálfan.

Þá minntist hv. 3. þm. Reykv. á verðjöfnunarsjóðinn og sagði, að það væri sama og að koma á kúgun og fjárdrætti að stofna til hans. Mætist þarna hjá hv. þm. misskilningur og illgirni. Það hefir verið svo um mjólkursölu hér í bæ, að á sumum tímum berst svo mikið að af mjólk, að henni verður ekki komið út, og verður þá að búa til úr henni skyr og annað, sem gefur miklu minni arð. Lendir þannig meiri eða minni vinnslu-„skattur“ á öllum mjólkurframleiðendum. Þetta mikla framboð á mjólk stafar meðfram af því, að þessi nýju mjólkurbú austanfjalls gefa félögum sínum betri aðstöðu til að selja mjólkurframleiðslu sína hér en áður. Nú hefir orðið samkomulag um það, að búin eystra víki af mjólkurmarkaðinum þá tíma, er nóg berst að af mjólk hér í bænum úr nærsveitunum, en framleiða í þess stað skyr, rjóma o. s. frv. Þau vilja svo fá uppbót fyrir þetta, og á hún að renna í verðjöfnunarsjóð. Er því ekki hægt að segja, að þeir, sem stunda mjólkurframleiðslu hér í bænum, fái ekki neitt fyrir þetta framlag. Þeim er gefinn frjáls markaður um tíma, og fá þeir þannig fullt verð fyrir vöru sína, í stað þess að þeir yrðu annars að verðfella hana. Er þetta alveg heilbrigt skipulag. Slíkt skipulag getur ekki skapazt nema á þeim grundvelli, að báðir aðilar jafni á milli sín hagræði og óhagræði. (**Forseti:** Þetta átti aðeins að vera stutt athugasemd). Ég verð að tala ofurlítið um hið háa verð á mjólk, sem hv. þm. minntist á. Ég er ekkert hræddur um það, að framleiðendur muni neyta aðstöðu sinnar til þess að hækka mjólkurverð upp úr öllu valdi. Þó þótti mér rétt, að sett væri inn í frv. atriði, sem fyrirbyggði allan ótta um það. Það segir sig sjálft, að hvaða reglur, sem upp yrðu teknar um verðútreikning mjólkurinnar, þá yrði n. sú, sem þarna starfaði, undir svo harðri pressu frá neytendunum, að um mjólkurokur gæti aldrei orðið að ræða.

**Lárus Helgason:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, ekki þó af því, að ég sé andvígur frv. Það á að mörgu leyti rétt á sér. En þó er ég ekki að öllu leyti ánægður með það, og kem ég e. t. v. með brtt. við 3. umr. Mun ég þá taka málið til nánari athugunar.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Það var svo lítið, sem hv. þm. Mýr. gat sagt í hinni löngu aths. sinni, svo að ég þarf ekki mörgu að svara. Hann vildi reyna að sýna fram á, að kostnaður færðist mjög niður við það að hafa búðirnar færri. Varð hann þó að játa það, sem ég sagði, að ef borga ætti eitthvað ákveðið á hvern lítra, þá kæmi í sama stað niður, hvort borgað væri fyrir t. d. 1000 lítra í einu eða mörgu lagi. Hv. þm. sagði, að við værum á þessu sviði komnir inn í svikamyllu hinnar frjálsu samkeppni. Það er rétt, að hin frjálsa samkeppni er svikamylla, en það hefir nú samt sýnt sig, að hún er eina skipulagið, sem getur tryggt kaupendum sanngjarnt verð. Frjálsa samkeppnin er eins og stormarnir á hafinu, sem fleyta skipunum áfram, en geta líka stundum grandað þeim. Það getur

komið sér illa fyrir suma, ef hver sprengir upp fyrir öðrum. En hvernig stendur á því, að þegar einn selur mjólkina fyrir 5 aur. sölulaun á lítrann, að manni í nágrannabúðinni eru boðnir 6 aur.? Hví er mjólkin ekki seld á örfáum stöðum í bænum, ef það er eins gott? Það er af því, að þá myndi ekki seljast eins mikið af vörunni. Það er af því, að neytendur vilja hafa sölustaðina sem næst sér. Ef sölustöðum væri fækkað, þá væri neytendum gert óþægilegra fyrir. En á meðan menn eru svo ósamtaka, að þeir geta ekki komið sér saman um söluverð á hverjum mjólkurlítra, þá mun erfitt að bæta hér úr með lagasetningu.

Hv. þm. hneykslaðist mjög á þeim orðum mínum, að hér væri verið að koma á fjárdrætti og kúgun. Kallaði hann þetta þekkingarleysi og illvilja og borgaði orð með orði. Get ég ekkert að þessu gert, því að ekki er það ég, sem hefi samið frv. En það er kúgun, þegar menn eru neyddir til þess að reka atvinnu sína á annan hátt en þeir vilja sjálfir.

Ég skal ekki tala margt um hámarksverðið. Hv. þm. sagði, að verðlagsn. myndi starfa undir pressu. Það er áreiðanlega rétt. Slík n. myndi alltaf vekja óánægju, hvort svo sem hún gerði rétt eða rangt og hversu góðir menn, sem væru í henni. Það yrði t. d. fundið út, að mjólkurverðið væri lægra á Akureyri o. s. frv. Ég hefi betri trú á n., sem ákvæði verðið eftir því sem markaðsskilyrði skapa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:4 atkv.

Brtt. 671 samþ. með 14:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13:4 atkv.

3.—7. gr. samþ. með 14:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:3 atkv.

---

Á 74., 75. og 76. fundi í Nd., 15., 16. og 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 18. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 683, 684, 690, 702, 722).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 722. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þar sem mér vannst ekki tími til þess við síðustu umr. þessa máls hér í háttv. deild að svara öllum þeim aðfinnslum, sem fram komu gegn því, ætla ég að svara þeim lítilsháttar nú og um leið taka upp af nýju nokkur höfuðatriði málsins, ef farið skyldi vera að fyrnast yfir þau fyrir háttv. þm. frá fyrri umræðum.

Það, sem hér er farið fram á að innleiða hjá okkur, er ekkert nýtt og alóþekkt fyrirbrigði. Það er aðferð, sem þegar er orðin nokkuð reynd meðal sumra nágrannaþjóða okkar. Fyrst var hún tekin upp í Noregi og reyndist þar svo vel, að hún hefir síðan verið lögleidd í nokkrum öðrum löndum og nú t. d. síðastl. haust í Svíþjóð. Þegar þetta skipulag var tekið upp í Noregi, hafði það svo almennt fylgi, að það var samþ. með yfirgnæfandi meiri hl. jafnt af hinu svartasta íhaldi og rauðustu jafnaðarmönnum auk bændaflokksins, sem þar hafði forgönguna. Það hefir alstaðar reynzt vel þar sem það hefir verið tekið upp, svo að það er alveg út í bláinn að vera að halda því fram, að hér eigi að fara að innleiða alveg óþekkt og óreynt skipulag. Hvað snertir mjólkurframleiðendur á kaupstaðalóðunum, þá horfir þetta skipulag gagnvart þeim þannig við, að þeim er tryggð öll nýmjólkursala í hús, t. d. hér í Rvík að minnsta kosti, sem þeir þurfa að keppa um við aðra eins og nú standa sakir. Það er því síður en svo, að hér sé verið að ganga á rétt þeirra, þar sem ennfremur er verið að koma í veg fyrir það, að mjólkurverðið falli niður úr öllu viti. Það er þeim til hagsbóta ekki síður en öðrum framleiðendum.

Gagnvart mjólkurframleiðendum hér í nærsveitunum horfir þetta þannig við, að með því að koma skipulagi á mjólkursöluna hér, þá er þeim tryggð ódýrari sala, þar sem t. d. dregið verður úr fjölda mjólkurbúðanna, sem mjög mikill kostnaður fylgir. Þeir fá þannig öruggari markað og hærra verð fyrir framleiðslu sína. Thor Jensen, sem er mesti mjólkurframleiðandi landsins og komið hefir upp hjá sér fullkomnu mjólkurbúi og hefir betri aðstöðu til að selja sína mjólk en flestir einstaklingar, hefir þó

einnig fallizt á að beygja sig undir þessar skipulagsreglur vegna hinnar almennu og sameiginlegu nauðsynjar framleiðendanna, enda er ætlazt til, að sú undanþága frv. um sölu á ógerilsneyddri hreinsaðri mjólk nái til hans, þar sem hann líka hefir allra manna bezta aðstöðu til að koma mjólk sinni hreinsaðri og ómengaðri á markaðinn, án gerilsneyðingar. Búin austanfjalls hafa einnig óskað eftir þessu skipulagi, sem á að verða til að koma á skynsamlegri verkaskiptingu á milli þeirra og mjólkurframleiðenda hér syðra, þannig að þeir, sem næstir eru markaðnum, annist fyrst og fremst mjólkursöluna, en hinir mjólkurvinnsluna, en fái aftur á móti verðuppbætur á vöru sína úr sameiginlegum verðjöfnunarsjóði. Hvað neytendurna snertir, þá fá þeir með þessu bætta skipulagi tryggingu fyrir því að fá til neyzlu góða mjólk, sem með er farið eftir þeim ströngustu kröfum, sem þekkjast í menningarlöndunum. Það minnkar því mikið sýkingarhættu af mjólkinni, sem annars er alltaf yfirvofandi. Ennfremur er bæjarbúunum tryggt, að alltaf sé nægileg mjólk á markaðnum, sem oft hefir komið fyrir, að væri hörgull á. Þá er þeim að síðustu tryggt það, að verð mjólkurinnar fari ekki upp úr öllu valdi, þar sem skipa á nefnd manna til þess að hafa eftirlit með því. Meira að segja eru mestar líkur til, að af þessu fullkomnara skipulagi verði svo mikill hagur, að hluti af honum geti farið beint til neytendanna sjálfra.

Það er því sama, hvernig er litið á þetta; allir þessir aðilar geta haft mikinn hagnað af þessari löggjöf.

Ég hefi rætt þetta mál aðallega frá sjónarmiði Rvíkur, en það er langt í frá, að Rvík ein eigi hér hlut að máli. Sömu vandræði eru í öllum bæjum á landinu, og þessi lagaákvæði eiga erindi til þeirra allra. Alveg það sama má segja um búið í Borgarnesi. Þessi löggjöf getur orðið því til hins mesta stuðnings, m. a. með því að hjálpa til að ýta þeim framleiðendum, sem utan við standa, inn í félagsskapinn. — Þegar einstakir menn og stofnanir hafa lagt á sig mikil útgjöld til að koma mjólkursölu í betra horf, þá nær engri átt, að þeir, sem utan við vilja standa, fái að mestu leyti óátaldir að eyðileggja starf þessara manna. Með svona l. yrðu allir að vera með um þau samtök, sem gerð hafa verið á þessu sviði, bæði framleiðendum og neytendum til bóta.

Nú hafa verið bornar fram nokkrar brtt. við frv. Nokkrir hv. þm. hafa borið fram þá brtt. við 2. gr. frv., að mjólkurbú megi vera 120 km. frá sölustað og félagar þeirra ekki fjær en 200 km. frá sölustað, en í frv. eru þessar vegalengdir ákveðnar 70 km. og 150 km. Ég álít þessa brtt. heldur til skemmda, en til samkomulags hefi ég þó gengið inn á hana, en ég get ekki sagt það sama um meðnm. mína; þeir hafa óbundin atkvæði um hana. Ég hefi gengið inn á brtt., og hefi ég sýnt það með því að bera fram brtt. við þessa brtt., og er hún í rauninni ekkert annað en lagfæring. Í brtt. þessara hv. þm. er tekið fram, að innan sömu sölusamtaka geti þeir einir verið, sem hafa aðstöðu til að selja mjólkurafurðir sínar á sama sölustað, en það er vitanlegt, að það er mjólkin sjálf, sem mestu máli skiptir. Í brtt. minni er því lagt til, að orðinu „mjólk“ sé bætt við. Þá felst einnig sú breyt. í minni brtt., að þegar um vegalengdirnar er að ræða, sé miðað við venjulega flutningaleið. Það er vitanlega sjálfsagt, að leiðin sé mæld þannig, en að það sé ekki t. d. loftlína, sem við er miðað.

Þá hafa ennfremur nú á síðustu stundu komið fram brtt. frá sömu hv. þm., um að fella rjómann alveg burt úr frv. og láta þessi l. ná aðeins yfir mjólkina. Nú er þess að gæta, að það er engu minni hætta að selja ógerilsneyddan rjóma heldur en ógerilsneydda mjólk, svo að þetta er stórt spor aftur á bak. Auk þess vil ég benda á, að rjómasalan er svo stór þáttur í mjólkursölunni, að ef hann væri felldur burt, þá er frv. einskis virði, og ég mun þá ekki greiða því atkv. mitt eða leggja því lið á annan hátt.

Ég vil því eindregið skora á alla, sem skilja málið og vilja því vel, að fella þessa brtt.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Nú sýnast vera orðnar nokkuð skiptar skoðanir á þessu frv. Manni liggur við að láta sér

detta í hug, að þegar á nú að selja þessa mjólkurkú, þennan markað í Rvík, þá vilji margir fá hlutdeild þar í. Það virðist svo, að erfitt verði að finna fyrirkomulagið á afhendingu þessa markaðs til þeirra sveitahéraða, sem mönnum kemur saman um, að eigi að fá að njóta þessara fríðinda. Nú rignir niður brtt. um þetta, sem m. a. ganga út á að stækka mikið það svæði, sem á að fá þessi fríðindi.

Um þetta mál vil ég fyrst og fremst segja það, að það er engin þörf fyrir þessa d. að samþ. slík l. vegna heilbrigðisástæðna. Fyrir nokkrum árum fóru mjólkurframleiðendur þess á leit við bæjarstjórn Rvíkur, að hún bannaði að selja aðra mjólk en gerilsneydda, og var það, að því er fram kom við þær umr., m. a. til þess að neyða ýmsa mjólkurframleiðendur, sem höfðu ekki tök á að gerilsneyða mjólk sína, til að ganga í sölusamband með þeim, en meðfram til að tryggja, að eingöngu holl mjólk væri seld. En þó að bæjarstjórn gengi þá ekki inn á að afhenda framleiðendunum markaðinn á þennan hátt, þá er þetta mál samt komið í trygga höfn. Þess vegna held ég, að ástæðulaust sé fyrir d. að samþ. þetta frv. af þeim ástæðum, að með því sé séð fyrir því, að holl mjólk sé seld á markaðinum í Reykjavík. Bæjarstjórn Rvíkur er einfær um að sjá um það með þeim l., sem hún hefir að styðjast við. Hv. þdm. er því óhætt að fella frv. þeirra hluta vegna.

En það kom líka fram í ræðu hv. frsm., að þeir vilji nú aftur fá lagastuðning til að knýja þá framleiðendur, sem hafa ekki viljað vera í samtökunum með öðrum mjólkurframleiðendum, til að taka nú þátt í þessum félagsskap framleiðendanna hér í nágrenninu. Ég held, að þessi d. ætti að athuga það mjög nákvæmlega, áður en hún gerir það að ástæðu til að samþ. þetta frv., því að þessu mundu fylgja mjög margháttaðar breyt. á högum framleiðenda hér í kring, og þarf sérstakrar rannsóknar við, áður en þingið samþ. l. um það.

Þá verð ég að segja það, að fyrir utan þessi atriði finst mér eitt stórt atriði vera í þessu frv., sem ég tel, að engin sanngirni sé að láta standa þar, þó að d. vildi nú samþ. frv., og það er að ætla að skattleggja alla mjólkurframleiðendur hér í nágrenninu, og það svo stórlega, að lítil líkindi eru til, að þeir geti haldið áfram búrekstri sínum. Þetta á að gera í því skyni að gera mjólkurframleiðsluna ódýrari lengra burtu frá bænum. Það má áreiðanlega fullyrða, að afleiðingin af þessari löggjöf yrði sú, að mjólkurframleiðsla í fjarlægari héruðunum ykist svo mikið, að verðið hlyti að stórlækka af þeim sökum, og er þá fjarri því, að tilgangi flm. sé náð. Það ætti öllum að liggja í augum uppi, að hjá þessu getur ekki farið, og þó að tilgangurinn sé annar í augnablikinu, þá kemur þetta fram áður en langt um líður, og er þá verr farið en heima setið, fyrir utan þau rangindi, að skattleggja framleiðendurna hér í nágrenninu, svo að þeir geti ekki haldið áfram framleiðslu sinni. Þessi skattur er svo hár, að aldrei hefir stjórnarvöldum þessa bæjar dottið í hug að leggja slíkan skatt á til opinberra þarfa. Og er þá ekki of langt farið, ef þingið vill gefa samþ. sitt til að aðrir framleiðendur eigi að fá sér til hagsbóta að skattleggja þessa menn svo stórkostlega, að þeir verði að leggja atvinnurekstur sinn niður? Þetta þýðir þar að auki það, að ekki verður haldið áfram að rækta landið kringum Rvík, og hv. frsm. vill e. t. v. segja, að þar sé enginn skaði skeður. (**BÁ**: Það hefi ég aldrei sagt). Hann segir það, ef hann viðurkennir, að þessi verði árangurinn. (**BÁ**: Ég hefi aldrei viðurkennt það). Þá hlýtur hann að halda því fram, að mjólkina eigi að framleiða þar, sem það er ódýrast, og þess vegna eigi ekki að rækta landið kringum Rvík, því að það sé tvöfalt dýrara en að rækta austur á Rangárvöllum eða austur undir Eyjafjöllum. En það á ekki að miða við þetta, heldur hitt, hver geti á eðlilegan hátt fullnægt markaðinum ódýrast. Og þá má ekki skattleggja suma framleiðendurna til að styrkja aðra, sem keppa við þá á sama markaði.

Ég get ekki skilið, að d. geti fallizt á, að þetta verði gert. Ég get ekki skilið, að hv. þm. vilji samþ., að teknar verði við skulum segja 50 þús. kr. á ári af mjólkurframleiðendum í grennd við Rvík og dreift niður á bændur austur í Árnes- og Rangárvallasýslum. Það er eðlilegt, þegar svona frv. kemur fram, að þeir, sem búa

utan þeirra takmarka, sem hér eru sett, sem í frv. eru 150 km. frá sölustað, það er eðlilegt að þeir, sem búa 155 km. frá sölustaðnum, segi sem svo: „Hvers vegna megum við ekki eins njóta þessara fríðinda eins og þeir, sem búa einum 5 km. nær sölustaðnum en við?“ Það er því eðlilegt, að þm. þessara héraða komi með brtt. um að færa þessi takmörk lengra út, af því að þeir sjá, að hér er verið að veita sérstökum flokki manna mikil fríðindi á kostnað annara. Svo þegar á að fara að mæla þessa 150 km. út frá sölustaðnum, þá má ekki mæla beina stefnu, heldur verður að fara götur og krókaleiðir eins og leið liggur, og er þetta vitanlega gert til að fækka þeim sem mest, sem eiga að fá þessi fríðindi. Og svo heldur hv. frsm. fram, að hér sé engum verið að vinna mein, heldur öllum gagn. Þessu mótmæli ég algerlega. Það er a. m. k. ekki verið að vinna gagn smærri framleiðendum í nágrenni Rvíkur, sem á nú að skattleggja svo stórkostlega, að það hlýtur að drepa atvinnurekstur þeirra. Það er ekki sæmandi fyrir þessa d. að stuðla að því að eyðileggja búskap þessara manna, sem nú á síðari árum hafa komið sér upp mjólkurbúi með ærnum kostnaði og mér er sagt að eigi nú 800—1000 kýr.

Til að reyna að koma í veg fyrir þetta, hefi ég nú borið fram brtt. á þskj. 684, þar sem lagt er til, að þetta 5% gjald af framleiðendum í nágrenni Rvíkur skuli falla úr frv.

Ég vona, að hv. d. líti með sanngirni á þetta mál og samþ. þessa till., þegar til atkvgr. kemur.

**Sveinbjörn Högnason** [óyfirl.]: Ég er hv. síðasta ræðumanni ósamþykkur um það, að hér sé ekki um verulega bót að ræða, ef rétt er á haldið. Ég held, að mótstaða hans gegn frv. stafi að skilningsleysi hans á þeirri samvinnu og samtökum, sem bændur bindast til að jafna aðstöðumuninn sín á milli. Hinsvegar er mér ljóst, að hér er á ferðinni frv., sem grípur svo inn í atvinnuhætti og atvinnurekstur manna á stórum svæðum, að varlega verður að fara með þessi ákvæði og sjá svo til, að sem fæstir verði þar fyrir verulegum skakkaföllum, um leið og l. eru framkvæmd.

Það er ekki að öllu leyti rétt, að með samþykkt þessara l. sé að því stefnt, að allir verði með í þessum samtökum, því að þess verður að gæta, að það eru ekki svo fáir framleiðendur, sem geta ekki verið með. Það eru því miður ekki komnar enn svo góðar samgöngur út um sveitir landsins, að allar sveitir geti séð sér fært að vera með í þessum sölusamtökum allan tíma ársins. Þess vegna verður að gæta þess, að þessir menn, sem minnst hefir verið gert fyrir af því opinbera, sem versta hafa vegina og erfiðast eiga með að koma afurðum sínum í verð, verði ekki með lagasetningu útilokaðir frá að nota sér þá litlu sölumöguleika, sem þeir nú hafa. Af þessum ástæðum höfum við nokkrir þm. borið fram brtt. um að fella rjómann burt úr frv. Það er vitað, að á þessu svæði eru nokkur rjómabú starfandi, og hafa þau haft talsverðan hagnað af að selja rjómann beint á markaðinn. Ennfremur hefir þessi markaður verið notaður í sumum þeim sveitum, sem geta ekki aðstöðu sinnar vegna verið í mjólkurbúunum. Ég held því, að það sé varhugavert og órétt að loka markaðinum með öllu fyrir þessum mönnum. Ég er sannfærður um það, að þessi samtök eru nauðsynleg fyrir alla þá, sem að þeim geta staðið, en það verður að reyna líka að sjá rétti þeirra manna borgið, sem ekki geta verið með.

Ég get ómögulega fallizt á þá röksemdafærslu hv. þm. Mýr., að frv. sé einskis virði, ef ákvæði þess taka aðeins til mjólkurinnar. Ég held, eins og hann sagði líka sjálfur, að mjólkin sé aðalatriðið, og þó að ekki sé hægt undir eins að komast alla leið með þessa skipulagningu, þá er það þó stór sigur fyrir þessi samtök, að fá þessi ákvæði um mjólkursöluna.

Ég gæti vel fallizt á, að málinu væri miðlað á annan hátt og reynt að komast að einhverju samkomulagi, áður en gengið er til atkvæða. Hefði ég því helzt óskað, að málið væri tekið af dagskrá að þessu sinni, ef hægt væri að finna þá lausn, sem allir gætu unað við.

Þá hefir það verið tekið til greina að nokkru leyti, en þó ekki öllu, að færa út takmörk sölusvæðisins, en það hefir þó litla þýðingu, þar sem það væri ekki yf-

ir allt það sama svæði, sem gæti selt mjólk til Rvíkur. Þess vegna hefi ég borið fram þá brtt., að mjólkurbú megi vera 120 km. frá sölustað og félagar þeirra 200 km. frá sölustað, og mundi það ná til nokkurnveginn allra þeirra, sem aðstöðu hafa til að selja mjólk til Rvíkur. (StgrS: Væri ekki bezt, að það tæki yfir allt landið?) Það getur vel verið, að það væri æskilegast, og ef það væri mögulegt, mundi ég ekki setja mig á móti því.

Viðvíkjandi því, sem hv. 4. þm. Reykv., var að tala um, að þeir væru ranglæti beittir, sem næstir væru sölustaðnum, þá vil ég álíta, að það sé mjög á misskilningi byggt. Ég hygg, þar sem þessi skattur er svo lágur, aðeins 5%, að réttur þeirra, sem fjær búa, sé frekar fyrir borð borinn, því að þeir, sem nær búa, geta selt meira af mjólk sinni, en þeir, sem fjær búa, verða að vinna meira úr henni. Ég hygg, að þeir myndu sjálfir telja það ekki svo litla réttarbót fyrir sig, ef þeim væri tryggður betri aðgangur að markaði, og samkeppnin um hann frá þeim, sem fjær búa, yrði að einhverju leyti úr höndum þeirra dregin. Hinsvegar get ég sagt það sem mína skoðun, að það, sem ég áfellist í þessu frv., er, að það gengur ekki nógu langt í því, að meira sé ræktað af því landi, sem er bezt til þess fallið. Ég álít það þjóðfélagslega skakkt að gera það ekki, en hlaða undir þá ræktun, sem er langsamlega dýrust og getur ekki borið sig, þegar samgöngur batna til annara héraða. Það er réttast, að hver vara sé framleidd þar, sem hún er ódýrust og svarar bezt kostnaði að framleiða hana. Þar af leiðandi álít ég sjálfsagt, að löggjöfin miði að því, að það gangi fyrir að rækta þessi ágætlega ræktanlegu svæði austanfjalls, í stað þess að veita offjár til þess að ryðja holt og hraun umhverfis Rvík. En því miður er engu slíku að heilsa hér í þessu frv.

Ég skal ekki fjölyrða um þessi efni að sinni. Ég vil ekki styðja að því að eyðileggja þau þörfu samtök, sem hér eru á ferðinni. Ég vil því enn mælast til þess, að þetta mál verði tekið út af dagskrá og okkur flm. till. verði gefinn kostur á að tala við ýmsa aðilja málsins og sjá, hvort ekki tekst að tryggja það, að þeir, sem ekki hafa aðstöðu til að vera með í þessu til að byrja með, yrðu ekki algerlega útilokaðir frá því að koma afurðum sínum í verð.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 683, 684, 690, 702, 722, 723).

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég hafði skrifað hjá mér nokkrar aths., sem ég ætlaði að víkja að. Mest af því er heldur smávægilegt, og hefði ég getað fallið frá því að taka til máls nú, af því að það kom ekki til á þeim sama fundi.

Hv. þm. Mýr. færði enn nýjar ástæður fyrir því, að það ætti að samþ. þetta frv. Virtist mér einna veigamest sú ástæða, að þessi löggjöf hefði reynzt svo vel í öðrum löndum, og af þeim ástæðum væri eins hægt að lögleiða þetta hér. Það er nú svo, þegar verið er að vitna í löggjöf annara landa, að þá er oft og einatt farið á hundavaði þar yfir. Ég fyrir mitt leyti get ekki beygt mig fyrir því, þó að vitnað sé í það, að einhver löggjöf hafi gefizt vel annarsstaðar, nema ég hafi góða aðstöðu til þess að athuga þær ástæður, sem þar koma til greina. Það getur vel verið, að þar séu ástæður fyrir hendi, sem ekki eru hér. Löggjöf, sem reynist vel annarsstaðar, getur verið óheppileg hér. Svo er nú alltaf þessi ástæða, þegar verið er að vitna í löggjöf annara landa, að það getur vel verið, að maður hefði verið á móti henni þar líka. Það út af fyrir sig er ekki gild ástæða, að þó að eitthvað hafi verið lögleitt einhversstaðar í veröldinni, þá sé skynsamlegt og gott að lögleiða það hér. Ég held, að við verðum að dæma málið eftir því, hvað við álítum, að það sé heppilegt fyrir okkur, en ekki aðra. Hitt er annað mál, að oft er gott að athuga löggjöf annara landa og fá þaðan hugmyndir, en við verðum að skoða það ofan í kjölinn, hvort sú löggjöf sé heppileg hér á landi eða ekki.

Hv. þm. vildi sýna fram á, að allir græddu á þessu; allir framleiðendur nær og fjær, sem kæmu undir l., græddu á því og neytendurnir græddu. Ef svo er, væri vissulega mikil ástæða til að samþ. þetta frv.; en það er ekki annað en stað-

hæfing, sem stendur þarna, og það er eftir að rökstyðja hana. Þegar til rökstuðningsins kom, virtist mér bresta þó nokkuð á, að hann gæti borið uppi þessa staðhæfingu. Það verður erfiðast fyrir meðmælendur þessa frv. að sýna fram á, að framleiðendurnir hér í Rvík græði á þessu. Það er vitanlegt, að undir niðri er tilgangurinn með þessu frv. sá, að bægja þessum keppinautum úr vegi með einhverjum hætti, koma þeim út úr samkeppninni, sem vegna aðstöðu sinnar standa bezt að vígi, þrátt fyrir þá erfiðleika, sem á því er. Það er náttúrlega gott og blessað að segja, að það sé miklu ódýrara að framleiða mjólkina austur í Fljótshlíð en hér í Rvík, en þá er gengið út frá rangri skilgreiningu á því, hvað er að framleiða. Það getur verið, að minna verð komi á mjólkina, þegar hún kemur úr kýrspenanum austur í Fljótshlíð, en til fremleiðslunnar heyrir allt frá því að byrjað er á framleiðslunni og þangað til hún er komin til þeirra, sem eiga að nota hana. Þar með verður að telja flutningskostnaðinn, sem er á mjólkinni austan úr Fljótshlíð. Reynslan sýnir, að þegar allt er reiknað með, eru þeir, sem búa á þessu dýra bæjarlandi, hættulegir keppinautar. Þetta frv. er bezta sönnunin fyrir því, því að það er borið fram til þess að leggja á þá þennan skatt, en þeir fá ekki neitt í aðra hönd, og þetta er gert til þess að gera þá jafna í samkeppninni. Þrátt fyrir það, þó að bæjarlandið sé dýrt og þeir eigi við marga erfiðleika að stríða, sleppa þeir við þennan stóra lið í framleiðslunni, sem er flutningurinn á vörunum á neyzlustaðinn, og annað það, sem þeir, er fjær búa, verða að leggja í mikinn kostnað. Að selja mjólk úr fjósinu er kannske aðferð, sem út af fyrir sig má deila um, en það er tvímælalaust, að þegar mjólkin er seld spenvolg úr fjósinu, er hún þrátt fyrir allt heldur ekki eins dýr í framleiðslu eins og hin, sem allur þessi flutningskostnaður leggst á.

*Einn megintilgangur* með þessu frv. er að koma þessum mönnum undir þennan 5% skatt, til þess að gera þeim erfiðara fyrir um samkeppnina. Á móti þessu eiga þeir svo aftur að græða á því að fá það, sem hv. frsm. kallaði nokkurskonar einkarétt til þess að selja slíka mjólk sem þessa. En því aðeins er hann einhvers virði, að erfitt sé að selja mjólkina án þess að hafa einkarétt. Því er ég ekki nógu kunnugur, en ef framleiðendurnir geta selt sína mjólk fyrirhafnarlaust, hvers virði er þá þessi einkaréttur? Þá fyrst væri hægt að telja þennan svo kallaða „einkarétt" hlunnindi, ef einhverjar hömlur væru á sölu slíkrar mjólkur hér. En það, sem þeir eiga að fá fyrir þennan skatt, er einskis virði. Tilgangurinn með þessu frumvarpi er enginn annar en sá, að knýja þessa framleiðendur burt úr þessari betri aðstöðu. Það er sagt, að Mjólkurfélag Rvíkur og Thor Jensen, sem eru stærstu framleiðendurnir hér, séu með þessu. Ég hefi nú reyndar dregið það í efa með annan framleiðandann. En ég er hræddur um, að þetta sé of mikil veiðibræði hjá þessum framleiðendum, og sé í raun og veru skammsýni að vilja koma þessu skipulagi á. Ég skal ekki fara lengra út í þetta, því að hv. 4. þm. Reykv. hefir dregið það svo skýrt fram áður, hve ranglátur þessi skattur er gagnvart framleiðendum innan Rvíkur eða þeim, sem selja mjólkina beint frá heimilum sínum til neytendanna.

Ég ætla þá að koma að neytendunum aftur. Ég skal játa það, að það er aðallega þeirra vegna, sem ég er á móti þessu frv., þó það sé líka ósanngjarnt í garð framleiðendanna, og ég er aðallega á móti því vegna þess, að ég er sannfærður um, að sú almenna regla, að neytendurnir líði undir hverskonar skipulagi, sem er á verzlun, á líka við í þessu tilfelli.

Það hefir verið talað um þá hollustuhætti, sem leiða mundi af samþykkt þessa frv., og hv. frsm. útmálaði það, hvílíka ógurlega sjúkdóma gæti leitt af því að leyfa að selja mjólk ógerilsneydda. En ég veit nú ekki betur en að sumir sjúkdómar, eins og t. d. taugaveiki, geti borizt með gerilsneyddri mjólk, og svo er nú eftir þessu frv. leyft að selja ógerilsneydda mjólk. — Það er annars undarlegur þessi feikna áhugi fyrir þessu, en ég þykist vita, að það á ekki að vera tilgangurinn með frv., en Rvík á að vera einskonar mjólkurkýr í þessu tilfelli. Ég

get vel skilið, að þeir, sem vilja hafa hana fyrir mjólkurkú, láti sér annt um heilsu þessarar skepnu og vilji sjá um, að hún verði ekki veik, en það ætti að reyna að verja hana gegn öllum sjúkdómum. En sú mjólk, sem seld er beint frá þeim, sem framleiða hana, til neytendanna, er ennþá undanþegin því að verða gerilsneydd, og þess vegna er ómögulegt að framfylgja ströngustu kröfum um sölu mjólkur, þó þetta frv. verði samþ.

Þá var hv. þm. Mýr. að sigla á milli óvættanna Karibdys og Skylla. Hann ætlaðist til þess, að verðið hækkaði þannig, að ekki yrði hætta á mjólkurþurrð. En það er einmitt hætt við því, að það yrði svo mikið framleitt af mjólk, að það mundi leiða til þess, að hún félli í verði, svo að menn yrðu alveg að gefa upp að framleiða hana. Og til þess að varna því, að verði mjólkurþurrð, á að færa verðið upp. Næst á svo, til þess að mjólkurverðið fari ekki upp úr öllu valdi, að setja nefnd. Þetta er gott dæmi upp á það þegar menn eru fyrst að vekja upp draug til þess að geta svo glímt við hann, — að koma fyrst á skipulagi til þess að mjólkurverðið hækki og setja svo nefnd til þess að varna því, að það hækki of mikið. Þetta er gott dæmi upp á kák og inngrip þessara manna inn í hin eðlilegu frjálsu viðskipti, þó að þau séu alls ekki gallalaus.

Þá kom hv. frsm. að því í þessu frv., sem ég hefi bent á, að sé það eina, sem geti komið að gagni, en það er fækkun útsölustaða.

Ef framleiðendurnir eiga að geta fengið meira fyrir sína vöru á sama tíma og neytendurnir eiga að fá vöruna fyrir sama eða lægra verð, þá verður milliliðakostnaðurinn að minnka, og það fæst ekki með öðru en fækkun sölubúða, sem óneitanlega eru óþarflega margar. En það má þó ekki fara út í neinar öfgar, það má ekki fækka þeim svo mikið, að það verði neytendunum til óþæginda. Það eru fjölmörg heimili, sem ekki kaupa svo mikla mjólk eftir föstum pöntunum, að ekki þurfi að sækja mjólk á daginn. Þá eru það mikil þægindi, að stutt sé að fara, því að oft eru send smábörn eftir mjólkinni eða þá að konan verður að fara, og þá oft frá aðkallandi verkum. Undir þessum kringumstæðum er mikils virði að þurfa ekki að fara nema nokkurra mínútna gang. En það er ekkert unnið við það að hafa hverja búðina við aðra, eða þá hverja á móti annari við sömu götu. — En skipulagið á verzluninni er ekki allra meina bót. Á einokunartímunum vantaði ekki skipulagið á verzluninni, þá voru ekki verzlanirnar of margar hér á landi. Þá þurfti ekki að kvarta undan milliliðunum, að þeir væru of margir, þegar sækja þurfti í kaupstað frá Kalmanstungu til Skagastrandar. Með þessu er nærri komið út í svipaðar öfgar, ef á að hafa svo fáar búðir, að til óþæginda verði fyrir neytendurna. Þegar framleiðandinn er búinn að fá málið svo í sínar hendur, eins og hér um ræðir, þá beitir hann öllum ráðum, sem hann getur til þess að hafa kostnaðinn sem minnstan, og fyrir neytandann er ekki í annað hús að venda en til þessa sterka samlags, sem á að spenna 200 kílómetra út frá bænum. Ég skil ekki, hvers vegna það á ekki að ná yfir 500 kílómetra, svo að það nái yfir allt landið og landhelgina líka, svo ekki verði farið að rækta kýr úti í móðurskipum! Ég býst við því, að framleiðendurnir í þessu stóra samlagi geti orðið alldigurbarkalegir við neytendurna í allri sinni framkomu. Reynslan hefir ávallt verið sú, að með því að gefa kaupmanninum of mikið vald, þá kemur það fram á neytendunum. Það kemur fram í því, að hann hættir að dekra við kaupandann, þegar kaupandinn hefir ekki í annað hús að venda.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta. Ég tel langsamlega aðalókost frv., fyrir utan þetta sterka skipulag, sem ég er hræddur um, að verði neytendunum til óþæginda, þennan skatt, sem á að leggja á, og teldi ég frv. stórum aðgengilegra, ef hann væri felldur burt, því að ég sé ekki betur en að það sé rétt, sem ég sagði um það í minni fyrstu ræðu, er ég flutti um þetta mál, að þar væri sumpart um kúgun og sumpart um hreinan fjárdrátt að ræða, þegar leggja á skatt á menn, er svo rennur í sameiginlegan sjóð, sem þeir hinir sömu menn hafa ekki aðgang að eftir eigin þörfum, eins og aðrir, sem greiða skatta.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þá er þar til að taka, sem fyrr var frá horfið. Það eru nokkur atriði, sem ég vil svara þeim hv. þm. Reykv., sem talað hefir í þessu máli síðan ég lauk máli mínu í gær.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði það um heilbrigðishlið þessa máls, að henni væri komið í svo góða höfn undir handleiðslu bæjarstjórnarinnar, að það þyrfti enga sérlöggjöf til að tryggja það betur. Það er nú ekki betur tryggt ennþá en það, að nokkuð mikill hluti þeirrar mjólkur, sem seld er hér í bænum, er seld beina leið frá heimilunum víðsvegar utan af landi, eins og hún kemur fyrir, og er vitanlega upp og ofan með þá sjúkdómshættu, sem fylgir þeirri mjólk, er framleidd er eftirlitslaust hvar sem vera skal, og seld er eftirlitslitið. Auk þess tíðkast fjóssala á mjólk hér í bænum, svo að það er alls ekki hægt að segja, að heilbrigðiseftirlitið á þeirri mjólk, sem bæjarbúar kaupa, sé komið í það fyrirmyndarlag, að þar þurfi alls engu við að bæta.

Þá er það eitt atriði, sem þessir hv. tveir þm. Reykv. hafa sérstaklega snúið sér að og veit að framleiðendunum hér í bænum. Þeir vilja halda því fram, að þessi verðjöfnunarsjóðsskattur, sem gert er ráð fyrir að leggja á mjólkina, sé eingöngu stílaður gegn framleiðendunum hér í bænum, og komi aðallega niður á þeim, og sé í þeim tilgangi settur, að þvinga þá út af markaðinum. En það er mjög fjarri því að svo sé. Fyrst og fremst kemur þessi verðjöfnunarsjóðsskattur ekki sérstaklega niður á þessum mönnum, heldur á öllum, sem selja mjólk til þessa bæjar, jafnt hvort sem þeir eru búsettir á bæjarlóðinni eða ekki. Sú betri aðstaða, sem þeir hafa, er hér búa, helzt alveg jafnt eftir sem áður, þó þetta frv. verði samþ.

Ég skal þá aðeins benda á nokkur atriði í þessum aðstöðumun hjá framleiðendum hér í bænum og framleiðendum uppi í sveit, sem er þrátt fyrir það, þó að dýrara sé að framleiða mjólkina hér, og sem helzt alveg jafnt eftir sem áður, þó þetta frv. verði samþ.

Skal ég þá fyrst benda á nokkra kostnaðarliði, sem falla á framleiðsluna utan Rvíkur. Það er þá fyrst og fremst flutningsgjaldið til bæjarins, sem er til jafnaðar um 2 aur. á lítrann. Sölukostnaður í búðum, sem er að jafnaði 8 aur. á lítrann og hefir komizt upp í 12 aur. Þar eru komnir a. m. k. 10 aur. Þá er gerilsneyðingargjald, sem leggst á hvern lítra, 5 aur. Þarna eru komnir 15 aur., sem leggjast sérstaklega á þá mjólk, sem framleidd er utan Rvíkur, sem flutt er hingað og seld hér í bænum, en flestir framleiðendur hér í Rvík og nágrenni hafa losnað við með því að selja mjólkina beint til neytendanna. En þessi betri aðstaða framleiðenda hér og í nágrenni, sem selja mjólkina beina leið til neytendanna, helzt alveg jafnt eftir sem áður, hvort sem verðjöfnunarsjóðsskatturinn er lagður á eða ekki. Og þeir hafa alveg sömu tilverumöguleika borið saman við utanbæjarmenn, því að þetta 2 aur. gjald kemur jafnt niður á þá, sem flytja mjólkina hingað, og á þá, sem hér búa. En auk þess vil ég benda á það, að þeir gefa ekki þetta gjald, sem hér er svo mikið um rætt, fyrir ekki neitt. Þeir gefa það frá sér fyrir það að hafa tryggingu fyrir að geta selt alla sína mjólk. Því að mjólkurbúin austanfjalls víkja af mjólkurmarkaðinum og gefa hinum, sem nær eru, hann eftir. Þetta vil ég segja að sé undir flestum kringumstæðum meira en tveggja aura virði á lítra, því að þótt hv. 3. þm. Reykv. vilji halda því fram, að þessir menn selji alla sína mjólk fyrirhafnarlaust, þá er langt frá því, að svo sé, því að suma tíma ársins hafa þeir lent í vandræðum með að koma mjólkinni út og orðið að koma henni í mjólkurbúðir fyrir uppsprengt verð, jafnvel fyrir 12 aur. á lítra, og þar að auki eru sumir að reyna að vinna úr mjólkinni til þess að geta gert sér eitthvert verð úr henni. En ef þeim nú tekst að koma allri sinni mjólk út, þá mun það sýna sig, að þeir fá þar nokkuð í aðra hönd. Ég er því sannfærður um það, að reynslan mun sýna það, að það borgar sig fyrir þá að leggja á sig þetta litla vátryggingargjald fyrir það að geta komið út allri sinni mjólk. Auk þess verður með þessum samtökum hægt að reisa skorður við því, að verðið fari niður úr öllu valdi, sem hóflaust og vitlaust framboð getur orkað, og hvorki er framleiðendum né neytendum til gagns þegar til lengdar

lætur. Ég held því, að þær falli alveg, þær röksemdir, sem áttu að sanna það, að með þessu móti mundi öll ræktun kringum bæinn leggjast niður, heldur þvert á móti býst ég við, að þessi atvinnurekstur verði engu ótryggari eftir að þessi lög eru samþ. heldur en áður.

Þetta eru nú aðalandmælin gegn þessu frv. fyrir hönd þeirra framleiðenda, sem hér búa. Og út af þessu er svo sprottin sú brtt., sem hv. 4. þm. Reykv. flytur á þskj. 684. Og ég er vitanlega út frá því, sem ég hefi sagt, algerlega mótfallinn þessari brtt. Ég álít hana rangláta, og auk þess mundi hún leiða af sér afskaplegt misrétti, því að það yrði til þess, að ýmsir menn hér í nærsveitunum, sem hefðu aðstöðu til þess, mundu flytja kýr sínar inn á bæjarlóðina og reka bú sín þar að nokkru leyti til að nota sér sérréttindi þau, sem veitt yrðu fyrir þá mjólk, sem framleidd er hér í bænum, ef brtt. hv. 4. þm. Reykv. yrði samþ. Og það mundi hefjast kapphlaup um þetta á milli þeirra bænda, sem aðstöðu hefðu til þess, en þá er hætta á of miklu framboði á þeim markaði, beinu sölunni til neytendanna, sem þessum mönnum er sérstaklega ætlaður, og þannig kæmi þetta óbeinlínis þeim sjálfum í koll.

Mér skildist, að hv. 3. þm. Reykv. áliti, að það, sem ég sagði um þá hollustuhætti, sem leiða mundi af þessu skipulagi, væri bara yfirskinsástæða hjá mér, þar sem það kæmi fram í frv., að eftir sem áður ætti að heimila að selja nokkurn hluta af mjólkinni ógerilsneydda. Ég skal játa, að þetta er galli. Ég hefði langhelzt kosið, að gerilsneyðingarskylda hefði hvílt á allri mjólk, sem seld er í bænum, en þetta var gert til samkomulags við þá menn, sem eru umbjóðendur þessa hv. þm. En ég vil þó segja það, að þar, sem svo er um búið, að það verður að selja mjólkina beint í ákveðin hús, þá er sýkingarhættan miklu minni heldur en þegar mjólk frá mörgum heimilum er blandað saman í eina stóra kollu og seld síðan um allan bæinn. Það gætu orðið afbragðs útbreiðslustöðvar fyrir allskonar sjúkdóma, t. d. taugaveiki, þó ekki kæmi upp nema á einu einasta heimili. En þegar búið er að koma á þeim breyt., sem hér er gert ráð fyrir í frv., er hægra að koma í veg fyrir þau sýkingartilfelli, er gætu gert vart við sig öðruhverju, heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er á þessum málum.

Þá var það eitt atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. lagði mikið upp úr. Hann sagði, að þeir, sem selja sína mjólk hér í bænum, væru skattlagðir til framdráttar þeim, sem fjær eru og ekki geta notið sömu aðstöðu. Hann sagði, að það yrði einkum til þess að hleypa ofvexti í mjólkurframleiðsluna utan Rvíkur, og það kæmi framleiðendunum sjálfum í koll, því að þeir gætu ekki haldið verðinu uppi af þeirri ástæðu. Ég held, að þetta mundi einmitt verka öfugt. Með því kapphlaupi, sem nú er um markaðinn í Rvík, þá er einmitt miklu meiri hætta á slíku framboði, sem gæti orðið til þess, að erfitt væri að halda mjólkinni í skynsamlegu verði, heldur en þegar samkomulag er orðið um það að flytja ekki meira af mjólk inn á þennan markað en þörf krefur á hverjum tíma. Þá er einmitt þeim, sem framleiða mjólk hér, betur tryggð aðstaða til þessarar framleiðslu með því verði, að hún geti borið uppi heilbrigðan búrekstur. Þessi löggjöf mun því verka þvert á móti því, sem hv. 4. þm. Reykv. vildi halda fram.

Um aðstöðu neytendanna er fátt nýtt að segja frá því, sem áður hefir verið gert. Ég er alveg sannfærður um það, að þeirra aðstaða verður á engan hátt lakari, heldur á margan hátt betri. Þeim er tryggð holl og góð mjólk, þeim er einnig tryggð næg og jöfn mjólk, og þeim er tryggt með ákvæðum laganna um verðlagsnefnd hæfilegt verð á mjólkinni. Það er engin hætta á því, að verðlagsnefndin héldi því verði á mjólkinni, sem að áliti alls þorra manna væri of hátt. Þeir mundu líta til neytendanna með þeirri sanngirni, sem líka er sjálfsagt að gera. Það er því engin hætta á, að þessi samtök verði neytendunum neinn ofjarl, og er ástæðulaust fyrir hv. 3. þm. Reykv. að vera að óttast slíkt.

Um þær brtt., sem ég gat um í gær, að undanþiggja sölu á rjóma, vil ég segja það sama og þá, að ég álít frv. einskis virði, ef þær ná fram að ganga, enda hygg ég, að hv. flm. ætli að taka þær aftur.

**Ólafur Thors:** Ég tel, að búið sé að ræða þetta mál svo ýtarlega hér í deildinni, að það sé fullkomlega ástæðulaust fyrir mig að bæta nokkru við þau rök, sem hv. frsm., þm. Mýr., bar fram til andmæla því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni. Ég tel málinu stafa mestur voði af því, ef því seinkar vegna málþófs, og vil ég ekki eiga neinn hlut að slíku.

Ég get endurtekið það, eða sagt hið sama og hv. þm. Mýr. benti á í ræðu sinni, að það er byggt á misskilningi hjá hv. 4. þm. Reykv., þegar hann telur, að frv. skerði rétt þeirra, sem eru innan vébanda Rvíkur. Ég get bætt því við, að brtt., sem undanskilur rjóma, jafngildir því, ef hún yrði samþ., að frv. yrði fellt. Hv. þdm. ættu þess vegna að gera sér fulla grein fyrir því, að ekkert lið verður í þeim til stuðnings við frv., ef þeir samþ. þessa brtt. Svo vænti ég þess, að hv. þdm. hafi nú sagt nóg um þetta mál, og að það megi fara að koma til atkvæða.

**Sveinbjörn Högnason** [óyfirl.]: Þar sem ég legg mikla áherzlu á, að þetta mál verði leyst nú á þessu þingi, þá mun ég ekki viðhafa neitt málþóf, heldur vera mjög stuttorður. Ég vil aðeins taka það fram um brtt. á þskj 723, sem ég er flm. að, að ég flutti hana með það fyrir augum, að nauðsyn bæri til að tryggja þeim mönnum, sem ekki eru í mjólkursamlaginu, að ekki lokuðust fyrir þeim allir möguleikar til þess að selja mjólkurframleiðslu sína. Nú hefir það komið í ljós í þessum umr., að ef þessi brtt. nær fram að ganga, þá mundi það draga úr gagnsemi frv., og hafa verið færð sterk rök fyrir því, að svo yrði. Hinsvegar hefi ég fengið upplýsingar frá stjórn mjólkurbúanna, að hún er fús til að veita móttöku rjóma frá þeim framleiðendum, sem ekki geta nema nokkurn hluta árs náð til markaðsins. Verður þeim sýnd fyllsta sanngirni í þessu efni. (**PHalld:** Fyrir hvaða verð verður keypt af þeim?). Það er ekki hægt að segja neitt ákveðið um það enn, en þeim verður tryggt sanngjarnt verð fyrir sína vöru. Að þessu athuguðu höfum við flm. orðið ásáttir um að taka aftur brtt. á þskj. 723.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Það er vandalaust að taka þessa brtt. upp aftur, áður en til atkvgr. kemur. Hún er góð og væri synd að lofa henni ekki að koma til atkvæða, og vil ég geyma mér rétt til þess að taka hana upp seinna.

Annars er ég hissa á því, þegar hver þm. af öðrum stendur upp og talar um málþóf í sambandi við þetta frv., þó að 2—3 menn segi fáein orð til andmæla. Ég held t. d., að ég hafi ekki tekið oftar en þrisvar til máls og ekki talað lengur en 15—20 mín. í hvert skipti. Það er ofureðlilegt, að nokkrar umr. verði um þetta mál, því að það er stórmál, hvort sem það er skoðað sem principmál, hvort eigi að hafa frjáls eða ófrjáls viðskipti, eða það er skoðað sem hreint viðskiptamál. Það má með sanni segja, að þetta sé stærsta viðskiptamál Rvíkur, því að hér er um eina mestu nauðsynjavöruna að ræða. Og svo er talað um málþóf, þó að þeir, sem hlut eiga að máli, andmæli með nokkrum orðum.

Hv. þm. G.-K. lét á sér skilja, að þetta frv. væri aðallega flutt til þess að vernda mjólkurframleiðendur hér í Rvík. Það er dálitið einkennilegt, þegar verið er að neyða upp á menn hjálparráðstöfunum, sem þeir alls ekki kæra sig neitt um. Hann ætti að minnast þess, þegar verið var að neyða upp á sjávarútveginn hjálparráðstöfunum, sem þeir, sem atvinnuveginn stunda, hvergi vildu koma nærri. Ég á hér við síldareinkasöluna, sem var þröngvað upp á síldarframleiðendur. (**ÓTh:** Þetta er gert samkv. einróma ósk þeirra, sem hlut eiga að máli, — sá er munurinn.) Hv. þm. ber slíkt fram, að það sé einróma ósk þessara manna, að þeir fái að borga 5% í skatt, án þess að þeir fái nokkra hlutdeild seinna þegar útdeilt verður. Þetta er afarsennilegt!

Hv. þm. Mýr. sagði, að það væri hættulegt að undanþiggja þá skatti, sem ekki eiga að fá hlutdeild í úthlutuninni. Hann gat ekki fært önnur rök fyrir því en þau, að menn mundu unnvörpum flytja kýr sínar í bæinn, og þá líklega líka konur sínar, börn og skuldalið. Ja, ég verð að segja, komi þeir bara hingað til Rvíkur og greiði sína skatta hér, ef þeim þykir það borga sig að losna með því undan þessum skatti. Annars er það dálitið kyn-

legt, ef nú á allt í einu að vera svo gott að losna undan þessum skatti, að menn streymi til Rvíkur þess vegna, og áður átti þessi skattur að vera einhver sérstök hlunnindi fyrir Reykvíkinga! Þetta er einkennilegur og óskiljanlegur hugsanagangur.

Reykvíkingar eru mjög fúsir til viðskipta. Alstaðar að koma menn með vörur sínar til Rvíkur af þeirri einföldu ástæðu, að hér er beztur markaður fyrir þær. Þær eru seldar hér hærra verði en nokkursstaðar annarsstaðar. Reykvíkingar eru sannarlega ekki að amast við þessum mönnum, en hitt er ekkert undarlegt, þó að þeir vilji nota sinn eiginn markað fyrir þær vörur, sem þeir sjálfir framleiða. Og með tilliti til þessara manna, sem framleiða vöru, sem bæjarbúar þurfa á að halda, í bænum sjálfum, og vegna bæjarfélagsins sjálfs, sem hefir hagnað af því, að þessir menn verði góðir skattþegnar, þá væri ekki nema eðlilegt, að þeim væri gert hægara fyrir að notfæra sér þennan markað. Það er því fyllsta ósanngirni að gera Reykvíkingum erfiðara fyrir á sínum eigin markaði bara til þess að aðrir fái jafngóða eða betri aðstöðu. Ég mun því treysta því í lengstu lög, að hv. þdm. sýni svo mikla sanngirni í þessu máli, að þeir samþykki þessa brtt. hv. samþm. míns.

Samkv. 4. gr. frv. er hægt að verja þeim tugum þúsunda, sem koma inn í verðjöfnunarsjóðinn, á hvern þann hátt, sem stjórn sjóðsins ákveður. Þar stendur reyndar: „Verðjöfnunarsjóði skal varið til greiðslu uppbótar á verði seldra mjólkurafurða innan sölusvæðisins til framleiðenda, sem eru í fullkomnum mjólkurbúum og starfa undir skipulagi samkv. 2. gr.“ Mér skilst, að hér undir megi telja einnig mjólkina sjálfa. Og það er ekki hægt að hrekja þau rök samþm. míns, hv. 4. þm. Reykv., að ef frv. verður samþ., þá verður það til þess að létta fyrir og ýta undir framleiðsluna utan Rvíkur. Það verður óhjákvæmilega til þess, að hingað berst meira að af mjólk en áður.

Svo skal ég ekki gefa frekara tilefni til þess, að ég verði sakaður um málþóf, en læt skeika að sköpuðu um afdrif þessa máls.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ef þessu fer fram, sem nú sýnist, að frv. verði samþ., þá er verið vísvitandi að beita ofbeldi. Ég hefi áður sagt frá því, að bæjarstjórn Rvíkur hefir haft málið til meðferðar. Það hefir verið mikið um málið talað og hugsað. En hér er beinlínis verið að taka málið með valdi af bæjarstjórninni og á að knýja það fram, sem bæjarstjórnin er viss með að mótmæla. Ég stakk upp á því áður, að frv. yrði sent bæjarstjórnunum í Rvík og Hafnarfirði; þetta hefir ekki verið gert og samt á að keyra þetta í gegn. Ég þykist vita, að þessu frv. verði kröftuglega mótmælt bæði af bæjarstjórnum og mjólkurframleiðendum, svo að það er þess vegna alger rangfærsla, sem kom fram í ræðu hv. frsm., að framleiðendurnir væru þessu samþykkir. Við aðra umr. málsins leit hv. frsm. líka dálítið öðrum augum á málið; þá viðurkenndi hann, að bæjarbúar hefðu þá aðstöðu, sem hann lætur nú í veðri vaka, að eigi að gefa þeim með samþykkt þessa frv. En vitanlega þarf ekki að gefa þeim það, sem þeir þegar hafa. Og það er algerlega rangt að láta líta svo út sem þetta sölusamband við menn lengra að veiti Reykvíkingum einhver fríðindi. Það væri heldur engin gjöf til þeirra, því að þeir hafa þessi fríðindi og munu halda þeim. En það er rétt, að það þarf meira til þess að taka af þeim þessa sérstöðu heldur en svo, að það verði gert með þessum lögum. En þessi lög verða til þess að draga úr henni, og það er ekki rétt að skattleggja þessa menn, nema gefa þeim eitthvað í staðinn.

Talað hefir verið um það, að þetta ætti að fyrirbyggja, að mjólkin félli í verði. En það á eftir að koma fram, það á eftir að sýna sig, að frv. komi í veg fyrir, að mjólkin falli. Ég held, að fyrir þá, sem framleiða utan við bæinn, sé önnur hættan miklu meiri en sú, sem stafar frá þeim, sem framleiða hér í bænum. Hér er að vísu framleitt á hrjóstrugri jörð, en hættan er sú, að þrátt fyrir skattinn verði farið meira og meira í það horf, ef eðlilegt verðlag helzt, að framleiða hér með fóðri frá Suðurlandsundirlendi. Þá verður að skattleggja meira og meira, til þess að draga stöðugt úr sérstöðu bæjarframleiðendanna, unz svo er komið, að þeir

eru ekki lengur samkeppnisfærir. En til þess má hv. þd. ekki hjálpa. Það má ekki stíga þetta spor, sem er stigið í þá átt, að látið verður eftir sífellt háværari kröfum Suðurlandsundirlendisins. Það verður ekki hægt að gera jafnan hlut þeirra manna, sem búa við Markarfljót, og þeirra, sem hér búa, hversu sem skattarnir yrðu hækkaðir, og þegar út á þá braut er farið, er erfitt að segja, hvar eigi að nema staðar. En ég verð að segja það, að nokkru er bjargað, ef hv. d. vildi samþ. mína brtt. um að fella niður skatt af framleiðendum hér í Rvík. Mér finnst alveg sjálfsagt að fella þetta skattgjald niður, því að það jafnar ekki þann aðstöðumun, sem hér er um að ræða.

Svo skal ég ekki þreyta hv. þdm. meira, en ég spái því, að þetta frv. verði ekki til þess að leysa það vandamál, sem því er ætlað. Afleiðingin verður sú, að kröfurnar um hækkun skattsins verða háværari til þess að vernda framleiðsluna á Suðurlandsundirlendi; og ef farið er inn á þessa braut, þá er erfitt að meta það, hvar eigi að hætta, hvort eigi að skattleggja hverja kú, sem hér mjólkar, 50—100 kr. eða jafnvel 200—300 kr., þar til þær verða allar fluttar austur yfir fjall.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Það má e. t. v. kalla þessi lög, sem hér um ræðir, ofbeldi, en hið sama má þá segja um öll þau lög, sem ekki eru samþ. í einu hljóði, og ég get ekki séð, að þessum lögum sé vandara um en öðrum. Og ég vil mótmæla því, að hér sé verið að níðast á þeim mönnum, sem framleiða hér í Rvík. Eins og margbúið er að taka fram, þá kemur gjaldið jafnt niður á öllum, alveg eins á þeim, sem búa í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og í grenndinni. Þetta verður því aðeins uppbót fyrir fjarlægðina. Ég sagði og segi það enn, að sérstaða bænda hér í grennd helzt eftir sem áður, og því verður ekki kippt í burtu, nema öllum þeim fjölda manna, sem erfitt eiga með að keppa við þá, séu gefin einhver forréttindi, en um slíkt er ekki að ræða hér.

Þá vil ég víkja að brtt. hv. 4. þm. Reykv., um undanþágu frá gjaldi fyrir framleiðendur hér í Rvík. Ég held, að þetta mundi verka þannig, að menn myndu á einn eða annan hátt fara að koma kúm sínum til bæjarins til þess að losna við skattinn. Og út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að það er vitanlega betra að öðlast hlunnindin og losna við skattinn heldur en að öðlast þau og verða að greiða hann. Það liggur í hlutarins eðli. En það getur borgað sig að greiða skattinn til þess að öðlast hlunnindin. Sem sagt, menn myndu láta skrá kýr sínar hér meir og meir, og það er ekki ástæða til þess að yfirfylla þennan markað. Það yrði því framleiðendunum hér sjálfum til skemmdar, ef brtt. yrði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 723 tekin aftur af flm., en tekin upp af 3. þm. Reykv. og samþ. með 13:7 atkv.
— 702, svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.
— 690, svo breytt, samþ. með 15:5 atkv.
— 684,a felld með 14:5 atkv.
— 684,b felld með 12:7 atkv.
— 722 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** StgrS, SvbH, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JÓl, JónasÞ, LH, ÓTh, PO, JörB.

**nei:** VJ, HG, HV, JJós, JAJ, MJ, PHalld. BJ, GÍ, MG greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (SvÓ, TrÞ, BSt) fjarstaddir.

Frv. afgreitt til Ed.

---

Á 77. fundi í Ed., 20. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 742).

Á 78. fundi í Ed., 22. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 23. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 742, n. 834).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál.

— Afbrigði leyfð af stj., en d. synjaði þeirra með 6:6 atkv.

Á 85. fundi í Ed., 31. mai, var frv. aftur tekið til 2. umr.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt eftir tilmælum Mjólkurbandalags Suðurlands, en í því munu vera öll mjólkurfélög á Suðurlandi. Markmið þess er að bæta hollustuhætti við meðferð mjólkur og ennfremur að styðja að skipulagningu mjólkursölu hér um slóðir. Því er svo ákveðið hér í 1. gr. frv., að ekki sé leyfilegt að selja mjólk öðruvísi en gerilsneydda. Undanþegin því ákvæði eru þó fullkomnustu mjólkurbú, sem að dómi atvmrh. hafa tæki til þess að hreinsa mjólkina á annan hátt jafngildan. Ennfremur er svo nefnd barnamjólk undanþegin þessu ákvæði, og sú mjólk, sem framleidd er innan kaupstaðanna til sölu þar á staðnum. Þessi ákvæði eiga að tryggja hollustuhætti mjólkurinnar.

Í 2. gr. er mælt svo fyrir, að mjólkurframleiðendur geti gert með sér samþykktir um sölu mjólkur. Þær samþykktir verða að ná til allrar þeirrar mjólkur, sem seld er á því sölusvæði. Til þess að gera slíka samþykkt verður að halda fund, og þangað verða öll mjólkurbú á svæðinu að senda fulltrúa. Og samþykkt þessi öðlast ekki gildi, nema að henni standi fulltrúar, sem samtals hafa yfir að ráða a. m. k. 75% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna. Aftur á móti þarf miklu minni hundraðshluta til þess að nema slíka samþykkt úr gildi, eða ekki nema 35%.

Þá kemur nú að því atriði, sem einna helzt mun um deilt, en það er ákvæði 3. gr. um verðjöfnunarsjóð. Þesskonar sjóði skal stofna innan hvers sölusvæðis, og á í hann að renna ákveðið gjald af hverjum mjólkurlítra, sem seldur er á svæðinu. Þetta gjald má aldrei verða hærra en 5% af útsöluverði gerilsneyddrar mjólkur. Þetta gjald verða allir að greiða, líka þeir, sem framleiða mjólk innan kaupstaðanna og selja hana beint af heimilum sínum til neytendanna, og er þá miðað við 2500 lítra ársnyt úr hverri kú. Þetta skipulag á að tryggja framleiðendum hærra verð fyrir mjólkina, þó að neytendur þurfi ekki að borga meira fyrir hana en nú er. Ég skal nefna dæmi, sem sýnir yfirburði þessa skipulags yfir það núverandi. Nú er það algengt, að menn fyrir austan fjall senda hingað mjólk sína, þótt á því séu ýmsir erfiðleikar. En á sama tíma verða mjólkurframleiðendur í nærsveitum Rvíkur að vinna úr sinni mjólk, af því að markaður er ekki nógur í Rvík. Úr þessum vandræðum yrði leyst, ef frv. þetta næði fram að ganga. Þá gætu austansveitarmenn unnið úr sinni mjólk, en látið nærsveitarmenn sitja fyrir á mjólkurmarkaði Rvíkur. Verðjöfnunarsjóður bætti svo austanmönnum upp hallann.

N. hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að þótt einstaka manni finnist þetta nærgöngult hagsmunum sínum, þá mæli svo mikil sanngirni með því, að hún leggur til, að frv. verði samþ. með einni lítilli breyt. Hún er á þá leið, að orðið „fullkomin“ falli úr 1. gr. frv. Sú brtt. er gerð með till. til mjólkurframleiðslu á Hvanneyri. Þar hefir verið framleitt skyr og aðrar mjólkurafurðir um langan tíma, sem mjög þykja að ágætum. En n. var ekki viss um það, hvort Hvanneyrarbúið gæti talizt fullkomið mjólkurbú í strangasta nútímaskilningi, þó að framleiðsla sé þar öll í bezta lagi. — N. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. með þessari smábreyt.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Samskonar mál og þetta hefir verið til meðferðar hjá bæjarstj. Rvíkur nú undanfarið, og hafa staðið yfir samkomulagsumleitanir milli bæjarstj. og fyrirsvarsmanna þeirra mjólkurframleiðenda úr nærsveitum Rvíkur, sem selja mjólk í bæinn. Ástæðan til þess, að þesskonar samningsumleitanir voru upp teknar, var sú, að samkeppnin um mjólkurmarkaðinn í Rvík frá fjarlægari sveitum hefir gert óhæfilega erfiða aðstöðu mjólkurframleiðenda úr hinum eiginlegu nærsveitum Rvíkur. En þessir menn búa víða við lélega landkosti og háan framleiðslukostnað, sem m. a. stafar af smábýlum við Rvík. Það er alkunnugt, að kaupgjald hér í nærsveitunum lagar sig eftir hinu tiltölulega háa kaupgjaldi í Rvík.

Það er talið, að þetta frv. komi fram

m. a. til þess að bæta hollustuhætti mjólkurinnar og annað slíkt, en það vita allir, að þetta eru tómir talsmátar. Þetta er fyrst og fremst hagsmunamál þeirra, sem framleiða mjólk hér í nærsveitunum og hafa ekki fengið að vera í friði með mjólkurmarkaðinn hér í Rvík fyrir framboði lengra að, og nú á síðustu árum hafa mjólkurframleiðendur austanfjalls, vegna bættra samgangna, getað fyllt og offyllt markaðinn hér í Rvík, og hefir það vitanlega komið hart niður á mjólkurframleiðendum héðan úr nærsveitunum. Ég skal taka það fram, að bæjarstj. Rvíkur var fús á það að líta með allri sanngirni á þetta mál og laga það, sem aflaga fór með mjólkursölu hér í bænum. T. d. hafði heilbrigðisn. bæjarstjórnar og undirn. úr henni haft þetta mál til meðferðar síðastl. ár og lagt fram uppkast til breyt. á núgildandi reglugerð bæjarins um mjólkursölu. Eftir áramótin bjóst bæjarstj. við, að þessir samningar við forsvarsmenn mjólkurframleiðenda yrðu leiddir til lykta. Því var tekið líklega í fyrstu, en svo kipptu framleiðendur að sér hendinni og hættu öllum samningum. En nú koma þeir fram með það sama, aðeins hafa þeir nú tekið það ráð að leita aðstoðar Alþ. til lausnar á þessu máli, án samkomulags við skiptavini sína hér í Rvík, neytendurna. En ég held, að þessi tilraun til þess að ná samkomulagi með valdi lýsi ekki nógum hyggindum af hálfu framleiðenda eða forsvarsmanna þeirra. Auðvitað verður þetta mál ekki leyst á viðunandi hátt, nema með samkomulagi milli seljenda og kaupenda. Og ég skal taka það fram, að þeir frumdrættir að samningi, sem legið hafa fyrir bæjarstj., og nýlega hefir verið útbýtt meðal bæjarfulltrúa, er fyrsta tilraunin til slíks samkomulags. Þó má ekki skoða þá sem endanlega uppástungu frá bæjarstj. Rvíkur í þessu máli. Grundvöllurinn í þessum uppástungum er sá, að samið verði við Mjólkurfélag Rvíkur eða Mjólkurbandalag Suðurlands um það, að viðkomandi félag hafi á hendi sölu allrar aðfluttrar mjólkur til bæjarins, gegn því að seljandi skuldbindi sig til þess að hafa alltaf nægilega mjólk á boðstólum í bænum.

Það er auðvitað gott og blessað, að sett séu í frv. sem þetta ákvæði til þess að tryggja hollustuhætti mjólkurinnar. En í þessu frv. stendur ekkert annað en það, að mjólk megi ekki selja ógerilsneydda. En um það atriði í hollustuháttum er nú mjög deilt, og af mörgum er talið, að gerilsneyðing eftir hinum eldri aðferðum eyðileggi vítamín mjólkurinnar. Um þetta atriði hefði bæjarstj. kosið, að áskilin hefði verið ný gerilsneyðingaraðferð, sem sé stassanisering. Sú aðferð er að vísu ekki svo gömul, að hægt sé að telja fulla reynslu fengna um hana, en um hana segir sá Íslendingur, sem mesta þekkingu mun hafa á þessu sviði, dr. Skúli Guðjónsson, að stassanisering sé þó skömminni skárri en eldri aðferðir til gerilsneyðingar. Fjöldamargt annað þyrfti að taka fram viðvíkjandi hollustuháttum, og var það mjög ýtarlega gert í samningsuppkasti bæjarstj. Rvíkur.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að sett verði ákvæði til þess að tryggja hæfilegt verðlag á mjólkinni. En fyrirmæli frv. um það atriði eru mjög handahófskennd. Þar er stungið upp á því, að valdið yfir útsöluverðinu skuli lagt í hendur 7 manna ráðs. Þar yrði auðvitað togazt á um hagsmuni seljenda og neytenda, og aflsmunur látinn ráða úrslitum. En bæjarstj. Rvíkur hefir með aðstoð ráðunauts Búnaðarfélags Íslands látið gera tilraun til að finna sanngjarnan grundvöll fyrir mjólkurverð. Þessi grundvöllur er tekinn upp í samningsuppkast bæjarstj., og er þar allur framleiðslukostnaður mjólkurinnar sundurliðaður í 9 liði. Verðbreyt. eiga að koma fram eftir ákveðnu hlutfalli, og fylgja hverri verðbreytingu, sem nokkru nemur, á undirstöðuatriðum þessara 9 kostnaðarliða. Til þess að meta verðið á þessum grundvelli er ætluð 3 manna n., þar sem einn nm. er kosinn af framleiðendum, einn af kaupendunum eða fulltrúa þeirra, bæjarstj., og hagstofustjóri yrði oddamaður. Það verður eðlilegt, þegar athugað er, að starf þeirrar n. verður fyrst og fremst hagfræðilegt. Þetta er eitt höfuðatriðið í þessu samningsfrv. Ennfremur er þar gerð tilraun til þess að lækka dreifikostnaðinn með því að stilla í hóf fjölda útsölustaða.

En svo kemur þetta frv. sem tilraun framleiðenda til þess að leysa málið algerlega einhliða, án þess að leggja á sig þá fyrirhöfn að halda áfram samkomulagstilraununum við bæjarstj. Rvíkur.

Nokkru eftir að þetta frv. kom fram barst bæjarráði mótmælabréf frá Nautgriparæktar- og mjólkursölufélagi Rvíkur, en það er félagsskapur þeirra manna innan lögsagnarumdæmisins, sem framleiða mjólk handa bæjarbúum. Það er hreint ekki svo lítil atvinnugrein, því að miklu af bæjarlandinu hefir verið reynt að koma í rækt með því að leigja það sem erfðafestuland. Lóðirnar hafa sumar verið svo stórar, að á þeim hafa verið reist lítil sjálfstæð býli, sem hafa að atvinnu nautgriparækt og alifugla. Heyaflinn er langmest notaður til fóðurs fyrir mjólkurkýr bæjarins. Mér hefir verið sagt, að kúaeign manna í Sogamýri sé 1000—1100, og þó að ég geti ekki fullyrt, hve mikill hluti af neyzlumjólk bæjarins er framleidd innan lögsagnarumdæmisins, þá mun láta nærri, að það sé eitthvað meira en ⅓, en nær ekki helmingi. Félagsstjórn þessara samtaka hefir athugað nál. vandlega og borið sig upp undan þessu við bæjarráð og bæjarstjórn og farið fram á aðstoð bæjarstj. til þess að hindra framgang málsins, eða fá framgengt þeim breyt., sem þeir telja nauðsynlegar. Tvennt færa þeir fram þessu til stuðnings. Fyrst er, að skv. frv. hafi mjólkurframleiðendur í Rvík engin áhrif á skipulag mjólkursölunnar í bænum, heldur ráða þar um eingöngu mjólkurbúin innan hins svonefnda sölusvæðis, sem frv. býr til. Í öðru lagi, að skattgreiðslan til verðjöfnunarsjóðs sé óréttlát og ekki til varanlegra hagsbóta, og að hún veiti Rvík að engu leyti bætta aðstöðu til sölu. Þeir halda því fram, að helmingur af neyzlumjólk bæjarins sé framleiddur af þeim, en ég þori ekki að fullyrða, að það sé með öllu rétt, því að eins og ég hefi áður tekið fram, held ég, að það sé nær þriðjungi. Bæjarráð og bæjarstjórn hefir veitt þessum mótmælum stuðning, og ég vil taka það fram sem eindregna skoðun mína, að á þetta mál verði að líta frá því sjónarmiði, að sá mjólkurmarkaður, sem hér er um að ræða, er ekki annað en mismunurinn á neyzlu og framleiðslu í bænum. Þeir, sem utan bæjarins búa, mega ekki ganga að ákvæðum frv. með þeirri hugsun að útrýma framleiðslunni, sem fyrir er. En þegar þeirri hugsun er haldið, er ljóst, að ekki nær nokkurri átt að skattleggja heimaframleiðsluna til hagsbóta fyrir utanhéraðsmenn, sem vegna samgangna hafa möguleika til þess að nytfæra sér markaðinn. Hver bóndi getur litið í eiginn barm og séð, hvort ekki er ósanngjarnt, ef hann framleiðir sjálfur nokkurn hluta af því, sem hann þarf með, að gera honum að gjalda skatt af því, sem hann býr til sjálfur, af tilliti til þeirra, sem keppa um að selja honum það, sem hann vantar. Hver kaupstaður á auðvitað að vera óáreittur með það, sem hann framleiðir fyrir sjálfan sig. En hinsvegar þarf að koma á skipulagi fyrir þá, sem fyrir utan standa, til þess að þeir geti rekið sína atvinnu á heilbrigðum grundvelli. Það í frv., sem ég get með engu móti fallizt á, er, að heimaframleiðslan sé dregin undir gjald til sjóðs, sem á að jafna milli hennar og keppinautanna. Enda er markaðurinn ekki annað en mismunurinn á neyzluþörf og heimaframleiðslu.

Einstök ákvæði frv. skal ég í þessu sambandi aðeins gera að umtalsefni hvað snertir viðurlagaákvæðin í niðurlagi 3. gr. Þar er sagt, að gjaldið til verðjöfnunarsjóðs skuli greiða mánaðarlega eftir á til gjaldkera, og skal það vera lögtakskræft. Með öðrum orðum er Rvíkingum gert að greiða skatt til félagsskapar, sem þeim hefir ekki verið boðið upp á að vera með til að stofna, og hafa ekki rétt til þess að hafa nokkur áhrif á stjórn þessa, og þessi lögtakskræfi skattur er ekki í þágu hins opinbera, heldur rennur hann til annara einstaklinga á landinu. Þarna er farið út fyrir það, sem hingað til hefir þótt hæft í löggjöf. E. t. v. mætti til sanns vegar færa, að lögtak færi hér fram, ef á undan væri genginn sérstakur undirbúningur, svo að ekki léki vafi á, að það væri réttmætt. En hér er einum borgara gefið tækifæri til þess að telja kýrnar í fjósinu hjá öðrum og taka svo lögtaki hjá honum gjaldið af þeim. Þetta gjald er mjög áþreifanleg fjárútlát, ekki sízt vegna þess, hve mikla

erfiðleika þessir menn eiga við að stríða um beitilönd og heyöflun. Það, sem af er, hafa þeir líka orðið að berjast við að koma landinu í rækt, og segir sig sjálft, hve miklu örðugra slíkt er heldur en fyrir þá mjólkurframleiðendur, sem á ræktuðu landi búa. Þetta gjald, sem hér er ætlazt til, nemur 50 kr. á hverja kú. Af litlu búi með 6 kúm mundi þurfa að borga 300 kr., og það er ekki smáræði fyrir þetta fólk; og einstaklingum er þarna hleypt fram fyrir hið opinbera og þarfir þess. Ég held, að það verði affarasælla fyrir alla málsaðila, að frv. sé dregið til baka, og í þess stað haldið áfram tilraunum til þess að leysa úr málinu með samkomulagi milli Rvíkur og annara aðilja. Það getur vel verið, að einhverjum þyki þær samkomulagstilraunir hafa gengið nokkuð seint. En til þess lágu alveg sérstakar orsakir, borgarstjóri var veikur, en þó að allrar varúðar hafi verið gætt, þá hefir ekki bein afgreiðsla mála setið á hakanum. En að ekki hefir gengið saman, stafar ekki af því, að á bæjarstjórninni hafi staðið, heldur hinu, að hinn samningsaðilinn hefir verið hikandi og óviss um, hvora leiðina hann eigi að velja. En ég er hræddur við afleiðingarnar, ef málinu verður hleypt í slíkt kapp, að þvinga annan aðilann með slíkum lögum.

**Bjarni Snæbjörnsson** [óyfirl.]: Mér finnst, að í gangi þessa frv. hér á þingi hafi kennt of mikils kapps frá hálfu þeirra manna, sem augsjáanlega eru að hugsa um eiginn hag, en það eru mjólkurframleiðendur, sem möguleika hafa til markaðar í Rvík og Hafnarfirði, en eru búsettir utan þeirra lögsagnarumdæma. Mig minnir, að það hafi verið hv. 4. þm. Reykv., sem bar fram tilmæli um það, að málinu yrði vísað til bæjarstjórnanna í þessum kaupstöðum til umsagnar, en því var afdráttarlaust neitað. Það er alveg óforsvaranlegt, þegar um slík mál er að ræða, þar sem tveir aðilar eiga í hlut, að öðrum þeirra sé enginn kostur gefinn á að láta uppi álit sitt um málið. Ég er líka hræddur um, að ábyggilegt sé, að ef frv. verður að lögum, verði töluvert skertur hlutur margra manna í þessum bæjum, svo að þeir eigi erfitt með að greiða gjöld sín til bæjarins. Það orkar ekki tvímælis, að þar eð ríkið þarf nú á miklu fé að halda og fer auðvitað í vasa þegna sinna til þess að fá það, og bæjunum er erfitt að fá nóga peninga, t. d. til fátækraframfærslu, þá er það ekki rétt gert af Alþingi að skerða hlut gjaldenda um skör fram. Ég get tekið það fram, að í Hafnarfirði eru um 20—30 manns, sem hafa mjólkurframleiðslu að aukaatvinnu, til þess að reyna að bæta kjör sín og sinna, og flestir eru þessir menn svo fátækir, að þessi skattur er ekki nálægt því í samræmi við útsvar það, sem á þá er lagt. Bærinn sér sér ekki fært að leggja svo jafnt á þegna sína sem skyldi, en samt á að styrkja framleiðendur utan kaupstaðarins á hans kostnað. Ég þarf ekki að orðlengja um þetta, ég býst við, að hv. dm. sé það ljóst, að þetta nær ekki nokkurri átt, og ber ég því fram svo hljóðandi rökst. dagskrá, til samkomulags:

**„Í því trausti, að ríkisstjórnin, í samráði við bæjarstjórnirnar í Reykjavík og Hafnarfirði, rannsaki, á hvern hátt sala mjólkur í þessum bæjum væri heppilegust fyrir kaupendur og seljendur og leggi fyrir næsta þing tillögur í því efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".**

**Frsm. (Jón Jónsson)**: Hv. 1. landsk., sem jafnframt er borgarstjóri Rvíkur, hefir flutt langt erindi til þess að sýna fram á, að með þessu frv. sé stofnað til mesta gerræðis, en ég fæ ekki séð, að svo mikil brögð séu að því sem hann vill vera láta. Hann fetti fyrst fingur út í ákvæði 1. gr., um að eingöngu megi selja gerilsneydda mjólk, en seinna sagði hann reyndar, að rétt væri að hafa mjólkina gerilsneydda, en hann vildi bara hafa einhverja sérstaka aðferð ákveðna. Hann bauðst til þess að bera sig saman við n. um þetta, og þakka ég honum það, því að ég játa fúslega, að á því sviði er ég enginn fræðimaður, og þykir mér gott að fá hans ráð um þetta; annars býst ég ekki við, að þetta ákvæði muni valda ágreiningi.

Þá er það, hvort mjólkurframleiðendum sé heimilt að setja með sér skipulagðan félagsskap, sem allir verða að lúta. Það álít ég alveg sjálfsagða ráðstöfun til þess að tryggja þá atvinnugr. En hitt, að þeim sé falið einveldi í þessum efnum,

get ég ekki sagt, að sé rétt hjá hv. þm. Í því sambandi minntist hann á samninga á milli beggja aðilja; það er auðvitað ekki nema gott, ef slíkar samningatilraunir hafa farið fram, en árangur er enginn sýnilegur af þeim. Eina atriðið, sem ég býst við, að gæti orkað tvímælis, er skatturinn. Það má e. t. v. til sanns vegar færa, að þetta sé fullhátt gjald, en þegar í staðinn kemur betra skipulag á mjólkursöluna og betri möguleikar skapast, þá er ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að þeir taki á sig eitthvað af byrðunum, eins og aðrir, sem njóta góðs af þessu, og lögtaksrétturinn er alveg sjálfsagður. En sem sagt getur vel verið, að gjaldið sé of hátt, og ég vildi gjarnan bera mig saman við hv. 1. landsk. til 3. umr. — En því, að þetta veiti Rvík engar hagsbætur, vil ég svara, að það tryggir betri vörur og öruggari markað, þar eð þeir, sem fjær búa, eru útilokaðir frá samkeppni. Auk þess er bænum með því tryggð nóg mjólk öllum stundum. Ég get sem sagt ekki fallizt á rök hv. 1. landsk., að málið sé með öllu óhæft, en einstök atriði frv. má taka til athugunar til 3. umr. Rökst. dagskránni get ég ekki verið samþykkur. Málið þolir ekki svo langa hvíld, og auk þess átti stjórnin aðeins að bera sig saman við kaupendur, en það nær vitanlega engri átt. Ég vona, að hv. d. hleypi málinu til 3. umr., og milli umr. má bera sig saman um einstök atriði.

**Jónas Jónsson:** Mér kom nokkuð á óvart stefna hv. 1. landsk. í þessu máli, með því að ræða hans varð varla skilin öðruvísi en að hann hugsaði sér, að mjólkurmál þessa bæjarfélags, og þó sérstaklega Hafnarfjarðar, gætu orðið leyst aðallega með flutningi frá næstu framleiðsluhéruðunum, sem yrði þá nánast að hugsa sér sveitirnar austanvert við bæinn og bæinn sjálfan. Mér kom þetta á óvart, vegna þess að fyrr, þegar hann hafði forgöngu í baráttu fyrir samgöngubótum austur, þá var ein af ástæðunum sú, að með því að koma Rvík í samband við Suðurlandsundirlendið með járnbraut væri hægt að búast við, að mjólkin lækkaði, til hagsmuna fyrir bæinn.

Ég vil nú áður en ég fer lengra spyrja hv. 1. landsk., hvort það sé rétt, að hann hafi staðið í samningum við Mjólkurfélag Rvíkur um það, að láta það eitt fá einkasölu á mjólk í bænum, og Mjólkurfélagið hafi neitað þessu, — að Mjólkurfélagið hafi sýnt meiri víðsýni í þessu heldur en formaður bæjarstj. Ég hafði nú ekki trú á sannleiksgildi þessarar sögu, en verður frekar á að geta hugsað mér þetta eftir ræðu hv. þm. í dag.

Ég hygg, að þetta frv. sé nú eins og önnur mannaverk, ekki alfullkomið, en mér skilst það miða í áttina til hagsbóta fyrir Rvík, Hafnarfjörð og mjólkurframleiðendur á stóru svæði á Suðurlandi og í Borgarfirði, sem nú eru farnir að selja hingað. Ef horfið væri að því ráði að semja við þá, sem framleiða á dýrustu landi, þá eykur það dýrtíð í Rvík, en lækka má mjólkina nokkuð með því að fá hana þaðan, sem hún er auðframleiddari. Það er óhugsandi annað en að slík ráðabreytni, sem þm. talaði um, verði verst fyrir bæjarbúa sjálfa.

Hugsunin bak við þetta frv. er að koma á því skipulagi um mjólkursölu til Rvíkur og Hafnarfjarðar, að engin óeðlileg samkeppni skapi óþarfa eyðslu. Það er t. d. eyðsla að hafa of marga sölustaði, sem er forráðamönnunum í Rvík að kenna. Þeir gætu takmarkað sölustaðina og dregið úr kostnaðinum, hvað meiri hl. bæjarstj. og núverandi borgarstjóri hefir ekki gert, frekar en hans fyrirrennarar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að fyrst og fremst verði seld í bænum sú mjólk, sem er framleidd nær, í stað þess að oft og tíðum er mikið unnið úr henni, en flutt er mikið af henni óunninni austan yfir fjall með miklum kostnaði.

Nú er hugsað, að þeir, sem búa nær, borgi litla verðuppbót til hinna, sem verr eru settir. En aðalsparnaðurinn fyrir alla liggur í minnkun dreifingarkostnaðar og sölukostnaðar. Og það er enginn vafi, að þar geta þessir aðilar mætzt. Rvík líður hinn mesta baga af því, að mjólk er svo að segja dýrust af öllum vörum, á sama tíma og tugir og hundruð af bændum hafa nóg af ódýrri mjólk, sem þeir vildu selja hingað, en geta ekki sökum skipulagsleysisins. Sú varð reynslan á Akureyri, þegar sú deild kaupfél. Eyfirðinga, sem hefir mjólkursöluna með höndum, lækkaði lítrann í 25 aur., að þá hraðóx

salan og útrýmdi útlendri vöru. Þessa miklu lækkun framkvæmdi félagið í skjóli síns góða skipulags og varð bæði seljendum og neytendum í hag. Ég ætla ekki að spá neinu, hvað lækka má mjólkurverðið hér, en það má vafalaust lækka það verulega, og þó til hagsmuna fyrir bændur, en hér er mest komið undir stj. og hennar mönnum.

Borgarstjórinn í Rvík brosir að þessu. En bæjarstjórinn á Akureyri getur brosað í alvöru og einlægni, af því að það hefir tekizt í hans bæ að gera þetta kraftaverk.

Ég hygg, að uppástungan í 5. gr. um það að hafa 3 menn, sem ríkisstj. skipar til ákveðins tíma til að miðla málum milli framleiðenda og neytenda, sé eins hyggileg úrlausn og fyrirfram er hægt að ákveða. Mér hafði dottið í hug, áður en ég sá þessa uppástungu, að ef svona þvingunarverð er sett í Rvík og Hafnarfirði, þá mætti taka meðalverð mjólkurlítrans í 3 höfuðborgum Norðurlanda, þar sem er óhindraður flutningur með járnbrautum, þar sem verðið er nú kringum 35—36 ísl. aur. En till. 5. gr. álít ég miklu framkvæmanlegri en það, sem vakir fyrir hv. 1. landsk. Það er jafnmikil fjarstæða að hugsa sér að reikna út framleiðslukostnað mjólkur eins og annara vara. Hugsum okkur, að reikna ætti út framleiðslukostnað á kjöti. Það væri gott fyrir bændur, ef miða mætti sölu kjötsins við framleiðsluverð, því að nú fá þeir ekki svo hátt verð. Hefir það nokkra þýðingu fyrir okkur heldur gagnvart Spánverjum, að reikna út framleiðslukostnað útgerðarinnar? Það er hvergi nokkursstaðar framkvæmt til lengdar, að binda verð framleiðsluvara við útreikninga á framleiðslukostnaði; því að ef farið er út í það, þá eru svo margir þættir, sem ómögulegt er að meta. En meiri hl. bæjarstj. hefir kannske sótt fyrirmyndir sínar til Rússlands.

Annars er ástandið í Rvík og Hafnarfirði kröftugust mótmæli gegn hv. þm. Hafnf. og hv. 1. landsk. Meiri hl. bæjarstjórnanna í báðum bæjunum hefir ekkert gert til að skipuleggja þetta mál, ekkert annað viljað heyra en að allt sé látið reka á reiðanum. En það er ómögulegt að neita því, að þetta mjólkurmál Rvíkur og Suðurlandsundirlendisins er eitt af stórmálum landsins. Það er stórmál, að þessir bæir með um það bil ⅓ íbúa landsins skuli standa í vandræðum með að kaupa þá mjólk, sem þeir þurfa, af því að hún er til muna of dýr; hundruð af mönnum vilja selja mjólk, en þúsundir þurfa að kaupa, en aðilarnir ná ekki saman sökum skipulagsleysis. Afleiðingin er sú, að í þessum tveimur bæjum vex æskulýðurinn upp við allt of litla mjólkurneyzlu. Og landbúnaðurinn í 4—5 sýslum í kring bíður tjón við að geta ekki fyllilega notað markaðinn í Rvík. Þetta mál er miklu þýðingarmeira en þó að við fengjum fleiri þingmenn á þessa bekki. Ef þetta frv. verður látið daga uppi, er það skaði fyrir Rvík og bændur. Tilraun þessi er máske ekki svo fullkomin sem þyrfti, en þó það skársta, sem stungið hefir verið upp á. Þess vegna á málið að ganga fram; og reynist skipulagið ekki nógu vel, eiga Reykvíkingar og bændur á Suðurlandi að hjálpast að því að endurbæta það.

**Jón Baldvinsson:** Það er sjálfsagt rétt, að sala mjólkur til Rvíkur hefir verið miklum erfiðleikum bundin, kostnaðarsöm fyrir bæjarbúa og í mesta ólagi um langt skeið. En mér finnst það ekki vera leiðin til umbóta, að taka af bæjarstj. og íbúum Rvíkur og Hafnarfjarðar það vald, sem þeim er veitt yfir skipulagi innanbæjar. (**JónJ:** Þeir hafa farið illa með þetta vald). Það er nú deilt um það, hverjir fari vel með sitt vald og hverjir illa. Sjálfsagt á bæjarstj. einhverja sök. En mér finnst ekki koma til mála að láta menn úr fjarlægum héruðum samþ. reglur fyrir kaupstaðina, t. d. um bein heilbrigðismál, sem heyra undir ákvarðanir bæjarstjórna.

Þá tel ég það allhart að gengið, að láta þá menn, sem í kaupstöðum búa og bæjarstj. hefir styrkt — marga hverja — til þess að efla búskap innan bæjarfélagsins, bera skatt til þess að borga bændum í Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslu, Árnessýslu, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu — og kannske lengra að — uppbót á verði á mjólk. Það er náttúrlega rétt, að það er dýrara í nágrenni Rvíkur að framleiða mjólk; en hinir,

sem fjær búa, þola líka betur að fá lægra fyrir mjólkina.

Ekki er hægt að segja, að þeir hafi verið sérlega sanngjarnir í garð Rvíkur, bændur í mjólkurfélögum hér, austanfjalls og annarsstaðar. Ég man eftir, að fyrir nokkrum árum gerði ég samning við framkvæmdarstjóra mjólkurbús í nágrannasýslu um að kaupa mjólk til að selja aftur í Rvík nokkuð undir því verði, sem hér var þá. Þetta var viðurkenndur samningur, þótt ekki væri skrifaður í öllum atriðum. En mjólkurfélögin hér, og sérstaklega mjólkurfélögin fyrir austan, héldu ráðstefnu og kúguðu framkvæmdarstjóra þessa fyrirtækis til að svíkja þann samning, sem hann hafði gert. Það var náttúrlega engin sérstök velvild til Rvíkur í þessu, að koma í veg fyrir 10% lækkun á mjólk.

Nú hafa mjólkurframleiðendur hér í Rvík lagt mikið fé og mikið erfiði í það að rækta sína bletti, enda eru þeir með bezt ræktuðu túnum landsins. En í kostnaðinn hafa þeir lagt af því að þeir byggðu á fljótri sölu og a. m. k. sæmilegu verði. Þeir eiga þá að fá hærra verð en hinir, sem byggja framleiðslu sína talsvert á beit og engjaheyskap. Nú er svo komið, að framleiðslan í nágrenni bæjarins er verulegur hluti af mjólkinni, sem bærinn þarf að nota, enda eru hér á annað þúsund kýr.

Eðlilegastur hlutur til að koma skipulagi á þetta mál væri það, að bæjarstjórn Rvíkur tæki málið algerlega í sínar hendur, hefði einkasölu á mjólk í bæinn. Ég játa, að margt mætti laga, m. a. lækka mikið búðakostnað. Víða er selt fyrir litla upphæð daglega, en kostnaður verður alltaf talsverður, húsnæði, fólkshald, áhöld o. s. frv.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að skipa 7 manna nefnd til þess að ákveða útsöluverð á mjólk af samlagssvæðinu og skera úr ágreiningi, sem rísa kann milli seljenda annarsvegar og bæjarstjórna eða hreppsnefnda hinsvegar. Bæjarstjórn eða sveitarstjórn á aðeins að skipa tvo menn, mjólkurframleiðendur eða félög þeirra tvo, og atvmrh. skipi þrjá. Ég geri nú ráð fyrir, að t. d. núverandi stj. mundi skipa þrjá bændur, svo að þar yrðu þrír á móti tveimur úr Rvík, og svo fulltrúar mjólkurframleiðenda, sem einnig yrðu bændur. En svo er annað. Mér skilst þessi n. vera óafsetjanleg, að mennirnir sitji æfilangt. Ég skal taka því, ef skýringar koma. En mér skilst, að þegar þessir stjórnskipuðu menn hafa tekið þarna sæti, þá muni þeir sitja æfilangt, eins og hæstaréttardómarar. (MT: Nei, nei). Hv. þm. getur þá sennilega skýrt þetta nánar.

Ég treysti mér ekki til að greiða atkv. með þessu frv. eins og það er nú, en mun greiða atkv. dagskrártill. hv. þm. Hafnf.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég þarf ekki miklu að svara ræðu hv. frsm. Hann hafði nú ekki verið í deildinni nema að nokkru leyti, meðan ég talaði, og hafði því ekki andmæli fram að bera gegn því, sem ég hafði sagt, sem var sérstaklega í þá átt, að um hollustuhætti í meðferð nýmjólkur er þessi löggjöf ákaflega lítilfjörleg, enda er alls ekki tilætlunin að gera neitt í því efni með henni. Enda eru til önnur lagákvæði, sem heimila yfirvöldum nauðsynlegar aðgerðir á því sviði.

En hvað það snertir að skattleggja heimaframleiðslu til verðjöfnunar, þá hafði hv. þm. ekki önnur rök fram að bera en þau, að heimaframleiðslan kynni að geta notið góðs af samtökunum, og væri því ekki með öllu óréttmætt, að hún bæri eitthvert gjald. Ja, ég held nú ekki, að heimaframleiðslan geti haft neitt gott af samtökum þessum. Ef það helzt óbreytt, þá á líka aðstaða hinnar framleiðslunar að vera hin sama og áður, en ég skal nefna einstök dæmi þess, hvernig þetta verkar á bónda einn hér í Rvík. Hann hefir 16 kýr og afkoma hans er þannig, að niðurjöfnunarnefndin hefir ekki treyst sér til að leggja á hann hærra útsvar en 10 kr. Hann býr við há gjöld að öðru leyti af landi sínu og fasteignum eins og allir, en eftir þessu frv. myndi hann eiga að snara út 800 kr. á ári til þessa verðjöfnunarsjóðs. Það er auðséð, að þessi bóndi fer yfir um, og ég efast um, að smábýlabúskapurinn hér við Rvík þoli þessar álögur, og a. m. k. staðhæfi ég hitt, að það er ekki nokkur sanngirni af löggjafarvaldinu að þvinga

þessu upp á menn, ekki til neinna opinberra þarfa, heldur einungis til hagnaðar fyrir einhverja aðra framleiðendur í landinu.

Hv. 5. landsk. fór að tala um þetta mál og það fór nú heldur í mola eins og von var til. Hann minnti fyrst á það, að ég hefði fyrir nokkrum árum barizt fyrir bættum samgöngum milli Rvíkur og Suðurlandsundirlendisins og fært þá fram sem eina af mörgum röksemdum í þessu máli, að þetta yrði til þess að lækka mjólkurverðið í Rvík, vegna vaxandi framboðs. Nú hefir þetta farið svo, að samgöngubót í þá átt, sem ég barðist fyrir, hefir fengizt á annan hátt, og niðurstaðan er sú, að það er svo mikið framboð á ódýrri mjólk austan yfir fjall, að nú er hrópað á löggjafarvaldið til þess að verjast verðlækkun. Það er það, sem verið er að gera með þessu frv. Það á að halda uppi mjólkurverðinu í Rvík gagnvart þessu framboði austan að, sem bættar samgöngur hafa skapað. Nú er það álit margra manna, að það sé eðlilegt að taka sanngjarnt tillit til þeirra landsmanna, sem með miklum erfiðismunum voru búnir undir óhagstæðum skilyrðum að koma af stað mjólkurframleiðslu hér nærri bænum áður en samgöngubæturnar náðu til þess að auka framboðið austan að svo sem nú er orðið, og það er engin fyrirstaða á því hér í Rvík að líta með sanngirni á þeirra manna mál.

Hv. 5. landsk. vildi gera það að ádeiluefni á mig, að ég virtist vilja semja við Mjólkurfél. Rvíkur, sem hefir dýrasta framleiðslu á mjólkinni. En litlu síðar í ræðu sinni fór fyrir honum eins og vant er, af því að hann lætur yfirleitt ekki stjórnast af röksemdum og yfirvegun, heldur af aðstöðu sinni til þess manns, sem hann á orðastað við, að hann fór náttúrlega öfugu fram og viðurkenndi síðar í ræðu sinni, að það væri meiningin, að þeir, sem nærri byggju Rvík, í þeim eiginlegu nærsveitum, ættu eftir þessu skipulagi að fá mjólkursöluna, en svo ættu þeir að leggja á sig gjald til þess að hugnast dálítið hinum framleiðendunum lengra í burtu, í notum þess, að þeir hættu að flytja á markaðinn meiri mjólk en hentaði markaðinum. En um efni þessa máls, þá er mér sama og bæjarstj. Rvíkur er sama, hvort hún semur við framleiðendur af stærra eða smærra svæði utan bæjarins. Þeir geta komið sér saman um það eins og þeir eru bræður til, hve marga þeir taka inn fyrir samtökin, en því vil ég halda fram og halda föstu, að ekki verði verið með neina áreitni við mjólkurframleiðendur í bænum, þótt hinir vilji koma á einhverjum samtökum sín á milli.

Hv. 5. landsk. fór að tala um það, sem vel hefði getað átt við fyrir 20 árum, þegar hann var ungur, að í Rvík yxu börnin upp við svo mikinn mjólkurskort, að þeim væri af því hætta búin. Ég held, að þetta sé ekki á neinum verulegum rökum byggt nú orðið. Mér er sagt, að neyzla mjólkur hér í Rvík muni vera 6—7 millj. lítra á ári, og það er yfir 200 lítra á ári á hvert mannsbarn. Það má líta á búnaðarskýrslurnar úr sýslum landsins og gera upp, hve mikil mjólk komi þar á hvert mannsbarn, og þar sést, að það eru ekki öll landbúnaðarhéruð landsins, sem eiga kost á þetta mikilli mjólk. Hér er ekki meiri mjólkurskortur en víða annarsstaðar, ef þessi tala um hina almennu neyzlu er nærri sanni. — Þá fór hv. 5. landsk. að tala um verðið á mjólk hér í Rvík. Hafði hann hugsað sér að taka meðaltal af mjólkurverði í þrem stærstu höfuðborgum næstu landa og lét það gilda fyrir Hafnarfjörð og Rvík. En hitt þótti honum fjarstæða, að miða þetta við framleiðslukostnað, eins og ég hafði orðað, að bæjarstjórn Rvíkur hefði dottið í hug. Mér finnst nú satt að segja höfð endaskipti á hlutunum, ef réttara er að miða við verðlag fjarlægra landa en framleiðslukostnaðinn hér heima. Hann sagði, að þetta verð væri 25—30 aur. á mjólkurlítra, og taldi það lægra en mjólkurverð hér í Rvík nú sem stendur. En það veit ég, að honum er vel kunnugt um, að mikið af mjólk hér í bænum er selt fyrir 35—36 aur. og eitthvað selt þar fyrir neðan. En ég hygg, að fastir viðskiptamenn um mjólkurkaup greiði yfirleitt ekki meira en 36 aur. fyrir hvern lítra, og ég veit, að sumir greiða lægra.

Ég get að svo stöddu lokið máli mínu um þetta. Ef farið hefði verið fram á það að lögleiða fyrir kaupstaði og kauptún ákvæði 1. gr. frv., þá hefði mér fundizt,

að vel mætti taka það til athugunar, jafnvel þótt það geti ekki verið neitt kappsmál fyrir landsmenn eftir því sem „teknik“ nútímans er háttað, að mjólkin skuli seld gerilsneydd. Þar sem hægt er að koma henni óskemmdri til neytenda án þess, þá er ákvæðið til hins verra. En ákvæði síðari gr. hygg ég ótímabær. Þau eru í raun og veru öll umbúðir um þetta gjald, sem á að ná af þeim gjaldendum, sem njóta markaðarins, til hagsbóta fyrir hina, sem ekki sitja að honum. Og við þetta hefi ég ekki heldur neitt sérstakt að athuga, ef ekki væri sýnd sú ósanngirni, að mér sýnist, að heimta þetta gjald af heimamönnum sjálfum, og eins og nú er ástatt hér í Rvík, getur það ekki komið til mála, að þetta gjald verði greitt. Mjólkurframleiðslan hér í Rvík þolir það ekki. Ég vil þess vegna nú við þessa 2. umr. fyrir mitt leyti greiða atkv. með rökst. dagskrá frá hv. þm. Hafnf., og ætti það að geta leitt til viðunandi lausnar á þessu máli, en fáist hún ekki samþ., greiði ég atkv. á móti öðrum greinum en þeirri fyrstu.

**Magnús Torfason:** Ég skal byrja með því að þakka hv. n. fyrir þá vinnu, sem hún hefir lagt í frv., og góð meðmæli hennar. Get ég og fyllilega fallizt á þá brtt., sem n. hefir gert við frv. Ég get líka verið þakklátur mönnum fyrir það, hve hógvært þeir hafa talað um þetta mál með fullum röksemdum. En hitt gegnir allt öðru máli, að ég hefi ekki getað sannfærzt um, að þau rök, sem færð hafa verið gegn þessu máli, séu gild. — Ég vil byrja þessar hugleiðingar með því að endurtaka það, sem hv. 1. landsk. færði fram sínu máli til stuðnings. Það var það, að hér í Rvík væru 1000—1100 kýr og að með því væri séð fyrir því allt að helming mjólkurþurftar bæjarins. Ef við athugum þetta nánar, þá sé ég ekki betur en að samkv. þessu eigi að koma ein kýr á 20 menn. Þegar ég var á Ísafirði, var það eitt af vandamálunum þar, að mjólkin var allt of lítil handa bæjarbúum, og sá það á á ýmsan hátt, að bæjarbúar höfðu ekki nægilega hollt viðurværi. Þetta varð til þess, að horfið var að því ráði að setja upp mjólkurbú til að sjá fyrir þörfum manna í þessu efni, en þó held ég, að ég muni það rétt, að alltaf hafi þar verið meira en 1 kýr á 20 menn. Ef þessi skýrsla hv. 1. landsk. er rétt, að þessar 1000—1100 kýr sjái fyrir allt að helmingi af mjólkurneyzlunni hér, þá sé ég ekki betur en að ástæðan til þess, að ekki er neytt meiri mjólkur hér í Rvík, hljóti að vera sú, að hún sé of dýr. Hún er svo dýr á móti almennri fæðu eða neyzluvöru, að fólkið skirrist við að kaupa þessa alhollustu fæðu, sem það á kost á. Nú verður vitanlega ekki ráðið úr þessu, nema með því einu móti að minnka sölukostnað mjólkurinnar. Það mun rétt bæði hvað snertir framleiðendur hér í Rvík og kröfur bænda fyrir austan, að þeir munu ekki fá of mikið fyrir sína mjólk. Ég get fyllilega undirritað það Því er ekki hér um annan kost að velja en að reyna með samtökum að vinna að því, að kostnaðurinn af flutningi og sölu mjólkurinnar verði minni en verið hefir, og þessi lög og allir þeir samningar, sem í mörg ár hafa staðið milli bæjarmanna og mjólkurfélaganna, hafa allir saman strandað á samvinnuleysinu. Því er þetta frv. fram komið, að sú leið þótti þrautreynd og myndi ekki hægt að koma málinu í lag nema því aðeins að njóta aðstoðar löggjafarvaldsins til þess. Nú heyri ég, að hv. 1. landsk. hefir ekki neitt sérstakt að athuga við aðalákvæði þessa frv., sem eru í 1. gr., og skilst mér helzt, að það bendi á, að þessi löggjöf muni fara í fullkomlega rétta átt. Hitt er annað mál, að ég get vel skilið, að hann vilji bera hag mjólkurframleiðenda í Rvík fyrir brjósti. En eftir því sem lögin gera ráð fyrir, þá er ég ekki viss um, að framkvæmd þeirra raski á nokkurn hátt hag þeirra, þótt þeir þyrftu að leggja eitthvað af mörkum í þennan verðjöfnunarsjóð, og þá kæmi að því, sem er aðalhugsun þessa frv. og kemur óbeint fram í frv. sjálfu, að fyrir austan fjall og annarsstaðar í fjarsveitum verði fyrst og fremst unnið úr mjólkinni skyr, ostar og rjómi, en að þeir, sem næstir eru Rvík, sjái fyrst og fremst fyrir hinni daglegu þörf mjólkur, svo að menn úr fjarsveitum sendi ekki meiri mjólk hingað til bæjarins en þarf til þess á hverjum tíma að fylla það skarð, sem þar verður, fylla muninn á milli framleiðslunnar í Rvík og eftir-

spurnar. Nú játa ég fullkomlega, að þetta kemur ekki beint fram í þessum lögum, en á því stendur svo, að þau eru byggð á föstu samkomulagi og samningum milli Mjólkurfél. Rvíkur og búanna. Þau byggjast á því samkomulagi, að búin fyrir austan vinni úr mjólkinni og sendi ekki nema það, sem um er beðið af mjólk hingað til Rvíkur. Þess vegna er það, að mjólkurframleiðendur hér í Rvík standa betur að vígi og fá nokkurskonar forréttindi til sölunnar. Hinsvegar finnst mér það einungis eðlilegt, að búin í fjarsveitunum fái eitthvað fyrir það að afsala þeim eiginlega mjólkurmarkaði til Rvíkur. Og þar er stungið upp á því, að það verði nokkurt gjald, sem á að leggjast í verðjöfnunarsjóð, ekki hærra en 5%. Í samanburði við annað mál, sem var hér á döfinni í gær, þá vil ég benda á, að þarna er rétt kveðið að orði, „ekki hærra en 5%“. Það sýnir, að löggjöfin kann að gera mun á þessu tvennu. Þar með er ekki sagt, að það eigi að vera 5%. Þetta gjald á að vera ákveðið af atvmrh., en þó aldrei hærra en 5%. Ég býst fastlega við því, að farin verði sú leið hvað þetta snertir, að láta reynsluna skera úr því, og ber í öllu falli ekki að setja gjald þetta strax í hámark. Ég fyrir mitt leyti ber fullt traust til stj., að hún taki þarna tillit til alls réttlætis og hagsmuna þeirra, sem þarna eiga hlut að máli, einnig þeirra, sem ekki ná til mjólkurbúanna, enda beint tekið fram í 2. gr., að ef ráðh. þyki samþykktir fara í bága við grundvallarhugsun laganna, þá sé rétt að synja um staðfestingu, svo að hann hefir valdið. Því síður er ástæða til að ætla það, að ráðh. muni nú beita þessu valdi sínu illa um skör fram, þar sem það eru einmitt Rvíkingar, sem eiga daglega aðgang að honum og geta flutt sitt mál seint og snemma.

Þá er verið að fetta fingur út í það, hvernig þessir menn, sem eiga að skera úr ágreiningi milli seljanda annarsvegar og annara, sem hlut eiga að máli, hinsvegar, væru skipaðir. Það var sagt, að þetta ættu að vera einhverjir óafsetjanlegir hæstaréttardómarar, en ég get ekki séð, að svo sé, því að það er sagt, að það eigi að skipa þá samkv. nánari ákvæðum í samþykktunum. Það þykir ekki ástæða til að taka það upp hérna, hvernig þessu verði fyrir komið, til hve margra ára o. s. frv. þeir eigi að vera kosnir. Eftir því sem mér skilst geta framleiðendurnir, sem hér eiga hlut að máli, ekki átt nema 3 atkv. í n. Það var sagt, að atvmrh., sem nú væri, myndi setja eintóma bændur í þessa nefnd. Mér dettur ekki annað í hug en að hæstv. ráðh. muni skipa mennina þannig, að n. verði sannköllud fulltrúastefna fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli. — Ég skal svo ekki frekar eyða dýrmætum tíma hv. d., aðeins vil ég algerlega neita því, að tilgangurinn með þessu frv. sé að verjast verðlækkun á mjólkinni, heldur að með því að spara flutning á mjólkinni hingað og með því að skipuleggja mjólkursöluna hér í Rvík, þá geti mjólkin orðið ódýrari, og hún getur líka orðið hollari. Það er alveg víst, að framleiðendurnir hugsa sér ekki, að þeir fái meira fyrir mjólkina en nú. Það, sem þeir hugsa sér, er þetta, að það verði aukinn markaður fyrir mjólkina hér í bænum með lægra verði, og það getur komið öllum til góða. Það er alveg víst, að í öllu þessu ati og samningum, sem hafa orðið um þetta ár eftir ár, þá hefir einmitt þessi hugsun, að auka mjólkurneyzluna, orðið algerlega ofan á hjá þeim, sem hlut eiga að máli, eftir því sem ég þekki bezt til.

**Bjarni Snæbjörnsson** [óyfirl.]: Hv. frsm. er ekki við, svo að ég ætla að geyma að svara því, sem hann sagði. Þegar farið er að athuga þetta frv. og tilgang þess, finnur maður það fljótlega, að það eru skiptar skoðanir meðal þeirra manna, sem mæla með frv. Ég vil álíta, að það séu skiptar skoðanir hjá hv. frsm. og hv. 2. þm. Árn. Hv. frsm. segir, að þetta eigi að vera til þess að bæta fyrir framleiðendum á þann hátt, að þeir eigi að fá meira fyrir sína mjólk. Hv. 2. þm. Árn. segir, að þetta eigi að verða til þess að lækka mjólkurverðið (**JónJ**: Þetta getur farið saman). Ef mjólkurverðið lækkar, hlýtur það að verða minna, sem framleiðendurnir í kaupstöðunum fá fyrir sína mjólk. Tilgangurinn er ekki sá, að lækka mjólkurverðið, heldur að bændurnir fyrir austan fjall fái meira fyrir sína mjólk en þeir fá nú. Ég skal geta

þess, að þetta, sem hv. 3. landsk. er að tala um, getur ekki átt við mjólkurframleiðendurna í Hafnarfirði, vegna þess að þeir hafa engan kostnað af sinni mjólkursölu. Þeir senda mjólkina beint frá húsum sínum til neytendanna og gera það sjálfir eða börn þeirra. Ég vil segja til réttlætingar minni dagskrártill., að einu rökin, sem færð eru á móti henni, eru þau, að stj. eigi aðeins að snúa sér til annars aðiljans. Ég efast ekki um, að atvmrh., sem nú er og sennilega verður til næsta þings, muni sjá um, að fengin sé umsögn hins aðiljans og fullt tillit verði tekið til beggja aðilja. Ef þessu á að flumbra af nú á þessum síðustu dögum þingsins, finnst mér það hreint og beint ekki sæmandi þinginu frekar en hv. 3. landsk. fannst sæmandi að flumbra öðru frv. af svona síðustu daga þingsins. Einn af formælendum þessa frv., hv. 5. landsk., sagði, að þetta frv. væri ekki frekar fullkomið en önnur mannanna verk, nema síður væri. Það kemur svipað fram hjá honum eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Árn. í öðru máli, að það væri í sjálfu sér rétt að samþ. frv. til þess að það væri hægt að gera breyt. á því á næsta þingi. Ég held satt að segja, að það væri betra að fresta málinu og athuga það betur, svo að hægt sé að fá sem heppilegasta og bezta úrlausn á málinu, og hinn aðilinn fái að bera hönd fyrir höfuð sér.

Hv. 2. þm. Árn. minntist á það í sinni ræðu, að sumt í þessu máli væri dálítið svipað öðru máli, sem hefði verið hér til umr. á fundinum í gær. Hann kvað svo að orði um það mál, að það væri hreinn og beinn nauðasamningur. Þar sem hann álítur þetta mál vera sama eðlis, er það samningur, sem er verið að neyða upp á annan aðilann að honum fornspurðum, án hans vilja og vitundar. — Ég get ekki annað skilið en að hv. dm. megi vera ánægðir með þá lausn málsins, að málinu sé frestað til næsta þings og að leitað sé álits hins aðiljans, svo að bezta og varanlegasta lausnin megi verða á málinu og ekki þurfi að breyta því á næsta þingi.

Hv. 3. landsk. minntist á það, að ákvæði 3. gr. væru varhugaverð. Hann játaði, að gjaldið, sem lagt er á framleiðendurna í kaupstöðunum, væri varhugavert. Ég vil taka það fram, af því að það stendur svo á, að frsm. landbn. Nd. er staddur hér í d., að hann áleit einmitt þetta ákvæði um verðjöfnunarsjóðinn vera eitt af aðalatriðunum í frv. Ég vonast til þess, að hann geti látið einhvern hv. þdm. vita, ef ég hefi farið rangt með. Hann áleit það vera aðalatriði, að þetta verðjöfnunargjald frá framleiðendunum í kaupstöðunum fengi að halda sér. Líka hefir verið drepið á það, að bændurnir austanfjalls væru búnir að bíða svo lengi eftir því að fá eitthvert samkomulag við bæjarstjórn Rvíkur. Ég álít, að með minni dagskrártill. komist frekar skriður á málið og að það þurfi ekki að bíða lengur en til næsta þings, að gengið verði til endanlegra lykta í þessu máli. Hv. 2. þm. Árn. sagði, að þetta frv. og einmitt ákvæðið um verðjöfnunina væri byggt á samkomulagi milli Mjólkurfél. Rvíkur og búanna austanfjalls. Mér finnst það sjálfsagður hlutur, að þetta atriði sé þeirra á milli algerlega, og að Mjólkurfél. Rvíkur greiddi búunum fríviljuglega þennan 5% skatt, en léti framleiðendurna í kaupstöðunum vera lausa við skattinn. Það kemur Mjólkurfél. Rvíkur talsvert til góða, ef mjólkurbúin austanfjalls vinna úr sinni mjólk, svo að mér finnst sjálfsagt, að þetta verði samningur þeirra á milli, og að það þurfi ekki þeirrar löggjafar með, sem hér er farið fram á í þessu frv. Hvernig svo sem ég velti þessu máli fyrir mér, get ég ekki skilið annan tilgang með þessu frv. en þann, að það sé ekki meiningin að lækka mjólkurverðið fyrir neytendurna, heldur sé það eingöngu sprottið af því að fá hærra mjólkurverð fyrir þá, sem nú hafa erfiðasta aðstöðuna og hv. 3. landsk. sagði, að væru að rembast við að flytja mjólkina hingað að vetrarlagi. Það er verið að bæta aðstöðu þessara manna með frv. því, sem hér liggur fyrir. Ég vona, að hv. dm. sjái, að það er svo margt athugavert í þessu frv., og einnig hefir verið sagt, að frv. væri ófullkomið í mesta máta, og þá held ég, að sé ekki bezta lausnin að flumbra þessu máli af síðustu daga þingsins, heldur sé það látið bíða til næsta þings og verði þá undirbúið rækilega, svo það mætti verða til frambúðar og báðum aðilum til gagns.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég vil aðeins leiðrétta það, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Árn., þegar hann var að reyna að styðja fullyrðingar hv. 5. landsk. um að að hér lifði fólk við mjólkurskort. Hann valdi það dæmi, að ef hér í bænum væru 1100 kýr og ef það væri helmingurinn af þeirri mjólk, sem bæjarbúar notuðu, sem þessar kýr legðu til, sem mun ekki vera rétt, þá væru það 2200 kýrnytjar, sem bæjarbúar nærðust á, og þá kæmu 30 manns á nyt; til þess þyrftu bæjarbúar að vera 66 þús., en það eru þeir ekki. Það mun sönnu næst, að ef hér eru 1100 kýr, sem mun láta nærri, þá samsvari neyzla bæjarmanna sem stendur 2500 kýrnytjum, og þá eru 12 menn á kú. Ég minnist þess, að þegar ég aðgætti þetta síðast í landshagsskýrslum, þá var ein sýsla á landinu, þar sem voru 20 menn um hverja kú, og þetta var landbúnaðarhérað. Ég hygg, að nú verði ekki talað um mjólkurskort í Rvík, enda er það vitanlegt, að þetta frv. er ekki fram komið vegna þess að hér sé mjólkurskortur, heldur af því, að hér þyki vera of mikið framboð af mjólk. Hv. þm. sagði, að tilætlunin væri að fá aukinn markað hér í bænum með lægra verði, en það er ekki unnt að komast verulega áleiðis í því máli eftir þessu frv., sem gerir ráð fyrir, að dýrasta framleiðslan verði send hingað og þar að auki lagður 5% skattur á mjólkina, og er slíkt ekki til verðlækkunar; en sá aukni markaður gæti aðeins komið fram við það, að mjólkurframleiðslan í sjálfum bæjunum hætti að vaxa eða jafnvel minnkaði. Það getur vel verið, að sú hugsun liggi að baki þessa ósanngjarna ákvæðis þessa frv. um skatt af heimaframleiðslunni, að nota innlenda markaðinn fyrir landbúnaðinn og tryggja hann betur með því að hindra landbúnaðarframleiðslu í lögsagnarumdæmum kaupstaðanna sjálfra. Auðvitað eykur þetta markaðinn, en það er ekki neitt hagsmunamál fyrir þjóðarheildina að fara inn á það að hefta framleiðsluna, þar sem hún í frjálsum viðskiptum leitar sér aðseturs. — Ég vil að lokum bæta því við, að það er ekki af hálfu kaupstaðanna einna, að mótmæli hafa komið fram gegn þessu frv. Hingað hafa komið sendinefndir bæði austan úr Árnessýslu og Rangárvallasýslu til þess að mótmæla þessu frv. Einn af þeim mönnum kom til mín og kvað svo fast að orði, að ef þetta frv. yrði að lögum, þá myndu þeir í sínum hreppi hætta að borga peninga út úr hreppnum. Það er því brýn ástæða til að athuga þetta mál betur, áður en því er flaustrað af.

**Magnús Torfason:** Ég skal ekki lengja umr., en vil aðeins svara því, sem með þarf. Ég hygg, að það sé mála sannast, að þessu máli verði ekki fyllilega komið fyrir fyrr en nokkur reynsla er fengin í því, og það er bezt, að hún fáist sem fyrst. Út af þessu samkomulagi, sem hefir orðið milli Mjólkurfélags Rvíkur og búanna austanfjalls um að þau vinni úr mjólkinni, en mjólkurbúið hérna hafi söluna í Rvík, kvað hv. þm. Hafnf. svo að orði, að þetta ætti að vera samningur milli búanna. Ég vil leyfa mér að benda á, að ef mjólkurbúið hérna ætti að borga þessi 5%, þá yrði það vitanlega til þess, að það færu allir úr mjólkurbúinu. Út af því, sem hv. 1. landsk. sagði, að ekki væru allir ánægðir með þetta fyrir austan, þá er það rétt að nokkru leyti. Það er rétt, að einstöku menn selja hingað nokkuð af mjólk og rjóma, en ég má fullyrða, að fullt tillit verði tekið til þess af mjólkurbúunum og loforð frá þeim um það.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. Hafnf. felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÞ, BSn, GL, HSteins, JakM, J-Bald.

nei: JónJ, JónasJ, MT, PHerm, PM, E-Árna, IP, GÓ.

Brtt. 834 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv.

2.—7. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv.

---

Á 88. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 897, 901, 934).

**Frsm. (Jón Jónsson):** Eins og menn muna, komu fram hörð andmæli gegn

frv. við 2. umr. Og þeim mótmælum hefir haldið áfram héðan úr bænum og grenndinni, einkum frá þeim, sem framleiða og selja mjólk. Aðstandendum frv., sem eru mjólkurbúin hér sunnanlands, hefir því ekki þótt álitlegt að knýja fram löggjöf sem þessa, meðan skilningur á þörf slíkrar löggjafar er ekki meiri en mótmælin bera vott um.

Það hefir því orðið að ráði, að landbn. flytti brtt. á þskj. 934, sem gera þá stórfelldu breyt. á frv., að felldar eru niður allar greinar þess, nema hin fyrsta og síðasta. Þar með falla niður öll ákvæði um skipulagningu sölunnar, sölusvæði og verðjöfnunarsjóð, en eftir er haldið skilyrðum um sölu mjólkur í kaupstöðum fyrir því að mjólkin sé góð og holl vara, og felst í því nokkur trygging fyrir mjólkurbú þau, sem selja gerilsneydda mjólk. N. hefir ekki viljað halda frv. óbreyttu til streitu, úr því að hlutaðeigendur hafa fallizt á þessar breyt., unz sá skilningur vaknar á þessum málum, að samkomulag verði um meginefni frv. N. væntir þess því, að frv. nái nú mótmælalaust samþykki með breyt. þessum.

**Jón Þorláksson:** Ég er því samþykkur, að frv. gangi fram með brtt. nefndarinnar.

**Jónas Jónsson:** Ég verð að lýsa hryggð minni yfir brtt. hv. n. Í frv. voru margar álitlegar uppástungur, og það er óviðkunnanlegt, að þeir menn, sem minnsta rækt hafa lagt við bætta framleiðsluhætti og ófullkomnustu áhöld hafa, skuli hafa krafizt þessarar fórnar og fengið hana. Þetta er hrapallegt, og eigi síður þótt borgarstjórinn í Rvík sé potturinn og pannan í því. Ég mun greiða atkv. gegn frv. til að sýna óánægju mína yfir þessari málsmeðferð.

**Magnús Torfason:** Ég sagði við 1. umr., að frv. byggðist á samkomulagi milli Mjólkurfél. Rvíkur og mjólkurbúanna fyrir austan fjall. Síðan hefir orðið sú breyt. á, að þessir aðilar hafa gert með sér nýjan samning, sem ætti að geta orðið undirstaða undir frekari bótum á þessu máli og sérstaklega hafa þá þýðingu, að á næstunni mun sjást, að þetta frv. verður engum til meins, jafnvel ekki mjólkurseljendum hér í bænum. Á þetta treysta þessir aðilar, og því get ég lið þessu frv. atkv. mitt út úr deildinni, þótt ekki sé hægt að neita því, að það fari þaðan lamað, og óvíst, að það verði að verulegu gagni.

**Frsm. (Jón Jónsson):** Mér þykir gott að heyra, að fulltrúar þeirra, sem þetta tekur mest til, hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Árn., skuli geta sætt sig við breyt., þótt ég taki undir það með hv. 5. landsk., að þessi meðferð á frv. sé leiðinleg. En ég efast um, að það væri til gæfu fyrir mjólkurbúin að þröngva þessu máli í gegn með mikilli andúð viðskiptamönnunum.

ATKVGR.

Brtt. 934,1 samþ. með 10:1 atkv.
— 934,2 samþ. án atkvgr.
— 901 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv. og endursent Nd. með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.**

---

Á 94. fundi í Nd., 3. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 945).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta frv. hefir orðið fyrir allmiklum breyt. frá því það fór frá okkur fyrir nokkrum dögum. Ég býst við, að hv. þdm. taki eftir því, að felldar hafa verið niður úr frv. allar greinarnar nema sú fyrsta og sú síðasta.

Ég verð að segja það, að ég tel það mjög miður farið, hver afdrif þessa frv. eru orðin, þrátt fyrir það, þó maður teldi tryggan framgang þess eftir 2. umr. í Ed. En sannleikurinn er sá, að bæjarstjórn Rvíkur hefir sett sig algerlega á móti frv. og nú fyrir nokkrum dögum samþ. mjög eindregin og svo að segja einróma andmæli gegn því, en þó að ég

sé sannfærður um, að þetta er gott mál og að frv. muni fyrr eða síðar verða að lögum í líku formi og það var afgreitt frá þessari hv. d., þá lít ég svo á, að í þetta skipti verði að láta nægja þann hálfa sigur, sem fenginn er með frv. eins og það er nú orðið. Mér er kunnugt um það, að mjólkurbúin og aðrir þeir aðilar, sem að þessu frv. standa, ætla að sætta sig við þessi málalok að sinni.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 950).

## 87. Læknishéraða- og prestakallasjóðir.

Á 8. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
**Frv. til l. um læknishéraðasjóði** (þmfrv., A. 43).

Á 10. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Vilmundur Jónsson):** Þetta frv. er svo þrautkunnugt þingheimi, að ég tel óþarft að fylgja því úr garði með ræðu að þessu sinni. Læt ég mér nægja að óska, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj atkv.

Á 60. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 1. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 43, n. 466).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Allsherjarnefnd hefir orðið ásátt um að mæla með því, að frv. þetta fái fram að ganga með dálitlum breyt., sem n. hefir gert till. um. Þó hafa tveir hv. nm. skrifað undir nál. og brtt. með fyrirvara. Það eru þeir hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. Rang., sem að sjálfsögðu gera grein fyrir sinni sérstöðu gagnvart frv. Að vísu sé ég, að hvorugur þessara hv. þm. er viðstaddur nú. Frv. þetta fer fram á það, að ef einstök héruð verða læknislaus um tíma, þá renni þau laun, er orðið hefði að greiða þjónandi lækni úr ríkissjóði, í sérstakan sjóð, sem skal vera eign þess læknishéraðs, sem læknislaust hefir verið. Skal síðan þessum sjóði varið til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins, svo sem með því að leggja fé úr sjóðnum til læknisbústaða eða annars þess, sem mest þörf er fyrir og að gagni má verða.

Allshn. fellst á meginhugsun þessa frv., að það fé, sem sparast við það, að afskekkt héruð verða læknislaus, oftast af því, að erfitt er að fá lækni til að setjast þar að við þau skilyrði, sem fyrir hendi eru, skuli notað til þess að gera héraðinu léttara fyrir að geta haft lækni eftirleiðis. Það hefir á þessu þingi orðið að veita einu læknishéraði allverulegan styrk, sem vegna fátæktar gat ekki staðið undir kostnaði af byggingu læknisbústaðar, og það er ekki ólíklegt, að slíkar styrkbeiðnir geti komið fleiri. Þess vegna hefir allshn. fallizt á það, að því fé, sem ríkissjóði sparast við það, að héruðin eru læknislaus, verði varið til þessara hluta, en n. leggur áherzlu á það, að því verði eingöngu varið héruðunum til góða, svo sem til að byggja læknisbústaði, en ekki til þess að veita starfandi læknum launauppbætur.

Hinsvegar hefir n. ekki getað fallizt á það, að þau laun yfirsetukvenna, sem spöruðust vegna þess að umdæmi væru yfirsetukonulaus, skyldi farið með á sama hátt. Sú skoðun er byggð á þeim ástæðum, að ef bæta ætti á einhvern hátt aðstöðu yfirsetukvenna í einstökum héruðum, þá yrði það ekki hægt á annan hátt en með launauppbót, en þá stefnu getur n. alls ekki fallizt á. Nefndin telur það orka mjög tvímælis, hvort frekar þyrfti að bæta kjör yfirsetukvenna í strjálbyggðum héruðum eða hinna, er hafa fjölmennari umdæmi. Starfið er svo lítið í hinum fámennu umdæmum, að þau laun, sem greidd eru nú, virðast vel viðunandi. Laun yfirsetukvenna hafa nú líka verið hækkuð fyrir skömmu, og sýnist því muni síður vera þörf breytinga í því efni, enda er n. mótfallin, að laun séu hækkuð við þessa starfsmenn eða aðra

eins og nú er ástatt. Af þessum ástæðum hefir n. lagt til með sínum brtt., að tekin verði út úr frv. öll ákvæði, er snerta yfirsetukonur, svo að frv. fjalli aðeins um læknana. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. í þetta sinn. Ég geri ráð fyrir, að þeir hv. nm., sem hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, geri grein fyrir sinni afstöðu sjálfir.

**Magnús Jónsson:** Mér þykir vænt um að heyra hv. frsm. n. lýsa því yfir, að n. sé hlynnt meginhugsun þessa frv. En meginhugsun frv. er ekki önnur en sú, að þegar eitt embætti gengur ekki út, þá eigi sú starfsgrein kröfu á hendur ríkissjóði um a. m. k. nokkurn hluta af þeirri fjárhæð, sem sparast við það, að ekki er starfað í því embætti. En ef þessi stefna er rétt, sem ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, þá hygg ég, að hún eigi ekki síður við um aðrar starfsgreinir en þá, sem hér ræðir um. Hitt er annað mál, að það er ekki alveg víst, að fé því, sem sparast á þennan hátt, sé sjálfsagt eða heppilegt að verja eins í öllum starfsgreinum. Ég get fallizt á, að heppilegasta leiðin viðvíkjandi heilbrigðismálunum sé sú, sem farin er í þessu frv. En að mér þykir svo vænt um þennan skilning hjá n., stafar af því, að ég hefi nú borið fram frv. í þessari hv. þd. um, hvernig verja skuli fé í annari starfsgrein, sem nákvæmlega eins stendur á um, en það er frv. um prestakallasjóð. Með því frv. mætti, ef að lögum yrði, ná nákvæmlega sama árangri að því er prestastéttina snertir, þó dálítið með öðru móti sé. Og nú stendur svo á, að frv. um prestakallasjóð er einmitt fyrir hv. allshn., og vonast ég því fastlega eftir því, úr því að sú hv. n. hefir fallizt á meginhugsun þessa frv., sem hér liggur fyrir, að þá muni hún einnig mæla með frv. um prestakallasjóð.

**Vilmundur Jónsson:** Ég vil þakka hv. allshn. fyrir undirtektir hennar við þetta frv., þótt hún hefði mátt afgreiða það nokkru fyrr. Ég tel það að sjálfsögðu galla á nál., að hv. n. hefir lagt til að fella niður ákvæðin um yfirsetukonurnar, þar sem það er nokkuð algengt, að víða gengur illa að hafa þau störf skipuð eins og vera ber. Þó gæti ég til samkomulags fallizt á, að niður verði felld ákvæði 3. gr. frv. um að verja megi fé úr læknishéraðasjóði til þess að greiða uppbót á laun yfirsetukvenna, og mun ég nú þegar við þessa umr. flytja skrifl. brtt. við 3. gr. um þetta.

Ástæðan til þess, að tekin voru upp í frv. ákvæði um það, að laun yfirsetukvenna í þeim umdæmum, er auð kunna að verða, falli til þessara sjóða, er sú, að það þykir bera á því, að sýslunefndir og sveitarhöfðingjar séu ekki svo duglegir sem skyldi að útvega konur til þessara starfa, og er eðlilega á það bent, að menn vilji gjarnan spara sér að greiða laun yfirsetukvennanna. Aftur á móti, ef samþ. yrði ákvæði 1. gr. frv. um þetta efni, mundu menn aldrei sjá sér beinan hag í því að hafa einstök umdæmi yfirsetukonulaus, og síður verða andvaralausir um að fá stöðurnar skipaðar. Vænti ég, að hv. þd. skilji þetta og samþ. 1. gr. frv. óbreytta, líka með tilliti til þeirrar skrifl. brtt., er ég flyt við 3. gr., um að orðin um uppbót á laun ljósmæðra falli niður.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. þm. Ísaf., við 3. gr. frv.: Orðin „til uppbótar á launum yfirsetukvenna“ falli niður.

Brtt. þessi er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því afbrigði frá þingsköpum, til þess að hún megi koma fyrir hv. d.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (A. 504) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég vildi aðeins vekja athygli hv. d. á því, að ef frv. þetta, um að leggja það fé, sem sparast ríkissjóði vegna þess að einstök læknishéruð eru læknislaus, í sérstaka sjóði handa þeim einstöku héruðum, verður samþ., þá má ganga út frá því sem vísu, að það hljóta að koma fram kröfur frá öðrum embættisgreinum um samskonar greiðslur úr ríkissjóði. Um þetta vildi ég aðvara hv. þdm. Það hefir verið mikið gert úr því í umr., hve mismunandi launakjör læknar hefðu í hinum einstöku héruðum hér á landi, og að

læknar í hinum stærri og strjálbyggðari héruðum væru miklu verr settir en aðrir læknar, en ég vil benda á það í þessu sambandi, að það ber ekki mikið á því, að það gangi illa að fá lækna í þessi héruð. En það, sem ég aðallega hefi á móti þessu frv., er það, að ég sé ekki, með hvaða sanngirni Alþingi gæti staðið á móti samskonar kröfum annara embættisgreina, ef þetta frv. verður samþ. Það er auðséð bæði á frv. og brtt., að búizt er við að nota þessa sjóði til þess að bæta launakjör lækna í einstökum héruðum, en þá virðist auðsætt, að miklu eðlilegra væri að taka launalögin að því er snertir héraðslækna til endurskoðunar. Þá væri gengið hreint til verks, en þessa aðferð kann ég ekki við og finnst hún í mesta máta undarleg og augljóst, að ef henni leiðir, að fleiri slíkar kröfur koma til Alþingis, sem það á bágt með að neita.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég skal fyrst minnast á hina skrifl. brtt. frá hv. flm. frv., þm. Ísaf., um að fella úr 3. gr. frv. ákvæðið um launauppbót til yfirsetukvenna. Ég skal játa, að frá mínu sjónarmiði verður frv. aðgengilegra með þessari brtt. heldur en það er óbreytt, en þrátt fyrir það get ég ekki látið mér nægja með þessa brtt., og mun því greiða atkv. í gegn henni, þar sem ég álít réttara, að frv. nái aðeins til læknanna, og beri því að samþykkja brtt. n. — Út af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði um það, að koma mundu fram kröfur frá öðrum embættisgreinum, ef frv. þetta yrði samþ., þá get ég fallizt á, að það muni reynast rétt. Það hefir þegar sýnt sig með frv. hv. 3. þm. Reykv. um prestakallasjóð, en ég vil taka það fram, að mér virðist þar standa öðruvísi á, og ég vil taka það fram, að frá sjónarmiði n. á alls ekki að nota þessa læknishéraðasjóði til þess að greiða af þeim persónulegar launauppbætur til lækna í vissum héruðum. N. mun vera fús á að breyta frv. í það horf, að það orki ekki tvímælis, að það eigi ekki að vera. Fyrir n. vakti það eitt að tryggja eftir föngum, að afskekkt læknishérað verði ekki læknislaus. Slíkt mun vera sjaldgæft, eins og hæstv. dómsmrh. tók fram. En það var alls ekki hugmynd n. að verja fénu til launauppbótar lækna. Ég vil taka það skýrt fram, að það var sameiginlegt álit n. hvað þetta snertir.

Ég er ekki svo lögfróður, að ég vilji þræta um það, hvort þurfi að breyta frv. til þess að þetta sé nógu skýrt. En n. er fús til allra breytinga í því efni.

Ég ætla ekki að fara að tala við hv. 3. þm. Reykv. um það frv. hans, sem ekki er komið frá n. En ég vil taka það fram út af orðum hv. þm., að það frv. er nokkuð annars eðlis, af því að þeim prestaköllum, sem prestslaus eru, er ekki ætlað að njóta þess fjár, sem hér um ræðir, heldur á stéttin í heild að njóta sjóða þessara og ráðstafa þeim. Kirkjuráðið getur farið með það eins og því sýnist, aðeins ef fénu á einhvern hátt er varið til kirkjulegrar starfsemi. Í þessu tvennu er fólginn meginmunur um tilgang þessara sjóða. Í frv., sem nú er til umr., eru það héruðin ein, sem eiga að geta notið fjárins. Annars er allshn. ekki búið að afgreiða þetta frv. hv. þm. um prestakallasjóð ennþá, og er því ekki beinlínis ástæða til að blanda því hér inn í umr.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Í þessum brtt., sem fyrir liggja, segir svo, að fé læknishéraðasjóða skuli varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna. Ég get ekki séð, að það sé neitt meðal eins gott til að gera læknishéruðin eftirsóknarverð eins og að hækka launin. Það er auðvitað fleira, sem gerir þau eftirsóknarverð, en fyrir flestum læknum mun launahækkun vera aðalatriðið. Ég er ekki í efa um, að eins og þessi brtt. er orðuð, þá felur hún í sér heimild til þess að hækka laun viðkomandi lækna. Það er sagt, að þetta eigi að vera til þess að hvetja menn til þess að sækja um embættin. En ég efast um, að það sé nokkuð til að hvetja menn til að sækja, þó ríkið hafi borgað læknisbústaðinn. Læknunum er alveg sama, hvort það er ríkið eða læknishéruðin, sem borga. Það er heldur ekki svo, að það opinbera hafi látið læknishéruðin ein um borg-

unina. Ríkissjóður hefir borgað ⅓ og stundum meira af öllum þessum kostnaði. Ég efast um, að það sé sanngjarnt að heimta, að ríkissjóður hlaupi þarna undir bagga. Ég lít á þetta frv. sem stéttarýtni frá hv. þm. Ísaf., og ekki annað. Mér dettur ekki í hug að ámæla honum fyrir það, þó hann vilji hlynna að sinni stétt. En það verður að gæta að því, að það er ekki hægt að taka eina stétt út úr. Það verður að hugsa um aðrar stéttir á sama hátt.

**Magnús Jónsson:** Sú nánari skilgreining, sem hv. frsm. n. gaf á því, hvað vakað hafði fyrir n. með því að mæla með þessu frv., mælir einnig með því, að n. afgreiði mitt frv. á sínum tíma á líkan hátt. Hugsunin í þessu frv. er ekki sú, að verja fénu til launauppbótar þeirra lækna, sem hlut eiga að máli, og í frv. um prestakallasjóð er alveg sama hugsunin. En það, að féð eigi ekki að renna til þeirra einstöku héraða, sem hlut eiga að máli, stafar af mismunandi starfsháttum. Það á að verja þessu fé í þágu læknastéttarinnar, og þá liggur undir eins opið fyrir það mál, sem hún þarf að leysa, að koma upp sjúkraskýlum. En hér liggur annað fyrir.

Þingið hefir með löggjöf sett á fót kirkjuráð, sem ekki getur vansalaust heitið að skilja þannig við, að það hafi ekkert fé til að vinna með.

Ef sparað er á einhvern hátt fé, sem annars er ætlað til kirkjunnar, þá er það hliðstætt að láta það bæta úr þeirri mest aðkallandi þörf á því sviði, eins og hér um læknastéttina. Ég segi þetta undir mikilli þolinmæði og mildi hæstv. forseta, þar sem ég að nokkru leyti er að tala um annað mál en það, sem fyrir liggur nú. Ég mun greiða atkv. með þessu frv., í þeirri von, að n. afgreiði hitt málið sem fljótast. Það er nú búið að liggja alllengi í n., og ég vona, að n. sýni því sömu sanngirni og velvild eins og þessu máli.

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég skal ekki lengja mjög umr. Hæstv. ráðh. (MG) heldur því fram, sem ég skal ekki þræta við hann um, að leggja megi þann skilning í 3. gr. frv., að hægt sé að nota fé læknishéraðasjóða til uppbótar á launum lækna. Ég vil því fús bera fram brtt. við 3. umr., til þess að þetta verði fyrirbyggt, með því að bæta við gr. t. d. því: Þó má aldrei nota fé læknishéraðasjóða til uppbótar á launum lækna. Eins og ég hefi þegar tekið fram, þá er það einungis með það fyrir augum, að n. hefir fylgt frv., að féð verði notað héruðunum sjálfum til framdráttar.

Það getur verið, að læknum sé sama, hvort það er ríkið eða héruðin, sem hafa byggt læknisbústaðina. En hæstv. ráðh. hlýtur þó að sjá, að ef eitthvert hérað á tilkall til fjár úr sérstökum sjóði, þá getur það byggt betur, eða að öðrum kosti að minna kemur á héruðin sjálf af byggingarkostnaðinum. Hugsanlegt er og, að byggt yrði smásjúkraskýli, sem eru mjög nauðsynleg, og ekki sízt í afskekktum héruðum, þar sem erfitt er að koma sjúklingum burt um langan veg og torfarinn.

Á ýmsa fleiri vegu má og nota fé þetta til þess að koma heilbrigðismálum héraðanna í betra horf, án þess að um nokkrar launabætur til læknanna verði að ræða. En aðstaða læknanna verður að öllu leyti betri. Ég get því ekki fallizt á þá röksemd, að þetta geti ekki haft mjög mikil áhrif og gert gagn afskekktum og fátækum læknishéruðum, að fá að njóta þess fjár, sem slíkum sjóðum kynni að áskotnast.

Ég ætla ekki að fara að ræða við hv. 3. þm. Reykv. um prestakallasjóði, því vonandi kemur það mál fljótlega fyrir d. En ég vil taka það fram aftur, að ég álít, að það frv. eins og það er nú sé annars eðlis en það frv., sem fyrir liggur hér til afgreiðslu, því í öðru tilfellinu eru það héruðin ein, sem eiga að njóta fjárins, en í hinu tilfellinu stéttin sameiginlega. Og það er allmikill munur þar á.

**Vilmundur Jónsson:** Ég get lýst því yfir sem flm. þessa frv., að það hefir aldrei verið hugsun mín, að það fé, sem dregið yrði saman í þessa sjóði, yrði notað til uppbótar á launum lækna. Hinsvegar hefi ég gert ráð fyrir því, eins og hv. frsm. tók fram, að hægt sé að gera héruðin eftirsóknarverð á ýmsan annan hátt en þann, að hækka launin beinlínis, eins og t. d. með því að veita læknunum

betra húsnæði, sem getur orðið til þess að bæta starfsskilyrði þeirra, með því að koma upp handa þeim sjúkraskýlum o. s. frv. Einnig mætti kaupa ýmiskonar verkfæri handa héruðunum, sem er dýrt fyrir fátæka lækna að afla sér, svo sem smásjá og fleira annað. Þá mætti gera læknum auðveldari ferðalög, t. d. með því að héruðin eignist mótorbát eða bíl, eftir því hvað betur kynni að henta vegna staðhátta.

Ég vona, að andmæli hæstv. ráðh. verði ekki til þess að hræða hv. þdm. frá að greiða atkv. með þessu frv. Ég fyrir mitt leyti mun ekki — og síður en svo — setja mig upp á móti því, ef nauðsynlegt þykir, að taka greinilegar fram í frv. en gert er, að ekki megi nota þetta fé til persónulegrar launauppbótar handa viðkomandi læknum.

Ég hefi skrifað hér upp hjá mér 4 læknishéruð, sem alltaf geta átt á hættu að standa læknislaus. Það eru Reykjarfjarðarhérað í Strandasýslu, Flateyjarhérað á Breiðafirði, Hesteyrarhérað í Ísafjarðarsýslu og Reykhólahérað í Barðastrandarsýslu, og kunna þau að vera fleiri. Það er alltaf undir hælinn lagt, að hægt sé að fá lækna í þessi héruð, svo lítil og lítilfjörleg eru þau.

Nú hefir Reykjarfjarðarhérað komið sér upp dýrum læknisbústað, sem erfitt er að standa straum af, jafnvel þó að læknir sé í héraðinu, hvað þá ef að því kæmi, að það fengi engan lækni.

Í Flateyjarhéraði er enginn læknisbústaður. Þar er einhleypur maður nú um sinn, en verður varla lengi. Það væri frágangssök fyrir fjölskyldumann að sækja þangað vegna húsnæðisleysisins, en möguleikarnir litlir til að bæta úr því. Hesteyrarhérað hefir nýlega keypt gott hús til læknisbústaðar. Er nýbúið að slá því héraði upp, en ég veit ekki, hvort nokkur hefir sótt þangað. Það má geta nærri, hve erfitt það yrði fyrir héraðið, sem er einir tveir fámennir og fátækir hreppar, að sitja uppi með tómt húsið, ef enginn læknir fæst þangað. Þá er Reykhólahérað með hinn dýra læknisbústað sinn. Þar er nú einhleypur læknir, sem ekki er hægt að heimta af mikla húsaleigu, með því að hann hefir ekki húsnæðisins þörf. Svo illa er héraðið stætt af þessum sökum, að það hefir orðið að sækja til þingsins, og hefir því verið gerð nokkur úrlausn, ef ég man rétt.

Verkefni sjóðanna er, eins og hv. þdm. sjá, yfrið nóg. Það er meginhugsun frv., að fé, sem dregið yrði saman í þessa sjóði, verði fyrst og fremst notað til þess að koma upp læknisbústöðum í héruðum, sem svona illa eru stæð, og að létta undir með rekstri þeirra, sem fyrir eru.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Hv. frsm. viðurkenndi, að gr. á þskj. 466 gæti skilizt eins og ég hélt fram, og þarf ég því ekki að fara út í það. En út af ræðu hv. þm. Ísaf. vil ég benda á, að það er alltaf verið að kvarta yfir því, hvað margir læknar taka próf hér árlega. Ég get því ekki séð, að nú á tímum sé nokkur hætta á því, að héruð verði læknislaus, enda hefir ekki, að því er ég bezt veit, borið neitt á því. Hv. þm. nefndi 4 læknishéruð, þar sem þetta gæti alltaf komið fyrir. Og ég skal náttúrlega viðurkenna, að þetta getur alltaf átt sér stað, en nærri liggur sú hætta ekki. Bíla- eða mótorbátakaup í þessu skyni skoða ég fjarstæðu, sem ekki tekur að ræða um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 3. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 43, n. 466, 504).

ATKVGR.

Brtt. 466,1 samþ. með 12:5 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 504 tekin aftur.

— 466,2 (ný 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 66. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 521, 525).

**Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég vil geta þess, vegna ágreinings, sem varð við 2. umr. frv. um það, hvort skilja bæri

frv. svo, að læknishéraðasjóðum mætti verja til persónulegra launabóta til lækna í viðkomandi héruðum, að þá hefi ég leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 525, sem tekur af allan vafa í því efni, ef samþ. verður, um að slíkt sé ekki heimilt.

ATKVGR.
Brtt. 525 samþ. með 17:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 65. fundi í Ed., 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 561).

Á 66. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 561, n. 872).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

**Frsm. (Jónas Jónsson):** Nefndin hefir komið sér saman um að mæla með því, að þetta frv. megi fram ganga óbreytt. Efni þess er, að tryggður verði sjóður til handa læknishéruðum, og eiga að renna í hann þær upphæðir, sem stundum sparast ríkissjóði við það, að hann þarf ekki að greiða fyrir fulla læknisþjónustu. Það er gert ráð fyrir, að þessu fé, sem sjaldan mun vera stórar upphæðir, verði varið til eflingar heilbrigðismála í viðkomandi héraði. Nefndin hefir sem sagt orðið ásátt um að fylgja frv., og leyfi ég mér fyrir hennar hönd að leggja til, að það verði samþ.

**Magnús Torfason:** Þetta er nú ekki stórt frv. — en það er þáttur af þeirri öldu, sem virðist ganga yfir nú um stundir, og gengur helzt út á það að kroppa sem hægt er af ríkissjóði. Þetta frv. hefir í sjálfu sér ekki mikla hættu í för með sér, því að flest læknishéruð munu nú vera veitt, og er það ekki síður til að tryggja, að ég átti nýskeð tal við einn af prófessorum læknadeildar háskólans, sem sagði mér, að 7 ungir menn væru nú að taka embættispróf, svo að ekki virðist mikil hætta á, að læknahörgull verði. En fyrirvarinn, sem við nm. höfum, er til þess að áskilja okkur rétt á óbundnu atkv. við 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

---

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 561, 921).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu brtt. 921. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

**Guðrún Lárusdóttir:** Ég get verið fáorð um þessa brtt. Það, sem vakir fyrir flm., er gott, sem sé það, að peningar, sem ekki þarf að nota til að launa prestum, þar sem ekki eru þjónandi prestar að svo stöddu, geti gengið til kirkjuráðs, til þess að það geti annazt þá starfsemi, sem gert er ráð fyrir í þaraðlútandi l. Kirkjuráð hefir margt að starfa, en það er erfitt að starfa með tvær hendur tómar. Væri kirkjuráð mun betur sett, ef það fengi þetta fé til umráða. Um aukaútlát úr ríkissjóði er ekki að ræða. Vona ég, að hv. dm. ljái till. þessari atkv. sitt í sambandi við frv. það, er hér liggur fyrir um læknishéraðasjóði og mér sýnist öll sanngirni mæla með.

ATKVGR.
Brtt. 921,1 samþ. með 9:3 atkv.
— 921,2 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv. og endursent Nd., með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um læknishéraða- og prestakallasjóði.**

---

Á 92. fundi í Nd., 2. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 941).

Á 94. fundi í Nd., 3. júní, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 951).

## 88. Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. JJós).

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi** (þmfrv., A. 707).

Á 77. fundi í Nd., 18. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 19. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18:1 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að frv. um þetta sama efni, tilslakanir við gildandi l. um dragnótaveiðar í landhelgi, var fyrir þinginu í byrjun þess, og var þá fellt. Nú er svo ákveðið í þingsköpum, bæði um frv. og till., sem felldar hafa verið, að þær má ekki bera aftur fram á því sama þingi. Og mér finnst svo mikill skyldleiki með frv. um þetta efni, sem fellt var á öndverðu þinginu, og því, sem nú liggur hér fyrir, að mér finnst það ótvírætt koma undir þetta ákvæði þingskapanna. Þó að reynt sé að haga orðalaginu nokkuð á annan veg í þessu nýja frv., er efnisbreytingin svo óveruleg, að telja má þetta sama frv. Munurinn á þeim er svo lítill, að ég tel hann alls ekki réttlæta það, sem ég tel vera að ganga á snið við þingsköpin, með því að taka málið nú fyrir. Ég vildi vekja athygli hæstv. forseta á þessu nú þegar, ætlaði að fá að gera það áður en leitað var afbrigða hjá hv. d. um það, hvort mál þetta mætti nú koma fyrir, og hefðu hv. dm. þá sennilega ekki rétt upp hendina til þess að hleypa málinu að. Ég vænti svo, að þessar aths. mínar gefi hæstv. forseta tilefni til þess að kveða upp úrskurð um það, að mál þetta geti ekki komið fyrir á þessu þingi, eins og nú er í pottinn búið.

**Forseti (JörB)**: Hv. þm. Borgf. hefir vikið að ákvæði því, er felst í 28. gr. þingskapanna, um að frv. eða till., sem önnurhvor d. hafi fellt, megi ekki bera aftur fram á því sama þingi. Þetta ákvæði er sett til þess að varna því, að samskonar frv., í öllum aðalatriðum eins, séu borin fram oftar en einu sinni á sama þinginu. Hvað þetta frv. snertir, þá verður því ekki á móti mælt, að það fjallar um ámóta efni og frv. það, sem borið var fram af ríkisstj. í byrjun þingsins og þá fellt. Þó er efnismunur þessara frv. allverulegur. Í fyrra frv. voru undanþáguheimildirnar miklu víðtækari, þar sem stj. var gefin heimild til að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi allt að 2 mánuðum lengur en annars mátti samkv. l. Þó átti þetta leyfi aðeins að gilda um eins árs bil. Hinsvegar er heimildin í þessu frv. allstaðbundin. Ákvæði 1. gr. taka til aðeins vissan tíma af árinu, og annan en þann, sem var tiltekinn í frv. stj. Og sú undanþága, sem hér er farið fram á, gildir ekki nema um nokkurn hluta landhelginnar, eða svæðið frá Hjörleifshöfða að Látrabjargi. Efnismunur frv. er þannig svo mikill, að ég mun ekki treysta mér til þess að vísa því frv., er nú hefir verið flutt, frá. Úrskurður minn er því sá, að málið megi koma hér til meðferðar. (**PO**: Má ég ekki gefa nokkrar frekari upplýsingar?). Jú, sjálfsagt. Ég er hv. þm. Borgf. þakklátur fyrir allar hans upplýsingar.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég ætlaði aðeins að segja nokkur orð viðvíkjandi úrskurði hæstv. forseta. Mér skildist það svo, að hann ætlaði að fresta sínum fullnaðarúrskurði þar til ég hefði gefið þær upplýsingar, sem hann leyfði mér að gefa, og mun ég nú nota mér þetta frjálslyndi hans.

Hæstv. forseti viðurkenndi, að það væri rétt skýrt frá af minni hendi, að hér væri um skyld mál að ræða og frv. væru í aðalatriðunum eins. Hann tók það raunar fram, að heimildin í stjfrv. sálaða hefði

verið viðtækari en sú, sem nú er farið fram á. Í stjfrv. var nefnilega farið fram á heimild handa stj. til að leyfa veiðar um tveggja mánaða tíma á vissum svæðum í landhelginni umhverfis allt land. En ég vil benda hæstv. forseta á það, að þessi heimild er talsvert takmörkuð af 8. gr. l. Það er því engin skýlaus heimild, ef ríkisstj. vill taka tillit til þeirra aðilja, sem þarna eiga að leggja til málanna. Í 8. gr. er svo fyrir mælt, að berist stj. áskoranir um að loka einhverjum svæðum, sem annars má stunda dragnótaveiðar á, einhvern vissan tíma árs, á hún að bera það mál undir viðkomandi hreppsnefndir og stj. Fiskifélags Íslands, og eftir áliti þessara aðilja fer það, hvort stj. verður við áskorununum um að loka svæðinu fyrir þessum veiðum. Og í 2. gr. hins sálaða stjfrv. stendur, að með sama hætti megi stj. opna lokuð svæði fyrir þessum veiðum. Þessi heimild er því hreint ekki eins viðtæk og hæstv. forseti áleit, og er þar ein veigamesta röksemdin í forsendunum að úrskurði hæstv. forseta úr gildi fallin. — Samkv. þessu nýja frv. eiga eldri lagaákvæði um dragnótaveiðar í landhelgi, l. frá 1928, að gilda óröskuð annarsstaðar en á svæðinu frá Hjörleifshöfða að Látrabjargi. En þar er líka allt flennt upp á gátt. Svo í rauninni er þessi heimild alls ekki þröng.

Ég sé ekki, hvernig því verður á móti mælt, að aðalatriðin í frv. því, sem nú er komið fram, séu þau sömu og í frv. stj., sem var fellt á öndverðu þinginu. Ég vildi ekki láta hjá líða að gera rækilega tilraun til að sýna hæstv. forseta fram á, að það er verið að fara í kringum þingsköpin, ef þetta mál fær nú að koma hér fyrir. Ég skal svo ekki þreyta þolinmæli hæstv. forseta lengur, og þakka honum fyrir, að hann hefir gefið mér þetta tækifæri. Ég vænti, að ég hafi vakið hjá honum nýja athugun á málinu undir úrslitaúrskurð hans, hvort þetta mál eigi nú að koma hér fyrir í annað sinn.

**Forseti (JörB):** Ég hefi þegar látið fullgreinilega í ljós mína skoðun á þessu máli, en hv. þm. Borgf. vill ekki skoða síðustu orð mín sem úrskurð, og mun það hafa verið af því, að hann fann, að þau voru á aðra leið en hann hefði óskað. Hv. þm. hefir misskilið mig, þar sem hann sagði, að ég áliti, að þessi mál greindi ekki mikið á. Ég sagði, að þau greindi á í verulegum atriðum. Misskilningur hans stafar af því, að 2. gr. bráðabirgðal. er ekki eins og hann vildi setja hana fram. 8. gr. l. er þannig:

„Nú berst atvinnumálaráðuneytinu krafa um frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en í 1. gr. segir, og skal því þá heimilt að setja ákvæði um það, en leita skal ráðuneytið þó, áður en ákvörðun er tekin í málinu, álits hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifélags Íslands".

2. gr. frv. þess, er fellt var, felur í sér heimild fyrir ráðuneytið að leyfa dragnótaveiðar í allt að 2 mán. ár hvert innan landhelgi meðfram einstökum lögsagnarumdæmum, en þó aðeins í ár í senn. M. ö. o., ef óskir koma frá einhverjum að leyfa rýmkun á veiðileyfinu, þá skal ráðuneytið leita álits hlutaðeigandi hreppsnefnda áður en ákvörðun er tekin. Má því segja, að hér sé frekar um heimildarl. að ræða en beint lagaboð. En samkv. frv., ef það verður samþ., þá eru þar skýlaus lagaboð. Á þessu tvennu er allmikill munur.

Úrskurður sá, sem ég gaf áðan um þetta efni, stendur því óhaggaður.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Ég skal reyna að vera stuttorður og get það líka, vegna þess að í grg. er það skýrt tekið fram, hvað haft er fyrir augum með því að fara fram á að fá þessum l. breytt, þrátt fyrir það, að fellt hafi verið frv., sem gekk í svipaða átt.

Það hefir verið hamrað mjög á því, að þeir, sem stunduðu þessa veiði síðastl. sumar, hafi haft minna upp úr henni en búizt var við, og þetta er að mörgu leyti satt. Samt má heita undarlegt, þar sem 22 þm. í lok síðasta þings skoruðu á stj. að gefa út bráðabirgðal. um þetta efni, að frv. skyldi verða fellt. En það var ekki fyrir annað en öfgar og ofsa af hálfu þeirra manna, sem sjá rautt, hvenær sem hreyfa á við þessari löggjöf um dragnótaveiðina, þó að það sé þýðingarmikið atriði til atvinnubóta fyrir stóran hóp sjómanna. Og hv. þm. Borgf. reyndi nú að síðustu að koma í veg fyrir, að frv. fengi

áheyrn hjá d., og það með þeim rökum, sem mig furðar á, að jafnskýr maður skuli leyfa sér að bera fram, því að þetta frv. er allt annars eðlis en bráðabirgðal., sem voru sett í fyrra.

Nú er það vitanlegt, að í sumar getur ekki orðið verulegt gagn af dragnótaveiðinni, nema menn fái aðgang að vissum markaði, en það er vitanlegt, að ekki er leggjandi út í það sökum hita, að senda fiskinn út um hásumartímann. Nú hefir verið reist stofnun í Rvík, sænsk-íslenzka frystihúsið, og frá öndverðu hafa menn haft það í huga, að með því skapaðist markaður fyrir nokkurn hluta af fiski þeim, sem hér er veiddur, og yrði þannig mikil lyftistöng fyrir sjávarútveginn. Þessar vonir hefðu áreiðanlega rætzt, ef ekki hefði verið með óheppilegum lagaákvæðum tálmað starfsemi þessarar stofnunar.

Í fyrra gerði frystihúsið sína fyrstu tilraun að hraðfrysta fisk og koma honum á erlendan markað. Hann hefir undanfarin ár átt örðugt uppdráttar í samkeppninni við ísfisk. En eins og sagt er í bréfi, sem prentað er með þessu frv. á þskj. 707, þá lítur nú út fyrir, að sænska frystihúsið geti nú fengið góðan markað fyrir fisk. Í bréfi þessu, sem er frá sænska frystihúsinu til atvmrn., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilraunir vorar síðastl. ár við að fá markað fyrir flakaðan frosinn þorsk, rauðsprettu og sólkola, hafa borið svo góðan árangur, að vér höfum í ár ákveðið að kaupa 700 tonn af þorski, 500 tonn af rauðsprettu, 100 tonn af sólkola og 100 tonn af lúðu til frystingar og útflutnings".

Þá er þess ennfremur getið, að þrátt fyrir auglýsingar og eftirgangsmuni við sjómenn hafi frystihúsinu ekki tekizt að gera samninga um viðskipti við einn einasta bát, vegna þess að ekki er útlit fyrir, að þessi veiði geti borgað sig, ef ekki er leyft að fiska innan landhelginnar. Hinsvegar er það vitað, að ef það er leyft, þá er hér sumarstarf fyrir 25—30 vélbáta.

Ég veit það úr öllum áttum, að ekki er ofsögum sagt af þessum góða árangri frystihússins að hraðfrysta flakaðan þorsk og kola.

Blaðið „Canadian Fishing News" getur þess, að Íslendingar hafi verið að gera merkilegar tilraunir með hraðfrystingu á kola og þorski og þar sé í uppsiglingu nýtt „industri" í þessum efnum. Í blaðinu er þess getið um leið, að þessi fiskur hafi átt örðugt uppdráttar í Evrópu, af því að þar hafi ísaður fiskur hamlað útbreiðslu hraðfrysts fiskjar, en í Ameríku hafi gengið greiðlega að ná föstum tökum á þessum markaði.

Þá skal ég taka það fram, að ég ætla ekki að fara að deila við hv. þm. Borgf. um þetta mál. Ég veit, að hann hefir setið með sveittan skallann í dag að semja andmælaræðu gegn frv. Ég mun ekki heldur deila við aðra hv. þdm. um það, hvort dragnótaveiðar séu yfirleitt til ábata eða skaða fyrir fiskiveiðarnar. Það efni er svo þrautrætt, og hv. þm. Borgf. er búinn að halda margar og óþarfar ræður um það. Ég vil aðeins benda á það, að þegar svo að segja allt þykir gerandi til þess að ráða bót á vandræðum yfirstandandi tíma, hvort ekki sé takandi í mál að sjá 2—3 tugum vélbáta fyrir góðri sumaratvinnu með því að rýmka til um dragnótaveiðilöggjöfina, eins og farið er fram á í þessu frv.

Ég skal upplýsa það, af því að hv. þm. Borgf. var að tala um, hver væri faðir að þessu frv., að ég hefi búið það til einn. Í frv. er lagt til, að rýmkað sé til á takmörkuðu svæði, sem sé frá Hjörleifshöfða til Látrabjargs. Ég vil taka það fram, að úr þessu féllu orðin „vestur um", því að meiningin er, að þetta sé svæðið frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs. Er þá markaðsstaðurinn nálægt því að vera miðsvæðis á veiðisvæðinu.

Mér hefði ekki komið í hug að fitja nú upp á þessu, ef sú örugga vissa væri ekki fyrir hendi, að öruggur og ábyggilegur kaupandi sé að miklu magni af þessum fiski, eða eins og segir í bréfinu 1400 tonnum. Verðið er miklu hærra en boðið var í fyrra, og útgerðarmenn í Keflavík, sem hringdu til mín nú fyrir nokkrum dögum, sögðu, að jafnvel með þeirri veiði, sem þeir báru úr býtum í fyrra, hefði sú útgerð borgað sig vel, ef verðið hefði þá verið eins hátt og nú er boðið.

Ég hefi þá tekið fram helztu ástæð-

urnar fyrir því, að þetta frv. er borið fram, og skal ekki þreyta hv. d. með lengri ræðu. Ég veit, að hv. þm. Borgf. er að springa af óþolinmæði að komast að með sína ræðu, og ég mun lofa honum að tala svo mikið sem hann vill, ef hv. d. vill finna sig í því að beita hér málþófi. (**PO:** Ætlar hv. þm. að gefast upp fyrirfram?). Ég ætla ekki að gefast upp. Mér segir svo hugur um, að hann vinni ekki á því að bregða fæti fyrir þetta mál nú.

Ég vona svo, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og sjútvn.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég hefði getað sparað mér að ýmsu leyti umr. um þetta mál nú, hefði ekki hv. flm. þess sagt í ræðu sinni í gær, að þeir menn, sem stæðu á móti frv., hefðu ekkert annað til brunns að bera en ofsa og öfgar. Hv. þm. sagði á þá leið, að þetta væri það eina, sem andstæðingar dragnótaveiðanna í landhelgi hefðu lagt af mörkum við meðferð málsins á undanförnum þingum, og hefði afstaða þingsins mótazt af þeirri framkomu. Þessi orð gefa mér tilefni til þess að endurtaka ýmislegt af þeim rökum, sem ég áður hefi fært fram gegn þessu máli.

Það er öllum vitanlegt, að hér er um mikið alvörumál að ræða, og mér finnast ómakleg og í alla staði illa við eigandi ummæli hv. flm. um þá menn, sem finna til skyldu sinnar gagnvart þjóðinni um það, að vera á verði gegn öðrum eins voða og felst í tilslökunum á l. um dragnótaveiðar í landhelgi. Hv. flm. lýsti því yfir, að hann ætlaði sér ekki að deila við mig eða neinn annan um það, hvort ábati eða skaði væri að dragnótaveiðum þeim, er hann vill leyfa í okkar friðlýstu landhelgi. Þetta þykir mér undarleg yfirlýsing þegar í upphafi. Alþ. hefir að undanförnu, og nú síðast í byrjun þessa þings, látið þá skoðun sína ótvírætt í ljós, að það teldi hættuna á skaðanum vega meira en vonina um ábatann. En það er í hæsta máta óþinglegur málaflutningur að ætla sér að ganga framhjá þeim rökum, sem færð verða gegn málinu hér í þingsalnum, og lýsa því yfir fyrirfram, að þau muni að engu höfð. Framkoma þessa frv. nú og undirbúningur þess hafa verið einkennileg á marga lund, og með þessari yfirlýsingu hv. flm. bætist enn eitt undarlegt atriði í málsmeðferðina. Fyrst og fremst er búið að fella alveg samskonar mál áður á þinginu, og með þeirri afgreiðslu hefir það þing, er nú situr, lýst yfir vilja sínum til þess að sporna við þeirri eyðileggingu á okkar dýrmætu fiskimiðum, sem samþykkt frv. hefði í för með sér. Alþ. hefir með þessari afstöðu komið í veg fyrir, að þessi veiðiaðferð, sem drepur allt kvikt og þá sér í lagi ungviði fiskjarins, verði notuð í landhelgi okkar, nema mjög svo takmarkað, og þar að auki hafa héraðsstj. vald til þess að þanna slíkt alveg, hver í sínu umdæmi. Og það er full ástæða til þess að ætla, að Alþ. láti sitja við núgildandi l. um þetta efni um lengri tíma. Hæstv. stj. lét fyrir ánauð nokkurra manna tilleiðast til þess að slaka á þessari löggjöf um stund, en fyrir það hefir nú hæstv. stj. fengið þá áminningu, sem stj. eiga að fá, þegar þær haga sér á annan veg en meiri hl. þingsins mundi kjósa, þar sem bráðabirgðal. stj. voru felld. Landhelgin er uppeldisstöð ungfiskjarins, og landið leggur árlega fram stórfé til að verja þessar uppeldisstöðvar, og landsmenn sjá ekki eftir því fé, sem varið er til landhelgisgæzlunnar. Þeir vita, hvað mikið er í húfi fyrir annan aðalatvinnuveg okkar, sjávarútveginn, sé landhelginnar ekki gætt stranglega. Þetta svæði er friðað bæði fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum, og hlutverk landhelgisgæzlunnar er að sporna við þeirri tortímingu á ungviði fiskjarins, sem þessar veiðiaðferðir mundu valda. Þetta er það höfuðatriði, sem alltaf hefir verið lagt til grundvallar fyrir afgreiðslu Alþ. á málinu, þeirri, að veita aldrei neinar tilslakanir í þessu efni. — Eiginlega ætti ég nú að endurtaka það, sem af er þessari ræðu minni, þar sem ég sé, að hv. flm. var nú að koma inn í þingsalinn, og hann á sannarlega ýmislegt ónumið í sambandi við þetta mál. Hann á að vera fulltrúi sjómanna og sjávarútvegskjördæmis, og vill þó fyrir vafasaman stundargróða fórna hagsmunum íslenzkra sjómanna í framtíðinni. Aftur á

móti vakir það fyrir mér, að framtíð fiskiveiðanna sé sem bezt tryggð, að sá varasjóður, sem landið á í djúpum sjávarins, verði verndaður eftir því, sem föng eru til, og ekki sé verið að gera óþarfa gyllingar til þess að rányrkjunni sé leyfð innreið í friðlýsta landhelgina. Það mundi koma landsmönnum í koll í framtíðinni.

Þeir, sem æstastir eru í að fá leyfi löggjafarsamkomunnar til þess að rótu öllu upp í landhelginni, tala sífellt um þann hagnað, sem af því muni verða. Ég játa það, að meðan verið væri að eyðileggja fiskimiðin, gæti orðið dálítill hagnaður að þessari veiðiaðferð. En slík röksemdafærsla er óendanlega heimskuleg, sökum þess, hvað hún opinberar mikla grunnfærni og skammsýni. Alþ. hefir líka alltaf haft vit fyrir þessum mönnum og tekið framtíðarhagsmunina fram yfir augnablikshagsmuni. En ég gæti vel trúað því, að þessi röksemd yrði notuð áður en langt um líður í því augnamiði að fá leyfðar botnvörpuveiðar í landhelgi. Hví ættu ekki eins að geta orðið stundarhagsmunir að því að leyfa botnvörpuveiðar í landhelginni? En enginn af þeim mönnum, sem í sífellu eru að reyna að setja göt á ráðstafanir Alþingis gegn dragnótaveiðunum, hefir dirfzt að koma með slíka uppástungu. Og þó hér sé að ræða um víðtækari tilslakanir, þá er það álit sjómanna, að dragnótaveiðar spilli ekki síður fiskimiðum en botnvörpuveiðar. Það var notað sem beita fyrir stj. á síðastl. ári, þegar hún var fengin til þess að gefa út bráðabirgðal., að þær ráðstafanir væru nauðsynlegar og hagnaður margra landsmanna við þær bundinn. En reynslan síðastl. ár sýndi talsvert aðra útkomu. Niðurstaðan af dragnótaútgerðinni hér nærlendis varð sú, að allir töpuðu á henni. Af þessu leiddi þannig tvöfalt tap, — tap fyrir útgerðarmennina og tap fyrir þjóðina alla af spilltum fiskimiðum.

Ég hefi nú gert grein fyrir því fyrsta, sem undarlegt er í flutningi þessa máls, nefnilega, að það skuli vera borið fram eftir að samskonar mál hefir verið fellt áður á þinginu, en flm. hefir notað sér frjálslyndi hæstv. forseta. Ég er ekki að áfellast hæstv. forseta fyrir að hafa leyft þessu máli að koma fyrir; ég veit, að hann gerir það af því, að hann telur það réttmætt. En þá kemur sú spurning: Hvernig stendur á því, að þetta mál er fram komið? Ekki er það að tilhlutun ríkisstj. Hún lætur sér sennilega nægja þá áminningu, sem hún fékk í byrjun þessa þings. Ekki er það heldur nein n. eða hópur þm., sem flytur frv. Það eru ekki íslenzkir sjómenn, sem standa að flutningi þessa máls, því að eftir að málið kom fyrst fram, hefir ekki heyrzt ein einasta rödd frá sjómönnum, hvorki á fundum þeirra né í blöðum, og ekki hefir þinginu borizt nein áskorun um að taka það upp aftur. Nei, málið er ekki komið inn í þingið fyrir þeirra tilmæli. Það er einn einasti þm., hv. þm. Vestm., sem hefir óskað eftir, að þetta mál yrði tekið fyrir, og eftir því, sem sjá má af frv., þá er það eftir beiðni sænsks frystihússtjóra hér í bæ. Málið er því hér fram komið, eftir því, sem hér liggur fyrir, frá honum. A. m. k. liggur opinberlega ekkert fyrir um það, að það sé komið fram frá öðrum.

Þetta frystihús hefir dálítið fengizt við kaup á fiski, en þó miklu minna en menn gerðu sér vonir um í fyrstu. Ég get ekki komið auga á annað en að þessi útlendi maður eigi einn þátt á því, að þetta frv. er borið fram að nýju. Eins og sjá má í grg., er prentað bréf frá þessum manni. Reyndar hefir hv. þm. ekki haft næga hreinskilni til þess að prenta nafnið undir bréfið, svo að ég hefi orðið að fara aðrar leiðir til þess að hafa upp á, hver þessi maður er. Ég gat auðvitað haft upp á honum, enda þótt hv. flm. sæi ekki ástæðu til að láta nafns hans getið. Þessi maður hefir snúið sér til stj., og ég ætla nú, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp niðurlag bréfsins. Þar segir (ég tek vitanlega enga ábyrgð á þýðingunni, því að ég býst við, að bréfið hafi upphaflega verið ritað á sænsku):

„Þar sem svo virðist, að brýn nauðsyn sé til að bæta úr ríkjandi atvinnuleysi, og ekki sízt þegar hægt er að gera það á þann hátt að auka framleiðslu landsins til útflutnings fyrir mjög viðunandi verð, leyfum vér oss að skora á hið virðulega atvmrn. að neyta allra ráða til þess að opna möguleika fyrir því, að dragnótaveiði verði leyfð í landhelgi einnig yfir sumartímann“.

Hæstv. stj., sem þekkir vel alla málavöxtu, hefði ekki dottið í hug að vekja þetta frv. upp aftur hér á þinginu, og hefði mátt skoða þetta sem tilmæli til stj. um að brjóta lög og reglur í landinu og gera hreint og beint uppreisn á móti húsbónda sínum, Alþingi. Auðvitað hefir Svíanum, sem ég heyri, að sé mætur maður, ekki dottið slíkt í hug, að hægt væri að skilja bréfið á þá lund, en hann þekkir ekki stjórnarhætti hér á landi og hefir ekki haft hugmynd um, að þetta væri að brjóta í bága við yfirlýstan vilja Alþingis. En hv. þm. Vestm. hefir ekki tekið í þetta mál eins og hæstv. stj. hefir gert. Hann gerist boðberi og flm. að tilmælum þessa útlenda frystihússtjóra, þvert ofan í yfirlýstan vilja þingsins.

Nú hefi ég talið upp tvennt, sem er harla einkennilegt og sker úr við venjulegan grundvöll við flutning mála á Alþingi. Þá kem ég að því þriðja. Hér er verið að setja tvennskonar lög í landinu. Menn eiga að fara að lifa við tvennskonar lög, eftir því, hvort þeir lifa á Vestur-, Norður- og Austurlandi eða hvort þeir búa á Suðurlandi og suðurhluta Vestfjarða.

Þetta kemur einkennilega heim við það, þegar jafnframt er verið að tala um að jafna rétt landsmanna. Og þessi þm. hefir átt lofsverðan þátt í því að koma því máli áleiðis; en samtímis því er hann að flytja fram kröfu þess efnis, að menn á Vestur-, Norður- og Austurlandi eigi að lifa við allt önnur lög en þeir, sem lifa í hinum landshlutunum. Mönnum á Suðurlandi og suðurhluta Vestfjarða er gefin heimild til þess að veiða með dragnótum í landhelgi vissan tíma árs, þegar öðrum landsmönnum er bönnuð dragnótaveiði. Þetta er að setja tvennskonar lög. Ég sagði mönnum á Suðurlandi og suðurhluta Vestfjarða, en það fer eftir því, hvor leiðin er valin, því að í frv. stendur aðeins „á svæðinu frá Hjörleifshöfða til Látrabjargs". (JJós: Þetta er óþarfa útúrsnúningur, hv. þm. veit, hvað við er átt). Það er hægt að velja tvær leiðir frá Hjörleifshöfða til Látrabjargs, það má fara austur og norður um land og einnig suður og vestur með landi. (JJós: Það er ekki drengilegt af hv. þm. að tala svona, eftir að ég hefi lýst yfir, að tvö orð: „vestur um" hafi fallið burt úr frv.). Ég vænti þess, að hv. þm. lofi mér að tala eða geri svo vel og fari út úr deildinni. Það mun nú vera ætlunin að fara vestur um land, og það eru þeir, sem þar lifa, sem eiga við þetta skipulag að búa. Þá eru hinir sjálfráðir, hvort þeir lúta núgildandi landslögum, en á þessu svæði eru ráðin tekin af mönnum. Hér er sagt skýrum stöfum, að það, sem heimilt er að gera á Vestur-, Norður- og Austurlandi, má ekki gera hér. Og þeir, sem eftir sem áður vildu vera trúir landslögunum, geta ekki fengið því ráðið. Þetta er að taka valdið af þeim, sem búa með ströndum Suðurlands og syðsta hluta Vestfjarða. Ég hefði ekki búizt við þessu á þeim tíma, þegar tilfinningar manna eru svo opnar fyrir, ef misrétti er beitt, og viðtækar ráðstafanir eru gerðar til þess að kippa því í lag, að á sama tíma skuli vera gerð tilraun til að taka ákvörðunarréttinn af nokkrum hluta landsmanna. (JJós: Hv. þm. gleymir því, að hann hefir áður barizt gegn því, að ákvörðunarréttur gilti gagnkvæmt). Hv. þm. getur alls ekki fóðrað sína framkomu með þessu háttalagi, því að ég hefi aldrei barizt gegn því á nokkru sviði. Hann er sjálfur frumkvöðull að þessari stefnu, sem þingið verður tafarlaust að kveða niður, og ég vona, að þegar hann nú hefir heyrt rök mín og fær aftur að taka til máls, þá taki hann frv. aftur. Löggjöf hvers lands er ekkert leikfang. Það er ekkert leikfang, þegar teknar eru ákvarðanir um persónulegan rétt landsmanna. Það er alvörumál, hvernig búið er um landsmenn í þessu efni. Það er eðlilegt, að landsmenn vilji hver á sínu svæði hafa íhlutun um það, hvort leyfa eigi eða banna miskunnarlausa tortímingu alls ungviðis þeirra fisktegunda, sem hafa haldið landinu uppi. En ef þetta frv. verður að lögum, þá er landhelgin ofurseld einmitt á þeim svæðum, sem klakstöðvarnar eru mestar og dýrmætastar. (JJós: Þeir fiska þar sjálfir núna). Þeir fiska þar ekkert sjálfir. Það er nóg að setja þennan skrælingjastimpil á þá með löggjöfinni, þó að hv. þm. sé ekki líka að bera um þá slúðursögur, sem við ekkert hafa að styðjast. Nei, frv. er stórhættulegt og með því er verið að brjóta niður varnirnar fyrir fiskiþjóð

eins og Íslendinga. Þetta er fjarstæða, fálm og vitleysa, að vera að skapa tvennskonar rétt í landinu. Og þegar þess er gætt, að þessi rányrkja á að gilda fyrir þau svæði, eins og Selvogsbankann, sem eru aðalklakstöðvarnar, þá er þetta sviðilegt athæfi. Þar á að opna landhelgina, á dýrustu fiskimiðum landsins á að drepa allt kvikt, ungt og gamalt. Það væri alstaðar hættulegt, en hvergi eins og þar, sem á að skapa möguleikann fyrir þetta grimmdaræði. Það er alkunnugt af fiskifræðingum, að þarna eru ekki aðeins klakstöðvar fyrir fisk við Ísland, heldur einnig við Grænland, sem við höfum reyndar verið hirðulausir um. Óviðkomandi menn eins og Danir og Norðmenn hafa verið að toga þetta land á milli sín, sem er fornt íslenzkt land, en við höfum setið hjá. En þó við sleppum nú því, þá eru þetta, gagnvart fiski við Ísland, beztu og mikilvægustu klakstöðvarnar, og hér er verið að taka af mönnum ráðin um það, hvort þessi opingátt eigi að líðast eða ekki.

Þá hefi ég talið þrjú atriði, sem eru sérkennileg við flutning þessa máls, og þykist hafa gert þeim nokkur skil. (**JJós:** Kemur þá ekki 4. atriðið?). Jú, það kemur; hv. þm. þarf ekki lengi að keipa eftir því. Því þó oft hafi ef til vill bitið vel á krókinn hjá honum, þá hefir ekki oft bitið fljótar!

Það er þá tilhögunin á frv. Þetta er að vísu 1. umr. málsins og því ekki venja að fara út í einstök atriði frv., en ég vænti þess, að hæstv. forseti leyfi mér að bregða út af því í þetta skipti. Ég vildi þá minnast á 1. og 2. gr. frv. Í núgildandi lögum stendur: „.... skulu dragnótaveiðar bannaðar, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir". Þetta er fellt niður úr frv. og þar með felld niður 2. gr., sem á að standa á eftir, en þegar búið er að fella þetta niður, þegar gr. er búin að missa þetta samband, þá er hún sjálf einskis virði. Þá er búið að kippa burt þeirri þýðingu, sem 2. gr. hafði. Í 2. gr. frv. felast undantekningar frá þessu banni, um að eigendum þeirra jarða, sem liggja að sjó, sé heimilt að veiða í landhelgi, eins og tíðkaðist fyrir 1882, með herpinót, enda þótt hún kunni að taka til botns. Ég get ekki betur séð en að með því að kippa þessu í burt úr 1. gr., þá séu a. m. k. ákvæði 2. gr. svo skert, þrátt fyrir það, þótt hún standi eftir í l. frá 1928, að það yrði sennilega lítið á þeim að byggja. Og ég vil skjóta því sérstaklega til hv. 1. þm. S.-M., sem ég býst við, að muni leggja nokkuð upp úr því, að þessi ákvæði fái að haldast, því að þótt þau kunni að hafa þýðingu víða á landinu, þá munu þau þó sérstaklega geta haft þýðingu á Austfjörðum. Ég veit ekki, hvað hv. þm. hefir gengið til þess að taka þetta úr frvgr., ef það er ekki það, að skerða gildi og þýðingu 2. gr. l. Ég vil aðeins benda á, að annaðhvort eru þetta mistök eða það er gert af ásettu ráði. En í hvorutveggja tilfelli mundi það samt, ef að l. yrði, koma í sama stað niður og hafa sömu áhrif.

Ennfremur vil ég benda á, að hv. þm. Vestm. — sem nú sést aftur hér í d. — vill fella niður úr 1. gr. ákvæði, þar sem skilgreining er gerð á því, hvað sé dragnætur. (**JJós:** Það verður lagað). Væri þetta fellt niður úr l. og ekkert kæmi í staðinn, þá yrði erfitt fyrir löggjafana, sem svo þyrftu að dæma um það, hvað teldist til dragnóta, að álykta um þetta. Ef þetta ákvæði væri fellt niður, sem ekki er ástæða til að gera ráð fyrir að nái samþykki, þá væri auðvitað engan veginn hægt að taka það öðruvísi en svo, að löggjöfunum hefði fundizt nauðsynlegt að leyfa að skafa upp hvern vog og hverja vík í landhelgi allt í kringum landið með þessum veiðarfærum. Ég veit ekki, hvað hv. þm. Vestm. gengur til að fara fram á slíkt. (**LH:** Honum gengur gott til). En menn geta nú misskilið það góða, alveg eins og hitt. Ég viðurkenni, að margt er gott til hjá þessum hv. þm., eins og sessunautur hans gaf orð um. En ef þessi góði ásetningur yrði framkvæmdur, yrði hann þó til stórtjóns, og mundi þá sannast hið fornkveðna: „Góð meining enga gerir stoð". (**BÁ:** Gilda skal meira Péturs boð). Það er þess vegna svo um þetta atriði, þennan 4. lið, eins og um hina liðina, að hv. þm. hefir mjög mistekizt í samsetningi frv. þessa, ef það hefir verið meiningin fyrir honum að fella þetta atriði niður úr l.

Það er sagt frá þessu frv. a. m. k. í einu blaði hér, hvort sem hann gerir það

nú sjálfur eða einhver annar, og þykir mér frásögnin alleinkennileg. Því þegar skýrt er frá efni frv., er sagt um leið, að með þessum hætti mundu opnast möguleikar fyrir sölu á töluvert miklu fiskmagni, allt að 1400 smálestum af þorski og flatfiski, ef þessar tilslakanir verða gerðar á löggjöfinni um dragnótaveiði. Það lítur svo út, eftir orðalaginu að dæma, að markaðurinn fáist ekki fyrir fiskinn, nema hann sé veiddur í dragnætur. Þetta eru nú sjálfsagt mistök á framsetningu efnisins hjá greinarhöfundi, en ekki hitt, að meiningin sé sú, að samband sé á milli þess, hvernig aflinn sé veiddur, og sölunnar á honum.

Þá skal ég aðeins minnast á það, sem í grg. frv. stendur um aflamagn og fisktegundir til sölu í þetta sænska frystihús, sem sá maður stýrir, sem raunverulega stendur að þessu frv. og ritað hefir greinargerð þess að mestu leyti. Það, sem hann gerir ráð fyrir, er 700 smál. af þorski, 500 smál. af rauðsprettu, 100 smál. af sólkola og 100 smál. af lúðu.

Það leiðir nú af sjálfu sér, að það getur ekki verið nema að nokkru leyti, sem aflavon þessa fiskjar getur byggzt á dragnótaveiði, því að eins og kunnugt er, þá er a. m. k. mjög lítið veitt af þorski í dragnætur. Það getur aðeins viljað til, að fullorðinn þorskur veiðist þannig. En innan landhelgi hér sunnanlands er sáralítið af þorski á sumrin, fyrr en á útliðanda sumri, þegar gildandi lög leyfa að nota dragnætur. Ég geri því ráð fyrir, að þessara ráðstafana þurfi ekki við til þess að hægt verði að veiða þetta þorskmagn, 700 smál. Vafalaust er auðvelt að fá þetta fiskmagn með annarskonar veiðiaðferðum. Því að þótt tregur afli sé á Faxaflóa nú, þá er það alkunnugt, að vestur undir Jökli og á öllum svæðum Faxaflóa veiðist töluvert af þorski í maí og fram í júní, og stundum lengur. Á þeim tíma, og án þess að fara að skafa landhelgina með dragnótum, hlýtur því að vera hægt að afla þessa þorskmagns.

Lúður veiðast ekki í dragnætur, ef þær eru stórar. Ef til vill smálúða, sem þá verður frekar að telja með kola. Kolinn veiðist alltaf töluvert mikið utan landhelginnar, a. m. k. veiða Englendingar mikið af honum, og Íslendingar ættu að hafa eins góða aðstöðu til kolaveiða sem þeir. Auk þess má benda á það, að heimilt er að veiða hann í landhelgi 3 mánuði ársins, þar sem annars er ekki lokað fyrir þá veiði, svo að ég geri ráð fyrir, að þetta magn mundi hæglega nást á þessum tíma, enda þótt landhelgin yrði ekki opnuð frekar en gert hefir verið. Það er nú reynsla um dragnótaveiðar í landhelgi hér við land, að ef farið er að stunda þær mjög mikið á vissum svæðum, þá helzt afli þar ekki svipað því eins lengi og lögum samkv. má veiða þar. Ekki stafar það af því beint, að þar sé þá búið að drepa allt lifandi, heldur hefir það, sem eftir var skilið, flúið vegna dragnótanna.

Ég vil nú láta það í ljós sem mína skoðun, að hagsmunum sjómanna yrði bezt borgið með því, að dragnótaveiði væri gersamlega bönnuð alstaðar í landhelgi vorri. Og að þetta er líka skoðun sjómanna og þeirra manna, sem eiga afkomu sína algerlega undir fiskveiðunum komna, sannast bezt með því, að þeir hafa víðast hvar, þar sem mest er stunduð bátaveiði innan landhelgi með öðrum veiðiaðferðum en dragnótum, kostað kapps um að útiloka dragnótaveiði frá landhelginni. Þeir hafa borið það skyn á þessa veiði að láta ekki stundarhagsmuni glepja sér svo sýn, að þeir hafi viljað vera með í að aðhafast það, sem skaðar þá í framtíðinni. Enn eru gildandi þau grundvallaratriði þessa máls, að sama hættan er um þetta, sem verið hefir, og sama nauðsynin á að fyrirbyggja hana gersamlega.

Mér er kunnugt um, að þetta frv. hefir vakið allmikla athygli hér í nærsveitunum, þar sem menn eru ekki fjær þinginu en það, að þeir geta komið boðum og talað við menn um þessi mál. Frá þessum mönnum er von á mótmælum gegn þessu frv. Þeir sjá ástæðu til þess, vegna mannréttinda sinna og atvinnuvegar. Þeir eru nú farnir að undirbúa óskir til þingsins um það, að þegar nú er búið að víkja frá þeim þessum beizka kaleik hér snemma á þinginu, þá verði ekki farið að bera þeim hann á ný, með því að þvinga þá til að beygja sig undir það ok og þá hættu og þá skaðsemd, sem þeim mundi stafa af samþykkt þessa frv.

Þetta þing er nú búið að sitja lengi á

rökstólum, og ég býst við, að mönnum úti á landsbyggðinni sem annarsstaðar þyki seta þess engan veginn vera í samræmi við afköst þess, enn sem komið er. Ég veit, að hugir landsmanna beinast mjög að þeim óskum, að þessir síðustu dagar þess verði vel notaðir og að samkomulag bindist um heillavænlega lausn nauðsynjamálanna, sem enn eru óleyst. Væri mjög illa farið, ef þeir yrðu notaðir til að þvinga fram skaðræðismál sem þetta, sem á öndverðu þessu þingi var vasklega gengið fram í að vísa á bug. Við það voru engin vettlingatök. Það er oft dálítið viðkvæmnismál fyrir þingmenn að ganga beint á móti till. stjórnar, sem er studd af meiri hl. þings, en í þessu tilfelli var ekkert hik um að vísa málinu á bug og ganga þannig í berhögg við vilja stj., til þess að vernda mannréttindi og atvinnu fjölmargra sjómanna.

**Flm. (Jóhann Jósefsson):** Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að atkvgr. um málið verði frestað þar til snemma á mánudag.

**Forseti (JörB):** Mér þykir ekki skemmtilegt, að það þurfi að velta á um úrslit mála, að þm. séu fjarstaddir. En það er á þeirra ábyrgð. Hér er t. d. annað mál á dagskránni, sem fresta varð atkvgr. um í gær sakir þess, að svo margir þm. voru fjarstaddir, þegar hún átti að fara fram. Það ætti kannske að taka upp þau vinnubrögð að þjóta upp til handa og fóta og byrja á atkvgr. mála í hvert sinn, er nægilega margir þm. sýna sig í d., hvernig svo sem á stæði að öðru leyti.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefi vanizt því, að þegar atkvgr. er frestað um eitthvert mál, þá sé byrjað á henni á næsta fundi.

**Forseti (JörB):** Það hefir ekki verið föst venja að byrja atkvgr. jafnan í byrjun næsta fundar eftir að þeim var frestað. En hvað snertir atkvgr. um 8. málið á dagskránni, þá hefi ég verið beðinn að fresta henni. Svo ekki velti á tilviljun um afgreiðslu þessara tveggja mála, 3. og 8. máls á dagskránni, þá mun ég fresta atkvgr. um þau fram yfir helgi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Nd., 22. maí, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:4 atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 81. fundi í Nd., 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 707, n. 763).

**Pétur Ottesen:** Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá, þar sem nál. um það er á leiðinni. Þetta er svo mikið mál, að þess verður að krefjast, að menn fái að athuga nál. eina dagstund.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég hefi fært sterkar sannanir fyrir því, og skal gera það betur, að hér er um þýðingarmikla atvinnugrein að ræða bæði fyrir sjómenn og verkamenn. Ég vil því mótmæla tilraun hv. þm. Borgf. að leggja stein í götu málsins, og mælist til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið ekki af dagskrá.

**Pétur Ottesen:** Út af orðum hv. þm. Vestm. vil ég benda á, að ég hefi fært óyggjandi rök að því, að hér er verið að fara inn á stórhættulega braut og skaðlega landsbúum, og vona ég því, að hæstv. forseti meini mönnum ekki að athuga þetta nál., sem þeim barst ekki í hendur fyrr en nú í fundarbyrjun.

**Forseti (JörB):** Hv. d. hefir málið á valdi sínu, því að afbrigði þarf til þess að það megi koma hér til 2. umr. Er því rétt að láta hana skera úr.

ATKVGR.
Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:3 atkv.

**Pétur Ottesen:** Í þessum úrskurði felst leyfi d. um, að málið megi koma til 2. umr., en ég vil fá úrskurð hæstv. forseta um það, hvort taka megi málið af dagskrá, til þess að mönnum gefist kostur á að athuga nál. það, sem ég nefndi.

**Forseti (JörB):** Ég vil ekki gera út um þennan ágreining milli tveggja manna,

og ber þetta því undir d., enda þótt slíkt sé ekki venja.

ATKVGR.
Deildin samþykkti með 11:4 atkv., að málið skyldi tekið fyrir.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég verð að lýsa allri ábyrgð af töf þessa máls á hendur hv. þm. Borgf. Ég hefi áður bent á, að ég ber þetta mál fram af brýnni atvinnuþörf sjómanna og verkamanna í landi, og skal ég sanna það. Vil ég þó áður víkja nokkrum orðum að hinni löngu ræðu hv. þm. Borgf. við fyrri umr. Skal ég þó ekki þreyta þingheim á því að andmæla þar öllu. Hann talaði mikið um, að málið bæri undarlega að, þar sem svipað frv. hefði verið fellt síðasta ár. Hneykslaðist hann á því, að ég skyldi svo koma með frv. í líka átt. Og ekki batnaði honum, er hann sá bréf það, sem prentað er með frv. og sænska frystihúsið sendi stj., þar sem henni eru tjáð vandræði sjómanna. Hv. þm. Borgf. þótti óviðeigandi, að ég skyldi taka upp mál, sem stj. hefði ekki viljað sinna. En þar er því til að svara, að þetta eru fyrst og fremst tilmæli frá sjómönnum og svo frystihúsinu. Þar að auki hefir hæstv. forsrh. sagt mér, að sér þætti þetta gott mál og þarft, og á hæstv. dómsmrh. hefir mér líka skilizt, að hann væri málinu hlynntur.

Þá breiddi hv. þm. sig út yfir þá firru, sem hann kallaði það að taka tillit til bréfs frá sænska frystihúsinu. Ég skal taka það fram, að ég hefi hér ekki borið hag frystihússins fyrir brjósti, þó að ég álíti það annars enga skömm. Ég hefi fyrir augum hagsmuni þeirra, sem við það skipta, en það eru sjómenn og aðrir aðilar hér á landi. Frystihúsið er opið til kaupa á 1400 tonnum fiskjar af bátum hér fyrir sæmilegt verð. Keflavíkursjómenn hafa sagt mér, að ef þeir hefðu fengið það verð fyrir fisk sinn í fyrra, þá hefðu þeir orðið allvel úti. Þá hefir það og mikla þýðingu, að hér í bæ fá margir verkamenn vinnu við frystihúsið. Í fyrra borgaði það verkamönnum 30 þús. kr. í laun fyrir hirðingu á 300 tonnum. Ef málið fengi framgang, þá gæti farið svo, að frystihúsið fengi 1400 tonn til verkunar, og myndi það þýða 140 þús. kr. til verkamanna hér. Þá má geta þess, að hér í Rvík er komin upp ný iðngrein, sem heitir kassagerðin, og smíðar hún kassa undir fisk. Ég hefi keypt mörg hundruð kassa þaðan, og hafa þeir gefizt vel. Frystihúsið þarf 28 þús. kassa undir 1400 tonn af fiski. Hefir frystihúsið þegar pantað 5 þús. kassa, og yrði það meira, ef það fengi þessi 1400 tonn af fiski, sem ég gat um. Vinna sjálfsagt þó nokkuð margir menn að þessari kassagerð. Þá ber að taka tillit til þess, sem rennur til bæjarins og ríkisins í sköttum af þessari útflutningsvöru, og eins má líta á það, að frystihúsið skiptir því nær eingöngu við Eimskipafélagið. Flutningsgjaldið undir þessi 1400 tonn myndi nema um 100 þús. kr., sem renna myndu til Eimskipafélagsins. Ég veit, að hv. þm. Borgf. er sæmdinn maður í hverju máli og sést lítt fyrir, hvort sem hann talar um kartöflur eða dragnætur. En mér þykir ólíklegt, að hann geti sannfært hv. d. um það, að ég berjist hér fyrir útlendum hagsmunum, þó að ég vilji láta íslenzka sjómenn og verkamenn njóta þeirra hlunninda, sem hér er um að ræða.

Hvað þessa stofnun snertir, þá kemur hún ekki beinlínis málinu við, en hv. þm. hefir dregið hana inn í umr., og ég verð að líta svo á, að það sé mjög þörf stofnun í landinu. Hefir það kostað 2 millj. kr. að koma henni upp, og auk þess bættu eigendurnir við í fyrra 350 þús. kr. í forgangshlutabréfum. Ísframleiðslan er um 3 þús. tonn á ári, og er ísinn þar ódýrari en í Englandi og betri en tjarnarísinn, sem að líkindum lætur, svo að íslenzku togararnir skipta orðið nærri eingöngu við frystihúsið. Hv. þm. þekkir sáralítið til þess, sem hann er hér að ræða um, og það er eðlilegt. Það, að frystihúsið hefir tekið til starfa, gerir það að verkum, að menn suður með sjó og víðar hafa getað ísað fisk, þar sem þeir fengu góðan ís með sæmilegu verði. Og ef þessi stofnun legðist niður, mundi líklega standa bæði á mér og hv. þm. Borgf. að koma henni upp, a. m. k. hvað fjárafla til hennar snertir. Ég vildi gefa þessar upplýsingar um stofnunina, af því mér virtist hv. þm. vilja gera lítið úr henni.

Með frystingu og flökun á þorski var lagt í fyrra út á nýja braut af Bennett,

sænska frystihússtjóranum, og þessi tilraun heppnaðist svo vel, að nú hefir verið beðið um meira. Það þætti gott á þessum tímum, ef hægt væri að segja um aðrar vörur, að kaupendurnir kæmu og segðu: Varan, sem við fengum frá ykkur í fyrra, var góð; við viljum fá meira. — Þegar málið horfir svona við, að ný atvinnugrein ryður sér til rúms og tækifæri gefast fyrir íslenzka fiskimenn að afla sér peninga, þá rís hv. þm. upp með offorsi og ber mér það á brýn, að ég sé að bera hagsmuni erlendrar stofnunar fyrir brjósti. Ef maður kemur frá Bilbao hingað til þess að kaupa fisk í eigin hagsmunaskyni, og við greiðum fyrir honum, erum við þá að vinna fyrir útlendinga? Hér er hliðstætt dæmi. Við berjumst fyrir gagnkvæmum hagnaði beggja aðila. Og þetta er eina stofnunin, sem getur boðið sæmilegt verð fyrir kola. Frv. er miðað við það, að vandræði eru að selja ferskan fisk um hásumarið. Það er ekki fyrr en líður fram á haustið, að það borgar sig að senda kola og þorsk til Englands. En þarna er tækifæri, eina tækifærið, sem við höfum, og við ættum ekki að sleppa því.

Hv. þm. Borgf. sagði, að ekki þyrfti að breyta banninu á dragnótaveiðum í landhelgi til þess að veiða þorsk. Það er alveg rétt, að þorskinn má veiða á annan hátt. En hv. þm. gætti ekki að því, að þorskflakið er selt mjög ódýrt, svo að það ber ekki uppi kostnaðinn á útlendum markaði. Sendingin þarf að vera blönduð, bæði af því, að útlendingar vilja hafa hana blandaða, og svo af því, að aðalhagnaðurinn er af flatfiski. Meginhlutinn er þorskur, og það er stefnt að því að auka þorsksendingarnar, en það verður þó alltaf að hafa flatfisk með, til þess, ef svo mætti segja, að krydda sendinguna með. Ég veit ekki, hvort þetta hefir gengið inn í höfuðið á hv. þm. Borgf., en vona þó, að honum skiljist þetta, ef hann hugsar sig vel um. Ef Íslendingar segðu sem svo: Þið getið fengið nóg af þorski, en þið verðið að búa við hann einan, — þá er sú hætta á, að þeir fáist ekki til að breyta til um það, og þá er hætt við, að áhugi þeirra útlendinga, sem lagt hafa og leggja fé í þessa stofnun, haldist ekki við, þegar vitanlegt er, að ekkert græðist á henni; og við getum ekki búizt við því, að þeir haldi slíkri stofnun áfram í útlendu landi, ef þeir tapa fé á því, og ef þeir, sem ætla sér að vinna þetta framtíðarríki, koma ekkert til móts við þá.

Hv. þm. Borgf. hélt einn af sínum feikilega löngu fyrirlestrum, og skipaði hann sér í flokk, þar sem bábiljur og villukenningar sitja í fyrirrúmi. Það er einmitt svo, að þeir, sem minnst þekkja til, berjast kröftuglegast á móti. Þetta átti sér einnig stað í Noregi, við Jaðarinn. Þar var lagt bann við dragnótaveiðum, og þegar átti að slaka til með það, þá voru það þeir, sem hvorki áttu dragnætur né komu nálægt veiðinni, sem andmæltu mest og heiftúðugast. Sama er hér uppi á teningnum. Andúðin kemur mest þaðan, sem engin dragnót er til og engin dragnótaveiði er stunduð. En við í Vestmannaeyjum og fleiri þekkjum þetta og vitum, hvílíkt nauðsynjamál þetta er. Hv. þm. skipar sér á bekk með þeim mönnum, sem öfgakenndastir eru og ófróðastir um þessi mál. Ég get í þessu sambandi minnzt á bréf Guðmundar í Gerðum, sem hv. þm. las hér upp á síðasta þingi. Ég minntist á þetta bréf við Guðmund einu sinni, þegar ég hitti hann, og sagði honum, að ég væri alveg hissa, hve mikilli fjarstæðu og vitleysu hann hefði getað hrúgað saman í þetta eina bréf. Guðmundur brosti og sagði: „Það dugði nú samt, þó vitlaust væri", — þingið gleypti það fyrir því.

Hinsvegar er álit fiskifræðinga, að dragnótaveiðin sé hættulaus. Hún eyðir ekki öðru en þeim fiski, sem veiðist í það og það skiptið. Ég get því ekki fallizt á, að það veiðarfæri eigi að vera fordæmt fremur en önnur, t. d. eins og línur, sem vitanlega drepa þann fisk, sem á þær veiðist.

Þá talaði hv. þm. um klakstöðvarnar vítt og breitt, og talaði í því sambandi um Selvogsgrunnið. En þessi breyt. snertir alls ekki Selvogsgrunnið, svo að hv. þm. getur verið rólegur með sínar klakstöðvar þar, þó að þetta frv. verði að lögum.

Ég vil ekki vera að eyða orðum að því, þó að hv. þm. væri að reyna að hengja hatt sinn á það, að hann vissi ekki, hvora leiðina ætti að fara frá Hjörleifshöfða til

Látrabjargs. Ég hafði skýrt frá því áður, að tvö orð hefðu af vangá fallið úr frv., og er því óþarfi af hv. þm. að vera stöðugt að stagast á því.

Sjútvn. hefir haft málið til meðferðar og lagt fram nál. á þskj. 763. N. er öll sammála og leggur til, að frv. verði samþ. með smávægilegum breyt. (PO: Tveir n-m. hafa skrifað undir með fyrirvara. Hvað merkir það?). Það er víst eitthvað smávægilegt. N. er ekki eins og hv. þm. Borgf., að hún vilji leggja bann á allt. (PO: Það ætti að leggja bann við, að hv. þm. Vestm. fengi að reka erindi útlendinga). Ég er búinn að sanna með tölum, að þetta eykur stórkostlega atvinnu verkamanna í landinu, t. d. við kassagerð hér í Rvík, auk þess sem Eimskip fengi 100 þús. kr. í aukna fragt. Þetta getur hv. þm. ekki hrakið.

Hv. þm. komst inn á réttlætismál í þessu sambandi og vildi halda því fram, að með þessu frv. væri verið að koma á misrétti í landinu. Hv. þm. þarf ekki að vera að taka svo djúpt í árinni; hann hefir sjálfur oft barizt fyrir samskonar misrétti, eins og hann kallar það. Hvernig var það t. d. með mjólkursölufrv.? Og hver hefir barizt fyrir því, að Faxaflói yrði lokaður fyrir togaraveiðum? Hv. þm. Borgf. hefir slegið sér upp á því að loka Faxaflóa, en hefir hinsvegar ekki lagt til, að öðrum flóum, eins og Breiðafirði, Húnaflóa og Skagafirði, yrði lokað fyrir togurum. Þarna hefir hv. þm. gengið á undan með góðu eftirdæmi. Ég segi þetta ekki af því, að ég hefði ekki óskað eftir því, að Faxaflóa yrði lokað, heldur bendi ég aðeins á þetta, svo að menn sjái, að hv. þm. þarf ekki að reiða öxi svo hátt í þessu máli, þar sem hann sjálfur hefir stuðlað að misrétti. Ég hefi líka séð dæmi til, að hv. þm. vildi ekki hafa jafnan rétt í öllum landshlutum einmitt um dragnótaveiðar. Ég fór fram á það, að ákvæði 8. gr. yrði gagnkvæmt, þ. e. a. s. eftir sömu reglum, sem mætti loka landhelginni, mætti einnig opna hana. Ég var með þessu þá, og þótti sanngirni mæla með því, en þá barðist hv. þm. á móti því með sama offorsi og hann berst nú á móti frv. Ég held því, að ég geti vísað heim ásökunum í þessu efni.

Á Gerðum í Garði er klakstöð fyrir svæsnustu andmæli gegn dragnótaveiðum. Á fundi, sem þar var haldinn 1931, var því haldið fram, að ekkert mundi veiðast þar fyrir utan af því, að dragnætur höfðu verið notaðar það árið. En hvað kemur á daginn? Árið 1932 aflaðist einna bezt þorskur í Garðsjó, eftir því, sem Árni Friðriksson fiskifræðingur sagði mér eftir greinargóðum sjómanni þar. Reynslan bendir því ekki á, að dragnótaveiði sé hættuleg eða skaðleg fyrir fiskiveiðarnar. Í gær hitti ég alkunnan aflamann úr Eyjum, sem stundað hefir dragnótaveiði. Hann var þeirrar skoðunar, að allar mótbárur á móti dragnótaveiðum væru bábiljur og vitleysa. Í morgun hitti ég reykvískan sjómann, sem lét í ljós sömu skoðun. En hv. þm. sækir ekki fróðleik sinn til þeirra manna, sem kunnugir eru dragnótaveiðum. Ég heyri sagt, að á Akranesi sé lítið af bátum, sem sinni dragnótaveiðum, og því er ekki von, að þar sé mikill áhugi fyrir þessu. En þegar ég á tal við þá menn, sem fiska með þessum tækjum, þá er alltaf sama hljóðið í þeim.

Hv. d. er víst orðin langþreytt á þessu dragnótatali, en ég varð að sýna fram á mestu vitleysurnar hjá hv. þm., enda þótt ég viti, að hann lætur ekki sannfærast. Ofurkapp hans er þekkt og skapgerð hans þannig, að hann lætur ekki undan fyrr en í fulla hnefana.

Ég hefi borið þetta frv. fram vegna þess, að það er hagsmunamál fyrir íslenzka verkamenn og sjómenn, og vegna þess, að hér er um nýja iðngrein í fiskiútflutningi að ræða, og ég hefi álit okkar færustu manna í þessu efni og styðst við það, sem reyndustu fiskimenn hafa sagt mér. Hv. þm. Borgf. hefir bábiljur og vitleysur þeirra manna, sem lítið þekkja til, en hafa bitið sig í að vera andstæðingar dragnótaveiða hvar sem er.

Svo getur hv. d. gert við þetta mál eins og henni sýnist. En það er hart, þegar barizt hefir verið fyrir milljóna kreppuráðstöfunum handa landbúnaðinum og því máli flýtt sem unnt var í gegnum deildina, að þá sé þetta mál, sem er lítil hagsbót eða tilslökun, tafið með frávísun og frestun og málþófi þvert ofan í fulla skynsemi. Hv. þm. minntist á það, að seta þingsins væri orðin löng og margt

óleyst enn, en ég teldi, að þetta þing skildi betur við, ef það samþ. þetta frv. heldur en ef það felldi það.

Hv. sjútvn. hefir prentað upp áskorunarskjalið, sem ég minntist á áður, þar sem skorað er á stj. að gefa út bráðabirgðalög í anda frv. Þar með eru hrakin ummæli hv. þm. Borgf. um það, að frv. hafi haft lítinn byr hér í deildinni, því að 22 þm. hafa skrifað undir áskorunina. En þegar frv. var borið fram, gekk hv. þm. Borgf. með bekkjum og bað menn að neita afbrigðum. Og við, sem vildum hafa frv. fram, vorum ekki nógu harðir. En nú horfir málið nokkuð öðruvísi við: Hér er um tryggan markað að ræða fyrir mikið af fiski, ef dragnótaveiðin verður leyfð, og verðið betra. Vænti ég því, að hv. þdm. taki nú rétta afstöðu til málsins, þótt þeir tækju ranga afstöðu í fyrravetur, og frv. verði samþ.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Það má dálitið sjá, hversu áhrifarík og sannfærandi ræða hv. þm. Vestm. hefir verið, á því, að honum hefir tekizt að hafa þau áhrif á hæstv. forseta, að hann er nú farinn að dotta. Slíkt hefir aldrei komið fyrir fyrr í þau 20 ár, sem ég er búinn að vera þm., að forseti hafi dottað í forsetastóli. Er þetta því meira, sem hæstv. forseti er kunnur að ötulleik hér á þingi, eins og við öll sín verk. Það er þó ekki hægt að segja, að hv. þm. Vestm. hafi ekki látið skina sinn myndugleika, því að meira mont og sjálfsálit hefi ég ekki séð né heyrt, utan þings né innan, heldur en kom fram hjá hv. þm. Vestm. í ræðunni, sem hann var að enda við. Allt, sem ég og aðrir segja, við, sem höfum grundvallaða skoðun á þessu máli — allt, sem við segjum um þetta, er að hans áliti hjóm og bábiljur og öfgar — og ég man ekki að telja öll þau óvirðingarorð, sem þessi hv. þm. lét falla um okkar skoðanir. En hjá honum var vizkan, þekkingin og forsjónin fyrir heill og velfarnan lands og þjóðar og umhyggjan fyrir því, að þingstörfin yrðu vel af hendi leyst. Þetta vizku-kertisljós sitt lét þessi hv. þm. nú skína í þessu máli, þegar hann flutti erindi sænska frystihússtjórans.

Þessum hv. þm. gagnar ekkert að vera að vefengja þá skoðun, sem ríkt hefir frá öndverðu, að það sé mikilsvert að verja landhelgina. Sú skoðun stendur á fastari grundvelli hjá íslenzku þjóðinni heldur en svo, að hv. þm. geti feykt henni burt með sínum vindhöggum.

Síðan dragnótaveiði byrjaði hér hjá okkur, hefir mikið kapp verið á það lagt, líka af hv. þm. Vestm., þótt hann sé nú farinn að draga nokkuð í land í því efni, að verja stærstu landhelgissvæðin kringum landið, sem eina helztu og tryggustu undirstöðu undir tryggasta atvinnuvegi landsmanna. Í landhelgisvarnastefnunni tók þessi þm. mikinn þátt, þó að við, hinir gömlu samherjar hans, þurfum nú að fara að verja landhelgina fyrir honum. Það er mjög leiðinlegt, þegar fulltrúar þeirra manna, sem eiga alla sína afkomu undir sjávarútveginum, bregðast svo hrapallega skyldu sinni í þessu starfi eins og hv. þm. Vestm. nú, að þeir ganga fram fyrir opna skjöldu til þess að reyna að snúa þinginu af þeirri braut, sem það hefir verið á að undanförnu, að verja landhelgina sem eitt hið dýrmætasta verðmæti þessa lands. (**JJós:** Það er ræða til um þetta eftir hv. þm. í Alþt. frá í fyrra). Það er ekki vanþörf á að halda aftur slíka ræðu um þetta, sem tilraun til að leiða hv. þm. til hins rétta vegar, því vitað er, að hann kunni áður skyn á því að vera réttu megin í þessu máli. Þess vegna vil ég ekkert til spara, sem gæti e. t. v. frelsað hans fortapaða skilning í þessu máli.

Það virtist hneyksla mjög hv. þm., að ég hefi farið fram á, að mál þetta verði tekið af dagskrá nú, til frekari athugunar, áður en atkvgr. fer fram. En nál. var ekki útbýtt fyrr en nú á fundi. Hv. þm. hefir upplýst, að hann hafi verið búinn að semja nál. áður en málinu var vísað til n. Þetta er náttúrlega lofsvert framtak, ef það, sem liggur til grundvallar fyrir því, er eins lofsvert. (**JJós:** Þar er barizt fyrir réttu máli). „Barizt fyrir réttu máli!“ segir þm., af því að hann veit ekki skil á réttu og röngu. Þótt ég sé ekki vel kunnugur störfum í sjútvn., þá þykist ég þess viss, að hjá henni muni vera nokkuð af málum, sem vísað var til hennar snemma á þingi, sem þarfara hefði verið að sinna nú. (**JJós:** Allt er afgr. frá n.). Athuga mætti það síðar. Hér er um að

ræða stórt mál. Og það hefir ekki verið venja hingað til að fara þannig að í stórmálunum, að heimtað hafi verið að atkvgr. færi fram á þeim sama fundi, er nál. var útbýtt um málið. Því er svo háttað í okkar þingsköpum, að aðalathugun mála er lögð í skaut nefnda. Það er því ekki hörð krafa, þótt farið sé fram á það, að þm., sem ekki hafa aðstöðu til að athuga mál á meðan á þingfundi stendur, sama fundinum og nál. er útbýtt á, — og sumir vilja einnig láta greiða atkv. um málið á þeim fundi —, fái frest til frekari athugunar á málinu áður en þeir greiða endanlega atkv. um málið. Hæstv. forseti hefir skotið úrskurði um þetta til hv. d., og er því fullkomlega hreinn af ranglæti í þessu efni. Þó hefir þessi regla verið gersamlega brotin í dag, með því að taka mál þetta til umr. áður en hv. dm. hafa átt kost á að athuga það, sem n. hefir gert í því.

Ég þakka hv. þm. Vestm. fyrir það, að nú hefir hann rétt út hönd sína og fengið mér mynd af skarkola og bók, sem inniheldur töluverðar upplýsingar um þetta mál. En reyndar hefi ég ekkert honum fyrir að þakka annað en pappírinn í bókinni, því efni hennar er mér áður vel kunnugt. Annars felst ekki sérlega mikil umhyggja í því að rétta mér bók, sem er full af fróðleik, mitt í ræðu minni. Ég held, að ég verði því að afhenda hv. þm. þessa bók aftur, með þakklæti fyrir þessa hugulsemi.

Hv. þm. hefir fært hér fram ýmsar tölur, til þess að reyna að gera það sennilegt fyrir hv. þdm., að hér sé um mikið hagsmunamál að ræða, sem ekki sé hægt að ganga á snið við. Jú, það er hagsmunamál, en hagsmunamál útlendinga, sem ekki er komið inn á þetta þing fyrir tilstilli stj., eins og ég þegar hefi bent á. Hæstv. stj. hefir ekki sýnt vilja sinn í að sinna þessu máli á stjórnskipulegan og þinglegan hátt. Ég skal náttúrlega ekkert segja um, hvað hæstv. ráðh. kunna að hafa sagt prívat við einstaka þm., en stj. hefir ekki litið svo á, að það væri þess vert að gera neitt fyrir framgang þessa máls. Enda fékk hæstv. stj. þá útreið í vetur hér á þingi í þessu dragnótamáli, að það var ekki von, að hún færi nú að ganga svo í berhögg við yfirlýstan vilja þingsins, að hún færi nú að fitja upp á þessu máli á ný.

Þeir hv. þm., sem hafa skrifað nöfn sín undir þetta skjal, sem hv. þm. var með, hafa verið flekaðir til þess með fölskum málflutningi. Þessi aðferð hv. þm. Vestm. er gersamlega ósæmileg. Hann svífist einskis utan þings, og gengur líka langt á þingi í að reyna að knýja málið fram, með því að knýja hv. þm. til þess að greiða því atkv. þvert á móti undirskrift þeirra. Lengra verður ekki komizt í þessa átt. Þess vegna var það ekki ofmælt hjá mér á dögunum, er ég sagði, að þetta mál kæmi eftir undarlegum leiðum inn á þing.

Ég býst við, þótt ég reyndar hafi ekki rannsakað sögu þingsins frá endurreisn þess, að það sé einsdæmi, að mál, sem borið hefir verið fram á þingi og búið er að vísa á bug, sé tekið aftur fyrir á því sama þingi. En hér er um slíkt að ræða. Þótt orðalag þessa frv. sé dálítið breytt frá því, sem var í vetur, þá er hér algerlega sama málið á ferð.

Þegar hv. þm. þurftu að greiða atkv. um þetta mál í vetur, og leggja sál og samvizku að veði fyrir sannfæringu sinni, þá sneru þeir algerlega baki við þessu, og greiddu nógu margir atkv. á móti málinu til þess að fella það. Þennan lista, sem prentaður hefir verið í nál., yfir nöfn hv. þm., birtir hv. þm. Vestm. því einungis til þess að gera þingbræðrum sínum til háðungar. (**JJós:** Nöfnin voru birt af því, að hv. þm. sagði, að það væru „nokkrir menn"). Nei, aðeins þeim til háðungar, og lengra er ekki hægt að ganga í því að misbjóða samverkamönnum sínum. Vonandi muna þeir þetta, þegar hv. þm. Vestm. biður þá um undirskrift sína næst, hvernig hann launar þeim undirskrift þeirra í fyrra, er þeir nú hafa tekið aðra afstöðu.

Það hefir verið talað um það hér, að þetta sænska frystihús sé reiðubúið til að kaupa fisk fyrir svo og svo stóra fjárhæð, og að afleiðingin verði sú, að verkamenn hér í Rvík fái 30 þús. kr. í verkalaun, Eimskip 100 þús. kr. í flutningsgjöld, og annað þess háttar á að vinnast við dragnótaveiðarnar í landhelginni. Hér bregður hv. þm. ekki sínum gamla vana, því að í meðferðinni á þessum tölum gengur hann á snið við sannleikann,

svo sem frekast má verða, því að einungis er hægt að halda fram þessum tölum, að á því velti öll þessi viðskipti sænska frystihússins, hvort þetta frv. verður samþ. eða ekki. Nú hefir þetta félag starfað að því að kaupa fisk og flytja út, og er það virðingarverð tilraun af félaginu. En þau kaup, sem það hefir gert á fiski að undanförnu, hafa engan veginn byggzt á dragnótaveiðum. Þorskur veiðist ekki í dragnætur, nema grindhoraður, sem ekki getur hreyft sig. Allir fullorðnir þorskar, sem geta hreyft sig í sjónum, skríða undan dragnótinni. Það er fals og blekking að halda því fram, að með þessu eigi að veita fé inn í landið, eða að setja þetta atriði á neinn hátt í samband við frv. (**JJós:** Ég er áður búinn að svara þessu). Hv. þm. getur ekkert annað gert en að éta það ofan í sig, að þessi viðskipti byggist að nokkru leyti á dragnótaveiðum.

Þá er talað um, að frystihúsið geti keypt 100 smálestir af lúðu. Ójá, mér er sem ég sjái hv. þm. Vestm. veiða stórlúðu í dragnót. (**JJós:** Stórlúða er sérstök markaðsvara). Það eru aðeins smávegis lúðulok, sem hægt er að draga upp með nót. En stóra lúðan er veidd á skötulóð og haldfæri, svo að ég taki hv. þm. á kné mér og fari að kenna honum um einfaldar greinir fiskveiðiaðferða.

Nei, það sem í þessu sambandi getur komið til mála að veiða í dragnót, er kolinn. Englendingar veiða mikið af kola hér fyrir utan landhelgina, og ef Íslendingar sýna eins mikla ástundun við það, geta þeir það auðvitað líka. Gildandi lögum samkvæmt má þar, sem ekki eru héraðssamþykktir á móti því, veiða kola hér í landhelginni með dragnót í 3 mánuði að haustinu. En það þarf ekki alla mánuðina september, október og nóvember til þess að uppyrja landhelgina af kolanum. Þegar búið er að sarga leirbotn landhelginnar, þar sem kolinn heldur sig, í svo sem mánuð, þá er þar ekki meiri kola að fá að því sinni, því að þá er búið að draga upp það, sem þar var til af verðmætum kola, og þar veiðist hann ekki aftur fyrr en næsta ár. Af þessum ástæðum er það hreinasta fjarstæða að álíta, að gera verði þær tilslakanir, sem farið er fram á í frv., til þess að þessi tiltekna kolasala geti átt sér stað. Aftur er það svo víðsvegar um land, þar sem útgerð er á vertíðum rekin á vélbátum og stórum skipum, að þeirri veiði er hætt í maí, og þá fara menn að veiða á trillubáta og vélbáta með línu, handfæri og þess háttar. Á þann hátt veiðist mikið af fiski, sem góður er til allra nota, þar á meðal til að selja hann sænska frystihúsinu. Og það er óyggjandi reynsla fengin fyrir því, hvað sem hv. þm. Vestm. segir, að dragnótaveiðin stórskaðar og eyðileggur jafnvel sumstaðar alveg þann veiðiskap. Hv. þm. þarf ekki að byggja á minni sögusögn einni um það. Það liggur hér fyrir skýrsla í tímaritinu „Ægi" frá fiskierindrekanum á Vestfjörðum, þar sem hann segir, að dragnótaveiðin þar á síðastl. hausti hafi eyðilagt veiðina á línu og færi. Það var þannig ekki nóg með það, að þeir, sem dragnótaveiðarnar stunduðu, töpuðu sjálfir, heldur eyðilögðu þeir líka lífsmöguleikana fyrir hinum, sem veiddu með venjulegum veiðarfærum.

Hv. þm. Vestm. hefir alltaf talið sínum málstað mikla stoð í forseta Fiskifélagsins. En hann hefir einnig viðurkennt, að dragnótaveiðarnar við Faxaflóa síðastl. ár hafi lítinn árangur borið. Hann segir að vísu, að einstaka menn hafi borið nokkuð úr býtum, en hann getur auðvitað ekki um hitt, hvað mikilli eyðileggingu dragnótaveiðarnar ullu á veiðiskap annara. Það er vitað og víst, að þó einhverjum kunni að hafa eitthvað áunnizt við dragnótaveiðarnar, þá hafa þeir valdið öðrum fiskimönnum skaða, sem nemur miklu meiru. (**JJós:** Hvernig getur hv. þm. sannað það?). Hv. þm. leggur víst ekki mikið upp úr vitnisburði Guðmundar bónda í Gerðum, þar sem hann býr beinlínis til smánaryrði um Alþingi, sem þessi maður á að hafa sagt. En það logaði þó það á týrunni hjá samvizku hv. þm., að hann sagði á eftir, að Guðmundur hefði nú raunar ekki viðhaft þessi orð. Og þar sem hv. þm. gerir þessum manni upp óvirðingarorð um Alþingi, sem gætu jafnvel hnekkt áliti hans, þá er honum eins trúandi til að snúa út úr hugsun hans eða þeirri meiningu, sem orðin áttu að byggjast á.

Guðmundur þessi er hinn mætasti maður og allra manna kunnugastur fiski-

veiðum hér um slóðir fyrr og síðar, enda hefir hann stundað sjó sem háseti og formaður um 40 ára skeið. Hann er greindur maður og gætinn, eins og hv. þm. munu kannast við af afskiptum hans af fátækramálum og öðru, sem hann hefir látið til sín taka. Er því óhætt að taka fullt tillit til athugana hans á því sviði, sem hér er um að ræða. Og það er með öllu óviðeigandi af hv. þm. Vestm. að ganga svo langt í því að ófrægja þennan mann, að hafa hér eftir honum orð, sem hann hefir aldrei sagt. Guðmundur er staddur hér í Rvík núna; ég skrifaði hjá mér þau orð, sem hv. þm. hafði eftir honum, og skal komast eftir, hvað hæft er í því, sem hv. þm. segir, að þeim hafi farið á milli.

Guðmundur stendur svo sem ekki einn uppi með skoðun sína á afleiðingum dragnótaveiðanna, eins og sést bezt af fundi þeim, sem hv. þm. segir, að fiskifræðingurinn, sem hann vitnar svo oft til hér, hafi verið á suður í Gerðum. Þar fékk fiskifræðingurinn ekki aðeins Guðmund, heldur og almenningsálit sjómannanna upp á móti sér. En hann hélt svo fast við sín vísindi, að hann taldi reynslu sjómannanna ekki annað en bábilju. Það má vera, að hv. þm. hafi sótt til þessa fræðimanns eitthvað af þeim óvirðingarorðum, sem hann notar hér um andstæðinga sína í þessu máli. Ég þekki ekki munnsöfnuð fiskifræðingsins, en ef til vill er svo mikill andlegur skyldleiki milli hans og hv. þm. Vestm., að blætt hafi tveimur æðum saman hjá þeim á þessu sviði. (JJós: Ég benti á, hvað reynslan hefir sannað á síðastl. ári). Já, hún hefir sannað það, að það hefir ekki alveg tekið fyrir allar fiskigöngur á miðin. En hv. þm. sættir sig kannske ekki við minna en að miðin séu svo gersamlega uppurin, að ekki þori upp frá því nokkurt kvikindi sjávarins að lepja þar strauminn. Enn er ekki svo komið, sem betur fer. En hvað hefir þá skeð? Ekki annað en það, að þegar farið var að nota dragnæturnar, tók alveg fyrir smábátaveiðina á ýmsum stöðum. Ég hefi lýst því, hver reynslan varð hér við Faxaflóa og á Vestfjörðum, og ég get skírskotað til þess, sem hv. þm. N.-Þ. sagði um reynsluna fyrir norðan. Hún er sú sama og annarsstaðar, að þegar útlendingar fóru að veiða með dragnótum í landhelgi, tók gersamlega fyrir veiði bátanna úr landi. Hvernig getur svo hv. þm. Vestm. gert þá kröfu til manna, að þeir loki augunum fyrir þessum staðreyndum, sem eru jafngamlar dragnótaveiðunum hér við land? Vísindi og allt þesshátta eru auðvitað mikilsverðir hlutir, en hinsvegar er það prófsteinn á gildi allra vísinda, hvort þau standast dóm reynslunnar. Þau „vísindi", sem ekki standast dóm reynslunnar, eru engin vísindi, heldur hundavaðsháttur einstakra manna, sem ekkert gildi hefir. Sú vísindakenning, sem hv. þm. Vestm. vill styðjast við í þessu máli, gengur í berhögg við staðreyndir. Og hann má ekki ætla sér þá dul, að hann sé gæddur þeim andans krafti umfram aðra menn, að hann geti leyft sér að knésetja þá reynslu, sem fengizt hefir víðsvegar með ströndum landsins, jafnvel þó hann beri fyrir sig einhverja vísindamenn. Þó hann velji þeim, sem bera fram dóm reynslunnar í þessu máli, ýms óvirðingarheiti, hrín það ekki á þeim, heldur varpar fremur skugga á hv. þm. sjálfan. (JJós: Þetta er tómt bull og vitleysa). Hvað sagði hv. þm. í ræðu sinni? Hvaða orð valdi hann okkur, sem aðra skoðun höfum á þessu máli heldur en hann? Ef hann vill nú éta það allt ofan í sig, þá segi ég bara: verði honum að góðu. Þetta var óneitanlega hálfgert hráæti og ómeti, svo ég get ekki betur gert en óskað, að það verði honum að góðu.

Það er fullkominn möguleiki til að fylla þann markað, sem fyrir hendi er, án þess að farið sé að skerða eða jafnvel eyðileggja atvinnumöguleika þeirra, sem smábátaútveg stunda, með því að leyfa dragnótaveiðar í landhelgi. Reynsla síðasta árs sýnir meira að segja, að það eru miklu minni líkur til þess, að markaður sá, sem sænska frystihúsið hefir upp á að bjóða, verði notaður til fulls til hagsmuna fyrir landsmenn, ef frv. þetta er samþ. Það er áreiðanlega betra að lofa bátunum að vera í friði með línur sínar, net og handfæri, því með þeim tækjum berst miklu meira verðmæti á land heldur en dragnótunum, sem eyðileggja miklu meira heldur en með þeim veiðist.

Þar við bætist svo það, sem oft hef-

ir verið minnzt hér á, og vitanlega er stærsta atriðið í þessu máli, en það er rányrkja sú, sem framkvæmd er með botnvörpum og dragnótum. Það er hún, sem bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í landhelgi byggist á frá upphafi, bæði hér og annarsstaðar, sem landhelgi er friðuð, sem er alstaðar þar, sem nokkur litur er sýndur á að hlúa að fiskiveiðum. Sumstaðar er friðað miklu stærra svæði en hér, allt upp í 6 mílur frá landi. eins og er við Spánarstrendur.

Hv. þm. dró mjög dár að því, að ég minntist á Selvogsbanka í sambandi við þetta mál. Honum ferst. Hann er svo sem ekki einn um það hér á landi að hafa lifað og dafnað vel af fiski. En hans góða afkoma á rót sína að rekja til Selvogsbanka. (**JJós:** Hvað kemur hann þessu máli við?). Ég kem nú að því. Hv. þm. ætti að vita það, að það er ekki nóg að hafa Selvogsbanka. Á Selvogsbanka koma úr kviði fiskjarins, svo ég tali nú alþýðlega um þessa hluti, örsmá hrogn í milljónatali, sem eru hinir fyrstu lífneistar hinnar nýju fiskkynslóðar, sem afkoma landsins byggist að miklu leyti á. Þessar lífverur þurfa sérstök skilyrði til þess að geta vaxið upp og orðið nytjafiskar, og þau skilyrði eru ekki fyrir hendi á Selvogsbanka. Þess vegna koma hrognin upp á yfirborðið og berast með straumnum norður um land. Svo þegar þessar litlu verur eru búnar og fá sporð og ugga og orðnar þess umkomnar að „praktisera" á eigin spýtur í sjónum, þá draga þær sig þangað, sem er nægileg hlýja og önnur lífsskilyrði fyrir þær, en það er viðsvegar með ströndum landsins innan landhelginnar. Á þessu byggist, að verið er að friða landhelgina. Þar er verið að skapa þessum ófullkomna skapnaði lífsskilyrði meðan hann er veikur og vanþroska, svo hann geti dafnað og orðið fær um að taka á móti hinum óblíðari náttúruöflum, þegar haustar. Þess vegna er fullkomið samband á milli Selvogsbanka og hinnar friðuðu landhelgi, og standa orð mín þar að lútandi óhögguð. Það er sá hluti landhelginnar, sem næst liggur Selvogsbanka, sem hv. þm. vill nú taka út úr og gera að fótaþurrku ekki aðeins rányrkju innlendra manna, heldur einnig Dana og Færeyinga. Þeir hafa, eins og menn vita, jafnan rétt landsmönnum sjálfum, en það, sem haldið hefir þeim frá dragnótaveiðum hér, er það, að þær hafa ekki verið leyfðar fyrr en á haustin, þegar allra veðra er von. Og eins og sýndi sig fyrir norðan í fyrra, eru þeir fljótir til að koma, ef þær eru leyfðar yfir sumarmánuðina. Þeir innlendu menn, sem telja sig réttbornari til að njóta fiskimiðanna við strendur landsins heldur en þá, sem sigla undir danska fánanum, munu varla verða hv. þm. þakklátir fyrir baráttu hans fyrir því að skerða vernd landhelginnar.

Að því leyti, sem hv. þm. var að tíunda hagsmuni landsmanna af því að smíða kassa utan um fisk til útflutnings, þá eru þeir jafnt til staðar, þó þetta frv. sé ekki samþ. Það þarf eins kassa utan um þá rauðsprettu, sem veidd er í september og október, eins og þá, sem veidd yrði í júní og júlí. Svo er kassagerðin náttúrlega miklu meira byggð á öðru heldur en kassaþörf sænska frystihússins. Það er alkunnugt, að ýmsir menn víðsvegar af landinu flytja út fisk í kössum, fisk, sem ekki er veiddur í dragnætur. (**JJós:** Ég sagði aldrei, að kassagerðin væri eingöngu til vegna dragnótaveiðanna). Jæja, hv. þm. er nú farinn að draga í land. (**JJós:** Ég er ekkert að draga í land). Hv. þm. getur viðhaft þau hreystiyrði, sem hann vill. Það sér hver maður, að þessi málaflutningur hans, að frv. eigi að bjarga hagsmunum kassagerðarinnar, er byggður á sandi, sem ekki þarf nema örlítið vindgráð til að sópa undan fótum hans.

Eitt virðist þó hv. þm. hafa lært af mér við þessar umr. Hann sagðist nefnil. ekki lengur vilja deila um skaðsemi dragnótaveiðanna. Ég get ekki skilið það öðruvísi en þannig, að ég sé búinn að sannfæra hann í því efni, og er hann þá kominn í samræmi við fyrri afstöðu sína, því hér einu sinni vildi hann vera ötull liðsmaður við að vinna að verndun landhelginnar. Ég vil til viðbótar því, sem ég hefi áður sagt um þann stuðning, sem hv. þm. Vestm. sækir máli sínu til framdráttar til Árna Friðrikssonar fiskifræðings, benda á það, að þegar fiskifræðingurinn hefir fellt þann dóm, að dragnótaveiðarnar séu óskaðlegar, í ritgerð, sem gekk

mikið á milli hv. þm. fyrir tveimur árum í sambandi við umr. um þetta mál, þá drepur hann jafnframt á, að afleiðingin af því að leyfa dragnótaveiðar muni verða sú, að í framtíðinni reki að því, að setja verði friðunarlög fyrir kolann. Hann stendur þannig ekki fastari fótum í sinni vísindakenningu um skaðleysi dragnótaveiðanna en það, að hann býst við, að með tímanum valdi þær þeirri tortímingu á fiskistofninum, að það verði að banna þær þegar fram í sækir. Þetta stendur skýrum stöfum í umræddri ritgerð. (JJós: Má ég minna hv. þm. á aðalniðurstöðu fiskifræðingsins, sem er, að við eigum að veiða kolann í dragnætur). Já, hann segir, að við eigum að veiða og veiða. En hvernig færi, ef sú kenning væri færð út á víðara svið og gengið milli bols og höfðuðs á fiskstofninum, svo að við gætum ekki einu sinni aflað í soðið lengur? Hvaða afleiðingar ætli það mundi hafa fyrir þjóðina? (JJós: Hv. þm. vill friða kolann fyrir Englendinga). Við erum að vernda okkar eigin hagsmuni með friðuninni, en þó Englendingar kunni að njóta einhvers góðs af því, að við eyðileggjum ekki kolann; þá getum við ekki gert að því. Við ráðum ekki yfir stærra svæði af hafinu umhverfis landið heldur en landhelgin nær yfir.

Þá kom hv. þm. að því, sem ég hafði mjög gert að umtalsefni í minni ræðu hér á dögunum, að með þessum ákvæðum frv. er hann að skapa mismunandi aðstöðu fyrir borgara innan þjóðfélagsins, gefa mönnum á Norður- og Austurlandi ríkari rétt til áhrifa og yfirráða um það, sem skiptir þeirra aðalatvinnuveg. Þennan rétt, sem menn á þessum svæðum hafa nú og eiga að halda áfram að hafa hjá hv. þm., á að taka af borgurunum, sem búa á svæðinu frá Hjörleifshöfða að Látrabjargi. Af því að hv. þm. lítur svo á, að hans forsjá fyrir því, hvernig þessu skuli hagað, sé svo miklu meira virði en sú forsjá, sem annarsstaðar er lögð í hendur þeirra einstöku manna, sem eiga hagsmuni sína undir þessu. Með allri virðingu fyrir hv. þm., þá getur þetta, þó hann líti þannig á málið, engan veginn réttlætt að fara þannig að eins og hér er gert. Þetta er því alveg nýtt fyrirbrigði í löggjöf, að gera þannig upp á milli áhrifavalds borgaranna um sín mikilsverðustu mál, atvinnumálin, eins og farið er fram á hér í þessu frv. Það er náttúrlega ótrúlegt, að þingið geti fallizt á að fara að gera þannig upp á milli manna í þessum efnum.

Út af því, sem hv. þm. sagði um það, að ég hefði ekki allskostar hreinar hendur sjálfur um það að vilja gera upp á milli manna í þessum efnum, þá benti hann á tvö dæmi sínu máli til stuðnings. Annað var mjólkurmálið, sem lá fyrir d. hér á dögunum, og hitt frv., sem hann sagði, að ég hefði flutt til friðunar Faxaflóa. Þetta er algerlega rangt. Ég hefi aldrei flutt neina till. um að friða Faxaflóa sérstaklega. Ég hefi oft á undanförnum þingum flutt till. um að friða landhelgina, og ég skal til sönnunar máli mínu lesa upp till., sem ég hefi flutt um þetta efni. Þær ganga allar í sömu átt. Þessi till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá samningum við Stóra-Bretland um landhelgi Íslands breytt á þá leið, að hún sé færð út, þannig að innan hennar verði allir firðir og flóar og helztu bátamið".

Þetta er innihald þeirra till., sem ég hefi flutt um friðun landhelginnar, og ég ætla, að hv. þm. sjái, að þetta er dálítið annað en að fara fram á að fá Faxaflóa friðaðan einan allra flóa, þó það væri náttúrlega afarmikilsvert fyrir fiskiveiðarnar, af ástæðum, sem ég hefi tekið fram. Ég ætla því, að ég hafi gersamlega slegið niður það, sem hv. þm. var að réttlæta sínar óskaplegu till. um að gera hér upp á milli borgaranna, með því, að ég hafi á nokkurn hátt gefið nokkurt fordæmi til slíks. (JJós: Það er gert með þessari till.). Það er undarlegt, ef allir firðir og flóar og helztu bátamið eru sama sem Faxaflói einn. Hv. þm. hlýtur þá að álíta, að ekki séu til nein fiskimið nema Faxaflói.

Hv. þm. var eitthvað að tala um það, að hann á undanförnum þingum hefði verið að gera tilraunir til þess, að menn fengju leyfi til að opna landhelgina aftur, þeir sem það vildu. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. ætlar að samríma þessa hugsun. Það, að á einhverjum stað er bönnuð

veiði með samþykkt, byggist á því, að meiri hl. hefir fengizt fyrir slíku banni, og á því byggist sú staðfesting, sem er nauðsynlegt að fá hjá stj. til þess að ekki sé heimilt að veiða á þessum tíma. En ef þessir sömu menn, sem staðið hafa að því að fá þessar samþykktir, hafa fallið frá þessari skoðun sinni, þá leiðir af sjálfu sér, að þá fellur þetta bann gersamlega niður. Þess vegna getur þetta, sem hv. þm. var að tala um, ekki samrímazt neinni heilbrigðri hugsun. Ef hv. þm. hefir einhverntíma verið að fitja upp á einhverju slíku, sem ég ekki man eftir, þá er ekki nema eðlilegt, að bæði ég og aðrir, sem vilja hafa eitthvað frekara vit í þessari löggjöf, hafi þá snúizt á móti slíkum till.

Það birtist nú grein í Morgunbl. í dag, þar sem skýrt er frá útkomu tveggja báta, sem stundað hafa dragnótaveiði við Faxaflóann síðastl. sumar. Útkoman er sú, að á öðrum bátnum voru þeir ekki svipað því matvinnungar, og þar að auki varð þessi útgerð þeirra til þess, að þeir misstu þá atvinnu, sem þeir hefðu annars getað aflað sér annarsstaðar, með því að stunda aðra vinnu. Og eftir því, sem mér er sagt, þá eru menn ekki neitt sérstaklega fíknir í að fara inn á þessa braut aftur, sökum þeirrar óskaplegu útreiðar, sem þeir fengu af þessari útgerð síðastliðið ár.

Það er talað um það í þessari grein, að menn hafi þó átt kost á að fá í fyrra það verð fyrir kolann, sem nú er talið, að þeir eigi að fá í sumar. Það stendur skýrum stöfum í þessari grein, að þeir hafi átt kost á að fá 30—40 au. fyrir kg. af kolanum, og það er verðið, sem gert er ráð fyrir, að þeir fái í sumar. Ég sé því ekki, að það séu mikið glæsilegar vonir framundan hjá þessum mönnum, að binda sig við þessa útgerð og kasta þar með frá sér öllum möguleikum, er kynnu að vera fyrir hendi hjá þeim til að fá aðra atvinnu yfir sumartímann. Það er ekkert undarlegt, þó þessir menn séu ragir við það, þegar svo afleiðingin mundi sjálfsagt verða sú, að það spillist fyrir veiðinni, sem stunduð er á annan máta hér á grunnmiðunum við Flóann og verður til þess að eyðileggja eða skerða þá möguleika, sem menn hafa fyrir því að selja þennan aflafeng í ishús og á markaðinn hér í Reykjavík.

Hvað höfum við þá upp úr þessu? Ekkert nema tap og tjón. Það er stefnt út á ófærur og eyðileggingu, líka frá þessu sjónarmiði, sem á að vera aðalgrundvöllurinn fyrir því, að samþ. þurfi frv., — þó maður hverfi alveg frá höfuðatriði þessa máls, hvaða tjón af því leiðir að leyfa rányrkju innan landhelginnar.

Ég sé þess vegna ekki annað en að þetta mál liggi þannig fyrir nú engu síður en áður, að það sé hreint og beint skylda þingsins að láta slíkt mál ekki ganga fram, þar sem líka við bætist hið herfilega misrétti, sem skýtur fyrst nú upp höfðinu í þessu frv., að gera borgurum þjóðfélagsins mishátt undir höfði, með því að taka ákvörðun um það, sem á mestu veltur fyrir þá, sem eru þeirra atvinnuvegir.

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Mér sýnist deildin svo þunnskipuð, að ég held, að ég verði að fara fram á, að atkvgr. sé frestað.

**Pétur Ottesen:** Mér þykir skörin vera að færast upp í bekkinn. Hv. þm. Vestm. var að átelja mig fyrir að tefja málið með því að fara fram á, að það yrði tekið út af dagskrá, en nú fer hann sjálfur í mína slóð. Ég held, að það sé bezt, úr því að hann vildi beita svo miklu ofurkappi um að fá þetta mál inn í deildina í dag, að það komi nú til atkv. **(Rödd af þingbekkjum:** Deildin er ekki ályktunarfær). Það er hæstv. forseti, sem sker úr því.

**Forseti (JörB):** Ætli það sé nokkuð hættulegt með málið, þó að gengið sé til atkv.? En annars vil ég ekki, að úrslit málsins séu komin undir því, að það vanti svo marga. Óskar hv. þm. Vestm. eftir því, að fram fari atkvgr.?

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég get þá fallizt á, að fram fari atkvgr., úr því að deildin er orðin ályktunarfær.

ATKVGR.

Brtt. 763 (ný 1. gr.) samþ. með 11:4 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:7 atkv.

---

Á 83. fundi í Nd., 26. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 785, 799).

**Frsm. (Jóhann Jósefsson):** Ég tók það fram í upphafi við flutning þessa máls, að frv. væri fram komið vegna þess, að með samþykkt þess væri séð fyrir sumaratvinnu fjölda sjómanna og margra verkamanna hér í Reykjavík. Í því sambandi drap ég einnig á það, að Alþingi gerir nú stórfelldari ráðstafanir en venjulegt er að gera, vegna vandræða manna á yfirstandandi örðugleikatímum, til þess að mönnum mætti skiljast, að hér er virkilega um þjóðþrifamál að ræða, sem þarf fram að ganga, því að ég tók þetta aðallega fram til skilningsauka fyrir þá, sem eru á móti þessu máli. Við í sjútvn. viljum undirstrika þennan skilning á frv. enn frekar með því að binda þessa löggjöf við árslok 1934, og flytjum við brtt. í þá átt á þskj. 799, þannig, að ef l. hafa ekki komið til framkvæmda fyrir þann tíma, falla þau úr gildi af sjálfu sér. N. var þeirrar skoðunar, að þetta mundi gera málið aðgengilegra fyrir þá, sem enn höfðu ekki opin augu fyrir nytsemi þess. Þetta er aðalbrtt. n. við frv., og hin brtt. er aðeins nauðsynleg leiðrétting á texta frv. vegna breyt., sem áður hefir verið á því gerð.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég hafði ekki lokið máli mínu síðast, er þetta mál var hér til umr. við 2. umr., en eftir samtali við forseta treysti ég því, að annað mál á dagskránni, sem vitað er, að tekur nokkurn tíma að afgreiða, yrði tekið fyrir á undan, og hefi ég því nú ráðstafað tíma mínum svo, að ég er meira viðbundinn en ég hefði óskað að vera, þegar d. leggur síðustu hönd á þetta dragnótaveiðamál.

Mér er kunnugt um það, að meira kapp er nú lagt á að koma þessu máli áfram en nokkru sinni áður, og er mjög reynt að snúa þm. og fá þá til að greiða atkv. ofan í sjálfa sig. Við eigum oft að fagna innlendum og útlendum gestum hér á Alþingi, sem velkomnir eru hingað, en það hefir sýnt sig í þessu máli, að þeir eru ekki síður velkomnir hér á Alþingi, sem eiga rætur sínar að rekja til annara landa, og virðist sem útlendingarnir hafi ekki síður áhuga fyrir málinu en sjálf landsins börn, sem eiga framfærslu sína og afkomu undir því, hvernig fer um íslenzka atvinnuvegi í nútíð og framtíð. Það virðast því ýms öfl vera hér að verki nú, sem ekki er venjulegt, þegar um er að ræða löggjöf hér á Alþingi. Ég minnist þó eins dæmis, þegar líkt var ástatt í þessum efnum, en þá var um að ræða ráðstafanir út af dýrasjúkdómi einum, sem þá geisaði í nágrannalöndum okkar, og gengu þær ráðstafanir í þá átt að takmarga innflutning á vissum dýraafurðum. Var óspart unnið á móti þeim ráðstöfunum af fulltrúum þeirra ríkja, sem innflutningstakmörkunin kom niður á. Stendur líkt á hér nú, og vildi ég aðeins vekja athygli hv. dm. á þessu, og ætti þess þó reyndar ekki að þurfa, því að ég býst við, að flestir hv. þm. hafi fengið að smakka á þeim beint eða óbeint í gegnum ýmsa milliliði.

Sjútvn. flytur nú brtt. við frv., sem í sjálfu sér er einskis virði, en felur þó í sér viðurkenningu á málstað okkar, sem á móti þessu máli höfum barizt, af hálfu þeirra manna, sem fastast hafa haldið á málinu og digurbarkalegast talað um það, að allar mótbárur gegn því væru ekki annað en bábiljur og annað því um líkt, sem látið hefir verið klingja. Í brtt. felst þó sú viðurkenning, að þetta sé ekki eins mikil bábilja og hv. flm. og fylgismenn málsins hafa látið. Í þeim felst viðurkenning á því, að ekki sé rétt að setja löggjöf um þetta til frambúðar, þó að tilgangurinn með brtt. sé að vísu ekki annar en sá, að fleka menn til fylgis við málið, svo að hægt sé að koma þessari fáránlegu skaðsemdarlöggjöf á um aldur og ævi. Ég vil endurtaka það, að brtt. er ekki annað en lævísleg tilraun til blekkingar.

Auk þeirrar skaðsemdar fyrir fiskiveiðar vorar í nútíð og framtíð, sem frv. felur í sér, þá leiðir líka af því, að þjóðfélagið er hreint og beint klofið í tvennt. Norður- og Austurland eiga að búa við önnur lagaákvæði en Suður- og Vesturland. Það hefir bólað á því, að ýmsir æsingamenn hafa reynt að koma slíkum

klofningi af stað með því að blása að kolum óánægju og sundurlyndis, til að geta fiskað sjálfir í gruggugu vatni. En þetta er fyrsta skiptið, sem löggjafarvaldið sjálft gerir slíka tilraun. Aldrei fyrr hefir komið fram á Alþingi viðleitni í þá átt að gera þegnana misréttháa eftir því, hvar þeir búa á landinu. Mætti því vænta þess, þó að sleppt sé öðrum skaðsemdarákvæðum frv., að sjálft Alþingi gengi ekki inn á þá braut að kljúfa þjóðfélagið til að stofna til óeirða og illinda meðal þegnanna, sem hlýtur að leiða af slíku misrétti. Það er óhugsandi, að þegnarnir láti bjóða sér slíkt. Borgararnir, sem standa jafnt undir byrðum ríkisins hvar á landinu sem þeir eru, sætta sig ekki við, að réttur þeirra til ákvarðana sé gerður svo misjafn sem frv. þetta miðar að.

Það er skömm að því, að nokkur þm. skuli bera þetta frv. fram, og höfuðskömm, að nefnd skuli ljá því fylgi sitt. En það bítur höfuðið af skömminni, ef Alþingi leggur blessun sína yfir slíkan draug og ófreskju.

Ég hefi bent á það áður, að frv. þetta ber næsta undarlega að. Um leið og Alþingi er að ganga frá lögum, sem tryggja mönnum sem jafnastan rétt til að hafa áhrif á fulltrúaval þjóðarinnar hvar sem þeir eru á landinu, er borið fram frv. um þetta, er gengur svo herfilega í gagnstæða átt. Ég vænti þess því, að þótt einungis sé litið á þetta atriði, firri meiri hl. deildarinnar Alþingi þeirri svívirðingu, að frv. nái fram að ganga.

Þá vil ég víkja nokkuð að þeirri stefnu, sem tekin er upp í frv. að öðru leyti, þótt ég hafi að vísu oft gert það áður. Það er hv. þm. Vestm., sem ber ábyrgð á því, að frv. er fram komið, ásamt þeim, er lagt hafa sinn skerf til þess, að hann flytur það. (**JJós**: Frv. er flutt beint af mér). Hv. þm. veitir ekkert af að dreifa ábyrgðinni, og mun ekki hrökkva til; þótt hann hafi breitt bak og herðar, hefir hann engan kraft til þess, hvorki andlega né líkamlega, að rísa undir slíkri ábyrgð, hvorki einn né með öðrum, og reynslan mun sýna honum, að hann hefir hér af oftrausti reist sér hurðarás um öxl.

Til að gera fullkomlega ljóst, í hvaða farvegi þetta mál hans liggur, vil ég benda mönnum á grein um dragnótaveiðar, sem birtist í einu dagblaðinu í gær, og vil ég í því sambandi sérstaklega beina máli mínu til hv. 1. þm. S.-M., sem hefir nú látið flekast í þessu máli á gamals aldri. Í greininni er sagt, að dragnótaveiðar séu ekki aðeins óskaðlegar, heldur hreinasta auðsuppspretta, og ekki nóg með það, heldur eiga þær að vera nauðsynlegur liður í öðrum fiskiveiðum. Hv. þm. Vestm. hefir jafnan haldið þessu sama fram, en sá er munurinn, að Arinbirni þessum, er greinina hefir skrifað, hefir tekizt að setja þetta skýrar fram í nokkrum orðum en hv. þm. Vestm. í öllum ræðum sínum á Alþingi. Hjá Arinbirni kemur fram sama lotningin fyrir hinum nýja fiskifræðing, svo að úr þessu öllu saman verður ein brosandi þrenning: Arinbjörn, hv. þm. Vestm. og fiskifræðingurinn. Og svo kemur Arinbjörn með höfuðatriðið úr kenningu þrenningarinnar í fáum en ljósum orðum í Vísi á uppstigningardag. Hann segir, að fiskur hafi undanfarið verið tregur við Garðskagann, en sé nú þar uppi í landsteinum. Og orsökin er, að þar hefir verið veitt með dragnótum á sumrum!! Og svo klykkir hann út með þessum vísdómi: „Þetta kemur alveg heim við álit fiskifræðinga, er halda því fram, að dragnótin sé raunverulega jafnnauðsynleg fyrir sjávarbotninn eins og plógurinn fyrir akurinn".

Þarna er búið að draga saman í þrjár línur í Vísi kjarnann í kenningum þeirra manna utan þings og innan, er að frv. standa. Hún er þá sú, að nauðsynlegt sé að plægja sævarbotninn með botnvörpum og dragnótum og hverskonar vélum og vítisvélum, eins og plógur gerir, sem dreginn er yfir holt og hæðir. Ég vil ræðilega vekja athygli hv. 1. þm. S.-M. á þessu. Við höfum nú setið saman á 20 þingum og átt mikið saman að sælda, m. a. í sjútvn., og oftast verið í góðri samvinnu. 1919 fluttum við þáltill. um að skora á stj. að færa út landhelgina. Þá var Alþingi þeirrar skoðunar, að landhelgin væri ekki nógu stór til að veita ungviðinu öryggi og að stærri svæði út frá landi þyrfti að fá friðuð fyrir botnvörpum og öðrum tækjum, sem eyða öllu, sem fyrir er.

Ég vil gjarnan minna hv. 1. þm. S.-M. á þetta nú, þegar hann hefir látið flekast

til fylgis við þá menn, sem telja það nauðsyn að plægja sjávarbotninn eins og kargaþýfi.

Hv. 1. þm. S.-M. samdi grg. við þessa þáltill. 1919 og var frsm. hennar í Nd. Í grg. komst hann m. a. svo að orði:

„Mesta áherzlu verður að leggja á friðun fjarða og flóa, þar sem grunnmiðaveiði er stunduð og botngróðurinn með dýralífi því, sem honum fylgir, hænir fiskinn að á vertíðinni; þær stöðvar liggja víða rétt utan við núv. landhelgislínu, eins og t. d. í innri hluta Faxaflóa".

Þá var hv. 1. þm. S.-M. þeirrar skoðunar, að skaðlegt væri, að þessum botngróðri frá náttúrunnar hendi væri rótað um og spillt. Ég vil benda á þetta til að sýna, hve ákaflega þessi hv. þm. hefir látið flekast síðan.

Það er byrjað á því að slaka á banni gegn dragnótaveiði í landhelgi. En ef nauðsynlegt er að róta upp sjávarbotninum — hvar á þá að láta staðar numið? Við erum á leiðinni til að gera landhelgina að sama fótaskinni og miðin eru nú. (JJós: Það er enginn, sem heldur þessu fram). Ég er einmitt að túlka skoðun hv. þm. Vestm., nema hann vilji nú eta allt ofan í sig, sem hann er búinn að segja. (JJós: Ekki get ég gert að því, hvað skrifað er í Vísi). Nei, en hv. þm. getur gert að því, til hvers hann er notaður hér á Alþingi. Og þótt ekki sé nema gott, að hv. þm. sjái að sér nú á síðustu stundu, finnst mér það alls ekki drengilegt af honum að afneita nú þegar Keflvíkingnum, sem manna bezt og gagnorðast hefir sett fram skoðanir hans.

Það, sem frv. stefnir því að, auk þess að kljúfa þjóðfélagið í tvennt, er að opna landhelgina til fulls. Þeim, sem að þessu frv. standa, væri alveg eins trúandi til að koma með það sem hallærisráðstöfun að leyfa botnvörpuveiðar í eitt ár í landhelginni. Það er sennilegt, að þetta eina ár aflaðist meira en ella, þótt það yrði auðvitað aðeins á kostnað allrar framtíðar.

Það verður að gera sér ljósa grein fyrir, hvaða stefna er að skjóta hér höfðinu upp. Undanfarin ár hefir verið lögð áherzla á að rækta landið og landhelgina, ef svo mætti að orði kveða, með því að friða þar ungviðið. En sú stefna, sem fram kemur í frv., brýtur í bág við þessa viðleitni og alla framtíðarstefnu, auk þess sem hún er fyrsta tilraunin af hálfu þess opinbera til að kljúfa þjóðfélagið í tvennt.

Hv. þm. Vestm. var að nota þetta tækifæri til að telja eftir stuðning Alþingis við bændur í kreppunni. (JJós: Þetta er ósatt). Hann sagði, að í frv. þessu fælust miðlunarráðstafanir, og það var einhver eftirtöluhreimur í honum. En ef hann neitar, að svo hafi verið, skal ég taka orð mín aftur.

Hv. þm. sagði, að við, sem erum á móti frv., værum að berjast á móti hagsmunum sjávarútvegsins. En við viljum einmitt verja landhelgina fyrir sjávarútveginn, eins og gert hefir verið. Hefði það ekki verið gert, hefði ástand sjávarútvegsins verið eitthvað svipað og landbúnaðarins nú. Það er einmitt vegna þessarar varðveizlu landhelginnar, að sjávarútvegurinn hefir bolmagn, jafnframt góðum vilja, til að hjálpa sveitunum nú. Þetta verður hv. þm. Vestm. og þeir, sem fylgja honum, að gera sér ljóst. Ég vona, að aldrei komi til þess, að Alþingi fari að samþ. löggjöf, sem bæði er hættuleg fyrir stærsta atvinnuveginn og friðinn í landinu. Því að friðnum er hætt, ef gert er upp á milli þegnanna. Það er ekki góð bjargráðaráðstöfun af hálfu sjálfs löggjafarvaldsins, að kljúfa þjóðina í tvennt, og sízt á erfiðum tímum, þegar nauðsyn ber til, að vandamál þjóðarinnar verði leyst í sátt og samlyndi.

ATKVGR.

Brtt. 799,1 samþ. án atkvgr.

— 799,2 samþ. með 15:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** VJ, ÁÁ, BJ, BÁ, GÍ, HG, HV, JJós, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, StgrS, SvbH, SvÓ.

**nei:** ÞorlJ, BKr, HStef, HJ, IngB, PO, JörB.

JAJ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (TrÞ, BSt) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 82. fundi í Ed., 27. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 810).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv.

— Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr.

**Jón Jónsson:** Ég vildi mega æskja, að forseti tæki málið af dagskrá, þar sem ekkert hefir sézt frá nefndinni.

**Jón Baldvinsson:** Ég mótmæli því, að málið sé tekið af dagskrá. Það er ekki flóknara en svo, að hv. þm. er vorkunnarlaust að taka afstöðu til þess. Nú er svo langt liðið á þingtímann, að vel getur farið svo, að slík töf yrði til þess, að málið dagaði uppi, og væri illa farið, ef ákveðinn þingvilji yrði að lúta í lægra haldi fyrir slíkum töfum.

**Halldór Steinsson:** Ég vil taka undir þá ósk hv. 3. landsk., að málið verði tekið af dagskrá. Ég hefi heyrt, að von væri á brtt. frá n., og hefi því látið dragast að koma með brtt. sjálfur.

**Ingvar Pálmason:** Ég á sæti í n., og ég sé enga ástæðu fyrir þann hluta hennar, sem ég tilheyri, að málið sé tekið af dagskrá. Sá hluti ætlar ekki að flytja brtt., og ef aðrir ætla sér það, er nægur tími til þess enn.

**Jakob Möller:** Ég álít réttara að taka málið af dagskrá, einkum þar sem brugðið hefir verið út frá venju með því að taka málið á dagskrá áður en nál. er komið fram.

Mér finnst hæpið að tala um ákveðinn þingvilja í þessu máli. Nd. neitaði í vetur að staðfesta bráðabirgðalög um svipað efni síðan í sumar, þótt þetta frv. hafi nú verið samþ. þar. Mér finnst því síður ástæða til að flaustra málinu, þar sem ég er í vafa um, hvort heimilt sé að bera þetta frv. fram, eftir að hitt var fellt. Ég á sæti í sjútvn. og hefi lýst þar yfir, að ég greiði atkv. á móti málinu. Má vera, að hv. þm. Snæf. hafi átt við mig, er hann var að tala um, að von væri á brtt. frá n., en ég mun ekki koma með þær fyrr en við 3. umr., ef þá eru horfur á, að málið gangi fram í einhverri mynd.

**Jónas Jónsson:** Ég vil mótmæla því, að málið sé tafið á óeðlilegan hátt með því að taka það af dagskrá. Sú tilraun, sem gera á samkv. frv. þessu, sem komið er fram fyrir forgöngu hv. þm. Vestm., miðar að því að nota sér eitt hið stærsta bjargræði í bænum, sænska frystihúsið. Hér veltur á því, hvort gera á sér leik að því að hindra, að þúsundir manna fái bætta atvinnu í sumar.

Ég held, að allir hljóti að sjá, að þetta mál skýrist ekki mikið við það, þó að hv. sjútvn. láti fylgja því álit í einni eða tveimur línum; enda liggur það ljóst fyrir. Þeir hv. þdm., sem vilja bera fram brtt. við frv., geta gert það við 3. umr. Þeir, sem vilja taka málið út af dagskrá nú, gera það ekki í öðrum tilgangi en þeim, að tefja framgang þess. Og þá er miklu hreinlegra að láta málið koma til atkv. nú þegar og fella það, ef meiri hl. þessarar hv. d. vill svo vera láta.

**Jón Baldvinsson:** Hv. form. sjútvn. hefir lýst því yfir, að hann mundi ekki flytja brtt. við frv., og annar maður úr n. hefir einnig lýst því yfir, að hann mundi ekki heldur flytja brtt. við 2. umr. Og þar sem slíkar yfirlýsingar eru fram komnar frá meiri hl. sjútvn., þá skilst mér, að burt sé fallin ástæðan fyrir því að taka málið út af dagskrá. Ég vil geta þess út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að samskonar mál og þetta hefði verið fellt í Nd. snemma á þessu þingi, að forseti Nd. hefir athugað það vendilega, hvort flutningur þessa frv. færi nokkuð í bág við fyrirmæli þingskapa, og komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri löglega fram borið, og hefir hann gefið úrskurð um það. En ef hæstv. forseti þessarar d. skyldi vera í vafa um það, hvort hann á að láta þetta mál halda áfram nú, þá vil ég beina því til hans, ef hann þykist ekki geta orðið við þeim óskum að taka málið fyrir, að hann beri það þá a. m. k. undir deildina, hvort það skuli tekið út af dagskrá.

**Forseti (GÓ):** Ég hafði gott af hv. 2. landsk. nú eins og svo oft áður. Þar sem útlit er fyrir, að hv. þd. skiptist í 2 flokka um þetta mál, þá býst ég nú við að fara að ráðum hv. 2. landsk. og bera það undir d., hvort þetta frv. skuli tekið út af dagskrá. Annars býst ég við, að ég hefði orðið við óskum þeirra hv. þdm., sem fóru fram á það. Þó að þessi hv. þd. sé nú farin að tíðka þá aðferð að neita um afbrigði til þess að einstök mál megi komast hér að til umr., þá er nú ekki svo mikil hætta á því, að þetta mál dagi uppi í þinginu, þó það verði tekið af dagskrá nú, þar sem það á svo lítið eftir. Og þar sem deildin er nú fremur þunnskipuð og dm. koma ekki, þótt ég hringi til atkvgr., þá get ég ekki verið að ganga eftir þeim lengur og tek málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 31. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 810, 882).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 882. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Ingvar Pálmason:** Þetta frv. er komið frá hv. Nd., og eins og þingheimi er kunnugt, þá fer það fram á, að gerðar verði breyt. á lögum um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, um að veitt verði undantekning frá þeim lögum, sem bundin sé við viss svæði af landhelginni, og er sú breyt. fólgin í því, að lengdur verði sá sími, sem leyft er að veiða með dragnót í landhelgi.

Þetta mál hefir verið sótt og varið af miklu kappi. En telja má, að það sé ein af þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegt er að framkvæma til þess að bæta úr ástandinu og erfiðleikunum, sem nú eru fyrir höndum, sérstaklega að því er snertir smærri útgerðarmenn. Sá hv. þm., sem flutti þetta frv. í Nd., gerði það af alveg sérstökum ástæðum. Og ástæðurnar eru þær, að nú er fengin full vissa fyrir því, að þær fisktegundir, sem veiddar eru í dragnót, sérstaklega kolann, er hægt að selja hér innanlands fyrir gott verð. Áður hefir það nokkuð dregið úr áhuga manna fyrir því að notfæra sér þessa fiskveiðaaðferð, að erfiðlega hefir gengið um markaðsmöguleika fyrir kolann. Ég þarf ekki að lýsa því, öllum hv. þdm. er það vafalaust kunnugt, að sænska frystihúsið hér í Rvík hefir boðizt til að gefa ákveðið verð fyrir kolann og annan fisk, sem veiddur kynni að verða í dragnætur á smábáta, en það er jafnframt bundið þeim skilyrðum, að þessi veiði verði byrjuð fyrr en lögin gera nú ráð fyrir. Ég ætla ekki að fara út í þau andmæli, sem flutt hafa verið gegn þessu máli. En hingað til finnst mér, að það hafi verið þyngst á metunum, hvað kolaveiðarnar hafa borið sig illa. Hinu verður ekki neitað, að því hefir verið haldið fram með talsverðum rökum, að kolaveiðar með dragnót í landhelgi væru spillandi. Ég skal ekki fara langt út í það mál, en get þó viðurkennt, að ég stend það mikið í gamla tímanum, að ég trúi, að slíkt geti átt sér stað, Sérstaklega ef möskvastærðin á veiðarfærunum er svo ógætilega þröng eða lítil, að mikið af ungviði sezt í nótina þegar hún er dregin eftir botninum, ef þá er ekki skeytt um að sleppa aftur því smælki úr nótinni, sem ekki er markaðshæft. Að þessu leyti getur það verið rétt, að dragnótaveiðin sé spillandi, og eitt er víst, að nágrannaþjóðir okkar hafa fundið ástæðu til að setja ákvæði um möskvastærð á dragnótum, a. m. k. á vissum svæðum. Hitt held ég, að séu öfgar, að þessi veiðarfæri eyðileggi gróður á sjávarbotni, svo að fisktegundir geti ekki þrifizt þar á eftir. En ég sé ekki ástæðu til að þrátta mikið um þetta mál; reynslan og vísindin verða að skera úr því.

Mér virðist það vera aðalatriðið í þessu máli, að nú eru fengnir möguleikar til að stunda þessar veiðar á tilteknum svæðum, með fullri vissu um, að gott verð fæst fyrir fiskinn. Og ef sú vissa væri ekki fyrir hendi, þá tel ég, að þetta mundi mjög orka tvímælis. Nú er þannig ástatt, bæði hér við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum, að mikill hluti af bátaflotanum er aðgerðarlaus yfir sumarmánuðina, og alstaðar kveður það við, að atvinnuleysi vofi yfir. Það virðist því vera nokkuð viðurhlutamikið að sporna við því, að þessi tilraun verði gerð. Ég skal ekki fara langt út í þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um þann fjárhagslega hagnað, sem landsmönnum gæti hlotnazt af þessari veiði í sumar, en ég hygg, að

það hafi verið færð gild rök fyrir því, að hann yrði talsvert mikill. Ég hefi heyrt nefnda hálfa millj. kr., og er það ekki ósennileg áætlun.

Nú stendur svo á, að talsvert margir bátar eiga veiðarfæri til að stunda þessar veiðar á þeim svæðum, sem opnuð verða. Og því hefir verið haldið fram, að á undanförnum árum hafi þessir bátar tapað á kolaveiðunum, en mér finnst það einmitt styðja að því, hversu nauðsynlegt það er að gera þessa tilraun og vita, hvernig hún gefst. Og ef þessi undanþága verður ekki leyfð, þá er alls ekki hægt að stunda kolaveiðarnar öðruvísi en verið hefir, og að líkindum með einhverju tapi. Ég tel allt of viðurhlutamikið að gera ekki þessa tilraun, þar sem veita má töluvert mörgum mönnum atvinnu við að draga á land afla fyrir nokkur hundr. þús. kr., og það án þess að þrengt verði að markaðsmöguleikum fyrir aðrar fisktegundir. Og þegar þess er einnig gætt, að lögin eru tímabundin, þá virðist ekki mikið í hættu. Svo að mér sýnist ekki hægt að forsvara það að neita um þessa heimild. Ég hefi því að vandlega yfirveguðu máli tekið þá afstöðu að mæla með því, að þetta frv. verði samþ., og mun greiða því atkv. mitt.

Ég get einnig vitnað til þess, að á síðasta þingi taldi ég varhugavert að sinna þessum veiðum, ef engir möguleikar væru til þess að byrja á þeim fyrr en lögin þá heimiluðu. Þess vegna var ég einn af þeim hv. þm., sem skrifuðu undir tilmæli til stj. um að veita undanþágu með bráðabirgðalögum. Ég vænti, hvernig svo sem fer um þetta mál í þessari hv. d., að það verði bæði sótt og varið með gætni og án þess að óþarfa öfgar komist inn í það. Það hygg ég, að verði bezta leiðin til þess að hitta á réttu úrlausnina.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég þarf ekki að verða langorður. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. forseti haldi okkur hér á fundi þangað til a. m. k. þessari umr. þessa máls er lokið, svo að það þýðir lítið að ætla sér að beita hér málþófi, enda hefi ég enga tilhneigingu til þess að gera það, heldur vil ég og tel mér skylt að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins. Eins og kunnugt er, hafa verið bannaðar botnvörpuveiðar hér við land innan landhelgi, og víðar en hér, því að þó að ég sé ekki sérstaklega fróður í þeim efnum, þá veit ég ekki betur en að það sé gert í öllum löndum, þar sem fiskveiðar eru nokkrar að mun. Hér er um eina tegund botnvörpuveiða að ræða, og þó að hún sé e. t. v. ekki eins skaðleg eins og aðrar teg. botnvörpuveiða, get ég ekki efazt um, að hún eigi sammerkt þeim að því leyti, að hún sé að meira eða minna leyti skaðleg, — skaðleg á tvennan hátt, eins og hv. 2. þm. S.-M. drap á, að hún veldur því, að ungviði fiskjarins verður grandað umfram það, ef slíkar veiðar væru ekki stundaðar; ennfremur á annan hátt, að hún gerir öðrum mönnum, sem stunda veiðar með öðrum hætti, erfiðara fyrir með að bjarga sér. Ég hygg, að það sé vafalaust um þessa veiðiaðferð, að hún hafi þennan ágalla í verulegum stíl. Um það skal ég aðeins vísa til erindis, sem þinginu hefir verið sent frá þekktum manni úr veiðistöð hér suður með sjó, sem kallað er, þar sem hann lýsir því, hvaða áhrif þessi veiði hafi á aðrar fiskveiðar á því svæði, sem þar um ræðir. Þessi maður er hreppstjóri í sinni sveit, og ég hefi aldrei heyrt það vefengt, að hann væri merkur maður. Hann gerir grein fyrir þessu á þann hátt, að ekki er nema um tvennt að velja. Annaðhvort segir hann vísvitandi ósatt af sinni reynslu í þessum efnum eða það hlýtur að vera augljóst hverjum manni, að þessi veiðiaðferð er stórskaðleg fyrir þá menn, sem stunda annarskonar veiðiaðferðir. Hann gerir grein fyrir því, að fiskurinn hafi beinlínis farið af þeim miðum, sem undanfarið hafi verið tiltölulega uppgripaafli af öðrum fisktegundum, og hafi farið vaxandi ár frá ári, þangað til dragnótaveiðarnar byrjuðu, þá þverbreytti um, þannig að annara veiðiskapur varð sem enginn á þessu svæði. Þetta segir sá merki maður í sínu erindi til Alþingis, og ég ætla honum ekki, að hann fari með vísvitandi ósannindi til þess að spilla fyrir nágrönnum sínum, sem hafa stundað þessa veiði. Þar við bætist, þó að mikið sé talað um, hver lífsnauðsyn þetta sé þeim mönnum, sem aðstöðu hafi til þess að stunda þessa veiði, að reynsla okkar er sú af þessum veiðum, að ávinningur-

inn við þær hefir orðið sáralítill, og það er eftirtektarvert um hv. 2. þm. S.-M., sem á undanförnum þingum hefir fylgt því af nokkru kappi að fá slíka undanþágu fyrir sína sveitunga, þ. e. a. s. fyrir Austfirðinga, að hann virðist ekkert kæra sig um það, því eins og kunnugt er, nær þetta frv. alls ekki til Austfjarða, heldur aðeins frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs. Austfirðingar eiga ekki að fá að vera aðnjótandi þessarar blessunar, að fá að veiða með dragnót þennan tíma. Hvernig stendur á því, að hv. 2. þm. S.-M. otar ekki tota sinna héraðsmanna, sem honum ber þó skylda til, ef hann hefir í raun og veru trú á því, að þetta sé þeim svo blessunarríkt sem ráða mætti af því, sem hann sagði um þetta mál hér í upphafi þessarar umr.? Ég get ekki ályktað annað af því en að hann hafi ekki þá reynslu, að sveitungar hans hafi haft mikinn ávinning af þessari veiðiaðferð þann tíma, sem þeir nú stunda hana, og það á vissulega við um þá, að þeir hafa lagt í mikinn kostnað til þess að afla sér þessara veiðarfæra, svo að ástæða virðist vera til þess að láta þá vera aðnjótandi þessara hlunninda, ekki síður en aðra landsmenn. Mér er sagt, að ágóðinn af þessari veiði hafi reynzt sáralítill. Ég hefi að vísu heyrt þær sögur úr einni veiðistöð, að þar hafi orðið e. t. v. einhver tekjuafgangur af þessum veiðiskap, en það var með sérstökum verzlunarháttum, eftir því sem mér er skýrt frá, sem ég tel, að ekki sé verulega byggjandi á til frambúðar, ef satt er, að þar hafi verið að ræða um sölu á vöru í vöruskiptum, í staðinn fyrir vöru, sem annars er bönnuð sala á í landinu. Jafnvel þó að um einhvern ávinning væri að ræða við það, að þessi veiði væri leyfð, menn gætu haft góða atvinnu og góðar tekjur, þá fæ ég ekki betur séð en að jafnframt væri minni atvinna og minni tekjur fyrir aðra menn, sem stunda svipaða veiði, þ. e. a. s. veiði í því skyni að flytja fisk út kældan eða frosinn. Eins og kunnugt er, verður fyrst um sinn takmarkaður innflutningur á ísuðum fiski til Englands, sem er aðallandið fyrir slíkan innflutning. Ég fæ ekki betur séð en að af því leiði, að minni markaður verði fyrir veiði annara manna, sem hafa lagt það fyrir sig að stunda veiði í því skyni að flytja aflann til Englands, svo að þjóðarhagur er enginn að þessu. Ég tók að vísu eftir því, að hv. 2. þm. S.-M. sagði, að með þessu væri ekki að neinu leyti þrengt að markaði fyrir fisk annara. Mér er það ekki ljóst, hvernig hann getur fullyrt það, því að jafnvel þó að svo væri, að markaður væri að einhverju leyti fyrir þennan fisk annarsstaðar en í Englandi, þá er engin trygging fyrir því, að hann verði ekki seldur þar a. m. k. jöfnum höndum. Þá sé ég ekki, að árangurinn af þessu verði annar en sá með samþykkt þessa frv. að styðja útlent atvinnufyrirtæki, sem er að vísu allra góðra gjalda vert, en á kostnað innlendra manna. — Það hefir orðið úr, að ég hefi þegar við þessa umr. ásamt hv. þm. Snæf. flutt brtt. við frv., og er brtt. á þskj. 882. Hv. þdm. hafa að sjálfsögðu kynnt sér þessa brtt., og sjálfsagt er ekki fyrirhafnarmikið að gera það ljóst, í hvaða tilgangi hún er fram flutt og hvað af henni leiðir. Hún er byggð á því, að vegna þess að þessi veiðiaðferð sé í sjálfu sér skaðleg að því leyti, að hún spilli fyrir veiði annara á sömu slóðum, þá er það lagt til, að á hverjum flóa eða firði, sem þessi undanþága nær til, verði aðeins leyfð slík veiði þeim mönnum, sem búsettir eru í þeim héruðum, sem að þeim flóa eða firði liggja, sem um er að ræða. Með því móti er það tryggt, að ekki komi fleiri til þess að urga upp botninn og spilla veiðinni fyrir öðrum þeim, sem sjó stunda á sömu slóðum, en menn úr sama héraði, og það er ákaflega mikil sanngirni í því, að veiði manna á viðkomandi stað sé ekki spillt með veiðiskap manna úr öðrum héruðum, þar sem ekki getur verið um það að ræða, að sveitarfélagið hafi neinn ávinning af þeim atvinnurekstri; auk þess verður að sjálfsögðu minna að gert og spjöllin minni af veiðinni en ella. Þetta tekur ekki aðeins til allra þeirra veiðimanna, sem búsettir eru hér á landi, utan þeirra héraða, sem um ræðir, heldur líka manna, sem njóta sömu réttinda og Íslendingar, sem hefðu þá fullkominn aðgang að þessari veiði á sömu slóðum. Ég tel engan vafa á því, að það sé fullkomlega heimilt að setja þetta ákvæði í l., og að það komi ekki í bága við ákvæði sambandsl., þar sem

þetta gengur jafnt yfir innlenda menn eins og þá menn, sem hér eiga að njóta jafnréttis við Íslendinga, Færeyinga og Dani. Ef heimildin væri almenn, myndu þeir einnig mega stunda veiði á sama tíma og Íslendingar. Það er augljóst, að tilgangurinn með þessari takmörkun er ekki aðeins sá, að hindra þeirra veiði, heldur að draga úr þessum veiðiskap yfirleitt, vegna þess að ég tel hann yfirleitt skaðlegan, og því sé skynsamlegt, að hann sé sem minnstur, ef hann er leyfður á annað borð. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að því verði vel tekið af þeim mönnum, sem rétt hafa til veiðanna á hverjum stað, að það sé dregið úr þeim fjölda, sem geti flykkzt þar að og keppt við þá og gert þeirra veiðivonir minni en ella. Ég hygg því, að það væri skynsamlegt af hv. dm. að taka þessari till. vel og samþ. hana, því ég hygg, að hún eigi að geta náð fullt svo vel þeim tilgangi að bæta úr erfiðleikum þeirra manna, sem búsettir eru á þeim slóðum, sem hér er um að ræða. Ég skal taka það fram, að við flm. till. greiðum að sjálfsögðu atkv. á móti frv., ef brtt. verður felld.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Eins og hv. dm. er kunnugt, hefir staðið töluverður styrr um þetta dragnótamál á síðustu þingum. Það hefir verið fellt hvað eftir annað í hv. Nd., en svo hafa komið síðar meir áskoranir frá einstökum þm. til ríkisstj. um að leyfa dragnótaveiðar. Ég hefi verið meðal þeirra manna, sem skrifað hafa undir þetta skjal, og hefir það verið af sömu ástæðum og hv. 2. þm. S.-M. nefndi, að mér fannst varhugavert að neita þessu bjargráði, sem mjög margir menn utan þings hafa álitið, að væri af því. Vildi ég, að tilraunir í þessa átt væru gerðar á þeim erfiðu tímum, sem verið hafa undanfarið og eru að vísu enn. En ég hefi gert mér það að skyldu að spyrja nákvæmlega alla þá, sem ég hefi náð til og hafa verið fyrir sunnan mig, og sömuleiðis í Hafnarfirði, hvernig afkoma þeirra væri eftir þessar dragnótaveiðar. Mér er óhætt að segja, að eftir þessi tvö skipti, sem þetta leyfi hefir verið veitt, þá er það svo, að langflestir af þeim, sem ég hefi talað við, hafa sagt, að upp úr þessum veiðum væri ekkert að hafa annað en tapið. Í Hafnarfirði byrjuðu menn fyrst á dragnótaveiðum sumarið 1931, en hafa ekki borið það við síðan. Fyrir sunnan Hafnarfjörð hafa tilraunir aðallega verið gerðar í Keflavík og Njarðvíkum. Í Keflavík eru mjög skiptar skoðanir, en ég býst við, að þeir séu fleiri, sem álíta, að það sé nokkuð lítið upp úr þessum veiðum að hafa, og í Njarðvíkunum segja menn, að það sé alls ekkert. Þetta gefur mér fyllstu ástæðu til að álíta, að þetta sé a. m. k. enginn bjargráðavegur eins og stendur, enda sagði hv. 2. þm. S.-M., að af því að menn hefðu tapað á undanförnum árum, þá væri viðurhlutamikið fyrir þingið að neita þeim um það, m. ö. o. að neita þeim um að tapa áfram. Tap þeirra manna, sem stunda kolaveiðar, var alla jafnan meira á síðastl. ári en árið þar áður, og ég tala nú ekki um þá menn, sem keyptu þessa vöru; ég ætla ekki að fara út í það. Nú er það útlent firma, sem ætlar að kaupa þessa vöru. Hv. 1. þm. Reykv. drap á landhelgina og botnvörpu- og dragnótaveiðar. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma. Ég styðst eingöngu við það, sem skynsemin segir mér, og hefi þar mína persónulega skoðun um það mál; jafnframt styðst ég við það, sem þeir menn segja, sem stunda þessa veiði þarna fyrir sunnan mig, og þar eru skoðanir svo skiptar, að það eru heilir hreppar, sem eru á móti þessum veiðum, en aðrir hreppar eru með þeim og segja, að þær spilli ekkert öðrum veiðum á þeim slóðum. En það er eftirtektarvert samt, að þeir, sem segja, að það spilli ekki öðrum veiðum, það eru þeir, sem fiska á miðum þeirra, sem segja, að þetta spilli veiðunum, og þeim dettur ekki í hug að gera út á þennan hátt. Við skulum taka t. d. Keflvíkinga og Garðbúa. Keflvíkingar sækja kolann suður í Garðsjó og segja, að dragnótaveiðarnar spilli ekki öðrum veiðum. Garðbúum dettur ekki í hug að stunda kolaveiðar í Garðsjónum, þó að þeir eigi að mörgu leyti hægari aðstöðu, af því að þeir vilja ekki spilla fyrir sinni veiði síðar meir. Þetta eru þær upplýsingar, sem ég hefi getað aflað mér einmitt af þessum tilraunum, og þær eru svona útlítandi. Það er alveg rétt, að það er viðurhlutamikið fyrir þingið að kasta steini í götu þeirra manna, sem vilja reyna að

ná í lífsviðurværi handa sér og sínum nú á þessum tímum; en ég álít, að það sé líka viðurhlutamikið fyrir þingið að eyðileggja máske afkomu manna einmitt með því að spilla þeirra veiðistöð, án þess að nokkurn hlut sé að hafa upp úr því í aðra hönd af þeim, sem spilla veiðistöðvunum, að sárafáum undanteknum. Ég hjó einnig eftir því hjá hv. 2. þm. S.-M. eins og hv. 1. þm. Reykv., að þetta myndi ekki þrengja markaðsmöguleikana fyrir aðrar okkar fiskitegundir. Ég verð þar að taka í sama streng og hv. 1. þm. Reykv. og get ekki skilið annað en að þetta verði til þess að spilla fyrir ísfisksölu togaranna. Nú er það vitanlegt, að ísfisksala togaranna hefir borið sig nær undantekningarlaust, og þá finnst mér ekki farandi í grafgötur um það, hvort sé heppilegra fyrir þjóðarheildina.

Hvað viðvíkur brtt. þeirri, sem liggur hér fyrir frá hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf., verð ég að segja það, að svo framarlega sem hún verður samþ., þá sé ég auðvitað, að tilganginum er alls ekki náð með frv. Ennfremur get ég ekki séð annað en að það verði til þess að gera ýfingar milli manna um það, hverjir megi veiða þarna. Mér væri nær að halda, af því að ég þekki svo margan manninn, sem fer á þessar veiðar, og sem ógjarnan vilja láta hlut sinn, að þarna yrði kannske hálfgerður sjóslagur. Frá mínum bæjardyrum séð væri máske rétt að samþ. till., því að þá yrði frv. óskapnaður. Ég hygg, að aðalkrafa a. m. k. allra þeirra, sem eru fyrir sunnan mig á Reykjanesskaganum, Keflavík og þar suður frá, sé ekki sú, að lengja dragnótaveiðitímann, heldur að höfð sé öflug landhelgisgæzla fyrir sunnan einmitt á þeim tíma, sem farið er fram á að lengja tímann. — Við þessa menn hefi ég talað og leitað upplýsinga hjá undanfarið, og þeir segja þetta, sem ég hefi hér sagt.

**Ingvar Pálmason:** Ég hefi ekki hugsað mér að teygja mjög úr þessum umr., enda hefi ég ekki áskilið mér framsögumannsrétt, er ég skilaði málinu. Þó verð ég að svara nokkrum atriðum úr ræðu hv. 1. þm. Reykv. Það er rétt hjá honum, að ég taldi upp í ræðu minni nokkur atriði, sem mæltu á móti þessum dragnótaveiðum, og það er líka rétt, að ég taldi eina mótbáruna á nokkrum rökum byggða, sem sé þá, að dragnæturnar spilltu botninum. En mér virtist hv. þm. leggja aðaláherzluna á þá mótbáruna, sem ég tel ósannaða, sem sé þá, að dragnæturnar spilli öðrum fiskiveiðum. Ég dreg ekki í efa, að þessi hreppstjóri úr Garðinum sé vandaður maður, sem segir ekki vísvitandi ósatt, en ég held bara, að reynsla hans sé ekki næg og að hann hafi þarna dregið skakka ályktun. Ég þekki veiðarfæri, sem ekki eru reyndar notuð til að veiða kola, þorsk eða ýsu, en þó nytjafisk. Hann heitir kúfiskur. Hann er veiddur með plóg, þannig, að botninn er bókstaflega plægður upp. Ef nokkurt veiðarfæri spillir botninum, þá ætti það að vera þetta. En hver er svo reynslan? Þar, sem plægt er fyrir kúfiski, þar er það tryggt, að fiskur gengur á, sérstaklega smærri fiskur. Kúfiskurinn lifir nefnilega niðri í sandinum, og þegar hann er plægður upp, brotnar talsvert af skeljum, en aðrar koma upp úr sandinum. Skapast þannig mikið æti fyrir fiskinn. Þetta er staðreynd. Hverjar eru nú sannanirnar fyrir því, að dragnótin geri öfuga verkun? Ég held einmitt, að hún bæti frekar fyrir í þessu efni en skemmi, því að í dragnótina veiðist mikið af krossfiski, og þekkja allir sjómenn, hve mjög krossfiskurinn spillir fiskiveiðunum, því að hann vefur sig utan um beituna, þegar hún kemur í botn, en þorskurinn nær þá ekki í hana, þar sem hann vill ekki éta krossfiskinn. Ef dragnótin veiðir krossfiskinn, sem spillir fiskiveiðunum, þá bætir hún líka fiskiveiðarnar. Þetta vita allir sjómenn, og þarf eigi vísindamenn til að skilja það. Þarf því frekari rök til þess að sýna mér fram á, að dragnótin spilli fiskiveiðunum. Væri réttast, að við létum þessa deilu niður falla, því að við erum báðir of ófróðir um málið, en þó held ég, að reynslan sé heldur mín megin.

Þá vil ég minnast lítillega á það, sem hv. 1. þm. Reykv. vék að mér, þar sem hann sagði, að ég hefði á undanförnum þingum sótt það af kappi að fá undanþágu fyrir okkur Austfirðinga um þessar veiðar. Það er rétt. En svo spyr hv. þm., hví ég vilji ekki nú berjast fyrir því, að

Austfirðingar fái þessa undanþágu. Það er óþarft að spyrja svona. Ef Austfirðingar gætu tryggt sér sæmilegt verð fyrir aflann í Rvík, þá myndu þeir líka berjast fyrir þessu.

Þá minntist hv. þm. á það, að ég hefði sagt, að þessar veiðar myndu ekki þrengja markaðinn að mun fyrir öðrum fiskiveiðum. Það getur verið, að ég hafi þar tekið nokkuð djúpt í árinni, en þó er mér tjáð, að þessi fiskur eigi ekki einungis að seljast til Bretlands. Annars skal ég ekkert um þetta fullyrða. En það þykir mér lítil röksemd hjá hv. þm., að því meira sem bátarnir seldu til Englands, því minna gætu togararnir selt, og væri þetta því enginn þjóðarhagur. Í fyrsta lagi þykir mér ekki rétt að útiloka bátana frá því að geta selt eitthvað til Englands af því, sem Íslendingar yfirleitt flytja þangað, og í öðru lagi yrði þessi fiskur miklu verðmeiri en sá, sem togararnir selja. Ef svo vel tækist til, að bátarnir gætu t. d. selt til Englands ⅔ af þeim kola, sem við flytjum þangað, og fyrir þetta háa verð, þá er ekki hægt um það að deila, að hér væri um þjóðarhag að ræða.

Hv. þm. Hafnf. vék að því, að þetta myndi spilla fyrir togurunum; þeir myndu selja minna. Ég hefi þegar vikið að þessu. En hv. þm. sagði, að ísfiskveiðar togaranna bæru sig vel. Það bendir á, að ef við getum tryggt bátunum rétt markaðsverð, þá myndu þessar veiðar líka bera sig vel.

Hv. þm. sagði, að Hafnfirðingar væru allir á móti þessari rýmkun á dragnótaveiðum. Hann sagði, að suður með sjó væru flestir á móti þessu og að aðeins nokkrir bátaeigendur og sjómenn í Keflavík væru með því. Ég hefi hér skjal, undirritað af 12 formönnum hér við Faxaflóa, og eru flestir úr Njarðvíkum eða Keflavík. Er þar skorað á þingið að samþykkja þetta mál. Bendi ég á þetta til þess að sýna, að skjallega sannaðar óskir liggja fyrir frá fleirum, sem eru með þessu en móti.

Held ég þá, að ég þurfi ekki að svara fleirum af þeim, sem á móti hafa mælt. En ég ætla að fara nokkrum orðum um brtt. hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf. Þarf ég ekki að fjölyrða um hana, því að hv. þm. Hafnf. lýsti till. svo vel, að ég get það ekki betur. Hann gat um það, hve tilganglaus till. væri og að frv. væri ekki annað en viðrini, ef hún væri sett inn í það. Hann var líka svo hreinskilinn að segja það, að till. væri borin fram í því skyni að eyðileggja málið. Þarf ég þar engu við að bæta. Ég vil aðeins undirstrika orð hv. þm. um það, hvernig l. skyldi framfylgt. Sagði hann, að verða myndi sjóstríð út af öllu þessu, ef till. yrði samþ. Getur verið nokkuð til í því. (**HSteins:** Það ætti að mega hafa landhelgisgæzlu). Já, en hún verður þá að vera betri en nú er. Held ég, að landhelgisgæzluna verði að skerpa, og lasta ég það sízt. En það er rétt hjá hv. þm. Hafnf., að ófriður myndi af þessu verða og að ógerningur yrði að framfylgja l., enda er það skiljanlegt, þegar till. er borin fram til þess að eyðileggja málið.

**Halldór Steinsson:** Um þetta mál hafa verið skiptar og breytilegar skoðanir utan þings og innan. Þarf í því efni ekki annað en benda á gang málsins hér á þingi, þar sem Nd. samþ. þetta frv., eftir að hafa áður fellt frv. um sama efni. Utan þings eru líka uppi ólíkar skoðanir um málið, og er það eðlilegt, þar sem það er hvergi nærri rannsakað til hlítar enn, hvort dragnótaveiðarnar spilli sjávarbotninum eða annari veiði.

Það eina, sem hægt er að byggja á, eru athuganir sjómanna sjálfra. Benda þær í þá átt, að þessar veiðar spilli heldur en hitt. Þetta er álit sjómanna, þar sem ég er kunnugastur, kringum Breiðafjörð. Því er eðlilegt, að menn séu hikandi gagnvart því að innleiða víðtæka löggjöf í þessu efni.

Fyrir 2 árum lækkaði saltfiskverð mjög, og mátti segja, að þá horfði til vandræða hér við sjávarsíðuna. Þá vaknaði þessi dragnótaalda. Menn bentu á, að Danir hefðu rekið þessa veiði um nokkurra ára skeið hér, raunar framan af með tapi, meðan þeir voru að kynnast betur þessari veiðiaðferð. Voru þá margir, sem komu sér upp dragnótum. En 1931 varð þó stórtap á þessari veiði, t. d. á Austfjörðum. Furðar mig því á, að hv. 2. þm. S.-M. skuli koma hér fram og mæla með þessu, þar sem hann hefir þessa reynslu. En

reynslan er ekki betri annarsstaðar á landinu. Við Breiðafjörð hefir orðið sama reynslan. En nú voru menn víða um land búnir að koma sér upp þessum dýru veiðitækjum, og var þá eðlilegt, að þeir vildu reyna þau til hlítar. 1932 var því þessi veiði tekin upp aftur, en það fór á sömu leið.

Þetta frv. er svo ósanngjarnt, að það fer fram á að taka tvo flóa út úr, Breiðafjörð og Faxaflóa, og leyfa öllum, hvort heldur það eru Danir eða Færeyingar eða Íslendingar úr öðrum landshlutum, að vaða inn á þessi takmörkuðu svæði. Þetta er aðalósanngirnin í frv. Til þess að bæta úr þessu, kom þessi till. frá okkur hv. 1. þm. Reykv. Ef hún nær samþykki, þá komast ekki aðrir að veiðinni en þeir, sem mestan rétt hafa til hennar, þeir, sem búa við þessa flóa.

Hv. 2. þm. S.-M. taldi það öfgar, að þessi veiðarfæri skemmdu botninn. Hann er þó enginn vísindamaður á þessu sviði og getur því ekkert um það sagt. Vitnisburður og álit þúsunda sjómanna styður þessa skoðun, en hinsvegar hefir ekki komið fram álit vísindam., er hrekti það.

Hv. 5. landsk. sagði, að ef málið næði ekki fram að ganga, þá væri þar með tekið brauðið frá þúsundum landsmanna. En ég vil snúa við setningunni og segja, að ef frv. verður samþ., þá verður það til þess að taka brauðið frá þúsundum landsmanna.

Hv. þm. Hafnf. sagði, að ef brtt. okkar næði samþykki, þá yrði frv. að óskapnaði, en þessu er öfugt farið. Frv. er nú óskapnaður, en það myndi lagast talsvert, ef brtt. yrði samþ.

Mér finnst annars þessir hv. þm. taka nokkuð djúpt í árinni, er þeir segja, að brtt. sé aðeins borin fram til þess að eyðileggja málið. Það er ósvífin aðdróttun að segja, að þm. beri fram till. til þess að eyðileggja mál. Hv. þm. geta ekki lesið í huga okkar. Þessi brtt. er fram komin fyrir einlægan vilja okkar á því að lagfæra frv., svo að eitthvert vit verði í því, en því er ekki að heilsa eins og nú er. Þetta er eitt með ranglátari frv., sem fram hafa komið á þessu þingi.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég hafði nú haldið, að langar umr. um þetta mál hefðu ekki mikla þýðingu, því að málið hefir komið til skoðunar áður, og ég hugsa, að atkv. dm. séu nokkurnveginn ráðin, en ég kann þó ekki við að sitja hér hjá án þess að segja nokkur orð frv. til meðmæla.

Ég man eftir því allt frá barnæsku, að það hafa verið töluverðar deilur um það, hvort rétt væri að leyfa sjómönnum að veiða fisk á einn eða annan hátt. Í minni barnæsku var ekki um neitt meira talað en það, hvort það mundi ekki gera út af við fiskveiðar landsmanna á þessum og þessum stað á hinum og öðrum tíma. Samskonar deila hefir alltaf haldið áfram enn þann dag í dag og kemur nú fram í umr. um þetta frv.

Sú vissa er fyrir hendi með þann fisk, sem veiddur er, að úr honum má gera eitthvert verðmæti, en sá fiskur, sem bannað er að veiða, verður landsmönnum aldrei að gagni. Ég held, eins og málum horfir nú, að það sé á tvennt að líta í þessu efni. Annað er það, að að því leyti, sem við eigum nú hægt með að koma þessari vöru til útlanda á góðan markað, þá er von til þess, að þetta geti orðið sæmilega arðsöm atvinna, og mér finnst sjálfsagt að leyfa landsmönnum að nota þetta tækifæri. Svo er á hitt að líta, að þetta er atvinna fyrir fleiri heldur en sjómenn. Við tilreiðslu þessarar vöru til útflutnings get ég hugsað, ef maður gerir ráð fyrir svona 14 þús. smálestum, að mundi verða borguð í verkalaun um 140 þús. kr. Það munar þó nokkuð um það yfir nokkra sumarmánuði. Svo er ýmislegt fleira, t. d. vinnulaun við að búa til umbúðir, og svo flutningsgjald til útlanda. Allt eru þetta peningar, sem koma inn í landið, ef fiskurinn er veiddur, en ekki ef það er bannað. Mótbárur hv. þm. Snæf. gegn þessu frv. út af því, að slík veiði hafi ekki borgað sig 1931, koma ekki til greina að því er snertir þann afla, sem hægt var að gera markaðshæfan fyrir tilstilli sænska frystihússins hér í Rvík, því að það er álitið, að fyrir þann afla muni fást svo mikið verð, að þetta borgi sig. En hinsvegar ætti þessi röksemdafærsla hans að útiloka allan ótta um það, að hægt sé að misnota þessa heimild með því að fiska til útflutnings þar fram yfir eða á annan hátt. Og hættan af því

er útilokuð af fleiri en einni ástæðu. Fyrst og fremst álít ég í lófa lagið, og það muni ekki kosta annað en nefna það, að útiloka það, að þetta fyrirtæki hér í bænum, sem sé frystihúsið, láti nokkurn utanhéraðsmann sitja fyrir um viðskipti, hvort sem það væri útlendingur eða innlendur aðkomumaður hér í bænum. Ég veit, að aðstaða þessa fyrirtækis er slík, að það mundi ekki þurfa annað en að nefna það við það að láta bátana, sem hér veiða, sitja fyrir öllum kaupum. (**HSteins:** Danir mundu veiða jafnt fyrir það). Nú gleymir hv. þm. því, að við erum búnir að gera samninga við Englendinga, sem hafa það í för með sér, að ríkisstj. á að hafa í hendi sér allan útflutning á þessum frysta fiski til Englands. Hvað mundi þá þýða fyrir Dani að veiða hér kola og flatfisk og fá svo ekki að senda hann á enskan markað? Því að það er ekki ætlunin, að aðrar þjóðir fái hlutdeild í þeim kvóta, sem við megum flytja þangað inn. Það er engin hætta að leyfa þetta, vegna þess, að það má gera ráð fyrir, að það sé rétt, að markaðsskilyrðin passi það, að aðrar veiðar geti orðið arðberandi heldur en þær, sem byggjast á þessum möguleikum frystihússins. Og með þeim lögum, sem samþ. hafa verið í sambandi við ensku samningana, er íslenzku stj. gefin heimild til þess að hindra það, að þeir menn, sem hún óskar ekki eftir að hleypa inn á okkar markað, geti notið sín.

Ég læt þessi fáu orð nægja sem meðmæli frá minni hálfu með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Ég tel ekki nauðsynlegt að setja inn í lögin þau ákvæði, sem brtt. fela í sér. Ég tel, að það muni koma af sjálfu sér í framkvæmdinni. Þessar veiðar munu alls ekki verða arðberandi nema að því leyti, sem viðskipti sænska frystihússins ná til.

**Halldór Steinsson:** Ég get ekki kannazt við það, sem hv. 1. landsk. sagði, að það væri algerlega óhætt að leyfa þessar veiðar, því að það mundu ekki koma utanaðkomandi menn til þess að nota þær. Ég get ekki verið á sömu skoðun. Ég hugsa, að það mundu margir vilja nota sér þetta, menn viðsvegar að af landinu, og auk þess að sjálfsögðu Danir. En ég held, að það sé engin ástæða hjá hv. þm. að halda því fram, að Danir mundu ekki komast að hér með sinn fisk, því að Íslendingar hefðu gert samning við Englendinga um það, hvað mikið þeir mættu flytja af fiski til Englands. Danir hafa einnig slíka samninga við Englendinga, og gætu þeir komið sínum fiski í gegnum þá. En hv. 1. landsk. fór framhjá aðalatriðinu í þessu efni, þeirri ósanngirni, að taka út úr fiskimiðum landsins 2 flóa og ófriða þá bæði fyrir Dani og Íslendinga, hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Ég skal t. d. taka Breiðafjörð og Faxaflóa. Það hagar svo til, að Breiðfirðingar þeir, sem dragnótaveiðar stunda, hafa ekki nema trillubáta til að stunda þær á, og á þeim geta þeir ekki farið langar leiðir, t. d. inn á Faxaflóa. Annað atriði er við þessar veiðar, og það er það, að Breiðfirðingar byrja aldrei þessar veiðar fyrr en seinni part sumars.

Afleiðingin af þessu yrði því sú, að þessi veiðisvæði mundu yfirfyllast af aðkomubátum áður en Breiðfirðingar gætu komið því við að nota þau. Aftur á móti gætu Breiðfirðingur alls ekki notað Faxaflóa til þessara veiða, og að því leyti kemur þetta ranglátlega niður, en það á brtt. okkar að girða fyrir.

**Jón Baldvinsson:** Mér datt í hug, þegar hv. þm. voru að lýsa þessu skaðræði, sem þessi undanþága um dragnótaveiði í landhelgi á að vera að þeirra dómi, gömul hjátrú á „fiskiveiðalínum", sem áður fyrr voru settar víðsvegar kringum land. Ég man eftir því, að ein slík lína var dregin yfir Ísafjarðardjúp, og það var bannað að beita skelfiski fyrir utan þá línu. Þetta kom til af því, að inndjúpsmenn vildu ekki leyfa útdjúpsmönnum að nota skelfisk, af því að þeir töldu, að það mundi spilla fiskigöngunni í inndjúpið, ef þeir beittu þessari beitu utar við djúpið, en þetta var í raun og veru megnasta hjátrú, eins og margt annað í sambandi við fiskveiðasamþykktirnar gömlu.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði mjög fast á móti þessari breyt. á dragnótalöggjöfinni, og skyldi maður þó helzt ætla, að þaðan væri stuðnings að vænta, þar sem þm. Reykv. eru, því að fjöldi manna hér í Rvík óskar sérstaklega eftir þessari breyt.

á löggjöfinni, vegna þess að hún miðar til aukinnar atvinnu.

Undanfarið hefir gengið fremur stirt með þennan atvinnuveg, dragnótaveiðarnar, og hv. 2. þm. S.-M. hefir nú greinilega lýst því, af hverju það hafi verið og hvers vegna nú má vænta betri árangurs. Áður fóru menn út í þetta í óvissu, en nú liggur vissa fyrir um, að hægt muni að reka þessar veiðar með viðunandi árangri. Mér þykir sennilegt, að einhver hluti af fiskveiðum okkar í framtíðinni hljóti að snúast að þessu, að hafa til góða vöru, sem hægt er að fá hátt verð fyrir. Þetta hafa t. d. Danir séð allra manna bezt. Mér er sagt, að þeirra fiskur sé bezti fiskur, sem flyzt til Bretlands, vegna þess að þeir vandi hann svo vel, og þeir hafi kynnt sér, hvað Bretum líkar bezt. Þó að það hafi verið svo, að þeir flytji lítið út að magni til, þá er þeirra fiskútflutningur meiri að krónutölu heldur en okkar fiskútflutningur í sumum árum. Nú eru hér orðnir æðimargir bátaeigendur og fiskimenn, sem vilja stunda dragnótaveiðar. Þeir eru búnir að fá sér tæki til að stunda þær, og þeir eru búnir að sjá, hvernig bezt er að fara með fiskinn. Og þegar þeim þröskuldi er nú rutt úr vegi, þá vilja þeir reyna á nýjan leik. Þess vegna er það þeirra ósk, að þetta frv. nái fram að ganga. Þá reynslu, sem menn áður höfðu af þessum veiðum, er ekki hægt að nota sem ástæðu á móti þessu frv., því að nú er komin sú reynsla um sölu á fiskinum, að líkur eru til, að þessi atvinnuvegur muni bera sig, og nú er sænska frystihúsið viðbúið til að kaupa og flytja út fisk, sem þeir ætla að búa til úr „kvalitets"vöru og vanda á allan hátt.

Mér skildist á hv. þm. Hafnf., að ef leyft væri að fiska þannig, þá mundi „kvóti" okkar við Englendinga minnka. En mér finnst, að það megi ekki eingöngu hugsa um stóru skipin, það verði líka að taka tillit til bátaveiðanna og leyfa þeim að komast að á þessum markaði, einkum ef þeir gætu fiskað góðan fisk, sem hægt væri að selja með góðu verði. Vegna „kvóta" okkar hjá Bretum væri það meira virði fyrir okkur, ef við gætum selt til Englands fisk, sem ekki vigtaði mikið, en mikið verð fengist fyrir, heldur en fisk, sem mikið fer fyrir og er miklu þyngri í samanburði við verðmæti. En þetta á við um kola og heilagfiski í samanburði við þorsk og ufsa. Ef við þess vegna gætum komið öllu okkar fiskþungamagni út til Englands í slíkri dýrri og vel verkaðri vöru, mundum við hafa stórkostlega miklu meira upp úr því. Það er meira og meira kvartað yfir því, að sá fiskur, sem við flytjum út, sé misjafnlega vandaður, og þá verður verra og verra að selja hann, eftir því sem fleiri fara að vanda sig með fiskinn og reyna að hafa fleiri og betri tegundir á boðstólum.

Mér sýnist því, að það séu margar stoðir, sem renna undir þetta mál. Það er atvinnuspursmál, sem skiptir hundruðum þúsunda fyrir sjómenn, sem hlut eiga að máli. Það er líka tíminn, sem notaður er til þessara veiða; hann er sá, sem erfiðast er að komast að öðru, og þá sérstaklega þar sem búast má við, að minna verði upp úr síldveiðunum að hafa, þá má ekki sleppa neinu tækifæri.

Þá var hv. þm. að tala um, að þetta mundi alveg eyðileggja kolaveiðarnar. En hvað er það, sem við gerum nú? Við lofum kolanum að dafna inni í landhelginni, og svo gengur hann út fyrir landhelgina og þá taka botnvörpuskipin hann í sínar vörpur. Sjálf veiða íslenzku skipin eitthvað af því, en hvað eru þau mikill hluti af öllum þeim sæg skipa, sem stunda veiðar hér við land? Það eru aðeins 40 togarar, sem við höfum, en hvað er það mikill hluti af þeim hundruðum erlendra skipa, sem sækja kolann hingað til okkar? Það má vel vera, að það sé góðsemi af okkur að lofa kolanum að þróast hér í friði handa mönnum, sem koma hingað um langan veg. En þetta er það, sem hefir verið gert um langt skeið. Það eru sérstaklega enskir togarar og kannske þýzkir líka, sem leggja mikið kapp á að fá þennan góða fisk, og þeir eru nú orðnir svo kunnugir hér við land, að þeir vita, hvar helzt er að leita hans, og hafa þeir venjulega mikið upp úr þessum veiðum.

Hv. þm. Hafnf. minntist á brtt. hv. þm. Snæf. og hv. 1. þm. Reykv., og sagði hann, að hann væri með henni af því, að hún væri svo vitlaus og gerði frv. að óskapn-

aði. Ég sé ekki, að hv. þm. geti verið þekktur fyrir að samþ. till. í þeim tilgangi að gera frv. að óskapnaði, en hitt er annað, að það mun vaka fyrir ýmsum, að með því að samþ. till. geti frv. farið til Nd. aftur, og þá sé það komið í þá stóru hættu að verða ekki útrætt fyrir þinglok. Af þessari ástæðu finnst mér óráðlegt að samþ. þessa till.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Það er nú í fersku minni, sem hv. 2. landsk. sagði um þetta mál, og mér finnst þess vegna rétt að snúa máli mínu fyrst til hans.

Hv. þm., 2. landsk., hafði það eftir hv. þm. Hafnf., að frv. væri gert að óskapnaði, ef brtt. okkar hv. þm. Snæf. yrði samþ. Ég sé ekki, að hverju leyti sköpulag frv. breytist með þessari till., nema að því, að með þessari till. okkar er girt fyrir, að danskir veiðimenn geti vaðið hér inn á firði og flóa til þess að moka upp kola innan landhelginnar. Það er kannske þessi óskapnaður, sem hv. 2. landsk. lætur svo illa við, en ég hygg, að það gildi ekki um hv. þm. Hafnf. Í þessu sambandi er fróðlegt að minnast dálítið á sögu þessa máls hér á þingi.

Eftir því, sem ég veit bezt, voru það flokksmenn hv. 2. landsk., sem fyrst báru fram frv. þess efnis að leyfa þessar veiðar. Það mun hafa verið þáv. þm. Ísaf., en núv. þm. Seyðf., sem fyrst kom með frv. þess efnis að leyfa þessar veiðar. Það átti að vera lífsnauðsyn fyrir Vestfirðinga að fá það leyfi, en það tókst ekki að samþ. það þá, en svo eru þeir nú alveg afskiptir eftir þessu frv. — Þeir eru þrátt fyrir það útilokaðir frá þessari sælu, að mega veiða kola í landhelgi, — það eru ekki þeirra hagsmunir, sem er verið að berjast fyrir.

Svo man ég ekki, hverjir báru fram frv. næst; ég held, að það hafi verið einhverjir Alþflmenn með öflugum stuðningi frá þingmönnum Austfirðinga, — en nú eru Austfirðingar engu bættari með þessu frv. Nú kemur í þriðja skiptið hv. þm. Vestm. Það má nú raunar segja, að Vestmannaeyingar séu ekki beinlínis útilokaðir frá því að njóta hagsmuna af þessu. Þó sé ég ekki, að það sé sérstaklega borið fram vegna hagsmuna þeirra, og ég held, að þeir hafi ekki hagsmuni af þessum veiðiskap. Í það minnsta hafa þeir ekki spunnið gull úr honum, og það veit maður, að maður, sem keypti af þeim nokkuð mikið af slíkum fiski, tapaði á honum stórfé, svo að nærri lá, að það riði hans efnahag að fullu. Það eru því býsna undarlegir þessir hagsmunir, sem fara hringferð í kringum landið og breytast alltaf frá þingi til þings.

Þá var hv. 2. landsk. að tyggja upp með mikilli ánægju þá gömlu sögu, að við ölum upp kolann handa útlendingum. Þetta er gömul tugga, sem ekki er annað en slagorð, sem styðst ekki við neina reynslu, af því að kolinn veiðist aðallega ekki nema innan landhelginnar. Það er alþekkt, og það er tekið sérstaklega eftir því, hvað sum skip eru kolasæl, og við vitum, að þær skýringar eru gefnar á því, að þau veiði hann í landhelgi. Ég gæti talið upp skipin, ég veit, að hv. 2. landsk. kannast við þau eins og ég. Þess vegna er þessi gamla tugga um uppeldi kolans handa útlendingum ekkert annað en eintóm vitleysa.

Svo er það atvinnuspursmálið, sem ýmsir hv. þm. hafa verið að tala um í þessu sambandi, eins og hv. 2. landsk. og hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. S.-M., þetta atvinnuspursmál, sem hv. 2. landsk. talaði um, að væri upp á fleiri hundruð þúsunda kr., og hv. 2. þm. S.-M. talaði um, að mundi verða um ½ millj. kr. En hvað ætli kostnaðurinn verði mikill? Ætli það verði þá mörg hundruð þús., að honum frádregnum, sem renna í vasa sjómanna?

Svo er þess að gæta, þegar um þessa atvinnu er að ræða, að hún er tekin af einum og fengin öðrum í staðinn, af því að ísfiskmarkaður okkar er svo takmarkaður. Það er því alls ekki um það að ræða, að þessi atvinna sé viðbót, heldur er hún tekin af Páli og fengin í hendur Pétri.

Hv. 2. landsk. talaði um, að hér væri um að ræða að búa til „kvalitets“vöru, gera vöruna verðmeiri fyrir þjóðina. En þetta sænska frystihús getur búið til „kvalitets“vöru úr fiski, sem er miklu verðminni heldur en kolinn. Það getur búið til „kvalitets“-vöru úr hvaða fiski sem er, og áreiðanlega hægt að fá miklu meiri markað fyrir það heldur en kola.

En hv. 2. landsk. getur gefið upplýsingar um, á hverju það hefir strandað, að frystihúsið hefir ekki getað byrjað á því. Það hefir strandað á því, að það hefir ekki komizt að samkomulagi um vinnuna. En ef á því yrði byrjað, þá yrði það miklu affarasælla heldur en útflutningur á kola, því að þar yrði miklu meira magni af verðminni vöru breytt í verðmeiri.

Hv. 2. landsk. byrjaði á því, að hann sagði, að helzt mætti vænta stuðnings frá þm. Reykv., en hér er ekki um hagsmuni Reykjavíkur að ræða, vegna þess að atvinnan verður með þessu tekin af einum og látin öðrum í té. Hann minntist á hjátrú í þessu sambandi. Mér finnst hér vera lagzt lágt til þess að finna rök með þessu máli, þegar farið er að bera saman við gamlar hégiljur. Ég veit það vel, að áður var sumum áhyggjuefni gufuskipaferðirnar. Þeir héldu, að fiskar mundu fælast skrúfuna og pípið í skipunum. En það kalla ég að leggjast lágt, að bera þetta saman við þau rök, sem færð hafa verið á móti þessu máli, sem eru miklu veigameiri heldur en þau, sem hv. 2. landsk. hefir fram borið sínu máli til stuðnings.

Hv. 2. þm. S.-M. talaði um vísindalegar sannanir og staðreyndir. En þessar staðreyndir, sem hann talaði um, voru nokkuð einkennilegar, því að þegar hann talaði um reynslu og staðreyndir hans sjálfs, þá voru það vísindalegar staðreyndir og sönnuðu, að dragnótaveiði í landhelgi væri óskaðleg, en þegar hann minntist á staðreyndir annara manna, þá voru þær einskis virði. En ég verð að segja, að ég sé ekki, í hverju þessi mikli munur liggur á staðreyndum hv. 2. þm. S.-M. um kúfiskveiðar og staðreyndum hreppstjórans í Gerðum. Ég er hræddur um, þegar hann gerir þennan greinarmun, þá taki hann ekki tillit til mismunandi staðhátta. Það getur verið, að við Austfirði sé sendinn botn og þurfi ekki að gruggast, þó að dregnar séu þar dragnætur eftir botninum. En hitt getur alveg eins verið rétt, að illt sé að róta upp leirbotni út af Gerðum og til tjóns fyrir fiskinn. Þar brjóta dragnæturnar ekki kúfiskinn, svo að hann verði að æti fyrir annan fisk, eins og hv. þm. minntist á, heldur róta upp leirbotninum og grugga sjóinn. Hv. þm. vildi gera lítið úr reynslu þessa hreppstjóra suður með sjó, en hann er nú á aldur við hv. þm., svo að þeirra reynsla er nokkuð svipuð, nema ef virða á miklu meira þingmannsreynslu en reynslu hreppstjórans í Gerðum. Mér var líka sagt af mönnum, sem komu til þess að agitera í mér að vera með dragnótaveiðunum, að ef óveður kæmu, þá gruggaðist sjórinn upp, og þá sögðu þeir, að um enga fiskigöngu væri að tala lengi á eftir. En þá hefir hreppstjórinn ekki svo litla reynslu til þess að byggja á, ef fiskurinn flýr af þessum sökum. Hann hefir þá fullkomlega ástæðu til að slá því föstu, að afleiðingin af dragnótaveiðum á þessu svæði verði sú, að sjórinn gruggist og fiskurinn, að undanteknum kolanum, flýi. Töldu Garðbúar, að dragnótaveiðar hefðu sömu áhrif eins og stormurinn. (**JBald:** Fiskast ekki nema í logni í Garðsjó?). Ég býst við, að þó að hv. 2. landsk. sé ekki veðurfróður maður, þá geti hann rennt grun í, að mismunandi mikinn storm muni þurfa til þess að róta upp botninum.

Af þessu leyfi ég mér að draga þá ályktun, að þessi staðreynd sé eins mikils virði eins og staðreyndir hv. þm. Það er ekki sannað vísindalega fremur en það, sem hann bar fram, en það er viðurkennd staðreynd.

Hv. 2. þm. S.-M. dró upp skjal frá 12 Keflvíkingum, sem óskuðu eftir dragnótaveiðum í landhelgi. Ég get sagt honum það, að hingað komu 8—10 Keflvíkingar til þess að agitera, og einn af þessum 8—10 mönnum var algerlega snúinn á móti dragnótaveiðum, þegar hann fór héðan, svo að ekki er mjög mikið að byggja á fylgi Keflvíkinga í þessu efni.

Ég vil mótmæla því eindregið, að brtt. okkar hv. þm. Snæf. geri frv. að óskapnaði eða hindri það, að hægt verði að framfylgja því. Það er einmitt ekki hægt að fá betri strandgæzlu heldur en þá, sem af þessu mundi leiða, þar sem héraðsbúar sjálfir mundu gæta landhelginnar betur en nokkur varðskip gætu gert. Út af því, sem hv. þm. Hafnf. sagði, að illindi gætu af hlotizt, þá er ekki hægt að fyrirbyggja slíkt; þau geta orðið samt, eins og sást bezt í fyrra hér suður með sjó, svo að það er ekki ástæða til að amast við

brtt. þess vegna. Hinsvegar er augljóst, að ef þetta ákvæði verður sett inn í lögin, þá er fyrirbyggt, að veiðin verði stunduð af mönnum, sem við eigum ekki að sjá fyrir, útlendingum; eins er síður hætt við spjöllum, ef takmarkaður fjöldi má stunda þarna veiðiskap. Þess vegna vænti ég þess, að brtt. verði samþ., því að ekki er líklega meiningin með frv. að létta undir með útlendingum, Dönum, Færeyingum eða jafnvel sænska frystihúsinu.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Það hefir verið minnzt á, að ég álíti, að frv. yrði að óskapnaði, ef brtt. yrði samþ., en ég myndi greiða atkv. með brtt. til þess að fella frv. sjálft. Ég vil benda hv. 2. landsk. á, að hann hefir gert alveg hið sama í ríkislögreglumálinu. (**JBald:** En ég áleit brtt. til bóta). Hann samþykkti brtt., sem hann hélt, að yrði frv. að falli, og það sama vakti fyrir mér.

Hv. 1. landsk. og hv. 2. landsk. lögðu báðir áherzlu á það, að þetta yrði til tekjuauka fyrir Reykjavík. En mér er spurn, — á þá að níðast á Garðbúum og Hafnabúum fyrir fáeina menn hér í Rvík? Ég verð fyrir mitt leyti að taka það skýrt fram, að ég álít, að engan veginn megi gera verri aðstöðu þessara manna, sem búa við miðin og eiga afkomu sína undir því, að veiðin bregðist ekki. Það dettur engum manni í Garði í hug að fara á dragnótaveiðar, af því að þeir halda, að slíkt mundi spilla haustveiðinni, og ég álít, að það þurfi að taka fullt tillit til þessara manna. Það, sem ég sagði áðan, var, að krafa flestra sunnanbúa væri, að landhelginnar væri gætt vel; svo þegar sá tími er útrunninn, þá er kolinn uppausinn eftir 2—3 nætur, og þá verða bátarnir að leita eitthvað annað. Ég álít, eins og sakir standa, að taka þurfi fullt tillit til þeirra fátæku fiskimanna, sem þarna stunda sjóróðra. Mörg sjávarpláss eru risin upp þarna með tilliti til þorskveiðanna, og ef þeim verður spillt, þá flosna smáútvegsmennirnir upp, og sveitarþyngslin eru ærin fyrir þar um slóðir, og ekki mundi það bæta úr, ef þeir, sem helzt geta borið sveitina uppi, yrðu gjaldþrota. Það verður því að taka tillit til, hvað þessir menn segja, og til athafna þeirra, sem aldrei fara á dragnótaveiðar einmitt til þess að vernda atvinnu sína.

Hv. 1. þm. Reykv. minntist á skjal, sem nokkrir Keflvíkingar hefðu sent til þess að mæla með samþykkt þessa frv. En þessir sömu menn kæra sig ekkert um, að málið gangi fram. Mér er kunnugt um, að einn þessara manna, sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um, var orðinn þverófugrar skoðunar, þegar suður í Hafnarfjörð kom. Það er því ekki ástæða til að leggja mikið upp úr þessum meðmælum, og þó að hv. 2. þm. S.-M. vildi gera lítið úr hreppstjóranum í Gerðum, þá legg ég meira upp úr áliti þeirra manna, sem þetta hafa athugað um langan aldur og breytt samkv. því. Og ef menn gera lítið úr slíkum rökum, þá er a. m. k. ekki ástæða til að taka meira tillit til þessara Keflvíkinga, sem ýmist eru með eða gallharðir á móti.

**Jón Baldvinsson:** Hv. þm. Hafnf. sagði, að ég hefði gert hið sama í ríkislögreglumálinu og hann í þessu máli, að ég hefði samþ. brtt. til þess að fella frv. En þær brtt., sem ég samþ., taldi ég að væru til bóta á frv., en hann segir, að þessi brtt. sé til skemmda, og greiðir af þeim ástæðum atkv. með henni, til þess að frv. verði fellt. Þetta er að vísu hugsanleg leið til að fella mál, en kynleg er hún engu að síður.

Hv. 1. þm. Reykv. fræddi mig á því, að togarar fiskuðu ekki kola utan landhelgi, og það sé á allra vitorði, að „fiskisælustu“ togararnir skjótist inn fyrir landhelgina til þess að fiska kola. En þá verð ég að segja, að hv. þm. er ekki kunnugur, ef hann veit ekki, að togarar veiða kola utan landhelgi. Þeir togarar útlendir, sem stunda veiðar hér við land ár eftir ár, þekkja botninn vel og fiska betri fisk en íslenzku togararnir. Ensku togararnir leggja mest upp úr því á ísfiskveiðum að fá góðan fisk, en íslenzku togararnir sækjast eftir fiskmagni. Þetta hafa togaraskipstjórar sagt mér, sem eru þessu þaulkunnugir. Það er rétt, sem ég sagði, að útlendingar taka kolann aðallega utan landhelgi, þótt þeir kunni einstöku sinnum að skjótast inn fyrir, í landhelgina.

Ef þetta frv. verður samþ., er von til þess, að sænska frystihúsið geti farið að

snúa sér að því að framleiða þorskfilé, sem er góð vara, en þarf að vinna markað fyrir. Verður því að hafa kola og annan flatfisk með, svo starfrækslan geti borið sig. Á kaupgjaldi strandar ekki, heldur á því að geta haft nægilega mikinn rekstur, meðan verið er að vinna markað fyrir þorskfilé. Það er nauðsynlegt að verka okkar aðalútflutningsvöru, þorskinn, á fleiri en einn hátt og tryggja þar með markað fyrir aðalframleiðsluvöru okkar. Eins og ástatt er um þetta og ég hefi nú lýst, er nauðsynlegt að gefa sjómönnum okkar leyfi til að veiða kola og annan flatfisk. Og frv., sem hér liggur fyrir, miðar að því að gera það mögulegt. — Ég hefi þá svarað hv. 1. þm. Reykv. nægilega. Hann kom ekki fram með önnur aðalatriði en þau, sem ég hefi minnzt á. En mörg aukatriði komu fram í ræðu hans. En ég fer ekki að elta þau.

ATKVGR.
Brtt. 882 felld með 7:4 atkv.
1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:4 atkv.

---

Á 87. fundi í Ed., 2. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 810, 906, n. 917).

**Frsm. 1. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Hér kemur danska skipið enn „með jolluna aftan í, með jolluna aftan í", eins og stendur í gömlum húsgangi úr Vestmannaeyjum. Viðlagið við vísuna er endurtekið hvað eftir annað. Nál. á þskj. 917 er jollan aftan í þessu margumrædda máli hér á þinginu. Því var útbýtt núna á þinginu, en samkv. 2. málsgr. 18. gr. þingskapanna þarf afbrigði til þess, að það megi koma hér til umr. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 18. gr. þingskapanna, 2. málsgr. Þar stendur:

„Nefndin lætur uppi álit sitt, og skal prenta það og útbýta meðal þingmanna á fundi. Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu var útbýtt".

Þetta nál. er að vísu aðeins frá minni hl. nefndar, en um það gilda eftir þingsköpum sömu ákvæði og um nál. yfirleitt.

Ég vildi minna hæstv. forseta á að leita afbrigða fyrir þetta mál; ég skal samt ekki ásaka hann um að hafa ekki gert það þegar, þar sem ekki er getið um á dagskránni, að þess þurfi.

**Ingvar Pálmason:** Ég er hræddur um, að jollan hafi slitnað aftan úr í þetta sinn hjá hv. þm., því að ég álít, að álit hv. þm. hafi komið svo greinilega fram við 2. umr. þessa máls, að ekki þurfi nál. frá honum. Auk þess er ekki hægt að skila nál. á milli 2. og 3. umr., og þess vegna ekki að vænta þess, að sérstök ákvæði standi um það í þingsköpum. Hv. þm. vill aðeins láta leita afbrigða um þetta mál til þess að tefja fyrir afgreiðslu þess.

**Frsm. 1. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Ég skil vel, að hv. 2. þm. S.-M. kysi, að jollan hefði slitnað aftan úr, en það er nú ekki tilfellið. Málið var tekið á dagskrá án þess að n. óskaði eftir því; það er því ekki sök n., þó álit hafi ekki komið fyrr, þar sem ekki vannst tími til að koma með það fyrir 2. umr. Og þó að nefndarmenn láti í ljós við umr. álit sitt, þá er það ekkert nál. En 18. gr. þingskapanna, sem ég skírskotaði til, mælir greinilega svo fyrir, að málið megi ekki koma fyrir fyrr en 2 nóttum eftir að n. hefir skilað áliti. Annars vil ég ekki hleypa hita í þessar umr., en vænti úrskurðar forseta og mun hlíta honum, hver sem verður.

**Forseti (GÓ):** Ég verð að líta svo á, að hv. 1. þm. Reykv. hafi rétt fyrir sér, þó að ég hafi ekki athugað það í byrjun, þar sem ekki er getið um á dagskránni, að afbrigða þyrfti um málið. **(JBald:** Rangindi!). Ég held, að hv. þdm. þurfi ekki að óttast, að þetta verði málinu til tafar, ef þeir á annað borð vilja bjarga því. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að tími var stuttur fyrir n. að gefa álit, og sýnist mér því réttmætt, að afbrigða verði leitað.

ATKVGR.
Afbrigði um nál. 917, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Magnús Torfason:** Ég hlustaði á síðustu umr. þessa máls og mér fannst þar

gæta nokkuð mikils kapps. Ég skal játa, að ég hefi ekki mikla trú á, að þessi veiði verði mjög arðvænleg. En þó er ekki loku fyrir það skotið, sérstaklega ef sölumöguleikar verða bættir erlendis. En til þess að þessi atvinnugrein geti borið sig fyrir þá menn, sem hana stunda, mun þeim ekki veita af að hafa allt svæðið til umráða. Samkv. brtt. hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf. er svæðið höggið í sundur, þannig að Breiðfirðingar mega fara með dragnætur sínar aðeins um Breiðafjörð, og þeir, sem búa við Faxaflóa, aðeins um Faxaflóa. En ef undanþágan er veitt á annað borð, þá tel ég rétt, að ekkert sé látið standa í vegi fyrir því, að atvinnan verði arðvænleg. Hinsvegar veit ég ekki, hvort Vestmannaeyingar verða feitir af því að sækja veiðiskap hingað. Það er öllum kunnugt, hvaða kostnað það hefir í för með sér að leita til sjósóknar í aðrar verstöðvar. Mér er kunnugt um, að aðkomubátar, sem jafnvel hafa skarað fram úr, hafa ekki haft upp kostnaðinn, þrátt fyrir gífurlegan afla. Munurinn er svo mikill, að heimabátar, sem kannske fiskuðu þriðjungi minna, báru meira úr býtum heldur en aflahæstu aðkomubátar, og komust vel af, þó hinir hefðu varla fyrir kostnaði. Þess vegna er sennilega ekkert tekið af Stokkseyringum, Eyrbekkingum og Vestmannaeyingum, þó að þeir fái ekki að veiða á þessum slóðum. En ef brtt. mín verður samþ., þá er ekki hætta á utanaðkomandi samkeppni um þessa atvinnu, og sérstaklega verður flatfiskið ekki uppurið á 1—2 árum, heldur má treina það til nokkurra ára. Þessi lög eru tilraun, og mér finnst eðlilegt, að ekki sé farið lengra en svo, að sýnt verði, hver árangur verður af þessari tilraun, hvort hún verður til bóta eða ekki. Það er gott að hafa allan vara á um þetta og gefa ekki fordæmi, sem erfitt yrði að taka aftur. En ef lögin verða látin fara út úr d. eins og frv. kom inn í hana, þá gefa þau illt fordæmi. Og það er hægara að setja slíkt fordæmi en kippa því burt. Það mun flestum finnast, að verra sé að fá peninga, sem svo eru heimtir af mönnum aftur, heldur en að hafa aldrei tekið á móti þeim.

Ég legg svo til, að þessi miðlunartill. mín verði samþ., þar sem hún er til stórra bóta á frv.

**Frsm. 1. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Fyrir hönd minni hl. get ég fallizt á þessa brtt. hv. 2. þm. Árn., og er það í samræmi við það, að ég flutti sjálfur við 2. umr. brtt., sem gekk í svipaða átt.

Út af þeim ummælum hv. 2. þm. S.-M. við 2. umr. þessa máls, að brtt. mín gerði frv. að óskapnaði, vil ég vekja athygli manna á því, að þegar svipað frv. kom fram á sumarþingi 1931, flutti ég brtt. líks efnis, um að heimildin næði aðeins til þeirra, sem hefðu búsetu á svæðinu, og sú till. fékk svo eindregið fylgi í kjördæmi hv. 2. þm. S.-M., að tveim dögum eftir að brtt. kom fram bárust þinginu símskeyti af Austfjörðum, þar sem skorað var á þingið að samþ. hana.

Maður talaði við mig í morgun, sem er fylgjandi frv. Hann sagði, að frv. væri ágætt, ef mín till. hefði verið samþ. við 2. umr. Að vísu sagði hann, að óþægilegt gæti verið fyrir menn hér, sem vildu ef til vill fara til dragnótaveiða til Breiðafjarðar, að geta það ekki, en úr þeim ágalla er að fullu bætt með brtt. hv. 2. þm. Árn. En þeir menn, sem fylgja þessu máli og bera innlenda menn fyrir brjósti, ættu að geta fallizt á þessar brtt. Það eru aðeins þeir, sem bera hagsmuni útlendinga fyrir brjósti, sem ekki geta aðhyllzt þessar till. Hér er ekki um hagsmuni Austfirðinga að ræða, því að þeir myndu aldrei stunda dragnótaveiði hér, og hv. þm. Vestm. viðurkenndi í hv. Nd., að hann bæri þetta frv. fram aðeins af föðurlegri umhyggju fyrir Reykvíkingum, svo að ekki álítur hann, að Vestmannaeyingar hafi sérstaklega gott af þessu. Ég vona því, að hv. þdm. veiti þessari brtt. velviljaðan stuðning, eins og við höfum sýnt frv. með því að synja ekki um afbrigði, sem við þó áttum kost á.

**Ingvar Pálmason:** Ég geri ráð fyrir, að hv. 1. þm. Reykv. hafi vænzt þess, að ég mundi svara honum, en ég sé ekki ástæðu til að fara langt aftur í tímann og ræða við hann um einhver símskeyti, sem þinginu hafa verið send fyrir langa löngu síðan. En af því hann sveigði að því, að ef mér væri umhugað um Reykvíkinga, þá ætti ég að samþ. brtt. hans,

verð ég að segja fáein orð. Hvað sem þessari till. annars líður, þá álít ég, að samþykkt hennar hindri framgang málsins á þessu þingi. Þetta atriði ættu allir þeir að athuga, sem vilja stuðla að því, að lögin komi að notum á þessu ári. Það er öllum kunnugt, að nú er aðeins einn dagur eftir af þingtíma, og ef frv. verður að fara aftur til Nd., þá er ekki víst, að andstæðingarnir verði eins liðlegir að veita afbrigði eins og hv. 1. þm. Reykv. og samherjar hans í þessu máli hér í d. Hv. þm. skaut yfir markið, þegar hann talaði um að sýna umhyggju fyrir Reykvíkingum, því að hún er ekki fólgin í því að hindra framgang þessa máls.

Að því er snertir ræðu hv. 2. þm. Árn., þá þarf ég ekki að gera margar aths. við hana. Hann minntist á, að með samþykkt þessa frv. væri gefið illt fordæmi, en ég vil segja, að illt fordæmi sé einmitt gefið, ef samþ. verða brtt. hv. 2. þm. Árn. og 1. þm. Reykv., ef því verður skotið inn í fiskiveiðalöggjöfina, að menn megi ekki færa sig til á milli verstöðva. Og hvar verður numið staðar, ef inn á þá braut er farið, að útiloka menn frá verstöðvum? Hitt er annað mál, að það er dýrara að sækja til sjóróðra fjarri heimilum sínum, og þess vegna er ekki ástæða til að óttast, að aðrir noti þessa heimild svo nokkru nemi.

Annars get ég lýst því yfir, að mér er persónulega ekkert kappsmál að koma frv. í gegn, en mér finnst hart á þessum vandræðatímum, ef löggjöfin neitar mönnum um að draga þann afla að landi, sem þeir geta áreiðanlega fengið vel borgaðan.

Ég mótmæli því, sem hv. tveir þdm. hafa borið á mig, að hafa haft óvirðuleg orð um hreppstjórann í Garði. Ég nefndi hann **mætan mann**, og hafði ég það eftir sögusögn, því að sjálfur þekki ég manninn ekkert, og ekki kalla ég það að fara óvirðulegum orðum um einhvern mann að kalla hann mætan! (**JakM:** Ég minnist ekki að hafa viðhaft þessi orð). Jú, það var nú einmitt það, sem hv. þm. sagði. En hitt sagði ég, að hreppstjórinn hefði dregið skakkar ályktanir af staðreyndum. Ég vildi árétta þetta, því að mér fannst ekki ástæða til að rangfæra þannig orð mín.

**Magnús Torfason:** Það er ekki hægt að bregða mér um málþóf í þessu máli. Nál. hv. 2. þm. S.-M. hefir hv. 1. þm. Reykv. skrifað undir, en ég hefi ekki skrifað undir það.

Mér þótti leitt, að hv. 2. þm. S.-M., sá stórmæti maður, — ég vil vonast til, að það verði ekki kallaðar skammir, þó ég kalli hann stórmætan mann —, að sá stórmæti maður var að bregða mér um meinfýsi í þessu máli. Það er hart, þegar maður kostgæfilega leggur eyrun við hvert orð, sem sagt er um mál, til þess að komast í skilning um það, og leggur sig í líma til að bæta málið eins og hægt er, að það sé kallað meinfýsi við málið. Ég hygg, að minn málstaður sé svo ljós, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um hann, og ég þykist vita, að þingmaðurinn sjái eftir að hafa látið slík orð fara út úr sínum fríða munni.

Þá sagði hv. þm., að mjög lítil rök hefðu verið færð fyrir mínum málstað í þessu máli. Hvað sem öllu líður, þá voru þau rök samt það mikil, að hv. 2. þm. S.-M. reyndi ekki til að hrekja þau. Og á meðan hann gerir það ekki, þá verð ég að leyfa mér að líta svo á, að ég hafi rétt til þess að halda því fram, að mín rök séu engu verri en hans.

Hv. þm. hefir leyft sér að slá því fram, að ef mál þetta yrði látið fara til Nd. aftur, þá yrði það sama sem að stöðva málið í þinginu. Í þessu liggur stórkostleg móðgun við hv. Nd. Ég hefi lengst af minni þingsetu átt sæti í þeirri hv. d., og ég þoli það bara illa, að verið sé að bregða hv. d. um slíkt, og þó sérstaklega það, þegar hv. þm. komst svo að orði, að hv. Nd. hafi snúizt eins og snælda. Það er ekki satt, að hv. Nd. hafi snúizt eins og snælda um þetta mál.

Eins og við vitum, var í Nd. fellt frv. um þetta mál í vetur. Svo var borið fram frv. um það aftur sem tilraunafrv. Ég hygg, að það hefði fyrir mörgum orðið eins og mér, því að ég hefði algerlega orðið á móti því, að gera þetta frv. að lögum, ef ekki hefði verið sett það ákvæði inn í það, að þau lög ættu ekki að gilda nema til 31. des. 1934. En af því að þau eiga að falla niður þá, vil ég ekki setja fót fyrir þau nú, heldur bæta þau eins og unnt er.

Það eru ekki rétt rök hjá hv. 2. þm.

S.-M., að hv. Nd. muni neita um afbrigði í málinu; þess er ég fullviss.

Ég þykist hafa rétt til að vænta þess, að svo verði litið á, að ég hafi lagt fram mitt bezta til að bæta þetta mál, eins og ég geri æfinlega í öllum málum hér á þingi.

**Bjarni Snæbjörnsson:** Það, sem kom mér til að standa upp, var þetta sama sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, að þeir, sem með till. þessari væru, vildu sýna meinfýsi mönnum, sem vildu fiska hér. Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls, þá var ég þess fúsastur, að frv. yrði drepið án brtt., enda var sú brtt., sem þá var borin fram, krappari en þessi, og kom ekki að þeim notum, sem mér hefði fundizt æskilegt.

En ef um nokkra meinfýsi má tala í þessu sambandi, þá get ég ekki skilið, að hún sé sýnd öðrum en þeim, sem draga fram lífið á sjávarútvegi á þessum svæðum, ef Ísfirðingar, Vestmannaeyingar og Austfirðingar mega koma og eyðileggja kolaveiðarnar á þessum svæðum. Að leyfa slíka eyðileggingu á fiskimiðunum nær ekki nokkurri átt, að þingið samþykki. Þetta veit ég, að hver heilskyggn maður hlýtur að sjá, og þá auðvitað jafnsanngjarn maður og hv. 2. þm. S.-M. Ég tel einnig sjálfsagt að útiloka Dani frá þessari veiði. Ef það er meiningin að leyfa hverjum sem er að fiska á þessum slóðum og eyðileggja veiðina fyrir þeim, sem eiga heima í þeim lögsagnarumdæmum, sem liggja að þeim, þá álít ég það beinlínis meinfýsi í garð þeirra, sem undir þessum búsifjum eiga að liggja.

Hvernig svo sem litið er á þetta mál með fullri sanngirni, þá hljóta menn að vera með þessari brtt. og samþ. hana í því trausti, að málið nái fram að ganga í Nd. fyrir því.

**Frsm. 1. minni hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Ég álít, að ef hreyft verður þeim takmörkunum, sem hafa verið settar fyrir þessari veiði, þá eigi slíkt að koma þeim til góða, sem mundu koma til með að gjalda þessara breyt.

Ég vil vekja athygli hv. 2. þm. S.-M. á því, að með þessari brtt. á ekki að loka þessum veiðistöðvum fyrir öðrum landsmönnum. Hér er aðeins um bráðabirgðalög að ræða, sem gilda eiga um stuttan tíma vegna sérstakra ástæðna.

Ég þori að ábyrgjast, að þótt þessi breyt. verði gerð á frv., þá verður það ekki til þess, að málið gangi ekki fram á þessu þingi. Fyrst og fremst er ég sannfærður um, að hv. Nd. neitar ekki um afbrigði, og hinsvegar sé ég ekki mót á því, að tími geti ekki unnizt til að afgreiða málið þar afbrigðalaust.

Í sambandi við það, sem hv. 2. þm. S.-M. talaði um fjárhagshlið þessarar undanþágu, læt ég nægja að vísa til þess, sem ég benti á við 2. umr. og ekki var með neinum rökum hrakið. Í heild sinni hefir þessi undanþága enga fjárhagslega þýðingu, vegna þess að takmörk eru fyrir því, hvað hægt er að flytja út af ísfiski. Hér yrði því engan veginn um neina framleiðsluviðbót að ræða. Ef til vill yrði þessi útflutningur eitthvað verðmeiri, en sú fjárhagslega þýðing undanþágunnar verður þó alltaf hverfandi lítil.

Viðvíkjandi því, að það sé meinfýsi almennt skoðað að banna mönnum með löggjöf að bjarga sér, þá vil ég benda á það, að það er gert með almennu banni gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Og engum hv. þm. dettur í hug að gera uppástungu um afnám þeirra l., jafnvel á neyðartímum.

**Jón Þorláksson:** Ég vildi aðeins lýsa því yfir, að ég get fallizt á brtt. hv. 2. þm. Árn., og mun ég greiða henni atkv. mitt í trausti þess, að sú breyt. verði til þess að draga svo úr því kappi, sem virðist vera um málið í hv. Nd. frá ýmsum hliðum, að ekki verði í þeirri hv. d. synjað um, að málið nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 906 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GL, HSteins, JakM, JónJ, JónÞ, MT, BSn, GÓ.

nei: IP, JBald, JónasJ, PHerm, PM, EÁrna.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

---

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 929).

Á 94. fundi í Nd., 3. júní, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14:2 atkv.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefir frá upphafi verið hinn ferlegasti óskapnaður. Með samþykkt þess er gengið inn á þá braut, að gert er upp á milli þjóðfélagsborgaranna með áhrifavald um það, sem þeim er dýrmætast, en það eru atvinnumálin. Það snertir auðvitað fyrst og fremst þá, sem búa við sjávarsíðuna og hafa lífsuppeldi sitt úr sjónum, en það snertir einnig þá smábændur, sem ásamt búskap sínum stunda sjó. Þessum mönnum er áreiðanlega gerður óleikur með því að steypa yfir þá heilum flota aðvífandi fiskimanna, ekki bara íslenzkra, heldur einnig færeyskra og danskra, og það með þessum veiðarfærum, dragnótinni. Og nú með þessu frv., ef að l. verður, er tekið allt vald frá mönnum hér við sjávarsíðu Suðurlandsins til að verjast þessum ófögnuði.

Nú hefir tekizt svo slysalega til, að hv. Ed. hefir samþ. þetta frv. Þó hefir þeirri d. verið ljósari hættan af þessari löggjöf en þessari hv. d., því að þar kom fram till. um það, að einskorða leyfi til þessara veiða við þá báta, sem skrásettir eru við Faxaflóa og Breiðafjörð, þ. e. a. s., að á þessum stöðvum megi bátar annarsstaðar að ekki stunda dragnótaveiðar í landhelginni. Auðvitað slær þessi till. ekki fullkominn varnagla við miklum dragnótaveiðum í landhelginni, því að fara má í kringum hana á margan hátt. Það má t. d. taka báta á leigu og skrásetja þá hér við Faxaflóa, og hverskonar leppmennska gæti þrifizt í því efni. En líkur væru til, að þetta ákvæði útilokaði alveg Dani og Færeyinga af þessum svæðum. Ég skal ekki segja, nema þeir tækju hér báta á leigu og kæmust svoleiðis undir ákvæði l., en þeir gætu þó ekki vaðið beint og hindrunarlaust inn í landhelgina, en yrðu að fara hliðargötur. En það er í sjálfu sér góðra gjalda vert að gera slíka tilraun til þess að útiloka utansveitarmenn og útlendinga af miðunum. Það yrði þá aðeins svæðið í kringum Vestmannaeyjar, sem yrði fórnað í hendur Færeyinga og Dana og opnað á gátt fyrir eyðileggingunni. En íbúar Vestmannaeyja gætu skoðað það sem einkamál milli þeirra og hv. þm. Vestm., sem svo ötullega hefir barizt fyrir slíku óláni og óhagræði eyjaskeggja. — En það eru fleiri, sem bíða tjón af þessum ráðstöfunum. Öll þjóðin verður að gjalda glópsku þeirra, sem nú láta nota sig til þessa óhappaverks. En það er þó ekki hægt að segja, að þeir hafi gengið að því blindandi. Svo mikið hefir verið reynt að opna augu þeirra fyrir skaðsemi málsins, að slíkar afsakanir duga ekki.

Eftir framkomu hv. Nd. í þessu dragnótamáli get ég nú vonazt til þess, að hún felli þetta frv. Hún hefir ekki verið lengi að hafa skoðanaskipti í því áður, og með þessum skoðanaskiptum gæti hún bætt fyrir sinn fyrri hringlanda í málinu, að gæti þurrkað út þann vansæmdarblett, sem þingið er búið að setja á sig í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BÁ, HG, HV, JJós, JÓl, LH, MJ, ÓTh, PHalld, StgrS, SvbH, SvÓ, VJ.

**nei:** HStef, IngB, PO, ÞorlJ, BSt, JörB.

JAJ greiddi ekki atkv.

Átta þm. (BKr, GÍ, HJ, JónasÞ, MG, TrÞ, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A 952).

## 89. Veitingaskattur.

Á 22. fundi í Ed., 11. marz, var útbýtt:

**Frv. til l. um veitingaskatt** (þmfrv., A. 139).

Á 25. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jónas Jónsson):** Þessi skattur, sem hér um ræðir, hefir ekki áður verið lögleiddur hér, en í nágrannalöndum okkar er hann algengur, og er þetta frv. sniðið eftir l. nábúalanda okkar um þetta efni.

Aðalefni frv. er það, að skattleggja skuli veitingar á veitingahúsum. Það má

segja, að alveg sérstakar ástæður réttlæti þennan skatt, því að margt af því fólki, sem almennt sækir gildaskála, borgar minna til almenningsþarfa tiltölulega en þeir, sem mestan toll borga af nauðsynjavörum. Ég býst við, að þetta frv. þyki svo sjálfsagt, að um það verði ekki miklar umr. Ég leyfi mér að óska, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

**Jón Baldvinsson:** Mér skildist það svo, að höfuðrökin frá hendi hv. flm. fyrir þessu frv. væru þau, að þessi skattur væri algengur hér í nágrannalöndunum. En það er nú svo, að þar, sem þessi skattur hefir verið, er hann alstaðar mjög óvinsæll og hefir verið afnuminn víðasthvar. Það er ekki fjarri sanni, að rétt sé að skattleggja óhófseyðslu, og vitað er, að mikið af því, sem keypt er á kaffihúsum, má telja til óhófseyðslu.

En aðalaths., sem ég vil gera við þetta frv., er sú, að mér er ekki um, að stj. fái svona tekjuauka, sem hún hefir óskorað vald yfir. Ég hefði viljað, að ákveðið væri í l. sjálfum, til hvers skattinum ætti að verja.

Ég veit það ekki enn, hvort ég eða minn flokkur verður með þessu frv., eða yfirleitt slíkum tekjuaukafrv., nema þá að fénu ætti að verja til þess að bæta úr því erfiða atvinnuástandi, sem nú ríkir í landinu. Svo er ég frekar vantrúaður á, að þetta frv. gefi ríkissjóði miklar tekjur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 82. fundi í Ed., 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 811).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** Meiri hl. fjhn. hefir komið sér saman um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem aðallega eru orðabreyt., og eru þær að mestu leyti gerðar í samráði við hæstv. fjmrh. og eftir ósk hans. Það var nokkuð talað um þetta frv. við 1. umr., og þarf ég ekki miklu við það að bæta. Allir vita, að aðalástæðan fyrir flutningi þessa frv. er sú, að ríkissjóður hefir mikla tekjuþörf í því árferði, sem nú er. Og þó að þessi skattur hafi ekki verið lögleiddur áður, þá mun það vera mál manna almennt, að meiri hlutinn af því fólki, sem mest sækir veitingastaði, sé einhleypt fólk, sem ekki hugsar um að spara fé sitt, en eyðir því jafnskjótt og það aflast, til þess að veita sér skemmtanir og lífsþægindi, og sem ekki er mjög hlaðið á öðrum sköttum. Margt af þessu fólki hefir og nokkur fjárráð, og virðist því ekki ósanngjarnt, að það leggi nokkuð af mörkum til opinberra þarfa. Skattur þessi verður því fyrst og fremst eyðsluskattur. Ég býst við, að því verði haldið fram af þeim, sem eru á móti málinu, að það séu ýmsir agnúar á framkvæmd þessara skattalaga og að þau hafi sumstaðar verið afnumin, þar sem búið var að koma þeim á. En venjulegast hafa þjóðirnar gripið til þessarar skattaálagningar, þegar hinir venjulegu tekjustofnar ríkjanna hafa rýrnað og þjóðfélögin þar af leiðandi lent í fjárþröng. Hæstv. fjmrh. hefir óskað eftir, að skatturinn yrði 15% fremur en 10%, og þótti meiri hl. n. rétt að leggja það undir atkv. hv. þd. — Í öðru lagi þóttu viðurlögin nokkuð há í 11. og 12. gr. frv., og að því lúta brtt. n. að milda þau nokkuð. Ef hv. þd. álítur þetta réttmætan tekjustofn, þá verður það ekki gert að deiluefni frá okkar hálfu í meiri hl. n., þó að hv. þdm. vilji gera smávægilegar breyt. á frv.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Ég hefi ekki getað orðið hv. meðnm. mínum samferða um afgreiðslu þessa frv. Ég skal að vísu játa, að það tekur sig nógu vel út á pappírnum eða í orði kveðnu, að þessi veitingaskattur sé tekinn af því fólki, sem sleppur léttara við önnur opinber gjöld, einhleypu fólki með sæmilegar tekjur. En satt að segja held ég, að möskvarnir í skattalöggjöfinni séu orðnir svo smáriðnir, að þegnarnir hafi ekki mikla möguleika til að sleppa í gegnum þá. Þó skal ég játa, að þetta lítur ekki illa út. En þegar ég fór svo að kynna mér frv. nánar, varð mér það ljósara en áður, hversu feikilegum erfiðleikum það er bundið að framfylgja þessari löggjöf,

sérstaklega í fámennum og strjálbýlum héruðum. Ég vil aðeins benda á sem dæmi þessu til sönnunar, að höfundur frv., sem hefir komið efni þess fyrir í 17 greinum, — ég tel ekki þá 18., ákvæðið um hvenær lögin gangi í gildi —, honum hefir reynzt nauðsynlegt að láta 7 greinar frv. fjalla eingöngu um mismunandi refsiákvæði út af ýmiskonar brotum, sem framin kynnu að verða gegn lögunum. Þetta út af fyrir sig bendir ákaflega ljóst á þá erfiðleika, sem þeir hljóta að eiga við að stríða, er eiga að framfylgja lögunum. — Í þeim 10 greinum frv., sem hljóða um skattinn sjálfan, en eigi refsiákvæðin, er ýmislegt, sem sýnir, hversu erfiðleikarnir eru geysimiklir. Ég vil t. d. benda á ákvæði 2. gr. Hver á að hafa auga með því, að þeim sé fylgt? Þá þarf að athuga, að allir þeir, sem selja fæði, mjólk og skyr, bregði eigi út af fyrirmælum greinarinnar. Það verður að gera greinarmun á því, hvort ein máltíð er fullkomin eða eigi, og gæta þess, hvort hún er seld meira eða minna en kr. 1,25, og ennfremur verður að gæta þess, hvort mjólk og skyr er selt með meira eða minna álagi en 25% frá söluverði á staðnum. Það mun verða allerfitt að fylgjast með því á afskekktum sveitaheimilum, hvort álagningin á þessari sölu nemur meiru en 25%, geri ég ráð fyrir. — Í frv. úir og grúir af svona ákvæðum, sem illmögulegt er að framfylgja. Og ég er hræddur um, að þegar á að framkvæma þessi lög, þá reynist þau annar áfengislagaóskapnaður.

Þær tekjur, sem um gæti verið að ræða af þessu frv. fram yfir það, sem fer í kostnað við eftirlitið, yrðu, eftir því sem stendur í grg. frv., af fjórum stærstu veitingahúsunum í Rvík. Eru leiddar líkur að því, að veitingaskattur af þessum 4 veitingahúsum muni nema freklega 80 þús. kr. En það er mín skoðun, að þegar þessi fjögur veitingahús eru frá talin, þá muni kostnaðurinn við eftirlitið um framkvæmd laganna vega upp á móti þeim tekjum, sem fást af þessum skatti annarsstaðar á landinu. Og þess vegna hefi ég ekki séð mér fært að fylgja þessu máli. Ég get varla álitið rétt að leggja á þennan skatt sérstaklega vegna gesta þessara fjögurra veitingahúsa, sem náð hafa svo miklum viðskiptum, að það borgar sig fyrir ríkissjóð að innheimta skatt af þeim. Ég get því ekki tekið aðra afstöðu en þá að leggja á móti þessu frv. Það verður leiðinlegur eltingarleikur að innheimta sektir fyrir brot á lögunum samkv. ákvæðum þessara 7 lagagr. í frv., er ég áður nefndi, og tekjurnar af þessum skatti hinsvegar svo óverulegar, að benda má á margar aðrar leiðir, sem auðveldari reynast til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég þakka meiri hl. hv. fjhn. fyrir afgreiðslu sína á þessu máli, bæði um það, að leggja til, að frv. verði samþ., og eins fyrir brtt., því að þær fara allar í rétta átt. Það er alveg réttilega fram tekið hjá hv. 1. landsk., að sá skattur, sem þetta frv. fjallar um, er principielt réttmætur. Hitt má vitanlega deila um, hversu tekst um framkvæmd þessara laga eða innheimtu skattsins. En ég hygg, að því verði tæplega mótmælt með rökum, að þessi skattur gefur töluverðar tekjur í ríkissjóð. Ég hygg, að það verði tiltölulega auðvelt fyrir innheimtumenn skattsins, lögreglustjórana, að ákveða skattskyldu hinna einstöku veitingahúsa; þeir eru svo kunnugir hver í sínu umdæmi. Hitt getur frekar komið til mála, að í byrjun verði dálítið örðugt að framkvæma eftirlitið og ákveða refsingar fyrir brot á ýmsum atriðum laganna, en sá vandi er vitanlega fyrir hendi á fleiri sviðum skattalaganna, og greiðist venjulega úr honum með vaxandi reynslu. Það er ekki víst, að tekizt hafi að ganga þannig frá refsiákvæðum þessara laga, að þau verði sem heppilegust í framkvæmd, en þá má gera endurbætur á þeim síðar, að fenginni reynslu. Það er sjaldan hægt að ganga svo frá skattalögum í upphafi, að þau þurfi eigi umbóta við síðar, þegar þau hafa verið reynd um nokkurt tímabil. Ég held, að það verði ekki talið óheppilegt að leggja þennan skatt á nú. Á þessum tímum er réttmætt að skattleggja þá eyðslu í landinu, sem borgararnir geta komizt hjá, að mestu leyti sér að meinalausu. Og þess vegna vænti ég, að frv. verði samþ. af hv. þd.

ATKVGR.
Brtt. 811,1.a felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁrna, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, IP.
nei: GL, JakM, JBald, JónÞ, PM, BSn.
HSteins greiddi ekki atkv.
Einn þm. (GÓ) fjarstaddur.
Brtt. 811,1.b samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁrna, HSteins, JónJ, JónasJ, MT, PHerm, PM, IP.
nei: GL, JakM, JBald, JónÞ.
BSn greiddi ekki atkv.
Einn þm. (GÓ) fjarstaddur.
2. gr. samþ. með 7:2 atkv.
Brtt. 811,2 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 7:3 atkv.
Brtt. 811,3 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 811,4.a samþ. án atkvgr.
— 811,4.b samþ. með 7 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 811,5 samþ. með 7 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 7:1 atkv.
Brtt. 811,6 samþ. með 7 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. 811,7 samþ. með 7 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 7:3 atkv.
14. gr. samþ. með 7:2 atkv.
Brtt. 811,8.a samþ. með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónasJ, MT, PHerm, PM, EÁrna, HSteins, JónJ. IP.
nei: GL.
BSn, JakM, JBald, JónÞ greiddu ekki atkv.
Einn þm. (GÓ) fjarstaddur.
Brtt. 811,8.b tekin aftur.
15. gr., svo breytt, samþ. með 7:1 atkv.
Brtt. 811,9 (ný 16. gr.) samþ. með 7 shlj. atkv.
— 811,10 (17. gr. falli burt) samþ. með 8 shlj. atkv.
18. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 7:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7:2 atkv.

Á 83. fundi í Ed., 29. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 825, 835).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 835. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Ingvar Pálmason:** Meiri hl. fjhn. hefir leyft sér að bera fram brtt. við 15. gr. frv., sem gerir sömu verkanir og brtt., sem við tókum aftur við 2. umr. Hún er orðuð á annan veg. Báðar þessar brtt. fella niður 2. mgr. 15. gr. frv.

Það má vel vera, að einhverjir hv. dm. hafi misskilið brtt. við 2. umr. En þetta hygg ég, að geti nægt, því brtt. virðist nú skýr.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að tala um frv. sjálft.

**Pétur Magnússon:** Aðeins örfá orð til grg. fyrir atkv. mínu í þessu máli.

Það gekk erfiðlega að fá þdm. til að greiða atkv. um þetta mál á laugardaginn, og var það ekki að ástæðulausu, því að eins og frv. liggur fyrir er ekki fært að gera það að l. Mjög áberandi ágallar eru á frv., sem snúa að framkvæmd l. Ég álít þó ekki rétt að láta málið stranda á þessum göllum. Af því að frv. á eftir að fara í gegnum aðra d., er enn kostur á að bæta úr þeim. Eftir því, sem útlitið er með fjárhagsafkomu ríkissjóðs, finnst mér ekki rétt að setja sig á móti þeim sköttum, sem koma ekki mjög ósanngjarnlega niður, og þessi skattur verður að teljast einn slíkra. Ég tel hann hættuminni en ýmsa aðra skatta, sem verið er að bollaleggja um á þessum tímum.

Ég hefi orð hæstv. fjmrh. fyrir því, að hann muni beita sér fyrir endurskoðun á frv., þegar það kemur til Nd., og verða þar væntanlega gerðar nauðsynlegar breyt. á því.

Með þetta fyrir augum greiði ég atkv. með frv. út úr þessari hv. d.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** Út af ræðu síðasta ræðumanns vil ég geta þess, að þessi barlómur hans og sumra annara um, að frv. mundi ekki ná tilgangi sínum, er ástæðulaus. Þetta frv. er samið eftir l., sem búið er að prófa í öðrum löndum. Þær breyt., sem gerðar voru á frv. við 2. umr., voru gerðar eftir bein-

um tilmælum frá fjmrn., sem sýnir, að það óskar ekki eftir meiri breyt. af því tægi. Þess vegna er allt þetta skraf um ófullkomleik frv. aðeins af því, að þeir, sem tala um ágalla á því, eru á móti framgangi þess, en sjá sér hinsvegar ekki fært að fylgja því fast eftir að fella það.

**Pétur Magnússon:** Mér þykir mjög einkennileg sú skoðun hv. 5. landsk., ef hann álítur, að við, sem sjáum hina stóru ágalla frv., tölum um þá aðeins til þess að reyna að hindra framgang málsins. Hv. þm. veit, að á mínu atkv. valt það við 2. umr., hvort frv. var samþ. eða fellt. Og ef ég hefði viljað koma frv. fyrir kattarnef, þá hefði ég vel getað það með því að rétta upp hendina móti því. En einmitt af því að ég vil stuðla að framgangi málsins, vil ég fá nauðsynlegar lagfæringar á frv. Annars hefði þess ekki þurft.

Hv. 1. landsk. benti við 2. umr. á verstu galla frv., og ég vil ekki eyða tíma deildarinnar í að endurtaka rök hans. En þeim hefir á engan hátt verið hnekkt.

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson):** Hv. 4. landsk. hlýtur að skilja það, að hvenær sem byrjað er á löggjöf um þetta efni, þá er vitað, að með okkar tiltölulega litla eftirliti um, að laga sé gætt, getur slík löggjöf alls ekki verkað gallalaust. Það er jafngefið, að erfitt er að framkvæma slíka skattalöggjöf eins og mönnum finnst hún vera réttmæt. Ég býst við, að eftir 1 til 2 ára reynslu í landinu sjálfu væri fyrst hægt að vita með vissu, hvaða breyt. beztar væru á frv. Nú er vitanlega byggt á útlendri reynslu, sem þarf að færa í íslenzk föt, sem ekki verður vel gert nema að fenginni reynslu í verki.

ATKVGR.
Brtt. 835 samþ. með 8:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 8: 1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 87. fundi í Nd., 30. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 857).

Á 88. fundi í Nd., 31. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:** Mér finnst sérstök ástæða til að vísa þessu máli til n. Frv. mun að ýmsu leyti vera mesti óskapnaður, og er því að mínu áliti meiri þörf að vísa því til n. en flestum öðrum málum.

ATKVGR.
Till. um að vísa málinu til fjhn. felld með 10:6 atkv.

---

Á 92. fundi í Nd., 2. júní, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:4 atkv.
2.—17. gr. samþ. með 12:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

**Magnús Jónsson:** Ég hreyfði því við 1. umr. þessa máls, að mér fyndist sjálfsagt að vísa þessu máli til n., því að frv. myndi vera mjög gallað að forminu til. Sú till., að vísa málinu til n., fékk ekki byr, en það var sagt utan fundar, að það stæði til að láta fara fram endurskoðun á frv. Þar sem ég sé ekki, að þetta loforð hafi verið efnt, vil ég ítreka þessa till. mína og legg til, að málinu verði vísað til tilsvarandi n. og það var í í hv. Ed., sem mun hafa verið fjhn.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég skal geta þess, að brtt. verða lagðar fram í dag. Mér hafa þegar borizt till. frá skrifstofustjóranum í fjmrn. og vænti frekari till. frá tollstjóra, og verða þær bornar fram við 3. umr. Þær eru ekki viðvíkjandi upphæð skattsins, heldur við form og framkvæmd, sem þessir embættismenn telja betur henta.

**Magnús Jónsson:** Ég sé á þessu, að það hefði verið hentara að hafa mitt ráð og

lofa málinu að fara í n. Ég vil því halda fast við þessa till. mína. Ef á að gera talsvert miklar breyt. á frv., þó kannske eigi ekki að breyta upphæð skattsins, þá held ég, að það eigi að athugast af n.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Þó að ég sjái ekki, að það hafi neina teljandi þýðingu út af fyrir sig, þá skal ég, ef form. fjhn. vildi halda fund við fyrsta tækifæri í dag, ekki standa á móti því, að málið fari til n.; en ég geri mér ljóst, að þetta er ekki áhugi á breyt. hjá hv. þm., heldur að málið nái ekki fram að ganga.

**Halldór Stefánsson:** Af því að hæstv. ráðh. vísaði til mín um það, hvort ég myndi geta haft fund í dag, ef málinu yrði vísað til fjhn., þá vil ég geta þess, að ef á að vísa málinu til n. og n. á að skila nál. strax í dag, og þar sem menn hafa heyrt, að frv. hefir verið athugað á öðrum stöðum og von er á brtt. úr tveimur áttum, þá geri ég mér engar vonir um, að fjhn. geti haft tíma eða tóm til þess að gera nokkra þá athugun á frv., sem verulega væri hægt að byggja á. Ég tel óvíst, að n. geti haft fund í dag, því að allir nm eru ekki hér staddir, og þó að kannske mætti ná til þeirra, þá er það ekki vitað, hvort þeir gætu verið viðlátnir til þess að koma á fund. Það yrði eingöngu formsatriði að vísa frv. til fjhn., ef nál. ætti að gefa út strax í dag.

Ég vil að öðru leyti vera hlutlaus um það, hvort málinu verði vísað til n., en ég get sem sagt enga tryggingu gefið fyrir því, að n. geti haft fund í dag, því eins og menn vita, er fundur í Sþ. kl. 5, svo að ég sé ekki, á hvaða tíma n. gæti verið ætlað að starfa.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Ég sé, að það er rétt, sem hv. form. fjhn. segir, og tek þá vitanlega aftur mín ummæli, að málið mætti gjarnan fara til n., enda hafði sú verið tilætlunin, þar sem hér var eingöngu að ræða um breyt., sem viðkemur orðalagi, að þá væri sú bezta n. til þess einmitt þessir embættismenn, sem eru þaulvanir framkvæmd á slíkum hlutum. Á áliti þessara manna og brtt. mun sannarlega vera byggjandi. Ef menn vilja gjarnan leggja á veitingaskatt, er það venja að láta embættismenn ráða miklu um það, hvernig framkvæmdinni er hagað.

**Magnús Jónsson:** Ég vil halda fast við þessa till. mína, að málinu verði vísað til n. Ég býst ekki við, að þessir hv. eða hæstv. embættismenn séu neitt meiri en þeir, sem fjalla yfirleitt um stjfrv., þegar þau koma fram. Þingið hefir haft það fyrir sið að vísa þeim til n., og n. gera oft breyt. á þeim. Ég skal taka það fram, að ég er ekki á móti því að leggja á þennan skatt, en ef verulegir gallar koma í ljós við framkvæmd þessara laga, þá vil ég gjarnan, að það komi fram, að tvívegis hafi verið fellt í þessari hv. d., að málið væri athugað í n.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Það má vitanlega búast við því með l. eins og þessi, þó að þau séu sniðin eftir erlendri fyrirmynd, að einhverjir gallar komi í ljós við framkvæmdina; en það er oft venja um slíka hluti sem þessa, að breyt. komi síðar frá stj., því að hætt er við, að gallarnir komi ekki glöggt í ljós fyrr en við framkvæmdina sjálfa. Aðalatriðið í þessu máli er það, hvort menn vilji leggja á 10% veitingaskatt, og það er ákaflega einfaldur hlutur fyrir sig.

ATKVGR.

Fellt að vísa málinu til fjhn. með 12:5 atkv.

---

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 857, 922).

Oft skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 922. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16:2 atkv.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)** [óyfirl.]: Nýlega var útbýtt brtt., sem teknar eru eftir till. skrifstofustjóra í fjmrn. og tollstjóra. Þær eru flestar smávægilegar breyt., og 9. brtt. sú eina, sem verulegu máli skiptir. Hún hljóðar svo:

„Fjármálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu skattsins og framkvæmd þessara laga og ákveður sektir fyrir brot á reglugerðinni í samræmi við sektarákvæði laganna“.

Tollstjóri, sem farið hefir yfir frv., hefir ekki fundið neitt sérstakt við það að athuga, þegar teknar eru til greina allar brtt., en hann segir, sem satt er, að það sé með þessi l. eins og öll önnur, að það verður að feta sig áfram með þau, og er því borgið með 9. brtt.

Vænti ég þess, að þessar breyt. verði samþ., þó að hv. þdm. kunni að virðast frv. nokkuð flókið eins og það liggur fyrir, þá er það sniðið eftir erlendri fyrirmynd. Auk þess ætti það að vera nokkur trygging, að þeir embættismenn, sem vanir eru að fást við framkvæmdir slíkra laga, hafa farið yfir frv. án þess að hafa neitt stórvægilegt við það að athuga. Ég vænti því, að frv. og till., sérstaklega 9. brtt., fái góðar undirtektir, þar sem upphæð skattsins stendur óhögguð, en eftir því aðallega taka þingmenn afstöðu sína.

ATKVGR.

Brtt. 922,1.a—b samþ. með 15 shlj. atkv.
— 922,2.a—b samþ. með 15 shlj. atkv.
— 922,3 samþ. með 14:1 atkv.
— 922,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 922,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 922,6 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 922,7 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 922,8 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 922,9 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 922,10 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv. og endursent Ed.

---

Á 89. fundi í Ed., 3. júní, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 947).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 955).

---

## 90. Stjórnarskrárbreyting (stjfrv.).

Á 10. fundi í Nd., 25. febr., utan dagskrár, mælti

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvenær von sé á stjórnarskrárfrv. því, er hann lofaði að kæmi fram í þessari viku.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Frv. er fullsamið og verður útbýtt fyrri hluta næstu viku. Af ófyrirsjáanlegum ástæðum hefir útbýtingunni seinkað um nokkra daga. Um efni þess getur hv. þm. fengið að vita nú þegar í einkasamtali við mig, ef hann óskar.

**Héðinn Valdimarsson:** Hæstv. forsrh. hefir líka lofað mér upplýsingum í einkasamtali um varalögregluna, en þær upplýsingar eru ókomnar enn.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Um þessi einkasamtöl okkar hv. 2. þm. Reykv. og mín er það að segja, að ég hefi ætlazt til, að hann kæmi til mín, en ég ekki til hans.

---

Á 13. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:

**Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920** (stjfrv., A. 72).

Á 17. og 18. fundi í Nd., 6. og 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 8. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hæstv. forseti! Um leið og ég legg frv. fyrir hv. deild, þarf ég að fara aftur í tímann og skýra frá tildrögum stjórnarskiptanna á síðasta þingi.

Þegar fráfarandi stj. hafði sagt af sér, var þess óskað af Framsfl., að ég reyndi að mynda flokksstjórn með stuðningi eða hlutleysi annara flokka. Í viðtölum við Sjálfstfl. kom það í ljós, að hann var tilleiðanlegur að styðja hreina framsókn-

arstjórn, ef Framsfl. vildi setja tryggingar fyrir afgreiðslu kjördæmamálsins á þingi 1933 á þann hátt, sem um semdist milli flokkanna, áður en stjórnin yrði mynduð. Þetta varð ekki að ráði. Framsfl. fékkst ekki til að setja neina slíka tryggingu eða halda áfram samningum um málið eins og þá var komið. Næsta stigið var stjórnarmyndun um það fyrst og fremst að bjarga nauðsynlegum fjármálum þá á þinginu og beina huganum aðallega að yfirstandandi vandræðum, og eftir nokkra umleitun tókst að mynda stjórn með tveimur mönnum úr Framsfl. og einum af sjálfstæðismanna hálfu. Um þetta sagði ég í ræðu, er ég hélt þá við stjórnarmyndunina:

„Núv. stj. er fyrst og fremst mynduð ýmist með stuðningi eða hlutleysi mikils meiri hl. þingmanna, til að greiða sem bezt úr þeim örðugleikum, sem umkringja oss á alla vegu. Horfurnar eru svartar. Minnkandi toll- og skatttekjur ríkissjóðs og margháttaðir erfiðleikar atvinnuveganna til lands og sjávar blasa við þjóðinni, lækkandi verðlag á útflutningsafurðum og hækkandi tollar í þeim löndum, sem vér skiptum við. Hin nýja stj. telur sér skylt að gæta alls þess sparnaðar, sem við verður komið án vansæmdar, og hafa vakandi auga á afstöðu atvinnuveganna um viðskipti við önnur ríki og gera í því efni allar þær ráðstafanir, sem í hennar valdi eru, til að hlynna að atvinnuvegunum".

Þetta var höfuðtilgangur stjórnarmyndunarinnar. Um stjskr.málið náðist þá ekkert samkomulag milli þingfl.

Mér hefir það að vísu lengi verið ljóst, að til vandræða hefir horft um skipun Alþingis og kjördæma. Ég var raunar ráðinn í því áður að leggja mitt lið — þó að það skipti ekki miklu — til þess, að úr þessu vandamáli þjóðarinnar yrði leyst með samkomulagi milli flokkanna, og þá helzt allra. Um það leyti sem stjórnarmyndun tókst átti ég tal við fulltrúa Sjálfstæðisfl. í stjórninni um stjórnarskrármálið, og við urðum ásáttir um að leggja fyrir næsta þing frv. til stjórnskipunarlaga, sem færi sem næst þeim till., sem í viðtölum flokkanna á síðasta þingi virtust líklegastar til að geta orðið til samkomulags.

Um þetta atriði sagði ég í ræðu þeirri, er ég gat um:

„Persónulega hefði ég helzt kosið, að samningar hefðu náðst um afgreiðslu stjórnarskrár og fjármála án stjórnarskipta. En því var ekki að fagna. Það öngþveiti, sem málefni þjóðarinnar hafa komizt í á þessu þingi, liggur ekki eingöngu í þeirri áherzlu, sem þingflokkarnir hafa lagt á mál sín, heldur og í sjálfri stjórnarskipun landsins. Sambland kjördæmakjörs og landskjörs með þeim hætti, sem nú er, og skipun deilda þingsins getur leitt til hins sama öngþveitis hvenær sem er, og heldur útlit fyrir, að sú hætta aukist en að úr henni dragi. Ég lít svo á, að skylt sé að gera þær breytingar á kosningatilhögun og skipun þingdeilda, að sem mest trygging verði fyrir því, að Alþingi verði á hverjum tíma starfhæft, enda verður það ekki hrakið með rökum, að jafna beri kosningarrétt þegnanna frá því, sem nú er. Ég tel mér því skylt sem stjórnarforseti að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um breyting á stjórnarskipunarlögum ríkisins, sem feli í sér sanngjarna lausn þessara mála".

Þetta eru þær yfirlýsingar, sem á undan eru gengnar. Nú er frv. fram komið og hér með lagt fyrir þessa hv. deild. Frv. er tilraun stjórnarinnar til samkomulags. En það er ekkert séð fyrir um úrslitin.

Undir lok síðasta þings hafði ég ástæðu til að ætla, að slík tilraun sem þessi yrði ekki árangurslaus. En það má vera, að nú séu einhverjar þær stoðir hrundar, sem ég þá byggði traust mitt á. Það kemur í ljós í meðferð málsins á þessu þingi, hvort við sama stendur nú eins og þá.

Eins vil ég geta í þessu sambandi, bæði vegna gangs þessara mála á síðasta þingi og einnig á þessu nýbyrjaða þingi, og það er það, að ég hefi sízt trú á, að nokkuð vinnist á með hótunum. Ég á við það, ef hver aðili setur slík skilyrði sem þessi: Ef þú vilt ekki fallast á kröfur mínar, þá skal ég valda þeim truflunum og tjóni fyrir þjóðfélagið, sem ég er maður til í þjóðfélaginu. Ef allt, sem máli skiptir á þessum hörmungatímum, er stöðvað af annarlegum ástæðum, þá bitna afleiðingarnar ekki á einum þingflokki, heldur á allri þjóðinni, kjósendum allra flokka. Þingið á að leysa vandræðin, en ekki

auka þau. Hér verður ekki býsnað til batnaðar. Það eina, sem getur skapað samkomulag, er það, að réttlætistilfinningin dragi hugi manna í eina átt.

Ég get á þessu stigi enga yfirlýsingu gefið um afstöðu Framsfl. til þessa frv., sem stjórnin leggur fram. Frv. var samið og fullbúið áður en það var sýnt nokkrum flokki til umsagnar. En ég veit þó, að ströng skilyrði, að því viðlögðu að valda stöðvun nauðsynjamála, munu ekki orka á hug nokkurs framsóknarþm. Trúa mín er þó sú, að ástandið, það sem nú er ríkjandi í þjóðfélaginu, heimti tvennskonar jöfnun af því þingi, sem nú situr. Annað er jöfnun um atkvæðisrétt og áhrif í þjóðfélaginu, en hitt er jöfnun á aðstöðu í lífinu. Þörfin á hvorritveggja þessari jöfnun er svo rík, að það mun undan láta áður en langt um líður. Kjördæmamálið og kreppumálin sækja á með miklum þunga. Tregðan um það að láta af sérréttindum, í hvaða mynd sem eru, er að vísu sterk, hvort sem það eru sérréttindi um auð eða völd. En kröfurnar um það jafnrétti þegnanna, sem auðið er að ná — fullkomnu jafnrétti verður aldrei náð —, bæði kröfurnar um áhrif á þing og stjórn og kröfurnar um jafnari efnalega aðstöðu, eru voldugar og munu sigra að lokum, þó að baráttan verði löng og sé hvergi lokið. Það er þetta, sem er uppistaðan í allri stjórnmálabaráttu, og verður þó að sætta sig við, að allt verði ekki í einni svipan.

Núv. kjördæmaskipun og þingskipun er ekki eftir neinni einni meginreglu, sem unnt sé að standa á og víkja hvergi frá. Þingkjör og þingskipting er nú með þeim hætti, að það hefir enginn flokkur ástæðu til að vera ánægður með það, sem er. Kosningaskipulagið er nú sambland af kjördæmakosningum og hlutfallskosningum. Hvorugt fyrirkomulagið er hreint, heldur blandað saman með undarlegum hætti, og var ekki þrauthugsað í byrjun. Hlutfallskosningar eru í Reykjavík. En það, sem skiptir þó mestu máli um þann vanda, sem við erum rataðir í, eru hlutfallskosningar í landskjöri, þar sem landið er eitt kjördæmi. Út af fyrir sig þurfti landskjörið ekki að valda svo miklum vandkvæðum, ef ekki bættist þar við, að hinir landskjörnu þm. eiga allir sæti í Ed. og skipa 6 af þingsætum deildarinnar. Það eru hlutfallskosningar landsins alls sem eins kjördæmis, sem ráða úrslitum um gang mála í Ed. Núv. ástand er því það, að hlutfallskosningar eru eins áhrifaríkar um úrslit mála og sterkari um alla neitun en kjördæmakosningarnar. Núv. ástand er einnig það, að kjördæmin eru svo misjöfn að stærð, að það eru allt frá 500 upp í 2200 kjósendur í einmenningskjördæmum. En í Reykjavík koma 3 þús. kjósendur á hvern þm. Ástandið er það, að Framsfl., sem hefir 36% kjósenda í landinu, hefir meiri hl. sameinaðs þings, án þess þó að það komi honum að fullu liði, eins og atburðir síðustu tíma hafa sýnt. Framsfl. mætti gilda það einu, þótt hann hefði nokkuð færri þingsæti. Hans áhrifavald mundi ekki verða minna fyrir það, máske meira, ef hann hefði minni hl. þm. eins og kjósenda. Meiri hl. sá, sem hann hefir nú, dugir til þess eins að hrófla upp stj., en ekki til framgangs neinna mála, nema með liðsstyrk annara flokka.

Það er því ekki úr háum söðli að detta og óhugsandi, að nokkur flokkur geti til langframa haldið dauðahaldi í það skipulag, sem ekki gefur betri aðstöðu. Til þess að fá meiri hl. í báðum deildum þyrfti Framsfl. að ná a. m. k. 28 þingsætum samtals. En þó að þm. yrði jafnvel fjölgað upp í 50, eins og gert er ráð fyrir að þm. geti orðið flestir í stjórnarfrv., þá þyrfti enginn flokkur nema 26 þingsæti til þess að fá öruggan meiri hl. í báðum d.

Þessi ójöfnuður um kjördæmaskipun hefir að vísu lengi átt sér stað og verið lagfært með smábótum öðruhverju. En þó gætti þess ekki eins meðan utanríkismálin skiptu þjóðinni í tvo meginflokka. Þá jafnaðist þetta nokkuð á annan hátt, svo að aldrei varð mikil háreysti um þetta mál. En hitt mátti vita, að þegar samningar voru gerðir við Dani 1918 og utanríkismálin ekki skiptu þjóðinni lengur í flokka, þá mundi færast í aukana sá ójöfnuður, sem í sjálfu skipulaginu felst. Þegar nú er svo komið, að flokkaskiptingin er mest með tilliti til atvinnuvega og hagsmuna í sambandi við atvinnu manna og lífskjör, þá er bersýnilegt, að ekki getur til lengdar staðið óbreytt núv. kjördæma- og þingskipun.

Ég skal játa, að þetta frv. er ekki samið á þann veg, sem verið hefði, ef einhverjir stjórnspekingar hefðu sezt niður til þess að gera till. um hið fullkomna skipulag og ekki þurft að taka landfræðileg, sögu-leg eða stjórnmálaleg tillit. Það skal ég játa, að í frv. er ekki gengið eftir einni þráðbeinni götu. Frv. er samkomulagstilraun, og í því liggur það, að reynt er að taka hin nauðsynlegustu tillit, sem bæði viðureign síðustu ára og þróun kjördæmaskipunarinnar hér á landi krafðist. Ég fullyrði ekki, að þetta hafi tekizt í öllum greinum. Það má víkja við og breyta einstökum atriðum, eftir því sem um kann að semjast í þinginu. En ég fullyrði þó, að frv. fer í rétta átt, þá átt, sem „demokratisk" þróun hefir jafnan gengið bæði hér á landi og annarsstaðar. Það er mikil bót að þeirri skipun, sem stungið er upp á, miðað við það sem nú er.

Það eru einkum þrír möguleikar, sem til greina hafa komið um breytingu á kjördæmaskipun hér á landi. Einn er sá, að landið verði eitt kjördæmi, eins og frv. er borið fram um í hv. efri deild. Framsóknarfl. hefir jafnan staðið á móti þessari skipun, enda hefir hún marga galla. Það er víst, að slík skipun mundi draga úr áhrifum almennings og auka fárra manna vald innan flokka. Fáeinir menn innan aðalflokkanna yrðu einráðir og íhlutun einstaklinga yfirleitt, og þá sérstaklega þeirra, sem í strjálbýli búa, yrði stórum minni en nú er með kjördæmakosningum.

Flokkaskipun á að vísu fullan rétt á sér, eins og viðurkennt er í frv. Enda er raunin sú, nú við landskjörið og þær hlutfallskosningar, sem eiga sér stað, að það er fyllilega viðurkenndur réttur flokkanna. En flokkarnir eiga ekki að þroskast skefjalaust. Það er nauðsynlegt að setja flokksviðureigninni viss takmörk, og ein af þeim takmörkunum er að láta almenning í smákjördæmum ráða mestu um það, hverjir skipa þingflokkana. Þetta fyrirkomulag mundi ekki taka nægilegt tillit til einstakra héraða, hagsmuna þeirra og allrar aðstöðu í þjóðfélaginu. Þekking kjósenda á þm. og viðkynning mundi verða af skornum skammti. Einmenningskjördæmi eru ein höfuðtrygging þess, að jafnan séu valdir til þingstarfa menn, sem hafa aflað sér trausts og þekkingar á því, sem starfi þeirra viðkemur.

Önnur aðferðin, sem haldið hefir verið fram, að hafa fá kjördæmi og stór með hlutfallskosningum, hefir marga hina sömu ókosti og það, að landið sé eitt kjördæmi. Í öðrum löndum er það eðlilegra að hafa fá kjördæmi og stór og hlutfallskosningu. Þar eru víðasthvar hin náttúrlegu héruð svo mannmörg, að sjálfsagt er, að þau kjósi marga þm., og þá vitanlega með hlutfallskosningu. En hér á landi er það svo, að héruðin eru flest bæði af landfræðilegum og sögulegum ástæðum svo mannfá, að ekki er hægt að kjósa nema einn mann í héraði og flest tvo. Þessi héruð eru búin að fá festu í huga þjóðarinnar. Sýsluskiptingin hefir þróazt um þúsund ár — og það skal sterk rök til að raska þeim grundvelli, ef hægt er að finna aðra leið til jöfnunar á kosningarrétti manna en að raska svo fornum grundvelli. Þessi héruð, sýslufélögin og bæjarfélögin, eru sjálfstæðar fjárhagseiningar og menningareiningar, sem orðnar eru samvanar til starfs. Og það verða ekki búin til með lögum önnur héruð, sem betur séu til þess fallin að vera kjördæmi. Skoðun framsóknarmanna hefir jafnan verið sú, að sjálfsagt sé að varðveita einmenningskjördæmin, og tvímenningskjördæmi, þangað til þeim yrði skipt í einmenningskjördæmi. Þau hafa sögulegan og náttúrlegan rétt á sér, og þau eru viss hemill á flokkabaráttu og allar öfgar. Með þeim hætti er héruðunum tryggast að eiga vísa málaflutningsmenn, sem hafa þekkingu á þörfum og högum héraðanna og sérstakar skyldur, framar en landskjörnir og stórkjördæmakjörnir þm. mundu hafa. Þessum kostum má ekki kasta fyrir borð. Það verður að jafna til með einhverju öðru móti.

Ef hvorug sú leiðin er farin, að gera landið allt að einu kjördæmi eða taka upp stór kjördæmi með hlutfallskosningum, þá eru eftir tveir möguleikar. Annar er sá, að jafna kjördæmin sjálf, og hinn að láta kjördæmin standa óbreytt, en jafna til með uppbótarsætum. Hinn fyrri möguleikinn, að jafna kjör-

dæmin þannig, að þau yrðu áþekk að kjósendafjölda, styðst við ýms sterk rök. En ég hygg, að þótt menn gætu orðið sammála um meginregluna, þá mundi rekast á alla enda og kanta, þegar ganga ætti til samninga um breytingarnar á núverandi kjördæmum, sem hafa allt frá 500 og upp í 2200 kjósendur. Þó er hitt lakara, að nú berjast um völdin í landinu fjórir flokkar, og ekki líkur til, að þeim fækki. Einmenningskjördæmi eru upphaflega miðuð við, að tveir flokkar eigist við. En þegar fleiri flokkar eigast við, vex hættan á misrétti. Í þingræðislöndum á að ríkja meirihl.vald. Það er grundvallarregla alls þingræðis. En vitanlega er einnig nauðsynlegt, að réttur minni hl. sé tryggður með nokkru móti. Þjóðþingin eiga að vera svo skipuð, að þar sitji fulltrúar allra hagsmuna og höfuðstefna. Öll sjónarmið eiga rétt til að tefla fram rökum sínum á þeirri samkomu, sem úrslitum veldur. En þessi réttur minni hlutans, eða smærri flokkanna, verður ekki tryggður með neinu öðru en því, að heimila einhverskonar hlutfallskosningar. Því er sú leið farin í stjfrv. að varðveita núv. kjördæmaskipun svo að kalla óbreytta og jafna til með nokkurskonar landskjöri. Þessa leið hefir stj. valið í sínu frv., og hún hefir að baki sér þær líkur, sem fram komu í viðtölum þingflokka um kjördæmamálið á síðasta þingi. Síðan þetta mál komst í burðarliðinn nú fyrir 2 árum, hefir verið háð hörð viðureign um það, og ekki að árangurslausu. Það er nú skýrara, hvert stefnir um lausn málsins, þó ekki sjáist enn fyrir endann. Hvort stjfrv. verður smíðshöggið í viðureigninni um kjördæmamálið, veit ég ekki; en til þess er ætlazt af stj. hálfu, að það verði grundvöllur samninga, sem til lykta verða leiddir svo fljótt sem auðið er. Ég veit það með vissu, að það dregst aldrei mjög lengi, að einhver viðunandi afgreiðsla fáist. Það liggur í sjálfu núv. skipulagi, að lausnarinnar verður ekki langt að bíða. Með því að varðveita núv. kjördæmaskipun óbreytta, og jafna með uppbótarsætum, eru tryggðir allir kostir núv. kjördæmaskipunar. Það er tryggður réttur og aðstaða héraðanna, hin traustustu takmörk sett fárra-manna-veldinu og flokksæsingum sem kostur er á. Á einstökum kjördæmum er sú ein breyting gerð í frv., að bætt er við tveimur þingsætum í Reykjavík. Nú koma 3 þús. kjósendur á hvern Rvíkurþm., en með 6 þm. er Rvík sett á bekk með þeim einmenningskjördæmum, sem hafa flesta kjósendur. Koma þá 2 þús. kjósendur á hvern af 6 þm.

En höfuðbreytingin frá því, sem er, eru uppbótarsætin eða landskjörið, eins og mætti kalla það, sem heimilar allt að 12 þingsæti til jöfnunar milli flokka.

Þessi till. er í fullu samræmi við þróun kjördæmaskipunarinnar og kosningarréttarins hér á landi. Núv. skipulag á upptök sín á þeim tíma, þegar konungsvaldið tryggði aðstöðu sína með því að eiga 6 þm. í Ed. Þegar því valdi laukvar tekið upp landskjör, sem gat ekki haft aðra skynsamlega þýðingu en þá, að jafna nokkuð með hlutfallskosningu niðurstöðu kjördæmakosninganna.

Nú er það ekki nema spor, að skipt sé á landskjörinu eins og það nú er og allt að 12 manna landskjöri. Þetta er eðlileg þróun, og miðar alltaf í hinu sömu átt, að jafna áhrifavald kjósendanna í landinu á stjórn og þing. Þessi stefna er sem þungur, ómótstæðilegur straumur, og fellur ætíð í hina sömu átt, í áttina til jafnræðis.

Sú skipun er að vísu gerð, að uppbótarsætin skuli með nokkrum hætti skiptast niður á héruð utan Reykjavíkur. Er það gert til þess að auka áhrif hinna strjálu byggða, sem á ýmsa lund standa höllum fæti gagnvart þéttbýlinu. Það verður ekki um það kvartað, að byggðavaldinu sé gert lágt undir höfði í frv. Ekki verður heldur um það kvartað, að áhrifum bændastéttarinnar á þing og stj. sé af þessu nokkur hætta búin. Áhrif bændastéttarinnar eru tryggð, svo sem bezt má verða, af því að 44 þús. manna vinna að landbúnaði hér á landi, en 15 þús. að fiskveiðum, 7 þús. að iðnaði, önnur 7 þús. að verzlun, og þaðan af færri skipa aðrar stéttir. Það er þessi staðreynd, sem tryggir bezt og réttlátast vald bændanna í landinu. Valdi og áhrifum bændastéttarinnar er sízt hætta búin, ef tekið er upp það skipulag, að strjálbýlið sé með vissum hætti látið njóta þeirra uppbótarsæta, sem upp verða tekin. Það

er full ástæða til að benda á þetta, því að öllum má vera annt um stjórnmálaáhrif bænda og þeirra, sem landbúnað stunda. Þar er jafnan kjölfesta hvers þjóðfélags. Öll aðstaða þeirra, sem landbúnað stunda, í lífinu, elja þeirra og atorka, erfið lífsbarátta og jöfn afkoma, þegar ekki ber út af, menning þeirra og dómgreind er hin sterkasta stoð hvers þjóðfélags. Það er gleðiefni, að aðstaða bænda skuli af eðlilegum og réttlátum ástæðum verða fulltryggð í þjóðfélaginu. Vitanlega á hvorki vald þeirra né neinna annara stétta að byggjast á sérréttindum. Öll sérréttindi hafa koll af kolli dottið úr sögunni í baráttunni fyrir auknu jafnræði. Bændastéttin, sagði ég, er kjölfesta hvers þjóðfélags. Hún mun ætíð fylgja jöfnunarstefnu bæði um auð og völd, og tryggja jafnvægi þjóðfélagsins.

Í frv. er og lagfærð deildaskipting þingsins, þannig að samræmi verði jafnan milli deilda. Það er nú svo ástatt, að vonlaust má heita, að samræmi geti orðið milli deilda án skipulagsbreytingar. Í flestum löndum hefði slík barátta sem hér hefir átt sér stað, snúizt upp í baráttu gegn efri deild þingsins. Hér fer á annan veg, einmitt vegna þess, að efri deild er sannari mynd þjóðarviljans heldur en neðri deild. En hversu heitt sem sumir kunna að óska eftir breyt. á deildaskipuninni, svo að störf deildanna eða þingsins þurfi ekki að lenda í öngþveiti, þá er hitt jafnvíst, að sú breyt. fæst ekki fyrr en um leið og gerð er breyt. á kjördæmaskipuninni eitthvað í þá átt, sem hér er um að ræða. Ég hefi gert ráð fyrir, að deildaskipting verði þannig, að sameinað þing kjósi efri deild, og er það fyrirkomulag raunar harla nærri hinu, að hafa einungis eina málstofu. En ég býst við, að deildaskiptingin sitji nokkuð fast í hugum manna, og hefi því lagt til, að aðeins fjárlög og fjáraukalög verði rædd í Sþ. Að því má verða tvöfaldur sparnaður. Þingtími sparast svo um munar. — Einnig sparast á fjárveitingum, því að það verður ekki komið fram eins mörgum vafasömum till. meðal 42 þm. eins og kannske í 14 manna deild. Þeir, sem því gera sér áhyggjur út af nokkurri þingmannafjölgun, ættu fyllilega að geta huggað sig við þessa breyt., sem felur í sér margfaldan sparnað á við kostnað af nokkrum nýjum þm.

Um kosningarrétt til Alþingis eru sömu ákvæði og í eldri frv. og samkomulag virðist hafa náðst um meðal allra flokka, þau ákvæði, að fella niður réttindamissi vegna sveitarskulda og kosningarréttur er færður niður í 21 ár.

Ég hefi ekkert fullyrt um óskeikulleik þessa frv. Frv. er málamiðlun, og það má vitanlega breyta einstökum atriðum, ef um semst. En ég hygg, að í höfuðdráttum séu tekin réttmæt tillit í allar áttir. Ég get þó nefnt eina breyt., sem ég hefði gjarnan viljað taka upp, en hefi þó sleppt til þess að fjölga ekki ágreiningsatriðum, en það er ákvæði um þjóðaratkvæði, sem skylt væri að hafa eftir föstum reglum. Ég fæ ekki betur séð en að slík ákvæði tryggðu hvað bezt, að meiri hl. þjóðarinnar fái að ráða í hinum stærstu málum.

Undirstöðuatriði stjfrv. eru bæði hinar landfræðilegu ástæður og héraðaskipting, söguleg þróun kjördæmaskipunar og kosningarréttar og megindrættirnir úr viðureign hinna síðustu tveggja ára um þetta mál. Þróunin hefir jafnan gengið í jöfnunarátt. Frá því að byrjað var að skipta veldissprota kosninganna upp á milli þegnanna, þá hefir jafnan stefnt í þessa átt, og mun ekki linna fyrr en að fullu eru jöfnuð áhrif þegnanna. Þegnarnir hafa smátt og smátt verið afklæddir öllum mannamun. Réttinn til íhlutunar eiga nú allir jafnt, án tillits til ýmsra eldri takmarkana. Ætterni skiptir nú engu máli, eins og þó var lengi vel. Trúarbrögð ekki heldur. Jafnvel ekki auðurinn, sem öflugastar skorður setti um langt skeið. Kynferðismunur er ekki gerður lengur, þegar um kosningarrétt er að ræða. Allt hefir þetta verið jafnað fyrir langa baráttu frjálslyndra manna. Fastast var staðið á móti því að sleppa öllum eigna- og skattskilyrðum fyrir kosningarrétti, og voru þau ekki felld niður hér á landi fyrr en á þessari öld. Um slíka hluti höfðu Rockdale-vefararnir, frumherjar samvinnumanna, forustuna. Í þeirra félagi, þótt fjárhagslegt félag væri, voru allir gerðir jafnir, löngu áður en slíkt jafnræði sigraði í stjórnmálunum, hvað þá heldur í fjármálunum,

eins og t. d. hlutafélögum og öðru slíku skipulagi verzlunar- og atvinnumálanna. Einstaklingarnir eiga að hafa jafna aðstöðu til að ráða og sá munur einn að eiga sér stað, sem manngildið veldur. Það er manngildið og málstaðurinn, sem á að skapa meiri hlutann. Hans hátign þjóðarviljinn er hinn eini traustí grundvöllur undir nútímaþjóðskipulagi.

Um þetta allt er ég í fullu samræmi við yfirlýstan vilja þess flokks, sem ég vinn fyrir, þó að vera kunni, að flokksmenn vilji gera á aðra skipun um einstök atriði. Ég er í fullu samræmi við grundvallarreglu fulltrúa Framsfl. í kjördæmanefndinni, sem vildu gera rétt kjósendanna um áhrif á Alþingi sem jafnastan og tryggja rétt hinna gömlu kjördæma til fulltrúavals. Ég er og í fullu samræmi við allan anda framsóknarinnar á öllum tímum.

Að lokum vek ég athygli á því, að þetta þing hefir óvenjulega möguleika til að valda jöfnun meðal þegnanna, bæði um atkvæðisrétt og eins um lífskjör og aðstöðu, einmitt á þessum krepputímum, þegar heilar stéttir stynja undir okinu. Að vísu verður aldrei komið á fullum jöfnuði. En viðleitni í þá átt að jafna áhrif manna og aðstöðu í lífinu er alveg sérstaklega viðfangsefni þessa þings. Það er ekkert eitt mál til, sem heiti „réttlætismálið", aðskilið frá öllum öðrum málum. Réttlætið er það fjörefni, sem gefur öllum þeim málum, sem eiga framtíð fyrir sér, sinn kraft. Og sá einn getur talizt berjast hinni góðu baráttu, sem þekkir réttlætið í öllum þess myndum. Möguleikar þessa þings eru miklir. Ef þingið sinnir þeim kröfum, sem nú sækja á, þá getur það orðið eitt hið merkasta þing, sem háð hefir verið um langt skeið. En þetta verður hvorki fyrir hótanir né harða viðureign, heldur því aðeins, að réttlætið dragi hv. þm. til sín með segulafli og hugir þeirra þiðni við þess heilaga eld.

**Héðinn Valdimarsson:** Mér skildist svo á ræðu hæstv. forsrh., að stjórnin væri samhuga í þessu máli; og ef tekið er tillit til ræðu formanns Sjálfstfl. um stjórnarmyndunina í fyrra, verður að álíta, að stj. beri sameiginlega ábyrgð á þessu frv. og að ráðherrarnir komi þar ekki fram hver fyrir sinn flokk. Væri æskilegt að fá fullvissu um það. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., og reyndar allrar stjórnarinnar, hvort hún hefir undirbúið málið þannig, að tryggt sé, að meiri hl. þingsins fylgi frv. í aðalatriðum, þannig að það nái fram að ganga á þessu þingi. Það virtist koma greinilega í ljós í ræðu hæstv. forsrh. í þinglok í fyrra, og einnig nú í framsöguræðu hans, að hann leggur mikla áherzlu á þetta mál, og má því fullkomlega vænta þess, að hann hafi nú borið það undir sinn flokk, eftir að frv. kom fram, þó að það væri eigi áður gert, þannig að hann hlýtur nú að hafa fullkomna vissu um afstöðu síns flokks gagnvart þessu frv.

Í öðru lagi vildi ég varpa þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort stjórnin muni segja af sér, ef frv. þetta nær ekki fram að ganga á þessu þingi. Eða m. ö. o., hvort stjórnin muni meta þetta mál jafnmikils eins og t. d. norsku samningana; en hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að stjórnin mundi segja af sér, ef þeir yrðu ekki samþ. — Eða er það rétt, sem haft er eftir einum þm. úr Framsfl. í Ed. nýlega, við umr. um stjskrfrv. Alþfl., að það hefði aldrei verið meining stj. að gera meira í málinu á þessu þingi heldur en að flytja þetta frv.? Með því væri forsrh. búinn að efna sitt loforð. Hefir hæstv. stj. flutt þetta frv. til málamynda og aðeins til að sýnast? Og ætlar hún ekki að fylgja því fram með oddi og egg á þessu þingi? Það væri mjög æskilegt að fá skýr svör við því.

**Tryggvi Þórhallsson:** Þó að þetta mál, sem hér liggur fyrir, sé að mörgu leyti hið merkasta og afleiðingaríkasta, þá mun ég aðeins fara um það fáum orðum að þessu sinni. Það er vitað og yfirlýst af hæstv. forsrh., að þetta frv. er flutt í beinu framhaldi af myndun samsteypustjórnarinnar. Það er flutt sem tilraun til þess að leysa þetta mikla vandamál. Ég skal fúslega viðurkenna, að sum atriði þessa frv. eru góð, t. d. það, að gert er ráð fyrir óskertum rétti héraðanna til þess að hafa sérstaka fulltrúa á Alþingi. En að öðru leyti eru ýmsir gallar á frv., og get ég því ekki fallizt á, að það verði samþ. óbreytt. Hinsvegar er skylt að taka

það til nákvæmrar athugunar sem eitt af vandasömustu málum þingsins, og leggja fram fyllstu alúð til þess að fá sem bezta lausn á því.

Það hefir af sumum verið talinn einn aðaltilgangur og hlutverk samsteypustj. að leysa kjördæmamálið. En hinsvegar lít ég svo á, að af þeim mörgu úrlausnarefnum, sem fyrir samsteypustj. lágu, hafi það verið höfuðverkefnið að leysa úr örðugleikum atvinnuveganna og sjá þeim farborða nú í kreppunni. Það eru mál, sem þola enga bið. Og ég er viss um, að mikill meiri hl. þjóðarinnar ætlast til þess, að lausn þessara mála gangi fyrir öllu öðru. En þessu stóra máli, sem hér liggur fyrir, á vitanlega að sýna fulla alúð og leysa það svo fljótt sem auðið er.

**Magnús Jónsson:** Af því að þessar stuttu umræður, sem hér fara fram nú, bera á sér nokkuð stórpólitískan blæ, vil ég fara um það nokkrum orðum. En ég skal þegar í upphafi geta þess, að ég tala hér ekki af hálfu míns flokks, enda þótt mér sé kunnugt um, að ýmsir menn í flokknum líta á málið á sama hátt og ég.

Þetta stjórnarskrárfrv. samsteypustj. er borið hér fram samkv. áður gefnu loforði, þegar stjórnin var mynduð í lok síðasta þings. Við athugun á þessu frv. er ómögulegt að neita því, að nokkuð brestur á, að það fullnægi kröfum Sjálfstfl. í kjördæmamálinu, og vil ég leyfa mér að benda á nokkra agnúa, sem eru á frv.

Í fyrsta lagi kann ég því illa, að núv. kjördæmaskipun sé lögfest í teksta stjskr., og tel ég það vera til lýta. Ég álít, að í stjskr. eigi aðeins að vera meginreglur stjórnskipulagsins, en ekki útfærsla eða tæmandi skýringar á fyrirkomulagi þess í smærri atriðum.

Einnig tel ég það galla á frv., að tvímenningskjördæmi skuli vera ákveðin í stjskr. og haldið áfram þeirri leiðinlegu reglu að banna hlutfallskosningar, sem annarsstaðar eru viðurkenndar sem réttlát skipun, þar á meðal við nefndakosningar á sjálfu Alþingi. Það er leiður blettur á frv. að taka svo óheppilega og úrelta reglu inn í teksta stjskr.

Þá tel ég það ennfremur galla á frv., að Reykjavíkurkjördæmi, sem áður hefir verið mjög afskipt um tölu þm., skuli framvegis eiga að vera meira afskipt en það er nú raunverulega, þar sem gert er ráð fyrir, að í Rvík geti ekki orðið nema 6 þm., enda þótt þm. geti orðið 50 samtals. Það hljóta allir að sjá, að þetta er mjög ranglátt.

Þá verð ég líka að telja gallað það fyrirkomulag, sem hugsað er á skipun uppbótarsæta. Vitanlega væri heppilegast að dreifa uppbótarsætum sem jafnast um allt land. En samkv. því, sem frv. gerir ráð fyrir, gætu uppbótarsætin að miklu leyti hrúgazt saman í einn landsfjórðung, og það ef til vill þann landsfjórðung, sem hefði áður fengið flesta kjörna fulltrúa við kosningar í einstökum kjördæmum. Náttúrlega er það einn megingallinn á þessu frv., að tala uppbótarsæta skuli vera fastákveðin, og þess vegna næst ekki til fulls það markmið, sem liggur til grundvallar fyrir úthlutun uppbótarsætanna.

Það er og ókostur á þessu frv., að gert er ráð fyrir allverulegri fjölgun þm., einkum af því að það er gert að óþörfu. En ástæðan fyrir því virðist aðeins vera sú, að ekki hefir náðst samkomulag á milli flokkanna um heillavænlegri leiðir til kosningaskipulags, sem þó væru margar til. Enda mun óhætt að fullyrða, að það er ekki gert samkv. þjóðarvilja að fjölga þingmönnum.

Þrátt fyrir alla þessa galla, sem ég hefi nú talið á þessu frv., sem sumir eru að vísu smávægir, en aðrir miklir, þá hefir Sjálfstfl. litið svo á, að þetta frv. væri stórt spor í rétta átt og að það væri útrétt hönd til samkomulags í þessu mikilsverða máli, sem flokkurinn vill taka í með velvild. Með því er lagður grundvöllur, sem í framtíðinni má halda áfram við að auka og bæta.

Sjálfstfl. lítur svo á, að hæstv. forsrh. hafi efnt þau heit, er hann gaf, þegar samsteypustj. var mynduð, um að flytja á þessu þingi frv., sem fæli í sér sanngjarna lausn á kjördæmamálinu. Þess vegna hefir flokkurinn ekki talið ástæðu til að óska eftir því, að ráðh. hans viki úr stj., eins og hann hefði annars gert að sjálfsögðu, ef þetta loforð hefði ekki verið efnt.

Þá vil ég aðeins minnast á tvö atriði í

ræðu hæstv. forsrh. Hann lagði mikla áherzlu á það, að höfuðverkefni samsteypustj. væru fyrst og fremst þau, að ráða fram úr þeim fjárhagsvandamálum, sem stæðu í sambandi við kreppuna og erfiðleika atvinnuveganna, og ennfremur, að stjórnarskrármálið væri ekki nema einn aukaþáttur af verkefnum hennar. En þar er ég algerlega á öðru máli og hlýt því að mótmæla þessu. Þó að hæstv. forsrh. legði mikla áherzlu á fjárhags- og kreppumálin í ræðu sinni, þegar hann tók við stjórnartaumunum, þá var það ekki nema sjálfsagt, og í raun og veru hefði hver og einn stjórnarformaður hlotið að gera hið sama á þessum erfiðleikatímum. En þrátt fyrir þetta er sú staðreynd á allra vitorði, að það var ekkert annað en kjördæmamálið, sem olli stjórnarskiptunum og kom samsteypustj. á laggirnar. Þessu til sönnunar þarf ekki annað en að vitna til þeirrar tilkynningar, sem fyrrv. forsrh. (TrÞ) fól forsetum beggja deilda að lesa upp á þingfundum 27. mai síðastl., þar sem hann gerir grein fyrir lausnarbeiðni sinni skömmu áður en stjórnarskiptin fóru fram. Í þessari yfirlýsingu felast ástæðurnar fyrir lausnarbeiðni fyrrv. stj., og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr henni nokkur orð. Eftir að fyrrv. forsrh. hefir gert grein fyrir yfirlýsingum frá andstöðuflokkum stj. í Ed. um að þeir greiði atkv. gegn fjármálafrv. stj., nema fyrir liggi viðunandi lausn í kjördæmamálinu, kemst hann þannig að orði:

„Síðan hafa verið gerðar mjög ýtarlegar tilraunir til að fá þá lausn á kjördæmamálinu, sem flokkarnir gætu orðið ásáttir um. Af hálfu beggja aðilja hefir komið fram vilji um að leysa málið. Eigi að síður hafa samningatilraunir ekki borið fullnægjandi árangur, og ég tel fullreynt, að lausn málsins fáist ekki við mína forystu. Liggur það því fyrir, að núv. stjórn er þess ómáttug að fá þá afgreiðslu mála á Alþingi, sem gerir henni mögulegt að reka þjóðarbúið eins og þörfin krefur nú".

Fyrrv. forsrh. lýsir því hér með yfir, að vegna þessa eina máls, kjördæmamálsins, sé stj. ómáttug til þess að vera við völd og reka þjóðarbúið, og þess vegna hljóti hún að segja af sér. Það liggur því í augum uppi, að það var kjördæmamálið — og það mál eitt —, sem var grundvöllur samsteypustj. Það var fyrrv. stj. Framsfl. ofraun að leysa það mál. Enda kom þetta fram í ræðu hæstv. núv. forsrh., þegar hann tók við stj. En vegna þess, að samsteypustj. er einmitt til orðin fyrir þetta mál og að hún hefir lifað fyrir það, þá hlýtur af því að leiða, að hennar dagar eru taldir og að hún hlýtur að víkja með þessu máli, ef henni tekst ekki að leysa það. Samsteypustj. hlýtur að standa eða falla með þessu máli. Ef stjórnin hefir ekki nægan þingvilja á bak við sig til þess að leiða stjskr. til lykta, þá er það sama sem yfirlýsing um, að hún geti ekki haldið áfram að starfa. Þeir þm., sem styðja þessa stjórn, verða því að skera úr um það, hvort þeir vilja fylgja henni að samþykkt þessa frv., eða hvort þeir ætlast til, að hennar dagar séu taldir. Það verður þá á þeirra ábyrgð, og þeir verða því að hljóta heiður eða vanheiður af því, að hafa rofið samningana um stjórnarmyndunina og lausn kjördæmamálsins.

Annað atriði í ræðu hæstv. forsrh., sem mér þótti athugavert, var það, að hann ympraði eitthvað á því, að óvíst væri, að þetta frv. hlyti fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Ég skal ekkert vefengja það að svo stöddu; það má vel vera, að hann viti eitthvað nákvæmar um það efni en ég. En ég saknaði þess einungis í ræðu hæstv. forsrh., að hann skyldi þá ekki halda lengra áfram og skýra hv. þd. frá því, hverjar afleiðingar það myndi hafa fyrir stj. og hvað hún ætlar sér að gera, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga á þinginu.

Ég hefi nú gert grein fyrir minu áliti á þessu frv., og ég sé ekki, að það muni miklu á því, hvort frv. verður fellt eða að á því verða gerðar breyt. til skemmda, þannig að það dagar uppi. (**HStef:** Það er líka hægt að breyta því til batnaðar).

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það má vel vera, að það leiði til stjórnarskipta, ef þetta mál fær ekki afgreiðslu á þessu þingi. Um það skal ég engu spá að svo stöddu. Á síðasta þingi varð kjördæmamálið til þess, að Sjálfstfl. lagði til mann í stjórnina. Ef sama málið yrði svo hinsvegar til þess nú, að flokkurinn tæki

sinn ráðh. aftur úr stj., eftir að hún hefir lagt fram frv. til stjórnskipunarlaga, sem flokkurinn virðist sætta sig við, þá má vissulega segja, að áþekkar orsakir geti haft ólíkar afleiðingar. Ég hefi sagt rétt frá um myndun samsteypustj. og hefi ekki neitað því, að margir þm. muni hafa gert sér vonir um fullnaðarlausn kjördæmamálsins á þessu þingi. Það má vel vera, að réttast sé fyrir þá hv. þm. að svipta stj. þeim stuðningi eða hlutleysi, sem þeir hafa veitt henni til þessa, ef frv. nær ekki fram að ganga. Hitt sagði ég einnig, að allar samkomulagstilraunir á milli flokkanna í þessu máli hefðu strandað á síðasta þingi. En með þessu frv. tel ég stjórnina hafa uppfyllt þær vonir, sem myndun samsteypustj. gaf tilefni til. Ég hafði ekkert umboð frá Framsfl. til þess að bera fram frv. í stjórnarskrármálinu, heldur gerði ég það sem þm. og forsrh., með fullu samkomulagi við meðstjórnendur mína. Okkur er það ljóst, að þetta mál getur orðið örlagaríkt fyrir stj., en vitanlega tökum við því með jafnaðargeði, hverjar sem afleiðingarnar verða.

Hv. 2. þm. Reykv. beindi til mín þeirri fyrirspurn, hvort stj. mundi segja af sér, ef þetta frv. hennar næði ekki fram að ganga. Mun ég að svo stöddu engu svara þar um. En það er ósk mín og von, að málið verði útkljáð á þessu þingi. En þó svo vel tækist ekki til, þá gæti hugsazt, að málinu væri bezt borgið í höndum núverandi stj. á næsta þingi hér eftir. Og líti stj. svo á, þá mundi hún vitanlega halda áfram störfum, ef hún nyti til þess trausts meiri hl. þings. Hinni spurningunni, sem hv. 2. þm. Reykv. beindi til mín, um það, hvort stj. hefði tryggt sér framgang þessa máls, hefi ég áður svarað. Um framgang málsins er enn allt í óvissu, en hitt er víst, að stj. mun vinna eftir föngum að lausn málsins.

**Héðinn Valdimarsson:** Það er ekki hægt að segja, að svör hæstv. forsrh. við fyrirspurnum mínum væru skýr eða ákveðin. En helzt skildist mér þó, að stj. mundi ekki gera þetta mál að kabinetspursmáli. Mér skildist einnig, að hæstv. forsrh. mundi ekki ætla að krefjast þess af flokksmönnum sínum, að þeir framfylgi þessu máli; hann virðist ekki ætla að leggja ráðherrastöðu sína eða meðstjórnenda sinna að veði fyrir þetta mál. Og þá er mér enn spurn: Á hvern hátt kemur það í ljós, að hæstv. ráðh. hafi áhuga fyrir málinu, ef hann ætlar ekkert að leggja í sölurnar fyrir það? Hæstv. forsrh. hefir í ræðu sinni komið fram með þá kenningu, að það gæti orðið að mestu gagni fyrir málið, ef það næði ekki samþykki á þessu þingi, en yrði að bíða til næsta þings. Þetta gefur mér fullkomið tilefni til að leggja trúnað á það, sem almennt er talið, að hæstv. ráðh. ætli að láta samsteypustj. lifa á þessu máli ár eftir ár. Hæstv. ráðh. túlkar það við hvert tækifæri, að samsteypustj. sé nauðsynleg til að leysa þetta mál, en að líkindum þurfi hún til þess langan tíma. En þar sem stjórnarskrár- og kjördæmamálið er svo mikið alvörumál alls þorra kjósenda í landinu, þá virðist svo, sem stjórnin og stuðningsmenn hennar í þinginu séu bókstaflega að gera það að blekkingamáli.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. 2. þm. Reykv. hafði það eftir mér, að það væri ekki mest um vert, að stjskrfrv. næði fram að ganga á þessu þingi. En þetta er ekki rétt haft eftir. Ég sagði, að ef svo færi, að frv. yrði ekki samþ. á þessu þingi, þá mætti athuga, með hvaða hætti væri unnt að greiða sem bezt fyrir málinu til næsta þings, og væri stj. til þess vel treystandi.

Út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. um afstöðu Sjálfstfl. til stj. skal ég láta í ljós undrun mína yfir því, ef Sjálfstfl. ætlar nú að fara að spyrna fæti við stj., eftir að hún hefir borið fram frv. í stjskr.málinu, sem flokkurinn telur sig geta við unað. Annars get ég ekki að því gert, þó að þeir, sem studdu þetta mál í fyrra, kippi nú að sér hendinni.

Ég vil svo leyfa mér að stinga upp á því, að kosin verði sérstök sjö manna nefnd í þetta mál.

**Magnús Jónsson:** Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að hann gæti ekki að því gert, þó að þeir þm., sem studdu samsteypustj. í fyrra, kipptu nú að sér hendinni. Ég vil taka

það skýrt fram, að þessum ummælum hans getur ekki verið beint til sjálfstæðismanna. Þeirra fylgi við samsteypustj. er óbreytt frá í fyrra, en við ætlumst til þess, að stjórnarskrármálið verði leyst á þessu þingi, og við þá kröfu er fylgi okkar bundið, eins og í fyrra. En fari svo, að þetta frv. nái ekki fram að ganga nú, þá stafar það af vanfylgi annara þingflokka.

Það er svo fjarri því, að ég ætlist til, að stj. fari frá völdum, að ég er þvert á móti að hvetja hana til að tryggja þessu frv. nægilegt fylgi þingmanna úr Framsfl.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég ætla, að ég hafi skilið hv. 3. þm. Reykv. rétt, að Sjálfstfl. vilji leysa kjördæmamálið á þessu þingi, og að flokkurinn mundi einnig styðja samsteypustjórnina. En eftir ræðu hæstv. forsrh. virtist mér liggja næst fyrir hv. 3. þm. Reykv. að svara því, hvað Sjálfstfl. ætlar að gera við stj., ef þetta frv. nær ekki fram að ganga á þinginu. Ég hefi áður beint þeirri fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., hvaða afstöðu Sjálfstfl. mundi taka gagnvart tekjuaukafrv. stjórnarinnar, ef stjórnarskrárfrv. gengi ekki fram, og hefi ég ekkert svar fengið við þeirri spurningu. Ég tel réttast, að það komi nú þegar fram við 1. umr. stjórnarskrármálsins, hver sé hin raunverulega afstaða flokkanna gagnvart frv., en að ekki sé sífellt verið að leika skollaleik um þetta mál. Mér er sagt, að hv. 3. landsk. hafi við 1. umr. í Ed. um stjórnarskrárfrv. hv. 2. landsk. haldið því fram, að samsteypustj. væri búin að fullnægja þeim samningum, sem gerðir voru á milli flokkanna í fyrra, með því að flytja þetta frv. En ég vil ekki trúa því, að Sjálfstfl. hafi látið gabba sig svo herfilega; og ef svo hefir verið, þá krefst ég þess, að fá um það skýr og refjalaus svör frá ráðh. Sjálfstfl. nú þegar.

Það má segja, að hæstv. forsrh. hafi í ræðu sinni gefið nokkra staðfestingu á þessu. Mér fannst eiginlega hæstv. forsrh. bæta gráu ofan á svart, gysi um samstarfsmann sinn í stj. og flokk hans ofan á gabbið. Hann tók svo til orða, hafi ég heyrt rétt, að afleiðingin af því, að stjórnarskrármálið gekk ekki fram á síðasta þingi, hefði orðið sú, að sjálfstæðismenn gengu til stjórnarmyndunar með Framsókn, og þess vegna þætti sér mjög kátbroslegt, ef afleiðing þess, að stjórnarskrármálið næði ekki fram að ganga nú heldur, yrði sú, að sami flokkur setti vantraust á samsteypustj. Ég fæ ekki betur séð en hæstv. ráðh. sé með þessum ummælum aðeins að gera gys að samstarfsmönnum sínum og stuðningsmönnum stj. í Sjálfstfl.

Hæstv. forsrh. segir, að skoða beri þetta frv. sem samkomulagstilraun, vel meinta frá sinni hálfu. Eins og kunnugt er, hefir þessi hæstv. ráðh. að baki sér stærsta flokk þingsins, meiri hl. allra þm. í sínum eigin flokki. Mér þykir því ákaflega ólíklegt, ef hann í raun og veru ber frv. fram sem samkomulagstilraun, að hann hafi ekki fyrirfram tryggt því svo mikið fylgi innan síns flokks, að hann geti komið því fram, ef samkomulag næst um það við hina flokkana. Ég neita því, að hér geti verið um nokkra samkomulagstilraun að ræða af hendi hæstv. forsrh., ef hann hefir ekki tryggt frv. atkv. þriggja til fjögurra manna innan síns flokks. Það er alls ekki hægt að kalla það tilraun til samkomulags, þó mest ráðandi maðurinn í stærsta flokki þingsins komi fram með till. í jafnmikilsverðu máli sem hér er um að ræða, ef hann hefir ekki tryggt þeim fylgi eins sjöunda hluta af flokki sínum.

Ég ætla ekki að lengja mikið umr. um þetta mál að þessu sinni. En mér þætti mjög æskilegt, að fram kæmi svar við þessari fyrirspurn minni: Hvaða afstöðu ætlar Sjálfstfl. að taka til stj., ef þetta frv. hennar nær ekki fram að ganga? Ætlar hann að nota sömu möguleikana til að knýja málið áfram, sem hann þóttist ætla að nota í fyrra, eða ætlar hann ennþá að setjast niður og verða góða barnið?

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það hefir komið fyrir ekki svo sjaldan nú upp á síðkastið, að hv. jafnaðarmenn hér í d. hafa borið fram ýmsar fyrirspurnir til hinna flokkanna, sérstaklega Sjálfstfl., um það, hvað þeir ætli fyrir sér í framtíðinni í þessu og þessu máli. Ég veit ekki, hvaða rétt þeir hafa til að vilja hnýsast þannig í innanflokksmál og

einkamál andstöðuflokka sinna. Mér dettur ekki í hug að svara neinu um það, hvaða ákvarðanir minn flokkur muni taka í framtíðinni eða hvað hann ætlar fyrir sér í einstökum atriðum.

En til þess að gjalda í sömu mynt, ætla ég að spyrja hv. jafnaðarmenn, hvaða afstöðu þeirra flokkur ætlar að taka til þess frv., sem hér liggur fyrir. Hv. 2. þm. Reykv. sagði ekkert um það, þó hann virtist tala hér sem frsm. síns flokks. Hann viðurkenndi, að frv. væri til einhverra bóta, en mér skildist á honum, að viðhorf jafnaðarmanna til þess mundi fara eftir því, hvað fram kæmi við gang málsins í þinginu. Þetta er ekki skýrt svar af þeirra hálfu, og meðan þeir sjálfir gera ekki nánari grein fyrir afstöðu sinni, er bezt fyrir þá að vera ekki sífellt að spyrjast fyrir um innanflokksmál hinna flokkanna.

Hæstv. forsrh. er búinn að skýra frá, hvernig þetta frv. er til komið, að það er samkomulagsgrundvöllur, sem við í stj. leggjum fyrir Alþingi. Við óskum auðvitað eftir, að það nái samþykki; um slíkt þarf ekki að spyrja. Hinsvegar getum við vitanlega ekki heimtað, að frv. verði samþ. breytingalaust. Ég er viss um, að eins og frv. liggur fyrir er það til mikilla bóta frá því fyrirkomulagi, sem nú gildir. En það leiðir af sjálfu sér, þar sem frv. er byggt á samkomulagi milli ráðherranna, að enginn okkar hefir getað heimtað það fyllsta, sem hann hefði viljað. Ef starfa á saman, verða allir að sveigja nokkuð til samkomulags, og það hefir verið gert hér.

**Magnús Jónsson:** Ég get nú raunar fallið frá þessari aths., því hæstv. dómsmrh. hefir tekið af mér ómakið að svara hv. þm. Seyðf. Það var fremur brosleg fyrirspurn, sem hann beindi til okkar sjálfstæðismanna út af ummælum, sem ég lét falla í síðustu ræðu minni. Það verður að teljast broslegt, að hv. jafnaðarmenn skuli vera að beina til okkar fyrirspurnum um, hvað við ætlum að gera framvegis í hinum og þessum málum, meðan þeir hafa ekki einusinni sagt, hvort þeir ætla að verða með eða móti frv., sem fyrir liggur. Það virðist vera nær fyrir þá að gera fyrst hreint fyrir sínum dyrum.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég get ekki fallizt á, að það sé einkamál Sjálfstfl., hver verður afstaða hans í þessu máli. Kjósendum landsins kemur það við, og þeim eigum við þm. að gera grein fyrir, hver er stefna flokkanna og hvaða afstöðu þeir taka. Það er því eðlilegt, að við spyrjum Sjálfstfl. um afstöðu hans til þessa frv., eftir allan þann skollaleik, sem hann hefir leikið í stjórnarskrármálinu. Stefna okkar jafnaðarmanna í því máli er öllum augljós, því við höfum lagt fyrir Alþingi okkar eigið frv. Það hafa sjálfstæðismenn ekki gert, nema þá ef frv., sem hér liggur fyrir, er þeirra frv. Þess vegna er full ástæða til að spyrja: Hvað ætlar Sjálfstfl. að leggja mikla áherzlu á þetta mál?

Hæstv. stj. ætti að geta svarað, hvað mikla áherzlu hún sjálf ætlar að leggja á framgang þessa frv. Ætlar hún að gera stjórnarskrármálið að Kabinet-spursmáli? Aðstaða okkar jafnaðarmanna gagnvart samsteypustj. er öllum kunn; við erum á móti henni og munum verða það. Og við verðum á móti öllum stj., sem ekki leysa stjórnarskrármálið á viðunandi hátt.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég hefi svarað fyrirspurn hv. jafnaðarmanna áður, og hirði eigi um að endurtaka svarið.

Ég var vitanlega feginn þeim möguleikum, sem fram virtust koma í ræðu hv. þm. Seyðf. um, að hann gæti fylgt þessu frv. Það er, eins og tekið hefir verið fram, samið af ráðherrunum og lagt fram sem grundvöllur fyrir samningum milli flokkanna. Vona ég, að hv. þm. Seyðf. tryggi því nægilegt fylgi innan síns flokks. Frv. var ekki rætt innan neins flokks áður en það kom fram, og verður afgreiðsla þess háð milliflokkasamningum í þinginu, hver sem niðurstaðan verður. Hv. þm. Seyðf. man eflaust eftir ummælum flokksbróður síns, hv. 2. landsk., í þinglokin í fyrra. Kvað hann þá svo ástatt, að engin trygging væri fyrir framgangi stjórnarskrármálsins á næsta þingi. Hv. þm. þarf því ekki að undrast það svo mjög, þó ekki sé tryggð afgreiðslan nú þegar í þingbyrjun. (**HG:** Þessu var mótmælt mjög ákveðið).

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Mig langar til að beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Seyðf., hvort hann varð viljandi til þess í ræðu sinni áðan að láta í ljós, að hans flokkur myndi fylgja þessu frv. eins og það liggur nú fyrir, eða hvort ummæli hans í þá átt voru aðeins vanhugsuð.

Hann sagði hér með miklum þjósti, að sér þætti það galli og vottur um alvöruleysi í þessu máli, ef hæstv. forsrh. hefði eigi einu sinni tryggt frv. þrjú til fjögur atkv. innan síns flokks, svo það gæti náð fram að ganga. Sannleikur málsins er sá, að ef hæstv. forsrh. getur tryggt frv. eitt atkv. í Ed. og tvö í Nd. auk síns atkvæðis, þá nær það fram að ganga, ef Sjálfstfl. fylgir því og jafnaðarmenn allir líka. Áttu orð hv. þm. Seyðf. í garð hæstv. forsrh. að vera yfirlýsing um það, að flokkur hans væri þegar búinn að taka afstöðu með frv. stj. eins og það liggur fyrir? Hafi þau ekki átt að skiljast þannig, voru þau ekkert annað en vanhugsuð vitleysa. Hv. þm. sér, að ef hans flokkur er á móti frv., þarf hæstv. forsrh. að tryggja því fleiri atkv. innan síns flokks, til þess það nái samþykki.

Eða var kannske hv. þm. Seyðf. að glopra hér út úr sér einhverju leyndarmáli? Er Alþfl. búinn að taka ákvörðun um afstöðu sína til frv., þó frsm. hans hér í d. (HV) færi dult með það? E. t. v. á það að ráða afstöðu hans, hvort stj. gerir málið að fráfararatriði. Allar þessar fyrirspurnir þeirra sócialistanna eru kannske gerðar með það fyrir augum að fá vitneskju um, hvað stj. ætlar sér, áður en flokkur þeirra lýsir yfir afstöðu sinni. Ef hæstv. stj. gerði stjórnarskrármálið að kabinet-máli, efast ég ekki um, að hv. jafnaðarmenn mundu fúsir að fórna málefninu fyrir valdafiknina, greiða atkv. á móti stj. í þeirri von að komast úr þeirri pólitísku ládeyðu, sem þeir nú eru í; þar kunna þeir illa við sig, vilja fá að ráða meiru.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ástæðan til þess, að ég spurði, hvort hæstv. forsrh. hefði eigi tryggt frv. atkv. a. m. k. 4 þm. innan síns flokks, var vitanlega sú, að ef hann hefir ekki gert það, þá er það loddaraleikur einn að vera að bera frv. fram, því þó hinir flokkarnir gengju inn á að samþ. frv., væri það gagnslaust. Undir þeim kringumstæðum væri gersamlega þýðingarlaust að bera frv. fram.

Um fyrirætlanir okkar Alþýðuflokksmanna í þá átt að koma hæstv. stj. fyrir kattarnef þarf ég ekki að fjölyrða. Það þarf ekki að leita langt til þess að fá vitneskju um það, að við erum á móti hæstv. stj. Okkar afstaða til hæstv. stj. er sæmilega skýr, en þó hv. þm. G.-K. þykist eiga þar einhver ítök, ætti hann ekki að þurfa að hræðast okkur, sem ekki höfum nema fjórum atkv. yfir að ráða í þinginu.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég benti aðeins á það í ræðu minni áðan, að það væri þýðingarlaust fyrir hæstv. forsrh. að lýsa hér yfir, að hann hefði þrjú til fjögur atkv. með frv. innan síns flokks, ef hv. jafnaðarmenn væru á móti því. Þá kemst frv. ekki í gegn nema það fái meira fylgi í flokki hæstv. forsrh.

Hitt, sem hv. þm. sagði, að Alþfl. væri á móti hæstv. stj., það efast ég ekki um fremur en aðrir hv. þdm. En mergur þessa máls er það, hvort jafnaðarmenn, sem þykjast hafa borið stjórnarskrármálið mjög fyrir brjósti, meta meira að koma því máli fram eða að fella stj., ef þeir gætu komið lagi á hana með því að fella málið.

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Mér finnst umr. þessar vera farnar að snúast einkennilega við. Það er nú enn ekki svo komið, að hv. þm. G.-K. sé orðinn forsrh. En hann er farinn að standa upp og svara fyrir hæstv. forsrh. Sá ég þó ekki, að hann færi einu sinni til hæstv. ráðh. til að spyrja um, hvað hann mætti nú segja, sem mér finnst, að hefði þó verið nærgætnislegra og kurteisara gagnvart honum.

Afstaða okkar jafnaðarmanna í stjórnarskrármálinu er mjög skýr, eins og búið er að taka fram. Við höfum lagt fyrir þingið frv., sem er í samræmi við okkar stefnu. Hinsvegar teljum við frv. stj. samningsgrundvöll, sem vel megi tala um. Að bregða fæti fyrir hæstv. stj. eigum við engan kost á, ef framhald verður á stuðningi Sjálfstfl. og svo traustlega

um búið í flokki hæstv. forsrh. sem ætla má.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég held, að ég hafi áður svarað öllum þeim fyrirspurnum, sem til mín hefir verið beint.

Mér þykir einkennilegt, hvað þeim, sem virðast vera sammála í því máli, sem fyrir liggur, sjálfstæðismönnum og jafnaðarmönnum, kemur illa saman. Af hálfu beggja flokkanna hefir verið talað hlýlega í garð frv., og báðir vilja láta afgr. það á þessu þingi í einhverri mynd. Ég veit ekki, hvernig samkomulagið milli þessara flokka ætti að vera, þegar þeir eru sinn á hvoru máli, eftir rifrildi þeirra nú að dæma, þegar þeir eru sammála.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Samþ. var með 24 shlj. atkv. að kjósa 7 manna nefnd til að fjalla um málið. Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta þrír listar, sem hann merkti A, B og C. Þar sem á listunum voru samtals jafnmörg nöfn og kjósa skyldi menn í nefndina, fór kosningin fram án atkvgr., og varð nefndin svo skipuð:

| | |
|---|---|
| Bergur Jónsson | |
| Tryggvi Þórhallsson | |
| Bjarni Ásgeirsson | Af A-lista. |
| Bernharð Stefánsson | |
| Ólafur Thors | |
| Magnús Jónsson | — B-lista. |
| Héðinn Valdimarsson | — C-lista. |

---

Á 74. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 72, n. 550, 562 og 677, 584, 621).

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Að gefnu tilefni, út af ummælum, sem fram hafa komið bæði í blöðum og eins hér á þingi, vil ég gera grein fyrir því, hvers vegna stjskrn. hefir ekki lokið störfum sínum fyrr en nú og hvers vegna hún hefir ekki haldið fleiri fundi. Það er yfirleitt svo um lausanefndir sem þessa, sem svo margir eru í og fundartími ekki fastákveðinn, að mjög erfitt er að halda fundi, vegna þess að margir nefndarmanna eiga jafnframt sæti í fastanefndum og öðrum lausanefndum, og því hættir mjög við, að fundartími lausan. rekist á fundartíma hinna nefndanna. Ég hefi þrásinnis reynt að kalla saman fund, en það hefir alltaf strandað á því, að 2 eða 3 nm. voru fjarverandi. Auk þess var ég sjálfur veikur um nokkurra vikna skeið; samt boðaði ég þá einu sinni til fundar, en á fundinn komu aðeins 3 nm. auk mín. Ég get því ekki fallizt á, að nokkurri vanrækslu sé til að dreifa frá minni hálfu, og það er líka alrangt, sem sjá hefir mátt í blöðunum, að það hafi verið samkv. vilja okkar framsóknarmanna, að afgreiðsla málsins hefir dregizt. Það eru nú reyndar komin fram 3 nál., en eins og tekið er fram í okkar nál., þá hefir n. aldrei klofnað algerlega eða formlega. Á síðasta fundi n. var málið mikið rætt, en þar eð annar sjálfstæðismaðurinn, hv. þm. G.-K., var forfallaður vegna veikinda, óskuðum við eftir, að því væri frestað um einn dag að taka ákvarðanir, en hv. 2. þm. Reykv. gaf strax út nál. og sjálfstæðismenn á eftir, og var þá eigi annað fyrir oss að gera. Báðir minni hl., sjálfstæðismenn og jafnaðarmaðurinn, vilja ganga að þingmannatölunni óbreyttri, en bera hinsvegar fram brtt. um önnur atriði, ekki stórvægilegar, en meiri hl. hefir lagt til, að tala uppbótarsætanna sé lækkuð um 2, úr 12 niður í 10.

Ég ætla nú fyrst að snúa mér að brtt. þeim, sem fram hafa komið frá minni hl. Þá er fyrst 1. minni hl., hv. 2. þm. Reykv. Ég tel fyrir mitt leyti — en ekki er ákveðið um aðra í meiri hl. —, að ég geti samþ. stafliðina a. og c., um að varaþingmenn séu kosnir um leið, en aftur á móti er ég ekki að svo stöddu viss um, að ég geti fallizt á b-liðinn, þar sem farið er fram á, að komið sé á uppbótarlandskjöri, þar sem kjósendur ráði sjálfir, hvort þeir kjósa eftir landslistanum eða í kjördæmum. Ég held, að það gæti haft leiðinlegar afleiðingar. Því að það getur komið fyrir, að kjósendur í einhverju kjördæmi snúi sér svo að segja eingöngu að landslistanum, og þá kæmust frambjóðendur í kjördæmunum að á óhæfilega og óeðli-

lega lágri atkvæðatölu. Hinsvegar tel ég frekar, að ég geti gengið inn á 2. brtt. hv. 2. minni hl., um að fella niður úr stjórnarskránni ákvæðið um það, hvernig úthluta skuli uppbótarsætunum. Í frv. eins og það liggur nú fyrir er gert ráð fyrir, að sá hljóti uppbótarsæti, sem hlutfallslega hæstu atkvæðatölu hefir fengið í kjördæmi. Ég held, að það geti komið illa niður, því að þó að þeir séu að nokkru leyti uppbótarmenn fyrir sinn flokk, þá munu þeir jafnframt líta á sig sem fulltrúa þess kjördæmis, sem þeir hafa boðið sig fram í, og kæmi þá til þess, ef fylgja skal ákvæðinu um hlutfallslega hæsta manninn, að smákjördæmi eins og Strandasýsla og Seyðisfjörður gætu fengið fleiri en 2 þm. Ég held, að af því að þetta er nýtt fyrirkomulag, þá sé varlegra að ákveða ekki reglurnar um aðferðina við þetta í stjskr. sjálfri. Reynslan ein sker úr því, hvað er hagfelldast í þessum efnum, og ef fyrsta tilraunin fullnægir ekki svo að breyta þurfi, þá er afartafsamt og erfitt að gera til þess stjskr.-breyt. með öllum þeim umbúðum, sem utan um hana eru, en aftur á móti gæti Alþingi annars breytt því með almennum lögum. Í þessu sambandi vil ég benda á, að tillögur Framsfl. í fyrra fóru einmitt fram á, að aðferðin væri ekki ákveðin í stjskr.

Að því er snertir till. hv. 1. minni hl. um að hafa landskjörsfyrirkomulag á úthlutun uppbótarsætanna. Þá hefi ég bent á gallana við það. Betra væri að hafa um það skyldukjör bæði á landslista og frambjóðanda kjördæmis, því að þá kæmi bæði til flokksfylgis og líka persónulegs fylgis við frambjóðanda. A-liðnum í 1. brtt. 2. minni hl., um að ákveðin kjördæmi utan Rvíkur megi verða tvímenningskjördæmi með einföldum lögum, býst ég við að geta fylgt, ekki sízt þar sem átt er við mjög stór kjördæmi, svo sem G.-K. og fleiri. Aftur á móti get ég ekki fallizt á hinn liðinn, um að hlutfallskosning sé viðhöfð í tvímenningskjördæmum. Slík kosning er út af fyrir sig mjög óskynsamleg og óréttlát, og till. er nú í þeim tilgangi einum borin fram að útvega flokknum meiri uppbót en honum ber að réttu lagi. Þó að uppbótarsætin verði ekki fleiri en 10, þá er það alveg nægilegt og uppfyllir allar réttlætiskröfur.

Þá hefi ég víst haft nóg orð um brtt. minni hlutanna og kem þá að till. okkar meirihl.manna. Eins og kunnugt er hefir allhörð barátta staðið um kjördæmaskipunarmálið síðan vorið 1931, eða í 2 ár. Þá ætluðu andstöðuflokkar stjórnarflokksins að taka höndum saman um sérbreytingu á kjördæmaskipuninni, sem Framsfl. gat ekki gengið að. Landinu átti að skipta í nokkur stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Þetta kom greinilega fram bæði í ræðum, sem fulltrúar þessara flokka héldu á þingmálafundum, og eins í blöðum þeirra. Að þessum till. stóðu báðir flokkarnir, en jafnaðarmenn hafa þó alltaf helzt viljað hafa landið allt eitt kjördæmi, en það hafa hinir flokkarnir ekki getað fallizt á. Fram til þessa þings hefir afstaða jafnaðarmanna ekki breytzt. Sjálfstæðismenn í milliþn. báru aftur á móti fram till. um að hafa eingöngu einmenningskjördæmi, m. ö. o. að sleppa öðrum manninum úr tvímenningskjördæmum og hafa í staðinn uppbótarsæti, ótakmarkaðan fjölda. Ég býst við, að þetta hafi verið einskonar samningstilraun, og að þeir hafi haft fyrir augum samkomulag við Framsfl., en lýstu því jafnframt yfir, að til vara mundu þeir samþ. till. jafnaðarmanna um stóru kjördæmin. Á þinginu í fyrra báru báðir flokkarnir fram frv. til stjskrbreyt. Ég held, að meining sjálfstæðismanna hafi verið sú, að byggja í framkvæmdinni á till. fulltrúa sinna í mþn. um einmenningskjördæmi og ótakmörkuð uppbótarsæti. Þó voru við meðferð málsins í Ed. sett þau takmörk, að þm.talan færi ekki yfir 50. Á þinginu í fyrra bárum við framsóknarmenn í stjskrn. Nd. fram frv. um, að gamla fyrirkomulagið héldist, en þm.tala Rvíkur væri aukin upp í 8, og síðan höfð allt að 5 uppbótarsæti til jöfnunar milli flokkanna. En þessum till. var tekið mjög fálega af andstöðuflokkunum. Þessi hefir þá verið afstaða þeirra fram til þessa þings. Í þingbyrjun kemur fram þetta stjfrv., þar sem gamla skipulagið er lagt til grundvallar óbreytt og svo takmörkuð uppbótarsæti. Bendir þetta á vilja til lausnar málsins, sem framsóknarmenn gætu sætt sig við. Ef athuguð er afstaða

Framsóknar, þá sést, að flokkurinn hefir frá byrjun spornað við því, að hin einstöku kjördæmi séu svipt þeim sérstaka rétti, sem þau hafa haft til þess að kjósa sér fulltrúa. Með þessu frv. er þeim kröfum fullnægt, því að það er byggt á gamla skipulaginu. Þess vegna finnst mér það alls ekki óeðlilegt, að Framsfl. vilji til samkomulags ganga inn á þetta frv., sem fullnægir að mestu leyti hans kröfum í málinu, þó þannig, að tala uppbótarsætanna verði færð niður, úr 12 í 10. Fyrst og fremst vegna þess, að ósk manna er, að þingið sé ekki fjölskipað um skör fram; en aðallega vegna þess, að fullsannað þykir samkv. útreikningum með tilliti til fyrri kosninga og eftir líkum um framtíðina, að engin ástæða sé til þess að efast um, að 10 uppbótarsæti fullnægi þeirri einhliða kröfu andstöðuflokkanna, að þeir komi að þingmönnum í nákvæmu samræmi við kjósendafjölda.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta að sinni. En í sambandi við þetta vil ég þó minnast á, að nál. meiri hl. hefir orðið þess heiðurs aðnjótandi að vera prentað upp í ýmsum blöðum, t. d. í Morgunblaðinu, og hefir þar verið misskilið herfilega og skýrt út frá því misskilda sjónarmiði blaðsins, hvort sem sá misskilningur hefir verið af ásettu ráði eða ekki. Þar er haft eftir okkur, að réttlætinu sé nægilega fullnægt með 10 uppbótarsætum, en í nál. stendur, að hinu „flokkslega jafnrétti“ sé nægilega fullnægt. Hér er um sitt hvað að ræða. Andstöðuflokkarnir hafa alltaf miðað flutning málsins við að fá sem jafnasta þingmannatölu fyrir þingflokka, miðað við kjósendafjölda. En það eru miklu fleiri princip, sem þarf að taka tillit til. Það þarf að taka tillit til þeirra kjósenda, sem velja þingmann eftir persónulegu álit sínu á honum. Það þarf líka að gæta þess princips, að kjósendur megi velja þann mann, sem þeir álíta, að geti bezt túlkað og farið með þeirra nauðsynja- og áhugamál. Ef talað er um réttlæti á milli kjósenda, þá er það víst fyllsta réttlætið að skipta landinu niður í hnífjöfn kjördæmi að mannfjölda. Þá væru allir kjósendur í landinu jafnréttháir. En hinu flokkslega jafnrétti væri alls ekki fullnægt með því, sökum þess að þrátt fyrir jöfnun kjördæma gæti svo farið, að lítill flokkur fengi tiltölulega háa og stór flokkur tiltölulega lága þingmannatölu. En rétt kjósenda til persónulegs vals verður að hafa í hávegum.

Hvað snertir lækkun kosningaraldurslágmarksins niður í 21 ár, þá er það alveg sjálfsagt atriði, og fallast víst flestir á, að það eigi allan rétt á sér. Um það nýmæli, að fjárlög séu afgr. í Sþ., má vera alveg rétt, að það spari svo mikið fé, að það jafnist við þm.fjölgunina; og margir eru á þeirri skoðun, að rétt sé að sleppa því fyrirkomulagi, að þing sé skipt í deildir, og ég er ekki frá því heldur. Upphaflega var skiptingin til þess ætluð að efla konungsvald í þinginu, með því að hinir konungkjörnu þm. höfðu helming og þar með synjunarvald í Ed. Nú er sú ástæða burt fallin, en aðeins sú eftir, að sumir halda, að vinnubrögð þingsins verði betri með 2 málstofum en einni, en ég held, að þingið sé vel fært ef ekki betur til að vinna störf sín í einni málstofu.

Till. hafa komið fram frá utannefndarmönnum, þeim hv. 1. þm. S.-M. og hv. 1. þm. N.-M. En þeim býst ég ekki við að ljá mitt fylgi. Í till. hv. þm. N.-M. eru sýslufélög eða kaupstaðir algerlega lögð til grundvallar fyrir kjördæmaskipun, án þess að taka tillit til annars að nokkru ráði. Sú hugmynd held ég ekki, að eigi miklu fylgi að fagna, hvorki hjá þingi né þjóð. Ég vil aðeins minnast á síðustu brtt., um að alþm. sé eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en ekki flokkssamþykktir eða þvílíkt. Ég held það sé hrapallegur misskilningur að ætla sér að banna stjórnmálaflokki að setja sérstakar skipulagsreglur og heimta af flokksmönnum, að þeir framfylgi þeim. Hitt er allt annað, að ef þm. vill ekki hlíta þeim reglum, þá getur hann valið um það tvennt, að beygja sig fyrir flokksaganum eða hreint og beint að fara úr flokknum.

**Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson):** Ég skal ekki fara mörgum orðum um þau ummæli hv. form. n. og frsm. meiri hl., sem hann hafði um það, hvernig störfum n. lyktaði eða hvort n. hafi í raun og veru klofnað. Þó vil ég segja það út af störfum n., að mér þykir ólíklegt, að

ómögulegt hefði verið, ef mikill áhugi hefði verið á því hjá hv. form. n., að ná n. saman til fundar um slíkt mál sem þetta fyrr á þinginu. Annað mál er það, að ekki þarf að leggja mikið upp úr þessu, þar sem það er öllum vitanlegt, að slíkt mál er ekki afgr. í n. á venjulegan hátt, því að þetta er svo pólitískt mál, að flokkarnir í heild standa að því.

Þó að þetta sé 2. umr. málsins og samkv. þingsköpum eigi aðeins að ræða einstakar gr. frv., vil ég samt leyfa mér að fara nokkrum orðum um málið almennt.

Grundvöllur lýðræðisins er sú hugsun, að meðlimir þjóðfélagsins eigi allir sömu mannréttindi, meðan þeir glata þeim ekki, og eigi að hafa jafnmikil áhrif á meðferð mála. Vald sitt fá þeir svo í hendur kjörnum fulltrúum, og liggur þá í augum uppi, að allir eiga að hafa jafna aðstöðu í því fulltrúavali. Sjálf fulltrúasamkoman hefir allt vald sitt frá kjósendunum. Og ein helgasta skylda hennar er að sjá um, að þessum mannréttindum sé ekki misboðið.

Um þessi efni eru svo settar reglur. En það er almenn reynsla, að reglur allar verða úreltar, bæði af því, að byggð flyzt til, af því að hugmyndir manna um framkvæmdina breytast, og af því, að nýjar aðferðir finnast, er ná betur tilganginum. Af þessu leiðir, að kosningafyrirkomulag hlýtur að breytast smám saman, ef lýðræði á að haldast. Þeir, sem standa móti slíkum breytingum, gerast því beinlínis með meiri mótspyrnu andstæðingar lýðræðishugsunarinnar, grafa undan henni grundvöllinn og stofna henni í verulega hættu.

Orsök þessarar andstöðu gegn eðlilegum og sjálfsögðum og nauðsynlegum breytingum í þessum efnum er æfinlega ein og hin sama: Sú, að breytingin, sem á hefir orðið, hefir fært einum flokk manna, stétt eða landshluta sterkari aðstöðu en honum ber. Honum skapast aðstaða til þess að hafa meiri áhrif á úrslit mála á fulltrúasamkomunni en honum ber eftir fylgi í landinu, og hann vill ekki sleppa þessari aðstöðu. Þetta kemur fyrir í öllum löndum við og við, og sagan endurtekur sig í sífellu. Og þar sem fulltrúasamkomunni, sem þannig er kosin, er fengið valdið til þess að ákveða um sjálft val fulltrúanna, verður aðstaða sterkari að halda í þau rangfengnu völd, og freistingin mjög mikil að halda þeim til hins ýtrasta.

En sagan sýnir, að þetta getur ekki haldizt til lengdar. Annaðhvort verður sá flokkur, er þannig hefir náð völdunum gegn vilja meiri hl., að láta undan, eða afnema lýðræðið og beita öðru valdi eins lengi og það helzt uppi. — Hitt, að viðurkenna lýðræðið með vörunum en afneita þess krafti í reyndinni, er aðstaða, sem aldrei getur haldizt nema stundarkorn. Sé boginn spenntur þar of hátt, brestur hann fyrr eða síðar. Meiri hl. kjósendanna, sem á valdið, er borinn til valdsins, lætur ekki til lengdar fulltrúana, sem hann hefir kjörið til þess að fara með þetta vald, beita því á annan hátt en hann vill. Hann tekur þá þetta vald, og hann á rétt á að taka það, því að það er hans eign, og einskis annars.

Ég hefi leyft mér að bera hér fram þessar almennu hugleiðingar vegna þess, að þær eru grundvöllur þeirrar kröfu, sem fram hefir komið hér á landi um leiðréttingu á kosningafyrirkomulaginu. — Ég skal ekki þreyta menn á því að endurtaka þær mörgu og greinilegu skýrslur, sem bornar hafa verið fram til þess að sýna, hve gersamlega kosningafyrirkomulagið er komið úr skorðum hér á landi. Réttur manna til áhrifa á fulltrúavalið er orðinn ákaflega misjafn, eftir því, hvar á landinu menn eiga heima. Og þar sem fylgi við skoðanir og flokka fer að nokkru leyti eftir búsetu, og sumpart af öðrum atburðum, er svo komið, að einn flokkur nýtur svo mikilla forréttinda af þessu úrelta kosningafyrirkomulagi, að hann hefir getað náð meiri hl. allra þingmanna, þó að hann hafi ekki nema rúml. þriðjung kjósenda í landinu.

Mál þetta hefir nú verið í þófi alllengi, og tekið ýmsum breyt. Það verður ekki sagt, að á því hafi verið tekið með neinni óbilgirni. Hvað eftir annað hefir verið veittur frestur til þess að leita friðsamlegrar lausnar á málinu. Því hefir verið frestað til þess að milliþinganefnd gæti rannsakað það og leitað úrræða. Því hefir verið frestað til þess að stjórn, skipuð tveim andstæðum flokkum, gæti unnið

að lausn þess. Þessir frestir hafa vafalaust verið sanngjarnir. En því er ekki að leyna, að í hvert sinn, sem þingið slær slíku máli á frest án þess að geta leyst það, missir það nokkuð af virðing sinni. Í hvert sinn eykst sú tilfinning, sem er hverju þingi hættulegust, að það sé ekki fært um að ráða fram úr þeim málum, sem mest kalla að og mest er undir komið, að ráðið sé farsællega til lykta.

Starf það, sem unnið hefir verið að þessu máli, hefir leitt til þess stjórnarskrárfrumvarps, sem hér liggur nú fyrir. Sé á það litið við hlið þeirra till., sem fulltrúar Sjálfstfl. í mþn. báru fram, og frv. frá síðasta þingi, þá er alllangt frá því, að hinni sjálfsögðu kröfu um jafnrétti kjósendanna sé fullnægt, og auk þess langt frá því, að þau spor, sem stigin eru í áttina til jafnréttis, séu þau heppilegustu. Ég minntist að vísu við 1. umr. málsins stuttlega á helztu ágalla frv., en ég vil þó nefna þá aftur hér til áréttingar:

Aðalgallinn er auðvitað sá, að jafnframt því, að jafnréttishugsunin er viðurkennd, er ekki séð fyrir því á neinn fullnægjandi hátt, að hún verði að veruleika. Þetta felst í takmörkun uppbótarsætanna við 12. Bæði sjálf takmörkunin og svo það, að talan er sett svo lágt, gerir það að verkum, að mjög litlar líkur eru til þess, að sæmilegur jöfnuður náist milli flokka. Hér er um að ræða beina skerðingu á sjálfri réttarkröfunni, og við hlið þessa verða aðrir gallar frv. miklu smávægilegri og snerta fremur fyrirkomulagið.

Það er ókostur, að sjálf kjördæmaskipunin er tekin í stjórnarskrána. Kjördæmaskipun er ákaflega háð breytingum, og hefir sumstaðar komizt út í hreinar öfgar og vitleysu, eins og t. d. á Englandi, þar sem eitt kjördæmið var komið í sjó og varð því að kjósa á bát, og sum kjördæmi voru svo að segja mannlaus. Að binda þesskonar í stjórnarskrá er mjög mikil vansmíð.

Það bætir á þennan ókost, að haldið er tvímenningskjördæmum, án þess þó að sjá um, að það séu fjölmennustu kjördæmin, og því svo bætt þar ofan á, að banna í stjórnarskránni að viðhafa þar hlutfallskosningu, sem annars er viðurkennd, hvar sem kjósa á fleiri en einn mann.

Af þessu leiðir aftur, að þingmönnum er fjölgað algerlega um þarfir fram, án þess þó að ná því marki, sem að er stefnt, nema að litlu leyti. Hitt virðist liggja miklu nær, að láta öll kjördæmin kjósa einn fulltrúa hvert. Með því er séð fyrir þeirra rétti. En við það verður rúm fyrir miklu fleiri uppbótarsæti án þess að fjölga þingmönnum að nokkrum verulegum mun. Athugun á kosningum undanfarandi hefir sýnt, að tala þingmanna hefði að jafnaði ekki þurft að verða meiri en 42—45 til þess að ná sæmilegu jafnrétti milli flokka, í stað þess að nú eiga þeir að vera 50 án þess að ná jafnréttinu. Og hitt, að ákveða a. m. k. hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum, hefði nálega undantekningarlaust dregið úr þörf uppbótarsæta.

Þá er úthlutun uppbótarsæta ekki óbundin í frv., eins og eðlilegast væri í stjórnarskrá. Ákvæði um það væri miklu eðlilegra að hafa í kosningalögum, því að vel getur verið, að reynslan kenni mönnum þar fljótlega heppilegri leiðir, og þá er óviðeigandi, að það skuli vera bundið af stjórnarskrárákvæði.

En þrátt fyrir þessa ágalla frv. höfum við sjálfstæðismenn talið rétt að taka því vinsamlega sem viðunanlegum samningsgrundvelli. Þó að réttlætið sé skammtað úr hnefa og það sé í rauninni alltaf óviðkunnanlegt, þá viljum við líta á mannlegan breyskleika og gjarnan mæta andstæðingunum á miðri leið. Við lítum svo á, að í frv. komi fram góður vilji að láta þingið geta skilizt við þetta mál vanvirðulaust, og að því viljum við stuðla. Jafnréttishugsunin er viðurkennd, og það tel ég meginkost frv., enda þótt leitt sé að sjá, hvað ófimlega hefir tekizt að feta þessa réttlætisbraut. Samkv. því, sem ég hefi sagt hér að framan, berum við svo fram brtt. um þau atriði, sem okkur finnst sérstaklega standa til bóta innan ramma frv.

Fyrsta brtt. á stuðning sinn í því, að úr því að halda á tvímenningskjördæmum, þá virðist einsætt, að ákveða megi með lögum, hver af kjördæmunum utan Rvíkur kjósi tvo þm. Og þá er engin önnur regla, sem gilt getur, en sú, sem upp-

haflega réði, þegar tvímenningskjördæmin voru ákveðin, sú, að það skuli vera fjölmennustu kjördæmin. Ákvæði þetta er í rauninni hliðstætt því ákvæði frv., að skipta megi tvímenningskjördæmi. Slíkar breyt. er alveg nauðsynlegt, að hægt sé að gera án þess að breyta sjálfri stjórnarskránni.

Þá er aðalbreyting okkar í því fólgin, að viðhafa megi hlutfallskosningar þar, sem kjósa á meira en einn þm. Í raun réttri ætti þetta að vera skylda, en við höfum viljað, einnig í þessu efni, koma til móts við andstæðinga okkar til samkomulags. Hitt er alveg ófært, að breyta þurfi stjórnarskránni, með öllu því, sem þeirri athöfn fylgir, ef lagfæra á svona einfaldan hlut eins og þetta. Í þingsköpum okkar er þetta t. d. orðin algild regla, að beita jafnan hlutfallskosning þegar velja á meira en einn mann, og það væri meira en lítið óviðkunnanlegt, ef binda ætti í stjskr. jafnúrelt fyrirkomulag, sem hefir verið yfirgefið af okkur sjálfum á nálega öllum sviðum annars.

Loks er svo till. frá okkur um það, að fella niður úr frv. ákvæðin um það, hvernig uppbótarsætum skuli úthlutað. — Hér er um algerlega nýtt atriði að ræða. Okkur vantar í þessu efni alla reynslu. Það, sem nú væri ákveðið, gæti reynzt mjög óheppilegt, en reynslan bent á aðrar leiðir miklu betri. Og þá væri það heldur óviðfelldið, að hafa bundið hendur sjálfs sín svo herfilega um málsatriði, sem í sjálfu sér eru lítilsverð og algerlega fyrirkomulagsatriði.

Um brtt. annara, sem liggja hér fyrir, höfum við ekki rætt okkar í milli, og ég ætla því ekki f. h. minni hl. n. að segja neitt um þær, og geymi mér þá að koma að þeim síðar í umr. Önnur ákvæði frv. hirði ég ekki að ræða, sakir þess, að um þau mun lítill eða enginn ágreiningur vera.

Ég vil ljúka máli mínu með því að taka undir þá ósk, er mun vera í huga hvers þm., sem ábyrgðartilfinningu hefir, að þetta þing megi bera gæfu til þess að ganga nú frá þessu máli á þann hátt, að þjóðin megi við una, og þannig, að þinginu verði sómi að, en ekki vansi í augum komandi kynslóða. En þetta næst því aðeins, að reynslan leiði í ljós góðan árangur fyrirkomulagsins. Að hrófa hér upp einhverri þeirri smíð, sem reynslan hlýtur þegar í stað að rífa niður, verður aðeins til þess að gera illt verra. Það verður aðeins til þess, að óánægjuraddirnar verða enn háværari, og breytingin, sem þá kemur, enn róttækari. En til þess, að nokkur von sé um lausn — raunverulega lausn — á þessu máli fyrst um sinn, fæ ég ekki séð, að skemmra sé hægt að ganga en gert er í stjskrfrv. stj., með þeim breyt., sem við berum hér fram.

**Frsm. 1. minni hl. (Héðinn Valdimarsson):** Alþfl. er sá flokkur, sem fyrstur barðist fyrir breyt. á stjórnarskránni til réttara kosningafyrirkomulags. Var það svo í nokkur ár, að enginn annar flokkur vildi líta við kröfum okkar. Sjálfstfl. lýsti því þá yfir, að hann væri algerlega mótfallinn þeirri breyt., sem við vildum gera á kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi. Framsfl. var einnig eindregið á móti þessu. Alþfl. hélt þó uppi baráttunni, og svo þegar Sjálfstfl. varð fyrir barðinu á kjördæmaskipuninni, þá tók hann þetta mál einnig upp. Síðan hefir Framsfl. staðið einn á móti þessu máli allt þangað til nú, að einhver bilbugur virðist einnig kominn á hann. Við Alþ.-fl.menn getum því verið ánægðir með þau áhrif, sem við höfum getað haft í þessu máli, þar sem báðir hinir flokkarnir hafa nú gengið inn á þá kröfu okkar, að breyta kosningafyrirkomulagi til hins betra.

Það er þó fjarri því, að þær till., sem nú liggja hér fyrir, séu svipaðar því, sem við mundum helzt kjósa. Þó að við viljum nú fallast á frv. hæstv. forsrh. með nokkrum breyt., þá er mjög fjarri því, að þar með sé fullnægt óskum okkar, en við höldum því fram, að bezta fyrirkomulagið sé það, að allir þingmenn séu kosnir með landskjöri um allt land. Þó að einhverjar breyt. kunni að verða gerðar á annan hátt, þá verður það aðeins um stundarsakir, því að það mun líða að því von bráðar, að breytingar verða heimtaðar og þær allar renna í þessa sömu átt.

En það er mjög aðkallandi, að einhver lagfæring verði gerð á því fyrirkomulagi, sem nú er. Því verður ekki neitað, að í frv. stj. er á ýmsan hátt gengið lengra

en Framsfl. hefir áður viljað ganga. Þó fer því fjarri, að þar með sé réttlætinu fullnægt. T. d. hefði Alþfl. fengið með þessu fyrirkomulagi 8 þm. við síðustu kosningar, en hefði átt að fá 9½. En ef nú á að lækka tölu þm. úr 50, eins og er í frv., og niður í 48, þá er þar með aukið á misréttið.

Þá vil ég minnast aðeins á deildaskiptinguna. Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að einhver hluti Framsfl. mundi vera því fylgjandi að hafa eina deild. En ein af þeim stjórnarskrárbreytingum, sem við Alþfl.menn höfum áður barizt fyrir, er að hafa aðeins eina þingdeild. Það er auðséð, að þótt þm. séu 42, þá geta 7 þm. fellt frv., sem allir aðrir þm. væru fylgjandi. Þetta kæmi að vísu ekki fyrir um flokksmál, en það er þó sá möguleiki til, að ýmis mál falli fyrir mótstöðu einna 7 þm. Við Alþfl.menn mundum því verða fylgjandi brtt. um niðurfellingu deildaskiptingarinnar, ef fram kæmu, svo að Framsfl. er óhætt að koma með tillögur þar að lútandi, ef einhver alvara kynni að vera hjá honum um þær umbætur.

Um niðurfærslu kosningarréttar til 21 árs aldurs þarf ég fátt að segja. Það virðist nú svo komið, að allir flokkar séu sammála um það, en upphaflega voru það ekki aðrir en jafnaðarmenn, sem voru því fylgjandi.

Ég hefi í nál. sagt, að ég mundi fella mig við, að tala þm. verði 50, en eins og ég sagði áðan, þá er minnkun úr því ekki til annars en að auka á ranglætið með þeirri kjördæmaskipun, sem nú er. Aftur á móti álít ég mjög ranglega farið að, að veita uppbótarsætin eins og ráð er fyrir gert í frv., og hefi ég því borið fram brtt. um það, að allt að 12 þm. skuli kosnir hlutbundnum kosningum á sérstökum landslistum til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem mestu samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er þingmannaefnum flokksins og landslista hans samtals við almennar kosningar, enda greiði kjósandi atkv. annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista.

Við Alþfl.menn leggjum það mikið upp úr þessu atriði, að ef það nær ekki fram að ganga, þá munum við ekki geta greitt þessu frv. atkv. út úr d. Það segir sig sjálft með flokk eins og Alþfl., sem á kjósendur sína sumpart safnaða saman í kaupstöðum, en sumpart dreifða út um allar sveitir landsins, að það er ákaflega mikilsvert, að allir kjósendur hans geti kosið flokkinn. Aftur á móti er það bæði of kostnaðarsamt og erfitt að stilla upp frambjóðendum í hverju kjördæmi, meðan flokknum er svo háttað sem nú er.

Ég geri nú ráð fyrir, að oftast sé það skipulag á stjórnmálaflokkum, að menn innan flokksins sætti sig við frambjóðanda hans, svo að það yrði fremur undantekning, að menn gæfu landslistanum atkv. sitt, þar sem frambjóðandi væri í kjöri á annað borð. En þar, sem frambjóðandi væri á einhvern hátt ógeðfelldur flokksmanni sínum, er það aukið frjálsræði fyrir kjósandann að mega greiða landslistanum atkv. sitt.

Landslistinn hefir og það í för með sér, að línurnar skýrast og síður er hætta á eftir en áður, að frambjóðendur kenni sig við flokka, sem þeir síðan ekki fylgja, þegar á þing kemur.

Þá hefi ég ekki fleira um till. okkar jafnaðarmanna að segja. Ég þakka hv. frsm. meiri hl. fyrir yfirlýsingu hans um það, að hann geti fallizt á brtt. okkar um varaþingmenn, en þó er það ekkert höfuðatriði í till. okkar, eins og landslistinn.

Þá eru brtt. sjálfstæðismanna, um að breyta megi með lögum stærstu kjördæmunum utan Reykjavíkur í tvímenningskjördæmi. Við höfum ekki við þessa brtt. að athuga og munum geta greitt henni atkv.

Um þá brtt., að ákveða megi hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum með einföldum lögum, er það að segja, að þetta er ekki mikils virði fyrir okkur Alþfl.menn, og að við höfum enga sérstaka ástæðu til að fá það inn í stjskr. Þó býst ég við, að við getum greitt atkv. með brtt. þessari. Þá er sú brtt., að óbundið sé í stjskr., hversu úthluta skuli uppbótarsætum. Þessari till. erum við andvígir, þar sem við höfum borið fram landslistann, enda álítum við, að svo eigi að ganga frá þessu atriði í stjskr., að eigi orki tvímælis.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það er auðheyrt á umr. um þetta mál, að

það er að komast í höfn. Brimið er að lægja, og þm. farnir að tala rólegar um málið.

Merkasta brtt., sem fyrir liggur, er sú, að fækka þm. um 2, úr 50 í 48. Þetta táknar, að uppbótarsætum sé fækkað um tvö. Þótt ég telji þetta miður farið, felur þetta samt enga höfuðbreyt. í sér. Tilgangurinn með frv. er að jafna svo um kosningarrétt, að meiri hl. þjóðarinnar hafi meiri hl. á þingi, og ennfremur að jafna á milli deilda. Till. um 48 í stað 50 þarf ekki að spilla framgangi málsins. Ég trúi því þess vegna, að þingið beri gæfu til að leysa þetta mál, svo að flestir megi vel við una.

Þá er brtt. frá 1. og 2. minni hl. um útdeilingu uppbótarsæta. Mitt álit er, að bezt sé gengið frá þessu í stjfrv. En þó geta jafnan komið fram gallar, sem við sjáum ekki fyrir. Till. um landslista er að vísu ekki óaðgengileg, en þó tel ég betra að láta þetta vera óbundið, eins og 2. minni hl. leggur til.

Fleiri brtt. geri ég ekki að umtalsefni. Þær eru engar líklegar til samkomulags.

Mín skoðun er sú, að það sé gæfa fyrir land og þjóð, að þetta mál sé leyst. Þessi jöfnun er sein á ferðinni, en lausnin virðist líka ætla að koma fyrr en við mátti búast. Tvö ár er ekki langur tími til að koma slíku stórmáli í höfn.

**Halldór Stefánsson:** Við hv. þm. V.-Sk. höfum borið fram brtt. á þskj. 584 við stjskrfrv., og vil ég gera nokkra grein fyrir þeim. En áður en ég vík að efni brtt. vil ég taka það fram, að við flytjum þær algerlega á eigin ábyrgð. Við berum þessar till. fram sem miðlunartill. við aðrar brtt. og kröfur, og teljum þær ekki síður fallnar til miðlunar en aðrar brtt. og frv. sjálft.

Fyrst og fremst viljum við ákveða í stjskr. grundvöll kjördæmaskipunarinnar. Sú breyt. er þó ekki veruleg breyt. frá ákvæðum núgildandi kosningalaga. Brtt. er fyrst og fremst sú, að þetta sé ákveðið í stjskr. skýrt og ákveðið. Annars hefir þessi grundvöllur verið viðurkenndur síðan Alþingi var endurreist. Í lögum um kosningar til Alþingis 1877 segir:

„Sérhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi ... Kaupstaðurinn Reykjavík, með nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig“.

Hér er ákveðinn grundvöllur kjördæmaskipunarinnar. Skaftafellssýslu var skipt í tvö kjördæmi, jafnframt því sem henni var skipt í tvö lögsagnarumdæmi. Hinn eiginlegi grundvöllur er sá, að þær minni félagsheildir innan þjóðfélagsins, sem hafa nokkur sérmál, þ. á m. sérstaka fjárstjórn, skuli vera sérstök kjördæmi og hafa rétt til að kjósa einn eða tvo fulltrúa á þing. Mönnum var í þessu efni lengi ekki eins ljós réttur kaupstaðanna og sýslnanna, og Rvík var lengi vel eina kaupstaðakjördæmið. Enn má segja, að réttur kaupstaðanna sé nokkuð á reiki. En tilhögunin sjálf er byggð á þeirri eðlilegu hugsun að tryggja það, að menn með þekkingu á högum alls landsins eigi sæti á Alþingi. Fjölgun þingmanna síðan hefir orðið að mestu leyti á þessum grundvelli. Réttur kaupstaðanna, Ísafjarðar-, Akureyrar- og Seyðisfjarðarkaupstaðar, var viðurkenndur 1903 og síðar 1928, er Hafnarfjörður fékk fulltrúa. Þó eru tveir kaupstaðir afskiptir ennþá, Siglufjörður og Neskaupstaður. Úr því misrétti viljum við bæta með brtt. okkar. Þetta grundvallarákvæði hefir einnig verið nokkuð á reiki um sýslurnar, svo að nú eru tvær sýslur spyrtar saman til að kjósa einn fulltrúa, þótt aðrar sýslur megi kjósa einn eða tvo. Þetta er ranglæti, sem við viljum einnig leiðrétta. Þetta er misrétti, sem ekki er hægt að hafa á móti til lengdar, jafnvel þótt leiðréttingar verði synjað nú. Af þessum brtt. leiðir fjölgun þm. um fjóra.

Ég þykist hafa svarað með þessu því, sem hv. frsm. meiri hl. missagði um grundvöll kjördæmaskipunarinnar. Hugsunin, sem á bak við liggur, er upphafleg og á sér djúpar rætur með þjóðinni.

Eitt, sem hefir orðið að óánægjuefni í kjördæmaskipuninni, er tvímenningskjördæmin. Um réttmæti þeirra ætla ég ekki að ræða, þar sem brtt. okkar snertir þau ekki. En vegna vaxandi flokkshyggju, sem er aðalástæðan til ágreinings í þessu máli, hefir það vakið óánægju, að meiri hl. skuli ráða báðum þingsætunum. Því hafa komið fram raddir um, að hlutfallskosningar eigi að

tryggja rétt minni hl. En þar sem aðeins á að kjósa tvo, verður þetta ekki til annars en að færa ranglætið til. Hlutfallskosningar þær, sem nú tíðkast, eru hugsaðar út frá því, að velja eigi a. m. k. þrjá fulltrúa, þannig að meiri hl. fái tvo og minni hl. einn.

Brtt. okkar um þetta eru miðlunartill., sem bæði þeir, sem vilja hafa hlutfallskosningar, og hinir ættu að geta fallizt á.[1])

Þá leggjum við til þá breytingu á landskjörinu, að landskjörnir þm. séu allir kosnir í senn og um leið og almennar kosningar fara fram. Með þeim hætti nýtur flokksfylgið sín betur en ella og fé og fyrirhöfn sparast. Jafnframt leggjum við til, að þingrof nái einnig til landskjörinna þm. Það samrímast betur lýðræðishugmyndum nútímans en það fyrirkomulag, sem verið hefir. Sama er að segja um þá till. okkar, að þeir séu kosnir inn í sameinað þing.

Það er ljóst af því, sem ég hefi nú sagt, að brtt. okkar hafa mikla yfirburði yfir núv. skipulag og eru byggðar á réttlátari grundvelli en stjfrv.

Þá flytjum við brtt., er virðist hafa vakið nokkra athygli, við 44. gr. stjskr. Frá öndverðu hefir þótt nauðsynlegt að setja í sjálfa stjskr. ákvæði til þess að tryggja, að þm. teygðust ekki um of til ósjálfstæðis gagnvart sínum kjósendum. Menn hafa séð þar svo stóra hættu, að ástæða væri til að slá varnagla við því. Á þeim tímum var flokkshyggjan þó ekki á því stigi, sem hún er nú, en reynslan hefir sýnt, að eftir því sem hið almenna stjórnarform, sem nú gildir, á sér lengri sögu að baki, eftir því hefir flokkshyggjan magnazt í öllum löndum, og það svo, að hún hefir rekizt á lýðræðisfyrirkomulagið og orðið því að falli. Þarf ekki annað en nefna Ítalíu og Þýzkaland sem dæmi þess. Í flestum löndum riðar núv. skipulag við fall. Yfirmönnum stjórnanna er verið að gefa alræðisvald í fleiri og fleiri málum. Hin vaxandi flokkshyggja er einn af þeim ókostum, sem komið hafa fram undir ríkjandi skipulagi. Hún er eins og mein, sem hefir vaxið með líðandi stund, eins og öll mein gera þangað til þau springa eða gerir út. Og þetta mein hefir nú í einstökum löndum orðið þjóðræðinu að bana og heldur áfram að verða þjóðræðinu að bana, ef engar skorður eru reistar. Nú er flokkshyggjan víðast hvar lengra komin en hjá okkur, en hún hefir einnig farið vaxandi hér og er í uppsiglingu. — Þegar ákvæði 1. mgr. 45. gr. stjskr. voru sett, þá gat engum dottið í hug að slá varnagla við þessu, af því að menn þekktu ekki flokkshyggjuna eins vel og nú. En þeir, sem sáu þörf á því að slá varnagla við of miklum áhrifum kjósenda á þingmenn, sem að mörgu leyti eru þó réttmæt, mundu, ef þeir hefðu þekkt flokkshyggjuna, ekki síður hafa reynt að slá varnagla við henni. Með því, sem ég hefi hér rætt um flokkshyggju, vil ég ekki segja, að hún eigi ekki rétt á sér innan vissra frjálsra takmarka; þar hefir hún sína kosti. En það er svo um marga hluti, að þeir eru því aðeins góðir, að gætt sé hófs, en verða skaðlegir og hættulegir, þegar úr hófi keyrir. Í sambandi við þessi ummæli mín um flokkshyggjuna vil ég taka það fram, að ég á hér við þá flokkshyggju, sem heimtar, að löggjafarþing þjóðarinnar sé ekki skipað frjálsum mönnum, sem ráði málefnum þjóðarinnar til lykta í samráði hver við annan og eins og þeir vita sannast og réttast, heldur eftir vilja einhverra vissra manna, án þess að geta samþýtt skoðanir sínar þeirra manna skoðunum. Þá eru þm. og aðrir fulltrúar almennings, á hvaða samkomu sem er, ekki orðnir annað en taflmenn á borði, sem leikið er eftir geðþótta teflenda, en lok hvers tafls sýna þó, að teflendunum getur yfirsézt um leikinn. Hvort sem þessi till. fær meira eða minna fylgi hér í þinginu, og þótt það kynni að reynast, að slíkt ákvæði hefði minni þýðingu en orðin liggja til, þá látum við flm. það ekki hamla okkur frá því að bera hana fram. Síðan þessi till. kom fram, hefir komið fram í blöðum, að ástæðan til hennar myndi vera nýgerð samþykkt á flokksþingi framsóknarmanna um skipulag flokksins, sem snertir þetta atriði. En ég þykist hafa sýnt nægilega fram á, að það eru almennar ástæður fyrir því að bera þessa till. fram, og að nýgerð samþykkt á framsóknarþinginu liggur

1) Hér mun vanta í ræðuna. — HStef.

hér alls ekki til grundvallar, enda hygg ég, að fleiri flokkar hér á landi eigi þá óskilið mál við Framsfl. um flokkshyggju — og sízt minna. Til þess að gera til fulls grein fyrir þessum till. verður að bera þær saman við stjfrv., sem fyrir liggur, og brtt. meiri hl.. Því þarf ekki að lýsa, sem öllum mönnum er kunnugt og komið hefir fram við umr. hér, að kröfurnar til breytinga á stjórnarskránni eru fyrst og fremst reistar á tveim meginástæðum: að meira flokkslegt jafnræði fáist við kosningarnar og að jafnari tala kjósenda standi bak við þm. Meiri áherzla er þó lögð á fyrra atriðið, og vil ég taka það fram um seinna atriðið, að ég mun ekki ræða það, því að deilur um það eru látnar falla niður um hríð og koma því ekki til greina. En þetta stjfrv., sem hér liggur fyrir, er árangur af þeim tilraunum til samkomulags um þessi meginatriði, auk ýmsra breytinga, sem ekki virðast vera ágreiningsatriði, sem gerðar hafa verið undanfarið, aðallega á næstseinasta þingi og síðan. Langt virðist vera dregið til samkomulags í málinu, þótt ekki virðist það hafa náðst til fulls, sem sjá má af brtt., sem fyrir liggja. Það má líka marka af brtt., að það, sem á milli ber, er ekki stórvægilegt, en þótt svona standi nærri um samkomulag í málinu að því er virðist, munu fáir eða engir vera ánægðir. Þegar gerð er miðlun, fær enginn framgengt öllu, sem hann óskar. Við flm. brtt. á þskj. 584 höfum borið þær fram með það fyrir augum, að e. t. v. gætu þær orðið til samkomulags. Það, sem helzt virðist standa fyrir samkomulagi í málinu, er tala þm. Það stendur aftur annarsvegar í sambandi við kröfurnar um flokkslegt jafnræði, sem krefur sem flestra þingsæta. Hinsvegar er það, að út af fyrir sig getur engin nauðsyn talizt til þingmannafjölgunar, enda hefir þeirri nauðsyn ekki verið haldið fram af einum einasta manni. Þingmannatalan yrði eftir till. okkar hv. þm. V.-Sk. fjórum færri en í frv. og 2 færri en í brtt. meiri hl. stjskrn. Ef brtt. okkar, jafnframt því að þm. fjölgar minna eftir þeim, gefa jafnmiklar líkur fyrir flokkslegu jafnræði, þá ætti að mega telja, að á þær gæti orðið fallizt, og einkum þar sem í þeim felst, eins og allir hljóta að viðurkenna, leiðrétting á ágreiningi og misrétti milli héraða og svo leiðrétting á skipun Alþingis. Eftir frv. á að kjósa 32 þm. óhlutbundnum kosningum, en um 18 þm. fær flokksfylgið að njóta sín, þar sem eru 6 þm. í Reykjavík og 12 uppbótarsæti. Eftir brtt. meiri hl. á að kjósa 32 þm. óhlutbundnum kosningum, svo að flokkslegt jafnræði fær að njóta sín um 16, eða tveim lægri. En eftir okkar till. eru einungis 24 kosnir óhlutbundnum kosningum, en flokksaðstaða fengi að njóta sín um 22, eða nærri því helming þm., það er fjórum fleiri en í stjfrv. og sex fleiri en eftir till. meiri hl. Ég þykist vita, að því verði svarað til, að áhrifin til flokkslegs jafnræðis geti ekki náðst í hlutfalli við tölu þm. eftir brtt. okkar eins vel og eftir frv. eða brtt. meiri hl. Það er að einu leyti rétt, en þar kemur á móti, að þm.talan er lægri eftir okkar till., en á því byggist hið flokkslega jafnræði. Auk þess gat ég þess áður, að við höfum hugsað till. okkar til vara sem grundvöll til samkomulags, og því má segja, að möguleiki er eftir að ákveða uppbótarsæti í staðinn fyrir landskjör, og þá fengi hið flokkslega jafnræði enn betur að njóta sín. Annars er okkur miklu hugstæðara landskjör en uppbótarsæti og töldum miður fara á því, að flokkar úthlutuðu sætum á þingi en að kjósendurnir gerðu það sjálfir. En eigi að síður myndum við falla frá því, ef það gæti orðið til samkomulags.

Ég hefi þá gert í sem stytztu máli grein fyrir till. okkar og get þá farið að láta lokið máli mínu. Ég endurtek það, sem ég sagði, að við hugsuðum till. okkar sem miðlunartill. og e. t. v. samningsgrundvöll, og fela þær í sér skilyrði á borð við frv. um flokkslegt jafnræði — það, sem hefir verið höfuðatriðið. Þar að auki er leiðrétt ótvírætt misrétti milli einstakra héraða og þm. færri en frv. og till. meiri hl. gera ráð fyrir. Sýnist okkur því, að okkar till. hafi í sér skilyrði til þess að geta komið á samkomulagi. En ef hitt verður ofan á, sem okkur kemur heldur ekkert á óvart, að till. hljóti ekki fylgi, þá verður að skýra það þannig, að afstaðan í málinu sé orðin svo bundin á allar hliðar, að engu verði um þokað úr því, sem komið er. En þótt till. hljóti

ekki fylgi, getum við sagt, að við sjáum þó, eins og sjálfsagt flestir aðrir, nauðsynina á því með tilliti til annara mála hér á þingi, bæði í nútíð og framtíð, að þetta mál leysist. Og í frv. felast ótvírætt og ágreiningslaust umbætur á öllum mikilsverðum atriðum hvað snertir kjördæmaskipunina og kosningafyrirkomulagið. — Um aðrar till., sem fyrir liggja, mun ég ekki ræða sérstaklega og sýni einungis afstöðu mína til þeirra við atkvgr.

**Sveinn Ólafsson:** Till. þær allar, sem fram eru komnar, benda í raun og veru ljóslega til þess, að tillögumennirnir, hvað sem öðru líður, eru að leitast við að koma málinu í höfn á skynsamlegan hátt, hver frá sínum bæjardyrum skoðað. Ég hefi nú um stund hlustað á framsöguræður þriggja frsm. stjskrn., og skilst mér á ræðum þeirra, að hjá þeim öllum sé sá ásetningur einlægur og fastur, að reyna að teygja sig sem mest í samkomulagsáttina. Dálítið mismunandi skoðanir hefi ég samt sem áður á till. hvers um sig, en ætla ekki að fara langt í samanburð þeirra að þessu sinni. Ég hlýt líka, af því að nú er liðið langt á tímann, að takmarka mig sem mest og verð þó að minna á þær brtt., sem ég flyt á þskj. 621.

Hv. frsm. meiri hl. n. minntist lítillega á þær, eins og fleiri brtt., sem fyrir liggja, og gat þess um till. mínar, að hann eða meiri hl. n. mundi ekki geta aðhyllzt þær. En nú vill svo einkennilega til, að í áliti meiri hl. eru gerðar 2 till., gersamlega hliðstæðar mínum till. Þar er lagt til, að þm.talan verði 48 eins og ég hefi áður gert. Einnig er lagt til af meiri hl., að uppbótarsætin verði 10, eins og í till. mínum er lagt til, en ekki 12, eins og í frv. Meiri hl. er því búinn að fallast á till. mínar fyrirfram að mestu leyti. Ég skildi því ekki vel í því, þegar frsm. lýsti yfir því, að hann myndi ekki geta aðhyllzt till. mínar. Honum hlýtur að hafa orðið mismæli þarna, því að með þessu tvennu eru aðalatriðin í brtt. mínum á þskj. 621 talin. Aðalatriðin eru niðurfærsla þm.-tölurnar úr 50 í 48 og niðurfærsla uppbótarsætanna úr 12 í 10. — Aðrar till., sem ég hefi borið fram, eru ýmist orðabreyt. eða afleiðing af þessum aðaltill., eða þá umorðun, þar sem mér, t. d. í 2. gr., þótti ekki nógu ljóslega ákveðið um deildaskiptingu og kosningar til Ed., en það er atriði, sem ekki ætti að geta valdið neinum ágreiningi. — Síðasta brtt. mín á þskj. 621 er að vísu nýmæli, og verð ég að fara um hana örfáum orðum, þótt hún sé að vísu svo auðskilin, að ekki ætti að vera þörf á að skýra hana. Ég geri þar ráð fyrir því, að aftan við 33. gr. stjskr. verði bætt nýrri málsgr., þannig hljóðandi: „Breyta má þessu með lögum". Með lögum mætti þá ákveða að heyja Alþingi annarsstaðar en í Reykjavík, ef þurfa þætti. Þess hefir verið leitað nokkrum sinnum undanfarið, hvort Alþingi vildi fallast á það, að ákveða mætti annan samkomustað en Reykjavík, og hefir sú till. ekki hlotið stuðning meiri hl. Alþingis. Þrátt fyrir það er ekki ósennilegt, að Alþingi vilji nú hafa opna leið til að ákveða annan samkomustað án stjskrbreyt. Þeir atburðir hafa gerzt hér í seinni tíð, sem ljóslega og ákveðið benda til þess, að þörf kunni að verða á þessu. Sú ókyrrð, sem komið hefir upp hér á síðustu tímum og sem jafnvel hefir lýst sér í tilraunum til þess að beita ofbeldi og hnefarétti gagnvart friðsömum borgurum, ætti í rauninni að gera það ljósara en áður var, að til þess getur komið og að því getur rekið fyrr en varir, að nauðsynlegar verði þingsins vegna slíkar ráðstafanir. Að öðru leyti er ekki ástæða til að fara að taka hér upp af nýju það, sem mælir almennt með því að heyja Alþingi annarsstaðar en í Rvík. Ég hefi borið þessar brtt. fram nú með tilliti til þess, að ég tel ekki samkomustaðinn jafnóruggan og verið hefir, og ég myndi ekki furða mig á því, eftir því sem horft hefir undanfarið, þótt það kæmi hér fyrir einn góðan veðurdag, að ofbeldi yrði beitt við Alþ. og því hleypt upp með skrílæði.

Það er ekki, að því er ég hygg, ástæða fyrir mig til að fara lengra út í þetta mál. En ég verð með fám orðum að svara því, sem hæstv. forsrh. tók fram út af brtt. annara en nefndarhlutanna. Er um það að segja, að þar sem hann lét þess getið, að till. einstakra þm. mundu vera of stórfelldar til þess að þd. gæti fallist á

þær, þá hefi ég bent á það áður, að 2 till. minar eru nákvæmlega hliðstæðar við till. meiri hl. stjskrn., og má heita þær sömu, að undanteknu fyrrnefndu atriði um breyt. 33. gr. stjskr.

Ég skal þá ekki eyða meiri tíma til þess að ræða um þetta og ætla þá heldur ekki að fara að gera að umtalsefni þær aðrar till., sem fyrir liggja. En þó vil ég geta þess, að úthlutun uppbótarsæta eftir því, sem ráðgert er af 1. minni hl. n., virðist mér harla athugaverð. Það er einskonar sniðug veiðibrella, sem þar er hugsuð til þess að geta náð sem flestum uppbótarsætum. Ég get ekki fundið annað en að með hlufallskosningu verði langeðlilegust úthlutun uppbótarsætanna. Og einmitt þetta viðurkenndi hv. 3. þm. Reykv. í sinni ræðu, eða frsm. 2. minni hl., að með hlutfallskosningu mætti komast næst réttlátri úthlutun, og það er það, sem ég legg áherzlu á í minum till., að úthlutunin fari þannig fram, að hlutfallskosning um allt land ákveði uppbótarsætin. Með þeim hætti koma eðlilega fram þau réttlátlegustu hlutföll, sem kostur er á, ef ekki á að viðhafa veiðibrellur. En fyrirkomulag sjálfs frv. um þetta atriði get ég ekki fallizt á, því að eftir frv. getur það í ýmsum tilfellum orðið hrein og bein tilviljun eða einskonar „lotteri", hvar uppbótarsætin koma niður. Ég endurtek þess vegna, að ég er algerlega sammála hv. 3. þm. Reykv. um það, að næst verði komizt réttlátri úthlutun uppbótarsæta, ef hlutfallskosningar eru viðhafðar og öllum veiðibrellum á bug vísað.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég vil beina þeim tilmælum til hv. 1. og 2. minni hl. stjskrn., hvort þeir vilja ekki taka aftur til 3. umr. till. sínar um útdeilingu uppbótarsæta. Ég hefi þá ástæðu til að ætla, að samkomulag geti náðst milli umræðna.

**Frsm. 1. minni hl. (Héðinn Valdimarsson):** Ég get orðið við tilmælum hæstv. forsrh. og tekið þessa brtt. okkar aftur til 3. umr., ef það gæti frekar orðið til þess, að málið yrði leyst á þann hátt, sem brtt. bendir til og ætlazt er til með henni.

**Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson):** Hæstv. forsrh. sagði, að aðaltilgangur sinn með því að flytja þetta frv. til breyt. á stjskr. hefði verið sá, að koma algerlega í veg fyrir flokkslegt óréttlæti við niðurstöðu kosninga til Alþingis, þannig að stjórnmálaflokkur, sem fengið hefir minni hl. atkv. við almennar kosningar, gæti ekki fengið meiri hl. kosinna þm., og að stjskrfrv. hans væri millivegur eða miðlun, þar sem komið væri á móti þeim kröfum, sem við sjálfst.menn höfum borið fram í málinu, og hinsvegar gengið svo langt frá sinni hlið sem hann vildi veita þeim kröfum framgang. Ég get nú ekki séð, að stjskrfrv. gefi tryggingu fyrir þessu flokkslega réttlæti, þó að ákveðin verði 12 uppbótarþingsæti. Það eru ekki í frv. reistar nægilegar skorður við því, að minni hl. kjósenda geti hlotið meiri hl. þingsæta. Þess ber að gæta, að áður en uppbótarsætin koma til greina er búið að kjósa mikinn meiri hl. þingmanna í sérstökum kjördæmum. Hlutföllin í kjördæmunum þurfa ekki mikið að raskast til þess, að sá möguleiki sé fyrir hendi, að minni hl. kjósenda fái meiri hl. þingsæta, þó að uppbótarsætin verði 12. Megingallanum á hinu úrelta kjördæmaskipulagi er haldið óbreyttum samkv. þessu frv., og það fæst ekki einu sinni mildað úr honum með því að viðhafa hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum, sem þó mundi oftast draga nokkuð úr misræminu. Og ekki nóg með það. Nú er enn komin fram brtt. frá meiri hl. stjskrn. um að fækka uppbótarsætum um 2, eða úr 12 niður í 10, og þá minnkar stórum möguleikinn fyrir því að jafna á milli flokka. Þess vegna er ég undrandi yfir því, að hæstv. forsrh., sem flutti frv. og miðaði fingrinum á þessa tölu, 12 uppbótarþingsæti, sem það minnsta, er andstöðuflokkar Framsfl. gætu sætt sig við, skuli nú geta látið sér nægja að leiða þetta mál í höfn samkv. þeirri brtt. meiri hl. n. að fækka þm. úr 50 í frv. niður í 48.

Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, þá er þetta stjfrv. gott sem samningsgrundvöllur, og með því meina ég, að frv. sé leið til þess að miðla málum á milli flokka. En hinsvegar eru á því ýmsir gallar, sem þyrfti að lagfæra í þá átt,

sem brtt. okkar benda til, og teldi ég mjög vel farið, ef þær yrðu samþ. Ef breyt. verða gerðar á frv. frá því, sem það nú er, í þá átt að draga úr því litla, sem í því felst til tryggingar réttum hlutföllum á milli kjósendafjölda flokkanna og fulltrúatölu þeirra á Alþingi, þá vil ég láta í ljós fullkominn efa um það, að málið komist í höfn á þessu þingi. Og ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti, en ekki fyrir hönd annara flokksmanna minna, að ég greiði alls ekki atkv. með frv., þegar búið væri að breyta því í þá átt, sem brtt. hv. meiri hl. n. bendir til. Ég kýs þá miklu heldur að halda þófinu áfram eitthvað lengur og fá þetta mál afgr. síðar í skárra formi, heldur en að samþ. nú slíkt vansmíði, sem flestir vita fyrirfram, að er hreint og beint hrófatildur til bráðabirgða; enda mun reynslan sýna það og sanna. — Ég veit ekki, hvað hv. frsm. meiri hl. hefir fyrir sér, þegar hann fullyrðir, að 10 uppbótarsæti séu nóg til þess að jafna hlutföllin á milli flokkanna. Við hvað miðar hv. þm.? Ég veit það ekki; nema hann hafi svo örugga vissu um, að Framsfl., sem nú er sterkastur í þinginu, sé í afturför og muni því fá færri þingsæti við næstu kosningar. En undanfarnar kosningar sýna það ljóslega, að 12 uppbótarþingsæti eru ekki nóg til jöfnunar, og því síður 10. (BJ: Aðeins kosningarnar 1931). Hv. frsm. er máske þeirrar skoðunar og finnst það eðlilegt, að Framsfl. hafi einhvern heilagan rétt til þess að eiga hlutfallslega fleiri fulltrúa á þingi en aðrir flokkar. Hann getur tæplega slegið þessu föstu út frá öðru sjónarmiði. Þá sagði hv. frsm. í hinum sögulega inngangi ræðu sinnar, að Sjálfstfl. hefði í fyrstu viljað skipta landinu niður í fá allstór hlutfallskosningakjördæmi, en horfið aftur frá því síðar og þá ákveðið að halda núv. kjördæmum óbreyttum. En þetta er alls ekki rétt skýrsla hjá hv. frsm. Ég veit ekki til, að fulltrúar Sjálfstfl. í mþn. í kjördæmamálinu hafi borið fram neinar till. í þá átt. Það var borið út í Tímanum, að Sjálfstfl. vildi þessa tilhögun, og þetta var endurtekið víðsvegar á fundum úti um land. Þá var sagt, að Sjálfstfl. vildi afnema kjördæmin og ætlaði að gera það. En þetta var blátt áfram ósatt; flokkurinn sem slíkur hefir aldrei haft þá skoðun. Og heildarstefna flokksins í þessu efni kom ekki fram fyrr en í nál. fulltrúa hans í kjördæmanefndinni. Hitt er annað mál, að einstakir menn í Sjálfstfl. hafa verið þeirrar skoðunar og talið það heppilegri lausn, að landinu væri skipt í fá og stór kjördæmi. En frá því að nál. kjördæman. kom út hefir ekki verið frá því hvikað í þessu atriði. Annars væri það eðlilegast að taka ekkert fram um þetta í sjálfri stjskr., heldur marka þar aðeins meginreglurnar fyrir kosningunum, eins og t. d. þá, að stjórnmálaflokkarnir fái þingfulltrúa í réttu hlutfalli við atkvæðafjölda kjósenda, sem þeim voru greidd í kosningunum, en tiltaka ekkert um, hvernig þessu takmarki skuli náð.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að fullkomnu réttlæti í þessum efnum yrði bezt náð á þann hátt, að kjördæmin væru öll nákvæmlega jafnfjölmenn og hvert þeirra fengi að kjósa einn þm. (BJ: Ég átti við réttlæti á milli kjósenda). Það hefir frá upphafi verið talað um tvennskonar réttlæti í kosningamálunum: Staðarlegt réttlæti, þannig að kjósendur hefðu jafnan atkvæðisrétt, hvar sem þeir væru á landinu, — og það er rétt hjá hv. þm., að því kann að vera náð með þessu, sem hann benti á. En hinu réttlætinu, jafnvæginu á milli stjórnmálaflokkanna, sem hv. þm. benti á, því verður ekki náð á þennan hátt.

Stjórnmálaflokkur, sem fær mikinn minni hl. af atkv. kjósenda, getur skilað inn í þingið ríflegum meiri hl. þm. Það er því aðeins önnur hliðin á fullkomnum kosningarrétti, sem náð verður með þessu móti, sá þátturinn, sem við sjálfstæðismenn höfum alltaf lagt miklu minni áherzlu á.

Ég þarf ekki að segja margt út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. Ég get vel unnað hv. þm. þess, að láta svo sem Alþfl. hafi einn barizt fyrir þessu réttlætismáli, eins og öðrum góðum málum. Það er alltaf orðin föst regla hjá þm. Alþfl., ef eitthvert nytjamál er flutt á Alþingi, þá fletta þeir upp í sínum gömlu bókum og rifja upp margra ára gömul stefnuskráratriði síns flokks og segjast svo hafa orðið fyrstir til að hreyfa málinu, enda þótt þeir hafi

engan fulltrúa átt á Alþingi fyrr en 1921. Hv. Alþfl.þm. er velkomið að halda því fram, að þeir hafi átt frumkvæðið að öllum nytjamálum, sem fram eru borin á síðari árum. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að Sjálfstfl. hefði lengi verið á móti þessum breyt. á kjördæma- og kosningaskipuninni. Þetta er bara algerlega ósatt. En hitt er annað mál, að flokkurinn vildi ekki fara að káfa í málið fyrr en hann var þess albúinn að skilja ekki við það, fyrr en sigur væri fenginn. Lítill stjórnmálaflokkur gat miklu frekar glamrað um málið fram og aftur og flaggað því fyrir kjósendum. Hann hafði svo litlu fyrir að fara. En fyrir stóran stjórnmálaflokk, sem á kjósendur í öllum stéttum og öllum héruðum og á mikið í húfi, er allt öðru máli að gegna. Þess vegna var rétt af honum að hreyfa ekki málinu fyrr en hann hafði sterkar líkur fyrir að koma því í framkvæmd. (HV: Hvers vegna flutti Sjálfstfl. ekki þetta mál, þegar hann var í meiri hl. og fór með stj. landsins?). Af því að máli þessu er aldrei hægt að ljúka nema ganga til kosninga um það.

Hv. 1. þm. N.-M. taldi, að brtt. hans og hv. þm. V.-Sk. væru miðlunartill. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. eigi við það, að brtt. séu miðlun á milli þess skipulags, sem nú er, og stjórnarfrv. Hann velur endapunktana þannig, að miðlunartill. þeirra félaga verða langt fyrir neðan alla sanngirni. Hv. þm. verður að láta sér skiljast það, að stjfrv. sjálft er miðlunartill. Þess vegna er ekki rétt að setja það sem endapunkt í þessu máli öðrumegin, og segja svo, að brtt. hans, sem ganga miklu skemmra en frv., séu miðlunartill. Þá gætu aðrir hv. þm. með eins miklum rétti tekið upp þessar miðlunartill. hv. þm. og kallað það endapunkta í málinu annarsvegar.

Þá talaði hv. 1. þm. N.-M. um flokkshyggju, og átti það víst að vera nýyrði um þá menn, sem hugsa og starfa í flokkum. Og var hann mikið að velta því fyrir sér, hvort þessi flokkshyggja væri skaðleg eða ekki fyrir þjóðfélagið. En ég held, að það sé heppilegast að halda sér við raunveruleikann í þessu efni. Hjá öllum menningarþjóðum víðsvegar um heim er starfað og barizt í stjórnmálaflokkum, og hefir því enga þýðingu að vera hér að tala um það stjórnmálaskipulag sem nokkurskonar villutrú. En það, sem þá skiptir mestu máli, er, að stjórnmálaflokkarnir hafi hlutfallslega jafna atkvæðatölu á þingunum, miðað við kjósendafjölda þeirra.

Mér fannst hv. 1. þm. S.-M. ekki hafa áttað sig á mismuninum á uppbótarsætum til flokkanna og hinsvegar hlutfallskosningum um allt land. Það getur vel verið, að hv. þm. hafi það rétt eftir mér, að hlutfallskosningar séu eðlilegasta fyrirkomulagið þar, sem kjósa á fleiri en einn þm., t. d. í kjördæmum. En hann hefir það ekki eftir mér, að uppbótarþingmenn, sem eiga að jafna aðstöðuna á milli flokkanna, skuli kosnir með hlutfallskosningum um land allt. — Sá stjórnmálaflokkur, sem við kjördæmakosningar fær 10 þingsæti fram yfir það, sem kjósendafjöldi flokksins í heild bendir til, samanborið við atkv. annara flokka, hann getur einnig fengið þingsæti við landskjör eftir hlutfallskosningum þar á ofan, í stað þess sem hann ætti ekkert að fá samkv. uppbótarsætaskipuninni. Tilgangurinn með uppbótarsætum er að bæta flokkunum upp misræmið eftir kjördæmakosningarnar. Á þessari tvennskonar kosningaskipun er mjög greinilegur mismunur. Till. hv. 1. þm. S.-M. gera því ekkert annað en draga úr því, að fullnægt verði flokkslegu réttlæti til jöfnunar eftir kjördæmakjörið. Þær horfa til enn meiri skemmda á stjfrv. en brtt. hv. meiri hl. n.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni. En út af tilmælum hæstv. forsrh. til okkar í minni hl., um að við tökum aftur til 3. umr. brtt. okkar um skipun uppbótarsæta, get ég látið það í ljós, að hv. meðflm. minn telur sig geta orðið við því, í samræmi við það, sem hv. 1. minni hl. hefir nú gert. Ég get því líka látið mig það einu gilda, og tek þá brtt. hér með aftur til 3. umr., til þess að leitað verði samkomulags um það í n.

**Forseti (JörB):** Útbýtt er í deildinni brtt. á þskj. 697. Þessi brtt. er of seint fram borin, og verður því að leita afbrigða um, að hún megi komast hér að til umr. og atkvgr.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég hefi lítið tilefni fengið til andsvara í ræðum hv. þdm. Í fyrri ræðu sinni gerði hv. frsm. 2. minni hl. svo að segja engar aths. við það, sem ég hafði sagt. En nú í síðari ræðu sinni gaf hann mér aftur nokkurt tilefni. Ég gaf í framsöguræðu minni dálítið yfirlit um afstöðu okkar Framsfl.manna í kjördæmamálinu til annara flokka. Nú vill hv. 3. þm. Reykv. neita því, að ég hafi farið þar rétt með. Sérstaklega vill hann mótmæla því, að Sjálfstfl. hafi nokkurntíma lýst sig fylgjandi því, að landinu væri skipt í fá en stór kjördæmi, þar sem hlutfallskosningar færu fram. Ég get ekki skilið, hvers vegna þessi hv. þm. og Sjálfstfl.menn yfirleitt vilja ekki kannast við þetta og eru alltaf að neita þessari staðreynd. Greinilegast kemur þetta fram á þinginu 1931. Og Sjálfstfl. hefir alltaf haldið því fram, að það næði ekki nokkurri átt að hafa bann við því í stjskr., að hlutfallskosningar megi fara fram í kjördæmum utan Reykjavíkur; en í stjskr. er það gert. Enda er þar aðeins gert ráð fyrir einmennings- og tvímenningskjördæmum í landinu utan Rvíkur. Nú er það vitanlegt, að það er endileysa að ákveða hlutfallskosningar í þeim kjördæmum. En úr því að sjálfst.menn eru alltaf að kvarta undan því ákvæði stjskr., sem bannar hlutfallskosningar í einmenningsog tvímenningskjördæmum, þá sannar það bezt, að þeir vilja fá landinu skipt í nokkur stór kjördæmi. Það vill nú svo vel til, að ég hefi hér fyrir mér í þingtíðindunum ummæli eftir þessum hv. þm. (MJ) sjálfum, þar sem hann heldur því fram fyrir nokkrum árum, að það sé engin ástæða til að hafa hlutfallskosningar í kjördæmum, þar sem kjósa á færri en 3 þingm. Það væri m. a. s. ranglátt og næði alls ekki tilgangi sínum. Og þetta er alveg rétt hjá hv. þm.

Gegn mótmælum hv. 3. þm. Reykv. við því, að Sjálfstfl. væri fylgjandi fáum, stórum kjördæmum með hlutfallskosningum, má ennfremur benda á það, sem kom fram í yfirlýsingu fulltrúa Sjálfst.-fl. í mþn. í kjördæmamálinu 1931—1932, þar sem þeir létu þess getið, að þeir myndu aðhyllast sem varatill. þá uppástungu jafnaðarmanna, að landinu, utan Reykjavíkur, yrði skipt í nokkur stór kjördæmi, þar sem hlutfallskosningar væru viðhafðar.

Að lokum má minna á það, sem gerðist á þinginu 1931 og allur landslýður veit um, þegar Sjálfstfl. og Alþfl. gerðu með sér samning og bandalag um að koma þessu kosningaskipulagi í framkvæmd. Sú ákvörðun þeirra leiddi til þingrofsins, eins og kunnugt er. Framsfl. var því eindregið mótfallinn, að hin sérstöku kjördæmi yrðu lögð niður. En hinsvegar hefir hann aldrei mótmælt því, að ýmislegt væri athugavert við kjördæmaskipunina í einstökum atriðum, heldur tjáð sig hlynntan leiðréttingum á þeim.

Framsfl. hefir alltaf mótmælt því, að rétturinn til þess að hafa sérstakan þm. væri tekinn af hinum einstöku kjördæmum. Það er sú eina afstaða, sem Frams.-fl. í heild hefir haft frá byrjun í þessu máli. En Sjálfstfl. hefir áreiðanlega verið til með að ganga inn á þá leið að skipta landinu í fá og stór kjördæmi. Í þessu sambandi langar mig til að minna á, að á stjórnmálafundi, sem haldinn var í fyrra vestur á Patreksfirði, lét ég þess getið, að samningar hefðu verið um þetta mál 1931 á milli Sjálfstfl. og Alþfl. Fulltrúi Sjálfstfl. mótmælti því á fundinum, en þar var einnig staddur maður úr sambandsstjórn Alþfl., og hann lýsti því yfir, að ég hefði skýrt rétt frá þessu. Þarna var hann hreinskilnari. Annars skil ég ekkert í því, hvers vegna Sjálfstfl. þarf að skammast sín fyrir að játa þetta. Ég sé ekki, að hann þurfi að fyrirverða sig fyrir það, fyrst það er sögulega rétt.

Þá minntist hv. 3. þm. Reykv. á, að ég hefði verið að tala um útúrsnúning „Morgunbl." á nál. meiri hl. stjskrn. Ég gat þess í því sambandi, að jafnrétti kjósenda til kosninga í landinu næðist ekki með öðru móti en því, að kjördæmin væru hnífjöfn; og það er rétt hjá hv. þm., að ég átti við það, sem hann kallar staðarlegt réttlæti, en það er ef til vill þýðingarmest. Ég held, að þegar verið er að ákveða kjördæmaskipunina, þá eigi engu síður að taka tillit til réttar og aðstöðu

einstakra kjósenda, mannanna, sem koma að kjörborðunum til að kjósa, heldur en stjórnmálaflokkanna. Flokkarnir eru fremur óstöðugt fyrirbrigði; þeir eru ýmist að vaxa eða sundrast aftur. Allstórir stjórnmálaflokkar geta ef til vill splundrazt á einu kjörtímabili. Er það ábyggilegt, að réttlætið í þessum kosningamálum sé fólgið í því einu að miða fulltrúaval þjóðarinnar við þessa hverfulu flokka? Er það víst, að hið svo kallaða flokkslega réttlæti sé það eina, sem á að taka til greina í þessum efnum? Er hv. 3. þm. Reykv. viss um það? Hvernig horfir fyrir lýðræðinu í Þýzkalandi? Þjóðverjar bjuggu við kosningalög, sem voru algerlega sniðin í samræmi við þetta flokkslega jafnrétti. Nú má telja, að þingræðinu sé þar lokið. Aftur á móti er allt með kyrrum kjörum í Englandi. Þar er þingmannavalið bundið við sérstök kjördæmi að fornu fari, og meira miðað við aðstöðu einstakra kjósenda og héraða en heildaratkvæðatölu stjórnmálaflokkanna við kosningar. Sá grundvöllur virðist vera miklu traustari; hann hefir staðið öldum saman og gerir það enn þann dag í dag. Ég held, að flokkshyggjan, sem hv. 1. þm. N.-M. nefndi svo, geti leitt til ógæfu og ófarnaðar, ef hún er tekin þannig, að kjördæmaskipun og þingmannaval sé miðað við dæguraðstöðu stjórnmálaflokkanna. Það er rétt sagt hjá hv. 3. þm. Reykv., að það er mjög áríðandi fyrir þingið, að þetta kjördæmaskipunarmál fái lausn; en ég álít, að það sé engu síður áríðandi fyrir þingræðið hér á landi, að sú kjördæmaskipun, sem væri komið á, sé ekki eingöngu einskorðuð við aðstöðu flokkanna í landinu. Ég álít, að þegar hún sé ákveðin, þá verði að taka eins mikið og meira tillit til hinna einstöku kjósenda heldur en flokkanna, sem í landinu eru. Hv. þm. vildi halda fast við till. sína um að koma á hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmum. Hv. þm. viðurkenndi, að ástæðan til þess, að þeir bæru fram brtt. í þessa átt, hann og flokksmaður hans í n., væri sú, að þeir vildu fá meiri uppbætur til flokkanna en áður hefir verið; en þegar hv. þm. viðurkennir, að þetta fyrirkomulag geti komið mjög ranglátlega niður á kjósendunum, vildi ég benda hv. þm. á, að þó að hann fengi talsverðar uppbætur á þennan hátt til flokkanna, þá fengi hann þær á kostnað þess kjördæmis, sem í hlut á. Ég sé mér því ekki fært að fylgja þeirri leið.

**Frsm. 1. minni hl. (Héðinn Valdimarsson):** Hv. 3. þm. Reykv. vék að mér nokkrum orðum út af því, sem ég sagði um stefnu Sjálfstfl. í kjördæmamálinu. Flestum ætti þó að vera ljóst, hvernig hann hefir hagað sér í þessu máli. Stjórnarskrármálið var hér á dagskrá 1927. Þá var Sjálfstfl. í meiri hl. og gat komið fram einhverju í málinu, hefði hann viljað. Eini árangurinn var skrípaleikur milli Sjálfstfl. og Framsóknar. Það var gerð sú stjskrbreyt., að þing yrði aðeins haldið annaðhvert ár, sem var svo aftur fellt á næsta þingi. — 1928 varð sú breyt., að það kom fram, að Sjálfstfl. gæti orðið fyrir barðinu á þessari kjördæmaskipun, en þeir áttuðu sig ekki fyrr en eftir dauðann. 1930 komum við jafnaðarmenn með þál. í Nd. um að breyta kjördæmaskipuninni. Þá talaði Jón Þorláksson fyrir hönd Sjálfstfl. Sagði hann þá m. a.:

„Það er allhörð krafa þetta, að kjördæmaskipunin skuli tryggja kjósendum jafnan rétt, hvar sem þeir búa .... Við verðum líka vissulega að horfa á hitt atriðið, að fámennum, afskekktum landshlutum er líka nauðsynlegt að eiga á þingi fulltrúa, sem er kunnugur þeirra hagsmunum og staðháttum og getur beitt sér fyrir þeirra málum. .... Ég er þeirrar skoðunar, og ég hygg, að tölurnar styðji þá skoðun, að af kaupstaðakjördæmum sé það ekki nema Reykjavík ein, sem fyrir verulegum misrétti verður og harðræði af núverandi kjördæmaskipun".

Hann álítur þar ekki nauðsynlegt að fara út í gagngerða breyt. á kjördæmaskipuninni, en telur það næga lagfæringu að fjölga þm. Reykjavíkur. Þá ritaði Kristján Albertson í Vörð um nauðsyn á því að breyta kjördæmaskipuninni, en miðstjórn Sjálfstfl. gaf þá út yfirlýsingu um það, að slíkt kæmi ekki til mála. Almennur áhugi fyrir þessu máli vaknaði því ekki innan Sjálfstfl. fyrr en 1930. Lasta ég ekki, að hann vaknaði, en þó

verður að segja það, að hann kom fram einungis af því, að flokkurinn varð sjálfur fyrir barðinu á kjördæmaskipuninni. Það er rangt hjá hv. 3. þm. Reykv., að Alþfl. og Sjálfstfl. hafi við síðustu kosningar haft ólíka skoðun á lausn kjördæmamálsins. Þá vildu ýmsir málsmetandi sjálfstæðismenn hafa 6—8 stór kjördæmi, og enda þótt við hefðum helzt kosið, að landið yrði gert að einu kjördæmi, þá lýstum við yfir því, að við myndum fallast á þessa lausn. En síðan byrjar afsláttarpólitík Sjálfstfl., sem endar nú í þessu plaggi frá stj.

Enda þótt við Alþfl.menn greiðum atkvæði með því, til þess að fá einhverja lausn á málinu, lítum við engan veginn á það sem endanlega lausn. Það var vitanlegt, að Framsókn myndi ganga eins skammt og hægt væri, og því skemmra sem meira lát væri á sjálfstæðismönnum. Verði málið ekki leyst nú, er ekki gott að vita, hvað eftir verður af kröfum Sjálfstfl. viðvíkjandi „réttlætismálinu".

**Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson):** Hv. frsm. meiri hl. var enn að halda því fram, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði upphaflega viljað leysa málið með því að skipta landinu í fá, stór kjördæmi. En Sjálfstfl. sem slíkur hefir ekkert látið uppi um það. Fyrir honum var það alltaf aðalatriðið að fá flokkslegt jafnrétti. Hitt hefir hann látið liggja milli hluta, á hvern hátt málið yrði leyst. Aftur er það satt, að margir voru þeirrar skoðunar, að þetta yrði erfitt að leysa nema með því að gera landið allt eitt kjördæmi, eða skipta því í fá, en stór kjördæmi. Á hinn bóginn tók Framsókn þegar þá stefnu, að fyrst og fremst yrði að vernda gömlu kjördæmaskipunina. Í Sjálfstfl. skiptust skoðanir manna um þetta tvennt. Í flokknum hafa margir þm. lagt áherzlu á það, að hinum einstöku kjördæmum yrði haldið. En svo þegar sjálfstæðismenn í milliþn. fundu óyggjandi leið til að sameina þetta tvennt og lögðu fram till. í þá átt, þá var sem áhugi framsóknarmanna fyrir hinum einstöku kjördæmum væri dofnaður. Þeir höfðu sagt, að til þess að ná flokkslegu réttlæti yrði að leggja niður kjördæmin, og þegar sjálfstæðismenn sýndu fram á það, að þess þyrfti ekki með til þess að skapa flokkslegt jafnrétti, þá var fitjað upp á því, að þm. yrði þá að fjölga upp í 100 eða meira. Og þegar sýnt var fram á, að þeir þyrftu samt ekki að vera fleiri en 50, þá var bara fitjað upp á fjarstæðunum og þjóðsögunum um bandalag okkar við jafnaðarmenn enn á ný.

Út af spurningu hv. þm., hvort Sjálfst.-fl. skammist sín fyrir að hafa haldið fram skoðuninni um fá, stór kjördæmi, get ég tekið það fram, að ég er persónulega þeirrar skoðunar, að kjördæmi eigi að vera fá og stór, eins og Hannes Hafstein vildi. En ég er ekki einn um að ráða stefnu Sjálfstfl. í þessu, get enda sætt mig við að halda hinum einstöku kjördæmum, sem nú eru. Býst ég við, að hægt verði að samrima það hinu áhugamálinu. Um samkomulagið milli Sjálfstfl. og Alþ.-fl. um að hafa fá kjördæmi og stór er það að segja, að sú saga hefir oft gengið aftur. Þessi saga er röng, og má hv. þm. gjarnan bera fyrir sig orð, sem maður úr sambandsstjórn Alþfl. kann að hafa sagt á fundi á Patreksfirði. Samkomulag varð ekki um annað en að fá kosningafyrirkomulaginu breytt. Annars var ekki um neitt samkomulag milli flokkanna að ræða. Slíkt samkomulag hefði heldur alls ekki verið hægt að fá í gegn í Sjálfstfl., svo margir þm. sem voru með hinum einstöku kjördæmum. Hv. þm. gat heldur ekki bent á það, að sjálfstæðismenn hefðu gert þá till., að hafa fá, stór kjördæmi, í flokksins nafni, en vildi reikna það út með einskonar rökfræði. Hv. þm. leiddi það af orðum mínum, að ég vildi hafa fá kjördæmi og stór. Ég skal standa við það, að þó að hlutfallskosning, þar sem tveir eru kosnir, sé langt frá því að tryggja fullt jafnrétti, þá er hún þó nær því en engin hlutfallskosning. Í flestum tilfellum myndi hlutfallskosning vera leiðin til meira jafnréttis. En hv. þm. sést yfir, að það getur verið um fleiri möguleika að ræða en tvímenningskjördæmi eða fleirmenningskjördæmi, þar sem t. d. 7—8 eru kosnir. Ég hefi t. d. heyrt till. um þrímenningskjördæmi. Þá myndi hlutfallskosningin strax njóta sín betur.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara út í hugleiðingar hv. þm. Barð. um Þjóð-

verja og Englendinga, sem áttu að sýna, að flokkslegt jafnrétti væri vont fyrir lýðræðið. Þjóðverjar, sem hefðu flokkslegt jafnrétti, væru nú búnir að tapa lýðræðinu, en Englendingar héldu því, þó að þeir hefðu ekki hið flokkslega jafnrétti. Er þetta skrítin rökfærsla. Hv. þm. heldur, að hér komi ekkert til greina nema kosningafyrirkomulagið. Englendingar eru miklu rótgrónari í lýðræðinu, sem er hjá þeim upprunnið, en Þjóðverjar. Hafa margir Þjóðverjar tjáð mér, að þeir hafi í rauninni aldrei vanizt á að hugsa á lýðræðisvísu. Þeim hefir því í rauninni þótt vænt um, að einn flokkur hefir náð fullum tökum á stjórn landsins. Auk þess hafa nationalsócialistar náð meiri hl. með þjóðinni og tekið sér í krafti þess meiri hl. einræðisvald. Hefði hv. þm. þótt eðlilegra, að meiri hl. þeirra í þinginu hefði verið skapaður af ⅓ eða ¼ kjósenda?

Mér finnst það skárra, að bak við þá stendur meiri hl. kjósenda, þó að ég ætli ekki að mæla bót þeirri einræðisstefnu, sem þar er uppi. Annars er það athugandi, að ástandið er nú þannig í veröldinni, að í virkilegum lýðræðislöndum eins og Bandaríkjunum hafa menn ekki séð sér annað fært en að fá forráðamönnum sínum ákaflega ríkt vald. Má þar til samanburðar benda á það, sem Rómverjar gerðu, þegar miklar hörmungar steðjuðu að og sterka stjórn þurfti. Þá höfðu þeir í stjórnarfari sínu möguleika til að fá einum manni í hendur alræðisvald um stundarsakir. Þannig þarf þingræði eða lýðræði alls ekki að fara forgörðum, þó að þjóðin neyðist til um stundarsakir að fá mönnum í hendur mikið vald. Þýzka stjórnin hefir því alls ekki afnumið þingræðið, þó að hún um nokkurn tíma fái nokkrum mönnum í hendur meiri völd en þeir annars hafa. En það stendur í alls engu sambandi við kosningafyrirkomulag það, sem nú er í Þýzkalandi, heldur þvert á móti.

Hv. samþm. minn fór að rifja upp söguna til þess að sýna fláttskap sjálfstæðismanna í þessu máli, en eigna sínum flokki allan heiðurinn. Þetta er óþarfi hjá honum, því að ég get vel unnað Alþfl. að halda áfram uppteknum hætti, að hrósa sér af öllu og eigna sér allt, sem þingið hefir gert til bóta. Ég læt hann óáreittan með það, svo að það er óþarfi fyrir hann að vera að rifja það upp. Ég vil bara segja það, að það er ákaflega mikið álitamál, hvernig á að taka svona mál upp. Það er alls ekki sjálfsagt, þó að eitthvert atriði stjskr. sé orðið úrelt, að það eigi undir eins að rjúka upp til handa og fóta og breyta þeim ákvæðum umsvifalaust. Það er fyrst, þegar óréttlætið fer að sverfa verulega fast að, að menn hefjast handa. Og þá er ekki nema mannlegt og eðlilegt, að það séu þeir, sem óréttinum eru beittir, sem taka málið upp og krefjast breyt. Ég efast um, að Alþfl. hefði tekið upp baráttu fyrir breyttu kosningafyrirkomulagi, ef núv. fyrirkomulag væri honum í hag. Og ég er að þessu leyti alveg eins í efa um Sjálfstfl. Það er fyrst, þegar þetta úrelta fyrirkomulag bitnar á honum, að hann hefst handa og krefst breytinga.

Ég skildi ekki vel, við hvað hv. þm. átti, þegar hann var að tala um einhverja afsláttarpólitík í þessu máli, og um leið og hann var að minnast á þessa afsláttarpólitík, þar sem við vildum taka stjskrfrv. vingjarnlega, þá var hann í sömu andránni að skýra frá því fyrir sína hönd og síns flokks, að hann vildi fallast á frv. Ég býð hann og hans flokksmenn velkomna í þá afsláttarpólitík. En það skýtur dálítið skökku við, að hann sé að tala um afsláttarpólitík hjá sjálfstæðismönnum í þessu máli, þar sem ég lýsti því yfir, að ég mundi greiða atkv. á móti frv., ef samþ. yrði að fækka uppbótarsætunum úr 12 niður í 10, en hann ætlar að samþ. hana þrátt fyrir það. Ég legg það í dóm áheyrendanna, hvor okkar er með meiri afsláttarpólitík í þessu máli.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég sé ekki ástæðu til að gera miklar aths. út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann hneykslaðist á því, að ég benti á England og Þýzkaland sem dæmi, þar sem þingræðið hefði farið forgörðum í öðru landinu, en stæði á traustum grundvelli í hinu landinu. Það voru ekki mín orð, að þetta ástand stafaði eingöngu af kosningafyrirkomulaginu, heldur vildi ég benda á, að þarna væru tvö lönd, þar sem mismunandi „princip“ væri í kjör-

dæmaskipun og kosningafyrirkomulagi. Í öðru landinu, þar sem þetta flokka-„princip" væri elt út í yztu æsar, eins og hv. þm. vill gera, þar væri þingræðið farið forgörðum, en í hinu landinu ekki. Það er a. m. k. ástæða til að ætla, að þetta geti haft einhver áhrif á, að svona er komið, án þess að ég fullyrði neitt um það, að beint orsakasamband sé þar á milli, því að um það get ég eða hv. 3. þm. Reykv. vitanlega ekki dæmt. Hitt er ég í engum vafa um, að það er leið til að leiða þá þjóð inn í harðvítuga flokkabaráttu, að miða eingöngu við flokkslegt jafnrétti, en ganga alveg framhjá réttinum til að velja mann eftir því, hvert álit menn hafa á honum persónulega.

Þetta er skoðun, sem hefir komið fram víðar en hér á landi. Erlendir stjórnmálamenn hafa líka haldið þessu fram, t. d. von Papen. Hann kvartaði undan því í fyrra, að ekkert tillit væri tekið til þess, á hvaða manni persónulega kjósendur hefðu mest álit, en aðeins einblínt á flokksfylgið, svo að menn yrðu að sætta sig við hvaða labbakút sem væri.

Hv. 3. þm. Reykv. mótmælti því, að Sjálfstfl. sem slíkur hefði nokkurn tíma staðið á þeim grundvelli að vilja hafa stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Hann sagði, að um þetta hefði verið ágreiningur innan flokksins. Ég skal ekki neita því, en hitt held ég, að sé nægilega sannað sögulega, að um þetta voru samningar milli Sjálfstfl. og Alþfl. 1931, að breyta skyldi kjördæmaskipuninni í þessa átt. Þessu hafa jafnaðarmenn aldrei neitað, en sjálfstæðismenn hafa alltaf þrætt fyrir það. Af þessu hljóta menn að draga þá ályktun, að sjálfstæðismenn skammist sín fyrir þessa samninga, en hinir ekki. (**PO**: Þetta er rakalaus lygi. — Forseti hringir).

**Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson)**: Hv. frsm. meiri hl. játaði það, sem er líka alveg satt, að ekkert orsakasamband hefði verið milli kosningafyrirkomulagsins í Þýzkalandi og þess, að þeir hafa nú um stund glatað þjóðerni sínu. En þá kemur þetta bara ekkert málinu við, fyrst ekkert orsakasamband er þar á milli. Að blanda þessu tvennu saman væri eins og ef hv. frsm. borðaði einhverntíma fisk, en ég borðaði kjöt, og svo drukknaði ég eftir einn klukkutíma, og þá ætti það að stafa af því, að ég hefði borðað kjöt. (**BJ**: En sú samlíking). Og fyrst ekkert orsakasamband er þarna á milli, þá kemur það ekkert málinu við.

Hv. frsm. var enn að tala um þetta samkomulag, sem verið hefði milli Sjálfstfl. og Alþfl. um breytta kjördæmaskipun og myndun stórra kjördæma með hlutfallskosningu. Skaut þá einn hv. þm. inn í mjög kjarnorðri setningu, þar sem hann sagði alveg það sanna í þessu máli, því að þessir samningar hafa aldrei átt sér stað. Ágæt sönnun fyrir því er það, að þegar sjálfstæðismenn í mþn. settu fram sínar kröfur í málinu, þá var þar stefnt í allt aðra átt en þessir samningar áttu að hafa gengið. Hitt er skiljanlegt, að jafnaðarmenn játi þessa samninga á sig, því að svo sem kunnugt er, hefir lengi verið allmikið vinfengi milli þessara flokka, Framsfl. og Alþfl. Þeir hafa lengi unnið saman leynt og ljóst, svo að þegar Framsókn fer að bera út þessa sögu, þá bjóðast jafnaðarmenn til að hjálpa nú til upp á gamlan kunningsskap og bera nú vitni með sínum gömlu samherjum. Þetta er helzta ástæðan til þess, að þeir hafa vitnað hvorir með öðrum vestur á Patreksfirði.

**Frsm. 1. minni hl. (Héðinn Valdimarsson)**: Það er alrangt, sem 3. þm. Reykv. hafði eftir mér, að Alþfl.menn mundu greiða frv. atkv., ef tala uppbótarsæta yrði lækkuð niður í 10. Ég sagði, að með því að samþ. þessa þingmannafækkun gæti svo farið, að þeim flokki, sem hefir nú tiltölulega flesta þm., væru gefin tvö þingsæti, sem hann ætti ekki með réttu, svo að það væri ranglátara að hafa 48 þm. heldur en 50 með þessu kosningafyrirkomulagi.

Þá tók ég það greinilega fram, að við legðum svo mikið upp úr till. okkar um landslista, að við mundum ekki greiða frv. atkv. út úr þinginu, ef uppbótarsætum væri ekki úthlutað á þennan hátt.

Þó að orðadeilan hafi ekki verið milli mín og hv. 3. þm. Reykv. um þessa samninga milli Sjálfstfl. og Alþfl., þá vil ég samt taka fram, að það er rétt, að þótt við höfum ekki gert neinn beinan samn-

ing, þá var fullkomið samkomulag um það, þegar gengið var til kosninga, að berjast fyrir fáum, stórum kjördæmum, og ég hygg, að það hafi verið gert alstaðar í landinu, a. m. k. þar, sem Alþfl.fulltrúar voru staddir, og þar var talað um, að samkomulag væri um þetta hjá flokkunum. (**MJ:** Þetta er algerlega rangt). Þar voru mörg hundruð vitna, og þó að ég hafi það ekki við hendina nú, þá mun samt hægt að grafa upp orð þm. sjálfs um þetta.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég er þá búinn að fá vitnisburð eins af jafnaðarmönnum um það, að samkomulag var um þetta milli flokkanna vorið 1931. Þetta vill hv. 3. þm. Reykv. afsanna með því, að þessi vilji hafi ekki komið fram í till. sjálfstæðismanna í mþn. 1931. En hann gleymdi því, að þessir fulltrúar létu þess getið einmitt þar, að þeir væru fáanlegir til að ganga inn á till. um stóru kjördæmin, ef þeir gætu ekki fengið aðaltill. sinni framgengt. En þá var líka langt um liðið frá vorinu 1931, og mun þá hafa verið búið að segja upp samningunum. Ég býst líka við, að við kosningarnar 1931 hafi sá andi, sem þá varð svo glögglega vart við hjá kjósendum landsins, sýnt sjálfstæðismönnum, að það var ekki vinsæl stefna að halda fram stóru kjördæmunum með hlutfallskosningu.

ATKVGR.

Brtt. 584,1 felld með 17:2 atkv.
— 621,1.a—b felld með 15:3 atkv.
— 677,1—2 samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** BÁ, BKr, HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BJ, BSt, JörB.
**nei:** GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, VJ, ÁÁ.
Brtt. 562,1.a felld með 14:11 atkv.
— 550,a felld með 16:5 atkv.
— 562,1.b felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** GÍ, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ. ÓTh, PHalld, PO, VJ.
**nei:** HStef, HJ, IngB, JónasÞ, LH, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, JörB.
Brtt. 550,b tekin aftur.
— 550,c kom ekki til atkv.
— 562,2 tekin aftur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** BÁ, BKr, HStef, HJ, HG, IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, PO, StgrS, SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, JörB.
**nei:** GÍ, JJós, MJ, ÓTh, PHalld.
HV, VJ greiddu ekki atkv.
Brtt. 621,2 felld með 14:3 atkv.
— 584,2 felld með 15:3 atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 697 tekin aftur.
4.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 621,3 felld með 14:14 atkv.
6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 584,3 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** LH, MJ, ÓTh,[1] PO, SvÓ, TrÞ, HStef, JJós, JAJ.[5]
**nei:** JÓl, JónasÞ, PHalld, StgrS, SvbH,[2] VJ, ÞorlJ, ÁÁ,[3] BJ, BKr, HV.
MG, BSt, BÁ, GÍ, HJ,[4] HG, IngB, JörB greiddu ekki atkv.
8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** HStef, HJ, HG, IngB, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, ÓTh, PO, StgrS,

---

1) **ÓTh:** Ég álít leiðinlegt, að þetta ákvæði þurfi að standa í stjskr., en til þess að koma í veg fyrir flokkskúgun, þá vil ég leggja lið þeim mönnum, sem ekki vilja beygja sig undir slíkt, og segi já.

2) **SvbH:** Það er vitanlega ekki hægt að binda neinn við það, sem er á móti sannfæringu hans, og er þetta því óþarft ákvæði í stjskr. Ég segi því nei.

3) **ÁÁ:** Þar sem stendur í stjskr., að þingmenn hafi rétt til að greiða atkv. eftir sinni sannfæringu, og auk þess ekki hægt að binda neinn með flokkssamþykktum, því að þm. geta alltaf sagt sig úr flokki, þá tel ég þetta ákvæði óþarft og segi nei.

4) **HJ:** Þetta er svo sjálfsagt ákvæði, að ef það stæði ekki í stjskr., þá teldi ég ekki þurfa að setja það í hana, og greiði ég ekki atkv.

5) **JAJ:** Vegna óska, sem fram hafa komið í þá átt að binda þingmenn flokkssamþykktum, þá vil ég stuðla að því, að þeir, sem vilja fara eftir sannfæringu sinni, geti gert það, og segi því já.

SvbH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, JörB.
**nei:** JJós, MJ, PHalld.
HV, VJ greiddu ekki atkv.

---

Á 79. fundi í Nd., 20. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 705, 719).

**Frsm. 1. minni hl. (Héðinn Valdimarsson):** Við Alþfl.menn hér í d. höfum borið fram þrjár brtt. við stjskrfrv., á þskj. 719. Um stafl. b. í 1. gr. frv. leggjum við aðeins til lítilsháttar orðabreytingar, og geri ég ráð fyrir, að það valdi engum andmælum; þar er aðeins skýrar fram tekið í brtt., sem átt er við í frv. um kosningu varamanna í Reykjavík. Á stafl. c. viljum við gera þá breyt. til samkomulags, að í stað þess, sem við óskuðum áður eftir því, að flokkarnir hefðu landslista samhliða kjördæmakjöri og að kjósendur greiddu atkv. annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista, þá leggjum við nú til, að flokkum verði heimilt að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar. Samkv. þessari brtt. eiga flokkarnir að hafa rétt til þess, en ekki skyldu. Hér er því nokkuð dregið úr, þannig að þeir flokkar, sem ekki kæra sig um að hafa landslista, eru ekki skuldbundnir til þess. Við álítum, að Alþfl. vilji alltaf hafa landslista, til þess að safna atkv. sínum, þó hann bjóði ekki fram þingmannsefni í einstökum kjördæmum. Hinsvegar virðist svo sem stærri flokkarnir þurfi ekki að nota sér það, af því að þeir hafa að líkindum frambjóðendur fyrir sig í öllum kjördæmum. Við sjáum því ekkert því til fyrirstöðu, að sumir flokkar beri fram landslista, þó aðrir geri það ekki. Ég hefi áður gert grein fyrir því, að Alþfl. leggur mikið upp úr þessu atriði, að mega hafa sérstakan landslista, svo að hann mun ekki geta fylgt þessu stjskrfrv. að öðrum kosti út úr þinginu. Og ég held, að með þessari brtt. sé þetta ákvæði svo mikið mildað, að hinir flokkarnir hljóti að geta sætt sig við það.

Þá kem ég að stafl. c, en sú brtt. er samkomulagstilraun um fjölda uppbótarsætanna, þar sem við leggjum til, að í stað þess, sem nú eru í frv. ákveðin 10 uppbótarsæti, þá megi fjölga tölu jöfnunarþingsæta upp í allt að 12 með einföldum lögum, og verður þá tala þingmanna 50. Við höfum gert ráð fyrir, að ef það kæmi í ljós við kjördæmakosningar, að flokkarnir fengju ekki réttláta fulltrúatölu með 10 uppbótarsætum, þá muni jöfnunarsætum verða fjölgað upp í 12. Með þessu ákvæði er líka gengið svo langt til samkomulags við þá, sem vilja hafa lægri tölu jöfnunarsæta, að báðir stærri flokkarnir ættu að geta fellt sig við það. Ég vil þó taka það fram, að enda þótt þessi brtt. verði samþ. og að við munum fylgja frv. þannig breyttu að því er þingmannatöluna snertir, þá er fjarri því, að við séum ánægðir með það. Það er okkar skoðun, að endanleg lausn muni ekki fást í þessu máli með frv. stj. til endurbóta á hinu gamla stjórnarskipulagi. Okkar flokkur mun því halda fast við þann málstað, landið allt eitt kjördæmi, sem hann hefir haft, enda þótt hann geti sætt sig við þessa úrlausn í bráð.

**Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson):** Annar minni hl. stjskrn., sem við hv. þm. G.-K. erum í, flytur nú við þessa umr. brtt. á þskj. 750, við 1. gr. frv. stafl. c.; að öðru leyti berum við fram sömu brtt. og fyrir lá frá okkur við 2. umr. um fyrirkomulag á skipun uppbótarsæta. Ég þarf ekki að gera frekari grein fyrir henni nú. Þá var mælt fyrir henni af mér og hv. frsm. meiri hl. n. (BJ), sem einnig tjáði sig fylgjandi því að geyma þetta til nánari ákvörðunar í kosningalögum. Ég þarf ekki að endurtaka rökin fyrir því. Þetta fyrirkomulag er algerlega óreynt, og virðist mér það í raun og veru mikil ofdirfð að ákveða það í stjórnarskrá, án þess að nokkur reynsla sé áður fengin. Það er því aðaltill. okkar enn, að ákvörðun um fyrirkomulag uppbótarsæta verði látin bíða eftir kosningalögum á næsta þingi. Hv. frsm. 1. minni hl. n. hefir nú mælt fyrir brtt., sem hv. jafnaðarm. flytja enn á ný með lítilsháttar frávikningu frá brtt. þeirra, sem lágu fyrir við 2. umr., að því er snertir fyrirkomulag á skipun uppbótarsæta. Um þessa brtt. get ég sagt það, að svo framarlega sem ákvæði verða sett um þetta í sjálfa stjskr., þá felli ég

mig betur við þetta fyrirkomulag heldur en þá tilhögun, sem felst í frv. stj. Mér finnst það ekki nema eðlilegt, að þingflokkur, sem á erfitt með að hafa frambjóðendur í öllum kjördæmum, vilji fá tækifæri til að safna flokksatkvæðum sínum á landslista. Ég vil þó geta þess, að ég tel nauðsynlegt, að annaðhvort verði bætt við þessa till., eða sú skýring látin fylgja þessu ákvæði í kosningalögum, að þegar flokkar nota þessa heimild til þess að bera fram landslista, en hafa jafnframt frambjóðanda í kjördæmi, þá skuli þau atkvæði, sem flokkurinn fær í kjördæminu á landslistann, bætast við atkvæðatölu frambjóðandans, ef flokkurinn fær þannig samtals meiri hl. atkv. í kjördæminu, og telst þá frambjóðandi hans kosinn fyrir kjördæmið. Það getur oft komið fyrir, að mikilhæfur stjórnmálamaður sé frambjóðandi í kjördæmi, þar sem einhverjir af flokksmönnum hans eru honum persónulega andvígir, af því að atkvæðamenn eru oft harðsnúnir í málaflutningi og fá því andstöðu. Á sama tíma hefir flokkurinn einnig landslista í kjördæminu, þá fá þeir kjósendur, sem eru óánægðir með frambjóðandann, ágætt tækifæri til þess að yfirgefa hann, en styðja þó flokkinn með því að kjósa listann. Þetta gæti í ýmsum kjördæmum ráðið úrslitum um val þm. fyrir kjördæmið, en ég hygg, að það sé bæði eðlilegt og réttlátt, að frambjóðandum verði reiknuð atkv. listans, sem flokkurinn fær í kjördæminu. Þeim flokkskjósendum, sem eru frambjóðandanum mótfallnir, er nokkur huggun í því að þurfa ekki að veita honum persónulegt fylgi, en gefa þó flokknum sitt atkv. Þetta er alveg hliðstætt því, sem heimilt er við hlutfallskosningar. Þar mega kjósendur strika yfir nöfn frambjóðenda á flokkslista sínum, sem þeir fella sig ekki við, og breyta röð manna á listanum. Að vísu hefir kjósandinn ákaflega litla möguleika til þess að bægja manni á listanum frá kosningu á þennan hátt. En hann losnar við það á þennan hátt að gefa honum persónulega sitt atkv. Þetta ákvæði, að atkv. þau, sem hver flokkur fær í einu kjördæmi, reiknist frambjóðanda hans í kjördæminu, mætti binda því skilyrði, að frambjóðandinn hefði náð ákveðnum hluta af atkv. flokksins í kjördæminu, t. d. helmingi þeirra. Það teldi ég í alla staði eðlilegt. En fái frambjóðandinn minna en helming atkv. flokksins í kjördæminu, þá ættu öll atkv. að teljast flokknum, en eigi frambjóðandanum. Ég hugsa, að allir flokkar geti fallizt á þessa tilhögun; hún mundi áreiðanlega geta komið þeim öllum að notum, sem þætti hentugra að nota landslista. Hinsvegar er ómögulegt að ákveða neitt um það fyrirfram, hvaða flokkar mundu leggja áherzlu á að nota landslista. En ég held, að það séu engir flokkar sérstaklega ginnkeyptir fyrir því nú, nema Alþfl. Annars get ég búizt við því, að reynslan leiði í ljós, að hinir flokkarnir geti líka notað landslista með góðum árangri.

Þetta er þýðingarmikið ákvæði, að stjórnmálaflokkar séu ekki skuldbundnir til að safna öllum atkv. sínum á einn mann í hverju kjördæmi, og það mundi verða vinsælla, hvort heldur sem það eru kjósendur hlutaðeigandi héraðs heima fyrir, sem útnefna frambjóðandann, eða miðstjórn flokksins gerir það. — Ég vildi láta þessa skýringu fylgja uppástungunni um landslista, til athugunar og leiðbeiningar fyrir þá, sem síðar kunna að fjalla um þetta efni við samningu kosningalaga. Þó að ég telji mig geta fylgt brtt. hv. Alþfl.manna með þeim skýringum, sem ég nú hefi gefið, þá tel ég réttara, að hv. þd. samþ. fremur brtt. okkar hv. þm. G.-K., um að láta þetta vera algerlega óbundið í stjskr.

Um síðustu brtt. á þskj. 719, sem ákveður, að með einföldum lögum megi fjölga jöfnunarsætum úr 10 upp í 12, hefi ég ekki ástæðu til að segja neitt annað en það, að við erum henni eindregið fylgjandi. Annars verð ég að segja, að mér finnst ákaflega stutt á milli þess, hvort hún verður samþ. eða frv. óbreytt eins og það var, að ég legg ekki á móti frv. vegna þeirrar breyt., sem í þessari till. felst, svo framarlega sem tala uppbótarsætanna reynist of lág samkv. frv., eins og ég er nokkurnveginn viss um, að verður, þá bendir brtt. á leið til umbótar í því efni. Hinsvegar vil ég láta það koma fram, að verði þessi till. ekki samþ., mun ég greiða atkv. á móti frv., og get ekki lagt annað til en að það verði fellt. Það

er þá orðið svo ófullkomin breyt. frá núv. ástandi, að ekki borgar sig að fá slíka afgreiðslu. Barátta fyrir þessari breyt. yrði að hefjast samstundis, og þetta kák gæti aðeins tafið umbæturnar.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Við 2. umr. höfum við, meiri hl. stjskrn., ekki borið fram neina till. um það, hvernig úthluta skyldi uppbótarsætum. Ég lét þess getið, að ég væri á sama máli og hv. 3. þm. Reykv. um það, að óþarfi væri að binda slíkt í stjskr., heldur ákveða það með einföldum l. Og því meiri ástæða er til þess að fastbinda þetta ekki, sem þetta er algerlega nýtt fyrirkomulag hér hjá okkur, og réttast væri að láta reynsluna skera úr því, hvaða aðferð yrði hér heppilegust. Við þá umr. lá fyrir brtt. frá jafnaðarmönnum um það, að jafnframt kjördæmakjörinu skyldu allir flokkar leggja fram landslista. Ég benti þá þegar á galla þessa fyrirkomulags, en gerði það algerlega frá eigin brjósti, en ekki f. h. meiri hl. stjskrn. Þessi till. var tekin aftur við 2. umr., en nú hafa þeir sömu borið fram aðra brtt., þar sem landslistafyrirkomulagið er tekið aftur upp, en þó með þeirri breyt., að nú er það aðeins heimild fyrir flokka að mega hafa landslista. Og bæði ég og flokksbræður mínir í stjskrn. geta gengið inn á brtt. í þessari mynd: Í till. er gert ráð fyrir því, að þeir flokkar, sem ekki vilja hafa landslista, geti fengið uppbótarsæti sín eftir kosningal. 1. brtt. á þskj. 719 er aðeins leiðrétting á frv. Aftur á móti sér meiri hl. stjskrn. sér ekki fært að fylgja c-liðnum, þar sem farið er fram á fjölgun uppbótarsætanna. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar nú, þar sem málið er þegar orðið svo mikið rætt.

**Frsm. 1. minni hl. (Héðinn Valdimarsson):** Ég ætla aðeins að gera stutta aths. við ræðu 3. þm. Reykv. Hann talaði um það, hvernig fara mundi samkv. brtt. okkar Alþýðuflokksmanna, ef flokkur kæmi ekki að manni í einhverju kjördæmi, en ætti þó meiri hl. atkv. þar, en frambjóðandinn kæmist ekki að sökum þess, hve mikið af atkv. flokksins hefði lent á landslista. Ég fellst á það, að ákveða þurfi í kosningal., að flokkur sá, er fengi flest atkv. í kjördæmi, fengi þingsætið þar.

**Forseti (JörB):** Þess hefir verið óskað, að málið yrði tekið út af dagskrá og umr. frestað, og þar sem um svo mikilvægt mál er að ræða, vil ég verða við þeim tilmælum, en mun taka það sem fyrsta mál á dagskrá næstk. mánudag.

Á 80. fundi í Nd., 22. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., 24. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 705, 697, 719, 750, 789).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 789. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Tryggvi Þórhallsson:** Mér ber í forföllum hv. þm. Barð., sem er form. og frsm. stjskrn., að gera nokkra grein fyrir þeim till., sem stjórnarskrárnefnd hefir borið fram á þskj. 789. Ég sé ekki ástæðu til að gera það nema með fáum orðum. Það er öllum þingheimi orðið kunnugt, að samkomulag hefir orðið milli allra þingflokkanna um að afgr. stjskr.; jafnframt hefir orðið samkomulag um afgreiðslu á stórum málum öðrum, á kreppufrv. landbúnaðarins báðum, verðtollsfrv. og gengisviðaukanum. Þetta samkomulag kemur m. a. fram í þeim brtt., sem fram eru bornar af hálfu stjskrn. Með þessum till. er mikið deilumál væntanlega til lykta leitt, og eins og gengur, þegar um slík mál er að ræða, hefir útkoman orðið sú, að enginn hefir fengið allt, en allir hafa fengið eitthvað. Till. eru bornar fram af stjskrn., en ég skal taka það fram, að form. n. var forfallaður á fundinum, þegar frá þessu var gengið, og er till. a.m.k. ekki að öllu leyti samþykkur.

Við þessa umr. sé ég ekki ástæðu til að rekja sögu þessa máls eða þær ýmsu skoðanir, sem fram hafa komið. Það gefst sjálfsagt fyrir þá, sem þess óska, annar vettvangur en þessi vettvangur til þess að gera það. Ég mun a. m. k. ekki að þessu sinni gera það. Jafnframt því, sem stjskrn. ber fram þessar till. á þskj. 789, er mér óhætt að lýsa því yfir, að

hinar aðrar till., sem bornar hafa verið fram af hálfu n., eru teknar aftur. Um till. sjálfar vil ég geta þess, að 2. till. er aðeins orðabreyt.; þar er aðeins fært til skýrara máls. Með hinum till. báðum, fyrstu og þriðju, er stigið það millispor, sem samkomulag hefir orðið um: að tala þm. skuli vera 49. Í þessu máli er það kunnugt, að um það hefir verið mikið talað og mikið gert í þau tvö ár, sem deilan hefir staðið um þetta mál. Það heyrir til sögunni og verður um það talað. Ég ætla ekki að rifja það upp nú. Það, sem fyrir liggur, er það, að íslenzkir stjórnmálamenn hafi borið gæfu til þess að leiða málið til lykta á þann hátt, sem það liggur fyrir. Ég ætla að vona, að það geti orðið til gæfu fyrir okkar þjóð og sömuleiðis framkvæmd þeirra annara miklu stórmála, sem tryggt er þessu samhliða, að verða nú leyst á þessu þingi. Með þessum orðum vil ég leyfa mér að leggja til af hálfu stjskrn., að frv. verði samþ. með þessum breyt.

**Frsm. 1. minni hl. (Héðinn Valdimarsson):** Við Alþýðuflokksmenn höfum orðið sammála um að greiða atkv. með stjskr. eins og hún kemur til að liggja fyrir, ef þessar till. frá stjskrn. verða samþ. Þó að við séum auðvitað ekki ánægðir með það, verður það látið lynda að sinni. Viðvíkjandi einu atriði, sem hv. þm. gat um, þ. e. samkomulaginu um kreppufrv., gengisviðaukann og verðtollinn, vil ég geta þess, að það nær ekki til Alþfl. Við höfum ekkert um þá hluti samið, svo að það munu vera hinir tveir flokkarnir. **(TrÞ:** Var tekið fram?). Nei.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Alþingi hefir staðið í hartnær 100 daga, og það mun vera skoðun alþjóðar, að enn hafi það verið heldur afkastalítið; ennfremur er það vitað, að fyrir þinginu liggja mörg og stórvægileg frv., sem snerta heilar stéttir í landinu, og sumpart allar stéttir. Það hefir heldur ekki farið leynt, að það, sem hefir staðið framgangi mála fyrir þrifum, hefir fyrst og fremst verið sá ágreiningur, sem verið hefir um stjórnarskrármálið, og það samkomulag, sem nú hefir náðst og kemur fram í till. stjskrn. á þskj. 789, það er talandi vottur þess, að stór meiri hluti Alþingis hefir gert sér ljósa grein fyrir því, að vegur og virðing Alþingis er nú beinlínis í húfi, ef þingið hefði ekki borið gæfu til þess að leysa þau stóru og mörgu viðfangsefni, sem þess hafa beðið og fyrir liggja. Við sjálfstæðismenn erum náttúrlega ekki allskostar ánægðir með stjórnarskrárfrv. eins og það verður, þó að þessar till. verði samþ. Við álitum þegar stjfrv. var lagt fyrir Alþingi, að þar væri fram sett í raun og veru það lágmark, sem við gætum sætt okkur við. Við viljum samt eftir atvikum og með hliðsjón af þeim öðrum breyt., sem stjskrfrv. hefir tekið, sætta okkur við, ef það verður samþ. í því formi, sem það fær nú, að tala þm. færist niður í 49. Ég segi með hliðsjón af því, að við höfum talið, að á þessu þingi yrði ekki lengra komizt í þessum efnum, og viðurkennum eins og flestir, að það sé nauðsyn, að Alþingi geri skyldu sína og haldi uppi sinni virðingu með öðru og meiru en því að sitja í 100 daga og hafast lítið að. Ég segi fyrir mitt leyti — og held að ég tali þar fyrir hönd margra minna flokksbræðra —, að ef þetta Alþingi leysir stjórnarskrármálið í því formi, sem það er nú í, og samþ. samtímis þær bjargarráðstafanir bændum til handa, sem felast í kreppufrv., og um leið m. a. setur löggjöf um lögreglumenn eins og það mál nú liggur fyrir eftir 3. umr. í Ed. á þskj. 779, þá geri ég ráð fyrir, að það verði ekki sú seta, sem þetta Alþingi hefir átt, sem í framtíðinni verði til þess að varpa skugga á Alþingi Íslendinga. Ef við berum gæfu til þess í senn að stíga a. m. k. verulegt spor í þá átt að jafna það misrétti, sem verið hefir milli borgaranna í þátttöku til fulltrúavals þjóðarinnar, og gerum jafnframt nauðsynlegar bjargarráðstafanir, þá álít ég, að við höfum bjargað sóma okkar. Ég vil taka undir það með hv. þm. Str., að ég vona, að þessar till. verði til blessunar fyrir þjóðina, og ég er viss um, að það er þessi andi, sem hefir ráðið hans aðgerðum í þessu máli ekki síður en okkar annara. Ég get staðfest það, sem hv. þm. Str. sagði, að það hefir orðið samkomulag um, að kreppumálin, verðtollurinn, bæði eldri og viðbótartollurinn, og gengisvið-

aukinn nái fram að ganga. Vænti ég, að þá séu flest þrautamálin leyst, sem fyrir þessu þingi hafa legið.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég vil aðeins geta þess, að ég var ekki á þeim fundi, þar sem þessar brtt. voru ákveðnar, og ég mun ekki fylgja þeim. Það var samþ. af framsóknarmönnum hér við 2. umr., að þm. skyldu vera 48, jöfnunarsæti 10. Þetta var gert með það fyrir augum, að þessi tala myndi vera nægileg til jöfnunar. Ef gengið er inn á þá braut, að breyta þeirri tölu, þá sé ég enga ástæðu til þess að binda sig frekar við 11 uppbótarþingsæti en 12. Ef við göngum yfirleitt inn á þá skoðun, að það sé nauðsynlegt til þess að fullnægja hinu svo kallaða flokkslega jafnrétti að hafa jöfnunarþingsætin fleiri en 10, þá sé ég enga ástæðu til að binda sig frekar við 11 en 12. Ef jafnaðarmenn taka sínar till. upp um það, að jöfnunarþingsætin séu 12, mun ég þess vegna eins geta fylgt þeim.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Það er ómögulegt annað að segja en að meðferð þessa máls í þinginu hafi verið með alleinkennilegum hætti, því að nú á að bíta höfuðið af skömminni með afgreiðslu þess á þessum fundi með því að slengja inn brtt. um leið og verið er að setja fundinn aftur, og hv. þdm. er þannig ekkert tækifæri gefið til þess að athuga, hvað þeir eru að gera. Ég hygg, að þeir, sem hafa gengið frá þessum brtt., hafi ekki verið sér þess meðvitandi, hvað þeir voru að semja. Í þessum brtt. er gert ráð fyrir því, að a. m. k. annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista þeim, sem hér er um að ræða, sé skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Nú er mér ekki vel ljóst, hvernig þessir menn hafa hugsað sér, að þessir menn tækju sæti sem varamenn. Ef svo færi, að þessir menn, sem á listanum eru, næðu kosningu, hver kæmi þá næst til greina við ákvörðun um það, hver af listanum eigi að taka sæti? Eða á umboð þeirra í kjördæminu að falla niður um leið og þeir koma sem uppbótarmenn á landslista flokksins? Ég verð að segja, að mér urðu það mikil vonbrigði, þegar ekki náðist samkomulag um skipun á þessum sætum eftir því, sem fólst í stjskrbreyt. Þá var því haldið fram af einstökum mönnum, að það væri óeðlileg ráðstöfun, vegna þess að smáu kjördæmin gætu komið að mönnum í uppbótarsæti. En hvaða trygging er fyrir því, að þetta geti ekki orðið með þessu fyrirkomulagi? Engin, alls engin. Uppbótarsætin gætu komið úr öllum minnstu kjördæmunum í landinu. Hinu fyrirkomulaginu fylgdi þó sú trygging, að menn þurftu að hafa talsvert mikið fylgi í þessum kjördæmum, en nú þarf ekki að hafa nema 10 manna fylgi í minnstu kjördæmunum samkv. till., sem hér liggja fyrir. Svona hafa þeir hugsað þetta rækilega, sem frá þessu hafa gengið á einum hálftíma, og svo á þingið að gleypa við þessu eins og það kemur frá þeim, eins huggulegt og skemmtilegt og það nú er! Þessi „grautargerð" hjá þessum hv. þm. er svo viðbjóðsleg, að ég trúi því varla, að við gleypum við þessu þegjandi og umhugsunarlaust. Af því að málið hefir verið tekið svo oft á dagskrá án þess að gengið hafi verið til atkv. í því, finnst mér ekkert á móti því, þegar þessar brtt. koma svona fram á seinustu stundu, að málið verði nú tekið út af dagskrá og þeir fái enn að athuga það, hvað þeir voru að gera, og hv. þdm. sé gefið tækifæri til að færa þetta til betri vegar á einhverjum svipuðum grundvelli og þeir leggja til. Ég ætla ekki að tala um þessa hækkun á þm. Það út af fyrir sig er svo lítilfjörlegt, að maður getur næstum því sagt, að það sé broslegt að vera að deila um, hvort þm. eigi að vera 48 eða 49. Hitt er annað mál, að það er ráðstöfunin á uppbótarsætunum, sem skiptir miklu máli, og það veit ég, að um þau er sá ágreiningur, sem hér er. Þessi brtt. er tekin alveg án þess að þeir hafi nokkurn hlut gert sér grein fyrir, hvaða áhrif sú till. hefði, ef hún næði fram að ganga. Þar sem hv. þm. Str. sagði, að allir flokkar hefðu komið sér saman um þessa niðurstöðu, þá veit ég ekki, hvað hann meinar; a. m. k. býst ég við, að mönnum hafi skilizt það, að það eru ekki allir, sem eru ánægðir með þetta. Ég hygg, að innan Framsfl. a. m. k. séu talsvert háværar raddir, sem ekki vilja fallast á svona hundavaðshátt eins og

felst í brtt. n. Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti verði við ósk minni um það, að hespa ekki þetta mál af í einum hvelli, þar sem ég þykist hafa fullkomna réttlætiskröfu til þess að bera það fram, úr því að þessar brtt. eru ekki fyrr fram komnar en fundur er settur á ný. Ég vil vænta þess, að hv. n. sýni þá sanngirni í þessu máli, að hún vilji ljá þessari ósk minni fylgi.

**Tryggvi Þórhallsson:** Vitanlega er það svo og vitanlegt fyrirfram, að það verða aldrei allir að öllu leyti ánægðir, þegar verið er að afgr. mál eins og það, sem nú liggur fyrir. Ég býst við því, að það sé enginn, sem sé fyllilega ánægður, allir hafi meira eða minna við það að athuga, sem gert hefir verið. Við höfum reynt að fá samkomulag á þeim grundvelli, sem frekast var hægt að fá samkomulag á. — Um það atriði, sem hv. þm. V.-Húnv. kom inn á, er það að segja, að það er ekki nema eitt af ákaflega mörgum atriðum, sem verður að setja löggjöf um á næsta þingi, væntanleg kosningalög. Þarna er settur rammi um það, hvernig þessi skipun skuli vera í sambandi við þennan landslista. Það er ekki verið að afgr. þetta mál endanlega frá þinginu nú. Ég get ekki frá n. hálfu fallizt á það, að málið sé tekið út af dagskrá. Ég álít fyrir mitt leyti, að það sé nægilega gengið frá aðalatriðunum í þessum till. eins og þær liggja fyrir. Þess vegna beini ég því til hæstv. forseta, að hann láti ganga atkvgr. um málið. Atriðið, sem hv. þm. V.-Húnv. kom inn á, er bara eitt af þeim fjöldamörgu, sem verður að kveða á um á næsta þingi, þegar sett verða kosningalög, sem þurfa að kveða á um fjöldamörg atriði, sem ekki er ástæða til að kveða á um í stjskr.

**Frsm. 2. minni hl. (Magnús Jónsson):** Ég ætla ekki að taka neinn þátt í þessum umr., en lýsi því yfir f. h. minni hl. stjskrn., að brtt. á þskj. 750 er tekin aftur.

**Jón Auðunn Jónsson** [óyfirl.]: Ég vildi aðeins minna hv. dm. á brtt. mína á þskj. 697. Eins og menn sjá, er farið fram á það, að menn séu ekki sviptir kosningarétti, þó að þeir af einhverjum óhöppum verði gjaldþrota. Nú er það svo, eins og menn vita, að það er til þess stofnað með kreppulánasjóðsfrv., að ýmsir menn í þessu landi geti fengið afslátt af sínum skuldum. Mér þætti það dálítið óviðkunnanlegt, ef þeir menn, sem borguðu kannske 80—90% af sínum skuldum, en gætu ekki borgað þær allar, ættu að missa kosningarrétt meðan á uppgerð þeirra þrotabúa stendur, en aðrir, sem gætu fengið 30—40% afslátt af sínum skuldum, ættu að halda sínum kosningarrétti. Slíkt ósamræmi held ég, að ekki sé rétt að hafa hvað kosningarrétt snertir, og vil vænta þess, að hv. d. vilji samþ. þessa brtt. Undir mörgum kringumstæðum er það nú líka svo, að menn missa ekki kosningarrétt sinn, þó að þeir verði gjaldþrota, vegna þess, að þeir hafa verið settir á kjörskrá áður en þeir gáfu upp bú sitt til þrotaskipta og ekki hægt að taka þá út af kjörskrá aftur, því að undir mörgum kringumstæðum er búið að ljúka skiptum í þrotabúum þeirra áður en næsta kjörskrá er samin. Þetta á við um öll smærri þrotabú, en um hin stærri þrotabú mundi koma til þess, að menn misstu kosningarréttinn vegna þessa. Eins og menn vita, hafa ýmsir fengið nauðasamninga án þess að borga allar sínar skuldir, og jafnvel minni hlutann af þeim. Þessir menn eru settir skör hærra heldur en hinir, sem kannske borga miklu meira, en vegna eins árs óhapps kannske orðið gjaldþrota.

Eins sjálfsagt og ég tel það, að þessir menn missi ekki kosningarréttinn, þó þeir þurfi að leita annara vegna erfiðs fjárhags, sem stundum er ósjálfráður, en stundum líka sjálfráður, þá verð ég að telja það jafnsjálfsagt, að þeir, sem verða gjaldþrota, margir þeirra, eigi sömu kröfu til þess að hafa kosningarrétt eins og hinir, en auðvitað að því tilskildu, að þeirra gjaldþrot hafi ekki orðið á sviksamlegan hátt.

**Forseti (JörB):** Hv. þm. V.-Húnv. hefir óskað þess, að þetta mál verði tekið út af dagskrá að þessu sinni. Hinsvegar hefir af hálfu stjskrn. verið mælt á móti því. Ég sé mér ekki fært að verða við þeirri ósk, án þess þá að álit n. komi til.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég vil taka það fram af hálfu stjskrn., að mér hefir ekki verið gefinn kostur á því að vera á fundi n. í dag, og vil því gjarnan fá að athuga málið betur.

**Hannes Jónsson** [óyfirl]: Mér þykir það afarleitt, að hæstv. forseti skuli ekki sjá sér fært að taka málið út af dagskrá að þessu sinni, þar sem það er vitað, að nú liggja fyrir mjög varhugaverðar breyt. á frv., og þær eru þannig til komnar, að það veit varla nokkur maður af þeim, ekki einu sinni stjskrn. sjálf, fyrr en hún hefir kannske vitað af þeim klst. eða svo áður en fundur var settur. Enginn annar veit nokkurn hlut af þeim. Svo á að keyra þetta af með offorsi frá n. hálfu.

Ég veit, að hæstv. forseti skilur það vel, að þetta er mjög eðlileg ósk af hendi þeirra manna, sem vilja eitthvað vita um það, hvað þeir eru að gera. En þeim, sem er nákvæmlega sama, hvað gert er í málinu, og hugsa eingöngu um það, að þeyta því einhvernveginn áfram, í hvaða vanskapningsmynd sem það er, þeir þurfa engan umhugsunartíma til þess að bollaleggja, hvað þeir eigi að gera.

Ég hygg, að hæstv. forseti geti ekki neitað því að taka málið út af dagskrá, þegar svona stendur á. Hv. form. stjskrn. hefir líka óskað eftir, að málið væri tekið út af dagskrá.

Hv. þm. Str. sagði, að það gerði ekki svo mikið til, þó að það yrði eitthvað vitlaus afgreiðsla á þessu í Nd., af því að það væri alltaf hægt að breyta því í Ed. En hvers vegna má frv. þá ekki ganga til Ed. eins og það er, úr því að hv. þm. Str. hefir þessa ofurtrú á, að þar verði það fært til betri vegar? Hvers vegna er þörf á því, að nefndarmenn setji inn í það einhverja vitleysu í Nd.? Er þeim svo umhugað um, að það sjáist á því eitthvert mark frá þeim, þegar það kemur til Ed.? Nei, það er miklu betra fyrir nefndarmenn að gera það ekki, heldur en þessa vitleysu, og svo ætlaði hv. þm. Str. að óska eftir því, að þetta væri keyrt mönnum alveg að nauðugu í gegnum þessa umr.

Ég verð að vænta þess, þrátt fyrir það, sem hæstv. forseti hefir sagt, að hann þverskallist ekki við þessari ósk, að taka málið út af dagskrá, því að þetta er sannarlega ekki svo lítilsvert mál, að ekki megi gefa eina dagstund til athugunar á því nánar, jafnvel þó að ekki væri gefinn lengri frestur en svo, að málið yrði tekið aftur fyrir á fundi í kvöld. Ég myndi fyrir mitt leyti sætta mig við það, þó að fresturinn yrði ekki lengri. En ég vona það fastlega, að á þessa réttlátu ósk verði litið réttlátlega.

Ég get ekki sleppt hv. þm. Str. með það, sem hann sagði um frv. Hann sagði, að þetta ætti allt saman að ákveðast í kosningalögunum. En hvers vegna á þá ekki frekar að láta það allt óbundið um ráðstafanir uppbótarsætanna og láta það koma í kosningalögin, heldur en að koma með þennan vanskapning, sem n. vill koma inn í frv.? Þetta er einhver sá argasti kisuþvottur, sem mér virðist koma fram í gerðum n. Hún er að láta það sýnast, að hún vilji eitthvað og eitthvað, eins og hv. þm. Str. sagði, að gera öllum eitthvað til hæfis, láta alla hafa eitthvað og taka eitthvað af öllum, en athuga ekkert um það, hvort þær eru frambærilegar þessar afhöggningar og viðbætur hjá flokkunum.

**Forseti (JörB):** Hv. þm. V.-Húnv. hefir heyrt, að það eru mjög skiptar skoðanir um það, hvort málið skuli tekið út af dagskrá eða ekki. (**HJ:** Hvað virðist hæstv. forseta sanngjarnt?). Ég á ekki svo gott með að gera öllum til hæfis, þar sem menn greinir svo geipilega á, en ég mun þó til málamiðlunar gefa í lengra lagi fundarhlé, svo að þm., sem vilja fá nokkurn frest til að hugsa málið, fái tækifæri til þess, en tel, að gott sé, að það væri rætt nokkuð áður en fundarhlé er gefið. Fundarhlé getur verið 2 klst. eða svo.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Hv. þm. Str., form. Framsfl., lýsti því yfir, að hann teldi það alveg ástæðulaust að tefja málið lengur en 100 daga, og ég get lýst því yfir fyrir hönd Sjálfstfl., að hann óskar ekki eftir, að þetta mál verði tafið meira, og hv. 2. þm. Reykv., umboðsmaður jafnaðarmanna hér í d., hefir einnig látið það sama í ljós. Umboðsmenn Sjálfstfl., Framsfl. og Jafnaðarmannaflokksins eru allir sammála um, að þetta sé þrautrætt

og endanlega útkljáð mál. Þá sé ég ekki ástæðu til, þó að einn þm. rísi upp með offorsi og gagnrýni um einstök atriði frv. og krefjist þess, að málið sé tekið út af dagskrá, að fara eftir því, og einkum vegna þess, að hann færði fram sem höfuðástæðu fyrir sínu máli, að þetta kæmi öllum á óvart og væri vitlaust. Sú till., sem ágreiningi veldur í augum hv. þm. V.-Húnv., er till. um landslista, og sú hugmynd hefir verið rædd á stjskrn.-fundi og umboðsmenn Framsfl. hafa tjáð sig hlynnta henni, a. m. k. þm. Mýr. (BÁ: Ekki skilyrðislaust). Nei, en hún er ekki ný í hugum manna, og ég er ekki viss um, að neinn bæti sig, þó að hann hugsi um hana í 2 klst. Ég mótmæli því algerlega, að málið sé tekið út af dagskrá, af því að það er ástæðulaust að vera að gera sig hlægilega með þessum eilífa drætti, af því að hv. þm. (HJ) veit það, sem allir vita, að þessar till., eins og þær liggja fyrir frá nefndinni, verða samþ. hér í d.

Ég vil svo um efnishlið málsins segja það, að hv. þm. Barð. hefir lýst því yfir, að hann muni taka upp till. jafnaðarmanna um það, að með einföldum lögum megi fjölga uppbótarþingsætunum úr 10 upp í 12. Þessari till. mótmælti hann kröftuglega í stjskrn. og neitaði að veita henni stuðning, þó að umboðsmenn jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna legðu hart að honum að fylgja till. Þegar hann veit, að við erum búnir að gera samkomulag um þessar sameiginlegu till., kemur hann og býður upp á þetta, og þá er það gert í því skyni að ginna okkur, sem heldur viljum þá till., til þess að svíkja það samkomulag, sem við erum búnir að gera.

Ég lýsi því yfir f. h. Sjálfstfl., að þó að okkur hefði verið það geðfelldara að fá þá till. samþ. en þá, sem við nú höfum gert til samkomulags, þá munum við í einu og öllu halda þá samninga, sem við höfum gert, og greiða atkv. með brtt. stjskrn. eins og þær liggja fyrir, en á móti öllum öðrum till.

**Tryggvi Þórhallsson:** Hv. þm. V.-Húnv. sækir sitt mál venjulega af miklu kappi, og hefir gert það í þetta sinn. Eins og af orðum hans má ráða, þá álítur hann, að það eitt sé sanngjarnt og rétt að fresta málinu enn á ný. En öllum þingheimi er það vitanlegt, að það er nægilega búið að athuga öll aðalatriði þessa máls, og það eina atriði, sem hann vill nú fá frest til að athuga, er fyrirkomulagsatriði, sem hann hefir haft nægan tíma til að athuga áður. Ég vil því mjög eindregið taka undir þá áskorun til hæstv. forseta, að atkvgr. fari fram um málið nú, því að ég sé enga ástæðu til að hafa fundarhlé.

**Frsm. 1. minni hl. (Héðinn Valdimarsson):** Ég vil taka undir það, að þessum umr. verði haldið áfram. Landskjörstillagan, sem hér liggur fyrir með lítilsháttar breytingum, hefir verið til umr. í stjskrn., og form. stjskrn., sem nú telur sig meðmæltan því að fresta umr., hefir talið sig samþykkan þeirri till. eins og hún kom frá okkur. Sú breyting, sem nú er komin á hana, er frá framsóknarmönnum sjálfum og er til þess að tryggja það, að helmingur þeirra, sem settir eru á landslista, verði menn, sem bjóða sig fram í kjördæmum utan Reykjavíkur, svo að fyrir sinn flokk ætti þm. ekki að vera að beita sér fyrir því, að þessu verði enn breytt frá því, sem nú er. En það er vitað um hv. þm. V.-Húnv., að hann er yfirleitt á móti þessu frv. eins og það liggur fyrir, með núv. breytingum, og ástæðan til þess, að hann fer fram á frestun, er engin önnur en sú, að reyna að draga málið, í von um að geta eytt því.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, að hann mundi geta fylgt till. okkar jafnaðarmanna um að fjölga þingmannatölunni upp í 50 með einföldum lögum, vil ég aðeins segja það, að úr því að ekki er hægt að fá samkomulag um þá till., þá munum við fylgja þessari, að þingmannatalan sé 49.

Ég vil geta þess, að ef frv. verður tekið nú út af dagskrá eftir beiðni eins eða tveggja þm., þá áskil ég okkur Alþfl.þm. rétt til að krefjast þess, að hvaða mál, sem eftir er, verði tekið út af dagskrá, því að það er vitanlegt, að mörg málin verða afgr. á móti okkar vilja, eftir samkomulagi hinna flokkanna.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að á

laugardaginn, þegar þetta mál var til umr., þá lýsti ég yfir því, að við í meiri hl. stjskrn. mundum fylgja till. jafnaðarmanna um landslistafyrirkomulagið, en þar með er ekki sagt, að við munum fylgja þeim till., sem hér liggja fyrir á þskj. 789, því að þær eru talsvert breyttar frá því, sem var í till. jafnaðarmanna, því að þar er ákveðið, að annaðhvert sæti 10 efstu manna á landslista sé skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur.

Ég sé enga ástæðu til að vera að setja neina takmörkun í þessu efni. Ef gengið verður inn á, að rétt sé að taka upp landslistafyrirkomulagið á þann hátt, sem var í till., um rétt einstakra flokka, sem teldu sér hag í því, þá er það vitanlega sjálfsagt, að það sé algerlega óbundið, hvaða menn þeir hafa á lista og hvaða menn koma til greina við úthlutun jöfnunarþingsæta. Ég sé því enga ástæðu að vera með neitt makk á milli flokka um svona atriði. Þetta er atriði, sem á að afgr. eftir því, sem menn álíta rétt vera, en ekki að fara eingöngu eftir því, hvernig flokkarnir á bak við semja sín á milli.

Ég held fast við það, að ég mun ekki greiða atkv. með þeirri brtt., sem ég veit, að verður samþ., um að hafa þingmennina 49. En ég verð að segja það, að fyrst og fremst finnst mér það ákaflega lítilfjörlegur hlutur út af fyrir sig, ef við á annað borð göngum inn á að fjölga jöfnunarsætunum úr 10, hvort það er bundið við 11 eða 12, en frá sjónarmiði Framsfl. hlýtur það að vera heppilegra, að svo sé ákveðið, að fjölga megi þm. með einföldum lögum, frekar en að binda það í stjskr., vegna þess að það er vitanlegt, að Framsfl. getur ráðið því, hvort það er gert eða ekki. Þess vegna finnst mér miklu eðlilegra að fylgja þessari eðlilegu kröfu í þessu máli og veita aðeins þessa heimild, ef þörf virðist á því að bæta við jöfnunarþingsætum, að setja þá upp í 50, að láta þingið skera úr því, en láta það ekki vera komið undir stjórnarskránni.

Viðvíkjandi kröfu hv. þm. V.-Húnv. um að taka málið út af dagskrá, þá finnst mér, þegar ég ber það saman við afgreiðslu þingmála yfirleitt, að það sé ekki gott fyrir hæstv. forseta að neita því að taka málið út af dagskrá, þegar ég sem form. stjskrn. geri kröfu um það, vegna þess að mér hefir ekki verið gefinn kostur á að vera á þeim fundi, sem þetta makk með stjórnarskrármálið fór fram og þetta samkomulag var gert.

**Forseti (JörB):** Ég hafði búizt við því, að hægt væri að miðla málum með því að gefa fundarhlé, en nú hefir því verið harðlega mótmælt af hálfu manna úr öllum þingflokkum, og undir þeim kringumstæðum sé ég mér ekki fært að gefa úrskurð, sem brjóti í bág við jafneindregginn vilja, en til þess að þeir þm., sem krefjast þess, að málið verði tekið út af dagskrá, eða a. m. k. verði gefið fundarhlé, verði ekki ofurliði bornir, ef sá vilji er til í deildinni, þá mun ég á sínum tíma bera það undir deildina, hvort fundarhlé skuli gefið eða ekki.

**Hannes Jónsson:** Ég hefði gjarnan viljað fá úrskurð á því strax hjá hæstv. forseta, því að það gæti verið, að ég gæti dregið mína ræðu þangað til síðar.

**Frsm. 1. minni hl. (Héðinn Valdimarsson):** Út af ræðu hv. þm. Barð. vil ég aðeins geta þess, að hann lýsti því yfir, að þeir yrðu með till. okkar um landskjörið, eins og hún var, óbreyttri, en hinsvegar skýrði hann þá frá því, að sú till. mundi ná samþykki í deildinni, en ég fékk síðar að vita, að það var algerlega rangt; a. m. k. voru mestar líkur til, að hún yrði felld, svo að ég fyrir mitt leyti áleit ekki rétt að hætta till. þannig undir atkv.

**Forseti (JörB):** Þá ber ég það undir atkv. deildarmanna, hvort fundarhlé verður gefið til klukkan 5 og málið verði þá tekið fyrir aftur.

ATKVGR.
Fundarhlé fellt með 15:9 atkv.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Það er ákaflega mikið frjálslyndi, sem sýnt er hér í meðferð þessa máls, þegar ekki má einu sinni veita fundarhlé í 2 klst. til þess að athuga þessar brtt., sem n. hefir gert. Ég verð að segja það, að ég er alveg undrandi yfir því, og ég verð líka að segja

það, að hvað mikið sem ég talaði á móti þessum brtt., þá er það ekkert til jafns við það, sem n. sjálf gerir með því að leggja til, að aðrir fái ekki að athuga gerðir hennar. Það er alveg auðséð á þessu, að hún þykist þess fullviss, að ef deildarmenn fá tækifæri til að líta í gegnum þennan vef hennar, þá muni þeir verða vegnir og léttvægir fundnir. Og þeim er þetta svo mikið kappsmál, að þeir vilja ekki láta deildina kasta fyrir borð verkum hennar í þessu efni. Það er náttúrlega gott að hafa metnað, en það er ekki gott að láta jafnstórt og merkilegt mál eins og þetta valda þessu. En þeir hugsa mest um sjálfa sig, þessir blessaðir þdm.

Ég verð að byrja á því að mótmæla því algerlega, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, sem rakalausum ósannindum, að ég flytti þessa ósk um að taka málið út af dagskrá fyrir þær sakir, að ég sé málinu óviljaður. Ég býst við, að ég hafi ekki gert neitt minna en hann til þess að finna heppilega lausn á þessu máli. Þetta er því algerlega gripið úr lausu lofti og sleggjudómur, sem honum einum er sæmandi fram að bera, af því að enginn tekur mark á því, sem hann segir.

Í sambandi við þetta tók hv. 2. þm. Reykv. það fram, að ef slík óhæfa ætti fram að fara, þá mundi hann f. h. sinna flokksbræðra krefjast þess, að hvert mál, sem kæmi fyrir í deildinni hér eftir, yrði að sæta sömu meðferð. Ég verð að segja það, að ég mun verða því fylgjandi, að þau mál, sem enn eiga eftir að ræðast á þingi, og öll þau mál, sem verða rædd á þingi meðan ég er þar, sæti þeirri meðferð, að menn fái tækifæri til þess að athuga mikilsvarðandi brtt. við þau, en ekki að þeim sé þrælað fram fyrirvaralaust. Ég álít þetta ekki annað en réttláta kröfu, sem þeir megi gjarnan bera fram, jafnvel þó að þeir nú hafi greitt atkv. á móti því, að sú sama meðferð verði höfð um þetta mál. En það sýnir bezt heilindi þeirra í þessu máli eins og öllum öðrum, að þeir hugsa ekki um afdrif málsins sjálfs, heldur er um einhvern annan misskilinn metnað að ræða frá þeirra hendi.

Hv. þm. Str. sagði, að þetta væri smávægilegt fyrirkomulagsatriði, sem ekki væri ástæða til að athuga nokkurn skapaðan hlut nú. Þessi þriðja brtt. er ekki annað en nokkur þáttur af því, sem varð til þess að hann rauf þingið 1931. Hún er nú þetta smáræði, og ef hann nú vill éta ofan í sig allt, sem hann sagði þá, þá get ég sagt það, að honum megi gjarnan verða það að góðu.

Í þessari brtt., sem er að nokkru leyti soðin upp úr brtt. jafnaðarmanna, þar sem var farið fram á, að Reykvíkingum væru veitt öll uppbótarsætin og þeim fengnir í hendur 17 þm., er eitt af því, sem talið var óeðlilegt við þá kröfu, sem kom fram í stjórnarskrármálinu fyrir þingið 1931 og í undirbúningi þess máls. Það var einmitt það atriði, að það væri fengið of mikið vald í hendur Reykvíkingum. Ef til vill heldur hv. þm. Str., að hann sé svo ljós í hugsun og skýr í framsetningu, að ekki þurfi neitt að hrófla við því, sem hann gerir, en jafnvel þó ég beri gott traust til hans, þá tel ég hann ekki óskeikulan í þessu efni. Ég get ekki botnað í því, hvers vegna þetta snið er valið til þess að semja þessa brtt. Hvers vegna ekki að taka annaðhvort það skipulag, sem sjálfstæðismenn vilja, eða hitt, sem jafnaðarmenn vilja, eða þá upphaflega frv.? Ég þykist sjá, að þessari brtt. sé tryggt nægilegt fylgi og það muni ganga í gegnum þessa hv. d. Hv. þm. Str. sagði, að ef einhver vansmíð kynni að verða á frv., þá gæti hv. Ed. bætt úr því. En því ekki þá að láta frv. fara óbreytt til hv. Ed. og láta hana gera breytingarnar? Nei, þeir treysta því, að þessi vitleysa haldist einmitt í Ed., og þess vegna er svona mikið kapp lagt á að koma þessari breyt. hér inn að öllum óviðbúnum. Ég skil ekki þennan áhuga hjá hv. þm. G.-K. Hann heldur því fram, að það, sem ég sagði, sé órökstutt. Hann hefir ekki hrakið eitt einasta atriði. Svo er það haft á móti stjfrv., að uppbótarsætin gætu lent á fámennustu kjördæmin, en það er alls ekki fyrirbyggt með þessu. Eftir stjfrv. þurftu menn þó að hafa mikið fylgi til þess að komast að, en nú þarf rétt það fylgi, að menn geti boðið sig fram. Hv. þm. segir, að hægt sé að koma þessu fyrir í kosningalögum. En það var þá alveg eins hægt með frv. að koma því fyrir í kosningalögum, að

fámenn kjördæmi fengju ekki uppbótarsæti.

Nú fellur hver af öðrum á kné fyrir Reykjavíkurvaldinu og færir því fórnir. Áður var annað hljóð í strokknum. Og svo vill hv. þm. Str. ekki, að menn fái að hrófla við þessu, að menn fái tækifæri til að átta sig á málinu. Hann er hræddur um, að hann verði rekinn á stampinn og vill heldur taka á sig skömmina seinna og bera alla æfi en að flokksbræður hans hlypu nú undir bagga og breyttu þessu til hins betra.

Svo vil ég þakka hv. d., hversu sanngjarnlega tekið var undir ósk mína um að fresta umr. og taka málið út af dagskrá, eða þó a. m. k. að gefa örstutt fundarhlé.

Annars hefði ég haft gaman af að þreyta hv. d. á því að rekja sögu málsins frá upphafi, og hefði þá dagurinn ekki enzt. Það hefði verið maklegt svar við því offorsi að knýja fram þær breyt., sem hér eru á ferðinni.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég stend upp aðeins út af ummælum hv. 2. þm. Reykv., að ég hefði á laugardaginn lýst yfir fylgi við landslistafyrirkomulagið, og hann hefði treyst því, en svo hefði það brugðizt. Hann hefir engar sannanir fyrir því, og báðir sjálfstæðismennirnir í nefndinni lýstu því yfir, að þeir vildu samþ. þetta, svo að það var hægt að búast við því, að einhverjir hefðu fylgt þeim, úr því atkvæðagreiðslur eru látnar fara eftir utanþings-samkomulagi. **(ÓTh:** Skyldi það nú líka fara að koma fyrir?). Brtt. 789 stafl. 3. er mikið til skemmda frá því, sem var á laugardaginn, og hefi ég gaman af að sjá, hvort jafnaðarmenn ætla að drepa sína eigin till., ef ég tek hana upp, og samþ. fremur skemmdarákvæði. Mér þykir nokkuð einkennileg sú aðferð, sem hv. deild hefir viðhaft, þar sem einn nm. hefir lýst því yfir, að hann hafi ekki fengið tækifæri til þess að vera á fundi, og í öðru lagi er brtt. borin fram í byrjun þingfundar, en samt er neitað um tveggja stunda fundarhlé. Ég tel þetta gerræði, sem deildin hefir gert sig seka um. Ég hefi aldrei vitað til þess, að áður hafi verið fyrirstaða á frestun um nokkra stund, eins og hér á sér stað, og sérstaklega þegar tekið er tillit til, að svo virðist, sem örlög Karthagoborgar séu fyrirfram ákveðin. Því má þá ekki bíða dálitla stund, gefa tveggja stunda hlé, svo að menn geti áttað sig á, um hvað þeir greiða atkvæði?

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég mun greiða atkv. með samkomulagstill. og ekki öðrum, en það er ekki vegna þess, að ég kysi ekki fremur annað fyrirkomulag. Ég myndi kjósa 50 eða 48 fremur en 49, en 49 hefir þann stóra kost að vera samkomulagstala. Hitt er stærra atriði, að breytt hefir verið úthlutun uppbótarsætanna frá því, sem var í frv. En ég hygg, að hægt sé að bræða saman uppástungu frv. og landskjörið, og gera það með þeim hætti að gefa kjósendunum kost á að kjósa annaðhvort við landskjörið eða í kjördæmum. Þetta hefði ég kosið, og má raunar binda það með kosningalögum. En það ræður enginn einn vilji, og ég kann öllum þeim þm. þakkir, sem stuðlað hafa að samkomulagi um afgreiðslu þessa máls og annara stórmála — og mun sízt skerast úr leik.

**Hannes Jónsson:** Ég vil taka það fram, af því að hv. þm. G.-K. sagði, að mér væri vel kunnugt um þessa brtt., að við framsóknarþm. höfðum fram til kl. 12 í dag fulla ástæðu til að ætla, að afgreiðsla þessa máls yrði allt önnur en nú virðist. Hv. þm. Str. þarf ekki að hrista höfuðið yfir því; hann má hrista það, þangað til það fer af honum, því að þetta er sannleikur.

ATKVGR.

Brtt. 789,I samþ. með 22:3 atkv.
— 789,II samþ. án atkvgr.
— 789,III samþ. með 22:3 atkv.
— 719,a—b komu ekki til atkv.
— 719,c felld með 14:1 atkv.
— 697 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HG, HV, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JónasÞ, LH, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, StgrS, TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BKr, GÍ, JörB.

**nei:** HJ, SvÓ, BJ.

HStef greiddi ekki atkv.
Einn þm. (SvbH) fjarstaddur.
Frv. afgr. til Ed.

---

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 793).

Á 81. fundi í Ed., 26. maí, var frv. tekið til 1. umr.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Öllum þingheimi er nú þegar svo kunn saga þessa máls, að ég hirði ekki um að rekja hana hér. Ég vil aðeins óska þess, að málinu verði vísað til hv. stjskrn. að aflokinni þessari umr.

**Jón Jónsson:** Þá er nú þetta blessað mál komið til okkar hér í Ed. Um það hefir staðið styrr allmikill undanfarin ár, þótt harðastur yrði hann árið 1931, er þingkosningarnar snérust að mestu leyti um mál þetta. Við framsóknarmenn höfum alltaf goldið varhuga við öllum þeim breyt. á stjskr. vorri, sem miðuðu að því að flytja þungamiðju ríkisvaldsins úr sveitum landsins. Ég lít svo á, að bændastéttin sé kjölfesta þjóðfélagsins, og hún eigi því hér eftir sem hingað til að hafa mest að segja um stjórn landsins. Andstæðingar okkar í þessu máli hafa haldið því fram, að tilgangur þeirra væri ekki sá, að rýra áhrif bændastéttarinnar, heldur að skapa flokkslegt réttlæti. Við fyrir okkar leyti höfum talið sjálfsagt, að nokkuð yrði að því gert að fullnægja þessu svokallaða flokkslega jafnrétti. Í byrjun þings bar svo hæstv. stj. fram frv., sem átti að jafna mismuninn milli flokkanna. Í þessu frv. var lagt til, að landskjör félli niður, en í stað þess áttu að koma uppbótarsæti, og þau áttu að skipa þeir frambjóðendur afskiptu flokkanna, sem mest traust hefðu í kjördæmum utan Rvíkur, án þess þó að ná kosningu. Með því móti mundu veljast til menn, sem væru vinveittir sveitum og nytu persónulegs trausts fólksins þar. Þá mundi manngildi vera m. a. skilyrði fyrir því að hljóta uppbótarsæti, en þetta gerbreyttist við 3. umr. í Nd. Þessa síðustu meðferð málsins í Nd. verð ég að telja lítt sæmandi, þar sem þessu var flaustrað svo af, að einstökum dm. var synjað um 2 tíma frest til þess að geta yfirvegað till., sem fyrir lágu og fyrst komu fram á fundinum, og gerðu mjög viðsjárverða og flausturslega breyting á málinu. Slíkt háttalag hefi ég ekki þekkt hér á þingi, sem betur fer. Ég býst nú reyndar ekki við, að það hafi verið af ásettu ráði eða illvilja, að þessi breyt. komst inn, heldur af því, að menn höfðu ekki gefið sér tóm til að íhuga þetta og athuga. Ég býst við, að flausturs þessa gæti greinilega í frv., a. m. k. hefir verið klúðrað inn í það einu atriði, sem í framkvæmdinni má gera alveg tilgangslaust og gagnslaust. Breytingin, sem komst á í Nd., er við c-lið 1. gr., þar sem fallið er frá því ákvæði stjfrv., að uppbótarsætin hljóti þeir frambjóðendur flokkanna utan Rvíkur, sem tiltölulega mest fylgi hafi án þess að ná kosningu. Aftur á móti er flokkunum heimilað að hafa landslista í kjöri, og eiga þá uppbótarsætin að falla í skaut þeim, sem á listunum eru.

Með þessu móti er miðstjórnum flokkann í Rvík alveg fengið valdið yfir uppbótarsætunum; þær þurfa ekki að spyrja sveitirnar um, hversu þau skuli skipa, heldur geta skipað þau tómum Reykvíkingum, alveg án tillits til, hvort þeir hafi nokkra þekking á þörfum sveitanna eða traust þeirra. Á þennan hátt er áhrifavald sveitanna stórlega rýrt, án þess ég búist við, að það hafi verið tilgangurinn.

Ég hirði ekki um að skýra þetta nánar, nema til frekari umr. komi, sem ég er þó ekki fús á að lengja óþarflega mikið. Um þingmannafjölgunina vil ég láta þá skoðun í ljós, að allt of langt er gengið í því. En ég býst ekki við, að aðgengilegt sé að fá því breytt. En þessu atriði er hægðarleikur að breyta, því að ég þykist viss um það, að sú breyt. hefir komið inn í frv. vegna flausturslegrar afgreiðslu, en ekki af því, að deildin hafi verið ráðin í að halda því.

**Jón Baldvinsson:** Ég hélt sannast að segja, að það mundu verða aðrir til að lýsa óánægju sinni yfir þessu frv. en hv. 3. landsk., því að hann er einn þeirra manna, sem bráða nauðsyn hafa talið á að afgreiða það, og vitað er, að hann stendur mjög nærri hæstv. forsrh. um málið og alla afgreiðslu þess. Samkomu-

lag hefir orðið í stjskrn. Nd., sennilega með þeim hætti, að sjálfstæðismenn og framsóknarmenn hafa samið nál. og Alþýðufl.maðurinn gengið að því. Við Alþýðufl.menn munum til samkomulags samþ. frv. eins og það nú liggur fyrir, þótt það gangi ekki svo langt, að það uppfylli kröfur okkar að öllu leyti. Ég mun því fyrir Alþfl. hönd fylgja frv. eins og það liggur fyrir, enda lítur ekki út fyrir mikil umsvif til breytinga, enda er það víst vilji þingsins yfirleitt, að málinu verði lokið sem fyrst. Það, sem hv. 3. landsk. sagði um, að vegna ófullkomins orðalags mætti fara í kringum ýms ákvæði í stjórnarskrárfrv., held ég, að sé misskilningur. Það á ekki að hártoga ákvæði stjskr., heldur á auðvitað að fara eftir því, sem vitað er, að liggur í orðunum. Hv. 3. landsk. kallar það ósæmilega afgreiðslu, sem málið hefir fengið í Nd. Ég er heldur ekki allskostar ánægður, en það lítur ekki út fyrir, að annað sé hægt fyrst um sinn en að sætta sig við það í núv. mynd, því að ég held, að flokkarnir séu sammála og að frv. hafi verið tryggt nægilegt fylgi á þinginu, því að annars hefði það allt verið gabb, sem fram fór í Nd. Ég held sem sagt, að ákveðið sé að ganga frá því á þessum grundvelli. Ég tel það sjálfsagt, að málið fari til nefndar. Í lok ræðu sinnar komst hv. 3. landsk. alveg í bága við sjálfan sig, þegar hann sagði, að sín skoðun væri sú, að allt of langt væri gengið í þm.fjölgun. Við getum athugað þetta atriði. Hæstv. forsrh. lagði til, að tala þm. væri 38, en uppbótarsætin 12. En Framsfl. í Nd. vildi hafa þm.töluna 38, en uppbótarsætin 10. Það ber ekki mjög mikið á milli. Svo verður samkomulag um 49, meðalhófið þrætt. Þá er tvennt til. Annaðhvort er hv. 3. landsk. svona langt frá sínum flokki, eða hann er beinlínis að fara með blekkingar, því að með einu þingsæti meira getur hann ekki kallað, að of langt sé gengið. Það hefir kannske allt saman verið blekking hjá honum, hann hefir kannske alltaf ætlað sér á síðustu stundu að bregða fæti fyrir frv. Ef það hefir alltaf verið hugarfar hv. 3. landsk., að með tölunni 49 sé allt of langt gengið, þá hafa áreiðanlega margir látið blekkjast af orðum hans áður í þessu máli.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Það er tilgangslítið að fara út í kappræður og deilur um einstök atriði við 1. umr. En vegna þeirrar þátttöku, sem Sjálfstfl. átti í afgreiðslu málsins í Nd., vil ég ekki láta ómótmælt þeim ámælisorðum, sem hv. 3. landsk. lét falla í garð Nd. út af meðferð málsins. Þá var sett inn ákvæði um, að jöfnunarsætin skyldu koma fram á landslistum. Hv. þm. fór hörðum orðum um það ákvæði. En það er ekki réttmætt. Það er ekki einsdæmi í okkar stjórnarskrá, því að ýms ríki á Norðurlöndum hafa jöfnunarsæti, og sum þeirra hafa ýmist heimild eða lagaboð fyrir því, að þau skuli koma fram á landslistum. Ég ætla, að till. sjálfstæðismanna á síðasta þingi hafi bent fast í þessa átt með orðalagi sínu, og bent var á landskjör í því sambandi. Það eru engin rök fyrir því að ámæla Nd. fyrir að hafa tekið upp þessa tilhögun um sköpun jöfnunarsætanna. Reyndar má segja, að ekki sé eðlilegt að taka þetta í stjskr., af því að slíkt heyri undir kosningalögin, en um það er heldur ekki hægt að saka Nd., því að í stjfrv. var ákvæði einmitt um þetta. Og það er ekki minnsti vafi á því, að ef þessu ákvæði hefði átt að framfylgja, eins og þar var gert ráð fyrir, þá hefði risið mikil og réttmæt andúð í landinu gegn því. Ef á að fara hörðum orðum um nokkuð, þá er það það atriði, sem ekki á sér dæmi í nokkurri stjskr. í nokkru landi. Bann gegn hlutfallskosningum, þar sem annars væri hægt að koma þeim við, er ekki til í neinni stjskr. Norðurálfulandanna, og þó að ég hafi ekki rannsakað allar stjskrár, sem til eru, þá þykist ég þess fullviss, að það er ekki til í víðri veröld. Flestar stjskrár hafa einmitt hið gagnstæða að geyma, en nokkrar láta það óumtalað, og þá er tilhögunin ákveðin með kosningalögum, þegar henni á annað borð verður við komið. Ég vil nú ekki gjarnan vekja miklar deilur, en ef hallmæla á einhverju sérstöku atriði, þá ætti þetta ekki að þurfa að verða útundan. Það verða sjálfsagt margir til þess að taka undir með hv. 3. landsk., að þm.-talan sé of há, en til þess liggja orsakir, en samt mun ekki jöfnuðinum fullnægt sem skyldi. En hv. 3. landsk. veit vel, að þetta stafar af hinni hörðu mótstöðu

Framsfl. gegn því að fjölga á nokkurn máta þm. þeirra kjördæma, sem nú eru tvímenningskjördæmi; þessi aðferð er því eina leiðin til að jafna mismuninn. Það þýðir ekkert að taka töluna eina og sakast út af henni, annars hefði þurft að breyta ákvæðum kosningalaganna, svo að þingsætum hefði fækkað, án þess að það hefði komið niður á jöfnuðinum. Af hálfu Sjálfstfl. er ég ákveðinn í að fylgja frv. eins og það er nú. Það er alveg í samræmi við undirtektir þær, sem stj.-frv. fékk innan flokksins. Því var lýst yfir, að það væri nothæft sem samkomulagsgrundvöllur á þessu stigi málsins. Þetta þýðir það, að vér hefðum gengið að frv. óbreyttu, en ef því á annað borð er breytt, þá getur flokkurinn að sjálfsögðu ekki unað við einhliða breytingar í aðra áttina. Nú hefir reyndar verið dregið úr eitt af uppbótarsætunum, sem upphaflega var ætlazt til í stjfrv. En að ýmissa áliti hefir verið ráðin bót á því með ákvæðum um skipun jöfnunarsætanna, því að þau munu yfirleitt vera heldur rýmri nú en þau voru í upphafi í frv. stj. Sjálfstfl. er ekki allskostar ánægður með þessa stjskrbreyt. í heild sinni, því að það er langt frá, að hún fullnægi kröfum vorum um gagngerða breyt., sem vér teljum rétt að verði gerð, en vér viðurkennum sem aðrir, að málið þurfi að fá sína lausn, og Sjálfstfl. hefir að engu leyti hvarflað frá því, að hvaða marki beri að stefna, þótt hann sætti sig nú við að stíga þetta eina spor í áttina. Því að það kjósum vér heldur en að standa kyrrir í baráttunni fyrir réttinum, úr því að ekki er hægt, sem og máske er eðlilegt, að stika að markinu í einum áfanga. En það þykir mér leiðinlegt að heyra umkvartanir hv. 3. landsk., því að ég hefi búizt við, þar eð hann hefir sýnt sig fúsan til samkomulags, að hann mundi einmitt verða til þess að bjarga málinu í gegnum þessa hv. d. á síðasta stigi þess. En ég held, að þetta lagist og óánægjukast hans líði frá, þegar hann hefir gefið sér tóm til þess að athuga allar hliðar málsins, því að það vill oft verða svo, að menn festi oft augun á því, sem nýtt er, og svo hefir hv. 3. landsk. farið um þetta atriði. Frá minu sjónarmiði er það ekki nema sanngjarnt, að þeir flokkar, sem góðs eiga að njóta af uppbótarsætum, séu að einhverju leyti sjálfráðir um val manna í þau og skipun yfirleitt. En eins og nú er ástatt fer því fjarri, að þeir hafi vald til þessa. Hv. þm. Framsfl. hafa haft sitt fram, eins og breytingin ber með sér. En nánari ákvæði um þetta þyrfti að setja í kosningalögum á næsta þingi, og þá gæti hv. 3. landsk. beitt áhrifum sínum við samningu þeirra, til þess að koma þeim fyrir innan ramma stjórnarskrárinnar.

**Jón Jónsson:** Ég tók það líka fram áðan, að ég ætlaði mér ekki að vekja neinar stórdeilur við þessa umr. Það mun vera ákveðin tilraun til samkomulags, og mun ég því geyma deilurnar, þótt ég hinsvegar komist ekki hjá að svara einstökum atriðum. — Hv. 2. landsk. virtist vera hneykslaður á mótmælum mínum og studdist þar við þau einkennilegu rök, að ég væri svo nákominn hæstv. forsrh., að þess vegna ætti ég sízt að vera mótfallinn málinu eins og það nú horfir við. Ég hefi mér til mikillar ánægju verið nákominn samstarfsmaður hæstv. ráðh. Það vill líka svo vel til, að mótmæli mín byggjast einmitt á því, að mér virðist hafa verið stórspillt frv. hæstv. ráðh. um skipun uppbótarsæta. Frv. hefir tekið stórkostlegum breyt. frá því, er hann gerði úr garði. Það hefir hv. 1. landsk. líka viðurkennt, þótt hann hagaði orðum sínum nokkuð á annan veg. Mótmæli mín gegn frv. eins og það er nú eru því mjög fjarri því að sýna nokkra andúð gegn hæstv. forsrh.

Hv. þm. var að tala um, að sér þætti þetta einkennilegt mjög, að ég mótmælti frv., þar sem þeir menn, sem réðu fyrir flokknum, væru búnir að semja um þetta. Ég ætla þá að segja hv. þm. það í eitt skipti fyrir öll, að mér vitanlega ræður enginn einn maður eða tveir yfir Framsfl.; þar eru frjálsir menn í frjálsum flokki, og hefir því enginn einn maður yfirburðavald til að ráða fyrir flokkinn. Hins vil ég og geta, að ég hefi engum gefið óskorað umboð til samninga fyrir mína hönd.

Þá skildi ég varla, hvað hann var að tala um að fara í kringum lögin. Ég var alls ekki að tala um slíkt, heldur um hitt, að ákvæði stjskr. þyrftu að vera þannig

orðuð, að hægt sé bókstaflega eftir þeim að lifa. Það er ekki ætlun mín að fara í kringum l., heldur að gera þau sæmilega úr garði, svo að ekki sé unnt að fara í kringum þau.

Hv. 1. landsk. talaði nú mjög rólega (þeir gerðu það reyndar báðir); taldi hann ekki rétt af mér að fara með ámæli í garð Nd. Ég get ekkert tekið aftur af því, sem ég sagði, enda voru það ekki svo sterk orð, þótt ég segði, að deildin væri ámælisverð fyrir það, hvernig hún hagaði sinni afgreiðslu. Það var flaustursleg aðferð og varla sæmileg í svona viðkvæmu máli og stóru, að slengja fram í fundarbyrjun brtt., sem raska stórkostlega frv., og gefa þingmönnum, þrátt fyrir ítrekaðar óskir, ekki einu sinni tveggja stunda ráðrúm til að athuga brtt. í þessu viðkvæmasta máli, sem þingið hefir til meðferðar.

Hv. þm. kvað ýms ríki hafa svona ákvæði um úthlutun uppbótarsæta. Ég er að vísu ekki eins kunnugur þessu og hv. 1. landsk. En mjög þykir mér það ótrúlegt, að mörg séu þau ríki, er hafi þau ákvæði um úthlutun uppbótarsæta, sem sjáanlega framkvæmast þannig, að þau koma að engu gagni. Ég skal aðeins nefna eitt dæmi til rökstuðnings. Svo segir í stjskrfrv. því, sem fyrir okkur liggur, viðvíkjandi frambjóðendum flokks, sem landslista hefir, að það skuli a. m. k. annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins utan Reykjavíkur. Og tilgangurinn virðist vera sá, að með þessu móti sé tryggt, að a. m. k. helmingurinn af þeim uppbótarsætum, sem kunna að falla einum flokki í skaut, sé skipaður mönnum, sem hafa verið í framboði við kjördæmakosningar og hafa hlotið mörg atkv., en þó ekki nógu mörg til að ná kosningu. En engin trygging er fyrir því, að svona verði. Flokkur gæti þvert á móti stillt þannig á lista, að setja í efstu sætin, sem skipuð skulu frambjóðendum utan Rvíkur, mjög álitlega frambjóðendur, sem vissir eru að komast að í kjördæmum og koma þess vegna ekki til greina þegar ræða er um uppbótarsætin. Svona mætti halda áfram, setja fyrst þá vissustu, síðan þá næstvissustu koll af kolli. Þannig yrði ærið lítið gagn að þessu ákvæði til að ná því markmiði, sem virðist vera tilgangurinn, að helmingur uppbótarsæta sé skipaður mönnum, sem góðs trausts njóta úti í héruðum. Ég trúi trauðlega, að það séu mörg ríki, sem hafa slík ákvæði í sinni stjskr., sem sjáanlega er hægt að fara í kringum og gera áhrifalaus.

Þá var hv. 1. landsk. eitthvað að benda til þess, að líkt ákvæði hefði verið í upphaflegum till. Framsfl. Ég býst við, að hv. þm. eigi við till., sem kom fram í fyrra. En fyrst og fremst var þar ákveðið, að uppbótarsætin skyldu eingöngu koma til jöfnunar milli flokka utan Reykjavíkur. Þar með var allmikið sagt. En svo var í því frv., sem þá lá fyrir, gengið út frá því, ef mig minnir rétt, að uppbótarsætin skyldu einmitt falla í skaut frambjóðendanna. A. m. k. kom þetta glögglega fram í grg.; það var talað um, að það skyldu vera svo og svo margir þm. á þessu eða hinu svæði á landinu. En Framsfl. mun ekki í sínum till. hafa vikið neitt að því, að það skyldi hafa sérstakan lista á þennan hátt, heldur aðeins, að hann vildi ekki kalla þm. uppbótarþm., heldur landskjörna þm. Það var allt og sumt. Svo voru uppbótarsæti helmingi færri; fyrirkomulagið skipti því minna.

Þá sagði hv. þm., að uppástunga stjfrv. hefði verið meingölluð, vegna þess að fámennustu kjördæmin hefðu getað komið til með að hafa uppbótarsæti. Ég skal játa, að þetta hefði getað komið fyrir. En það var ósköp einfalt að setja undir þennan leka, t. d. að ákveða, að kjördæmi, sem ekki hefði fleiri en svo og svo marga kjósendur á þm., sem því bæri, fengi ekki uppbótarsæti.

Þá var hann að tala um það, að það eina, sem hneykslaði — (**JónÞ**: Ég nefndi ekki hneykslið.). Getur verið, að hann hafi ekki haft svo stórt orð, en það, sem honum þótti ámælisvert, er óhætt að segja, það er, að banna skyldi hlutfallskosningu í kjördæmum, sem hafa fleiri en einn þm. Ég segi fyrir mig, að ég tel þetta út af fyrir sig ekkert ámælisvert, vegna þess að við vitum, að hlutfallskosning nýtur sín illa þar, sem ekki á að kjósa nema tvo menn. En þrátt fyrir það er þetta atriði, sem ég fyrir mitt leyti hefi

talið athugandi sem eina leið til að komast hjá of mikilli þingmannafjölgun.

Að síðustu kom sú játning hjá hv. 1. landsk., að þetta myndi hafa komið inn sem nokkurskonar sárabætur fyrir hans flokk og hinna, sem hafa gert það mikla sómastrik að fækka uppbótarsætum um eitt. Breytingarnar mættu ekki vera einhliða í þágu Framsóknarfl., að mér skildist, og fengju því sjálfstæðismenn til uppbótar að ráða þessu. Ég er nú ekki viss um, að allir þeirra góðu menn úti um landið séu svo tiltakanlega lukkulegir með þessa verzlun.

Þá sagði hv. þm., að sanngjarnt væri, að flokkar réðu sjálfir, hverjir uppbótarsætin skipuðu. En mér finnst sanngjarnt, að kjósendur ráði því sjálfir; m. ö. o., að mennirnir, sem uppbótarsætin hljóta, verði að hafa fengið verulegt traust meðal kjósenda. Ef einhver flokksstjórn hér í Reykjavík á að velja mennina á landslistann, þá getur einatt svo farið, að þeir menn komist á þing, sem hafa ekki traust neins verulegs hluta þjóðarinnar — máske ekki nema traust fámennrar flokksklíku í Reykjavík —, en aðrir, sem eiga mikið fylgi hjá kjósendum flokksins, þó að ekki nægi alveg til að tryggja sæti við kjördæmakosningu, verði með öllu útilokaðir. Þetta finnst mér mjög illa ráðið og mjög óheppilegt fyrir landsbyggðina.

Loks minntist hv. þm. á það, að óánægja mín myndi líða hjá. Ja, hann fær sjálfsagt að sjá það, hvað mikið hún líður hjá, ef þetta gengur fram eins og það stendur nú. Reynslan sker úr því. En hitt veit ég, að hvað mikið sem ég er af vilja gerður, þá sé ég mér ekki fært að lagfæra í kosningalögum þær misfellur, sem orðnar eru, ef þetta stendur óraskað í stjórnarskránni.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Hv. 3. landsk. hélt fram, að ákvæðið um skipun sæta á landslista væri þannig í frv., að það yrði ofur auðvelt að fara í kringum lögin í reyndinni. Og hann rökstuddi það með því, að þeir af frambjóðendum, sem eru í kjöri í kjördæmum utan Reykjavíkur, gætu náð þar kosningu, og kæmu þá auðvitað ekki til greina við úthlutun sæta til frambjóðenda á landslista. En ég lít svo á, sem í þessu felist nokkur misskilningur. Ég lít svo á, sem tilgangurinn með þessu ákvæði um að heimta, að annarhver maður á landslista væri í kjöri í kjördæmi utan Reykjavíkur, sé sá, í sambandi við önnur ákvæði frv., að girða fyrir það, að nokkur flokkur geti tekið upp landslistakosningu einsamla eða einhliða. Ef aðeins hefði verið heimilað að hafa landslista, án þess að setja nokkur frekari ákvæði þar um, þá hefði náttúrlega tilhögunin getað orðið svipuð því, sem hún er nú í Hollandi. Þar eru ákvæði stjskr. og kosningalaganna þannig, að hver flokkur, sem vill, geti gert kosninguna fyrir sitt leyti að landslistakosningu með sameiginlegum lista fyrir öll kjördæmin í landinu. Þetta er fyrirgirt með því ákvæði, sem hv. 3. landsk. bendir á, að hægt sé að fara í kringum. En þetta er einmitt ekki hægt að fara í kringum. Það getur enginn flokkur eftir þetta komið því við að láta fyrirfarast að hafa frambjóðendur í kjördæmunum og láta sér nægja að safna atkvæðum á landslista, sem annars væri auðvelt að gera, svo að segja að öllu leyti, fyrir hvern þann flokk, sem hefir fylgi sitt svo dreift um allt land, að hann á ekki von á því að vinna þingsæti við kjördæmakosningu.

Hv. þm. vildi dálítið vefengja það, sem ég sagði, að fyrsta uppástungan um að taka jöfnunarsæti á landslista væri borin fram af Framsfl. En það er rétt, og hitt ekki, sem hann hélt fram, að þessari till. hefði fylgt það, að landslistaframbjóðendur ættu að vera í framboði í kjördæmum, því að á það er ekki minnzt einu orði í till., sem ég nefndi, eins og hún upphaflega var borin fram. Það er þannig, að „ákveða má með lögum, að bætt verði við allt að 5 landskjörnum þingmönnum, ásamt varamönnum þeirra. Skal þeim þingsætum varið til jöfnunar milli stjórnmálaflokkanna í þeim kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum". En hitt er ekki áskilið, að neinn af þeim mönnum, sem á landslista tækju sæti, hafi verið frambjóðandi í neinu kjördæmi í landinu. Það er þess vegna alveg rétt, sem ég sagði, að fyrsta uppástunga um þetta er frá Framsfl. hér í þinginu, og er ekkert við það að athuga, því að þetta er aðferð, sem tíðkast annarsstaðar og auk þess minnir nokkuð á

hluta af núgildandi kosningaaðferð hér, sem ég verð að segja, að hefir ekki reynzt þann veg, sem hv. 3. landsk. nú vill halda fram, að hætta sé á, að þetta ákvæði reynist. Hann heldur því fram, að hætta sé á, að kjósendur fái ekki að ráða því sjálfir, hvaða menn eru settir á landslista, og telur hætt við, að þar verði menn, sem ekki njóti neins trausts. Ja, hvað hefir nú verið um tilsvarandi kosningar í landinu undanfarin ár? Hefir það verið reynslan, að flokkarnir settu á landslista menn, sem ekki njóta neins trausts hjá þjóðinni? Ég veit, að það situr ekki á okkur hv. 3. landsk., sem báðir höfum verið á slíkum lista og hlotið við það þingsæti, að vera sérstaklega að benda á, að landskjörnir þm. njóti lítils trausts hjá kjósendum. Benda má á það, að af þeim 6 landsk. þm., sem nú eru, eru tveir flokksformenn og einn fyrrv. flokksformaður. Og óhætt er að segja um hina alla, að þeir njóta ekki minna trausts þingmanna en kjördæmakosnir þm. upp og ofan. Þar vil ég sízt undanskilja hv. 3. landsk., sem vitað er um, að þótt hann væri lítilsigldur sem stjórnmálamaður, þegar hann var settur á lista, þá hefir hann með framkomu sinni síðan unnið sér mikið traust sinna flokksmanna.

Nei, það er engin raunveruleg hætta á því, að flokkarnir séu svo einfaldir að setja á landslista sína menn, sem ekki njóta trausts hjá kjósendum í landinu. Sú mótbára gegn þessari uppástungu er bara algerður hugarburður.

**Jón Baldvinsson:** Ég ætla aðeins að víkja að því, sem hv. 3. landsk. minntist á um afgreiðslu Nd. á stjórnarskrárfrv. Hann hefir ekki átt nógu sterk orð til að lýsa því flaustri og þeirri óbilgirni, sem deildin hafi átt að sýna með því að neita um tveggja stunda hlé. Hv. þm. lýsti ennfremur, að till. hefði komið fram um hádegi, sem samþ. var seinna sama dag. Þetta er rétt að vísu, en aðeins að forminu til. En samskonar till. eða með svipuðum ákvæðum hafði komið fram í deildinni 18. maí. Hún kom til umr. 24. maí, eða í fyrradag. Svo að þessar ákúrur þm. falla alveg um sjálfar sig. En það getur verið, að í öllu þessu moldviðri af þingskjölum hafi þetta farið framhjá hon-

um. Þessi breyt. á till. frá 18. maí er ekki annað en till. um að verða við ósk Framsfl. um að tryggja það ennþá betur, að frambjóðendur, sem koma á landslista, verði í kjöri í kjördæmum úti um landið. Að öðru leyti hefir till. legið fyrir í hart nær viku, svo að ekki þýðir að tala um flaustur Nd. Venjan er nú, að þm. hafa ekki lengri tíma, þegar líður á Alþingi, til þess að átta sig á till. og málum, heldur en vikutíma. Það er algengast, að till., og það stórvægilegar, komi daginn áður eða sama daginn og þm. verða að taka afstöðu til þeirra.

Annars gleður það mig, að það var ekki ætlun hv. 3. landsk. að fara í kringum ákvæði stjskr. í kosningalögunum. Hann þykist nú hafa meint það, að óska aðeins eftir því, að ákvæði stjskr. séu vel úr garði gerð. En mér skildist hann í fyrri ræðu sinni telja, að fara mætti í kringum þessi ákvæði stjskr.; en það held ég sé ekki hægt.

**Jón Jónsson:** Það kom fram afarmerkileg upplýsing í ræðu hv. 1. landsk., eftir því sem hún kemur mér fyrir sjónir í augnablikinu, að með þessu landslistafyrirkomulagi er búið að vinna á hvorki meira né minna en það, að nú þarf flokkurinn ekki nema fimm þm. í kjöri utan Reykjavíkur; öllum hinum geta þeir smellt á landskjörslista. Þetta ákvæði á þá aðeins að tryggja, að alltaf séu einhverjir frambjóðendur í kjördæmum. Þetta virðist alveg skýrt af ræðu hans.

Þá kvað hv. þm. landskjörið sýna annað en það, að landsk. þm. hefðu lítið traust. Það situr náttúrlega illa á okkur að segja, að við höfum ekki ágætt traust. En það er öðru máli að gegna um núv. landskjör, sem bundið er við ákveðnar persónur. Þá þýðir vitanlega ekki að sýna aðra en þá, sem líklegt er, að hljóti nokkurt traust. Þó hefir reynslan einhvern veginn orðið sú hjá andstöðuflokkum Framsfl., að komizt hafa fyrst og fremst að menn úr Reykjavík og þeir, sem hafa áhuga á málum Reykjavíkur. (**JónÞ:** En Framsókn?). Hún hefir miklu fremur haft þá menn, sem höfðu aðalfylgi úti um sveitir; er ég skýlaust dæmi um það, að Framsókn gengur ekki framhjá bændum landsins í vali á landskjörs-

lista. En ég veit ekki til, að í seinni tíð hafi nokkur bóndi komið af lista hinna flokkanna.

Nú vil ég taka eitt dæmi til skýringar um landslista. Ég tek það þar, sem ég þekki bezt til, í Austur-Húnavatnssýslu. Þar hefir verið í framboði þjóðkunnur maður. Vera má, að margir Húnvetningar vildu gefa honum atkv. sín í þeirri trú, að hann næði kosningu. Þessi maður hefir fallið fyrir hæstv. forseta okkar. Hvað verður þá um atkvæðin, sem Sjálfstfl. hefir greitt Þórarni Jónssyni? Þau eru greidd einhverjum manni í Reykjavík, sem e. t. v. engum Húnvetning dytti í hug að kjósa. Þetta dæmi á ekki aðeins við um Húnavatnssýslu, heldur getur líkt staðið á um allt land. Þetta horfir því mjög mikið öðruvísi við en með núv. landskjör.

**Jón Þorláksson** [óyfirl.]: Það er auðséð, að fjölmennir flokkar, sem eiga von á mörgum þingsætum, gætu ekki fallið fyrir þeirri freistingu að setja landslista og hafa svo framboð í einu eða tveimur kjördæmum (**JónJ**: Þeir geta það.), vegna þess að það er útilokað, að nokkur flokkur geti náð fleiri þingsætum en stjórnarskráin heimilar. Tökum t. d. Sjálfstfl., sem gerir sér von um að fá yfir 20 þm. Fyrir hann getur ekki verið nein freisting að gera sína kosningu að nokkurnveginn einhliða landskjöri, því að hann getur ekki unnið sinn þingsætafjölda með því. En t. d. kommúnistar gætu, ef ekki væri þetta ákvæði um að hafa annanhvern landslistamann í kjöri utan Reykjavíkur, látið sér nægja að hafa framboð þar, sem þeir teldu sér nægilegt til að vinna þingsæti, sem þarf til þess að verða þingflokkur, og hafa svo bara landslista. En þetta er fyrirbyggt með frv. eins og það er nú. Hv. 3. landsk. minntist á, að hinir flokkarnir — Sjálfstfl. og Alþfl. — hefðu miðað sitt framboð við Reykjavík aðallega og haft þá menn í kjöri, sem hefðu mikið fylgi þar, en þetta væri allt öðru máli að gegna um Framsfl. og benti á sjálfan sig sem dæmi. Ég þarf ekki að minna á það, að hv. 3. landsk., sem er bóndi og sómi sinnar stéttar, var 2. maður á landslista Framsfl. við sömu kosningar og Þórarinn á Hjaltabakka, sýslungi hans, sem líka er prýði sinnar stéttar, var 2. maður á lista Sjálfstfl. Og á báðum listunum var efsti maðurinn kaupstaðarbúi, og höfðu þeir alið allan sinn aldur í kaupstað og hvorugur stundað búskap meira en hinn. Við hinar kosningarnar var efsti maðurinn hv. 5. landsk., sem hér má sjá og er rótgróinn Reykvíkingur, sem hefir alið hér aldur sinn frá því hann tók til starfa í lífinu. Það benda ýmsar ástæður til þess, að það er erfitt að ganga alveg framhjá kaupstöðunum við þessar kosningar, jafnvel fyrir þann flokk, sem leitar nú einna helzt eftir atkvæðum hjá bændastéttinni. Um slíkt er ekkert að fást. En það stendur fast, að sú hætta hefir ekki komið fyrir, að þeir menn væru settir á landslista, sem ekki nytu trausts kjósenda í landinu, og þá fyrst og fremst kjósenda, sem styðja þessa flokka. Það er því ástæðulaust að vera að gera sér grillur um, að þetta muni breytast, þótt landslistatilhöguninni sé haldið.

**Jón Jónsson**: Ég skal ekki misnota leyfi hæstv. forseta til þess að gera aths. Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi benda á. Ég sé ekki neitt í þessu stjskrfrv., sem bindi, hvað marga menn megi hafa í kjöri á landslista, og þess vegna sé ég ekki annað en að það sé eins fært fáum stórum flokkum að binda sig við landslista, að öðru leyti en þessi 5 sæti, ef þeir vilja snúa kosningunni þannig.

**Jón Baldvinsson**: Hv. 3. landsk. verður að athuga það, að ef Sjálfstfl., sem hefir 15 menn á þingi, sneri því yfir í landslista, gæti hann aldrei átt von á að fá nema 11. (**JónJ**: Hvar stendur það?). Ef hann fengi engan mann kjördæmakosinn, þá fengi hann einungis jöfnunarsæti, og sjálfs sín vegna gerði hann það ekki. Þar að auki myndi Alþfl. keppa við Sjálfstfl. um jöfnunarsætin og ná einhverjum þeirra, svo að líklega myndi Sjálfstfl. með því móti fella sig niður í 7—8 þingsæti. Annars skal ég segja hv. 3. landsk. til áréttingar, að frsm. stjskrn. í Nd. og form. hennar, Bergur Jónsson þm. Barð., lýsti yfir því við 2. umr. málsins, að meiri hl. stjskrn. væri hlynntur till. Alþfl. um landslista, er þá kom fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til stjskrn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 84. fundi í Ed., 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 793, n. 818 og 831, 838, 861).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 861. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Meiri hl. stjskrn. hefir skýrt frá því í nál. á þskj. 818, að hann mælir með því, að þetta frv. til stjórnskipunarlaga verði samþ. óbreytt. Þótt meiri hl. geri þessa till., þá ber ekki að skilja það svo, að nefndarmennirnir séu ánægðir með öll einstök ákvæði frv. En fyrir því áliti hefir verið gerð svo rækilega grein bæði í umr. hér á þingi og ekki síður utan þings, að ég sé enga ástæðu til að lengja þessa umr. með því að endurtaka það nú. Till. okkar um, að frv. verði samþ. óbreytt, byggist fyrst og fremst á því, að við teljum, að í sinni núv. mynd eigi það að geta fengið fullnaðarafgreiðslu frá þinginu, þar sem það var samþ. með svo yfirgnæfandi atkvæðafjölda í hv. Nd., 23 atkv. gegn 3, að ég ætla.

Því miður gat n. ekki öll orðið samferða um þessa till., og það liggja fyrir brtt. frá hinum 2 nm., hvor á sínu þskj., 831 og 838. Báðar þessar till. fela það fyrst og fremst í sér að draga úr ákvæðum frv. um jöfnun milli þingflokkanna með uppbótarsætum, og það er farið fram á í báðum till. að draga að verulegum mun úr þeirri jöfnun, sem í frv. felst. En nú er það einmitt einn af göllum frv. eins og það liggur fyrir, að sú jöfnun, sem frv. býður upp á, er ónóg, og þegar af þeirri ástæðu er það algerlega óaðgengilegt fyrir meiri hl. að ganga að því að rýra þessa jöfnunarmöguleika til muna fram yfir það, sem í frv. er, eins og þessar brtt. báðar fara fram á. Báðar till. lágu fyrir í n. og gekk atkvgr. um þær, svo ég hefi umboð til þess að lýsa því yfir f. h. meiri hl. n., að hann telur sig þeim andvígan.

Hér á fundinum er útbýtt brtt. á þskj. 861 frá hv. 3. landsk. (JónJ), sem n. hefir ekki haft til meðferðar, og ég hefi því ekki umboð til að taka afstöðu til hennar f. h. meiri hl. n., en ég get fyrir mína hönd sagt það, að þar sem hún felur í sér þrengingu á því frjálsræði, sem kjósendum er boðið upp á að því er snertir skipun landslistans eftir frv., þá sé ég ekki neina réttmæta ástæðu til þess að aðhyllast hana.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Það er nú ekki mikill munur á till. okkar hv. 2. þm. Árn., en af því að við gerðum í n. hvor sína till., þá fannst okkur rétt, að það kæmi fram, og þá hlýtur mín till. að koma fyrr til atkv., af því að hún gengur lengra en hin. Í þessari till. er haldið sér að því, sem við framsóknarmenn lögðum til á þinginu í fyrra, aðeins sá munur, að þá var gert ráð fyrir, að Reykjavík hefði 8 fulltrúa og ætti þá ekki aðgang að uppbótarsætum. En nú hefi ég lagt til, að Reykjavík hafi 7 fulltrúa og hafi rétt til uppbótarsæta. Breyt. er öll í þessu fólgin, og ef a-liður er felldur, þá eru hinir liðirnir fallnir þar með.

Alveg gagnstætt hv. 1. landsk. lítum við margir framsóknarmenn þannig á, að það sé ekki ástæða til að fjölga þm. meira en upp í 45. Það svaraði nokkurnveginn til fólksfjölgunar, sem orðið hefir síðan 1920, þegar fjölgað var þm. um 2. Með þessari till. mun nokkurn veginn vera séð fyrir jafnrétti milli flokka og stefna, sem eru í landinu. Við, sem stöndum að þessari till., álítum, að af frv. eins og það er samþ. í Nd. verði óþarflega miklar breyt. og það sé ekki aðeins ástæðulaust að ganga svona langt, heldur geti það líka verið hættulegt, að það verði óþarflega miklar byltingar og straumhvörf í þjóðlífinu. Og það sannast, ef frv. er samþ. eins og það er nú, að þá er þungamiðja hins pólitíska valds komin í annan stað en verið hefir frá því að endurreisn Alþingis byrjaði.

Ef þessi till. mín verður felld og till. hv. 2. þm. Árn., þá mun ég ekki sjá mér fært að greiða atkv. með frv., en ég mun heldur ekki greiða atkv. móti því, af því að mikill meiri hl. framsóknarmanna hefir tekið þá ákvörðun að vera með því, og ég vil ekki greiða atkv. móti því, sem meiri hl. framsóknarmanna hefir gengið inn á.

**Frsm. 1. minni hl. (Magnús Torfason):** Ég hefi ekki farið lágt með skoðun mína í þessu máli; hún mun bæði hv. þm. og kjósendum kunn. Ég get því sparað mér allan inngang um þetta mál og strax snúið mér að frv. eins og það er.

Það er auðséð, að það er samkomulag um aðalkjarna þessa frv. hér á þinginu. Það er samkomulag um að bæta nokkrum viðbótarsætum við til þess að jafna atkv. á milli kjördæmanna. Ég býst við, að í sjálfu sér séu allir þm. með þessu. En það er eins og oft vill verða, að þó að eitthvað sé rétt í sjálfu sér og æskilegt, þá rekur það sig á aðra hluti í lífinu, svo það er ekki hægt að fylgja því út í æsar. Eins og við vitum, þá er ekki nær alltaf, jafnvel sjaldnast, sérstaklega í stjórnmálum, fylgt stefnum út í æsar, heldur er stefnan takmörkuð sökum þess, að það rekur sig á lífið sjálft. Og alveg eins er hér á komið með þessa stefnu, að *jafna sem mest þingsætunum*; hún rekur sig á lífið sjálft; hún rekur sig á það, að eitt kjördæmi landsins er svo afarstórt samanborið við fólkstölu, að það er ekki unnt að fullnægja kröfu þess kjördæmis að fá full jöfnunarsæti, nema með því að reka sig á annað „princip", á aðra lífsreglu, og hún er sú, að öllum sé vært í sömu stiunni. Að þetta sé ekki sagt út í bláinn, sannast á því, að frá því að stjórnskipunarl. fyrst voru lögleidd sem heild, þá er þessa atriðis sérstaklega gætt. Ég þarf ekki annað en að benda á, að þegar Bandaríkin fyrst voru stofnuð, þá varð ofan á, þó þar sé afarmikill munur á mannfjölda í hinum ýmsu ríkjum, að hafa aðra d. þingsins þannig skipaða, að jafnrétti væri í smáum og stórum ríkjum. Og þessu skipulagi hafa Bandaríkin haldið enn, þó munurinn á ríkjunum hafi orðið meiri og meiri. Hér í álfu hafa líka önnur ríki sett undir þennan leka. Frakkar gerðu það eftir ófarirnar 1870—71. Þá skipuðu þeir þingið þannig, að stóru borgirnar gætu ekki haft yfirhöndina með atkvæðamagni sínu.

Þegar þýzka keisaradæmið var stofnað, þá var þessa líka gætt. Samkv. atkvæðamagni átti Prússland að hafa 35 af 54 mönnum, sem voru á furstaþinginu, því íbúarnir þar voru 39 millj., en um 60 millj. íbúar alls í ríkinu. En það varð svo að lokum, að Prússar létu sér nægja 17 af 54, m. ö. o., þeir minnkuðu sinn hluta um meira en helming. Og það var blátt áfram af því, að hin ríkin hefðu ekki fengizt til þess að ganga í samband við Prússa, ef þeir hefðu ráðið svo miklu. Nú þegar síðustu kosningalög í þýzka ríkinu voru samþ., en þau eru mjög frjálsmannleg í alla staði, þá er þessa sama gætt, þannig að í sumum ríkjunum er kosningarrétturinn fimmfaldur á við kosningarrétt í Prússlandi. Það þykir nauðsynlegt að sjá um, að smælingjarnir verði ekki undirtroðnir. Mér finnst satt að segja, að þetta, sem ég hefi talið, ætti að vera nóg til þess að sýna og sanna, að okkur hér mundi ekki vera síður þörf á því að gæta sömu reglu um þetta.

Eftir þessar almennu aths. skal ég snúa mér að brtt., og þá er þess fyrst að gæta, að þar stendur, að þingsætin eigi að vera allt að 49. Það þýðir á réttu máli 48 mest. Jafnvel nú á þinginu höfum við orðið að breyta l., sem voru þannig orðuð. Það stóð í bifreiðaskattsl. „allt að 3", en við nánari athugun sáu menn, að 3 voru útilokaðir, og því varð að breyta l. Þetta kemur einnig fyrir í aukatekjul. og tekjuskattsviðbótinni. Ég þykist því mega ganga út frá því, að þm. samkv. þessu verði ekki nema 48. En svo er ennfremur þess að gæta, að samkv. þessu ákvæði er alls ekki sagt, að kosningal. þurfi að setja 48 þm. Stjórnarskráin gerir ekkert annað en að heimila þinginu með almennum kosningal. að setja töluna upp í 48, en þingið getur ráðið, hvort það vill fara svo langt. Þetta er sannkallaður meingalli á frv. frá sjónarmiði Sjálfstfl. og Jafnaðarmannafl., og skil ég satt að segja ekkert í því, að þeir skyldu vera svona slyppifengir að koma þessu inn, og það því fremur, sem tala þm. er ákveðin í gömlu stjórnarskrárl. Þess vegna verður maður að líta þannig á, að úr því að orðalaginu var breytt á þennan hátt, þá hljóti það að þýða og geti ekki þýtt annað en að talan sé óákveðin. Þess vegna er það, sem ég hefi viljað bæta upp á þetta frv. einmitt fyrir hönd sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna, og þykist eiginlega vera að reka þeirra erindi hér í d. (**JónÞ:** En gerir það

bara heldur illa!). Við skulum nú koma að því seinna. Í raun og veru er það fyrst af þeirri ástæðu, að frv. er betra fyrir jafnaðarmenn og sjálfstæðismenn, og það er líka betra fyrir það, að í næstu brtt. minni er sagt, að þm. Reykjavíkur skuli vera 7. Og þetta er gert af ásettu ráði, vegna þess, að ég fyrir mitt leyti vildi, að þessi breyt. á stjskr., sem nú á að samþ., gæti orðið varanleg, a. m. k. til næstu ára, helzt þangað til 1943, því eftir það ár er búizt fastlega við því, að það þurfi að breyta stjskr. hvort sem er. Í öðru lagi er ekki lítið til þess vinnandi að fá slíkt deilumál eins og þetta útkljáð þannig, að við það mætti una og að ekki væri líklegt, að það væri hægt að vekja óánægjuöldu út af þeim ákvæðum.

En þá skal ég koma að því, að 46 þingsæti, þó maður taki ekki tillit til uppbótanna, eru jafngóð og 48 þingsæti. Við vitum það, að frv. þetta og krafan, sem þar er farið fram á um aukningu þingsæta, er beinlínis gerð til þess að narta það mörgum þm. af Framsfl., að hann geti ekki orðið í meiri hl. En þeim tilgangi er jafnt náð, hvort sem þm. eru 48 eða 46. Ef þm. eru 48, þá verða d. að skiptast þannig, að 16 verði í Ed., en 32 í Nd. Til þess að flokkur geti haft meiri hl. í báðum d., þarf hann þess vegna að hafa 26 atkv., og Framsfl. má fyrir engan mun fá meira en 22 atkv. En til þess að hafa meiri hl. í hvorri d. fyrir sig, verður flokkurinn að hafa 17 atkv. í annari d. og 9 í hinni, en 9 + 17 = 26 og 48 ÷ 26 = 22. Þó að talan sé færð niður í 46, þá kemur það sama út. Þá þarf meiri hl. ekki að hafa nema 24 atkv. (16 + 8) og Framsfl. má ekki fá nema þau sömu 22 atkv. M. ö. o., ef Framsfl. í hvoru tilfellinu sem er nær 23 sætum, þá hlýtur hann að hafa stöðvunarvald í annarihvorri d. Þess vegna er það sem ég segi, að það sé jafnvel betra fyrir Sjálfstfl. og Jafnaðarmannafl. að samþ. þessa 46. Ég veit vel, að það hefir verið rifizt mikið um þingmannatöluna í öllum þeim orrahríðum, sem orðið hafa út af þessari kröfu um aukin þingsæti. En ég er ekki í vafa um það, að þegar kosið yrði eftir þessu fyrirkomulagi í fyrsta sinn, þá mundu menn sjá, að hér er rétt að farið. Ég tel líka, að það bæti bæði Sjálfstfl. og Jafnaðarm.fl. engu síður en Framsfl. að hníga að þessu ráði, að taka heldur lægri töluna, því það er víst, að stórmikill meiri hl. þjóðarinnar er á móti því, að þm. verði fjölgað svo mikið. Ég hygg, að það sé óhætt að fullyrða, að meiri hl. þjóðarinnar sé í sjálfu sér með því, að þm. verði alls ekki fjölgað og hefði kosið, að það hefði verið farin allt önnur leið til þess að ná þessari jöfnun. Ég er ekki í vafa um það, að þegar til kosninga kemur, þá muni það hafa talsverð áhrif þetta, að menn eru að spenna þm.töluna fram yfir það, sem þörf er á. Ég fyrir mitt leyti álít það hreina og beina skyldu þingsins að gera ekki meira að því að fjölga þm. en full þörf er á, m. a. út af því, að það mundi spara bæði tíma og fé. Tími þingsins er dýrmætur, en það vitum við, að því fleiri menn sem sitja á þingi, því meira verður málskrafið. Það mundu mest verða þm. Reykv., sem fengju þessi viðbótarsæti, sem farið er fram á, en eins og við vitum, þá er mærðin í þm. Reykv. margfalt meiri en mærðin í þm. utan af landi. Ég er ekki að segja þeim þetta neitt til lasts. Þetta er ekki nema eðlilegt í sjálfu sér, því að þingið er háð á þessum stað, og ég held, að það sé ekki hægt að segja, að ég fari með neinar ýkjur, þó að ég haldi því fram, að það sé ekki svo sjaldan verið að tala hér til pallanna, en ekki til þingmannanna. En heyrnartólin hafa hingað til ekki verið svo næm út um byggðir landsins, að heyrzt hafi til þingmanna hér úr þingsalnum, jafnvel þó að við höfum brýnt röddina. Það leggur sig líka sjálft, að það er fyllsta ástæða til þess og skylda að hafa þingsætin ekki fleiri heldur en minnst verður komizt af með, þar sem þingmannafjöldinn í samanburði við íbúa landsins er hér miklu meiri heldur en í nokkru öðru menningarlandi. Svo miklu meiri, að við höfum 10 til 20 sinnum færri kjósendur á hvern þm. heldur en í nokkru öðru landi, og þá sérstaklega þar sem taka verður tillit til þess, að þetta er fátækasta landið í álfunni og þyrfti þess vegna að spara allan kostnað af stjórn landsins hvort sem er fram yfir það, sem er hjá öðrum þjóðum. En þessi langa halarófa af uppbótarþingsætum, getur líka orðið hinum flokkunum, sem

að þessu standa hér á þingi, hættuleg. Það eru að renna hér upp flokkar til beggja handa við þingflokkana, sem ég veit ekki, hvort þingflokkarnir óska sérstaklega eftir að fái aðstöðu til þess að komast hér inn á þing. En með því að hafa þingsætin svona mörg er gerð gylling til þess að fjölga flokkum í landinu, en þar, sem kosningum hefir verið hagað þannig, að menn gætu auðveldlega komið upp mörgum flokkum, hefir þetta í flestum löndum farið út ur þúfur. Í 2 löndum, þar sem svo hefir hagað til, að smáfl. hafa komizt í algleyming, hafa þjóðirnar sjálfra sín vegna orðið að taka til hnefans til þess að losna við ófögnuð þennan. En það er þetta, sem þingflokkarnir eru að styðja að með því að hafa þingsætin sem flest. Það er alveg víst, að slíkir smáflokkar verða aldrei annað en lands og lýða tjón, og það má taka það mjög til greina, að þing Íslendinga hefir verið hingað til laust við slíka flokka, sem ekki vilja hlýða lögum og landsrétti, og ég lít svo á, að það sé mikið í það varið og mikið fyrir það gerandi, að þessum stjórnskipunarlögum verði þannig hagað, að slíkt geti ekki komið fyrir. Við verðum í því sambandi að muna eftir því, að þingið er háð hér á þessum stað, og muna eftir því, að það er nú einu sinni komið á rekspöl að reyna að hafa áhrif á þingið með því að kúga það. Þetta er illt út af fyrir sig, en verra verður það þegar fulltrúar slíkra flokka eru komnir á þing.

Ég vænti þess vegna svo góðs af þessari hv. d., sem hefir átt það hrós skilið, að vilja halda uppi núv. þjóðskipulagi og yfirleitt verið varfærnari á öllum sviðum heldur en hin deildin, að hún gæti þess vandlega, að ekkert spor verði stigið, sem gæti leitt til ógagns.

Ég vona, að þessari hv. d. auðnist að bæta nú þetta frv., og á þann hátt, sem ég hefi bent á. Ég hefi ekki trú á því, að mínar till. verði drepnar, fyrr en ég tek á því. (**JakM**: Lítil er trú þín!).

**Jón Jónsson**: Ég benti á það við 1. umr. þessa máls hér í d., að á afgreiðslu þess í Nd. hefðu að minni skoðun orðið alvarleg mistök. Ég hefi leyft mér á þskj. 861 að flytja brtt. til þess að ráða bót á þeim meingöllum, sem á frv. eru, og því trúi ég vart fyrr en ég tek á, að flestir góðir menn í deildinni og þinginu í heild vilji ekki verða hjálplegir til að koma þeim fram.

Það hefir mikið við þessa umr. málsins verið talað um réttlæti, um það, að allir þegnar þjóðarinnar þyrftu að hafa sama rétt til kosninga á þingið, og er margt til í því. En það brestur á í mörgum myndum það réttlæti. Ég álít það mest vert, að þegnar þjóðfélagsins, hvar sem þeir eru settir á landinu, hafi jafnt áhrifavald á þingið, en það er ekki eingöngu komið undir því, hvort þingfulltrúarnir eru í samræmi við kjósendafjölda eða ekki, því að það er margt annað, sem kemur til greina. Eins og hv. 2. þm. Árn. benti á, þá er því ekki að neita, að fjölmennið hefir betri aðstöðu til þess að koma fram áhrifum á þingið, einkanlega þegar fjölmennið safnast saman utan um þingstaðinn, og ég vil benda á það, að með þessu fyrirkomulagi á þessu frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt þessu fjölmenni hér í Reykjavík tryggður miklu ríkari réttur heldur en öðrum þegnum þjóðfélagsins, þar sem ég get ekki annað séð en því sé beinlínis tryggður þriðjungur þingfylgis. Eins og ég sýndi ljóslega fram á við 1. umr., þarf ekki að fara svona langt til þess að jafna á milli flokkanna, eftir því sem kröfur hafa verið fyrir hendi. Það er hægt á þann hátt, sem ég benti á. En með mínum till. um landslistafyrirkomulagið er héruðunum úti um land tryggður meiri réttur heldur en eftir hinum, þar sem í mínum till. er tilskilið, að fulltrúar í uppbótarsætin skuli valdir úr hópi þeirra manna, sem hafa boðið sig fram í kjördæmum utan Reykjavíkur, í hlutfalli við kjósendafjölda hvers flokks. Þetta gerir flokkunum jafnara undir höfði og tryggir jafnframt héruðunum úti um landið jafnara áhrifavald á þingið. Þetta er hér gert á ýmsan hátt í mínum till. Fyrst og fremst er meiri trygging í því, að um ákvörðun listanna hafi æðsta vald þingflokkarnir í heild, en ekki einungis miðstjórnir flokkanna, sem venjulega eru skipaðar mönnum hér í Reykjavík. Í öðru lagi truflar mitt fyrirkomulag miklu minna kjördæmakosningarnar heldur en eftir því frv., sem hér liggur fyrir, því að það virðist vera ætl-

unin eftir frv., að kjósandi ráði, hvort hann kýs frambjóðanda í kjördæmi eða landslista eingöngu. En eftir mínum till. er bundið við það, að í þeim kjördæmum, sem flokkur hefir frambjóðendur, geti hann ekki haft landslista. Ef hitt fyrirkomulagið væri haft, mundi það rugla kosningunum í héruðunum meira en æskilegt væri. Þá gæti svo farið, að í kjördæmi kæmist að maður við kosningar, sem hefði þar ekki meiri hl., vegna misgánings nokkurra manna úr hinum fl.

Hér er svo loks aðalatriðið, að í mínum till. er einskorðað við það, að allir frambjóðendur við óhlutbundnar kosningu skuli vera efstu menn listans. Með þessu er héruðunum tryggður betri réttur en annars. Svo er ákvæði um það, að þau jöfnunarsæti, sem flokkar kynnu að hljóta, falli fyrst og fremst í skaut þessara frambjóðenda, en nánar á að ákveða það í kosningalögum. En það er gert ráð fyrir því, að þeir taki fyrstir jöfnunarsætin í samræmi við reglur um hlutfallskosningu, en nánar ákveðið í kosningalögum. Ég vona, að menn sjái þess vegna, að það er margt eftir óráðstafað handa kosningalögunum. Það eru aðeins höfuðatriðin, sem eru fastbundin í stjskr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta; vænti þess, að hv. d. sjái sér fært að vera með þessum till. — Ég skal svo að lokum taka það fram, að ég tel mjög æskilegt, að lausn fáist á þessu lengi umdeilda máli, en ég tel mikinn ljóð á afgreiðslu þess eins og það er, ef það verður samþ. óbreytt, og býst þá ekki við, að ég geti fylgt því.

**Jón Baldvinsson:** Ég ætla að vísa til þess, sem ég sagði við 1. umr. þessa máls hér í deildinni, að ég mun samþ. frv. óbreytt eins og það kom frá Nd. Við það hefi ég engu að bæta, og er ég sammála meiri hl. stjskrn. um að samþ. frv. óbreytt eins og það nú liggur fyrir, og mun því greiða atkv. á móti öllum brtt.

Hv. 5. landsk. og hv. 2. þm. Árn. koma með till. um að lækka tölu uppbótarsæta, sem mundi eingöngu verða til þess að auka misréttið frá því, sem er í stjskrfrv. Við vorum búnir að ræða þetta í n. og þar búið að taka ákvörðun um þessar till., eins og hv. frsm. meiri hl. skýrði frá.

Hv. 2. þm. Árn. óttaðist það, að ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt eins og það nú liggur fyrir um heimild flokkanna til að fá uppbótarsæti, þá mundi flokkunum fjölga eða fleiri þeirra ná sæti á þingi, sem hann kvað, að mundi valda ruglingi. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm., að því fleiri sem flokkarnir eru, því meiri verður ruglingurinn. En það er misskilningur hjá honum, ef hann heldur, að með jöfnunarsætunum og jöfnuninni milli flokkanna mundi þessi ruglingur aukast frekar heldur en með núv. ástandi. Það er miklu frekar, að núv. ástand mundi skapa þá flokka, sem vilja gera byltingu, því að þá hafa þeir meira tækifæri til að sýna fram á, hversu ranglátt sé, að meiri hl. þings haldi réttinum fyrir meiri hl. kjósenda í landinu, svo það eru líkur til, að þeir flokkar, sem lengst vilja ganga og vilja beita ofbeldi, mundu frekar fá byr undir seglin, því að þá mætti með nokkrum rétti segja, að þingið vildi ekki unna kjósendunum sjálfsagðs réttar. Þó að sleppt sé þeirri röksemdafærslu hv. þm. og gengið inn á það með honum, að flokkunum fjölgi með því skipulagi á uppbótarsætunum, sem gert er ráð fyrir í frv., þá má benda á dæmi frá útlöndum, að þar geta flokkarnir verið nógu margir, þó að hafðar séu kjördæmakosningar. Ég vil benda hv. þm. á, að í Frakklandi er mjög úrelt kosningafyrirkomulag, flestir þingmenn kosnir í kjördæmum, og þar eru nógu margir flokkarnir þrátt fyrir það. Svo að þetta er ekki nein algild regla, og það er ekki hægt að benda á neitt land, sem með kosningafyrirkomulagi hafi komið í veg fyrir fjölgun flokka.

Hv. 3. landsk. hefir borið fram brtt. um landslistana og fyrirkomulag þeirra. Í fljótu bili virðist þetta ekki mikil breyting, enda hugsa ég, að hv. 3. landsk. hugsi helzt um að fá einhverjar breytingar á stjórnarskrárfrv. hér í d. og honum sé nærri því sama, hver hún er, ef það gæti orðið til þess að tefja málið. (**JónJ:** Þetta er alrangt). En þessar till. hans eru þannig útlits frá hans hendi, að hann ætlar að tryggja héruðunum úti um land meiri ítök um skipun þingsins. En ég held, að honum sé ómögulegt að útfæra þetta. Það, sem hann ætlar að gera, er að koma

í veg fyrir það, að flokksstjórnirnar geti ráðið eingöngu um, hverjir séu á landslista. Það er byggt á því, að eftir frv. á flokksstjórnin að gangast fyrir um valið á landslista fyrir flokkinn. Við skulum segja, að samskonar ákvæði væru í lögunum um framboðsfrest eins og nú, sem er 4 vikur á undan kjördegi, þá er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að landslistinn hafi sama frest, en það er ómögulegt eftir till. hv. 3. landsk., því að samkvæmt þeim falla frambjóðendur flokksins í kjördæmunum „automatiskt" inn á landslista flokksins, og því verður ekki hægt að búa hann út á venjulegan hátt. (**JónJ**: Þetta er tómur misskilningur). Nei, það er ekki misskilningur, því að það getur eftir hans till. vel komizt að maður í trássi við flokk og flokksstjórn. Ég hygg, að það, sem vakir fyrir hv. þm., sé eitthvað alveg persónulegt, að það sé einhver þm. í hans flokki, sem sé svo illa þokkaður, að hann búist ekki við, að flokksstjórnin samþ. framboð hans, að hann geti þá troðið sér inn á landslista þvert á móti vilja miðstjórnar flokks síns. En samkv. frv. er flokksstjórnunum gefið umboð til þess að ráða því, hverjir séu settir á landslista, enda er það í fullu samræmi við það, að flokksstjórnir hafa á bak við sig meiri hl. kjósenda flokksins og hafa rétt til þess að fara með málefni flokks, og þá m. a. að ráða því, hverjir eru frambjóðendur flokksins við kosningar til Alþingis. En þetta er af því, að hv. 3. landsk. er í andstöðu við sinn flokk, en hann trúir því ekki, að flokksstjórnir yfirleitt mundu skipa mönnum svo í sæti, að það væri ekki flokkunum fyrir beztu. Það getur verið svo um hans flokksstjórn, en ég hefi ekki ástæðu til að ætla, að flokksstjórnir mundu ekki fara eftir vilja kjósenda í landinu, sem þeim flokki fylgja.

Ég mun því greiða atkv. á móti till. hv. 3. landsk.; þær gera fyrirkomulagið miklu flóknara heldur en er eftir frv. Þar er ákveðið, að flokksstjórnir gangi frá landslistunum, og þeir eiga að koma fram samtímis framboðum í kjördæmum.

**Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Það er ekki sérlega margt úr því, sem fram hefir komið, sem ég finn ástæðu til að svara f. h. meiri hl. n., en þó vil ég minnast á örfá atriði. Bæði hv. 5. landsk. og hv. 2. þm. Árn. töluðu mjög um það, að þeim fyndist ekki ástæða til að fjölga þingmönnunum svo mikið sem frv. gerir ráð fyrir. Að vissu leyti get ég verið þeim sammála um það, enda fólu þær till., sem fram komu í milliþn. frá fulltrúum Sjálfstfl. og Alþfl., ekki í sér slíka fjölgun á þm. sem fram á er farið í þessu frv. Að því er snertir till. Sjálfstfl., þá fóru þær fram á að ná fullu jafnrétti á milli flokkanna með svipaðri tilhögun og frv. gerir ráð fyrir, án þess að þm. yrðu fleiri en 42 eða 43. Mismunurinn liggur í því, að þetta frv. gerir ráð fyrir 8 fleiri kjördæmakosnum þingmönnum heldur en farið var fram á í till. sjálfstæðismanna í mþn. Frv. fer fram á að halda hinum 6 tvímenningskjördæmum og bæta 2 þm. við Reykjavík fram yfir það, sem við höfum stungið upp á. Það er þessi fjölgun kjördæmakjörinna þm., um 8 frá því sem við lögðum til, sem gerir það ókleift að ná svipuðum árangri með sömu tölu uppbótarsæta og við fórum fram á. Stj. hefir ekki treyst sér til að hafa kjördæmakosna þm. eins fáa og við lögðum til og öllum þingheimi er kunnugt. Hún hefir búizt við, að þm. Framsfl. mundu ekki allir halda sínum þingsætum, ef kjördæmin væru gerð að nokkrum verulegum mun færri en þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er kunnugt, að þetta er ástæðan fyrir því, að stj. hefir ekki treyst sér til að ganga inn á þessa braut, að hafa 26 einmenningskjördæmi, eins og við höfðum hugsað okkur. Það þarf því ekki við meiri hl. n. um þetta að tala eða sakast. Þetta fyrirkomulag, sem í frv. er, er knúið fram af Framsfl. hér í þinginu. Að pólitíska valdið sé með þessu lagt í aðrar hendur en verið hefir, er hreinasti misskilningur hjá hv. þm. Það verður eftir sem áður í höndum kjósendanna. Það mun hvorki skiptast eftir byggðarlögum eða stéttum, þótt lifað verði undir þeim kringumstæðum, sem hin breytta stjskr. skapar, frekar en að það hefir fest rætur undir þeirri stjskr., sem við höfum nú um stund lifað við.

Hv. 2. þm. Árn. kom víða við. Hann fór að lýsa sem loflegu fordæmi kosningatilhögun, sem tekin var upp um 1872 og

kölluð hefir verið herrahús, en sem hv. 2. þm. Árn. kallaði furstadeild þýzka ríkisins. En ég tel það að seilast um hurðarás til lokunnar, ef leita skal að fyrirmyndum til þeirrar samkundu, sem ekki var neitt þjóðþing, heldur mátti miklu fremur kallast ríkisráð og nú er búin að lifa. En þar sem hann sagði, að í hinum frjálsu kosningum í Þýzkalandi hefðu sumir fimmfaldan kosningarrétt við aðra, þá er það ekki rétt. Sú skipun er þar á kosningum, að hver maður hefir jafnan kosningarrétt hvar sem hann er. Fyrirkomulagið er það, að kosið er í stórum kjördæmum. Er svo landslisti, sem jafnar þann mismun, sem verður milli hinna stóru kjördæma. Og loks er svo ríkislisti, sem jafnar þann litla mismun, sem þá er eftir. Hefir þá hver þingflokkur þm. eftir atkv.tölu. Hver sú atkv.tala er, sem á hvern þm. fellur, er ekki ákveðið og því mismunandi. Við síðari kosningar munu hafa komið 60—80 þús. atkv. á hvern þm. En í Þýzkalandi er áreiðanlega hvergi til fimmfaldur kosningarréttur.

Þá fór hv. þm. að gefa lögskýringar á ákvæðum frv. Sagði hann, að ákvæðið um, að allt að 49 menn skyldu eiga þingsæti á Alþingi, þýddi það, að þeir gætu ekki orðið nema 48. Það kemur nú samt ljóst fram í frv., að meiningin er sú, að þm. geti orðið 49 og að jöfnunarþingsætin geti orðið 11, ef þess þarf með til að fullnægja því ákvæði — sem hv. þm. reyndar forðaðist að nefna —, að þingsæti hvers flokks verði í sem fyllstu samræmi við atkv.tölur þær, sem þeir fá við kosningarnar. Þarf ekki fleiri orðum að þessu að eyða. Allar lögskýringar hv. þm. falla um koll, þegar lesin eru ákvæði frv.

Út í ummæli hv. 3. landsk. þarf ég lítið að fara. Honum finnst, að með ákvæðum frv. séu Reykjavík tryggð meiri áhrif á skipun þingsins en öðrum landshlutum. Ég held nú, að þetta sé ærinn misskilningur. Og a. m. k. er þessi skoðun hans ekki í sem beztu samræmi við skoðanir þær, sem koma fram í brtt. tveggja flokksbræðra hans. Þeir leggja báðir til, að þm. verði fjölgað í Reykjavík, meira en gert er í frv. Þeir líta sjáanlega svo á, að frv. sé þannig úr garði gert, að það bjóði Reykjavík ekki of mikla þátttöku í skipun þingsins. Þótt ég geti verið sammála þeim um þetta, að þátttaka Rvíkur um þingmannaval sé eigi úr hófi fram, þá sé ég samt enga ástæðu til þess að fara að umbylta frv. með því að setja inn í það fjölgun á þm. fyrir Reykjavík. Því hefir verið haldið mjög fram, að íbúar Reykjavíkur hefðu aðra aðstöðu en þá, sem kosningarrétturinn veitir þeim, til að hafa hlutfallslega mikil áhrif á gerðir Alþ. En úr því er of mikið gert. Og þó eitthvað væri í því, þá er ekki hægt við því að gera. Það er ekki hægt að ná jöfnun á því á náttúrlegan hátt, ef talið er, að áhrif Reykjavíkur á þingið séu önnur og meiri en þau, sem atkv.rétturinn veitir þeim. Hver maður á landinu hefir fullt leyfi til að bera fram óskir sínar við þm. og þingið á einn eður annan hátt. En á því er ekki hægt að gera neina jöfnun. Nú játa ég það að vísu, að það hefir sannazt á hv. 2. þm. Árn., að Reykjavík muni hafa nokkur áhrif á skoðanir þm. Það eru ekki nema 3 ár síðan hann lét prenta í Alþt. þá skoðun sína, að Reykjavík ætti ekki að hafa nema 1 þm. Nú þykir hv. þm. Reykjavík vanhaldin með 6 þm. Hann kemur því með brtt. um að fjölga þeim í 7 þm.

**Frsm. 1. minni hl. (Magnús Torfason):** Maður heyrir það nú, að báðir hinir flokkarnir halda sér fast við töluna 49, svo fögur sem hún nú er. (**BSn:** 7 x 7 er heilög tala!). Ég kem nú að því bráðlega, hversu heilög hún er! Þversumman af 49 er talan 13. Hefir það lengi verið talin lítil happatala, en þó sérstaklega í þversummu, og ég býst frekar við því, að þeir Hitlingar, sem nýsprottnir eru upp hér, líti svo á, að 49 sé ekki sú tala, er endilega þyrfti að koma í þetta frv. Þeim mundi sjálfsagt falla talan 48 betur. Það eru fernar tylftir og er því þjóðleg og skemmtileg tala fyrir okkur Íslendinga, og þversumman af þeirri tölu er ein tylft. Þó má vera, að einhverjir séu skotnir í tölunni 49 vegna sögu eftir eitt af okkar forngildu skáldum, er byrjar svo: „Sjö sinnum sjö eru fjörutíu og níu, sagði Hallur í Skollafit. Varaðu þig, maður, á að syndga!“ Ætti þessi saga helzt að halda uppi helgi tölunnar hér á landi. Ég veit ekki, hvort hv. þm. eru skotnir í tölunni 46. Það er þó falleg tala. Og þver-

summan af 46 er 10. Það er líka falleg tala. Og lagaboðorðin, sem gefin voru og öllum er skylt að halda, voru líka 10. Og sú tala er áminning til þm. um að hafa jafnan lögmálið í huga sér og forðast að brjóta boðorð þess.

2. landsk. þm. hefi ég ekki mörgu að svara. Hann taldi það helzt máli sínu til stuðnings, að óánægja mundi verða hjá minni flokkunum, ef tölu þm. væri fækkað. Ég hefi nú bent til þess í mínum till., að þm. yrði fjölgað hér í Rvík, og hefi ég engrar óánægju orðið var út af því, enda hafa þeir hingað til þótzt hafa of fáa þm. Mér er líka til efs, þótt Reykvíkingar séu góðir menn, að þeir vilji mikið berjast fyrir réttlætinu, ef þeir fá enga hlutdeild í því sjálfir. Öðru þarf ég ekki að svara þeim hv. þm.

Þá vil ég svara hv. 1. landsk. nokkrum orðum. Hann fann að því, að ég vitnaði í það skipulag, sem Frakkar gerðu hjá sér 1871. Frakkar eru nú frjálslyndir menn og hafa meiri reynslu um stjórnarfyrirkomulag en nokkur önnur þjóð. Og þeir hafa haldið í það. Af ýmsum ástæðum vildu þeir þó fara að breyta þessu fyrir nokkrum árum. En öldungaráð þingsins þar drap það með hörðum höndum og rak þá stjórn frá, er bar það fram. Halda þeir nú enn í dag fast við þetta fyrirkomulag. Frakkar eru skynsamir menn, sem halda fast í það fyrirkomulag, sem þeir telja þjóðinni hagfellt. Kvenfólkið hefir þar enn eigi kosningarrétt. Og það er blátt áfram af því, að kvenfólkið í Frakklandi er langsamlega í höndum kaþólsku klerkanna, en það er ekki talið þjóðinni hollt, að áhrif þeirra aukist þar í landi.

Þá vildi hv. 1. landsk. rengja það, er ég sagði frá Þýzkalandi. En eigi að síður er það þó rétt. Það, sem ég tók upp, á sér stað í ríkinu Anholt. Ef jafn kosningarréttur ætti sér stað í Þýzkalandi, þá mundu Prússar ráða öllu. Hin ríkin ekki neinu. — Það lítur út fyrir, að hv. 1. landsk. hafi ekki lesið jafnnákvæmlega um þetta efni og ég hefi gert.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að Framsfl. væri bundinn við töluna 49 — eða 48, eins og ég vil skýra það. Það getur vel verið, að eitthvert samkomulag hafi orðið um þetta milli ráðamanna flokkanna, en mér er þó óhætt að segja, að í Framsfl. samþ. hver og einn þetta með sínum skilningi. Og ég hygg, að stór meiri hl. hafi samþ. þetta með þeim skilningi, er ég hefi lýst. Það stendur líka, að þingsæti skuli vera í sem fyllstu samræmi við kjósendatölur flokkanna eftir almennar kosningar. Þetta sýnir frekar, að minn skilningur er réttur. Ef hv. 1. landsk. ætti að geta tekið sér þetta ákvæði til inntekta, þá hefði þurft að standa „fullu“ samræmi. En svo er ekki. Þetta ber líka að skilja í samræmi við orðin **allt að**. Það er skilgreint fyrr, hitt kemur á eftir. Þetta ákvæði ber að skilja innan þess ramma, sem ákveðinn verður. Ennfremur má minna á það, að hér er um nauðasamninga að ræða. Eins og menn vita, ber að skoða samninga á ýmsa lund, eftir því hvers eðlis þeir eru. Gjafasamninga t. d. öðruvísi en kaupsamninga. Og í nauðasamningi ber ekki að skoða, að annað og meira felist en það, sem sá, er til samningsins var neyddur, vildi útþrykkilega af hendi láta.

Ég hefi nú gert grein fyrir þessu máli, og tel ég mínar skoðanir réttari en hv. 1. landsk. og miklu hollari fyrir þjóðskipulagið í framtíðinni. Ég hefi haldið mér við frv. í því, sem ég hefi sagt. Ég sé enga ástæðu til að vaða elginn um alla heima og geyma né fara út í eldri atburði. — Því var baunað á mig, að ég hefði áður sagt, að Reykjavík ætti að fá 1 þm. Ég stend við það. Og í grg. minni við brtt. mátti sjá með athugun, að ég er ekki neitt fjarri þeirri skoðun enn í dag. En orð mín má vitanlega ekki taka út úr því samhengi, er þau stóðu í. En þá átti heldur ekkert annað kjördæmi að fá meira en 1 þm. Að þessu er vikið í nál. mínu. Ég skal ekkert liggja á því, að ég tel betra, að hvert kjördæmi hafi 1 þm. og taki sem uppbótarsæti það, sem sparast af þingsætum með því. En út í þá sálma fer ég ekki, heldur mun ég halda mér við frv. sjálft og brtt. mínar. Þær eru engin yfirlýsing um, að ég sé ánægður með frv., þótt þær yrðu samþ. Þær eru aðeins tilraun til að sníða af því helztu ágallana.

Ég hefi ekki minnzt á brtt. við 4. gr., um að breyta „fjárráður“, sem er ófagurt orð, í „fjár síns ráðandi“. Í næstu

mgr. stendur „fjár síns ráðandi“. Í gömlu stjskr. er þetta eins á báðum stöðunum, en bögubósi sá, er komið hefir með þessa breyt., hefir ekki gætt þess, að hafa þetta eins á báðum stöðum. Ég býst við að þetta verði lagað, svo framarlega sem málið fer til Nd.

Ég vil ljúka máli mínu á því, að ég álít ekki eins og hv. 1. landsk., að tala uppbótarsæta sé ónóg í frv., heldur sé hún ofnóg.

**Jón Jónsson:** Hv. 2. landsk. var að eigna mér óhreinar hvatir með brtt. mínum og taldi þær jafnvel vera komnar fram af yfirdrepsskap til að drepa málið. Þetta eru ósæmilegar getsakir. Ég hefi áður lýst yfir því, að ég fylgdi málinu, ef ég fengi þessar leiðréttingar, þótt ég teldi frv. hinsvegar engan veginn alfullkomið verk og áliti, eins og hv. 2. þm. Árn. og jafnvel hv. 1. landsk., að þingmannatala væri allt of há.

En þetta mál hefir svo mjög orðið öðrum málum til trafala og tafið þingstörf, að nauðsyn ber til að fá það út úr veröldinni sem fyrst. En ég vil, að sú lausn verði þannig, að ekki séu líkur til, að farið verði að grauta í málinu á nýjan leik eftir stuttan tíma. En mér hefir heyrzt það hljóð vera í sumum blöðum og flokksforingjum, að við slíku megi búast. Ég gæti þannig vel trúað hv. 2. landsk. til að taka upp baráttu fyrir því, að gera allt landið að einu kjördæmi. En ég ætla, að ef mínar brtt. ná fram að ganga, verði bið á þessum breytingum.

Hv. 2. landsk. sagði, að brtt. mín um landslistann væri óframkvæmanleg. Galdurinn er þó ekki annar en sá, að framboð séu ákveðin í kjördæmum áður en landslisti er lagður fram, og virðist ekkert athugavert við það, þótt flokkarnir séu vandir á að draga ekki framboð í kjördæmunum alveg fram á síðasta dag. Og ég get á engan hátt séð, að það sé flókið, að allir frambjóðendur flokks við óhlutbundnar kosningar séu á lista. (**JBald:** Eftir hvaða röð?). Það á að haga þessu í samræmi við venjulegar reglur hlutfallskosninga. Ég veit ekki betur en að svo sé ákveðið við venjulegt landskjör, að ef maður, sem er neðar á lista, fær fleiri atkv. eftir þeim útreikningi, sem þar er viðhafður, en annar, sem ofar er, þá taki sá maður sætið.

Þá þótti honum undarlegt, að þingflokkar skyldu eiga að hafa yfir landslistanum að segja, en ekki t. d. flokksstjórnirnar. En þetta er ekkert undarlegt, því að þetta miðar að því að draga úr ofurvaldi Rvíkur gagnvart sveitunum, en í Rvík eiga flokksstjórnirnar jafnaðarlega sæti. Mín till. miðar því að því, að vilji kjósenda úti um land fái notið sín.

Hv. 2. landsk. var að tala um, að brtt. væru ekki í samræmi við till. þeirra hv. 5. landsk. og hv. 2. þm. Árn. Þetta skiptir nú litlu í sjálfu sér, því að aðalatriðið fyrir mér er að styðja rétt mál, en þegar betur er að gætt, er ósamræmið ekki svo mikið á milli mín og þeirra. Allar brtt. ganga í þá átt, að draga úr ofurvaldi Rvíkur yfir þeim þingsætum, sem hún raunverulega getur ráðið yfir eftir frv.

Hv. 1. landsk. sagði, að það hefði sýnt sig á brtt. hv. 2. þm. Árn., að Reykvíkingar hefðu haft meira en lítil áhrif á hann í seinni tíð. Ég ætla, að hv. 2. þm. Árn. sé nú fastari fyrir á svellinu en margur annar. En hitt dylst engum, að Reykvíkingar hafa betra tækifæri en nokkrir aðrir til að túlka mál sín hér á þingi. Það þarf ekki að vera neitt ljótt við þetta, né ógnanir öfgaflokka til að hafa áhrif á þingið. Þetta eru forréttindi, sem aðstaðan skapar Reykvíkingum.

Það mun sannast, að ef upp verður tekin sú skipun uppbótarsæta, sem frv. leggur til, að Reykjavík hefir bæði tögl og hagldir, og slíkt gæti leitt til þess, að kjördæmaskipulaginu yrði gerbreytt innan skamms tíma. Ég vil gera mitt ýtrasta til að bjarga því, að svo verði ekki, og tryggja rétt kjósenda úr öllum flokkum úti um byggðir landsins.

**Jakob Möller:** Brtt. hv. 3. landsk. var útbýtt nú á fundinum, og þar sem mér hefir ekki unnizt tími til að átta mig á því, hvaða áhrif þessi breyt. myndi hafa, vildi ég mælast til, að hv. flm. tæki brtt. aftur til 3. umr.

**Jón Jónsson:** Ég mun verða við tilmælum hv. 1. þm. Reykv. og taka brtt. aftur til 3. umr., í þeirri von, að það verði mínu máli til heilla.

ATKVGR.
Brtt. 861 tekin aftur.
— 838,a felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónasJ, MT, GÓ.
nei: JakM, JBald, JónJ, JónÞ, PM, BSn, EÁrna, GL, HSteins.
IP, PHerm greiddu ekki atkv.
Brtt. 838,b—c teknar aftur.
— 831 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 86. fundi í Ed., 1. júní, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 88. fundi í Ed., 2. júní, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 793, 831, 861).

**Halldór Steinsson:** Ég vil mælast til, að hæstv. forseti gefi hálftíma fundarhlé.

**Forseti (GÓ):** Ég sé ekki ástæðu til annars en að verða við þessum tilmælum. — [Fundarhlé].

**Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Ég vil aðeins leyfa mér að skýra frá því, að þar sem stjskrn. hafði ekki haft tækifæri við 2. umr. til þess að taka afstöðu til brtt., sem fram var komin frá hv. 3. landsk. á þskj. 861, þá kom n. nú saman, og tveir nm., hv. 2. landsk. og ég, höldum fram frv. óbreyttu. Einn nm. aftur á móti áskildi sér óbundnar hendur, ef svo sýndist, að greiða atkv. með þessari brtt. nokkuð breyttri, og tveir nm. tóku ekki afstöðu. Þetta hefi ég að segja frá n. hálfu; en frá mínu eigin brjósti vildi ég bæta því við, að ég teldi fara mjög illa á því, ef d. færi nú að gera breyt. á stjskrfrv. Það er búið að gera það kunnugt út um allt land fyrir nokkru síðan, að það hafi orðið samkomulag um að afgr. málið í þeirri mynd, sem það kom í til þessarar hv. d. Ég geri ráð fyrir, að mönnum veitist erfitt að skilja það, vegna hvers málið hafi verið dregið fram á allt að síðustu dögum þingsins, ef meiningin væri nú að fara að fitja upp á nýjum breyt. á frv. Fyrir mitt leyti lít ég svo á, að hið raunverulega fylgi þessa máls í Nd. hafi ekki verið og sé kannske ekki ennþá svo tryggt, að þeir menn, sem hafa komið sér saman um að styðja að framgangi þess, geti verið öldungis öruggir um, að það takist, ef á að fara að gera breyt á frv., svo að það fari aftur til hv. Nd. Það væri a. m. k. hugsanlegt, að sú d. vildi einnig fara að gera nýjar breyt. á frv., og það kynni að vera einhver, sem teldi sig ekki lengur bundinn við það samkomulag, sem einu sinni er búið að gera, þegar búið væri að víkja frá því með atkvgr. hér í hv. d. Ég veit ekki, hvernig forlög þessa máls verða, ef því yrði enn á ný breytt í hv. Nd., þó að þingið að sjálfsögðu yrði látið halda áfram þangað til úr því yrði skorið, hvort málið næði samþykki beggja d. Ég vil þess vegna fyrir mitt leyti leggja sem mesta áherzlu á það, að þessi — ég vil segja mjög óverulega efnisbreyt., sem brtt. hv. 3. landsk. felur í sér, sé ekki látin verða til þess að stofna málinu í neina tvísýnu, og ekki heldur — satt að segja — til þess að vekja það leiðinlega álit í landinu, að þó að allir flokkar þingsins lýsi því yfir, að þeir séu búnir að koma sér saman um eitthvað, þá sé ekki mikið mark á því takandi.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Mér finnst það liggja í hlutarins eðli, að hvenær sem samningar eða samkomulag er gert um afgreiðslu þingmála, þá séu það aðalatriðin, sem samningarnir eru gerðir um, en þar að auki eru aukaatriði, sem einum getur sýnzt annað um en hinum. Nú vill svo til, að þegar samkomulag hafði verið fengið í stjskrn. Nd., kom það í ljós, að þrátt fyrir það, þó að nefndarmenn allra flokka væru sammála um afgreiðslu málsins, þá kom mjög snörp andstaða gegn einstökum atriðum í þeim breyt., sem n. vildi gera á frv. Málið gekk samt fram í Nd. eins og n. hafði lagt til, en þessi sami ágreiningur hefir nú komið fram í Ed., og hann kemur fram í brtt. hv. 3. landsk. á þskj. 861. Við 2. umr. þessa máls, þegar þessi brtt. kom fram, fór ég fram á það við flm. hennar, að hann tæki hana aftur til 3. umr., til þess að athuga hana nánar. Mér virtist strax við fyrstu athugun, að þar væri í raun

og veru ekki um neina verulega efnisbreyt. að ræða — ekki neinar þær breyt. á frv., sem gætu valdið því, að það gæti tafið eða hindrað framgang málsins. Hv. 3. landsk. hefir nú gert grein fyrir þessari breyt., sem hann vill gera á ákvæðum frv. En þar sem nú er nokkuð um liðið síðan hann gerði það, þá vil ég leyfa mér með fáum orðum að gera grein fyrir, í hverju breytingarnar eru fólgnar.

Breytingarnar eru við c-lið 1. gr. frv. eins og það kom frá Nd., og eru á þá leið, að breytt verður 2. til 4. málsl. þessa stafliðs. Þeir málsliðir hljóða svo í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefir í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal a. m. k. annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Rvíkur".

En samkv. till. hv. 3. landsk. eiga þessir málsliðir greinarinnar að hljóða svo:

„Heimilt er þingflokki að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar í þeim kjördæmum, sem hann hefir ekki frambjóðendur.

Á landslista skulu allir frambjóðendur flokksins við óhlutbundnar kosningar eiga sæti sem efstu menn listans.

Þingflokkar hljóta jöfnunarþingsæti í hlutfalli við samanlagða atkvæðatölu þeirra við kjördæmakosningar og á landslista. Frambjóðendur við óhlutbundnar kosningar, sem ekki hafa náð kosningu í sínu kjördæmi, taka fyrstir jöfnunarþingsæti, í samræmi við venjulegar reglur hlutfallskosninga".

Hér er breytingin sú, að í staðinn fyrir, að í frv. segir: „Heimilt er flokki að hafa landslista í kjöri", segir í brtt.: Heimilt er þingflokki að hafa landslista í kjöri". Þetta má telja, ef til vill, nokkra efnisbreyt., vegna þess að þeir nýir flokkar, sem kynnu að koma fram við kosningar, hafa samkv. þessu ekki rétt til að hafa landslista í kjöri. En í raun og veru er þetta í samræmi við það ákvæði frv., að þingflokkar einir geti fengið jöfnunarsæti, svo að efnisbreytingin verður ekki veruleg. Hinsvegar getur þetta ekki að mínu viti á nokkurn hátt raskað því samkomulagi, sem varð á milli flokkanna í Nd., vegna þess að efnisbreytingin skerðir ekki á nokkurn hátt þeirra aðstöðu við kosningu, því að þeir hafa sem þingflokkar alveg sama rétt, þó að þessi breyt. sé gerð. Hinsvegar vil ég benda á það, að frá sjónarmiði sjálfstæðismanna — og raunar jafnaðarmanna líka — er einn höfuðókostur á frv. eins og það liggur fyrir og samkomulag náðist um. Hann er sá, að uppbótarsætin eru takmörkuð, og þar af leiðir það, að með stofnun nýrra flokka er hægt að gera þessi uppbótarsæti svo og svo lítilfjörleg. Ef nýir flokkar myndast og fá síðar rétt til uppbótarsæta sem þingflokkar, verður það til þess að uppbótarsætin dreifast, og flokkarnir, sem eiga að njóta uppbótarsætanna, verða miklu verr úti, jafnvel svo, að uppbótarsætin geti verið þeim einskis virði. Þetta er margendurtekið sem aðfinnsla af hálfu sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna, og er ekki þörf á að útlista það nánar, hve mikilvægir gallar okkur þykir vera á þessu bráðabirgðafyrirkomulagi, sem þó hefir orðið samkomulag um. Ég sé þess vegna ekki betur en við megum fagna hverri breyt., sem fer í þá átt, að meiri líkur séu fyrir, að uppbótarsætin komi flokkunum betur að notum. Ég get ekki betur séð en að allir landsmenn geti rúmazt í þeim flokkum, sem nú eiga sæti á Alþingi. Ég held, að flokkarnir séu nógu margir og að ekki sé ástæða til að ýta undir fjölgun þeirra.

Það er margyfirlýst af hálfu sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna, að þeir telji, að hér sé ekki um neina úrslitalausn á stjórnarskrármálinu að ræða, heldur verði að halda áfram að keppa að því marki að fá fullkomið jafnrétti milli flokka og kjósenda í landinu. Þess vegna tel ég í raun og veru, að þessi breyt. hv. 3. landsk. sé tvímælalaust til bóta, það sem hún nær, að því leyti, sem hún tryggir frekar, að sú uppbót, sem gert er ráð fyrir í frv., komi flokkunum betur að notum heldur en annars gæti orðið.

Þá er önnur breyt. hv. 3. landsk. sú, að í stað þess, að í frv. eins og það kom

frá Nd. er svo ákveðið, að á landslista skuli annaðhvert sæti skipað frambjóðendum í kjördæmi, en hv. 3. landsk. vill breyta því þannig, að á landslista skuli allir frambjóðendur flokksins við óhlutbundnar kosningar eiga sæti sem efstu menn listans. Þetta, að svo er ákveðið, að allir frambjóðendur flokksins skuli taka sæti á landslista, í stað þess að í frv. er svo ákveðið, að annaðhvert sæti skuli skipað þannig, virðist mér ekki geta haft neina praktiska þýðingu, því að í framkvæmdinni mun það verða svo, að flokkarnir setja á landslista þá menn, sem verða í framboði úti um land, í kjördæmi, þar sem þeir hafa litlar líkur til þess að fá þingmann við kosningu. Þetta er eðlileg ráðstöfun, enda var því haldið fram í deilum um þetta atriði við 2. umr. þessa máls, að þetta atriði mundi ekki hafa verulega þýðingu af þessari ástæðu. Þess vegna get ég ekki gert neitt úr þessari breyt., eða ekki séð, að hún geti valdið því á nokkurn hátt, að menn geti ekki eins sætt sig við frv., þó að þessi breyt. verði gerð. Hinsvegar skal ég lýsa því yfir, að ég tel æskilegra, að breytingin yrði þannig, að á landslistanum yrðu allir aðalframbjóðendur flokksins við kosningar. Eins og það er í brtt. hv. 3. landsk., þá er það bundið við frambjóðendur við óhlutbundnar kosningar, þ. e. a. s. frambjóðendur í kjördæmum utan Reykjavíkur. En ég tel óheppilegt að gera þennan greinarmun og tel réttara, að þar komi allir aðalframbjóðendur flokksins til greina. En hitt er eðlilegt, að varaframbjóðendur komi ekki til greina á landslista. Mér láðist í sambandi við fyrri málsgr. þessarar till. að geta þess, að í henni felst sú breyt., að í stað þess, sem er í frv., að flokkar mega hafa landslista og jafnframt frambjóðanda í hverju einstöku kjördæmi, þá er brtt. hv. 3. landsk. á þá leið, að þetta skuli heimilt í þeim kjördæmum, sem flokkurinn hefir ekki sérstaka frambjóðendur í. Þetta virðist mér ekki skipta miklu máli; það má jafnvel um það deila, hvort það sé ekki einmitt óheppilegt að heimila að hafa bæði frambjóðendur og landslista í kjördæmi. Það mun fremur vera til þess að rugla kosningu. Og þar að auki getur það ráðið úrslitum kosninga, þannig að flokkurinn, sem er í minni hluta, hljóti sæti.

Síðasta málsgr. brtt. hv. 3. landsk. er þannig, „að þingflokkar hljóta jöfnunarsæti í hlutfalli við samanlagða atkvæðatölu þeirra". Þetta er sama ákvæði og mér skilst vera í frv., og niðurlagið er líka shlj. efninu í frv., því að þar er ákveðið, að „frambjóðendur við óhlutbundnar kosningar taki fyrst sæti á landslista". Þetta leiðir af sjálfu sér, ef þeir eru efstu menn á landslista, þá taka þeir auðvitað fyrstir sæti sem uppbótarþingmenn af þeim, sem á listunum eru, í samræmi við reglur um hlutfallskosningu. Það er ekki neinn munur á því ákvæði í frv. og þessu í brtt., annar en sá, að í frv. er sagt, að allir frambjóðendur eigi að vera í kjöri á landslista, en þeir ná kosningu vitanlega eftir sömu reglu í báðum tilfellunum. En ég teldi réttara að orða síðari málsl. þannig: „Frambjóðendur á landslista taka jöfnunarsæti í samræmi við reglur um hlutfallskosningu". Það er miklu einfaldara og veldur síður misskilningi. Ég veit ekki, hvort það kann að hafa vakað fyrir mönnum, að þetta orðalag gæti valdið því, að það mætti gera breytingar á landslista, þannig að tilflutningur á lista hefði ekki ábrif á niðurstöðu kosninga. En eins og það er orðað í brtt., þá er það ekkert vafamál, að slíkur tilflutningur gildir jafnt, hvort orðalagið sem haft er á þessu. Ég hefi því ekki getað séð, að í þeim breyt., sem felast í brtt. hv. 3. landsk., séu nein þau atriði, sem geta gert það að verkum, að líkur séu til, að hleypi málinu í strand. Hinsvegar geri ég ráð fyrir að bera fram skrifl. brtt., sem ég vænti, að hv. d. leyfi að koma til atkv. Ég nefndi þetta brtt., en ég hefi þetta sennilega sem varatill. við brtt. hv. 3. landsk., ef hún nær ekki samþykki, og kemur þá fyrst til atkv., ef brtt. hv. 3. landsk. fellur. Þessi brtt. er á þá leið, að þeir málsliðir, sem þar um ræðir, orðist þannig:

„Heimilt er þingflokki að hafa landslista í kjöri í þeim kjördæmum, sem hann hefir ekki frambjóðendur í.

Á landslista skulu eiga sæti allir aðalframbjóðendur flokksins sem efstu menn listans.

Þingflokkar hljóta jöfnunarsæti í hlut-

falli við samanlagða atkvæðatölu þeirra við kjördæmakosningar og á landslista. Frambjóðendur á landslista taka jöfnunarþingsæti í samræmi við venjulegar reglur hlutfallskosninga".

Ég hefi svo ekki meira að segja að svo stöddu, en mun hlusta á það, sem menn hafa við þessar till. að athuga, og meta þau rök, sem fram verða borin, og áskil mér rétt til að svara þeim.

**Jónas Jónsson:** Við erum nú rétt nýbúnir að vera á stjskrn.-fundi og heyra um þá till., sem hv. 1. þm. Reykv. sagði frá. Við framsóknarmenn höfum ekki tekið neina afstöðu til hennar, því að við vorum ekki nema tvær mínútur á fundi. En mér finnst rétt að taka það fram, sem líka kom fram í ræðu hv. 1. landsk., að ekki sé trútt um, að margir séu ekki ánægðir með þetta frv., og ef nú á að fara að breyta því, þá sýnist mér frá þeirra sjónarmiði, sem eru óánægðir með það, það ekki vera svo fjarstætt.

Ég vil spyrja hv. 1. þm. Reykv. að því, hvort hann álíti ekki, að það komi í bága við það samkomulag, sem talið er að hafi verið gert um þetta mál, að fara nú að samþ. nýjar breyt., og hvort ekki sé þá mögulegt, ef einhverju á að breyta, að taka fleira til athugunar. Hvar liggja takmörkin fyrir því, að þessar till. hv. 3. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. megi einar koma til mála? Því að margir mundu hafa talsverða löngun til að athuga fleira, ef þess væri kostur.

Ég veit um suma hér á þingi, og kannske hér í deildinni, sem líta svo á, að þeir séu bundnir við þetta samkomulag og munu því greiða atkv. á móti öllum brtt., þó að þeir séu sáróánægðir með alla meðferð málsins.

**Frsm. 1. minni hl. (Magnús Torfason):** Það er aðeins um þingsköp, sem ég ætla að segja nokkur orð. — Ég kann ekki við það, að þetta mál sé afgr. á síðustu stundu, ef til vill samkv. skrifl. brtt., sem ég fyrir mitt leyti hefi ekki haft tíma til að átta mig á, og því síður hefi ég haft tækifæri til að bera mig saman við flokksmenn mína um þessar till. Ég vil því óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá í kvöld og verði tekið fyrir aftur á morgun. Þá ættu menn að geta verið búnir að átta sig nokkuð á þessum nýju till., sem fram hafa komið.

**Jón Jónsson:** Ég hefi hlýtt hér á mál manna, og þykir mér mjög leiðinlegt, að hv. 1. landsk. skuli ekki geta verið með mínum till., því að ég hugsa, að þær séu alls ekki til skemmda á frv., heldur ættu að tryggja það, sem ætti að skipta mestu, það, að valdir menn hljóti uppbótarsætin, eins og yfirleitt öll þingsætin, menn, sem hafi mesta þekkingu og skilning á þörfum allra landsins hluta. Ég lít svo á, að eftir því sem frv. er nú, séu mestar líkur til, að uppbótarsætin muni falla í skaut manna hér í Reykjavík. Héruðin úti um land ættu erfitt með að koma sínum vilja fram að því er val þessara manna snertir. Það er eins og vitað er, að miðstjórn hins pólitíska lífs er hér í Reykjavík, þekkir hér bezt til og hefir því bezta aðstöðu til að beita sér fyrir því, hverjir hljóti þessi uppbótarsæti, ef ekki er öðruvísi ákveðið. Ég hugsaði líka, að einmitt breytingar mínar yrðu nauðsynleg trygging fyrir málstað héraðanna úti á landi, og það yrði líka til þess að skapa meiri festu og tryggja það, að þessi stjskrbreyt. gilti um lengri tíma. Það er mjög óheppilegt fyrir hverja þjóð sem er að breyta oft sínum grundvallarlögum. — Um hin atriðin, sem felast í till., þarf ég ekki að ræða; þau skipta ekki eins miklu.

Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir það, hvað sanngjarnlega hann leit á mínar till., og hafði ég sannast að segja frekar búizt við því af öðrum heldur en þm. Reykvíkinga. Það er mjög mikill sómi fyrir hann, hvað hann sýndi mikið frjálslyndi í þessu máli, en hitt skil ég vel, að hann kjósi heldur, að um leið og það er tryggt sem bezt, að menn, sem hljóta uppbótarsætin, hafi sýnt, að þeir njóti trausts í einstökum héruðum, þá kæmi hans hérað einnig til greina. En ég verð að telja það miklu verra í sambandi við mína till. samt sem áður, ef till. eins og hann bar fram verður samþ., vegna þess að ég held, að sízt þurfi að bæta á þá aðstöðu, sem Reykjavík hefir til þess að koma sínum málum fram hér á þingi. En þrátt fyrir það tel ég brtt. hv. 1. þm. Reykv. stórbót frá því, sem er í frv., og

mun ég, ef mín till. fellur, greiða atkv. með brtt. hv. 1. þm. Reykv. Ég skil hana svo, að sem efstu menn á lista komi ekki fleiri til greina en í mesta lagi 6 á hverjum stað, m. ö. o. ekki þeir menn, sem settir eru í varasætin. Ég tel þessa till. nokkuð til bóta frá því, sem er í frv., og ekki mjög mikla breyt. frá minni till., en þó óska ég eindregið eftir því, að mín till. verði samþ., en ef svo verður ekki, þá mun ég heldur kjósa, að till. hv. 1. þm. Reykv. komist að heldur en engin breyt. verði gerð.

Öðrum þm. hefi ég ekki ástæðu til að svara. Hv. 5. landsk. gekk lítið inn á málið, og hv. 2. þm. Árn. tók fram, að erfitt væri að átta sig á till., sem kæmu fram á síðustu stundu, og hefi ég fyrir mitt leyti ekkert á móti því, að málið verði tekið út af dagskrá. Það er nú að vísu orðinn hver síðastur með þetta mál, en það er svo mikilsvert, að það verður að athuga eins vel og föng eru á. Hvað því líður, að frv. sé hætta búin í Nd., eins og hv. 1. landsk. var hræddur um, ef því verður breytt hér, þá er ég fulltrúa um, að svo verður ekki. Sú breyt., sem gerð var á frv. í Nd. við 3. umr. þar, kom flaustурslega inn og margir voru óánægðir með hana og töldu þörf á leiðréttingu. Ég er því viss um, að hvor brtt. sem samþ. verður af þeim, sem nú liggja fyrir, veldur frv. engri hættu í Nd. Það verður áreiðanlega samþ. þar fyrir því, þó frv. sé lagfært hér. Að slík breyt. hér geti valdið leiðinlegu áliti á þinginu, sé ég ekki. Hér er aðeins verið að leiðrétta smíðalýti, er voru á frv. er það kom frá Nd., og tilgangurinn með tvískiptingu þingsins í deildir er vitanlega sá, að deildirnar lagfæri hvor fyrir aðra. Ég vona því, að d. haldi fullum heiðri, þó hún samþ. brtt. mína.

**Jón Baldvinsson:** Ég vil styðja till. hv. 2. þm. Árn. um að málinu verði frestað. Þegar fast er haldið fram brtt., sem koma fram á síðustu stundu, þá er hætt við, að um flaustursafgreiðslu verði að ræða. Er það óheppilegt í jafnmikilvægu máli sem þetta er. Minna má eigi vera en að þm. fái nokkurt ráðrúm til að athuga þær brtt., er fram koma og þeir verða að greiða atkv. um. Þessu verður ekki breytt á næsta þingi, því sé það gert, er frv. þar með fallið, og verður þá að fitja upp að nýju. Ég verð að taka undir þau orð hv. 1. landsk., að hættulegt geti verið að hrófla við þessu frv. Um það hefir náðst samkomulag. Og ég skal geta þess, að sá maður, sem náði samkomulagi milli flokkanna nú fyrir síðustu helgi og var frsm. þess við 3. umr. í Nd., kemst svo að orði — það var hv. þm. Str., og segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem fyrir liggur, er það, að íslenzkir stjórnmálamenn hafa borið gæfu til þess að leiða málið til lykta á þann hátt, sem hér liggur fyrir".

Þarna vísar hann til þess, að samkomulag hafi orðið um efni og orðalag till. milli flokkanna, enda veit ég, að svo var að því er Alþfl. snertir. Orð hv. þm. Str. verða heldur ekki skilin öðruvísi. Við Alþfl.menn vorum — sem og líka sjálfst.menn — óánægðir með ýms ákvæði frv. En við féllumst þó á þetta til samkomulags, í því trausti, að stjórnarskrármálinu væri þar með tryggður framgangur. Ef nú er losað um þau bönd, sem hnýtt voru með því samkomulagi, er varð, þá veit ég ekki, hvar lendir. Ég veit, þrátt fyrir fullyrðingar hv. 3. landsk., að verði frv. nú breytt, þá muni ýmsir Framsfl.menn hugsa sér til hreyfings um frekari breyt., ef frv. kemst til Nd. aftur. Það vita allir, að mörgum þeirra var ekki ljúft að ganga að þeirri tölu uppbótarsæta, sem ákveðin er í frv. — Ýmsir framsóknarmenn hafa áður kveðið fast að orði um það, að þeir ætluðu sér að halda fast í rétt kjördæmanna. Skiljanlegt er, að þeim hinum sömu sé það ekki sársaukalaust að tala við kjósendur sína eftir að þetta samkomulag er fengið, sem þeir þó hafa gengið inn á ásamt hinum flokkunum, og að þeir því vildu nota færi, ef byðist, til þess að ganga frá samkomulaginu. — Það er þetta efni og orðalag, eins og hv. þm. Str. bendir til, sem við jafnaðarmenn höfum gengið inn á. En ég veit ekkert, hvað Alþfl. kann að gera, ef þessu orðalagi verður breytt í þá átt, sem hann telur óhagstæðari.

Ég skal þá koma að frv. og brtt. þeim, sem fyrir liggja. Orðalag frv. er skýrt og greinilegt og verður ekki misskilið. Till. hv. 3. landsk. er aftur á móti loðin, vara-

söm og gefur undir fótinn um, að hægt sé að setja í kosningal. óheppileg ákvæði. Stórfelldar breyt. eru gerðar. Sú fyrsta er, að samkv. frv. er stjórnmálafl. heimilað að hafa landskjörslista við kosningar. En í till. er talað um, að þingflokkur hafi þann rétt. En hvað er nú þingflokkur við kosningar og hvernig á að setja mennina á þennan lista? Hér er mjög óljóst, við hvað er átt. Það lítur út fyrir, að fráfarandi þm., sem þó eru umboðslausir eftir að þing hefir verið rofið, eigi að koma saman á fund, hver flokkur fyrir sig, og ráða landskjörslista einir. Með þessum skilningi er þeim flokkum, sem ekki áttu fulltrúa á þingi, meinað að koma fram landskjörslista. Ég efa ekki, að ef kommúnistum og nazistum, sem eru byltingasinnaðir flokkar og sennilega hafa menn í kjöri, væri meinað jafnrétti við hinna flokkana um að koma fram landslista, þá mundu þeir græða á því við kosningar. — Þá er í öðru lagi skýrt ákvæði um það í frv., að kjósandi megi greiða atkv. annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða á landslista. En í brtt. kemur ekki skýrt fram, hvernig þetta skuli vera. Menn þykjast jafnvel geta skilið þetta svo í brtt., að í kosningal. megi setja ákvæði um, að kjósandi megi gera hvorttveggja. Ákvæðið er skýrt í frv., en óákveðið í brtt.

Þá er ákvæðið um röðun á landslistann skýrt í frv. Ég hefi nú heyrt á hv. 3. landsk., að hann ætlist til, að þetta sé eins í brtt. En orðalagið er þó miklu ógleggra. (**JakM:** Það verður í samræmi við venjulegar hlutfallskosningar). Eftir brtt. verður þetta tóm flækja. Á þessa lista raðast ekki fyrr en eftir að kosningaúrslit eru kunn. Hvernig á þá að raða á listann? Og hvað á að gera við þá frambjóðendur, sem bjóða sig fram undir því yfirskini, að þeir tilheyri einhverjum flokki? Geta þeir hnuplað flokksnafni handa sér til þess að ná kosningu, þótt þeir ætli sér ekki að fylla þann flokk? Og hvernig á að fara að, þegar tveir frambjóðendur eru fyrir sama flokk í kjördæmi og hvorugur kemst að? Hvor verður þá kosinn, ef annar þeirra getur hlotið uppbótarsæti? Allt þetta getur komið fyrir. Ákvæðin um þetta eru svo ljós í frv., að hvert mannsbarn skilur þau. En brtt. eru svo loðnar og óljósar, að erfitt er að segja um, við hvað þar er átt. Það eitt sýnir glöggt, hve mismunandi skilning menn leggja í brtt., að hv. 1. þm. Reykv. reynir að sanna, að þar sé eiginlega ekki um neinar efnisbreyt. að ræða, en hv. 3. landsk. telur það stórvægilegar umbætur á frv., ef brtt. verða samþ. Þegar þessa hálfgerðu samherja greinir svo mjög á um þetta, má nærri geta, hversu um þetta verður togazt í kosningal., þegar þau verða samin. — Ég endurtek þá ósk mína, að málið verði nú tekið af dagskrá, svo þm. gefist færi á að athuga þær brtt., sem fram eru komnar.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. 2. landsk. lagði nokkra áherzlu á, að það væri óglöggt, hvað orðið þingflokkur þýddi í þessu sambandi. Og hann virtist hálfhræddur um, að þingflokkarnir fengju með þessu óeðlilega mikið vald, sem þá væri hrifsað frá kjósendunum. — Hér verður nú ekki um mikið vald að ræða. Ef svo væri ákveðið í stjskr., að allir frambjóðendur flokksins skuli taka efstu sætin á landslista, þá er ekki eftir af þessu valdi annað en formið. Það eru þá kjósendur hinna einstöku kjördæma, sem hver út af fyrir sig og allir í sameiningu skapa landslistann með því að ráða frambjóðendum. Á þann hátt væri varðveitt sambandið milli kjósenda og frambjóðenda, sem með frv. eins og það er nú er að nokkru leyti slitið. Er það aðalgalli frv., að það tengir ekki saman landslistann og kjördæmakjörið. En heppilegast er, að sambandið milli kjósendanna og landslistans sé sem traustast. Þetta verður öðruvísi en nú er. Nú er kosið um lista með vissum mönnum, milliliðalaust. En þegar settur er þessi milliliður, sem ráðgerður er í frv., þá er mikilsvert að haga honum þannig, að þetta samband haldist. Í frv. er þetta ekki eftir beinni línu. Þar er ákveðið, að annarhver af 10 efstu mönnum lista séu frambjóðendur. Hrein lína í þessu fæst með því, að allir á landslistanum séu frambjóðendur, eða þá enginn.

Það er stór bót, að þetta ákvæði sé gert svo úr garði, að saman fari fylgi við frambjóðendur í kjördæmum og fylgi við landslista, sem skipaður er sömu

mönnum. Þetta færir líka nær því marki, sem sett var í stjórnarfrv., og sé ég ekki annað en að allir geti verið ánægðir með þetta. Og það ætti ekki að verða ofraun því samkomulagi, sem fengizt hefir um þetta mál, þó þessu og öðrum smærri atriðum yrði breytt, til lagfæringar á frv.

**Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Þar sem nú er farið að ræða af alefli brtt. frá einum þremur þm. í þessari deild, sem ég hélt þó, að bundnir hefðu verið við það samkomulag, sem gert var, svo sem allir aðrir, þá vil ég taka það fram, að það er margt í frv., sem ég hefði fremur kosið að breyta. En ástæðan til þess, að ég flyt engar brtt. um það, sem ég þó gæti óskað að væri breytt, er sú, að ég taldi mig bundinn við að fylgja því fram óbreyttu, sem samkomulag hafði fengizt um. Ég hefði þó sannarlega ástæðu til þess að koma fram með till. til breyt., og það miklu veigameiri efnisbreyt. en þær, sem hér er rætt aðallega um, svo sem um að nema í burt ákvæðið, er fyrirbyggir það, að hlutfallskosningar megi fram fara í tvímenningskjördæmum. Það er ákvæði, sem nálgast það, sem á öðrum sviðum er kallað óhlutvendni. En ég hefi þó eigi gert það, vegna þess, eins og ég áður sagði, að ég tel mig bundinn við það samkomulag, sem var gert. Ég hefi enn ekki gert þær brtt., sem fyrir liggja, sérstaklega að umtalsefni. En fyrst út í þær umr. hefir verið farið, þá vil ég benda á, að það er rétt, sem hv. 2. landsk. sagði, að á þeirri stundu, er semja skal landslista samkv. brtt., er enginn þingflokkur til. Þann lista er ekki hægt að semja fyrr en kunn eru úrslit kosninga í kjördæmum. En eftir þeirri venju, sem hefir ríkt, er á þeirri stundu enginn þm. með umboði, og þá heldur enginn þingflokkur. Í uppástungum þeim, sem fram hafa komið um að binda réttindi til jöfnunarsæta við þingflokka, byggist það á því, að ákvörðun um úthlutun jöfnunarsætanna kemur ekki til framkvæmda fyrr en eftir að talning hefir farið fram um kosningar í kjördæmunum. Og þeir flokkar einir, sem hafa fengið mann kosinn, hafa réttindi til að hafa landslista. Ég hygg, að ekki sé hægt að víkja því þannig við, ef frv. verður samþ. óbreytt, að eftir ákvæðum þess sé hægt að vita, áður en gengið er að kjörborði, hvort eitthvert kjördæmi geti haft landslista í kjöri.

Ég veit heldur ekki, hvað menn kunna nú að segja um það ákvæði, að á landslista skuli „allir frambjóðendur flokksins við óhlutbundnar kosningar eiga sæti sem efstu menn listans". Ef t. d. Sjálfstfl. hefði 32 menn í kjöri í kjördæmum utan Reykjavíkur, þá veit ég ekki, hvað sá segði um framkvæmd þessa stjskr.-ákvæðis gagnvart sér, sem neðstur yrði á listanum, þegar allir eiga að vera efstir. Þetta er að mínu áliti varhugavert ákvæði. Það er ekki eðlilegt að hafa nema 22 menn á lista, þegar kjósa á aðeins 11 þingmenn og 11 varamenn.

Hæstv. forsrh. fór nokkrum orðum um það samband á milli kjósenda og þeirra, sem væru á landslista, sem skapaðist með ákvæðum, sem þó ekki finnast meðal ákvæða frv. eins og það er nú. En ég vil vekja athygli hæstv. forsrh. á því, að þetta samband er ekki frekar skapað með ákvæðum frv. heldur en með núgildandi stjskr.-ákvæðum. Það hefir hingað til ekki þótt tiltækilegt að skapa annað samband á milli kjósenda og frambjóðenda en það, að hann þyrfti að hafa vissa tölu meðmælenda. Þetta er ekki einu sinni ákveðið í núgildandi stjskr. Ég skil ekki í því, að í stjskr. þyrfti neitt að ákveða um meðmælendur. Ég geng út frá því, að kosningalög gætu gert kröfu um slíka meðmælendur, ef nauðsyn þætti bera til, viðvíkjandi því að stilla mönnum á landslista, eins og verið hefir og sjálfsagt mun verða um kjördæmaframbjóðendur.

Þegar búið er að skipa á landslista eins og gert er ráð fyrir í frv., þá eiga allir, sem annars eiga rétt til að greiða þeim lista atkv., einnig að hafa rétt til þess að greiða þeim mönnum á listanum atkv. sitt, sem þeir vilja, og ráða þannig, í hvaða röð þeir kjósa frambjóðendurna. Með þessu er allt samband fengið á milli kjósenda og frambjóðanda: Fyrst ákveðin tala meðmælenda og síðan atkvæðafjöldi, sem kjósendur greiða frambjóðanda. Hitt er náttúrlega ekki unnt að fá, að atkv. þau, sem umfram verða frá kosningum í fólksflestu kjördæmunum, t. d.

Reykjavík, og sem þess vegna eiga að koma flokknum til góða við úthlutun uppbótarsæta, verði frekar greidd landslista eftir till. hv. 3. landsk. heldur en eftir ákvæðum frv. Þau eru greidd öðrum mönnum en þeim, sem ná kosningu. — Um skipun sæta á lista eru ákvæði frv. skýr og eðlileg, en ákvæði brtt. hv. 3. landsk. því miður ekki.

Hv. 3. landsk. segist þora að fullyrða, að engin hætta sé á því, að frv. verði fyrir skemmdum í Nd., þótt breyt. yrðu gerðar í þá átt, sem hann fer hér fram á að verði samþ. En mér nægir sú yfirlýsing hans ekki, vegna þess, að ég veit, að hann mundi telja það umbætur á frv., sem ég tel skemmdir, og hefi ég fyllstu ástæðu til að segja það. Ég hygg, að honum mundi ekki finnast skemmd á frv., þótt jöfnunarsætum væri fækkað, en ég mundi telja það skemmd. Og það hefir orðið vart tilhneiginga í hv. Nd. í þá átt, svo að ég veit mig ekki neinar tryggingar hafa fyrir því, að hún sýni ekki um þetta mál samkvæmni við sjálfa sig, ef það kemst til hennar aftur.

Þess vegna vil ég, bæði með tilliti til efnis og frágangs þessara brtt. og þýðingar þeirra fyrir málið í heild, ráða eindregið frá því að samþ. þær.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég sé greinilegan mun á sambandinu á milli kjósenda og frambjóðenda við núgildandi landskjör og á sambandinu milli kjósenda og landslistamanna samkv. stjskrfrv. Nú er auðvelt að koma fram lista. Nú eru þessir listar sjálfir kosnir af öllum, sem taka þátt í kosningu. En við það landskjör, sem hér um ræðir í frv., við úthlutun uppbótarsæta, er ekki hægt að koma við lista nema fyrir flokka. Og flest atkvæðin, sem ráða úrslitum um lista, mundu ekki verða greidd listunum sjálfum, heldur frambjóðendum í kjördæmum. Og fyrst atkv., greidd frambjóðendum í kjördæmum, ráða mestu um úrslit kosninga í jöfnunarþingsæti, hvað er þá eðlilegra en að hafa þá frambjóðendur í héruðum alla á landslista?

Ég skal sízt skorast undan því samkomulagi, sem orðið er. En það er vitanlegt öllum, að þingheimur gæti sætt sig við hvaða sæmilegt skipulag sem væri í þessum atriðum, þegar ekki munar öðru en því, hvort annaðhvert sæti á lista skuli skipað frambjóðendum í kjördæmum eða öll sætin. Ég er ekkert hræddur um afdrif málsins vegna misklíðar um þetta. En annars er það oft svo, að þegar höfuðatriði máls eru til lykta leidd, þá fer mönnum að finnast aukaatriði þess vera orðin höfuðatriði, og hér virðist mér einmitt slíkt koma fram.

Ég hefi með þessum orðum ekki lagt áherzlu á annað en þetta, að á landslista séu allir frambjóðendur í einstökum kjördæmum, og sé ég engin vandkvæði á að koma því þannig fyrir.

**Forseti (GÓ):** Nú hafa komið óskir um að taka málið út af dagskrá og fresta umr. til morguns. Þótt ég sjái ekki verulega ástæðu til þess, vil ég ekki neita um þetta, og vil því láta hv. d. skera úr því.

ATKVGR.

Till. um að fresta umr. felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GL, JBald, JónasJ, MT, PHerm, PM.

**nei:** JakM, JónJ, JónÞ, BSn, EÁrna, H-Steins, GÓ.

IP[1]) greiddi ekki atkv.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Mér láðist að afhenda hæstv. forseta till. mína áðan, en ég las hana upp þá, og leyfi mér að afhenda hæstv. forseta hana nú, með beiðni um, að hún komi til atkv.

Ég þarf litlu að svara. Undir ræðu hv. 2. landsk. var ég að mælast til þess, að hann gerði grein fyrir, hvað það væri í till. mínum og hv. 3. landsk., sem væri til skaðsemdar fyrir hans flokk, að breytt yrði frá ákvæðum frv. Hann sagðist skyldi koma að því. Eftir það talaði hann lengi, en nefndi ekkert atriði í till., sem spillti aðstöðu hans flokks á nokkurn hátt, þótt önnurhvor brtt. væri samþ. Ég hygg þó, að ef mín till. yrði samþ., þá hlyti hv. þm. að játa, að hún yrði til bóta.

Hv. þm. var að tala um, hvað þing-

1) IP: Mín vegna óska ég ekki eftir, að málið verði tekið af dagskrá, en vil hinsvegar ekki setja fót fyrir, að það verði gert, og greiði því ekki atkv.

flokkur væri. Ég hygg, að búið sé að svara því. Mér skildist á hv. þm., að hann áliti, að engir þingflokkar væru til þegar búið er að rjúfa þing. En það liggur í hlutarins eðli, að ef stjskr. segir, að þeir séu til, þá eru þeir til. Og það er ekkert vandamál að ráða fram úr því, hvernig þá eigi að fara að. Þingflokka ber þá að skoða hina sömu, sem síðasta þing skipuðu, og þeir eiga sína tilveru byggða á sínum kjósendaflokki. Ég sé því ekki, að nein vandræði geti risið út af þessari brtt. Við getum báðir komið okkur saman um, að þessi breyt. á stjskr., sem hér ræðir um, verði til bóta, hvernig sem orðalagið er í þessu efni. En þótt lausn málsins sé eins ófullkomin og ennþá er útlit fyrir að verði, álít ég, að séð sé fyrir því, að hún komi að sem mestum notum sem kostur er á. Ég hefi leitt rök að því, að þessi breyt. í samræmi við brtt. hv. 3. landsk. er þýðingarmikil. En aðrar brtt. hans virðast mér ekki breyta frv. verulega. Hv. 2. landsk. er sammála mér um þetta síðarnefnda.

Þessi umtalaða breyt. er meira formsbreyt. en efnisbreyt., og þá skil ég ekki, hvað hann meinar með því að segja, að lausn kjördæmamálsins sé stefnt í hættu með því, þótt svona breyt. sé gerð og frv. þyrfti aftur til Nd. Slíkt tek ég ekki alvarlega. Allir hv. þm. vita það, að fengið er samkomulag allra flokka til að leysa þetta mál nú. Enginn flokkur myndi því vilja taka á sig þá ábyrgð að láta málið stranda á þessu þingi.

Út af því, sem hv. 3. landsk. vék til mín viðvíkjandi því, hvað fælist í þessu, að allir frambjóðendur flokks skyldu vera á lista, það þýddi, að hér í Rvík hefði hver flokkur ekki nema 6 frambjóðendur. Að vísu verða á hverjum lista 12 frambjóðendur, en aðgreindir í aðalframbjóðendur og varaframbjóðendur, þótt ekki verði kosnir nema 6 þm.

Ég hefi heyrt því hreyft, að samkv. brtt. hv. 3. landsk. mætti líta svo á, að kjósa mætti bæði frambjóðanda í kjördæmi og landslista, en í frv. eins og það er nú er kveðið svo að orði, að kjósendur greiði atkv. annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Hitt getur vitanlega ekki komið til mála, að menn kjósi tvöfalt. Vildi ég, að hv. 3. landsk. léti þá skoðun koma skýrt í ljós, að slíkt getur ekki komið til mála.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. varatill. frá 1. þm. Reykv. (sjá þskj. 949) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Jón Jónsson:** Það hafa nú farið fram talsverðar umr. síðan ég talaði síðast. Ég mun þó víkja að fáu af því, sem fram hefir komið, enda munu forlög þessa máls svo ráðin, að orð þýða ekki.

Hv. 2. landsk. sagði, að við Framsfl.-menn hefðum sagt meira um þetta mál við okkar kjósendur heldur en aðrir flokkar hefðu gert við sína. En hvað höfum við þá sagt? Við höfum sagt kjósendum okkar það, að við mundum beita okkur af alefli fyrir því, að kjördæmin úti um landsbyggðina héldust óbreytt. Svo er fyrir að þakka, að þannig er ákveðið í frv. Við höfum líka sagt, að við vildum beita okkur af alefli fyrir því, að áhrifavald landsbyggðanna utan Reykjavíkur minnkaði sem minnst. En við höfum líka tekið vel í það, að jafnað væri betur þingsætum milli flokka eftir atkv.tölu þeirra en gert hefir verið. Til þessa hefir verið tekið tillit í frv. En ég játa það, að á frv. eru gallar, sem geta valdið því, að áhrifavald Reykjavíkur á þingið geti orðið meira vegna hárrar fulltrúatölu en ég tel heppilegt eða hollt fyrir þjóðfélagið í heild. Ég hygg, að í framkvæmdinni mundu flest ef ekki öll uppbótarsætin hlotnast Reykvíkingum. En þetta tel ég leiðrétt, ef mín brtt. verður samþ. Ef svo verður gert, hygg ég, að mér verði létt að ganga til móts við mína kjósendur. En fáist engin leiðrétting á því, játa ég, að mér verður það erfiðara. Hv. þm. sagði, að mínar till. væru óskýrar. En það dæmi, sem hann benti á, afsannaði alveg þau ummæli hans. Í brtt. minni er því alveg slegið föstu, að kjósandi getur ekki gert nema annað tveggja, greitt atkv. frambjóðanda eða greitt landslista atkv. En mín till. tekur það skýrt fram, að þingflokkur getur ekki haft landslista í þeim kjördæmum, sem hann hefir frambjóðanda. Mín till. er því alls ekki óskýr í þessu efni. Og í mínum augum er það stórt atriði, að kjósandi fær ekki samkv.

minum till. að velja á milli frambjóðanda og landslista. — Það, sem hv. 1. landsk. fann að till. minni, var hreinn og beinn orðhengilsháttur. Þetta orðalag, að frambjóðendur séu settir efstir á landskjörslista, þýðir vitanlega ekki það, að allir séu settir í efsta sætið á listanum, heldur að þeir séu settir ofar á listann en þeir aðrir, sem kunna að verða á hann settir og ekki eru frambjóðendur í kjördæmum. Þetta atriði kemur naumast til greina hjá fjölmennum flokkum, aðeins hjá þeim fámennu. Þetta er því hreinn orðhengilsháttur hjá hv. 1. landsk. Ég tók það fram í upphafi, að ég býst ekki við, að miklar umr. hafi úrslitaáhrif á þetta mál. Ég mun því láta staðar numið að sinni.

**Jón Baldvinsson:** Ég skil ekki það kapp, sem á það er lagt að koma endilega að einhverjum breyt. á frv. Það er alveg auðséð, að til eru þeir þm., sem alls ekki vilja láta frv. ganga fram óbreytt. Þeir vilja gera í það þann glundroða, að þeir telji sig ekki á eftir bundna við neitt samkomulag. Ég get lýst því yfir, að jafnaðarmenn hafa nákvæmlega athugað orðalagið sjálft og samþ. það eins og það er nú í frv. Við óskuðum fyrst eftir landslista, sem flokkarnir hefðu frjálst val um að raða á. En flokksmenn hv. 3. landsk., er að samningunum unnu, vildu setja það ákvæði, að nokkur hluti frambjóðenda á landslista skyldu vera frambjóðendur í kjördæmum utan Reykjavíkur. Um þetta varð svo samkomulag. Annaðhvert sæti af tíu þeim efstu á landslista skal vera skipað frambjóðendum utan Reykjavíkur. Nú vill hv. 3. landsk., og mér skilst einhverjir fleiri þm., hrófla við þessu. Hv. 3. landsk. vill láta setja alla frambjóðendur í kjördæmum landsins á landslista, ef sá flokkur, er þeir tilheyra, hefir slíkan lista. Þetta stórbreytir frv. Og frá sjónarmiði Alþfl. er þetta stórspillir á frv. og auk þess brot á því samkomulagi, er fékkst um málið, er það var fyrir Nd. Svo er röðunin á listanum. Ég benti á, hve ólögulega þetta væri orðað, og hv. 1. landsk. hefir einnig bent á það sama. Það er vafalaust, að deila mundi rísa upp um það milli frambjóðenda, hver efstur á að vera. Það er einnig óákveðið, hvað meint er með orðinu „þingflokkur". Hæstv. forsrh. var reyndar að segja, að þetta mætti ákveða nánar í kosningal. Það getur vel verið, að þetta sé allt svo loðið og óákveðið, að hægt sé að snúa því á hvern veg sem vill með kosningal. En það er galli. Eftir orðalagi frv. er þetta skýrt og ákveðið.

Till.menn telja engu stefnt í voða, þó frv. sé breytt. En það liggur þó í augum uppi, að svo er gert. Margir þm. munu telja sig óbundna við þá samninga, er gerðir voru, ef frv. er breytt, og óska eftir að fá ný atriði inn í frv. Hefjast þá nýir samningar, og má þá svo fara, að allt samkomulag springi. Alþfl. vill því halda fast í frv. eins og það er, enda er það vitað, að margir framsóknarmenn vilja breyta ákvæðum frv. og munu nota til þess tækifærið, ef það kemst aftur til Nd.

Mér þykir, eftir því sem málið hefir verið reifað hér, allundarlegt samband hv. 3. landsk. og hv. 1. þm. Reykv., sem segja má, að gerzt hafi samherjar í þessu máli. Hv. 3. landsk. mælir fyrir sínum brtt. með þeirri röksemd, að þær séu fram komnar til að auka áhrifavald byggðanna utan Reykjavíkur, eða halda í það, sem er. Þetta er hv. 3. landsk. víst full alvara. Hann sagði líka, að hann vildi koma í veg fyrir, að Reykvíkingar fengju meiri þátttöku í fulltrúatölu á Alþ. Reykvíkingar eiga því að verða lægra settir í þessu efni en aðrir landsmenn. Till. hv. 3. landsk. er því fram komin til fjandskapar við Reykjavík, að því er hann sjálfur segir. En því undarlegra er það, að slík till. skuli fá fylgi hv. 1. þm. Reykvíkinga. Hann ætti þó fyrst og fremst að vera vörður síns eigin kjördæmis.

Hv. 1. þm. Reykv. hafði mörg orð um það, að enginn þm. mundi vilja taka á sig ábyrgð á því að fella frv., þó því væri breytt. Ég hefi nú áður vikið að þessu, og því má bæta við, að einn hv. þm. sagði í umr. um málið, að hér væri um hreina nauðasamninga að ræða. Það má nærri geta, hvort þeim mönnum, sem svo er innanbrjósts, væri sárt um það, þó frv. félli. Hið eina, sem tryggt getur þessu máli framgang, er, að þeir samningar, sem gerðir voru, séu haldnir og frv. samþ. hér óbreytt.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það fer að líða á nótt. Margt mun vera ótalað enn um þetta frv. Ég óska þess því, að hæstv. forseti taki málið af dagskrá nú, en taki það aftur á dagskrá sem 1. mál, er fundur hefst í fyrramálið.

Umr. frestað.

Á 89. fundi í Ed., 3. júní, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 793, 831, 861, 949).

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það hafa orðið allmiklar umr. um þetta mál og brtt. þær, sem fram hafa komið. Af samtölum milli þingmanna hefir það komið í ljós, að ýmsir telja það tæplega í samræmi við það samkomulag, sem áður hafði orðið, að nein af þeim brtt., sem fyrir liggja, verði samþ. Þó er mér ekki kunnugt um, hver verða úrslit þeirra tillagna. Í þeim eru atriði, sem ég tel mikils virði, en af samtölum við marga þm. hefi ég ástæðu til að ætla, að till. eins og ég nú vil bera fram skrifl., muni ekki mæta andúð þeirra flokka, sem hafa áður talað saman um þetta mál.

Sú till., sem ég ætla að leyfa mér að bera fram, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„C-lið 1. gr. skal orða svo:

Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er þingflokki að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar í þeim kjördæmum, þar sem sá flokkur hefir ekki viðurkenndan frambjóðanda í kjöri. Skal að minnsta kosti annaðhvert sæti 10 efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Frambjóðendur á landslista þess flokks, sem hefir landslista í kjöri og nær jöfnunarþingsætum, taka þau þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir af þeim, er eigi hafa náð kosningu í kjördæmi, eru í á listanum að lokinni kosningu, eftir venjulegum reglum hlutfallskosninga, með de Hondts aðferð. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum samtímis og á sama hátt".

Þær breyt., sem felast í þessari till. frá því, sem nú er í frv., eru þær, að í fyrri hluta þessarar till. eru nefndir „þingflokkar" í staðinn fyrir í frv. eru nefndir „flokkar", en það táknar það eitt, að þeir flokkar einir hafi rétt til að hafa landslista, sem koma að þingmanni í kjördæmi. Önnur breytingin er sú, að þar, sem flokkar hafa frambjóðendur, má ekki kjósa landslista flokksins. Landslista flokksins má aðeins kjósa í þeim kjördæmum, þar sem enginn viðurkenndur frambjóðandi er í kjöri fyrir viðkomandi flokk. Að öðru leyti eru ákvæðin óbreytt, hvernig á landslista skuli skipað, að þar skuli vera a. m. k. annarhver maður af frambjóðendum flokksins.

Ég ber þessa till. fram af því, að ég hefi ástæðu til að ætla, að það verði öllu meiri ánægja með afgreiðslu málsins, ef hún verður samþ. en ella. Um Nd. er mér það kunnugt, að þessi brtt. verður frv. ekki að fótakefli.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá forsrh. (sjá þskj. 958) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Ingvar Pálmason:** Ég geri ekki ráð fyrir því að fara langt inn á þær brtt., sem hér liggja fyrir við þetta frv. Þeim hefir verið lýst af hálfu flm. þeirra, og það hefir verið fært fram það gildi, sem þær hafa. Það hafa aftur á móti verið færðir fram af andmælendum þeirra þeir gallar, sem á þeim eru. Ég skal segja rétt eins og er, að ég er ekki meiri gáfumaður en það, að ég á erfitt með að gera upp á milli þessara tillagna, sem að líkindum lætur, þar sem tvær hafa komið fram nýjar, önnur á fundinum nú en hin í gærkvöld. Þess vegna mun ég ekki ræða þær. En áður en gengið verður til atkv. um þetta mál, þá vildi ég minnast á tildrögin til þess forms, sem það er nú komið í, og afgreiðslu þess.

Ég þarf ekki að rifja það upp, að fyrir stuttu kom fram uppástunga um það í þeim flokki, sem ég tilheyri, að leysa þetta mál með samkomulagi allra flokka. Niðurstaðan af þessu var sú, að formanni þingflokks okkar var falið að mæta sem samningamaður, með öðrum manni að vísu, við þessar tilraunir. Hann gat þess

strax, að ef hann ætti að verða við þessum tilmælum, óskaði hann eftir að fá umboð til að semja þannig lagað, að það, sem yrði niðurstaðan, yrði samþ. af flokknum. En þó meinti hann það ekki, að þar með væri bundið atkv. hvers einstaks flokksmanns, en hann óskaði að fá yfirlýsingu svo margra manna í flokknum, sem hann taldi nægja, og þessa yfirlýsingu fékk hann frá mér, það er mér ekkert launungarmál. Og þó að ég viðurkenni það fyllilega, að árangurinn af þessum samningaumleitunum varð allt annar en ég óskaði að hefði orðið, þá tel ég mér skylt að standa við það loforð, sem ég gaf mínum umboðsmanni, og standa við þá samninga, sem hann hefir gert. Þó að hér séu komnar fram í deildinni brtt. við frv., sem ganga meira í þá átt, sem ég hefði kosið, þá get ég ekki greitt þeim atkv. Sömu rök liggja til þess, að ég get heldur ekki greitt þessum brtt. atkv. mitt. Ég tel ekki rétt gert af mér að ganga frá umboði því, sem ég hefi gefið til samninga, og gefa þar með tilefni til þess, að aðrir aðilar gangi einnig frá sínum. Það er sýnt, að foringjar Sjálfstfl. og Alþfl. vilja halda fast við gamla samkomulagið, og þá virðist mér opin leið, að flokkarnir sem flokkar séu ekki lengur bundnir, ef breytt verður, og ég lýsi því strax yfir, að fari svo, að einhverjar breyt. verði gerðar, þá tel ég mig ekki lengur bundinn við þá samninga, sem ég hefi áður gert. Ég skal ekki segja, hvað hlytist af því, ef svo margir fengjust til fylgis við breytingarnar, að þær næðu hér samþykki, en það kann að vera rétt, sem lýst hefir verið yfir, að hv. Nd. mundi ekki granda frv., þó það færi þangað aftur.

En það var annað og meira, sem fyrir mér vakti. Það var ekki endilega að koma málinu í höfn á þessu þingi, heldur að afla því svo mikillar tryggingar, að það fengi afgreiðslu á næsta þingi. En ef þeir flokkar, sem nú skipa þing og munu skipa næsta þing, fá nú átyllu til þess að ganga frá samningaumboði sínu, þá er líklegast og sanngjarnt, að þeir telji sig ekki bundna við þessa afgreiðslu málsins. En verði það hinsvegar samþ. eins og það nú liggur fyrir, þá tel ég, að allir flokkar séu bundnir á næsta þingi við þetta samkomulag. Þá má álíta, að næg trygging hafi náðst fyrir því, að málinu verði fylgt fast eftir á næsta þingi. Af þessum ástæðum mun ég greiða atkv. á móti öllum brtt., sem fram hafa komið. (**Dómsmrh.**: Líka þeim till., sem samkomulag hefir fengizt um?). Auðvitað ekki þeim, sem samkomulag hefir náðst um á réttan hátt, en þótt ýmsar skoðanir hafi komið í ljós í viðtölum, og menn jafnvel fallizt á sumar þeirra, þá tel ég mig ekki bundinn, ef ég á þennan hátt er leystur frá umboði því, sem ég hefi áður á minnzt. En þetta, að allir flokkar standa að afgreiðslu málsins, er trygging fyrir framgangi þess á næsta þingi. Áður en til atkv. er gengið tel ég nauðsynlegt að lýsa yfir þessu, og minni jafnframt á, að þótt tryggt hafi verið, að breytingarnar verði einnig samþ. í hv. Nd., þá er það spursmál, hvort málinu er ekki stefnt frá með því. Enda vil ég láta í ljós þá ósk, að allar brtt. verði teknar aftur og að til atkv. verði gengið um frv. Eftir túlkun þeirra að dæma held ég, að þær séu ekki stórvægilegar, og hvers vegna þá að stofna málinu í hættu? Það var sagt hér í gærkvöldi, að við framsóknarmenn ættum erfitt með að fylgja frv., af því að við hefðum viðhaft svo mörg og stór orð. Slíkum stóryrðum hirði ég ekki að svara, en get sagt fyrir mig, að þegar ég gekk að samningum, þá var það alls ekki sársaukalaust, og því aðeins lagði ég það á móti mér, að ég bjóst við, að af því mundi leiða viðunandi og sómasamlega lausn.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson)**: Mér þótti það eftirtektarvert í ræðu síðasta ræðumanns, að hann taldi það varða svo miklu, hvort breytt verður eða ekki, að hann væri þess albúinn að ganga á móti frv. án þess þó að hann hefði að nokkru leyti sýnt fram á, að frv. væri spillt. Hann sagði bara, að búið væri að gera samkomulag og því væri ómögulegt að gera nýtt samkomulag. Mitt álit er það, að frv. sé ekki nokkur hætta búin á næsta þingi. En þegar ekki stórvægari till. en þessi, sem ég flyt, er notuð sem átylla fyrir menn til þess að skerast úr leik, þá tek ég hana aftur og læt svo ráðast, hvort einhver hv. þm. verður til þess að taka hana upp aftur.

**Frsm. meiri hl. (Jón Þorláksson)** [óyfirl.]: Út af ræðu hv. 2. þm. S.-M. og ummælum hans um formenn Alþfl. og Sjálfstfl. vil ég taka það fram, að ég hefði ekki tekið í mál að greiða atkv. með brtt. nema um það hefði verið fullt samkomulag allra aðilja, sem að frv. standa. Mér er það líka allt of kunnugt, að ýmsir eru óánægðir með frv. og mundu vilja ganga mót því, ef þeir væru með öllu óbundnir, til þess að ég vilji eiga þátt í því að losa um allt eftir að samkomulag hefir náðst. Þessi yfirlýsing hv. þm. nægir mér til þess að greiða atkv. á móti öllum brtt., jafnvel þótt einhver þeirra kynni að færa frv. til betri vegar. Um efni þeirra vil ég taka það fram, að alveg meiningarlaust er að fara út í deilur um það á þessu stigi, því að öll ákvæðin, sem í þeim felast, eiga frekar heima í kosningalögum en í stjórnarskrá, og mér finnst engin ástæða til þess að stofna málinu í hættu, eða a. m. k. komast út í nýjar deilur um það.

**Jón Baldvinsson:** Það kom nú fram hjá hv. 2. þm. S.-M., sem ég og varaði við í gær, að hrófla nokkuð við frv., því að það, sem ég sagði þá og hv. þm. sagði nú, var, að þing kemur eftir þetta þing, og frv. þarf að hafa meiri hl. í báðum deildum til fylgis, ef það á að verða að lögum. Líti fleiri hér á sem hv. 2. þm. S.-M., sem mælti af heilum hug, en það er mér og öðrum kunnugt, hversu grandvar sá hv. þm. er, að ef breyt. verði gerðar og þótt það sé gert með vilja margra hv. þm., þá eru ekki allir, sem skýra svo hug sinn sem hv. 2. þm. S.-M. Og ef nú er losað um samkomulagið, þá eru menn ekki bundnir á næsta þingi. Og það er ekki nóg að samþ. frv. nú. Síðasti áfanginn er á næsta þingi, og þá má ekki hagga einum stafkrók í frv., ef frv. á að verða að lögum. Þess vegna finnst mér ekki annað liggja fyrir en að samþ. frv. eins og það nú er.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég heyri það, að mikilli alvöru og þungum hugsunum hefir lostið yfir dm. við hin diktatorisku ummæli hv. 2. þm. S.-M., en fyrir mitt leyti vil ég endurtaka það, að ég hefi aldrei skoðað samningana sem bindandi um annað en aðalatriðið, og því er vitanlega hverjum einstökum þm. það frjálst að leggja til um breytingar á fyrirkomulagsatriðum. Engin andmæli með rökstuddar skoðanir að baki hafa komið fram gegn því, að till. séu ekki sumpart til bóta og sumpart alveg meinlausar. Því tel ég það enga goðgá, þótt ég taki ekki aftur till. og haldi henni til streitu. En viðvíkjandi því, að frv. sé borgið, ef engu er breytt, vil ég segja, að það eru bábiljur einar. Frv. verður lagt fyrir nýkosið þing, sem enginn veit, hvernig verður skipað, og þó að það hafi verið samþ. hér óbreytt, þá er það engin trygging. Hinsvegar, meðan ekki er sýnt fram á það, að till. geri frv. óaðgengilegra, þá er ekki ástæða til þess að láta ekkert breytast aðstöðuna. Ég trúi mönnum heldur ekkert betur til þess að framfylgja því á næsta þingi, þó að því verði ekki breytt hér.

**Jón Jónsson:** Mín afstaða er sú sama og hún hefir verið. Ég hefi tekið skýrt fram, að ég fæli ekki einum manni umboð til samninga upp á þessi býti. T. d. er landslistafyrirkomulagið svo langt frá mínu sjónarmiði, sem ég setti mér um uppbótarsætin, að það er ekki hægt að telja neinar brigður af minni hálfu, þó að ég fylgi minni till., sem á að ráða bót á því, að sveitunum er ekki tryggður þeirra réttur eins vel og á verður kosið. Ég lýsi því líka yfir, að ef mín till. verður felld, þá fylgi ég varatill. hv. 1. þm. Reykv., þótt hún gangi ekki eins langt og mín.

**Einar Árnason:** Út af því, sem hér hefir verið talað um samkomulag um afgreiðslu þessa máls, þá get ég tekið undir það með hv. 1. þm. Reykv., að það samkomulag skilst mér, að snerti ekki nema tvö aðalatriði frv., nefnilega tölu uppbótarsætanna og landslistann. En hinsvegar hefi ég alltaf álitið, að hið innra fyrirkomulag á landslistanum mætti alltaf tala um og leggja til um breytingar og bætur, svo framarlega að ekki verði raskað efnisatriðunum. Till. hafa komið fram um fyrirkomulag það, sem hafa eigi um framboð á landslista, og þá er sérstaklega athyglisverð sú till., sem hæstv. forsrh. bar fram, en hefir nú tekið aftur. Ég vil lýsa því yfir, að ég tek hana upp.

**Páll Hermannsson:** Ég er óánægður með þessa lausn á stjórnarskrármálinu, í hverju formi sem hún verður samþ., hvort sem frv. verður samþ. óbreytt, eða hvort till. þær, sem fyrir liggja, verða teknar til greina. Þessi óánægja mín stafar af því, að ég veit ekki betur en að því hafi verið lýst yfir, að þessi lausn sé aðeins bráðabirgðabreyting og að innan skamms megi búast við nýju erfiði við nýja lausn. Ég lít svo á, að þessi málamyndalausn stafi af því, að þing og þjóð hafa ekki gefið sér nægan tíma til þess að leysa málið til frambúðar. Það á ekki við nú að ræða einstök atriði, en ég get þess, að þó að samkomulag hafi náðst, þá eru flestir óánægðir með það. Þetta samkomulag hefir ekki fengizt af öðru en því, að allir sjá, að ekki er forsvaranlegt að hliðra sér lengur hjá að leysa málið. Margar ástæður liggja til þess. Mörg erfið viðfangsefni kalla að, sem ekki þola, að þing og þjóð eyði kröftum sínum í stöðugar deilur um stjórnarskrármálið. Það mega menn vita, að með hverju því máli, sem þingið getur ekki leyst, veikist trú þjóðarinnar á þingræðinu, og slíkt má ekki verða, að upp komi ótrú á rökum byggð. Að ég gekk að samkomulaginu, stafar af því, að ég sé hina brýnu þörf til þess að fá lausn á málinu. Ég hygg, að ekki komi til mála að hrófla nokkuð við aðalatriðunum tveim, sem mest hefir greint á um, en ég lít svo á, að breyta megi öðrum atriðum, og teldi ég það rétt, þrátt fyrir samkomulagið, nema einhverjir af þeim, sem að því standa, sýndu fram á, að slíkt megi ekki. Mér skilst, að Framsfl. hafi samið við Sjálfstfl., en það hefir komið í ljós, að einmitt úr þeim flokkum eru menn, sem ekki eru mótfallnir formsbreytingum og hafa jafnvel borið fram brtt. við frv. Ég álít ekki, að ég sé neinn svikari við þau loforð, sem ég hefi gefið, þó að ég greiði atkv. með brtt. Ég sé glögglega hina óumflýjanlegu þörf og get ekki ætlað hv. þm. að hætta að sjá hana, jafnvel þó að breyt. verði gerðar á forminu. Þeir, sem óánægðir eru með samkomulagið, hafa við þau rök að styðjast um sættina, að ekki varð lengur hjá því komizt, því að óþægilegt verður að segja kjósendum frá því, að menn hafi séð þörfina, en horfið frá að leysa þetta vandamál, af því að breytt hefði verið í smávægilegum formsatriðum. Ég get ekki neitað því, að mér finnst sumt af þeim brtt., er hér liggja fyrir, til bóta. Ég mun greiða atkv. skv. því og býst ekki við, að hægt sé að stimpla mig með neinum svikastimpli, þó ég geri það.

**Frsm. 1. minni hl. (Magnús Torfason):** Ég stend upp til að lýsa því yfir, að ég tek aftur brtt. á þskj. 831. Ég tel þær of góðar til að sæta svo blóðugum dauða sem ég þykist vita, að þeim sé búinn hér. Að öðru leyti hefi ég hugsað mér að skipta mér ekki af þeim brtt., er hér liggja fyrir. Mér var geðfelldust sú brtt., er borin var fram af hæstv. forsrh. En fyrst hann hefir tekið hana aftur, mun ég greiða atkv. gegn báðum hinum till., frá hv. 3. landsk. og frá hv. 1. þm. Reykv.

**Jónas Jónsson:** Það eru ýmsar spurningar í sambandi við framkomnar brtt., sem þörf væri á að fá svarað, áður en gengið er til atkv. um þær, þar sem talsvert hefir verið um það deilt hér í umr., hvernig skilja bæri einstök atriði. Er það vitanlega stór galli á till., að menn skuli geta greint svo mjög á um það, hvað með þeim sé meint. Ég skal benda lauslega á nokkur atriði.

Það hefir verið á það bent af hv. 1. landsk. og hv. 2. landsk., að ógreinilegt væri, hvað við væri átt með orðinu þingflokkur, þar sem enginn þm. er til á því tímabili, sem listinn skal ákveðast. Ég vildi gjarnan fá greinilega skýringu á því, hvað meint er með þessu.

Þá er annað, sem þessu er náskylt: Hvernig ber að líta á það, ef þingflokkur skiptir um nafn? Sá flokkur getur hafa átt menn á þingi. En er þá sá flokkur eftir nafnskiptin grundvöllur undir þeim rétti að koma fram með landslista? Æskilegt væri að fá skýringu á þessu atriði. Ég verð að aðhyllast skýringar hv. 1. og hv. 2. landsk. á því, að óviðkunnanlegt sé að tala um þingflokka meðan svo er ástatt, að fyrrv. þm. hafa verið leystir frá sínu umboði og nýir þm. ekki komnir í staðinn. Sá listi, sem þannig væri skipaður, yrði þá nokkurskonar draugalisti.

Þar sem eiginlega enginn þingflokkur er til á þeim sama tíma, sem þetta ákvæði

stjórnarskrárinnar kemur til framkvæmda, þá vil ég spyrja hæstv. forsrh., í sambandi við brtt. hans, sem hann að vísu hefir tekið aftur, en hv. 2. þm. Eyf. hefir tekið upp, hvort hann meini með till., að einungis þeir flokkar, er fulltrúa áttu á því þingi, sem síðast starfaði, hafi rétt á að bjóða fram landslista, eða hvort allir þeir flokkar, sem frambjóðendur eiga í kjördæmum, kallast þingflokkar og öðlast þar með rétt til að hafa landslista. Við þessari spurningu væri gott að fá skýrt svar.

Nú eru til hér á landi tveir stjórnmálaflokkar, sem engan fulltrúa eiga á þingi. Annar sá flokkur hefir starfað nokkuð hér á landi. Hinn er nýr. Þótt ég að vísu á engan hátt vilji mæla með þessum flokkum, sem báðir eru öfgaflokkar, þá finnst mér samt eðlilegra, ef þeir hafa menn í kjöri í kjördæmum, að þeir öðlist við það einnig rétt til þess að hafa landslista. Og eins vil ég spyrja, hvort sá listi gefur rétt til, að þessir flokkar komi til greina við úthlutun uppbótarsæta, ef þeir skyldu nú engum koma að í kjördæmi. — Þetta og ýmislegt fleira í brtt. hæstv. forsrh. þyrfti nánari skýringar. Og þó tel ég brtt. hans miklu betri en till. hv. 3. landsk. og hv. 1. þm. Reykv. Í þeirra till. eru ýmsir óvenjulegir hlutir. Þannig eru t. d. íhaldsmenn skyldir að hafa 38 menn á sínum landslista, ef þeir bjóða fram í öllum kjördæmum og óska að hafa landslista. Þó geta uppbótarþingsætin aldrei orðið fleiri en 11, og lítil líkindi til, að þeir hljóti þau öll. Þetta er andkannalegt. Ákvæði stjórnarskrárfrv. og brtt. hæstv. forsrh. eru þá betri, þó brtt. taki ekki nógu skýrt fram, hvað meint sé með orðinu þingflokkur. Hefði t. d. brtt. verið orðuð svo, að heimilt væri þingflokki, er fulltrúa hefði átt á Alþ. síðasta kjörtímabil, að hafa landslista o. s. frv., þá hefði ekki um neitt verið að villast. Ég segi ekki, að þetta sé betra, en þá hefði þetta ákvæði verið svo skýrt, að um það þurfti ekki að þrátta. En þótt þetta sé nú ekki skýrara, þá mundu þó yfirlýsingar till.manna bæta nokkuð úr. Þær mundu þó a. m. k. skýra, hvað fyrir þeim sjálfum vakir. Gæti að því verið stuðningur síðar, er samin verða kosningalög. Þess vegna óska ég svars.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég er búinn að svara því áður, að þingflokkur er sá flokkur, sem á fulltrúa á þingi. Það er minn skilningur á því orði. (**JónasJ:** En ef þingflokkur skiptir um nafn?). Þá munu finnast leiðir út úr því. Annars ætti hv. þm., ef hann er óánægður með þetta orðalag, að koma með brtt. Hann gæti t. d. sett fyrrv. þingflokkur. Þá væri ekki um að villast.

Mér skildist hv. þm. spyrja að því, hvernig skilja bæri c-lið frv. eins og það nú er. Ég hefi ekki ástæðu til að svara þeirri spurningu, þar sem ég hefi ekki samið hann. Og sízt ætti að þurfa að upplýsa þá um hann, sem ekki vilja við honum hagga. Fylgi þeirra við c-liðinn hlýtur að byggjast á því, að þeim þyki hann auðskilinn og heppilegur.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég er í raun og veru búinn að svara því áður, sem svara þarf af spurningum hv. 5. landsk. og við kemur brtt. minni. — Viðvíkjandi því, hvort flokkur eða partur úr flokki, sem skiptir um nafn, hefir rétt til að hafa landslista, vil ég segja það, að ef t. d. hv. 5. landsk. skipti um nafn — (**JónasJ:** Kallaði sig t. d. frjálslyndan). Já, einmitt frjálslyndan, þá hefði hann áreiðanlega engan rétt til að hafa landslista. Hv. þm. er Framsfl.maður og heyrir þeim þingflokki til. Hann öðlast því engan rétt með því einu að kalla sig sérstöku flokksnafni. Ég er ekki alveg sammála hæstv. forsrh. um skilgreiningu hans á því, hvað þingflokkur er. Ég álít, að þingflokkur sé sá flokkur manna, sem starfað hefir á þingi. Og ég tel ekki, að sá flokkur hætti að vera til sem slíkur, þó þing sé leyst upp eða rofið. Ég fyrir mitt leyti álít, að þeir gömlu þm. haldi áfram að vera þingflokkur, þar til nýir þm. hafa tekið við. Þetta er að vísu ekki úrskurðað mál. En ég byggi skoðun mína á því, að ef nauðsyn krefði þess, að þing væri kallað skyndilega saman meðan svo stendur, sem lýst hefir verið, þá er ekki til annara að leita en þeirra fulltrúa, er síðast áttu sæti á Alþ. Og ég er viss um, að þetta yrði framkvæmt svo. Er þá ekki annað hægt að segja en að þingflokkur haldi áfram að vera til, þar til nýr hefir fengið umboð. En eins og ég sagði í gær, þá er

það nóg, ef svo er fyrir mælt í stjórnarskránni, að þingflokkur skuli vera til; það tryggir þetta, sem ég hefi skýrt frá, að væri álit mitt. Og ef þurfa þætti, mætti setja nánari ákvæði um þetta í kosningal.

**Pétur Magnússon:** Ég vil segja örfá orð, áður en atkv. verða greidd. Ég verð að segja það, að ég hefi aldrei heyrt meiri deilu um jafnlítið efni. Og það er undarlegt, að deila, sem er jafnótímabær og þessi, skuli hafa getað orðið svona löng og hörð, því það er mitt álit, að öll þau atriði, sem um er deilt, eigi ekki heima í stjórnarskrá, heldur í kosningalögum.

Fyrsta ágreiningsefnið er um heimild flokka til að hafa landslista í kjöri. Í frv. er flokkum gefin þessi heimild. Nú er um það deilt, hvort þetta skuli vera þingflokkur eða landsmálaflokkur. Ég fyrir mitt leyti hallast nú að því, að landsmálaflokkur sé sanngjarnara. En ég ætla þó ekki að rökstyðja þá skoðun mína í þetta sinn. En það er sýnilegt, að þetta ákvæði frv. verður að skýra nánar í kosningal., því vitanlega er ekki meiningin, að þetta ákvæði nái til allra „flokka". Þeir flokkar, sem þessi heimild nær til, verða vitanlega að hafa landsmálastarf á stefnuskrá sinni. En nánari skilgreining á þessu verður að bíða kosningalaga.

Þá er næsta atriðið, sem um er deilt, það, hvort flokkar megi hafa landslista og frambjóðendur í sama kjördæmi, eða aðeins annaðhvort. Eftir frv. er frjálst að hafa hvorttveggja, en í öllum brtt. er sú heimild burt numin og ekki nema annaðhvort leyft. En um þetta atriði gildir alveg það sama og um hitt, að í kosningal. má kveða á um það eftir vild.

Hið þriðja, sem um er deilt, er það, hvort allir frambjóðendur þess flokks, sem hefir landslista í kjöri, skuli teknir á hann, eða því sé hagað eins og nú er ákveðið í frv. Mér finnst nú þetta ákvæði frv. hálfálappalegt og hefði helzt kosið að breyta því. En um þetta gildir þó alveg sama og hitt. Þetta má auðvitað ákveða nánar í kosningal. Í frv. er ráðgert, að „að minnsta kosti" annaðhvert sæti 10 efstu manna á landslista skuli skipað frambjóðendum í kjördæmum utan Reykjavíkur. Það er því ekkert til fyrirstöðu, að í kosningalögum verði ákveðið, að svo og svo mörg efstu sætin séu skipuð frambjóðendum. Einnig sú deila er því ótímabær.

Ég þykist þá hafa leitt rök að því, að öll sú deila, sem um þessi atriði hefir staðið, sé ótímabær. Um þetta verður efalaust einhver ágreiningur, þegar kosningal. verða samin. En sú deila er óþörf nú. Þó ég líti nú svo á, að einstaka atriði mætti fara betur í frv., þá mun ég samt greiða atkv. gegn öllum brtt. Geri ég það af þeirri ástæðu, að samningar hafa þegar verið gerðir um þetta mál, eins og margsinnis hefir komið fram í umr. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég fal fulltrúa okkar sjálfstæðismanna fullt umboð til að gera þann samning og hefi því yfir engu að kvarta. Og þar sem greinilegt er, að breytingar á frv. munu leiða til þess, að ýmsir þm. telji sig óbundna við það samkomulag, sem gert var og allir flokkar gáfu samþykki sitt, og muni nota sér slíkar breyt. sem átyllu til að setja sig í andstöðu gegn frv., þá vil ég ekki eiga neitt á hættu með breytingum á frv. og greiði því atkv. á móti öllum brtt.

ATKVGR.

Brtt. 831 tekin aftur.
— 861 felld með 7:3 atkv.
— 949 felld með 7:3 atkv.
— 958 tekin aftur, en tekin upp af 2. þm. Eyf. og felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JónJ, PHerm, EÁrna, HSteins, JakM, GÓ.

**nei:** JónÞ, JónasJ, PM, BSn, IP, JBald.

MT, GL greiddu ekki atkv.

Atkvgr. um frv. frestað.

---

Á 91. og síðasta fundi í Ed., s. d., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 960).

# Önnur mál.

## I. Afgreiðsla þingmála.

Á 49. fundi í Ed., 12. apríl, utan dagskrár, mælti

**Jón Baldvinsson:** Ég stend upp vegna þess, að ég var staddur í Nd. hér um daginn, og var þá mál þar til atkvgr., sem ekki náði samþykki helmings dm. Enginn greiddi atkv. á móti, en svo margir sátu hjá við nafnakall, að málið fékk ekki meiri hluta d. með sér, og var það þess vegna lýst fallið. Til þess að málið hefði náð samþykki þurftu 14 að greiða atkv. með því, og þá einn á móti.

Nú er hér í d. frv. talið samþ., sem 6 atkv. eru greidd með og ekkert á móti. Þetta virðist mér dálítið annar skilningur á þingsköpunum heldur en fram hefir komið í hv. Nd. Kemur slíkur mismunur á starfsháttum d. einkennilega fyrir sjónir. Það getur vel verið, að okkar hæstv. forseti skilji þingsköpin rétt, en þá skilur hæstv. forseti Nd. þau rangt. Það er mjög óeðlilegt, að ekki gildi sömu reglur um atkvgr. í báðum d.

Ég vildi aðeins benda á þetta, af því ég var af tilviljun viðstaddur þá atkvgr. í Nd., sem ég benti á til samanburðar við atkvgr., sem hér hefir nú farið fram.

**Forseti (GÓ):** Ég hefi alltaf skilið þingsköpin þannig, að ef þm. vantar í d., þá þurfi færri atkv. til að samþ. mál eða fella, að til þess þurfi aðeins meiri hl. þeirra manna, sem á fundi eru, þó fleiri eigi sæti í d. Þannig álít ég, að þegar ekki eru nema 10 þm. á fundi, þá nægi 6 atkv. til að samþ. mál. Þetta hefir alltaf tíðkazt hér í d., enda virðist mér það koma skýrt fram í þingsköpum. Þykir mér undarlegt, ef hæstv. forseti Nd. lítur öðruvísi á þetta.

**Jón Baldvinsson:** Ég hefi engan dóm lagt á það, hvor af hæstv. forsetum hefir réttara fyrir sér í þessu efni. Ég vildi aðeins benda á þennan mismunandi skilning á þingsköpunum. Önnurhvor aðferðin hlýtur að vera röng, þar sem þær stangast.

**Magnús Torfason:** Ég kann ekki við það, að verið sé að bera sakir á hv. samþm. minn í Nd., án þess reynt sé að láta hann njóta sannmælis. Ég hygg, að aths. hv. 2. landsk. sé á misskilningi byggð. Það er nóg, að fullur helmingur dm. sé á fundi og greiði þar atkv., eins og margoft kemur fyrir. Það tilfelli, sem hv. þm. benti á, býst ég við, að hafi verið svipað og atkvgr. um till. eina, sem kom til atkv. að nóttu til hér á þingi og var felld vegna þess, að fleiri af fundarmönnum greiddu ekki atkv. heldur en þeir, sem atkv. greiddu. Það féll einu sinni till., sem 12 atkv. voru greidd með, af því 25 voru á fundi og 13 greiddu ekki atkv.

Ég hefi talað við hæstv. forseta Nd. um þessar atkvgr., og ég held, að umtal hæstv. 2. landsk. um, að ekki sé farið eftir sömu reglum í báðum d., sé algerlega á misskilningi byggt, eða misminni.

---

Á 61. fundi í Ed., 2. maí, utan dagskrár, mælti

**Jón Baldvinsson:** Hæstv. forseti! Ég stend hér upp til þess að fara nokkrum orðum utan dagskrár um störf þingsins. Þingið hefir nú starfað í 11 vikur, en

harla lítill árangur er af því, eftir því, sem frekast verður séð. Stjskrfrv. var útbýtt 1. marz og kom í nefnd 8. marz, en síðan hefir ekkert um það heyrzt. Við Alþýðuflokksþm. fluttum frv. um alþýðutryggingar, sem kom fram 3. marz og fór í nefnd 11. marz, en síðan ekki söguna meir. Þá var og flutt frv. um kreppuráðstafanir 29. marz; það fór í n. 3. apríl. Ekkert hefir heldur heyrzt um frv. til framfærslulaga, sem einhversstaðar liggur í nefnd. Fleiri mál eru það, sem líkt er komið um, svo sem frv. um eignarnámsheimild á landi fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Ég ætla ekki að minna á smærri málin, en því vil ég aðeins skjóta til flokka þeirra, sem að stj. standa, að svona slæleg afgreiðsla á þjóðþrifamálum leiðir til hinnar mestu hættu fyrir lýðræðisfyrirkomulagið. Það er aðeins eitt stórmál, sem afgr. er til fulls, norsku samningarnir, en hversu affarasælir þeir verða fyrir íslenzku þjóðina, læt ég ósagt; úr því mun reynslan skera. En þau mál, sem ráða úrslitum um velferð þjóðarinnar, eins og kreppufrv., kjördæmamálið og fleiri, eru látin sitja á hakanum. Um kreppufrv. vil ég segja, að það er svo stórvaxið, að það hefði þurft að koma miklu fyrr fram, svo að hæfilegur tími hefði fengizt til umhugsunar. Og það er ástæða til þess að ávíta stj. og þá þingflokka, sem hana styðja, fyrir þetta aðgerðaleysi, því að, eins og ég tók fram, þá er það til stórtjóns fyrir lýðræðið, að sú hugmynd komist inn og festist hjá þjóðinni, að alveg þýðingarlaust sé að vísa málum til Alþingis.

**Forseti (GÓ):** Hv. 2. landsk. byrjaði eiginlega ræðu sína með því að deila á hv. Nd., en þær aðfinnslur get ég ekki séð, að snerti okkur hér. Það get ég hinsvegar viðurkennt, að nefndarstörf hafa nú í ár verið með lakasta móti hér í d., en mörg eru þau mál, sem liggja fyrir þinginu, þannig vaxin, að ekki er stórskaði, þótt þau leggist fyrir, og ekki held ég, að menn séu bættari, þó að öll yrðu þau að lögum.

**Jón Baldvinsson:** Út af orðum hæstv. forseta vil ég taka það fram, að mér þykir réttara, að Alþingi taki til úrskurðar þau mál, sem fyrir því liggja; þau verða ekki endilega að lögum fyrir það. En sjálfsagt er, að þingið lýsi sinni afstöðu til málanna, og svo kemur til álits alþýðu. Mér þætti gott að heyra frá hæstv. forsrh., hvað líður kjördæmamálinu. Þingið hefir nú staðið 11 vikur, svo að nú mun fara að líða að þinglokum, og þá mun fara svo, eftir venjunni, að 10—20 málum sé hrúgað á dagskrá og þau svo afgr. í skyndingu. En hjá slíkri flaustursafgreiðslu á málum þarf að komast.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég get ekki að svo stöddu frætt hv. 2. landsk. um afdrif kjördæmamálsins. En ég mun róa öllum árum að afgreiðslu þess, og líklega tekur það ekki langan tíma, að komist verði að niðurstöðu. En annars get ég ekki látið hjá líða að benda hv. þm. á það, að hann á sjálfur sinn þátt í sínum kæruatriðum, því að hann hefir ekki viljað taka þátt í nefndarstörfum, þó að hann hafi átt kost á því.

**Jón Baldvinsson:** Ég kveð mér nú hljóðs út af þingsköpum. Hæstv. ráðh. getur alls engar fyrirskipanir gefið mér um það, hvernig ég skuli greiða atkv. En hinsvegar þótti mér gott að heyra, að hann telur nú viðunandi horfur um afgr. kjördæmamálsins. En hvað snertir nefndarstörf mín á Alþingi, þá hefi ég alls ekki atkvæðamagn til þess að komast í nokkra nefnd. Og í þá einu n., sem ég á sæti í, komst ég fyrir boð annars aðalþingflokksins. Svo að hæstv. forsrh. hefir enga ástæðu til að núa mér um nasir, að ég kæri mig ekki um að taka þátt í nefndarstörfum á þingi.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það mun vera rétt hjá hv. 2. landsk., að hann sé aðeins í einni nefnd. En þessi n. hefir aðeins haft eitt mál til meðferðar, og það er hans eigið stjskrfrv. Svo að það lætur undarlega í eyrum, að hann kvarti um önnur nefndarstörf.

**Jónas Jónsson:** Ég varð var við, að hv. 2. landsk. kvartaði um, hve seint gengju störfin í þessari einu n., sem hann á sæti í. En ég held, að hann megi þar sjálfum sér um kenna, því að hann er þar skrif-

ari og átti sinn þátt í að kjósa formanninn, og býr þar að sjálfum sér og sínum gömlu vinum.

**Jón Þorláksson:** Mér finnst það ástæðulaust af hæstv. forsrh. að senda stjskrn. hnútur, því að hún hefir alveg gert sína skyldu í þeim efnum. Hún hefir tekið málið fyrir, og samkomulag hefir fengizt um að láta málið bíða þangað til útséð er um, hvernig stjskrfrv. því, sem lagt var fyrir hv. Nd., reiðir af. Mér finnst það illa gert að stimpla n. fyrir slælega afgreiðslu málsins, er hæstv. ráðh. var kunnugt um þessa fyrirætlun.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það var ekki ætlun mín að senda hv. n. hnútur. Ég tel afstöðu hennar eðlilega. En þar sem kvartanir bárust frá flm. stjskrfrv., þá vildi ég bara benda honum á að líta sér nær.

**Jón Baldvinsson:** Hv. 1. landsk., form. stjskrn., hefir skýrt frá gangi málsins, og ég vil bæta þar við, að ég óskaði eftir, að haldinn yrði sérstakur fundur til þess að ræða þetta frv., og hefir Ed.-n. orðið þar frægari nefndinni í Nd., því að í Nd. hélt n. aðeins einn fund, og var þá kosinn form. og skrifari, en í Ed.-n. var þar að auki haldinn fundur, þar sem málið var rætt. En sá fundur fór nú hálfgert í handaskolum, því þeir hv. tveir framsóknarmenn, sem í n. eiga sæti, voru ekki inni á fundinum nema annað veifið, og sjaldnast báðir í einu. Yfirleitt tóku þeir fundinn ekki hátíðlega, og augljóst var, að þeir vildu ekki fallast á frv., svo að ég hikaði við að leggja það undir hnífinn. En hinsvegar finnst mér ekki samanberandi þær líkur til framgangs, sem mitt frv. hefir við frv. hæstv. stj., þar sem að því stendur stj. og báðir stjórnarflokkarnir, sem til samans hafa yfir 38 atkv. að ráða, en við Alþflm. erum aðeins 4.

**Magnús Torfason:** Ég stend upp sakir þessarar sendingar, sem ég fékk frá hv. 2. landsk. Hann brá mér um, að ég hefði sýnt málinu litla virðingu. Á því ætla ég ekki að biðja afsökunar. En ég kann illa við, að hann sé að bregða mér um ráp, því að ég fór aðeins einu sinni út af fundinum, og það var til þess að tala í landssímann. En um aðstöðu mína til málsins vil ég geta þess, að ég gaf hvorki hljóð né merki frá mér á fundinum. — Hæstv. forseti var að kvarta um, að nefndarstörf gengju verr nú en áður. Ég veit ekki betur en að hvert einasta frv., sem nokkur von er um, að nái fram að ganga, hafi farið alveg nógu fljótt gegnum allshn.

**Páll Hermannsson:** Mér þykir rétt að minnast á aðfinnslur þær við nefndarstörfin, sem hér hafa komið í ljós. Ég vil benda á, að margt er það, sem tafið hefir fyrir þinginu; mörg mannamót, búnaðarþing, kreppufundir, og ennfremur veikindi. En ég tel þó, að nefndir hafi ekki unnið verr en áður. Ég er form. í 2 nefndum. Önnur er samgmn. Fyrir henni liggur nú ekkert mál óafgr., og hin n., landbn., hefir heldur ekkert mál fyrirliggjandi; hún hefir nú afgr. yfir 20 mál. Ég get því ekki með nokkru móti fallizt á það, að þessar aðfinnslur séu réttar.

**Forseti (GÓ):** Mér þykir menn vera furðu viðkvæmir út af þeim fáu orðum, sem ég sagði. Ég lét í ljós, að mér fyndist nefndarstörfin og þingstörfin í deildinni ganga fremur hægt. En ef engum finnst þetta nema mér, þá er það vitanlega vitleysa. Svo að þeir þurfa ekki að vera ákaflega hugsjúkir út af þessum stóryrðum mínum. En fyrst þessi skemmtun, sem hv. 2. landsk. stofnaði til og átti að vera alvarlega meint í fyrstu, hefir nú fengið þá niðurstöðu, að þau mál, sem liggja hjá nefndunum án þess að þær hafi sinnt þeim, séu helzt þau mál, sem eiga ekki að ganga fram, og fyrst allir eru svo ánægðir með þingstörfin, nema ég og hv. 2. landsk., sem kvartar um, að hans eigin málum hefir ekki verið hreyft í nefnd, þá er sjálfsagt ekki mikil ástæða til að átelja hv. deildarmenn.

**Jón Jónsson:** Mér finnst þessar átölur í sjálfu sér koma úr hörðustu átt frá hv. 2. landsk., sem sjálfur hefir neitað að taka þátt í nefndastörfum nema í þessari einu n., sem hefir lítið starfað. Er ég

ekki að segja, að sú neitun hans sé með öllu óréttmæt.

En ég vil geta þess — að dæmi hv. 2. þm. N.-M. —, að ég er formaður í tveimur nefndum í þinginu, og hjá þeim liggur lítið af málum. Hjá fjvn. liggja fjárlögin. En eins og menn vita, þá er stutt síðan þau komu til þessarar hv. deildar, og býst ég ekki við, að hneyksli þyki, þótt þau séu ekki komin til 2. umr. Hjá menntmn. liggur ekkert mál nema það, sem kom fyrir 2—3 dögum.

En ég vil nota tækifærið til að minna á eitt mál, sem ég flutti snemma á þessu þingi, sem ekki er enn komið frá nefnd, frv. um æðsta dóm. Vil ég skjóta því til hv. form. allshn., sem bar sig svo hraustlega og kvaðst hafa afgr. allt nema það, sem á ekki að ganga fram, að ég lít svo á, að það sé deildin og þingið, sem eigi að úrskurða, hvort mál gangi fram, en ekki einstakar nefndir. (**JBald**: Alveg rétt! Út með málin frá allshn.!). Þess vegna vil ég mælast til, að allshn. afgr. þetta mál. Annars vil ég skora á hæstv. forseta að taka þetta mál á dagskrá innan hæfilegs tíma, og úrskurði svo deildirnar, en ekki einstakir menn í nefndum, um forlög þess.

**Magnús Torfason**: Ég neita því algerlega, að þeir, sem sitja á þingbekkjum, eigi sérstaklega sök á því, að málin gangi nokkuð dræmt. Ég held, að öll þingdeildin með forseta eigi þá sök á því líka. Og ég vil láta það ná nokkuð lengra. Það er allt þingið, sem á sökina, stjórnarherrarnir líka. Ég skal ekki fara að rökræða það yfirleitt, en ég vil minna hæstv. forseta á, að í þingbyrjun komu fram hér tvö frv. ekki margfaldari en það, að ekki þótti ástæða til að setja þau í nefnd. Ætlazt var til, að þau gengju fram, enda voru þau ekki annað en framlenging á gömlum lögum, sem samþ. hafa verið ár eftir ár. Ég býst við því, að þegar hæstv. forseti leitar í barmi sínum, þá muni hann sjálfsagt hafa fullgildar ástæður til þess að hafa ekki látið þetta mál koma enn á dagskrá, nú eftir 11 vikur. Ég efast ekki um, að hann hafi fullgildar ástæður, og þær fullgildu ástæður, sem hann hefir, munu gilda yfirleitt fyrir störf þingnefnda og þingmanna.

**Forseti (GÓ)**: Út af þessum orðum, sem hv. 2. þm. Árn. beindi til mín, skal ég geta þess, að ég finn ekki, að ég hafi sagt neitt mikið eða átalið umfram þörf. En hv. þm. er stór upp á sig. Er ekki von, að hann taki aths., hann er yfirmaður í sínu héraði og sennilega ekki vanur við aðfinnslur, enda þolir hann þær illa.

En ég verð að segja, að ég er á sama máli og hv. 3. landsk., að það sé deildin, en ekki nefndir, sem ákveða, hvort málin gangi fram eða ekki. Ég mun því á sínum tíma taka frv. um æðsta dóm á dagskrá, hvort sem nál. kemur eða ekki, ef flm. óskar.

Þá var hv. 2. þm. Árn. að hnífla mig fyrir að hafa ekki tekið á dagskrá tvö mál, sem ekki fóru í n. Ég get þá sagt honum, að þau eru bæði komin á dagskrá og verða tekin fyrir á morgun, og er því ekki í það skjólið að flýja héðan af.

**Magnús Torfason**: Ég þóttist ekki hnífla hæstv. forseta. Ég sagði, að hann hefði haft góð og gild rök fyrir því, að frv. eru ekki komin fram. Ég var bara að benda hæstv. forseta á þetta til skilningsauka.

Að því er snertir stórlæti mitt, þá hélt ég, að það væri mál milli mín og héraðsmanna. En mér sýnist hæstv. forseti ekki vera minna stórlátur hér í deildinni heldur en ég heima í héraði, a. m. k. er hann mun heimaríkari.

---

Á 63. fundi í Nd., s. d., utan dagskrár, mælti

**Héðinn Valdimarsson**: Við Alþfl.menn höfum flutt 24 frv. á þessu þingi. Af þeim eru 2 orðin að l., 2 hafa verið felld, en hin liggja flestöll hjá n. í meiri eða minni óreiðu. Vil ég nú skora á hæstv. forseta, að hann skrifi n. og áminni þær um að skila málunum frá sér sem allra fyrst, svo að þau geti fengið afgreiðslu þingsins á einn eða annan hátt. Þingið hefir nú senn staðið í 3 mánuði, og virðist þó harla lítið eftir það liggja, enn sem komið er a. m. k. Kreppumálin eru skammt á veg komin. Till. okkar Alþfl.manna í þeim munu ekki hafa fundið náð fyrir augum stj., enda virðist sem svo mikið

eigi ekki við þær að hafa að athuga þær, en þær till., sem stj. enn hefir borið fram í þessum málum, taka aðeins til bænda-anna. Verkamönnunum hefir stj. alveg gleymt. Stjskr.-málið er og enn óafgr., og hefir form. stjskrn. ekki einu sinni haft svo mikið við að kalla n. saman til fund-ar. Vil ég því skora á hæstv. forseta, að hann gefi form. stjskrn. áminningu, svo hann kalli n. þó a. m. k. saman til fund-ar, en ekki sé haldið áfram leikaraskapn-um í þessu máli, eins og raunar öðrum málum á þessu þingi.

**Magnús Jónsson:** Ég vil taka undir það hjá hv. 2. þm. Reykv., að hæstv. forseti ýti undir form. stjskrn. með að halda fund í n. sem bráðast. Það er hálfóvið-kunnanlegt að kljúfa n., áður en nokkur fundur hefir verið haldinn í henni, en til þess hlýtur þetta þó að leiða, ef ekki verður bráðlega haldinn fundur.

**Forseti (JörB):** Ég mun verða við þeim tilmælum hv. 2. þm. Reykv. að kynna mér frekar afgreiðslu mála í n. en ég þegar hefi gert. — Ég get sagt það við-víkjandi form. stjskrn., að það, að hann hefir ekki kvatt n. saman, ætla ég, að orsakist af því, að hann hefir verið langa stund veikur og af þeim ástæðum ekki getað sinnt nefndarstörfum. Færði ég þetta og í tal við hann fyrir nokkru, og bjóst hann þá við, að hann gæti farið að sinna nefndarstörfum. En bati hans var ekki betri en það, að hann er nú við rúmið aftur. En eins og ég sagði, skal ég kynna mér betur, hvernig afgreiðsla mála í n. gengur, og láta þm. vita um það frekar síðar.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég get upplýst það út af ummælum þeirra hv. 2. og 3. þm. Reykv., að fyrir skömmu var boðaður fundur í stjskrn., og á þeim fundi mættu allir nm. nema einmitt þessir hv. þm.

**Magnús Jónsson:** Ég kannast við þetta, að form. stjskrn. hefir boðað mig á einn fund í n., en að ég gat ekki komið á fund-inn vegna annara starfa. Er og varla hægt að búast við því, að hægt sé að kalla menn saman á fund hvenær sem er, en ég ber það undir hæstv. forseta, hvort ég sé vanur að skrópa frá að sækja fundi, enda kemur þetta varla málinu við, og vanræksla form. stjskrn. er söm eftir sem áður, enda þótt hann hafi kvatt n. til fundar í þetta eina skipti. Vænti ég og þess, að hæstv. forseti taki stjskr.málið á dagskrá sem fyrst, ef n. verður ekki kvödd til starfa.

**Forseti (JörB):** Ég vona, að til þess komi ekki, að þörf gerist á því að taka stjórnarskrármálið á dagskrá áður en nefndin hefir skilað áliti, en að sjálf-sögðu er ég þess albúinn að greiða fyrir afgreiðslu mála í þinginu, eftir því sem í mínu valdi stendur.

---

Á 76. fundi í Nd., 17. maí, er forseti hafði lýst yfir, að hann tæki af dagskrá frv. um útflutningsgjald af landbúnaðar-afurðum, mælti

**Hannes Jónsson:** Mér þykir það ein-kennileg aðferð, þegar forseti tekur mál út af dagskrá án þess að yfirlýsing liggi fyrir frá hlutaðeigandi n., að hún óski að fá málið til frekari athugunar.

Nú liggja fyrir nál. frá báðum hlutum n. Til hvers á þá að taka málið af dag-skrá? „Til þess að athuga það betur", segja þeir, sem vilja fá málið tekið af dagskrá. **(Rödd af þingbekkjum:** Frsm. meiri hl. er því samþykkur). Hann getur ekki um það sagt fyrir hönd n., því að hann hefir ekki borið það undir hana. **(JAJ:** Er ekki meiri hl. samþykkur? — **ÓTh:** Er þetta árás á hann?). Þetta er ekki árás á hann. Ef það er árás á nokk-urn, þá er það árás á forseta fyrir það, að hann skuli ekki leyfa nefndarmönnum að tala í máli, áður en það er tekið af dag-skrá. **(LH:** Menn eiga þá að biðja um orðið í tíma).

Ég óska eftir að fá ákveðið svar frá forseta um það, hvenær hann tekur málið á dagskrá aftur. Þetta er óbilgirni, sem þessum forseta er sæmandi að hafa í frammi, af því að hann er þekktur að því að sýna óbilgirni í málum.

**Forseti (JörB):** Ég víti hv. þm. V.-Húnv. fyrir að segja, að ég hafi sýnt nokkra óbilgirni í málum hér á þingi.

(HJ: Ég víti forseta fyrir að sýna óbilgirni í málum). Hann getur skotið skeytum sínum til annara, þar sem þau koma réttlátar á, en ekki til mín. Það er harla undarlegt, að þessi þm. skuli standa upp og áklaga mig fyrir að taka mál af dagskrá, þar sem áskoranir hafa komið um það frá þingmönnum, fleirum en einum, og frsm. meiri hl. n. hefir fallizt á þá ósk. — Umr. um þetta mál er lokið.

---

Á 84. fundi í Nd., 27. maí, utan dagskrár, mælti

**Sveinbjörn Högnason:** Ég geri hér með þá fyrirspurn til hæstv. forseta, hvernig standi á því, að þáltill. (um endurskoðun á alþýðufræðslulöggjöfinni), sem lögð var fram í d. af menntmn. og útbýtt var 5. þ. m., hefir ekki ennþá verið tekin á dagskrá. 6. maí var ákveðið, að ein umr. skyldi höfð um hana. Síðan var hún tekin á dagskrá 9. þ. m., en hefir ekki sézt eftir það. Ég vil spyrja: Hvernig stendur á því, þegar þáltill. er borin fram af heilli n., að hún er ekki tekin á dagskrá, þegar mörg mál, borin fram af einstökum þm. miklu síðar, hafa verið tekin á dagskrá?

**Héðinn Valdimarsson:** Frv. um virkjun Sogsins liggur hjá fjhn. Nd. Við 1. umr. var það samþ. með miklum atkvæðamun, og ég hygg, að það sé eitthvert hið mesta áhugamál fjölda manna í Reykjavík og á Suður- og Suðvesturlandi. Ég vil óska þess, að forseti taki þetta mál á dagskrá nú þegar, þótt ekki komi um það nál., þar sem svo mjög er orðið áliðið þings, því óvíst er, að hægt verði að afgr. það annars.

**Ólafur Thors:** Ég vil upplýsa það, út af ummælum hv. 2. þm. Reykv., að frv. um virkjun Sogsins var afgr. frá fjhn. í dag, og hefir n. þegar gefið út nál. um það, sem aðeins er óútbýtt í d.

**Forseti (JörB):** Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Rang. vil ég taka það fram, að ég hefi ekki sérstaklega beitt mér fyrir því, að málið væri tekið á dagskrá. Um málið átti að vera ein umr., minnir mig, og þess vegna tekur það ekki langan tíma. En ég hefi hyllzt til að taka þau mál fyrir, sem þingið þarf allmikinn tíma til að fjalla um. Annars er ekkert því til fyrirstöðu, að mál þetta skuli tekið á dagskrá. (**Forsrh.:** Við höfum svo margt annað. — **MJ:** Hvað segir hæstv. forseti um innflutningshöftin?). Það mál mun verða athugað sömuleiðis.

**Sveinbjörn Högnason:** Ég hefi áður fengið loforð frá hæstv. forseta um, að þetta mál yrði tekið á dagskrá. Og þótt einhverjir í d. álíti, að þessu máli liggi ekki á, þá er það vissulega álit margra manna, að fram þurfi að fara endurskoðun á þessu, og það er einmitt á þessum tíma knýjandi nauðsyn á að gera hana.

---

Síðar á sama fundi, utan dagskrár, mælti

**Sveinn Ólafsson:** Hér hefir verið lýst eftir málum í dag, sem tafizt hafa á leið sinni í gegnum þingið, og vil ég í framhaldi af því minna á mál eitt, sem ég var annar flm. að og vísað var til fjvn. 8. marz, en n. þó ekki enn hefir skilað neinu áliti um, þótt furðulegt sé, þar sem svo langt er frá liðið. Þetta mál fjallar um greiðslu víxilskulda á Austfjörðum vegna Síldareinkasölu Íslands. Er upplýst, að þarna hefir verið um að ræða saknæmt athæfi af hálfu síldareinkasölunnar, sem ekki er annað að fara en til Alþingis til þess að fá réttlætingu á. Menn þeir, sem þarna eiga hlut að máli, hafa verið sviknir og blekktir af síldareinkasölunni, og er hin mesta nauðsyn á, að máli þeirra verði sinnt sem fyrst, og skora ég því á hæstv. forseta að ýta undir n. með afgreiðslu málsins. — Ennfremur vil ég skora á hæstv. forseta að taka sem fyrst á dagskrá till. til þál. um að fela Skipaútgerð ríkisins stjórn varðskipanna, sem lögð var hér fram í þingbyrjun og n. hefir skilað áliti sínu um fyrir alllöngu.

**Ingólfur Bjarnarson:** Út af rekstri hv. 1. þm. S.-M. á eftir afgreiðslu fjvn. á frv. til l. um greiðslu víxilskulda á Austfjörðum vegna Síldareinkasölu Íslands, vil ég upplýsa það, að fjvn. hefir haft þetta mál

til meðferðar á fleiri fundum, og þar sem málið er erfitt viðfangs, hefir n. skipað sérstaka undirn. til að athuga það, sem nú mun hafa lokið störfum, og geri ég því ráð fyrir, að n. muni leggja fram till. í málinu einhvern næstu daga.

**Forseti (JörB):** Út af ummælum hv. 1. þm. S.-M. get ég heitið honum því að taka þessi mál svo fljótt á dagskrá sem unnt er. En að því er þáltill. snertir, sem hann lýsti eftir, vil ég geta þess, að ég hefi alltaf beðið eftir áliti annars nefndarhlutans, en þar sem það virðist ekki eiga að koma, mun ég ekki bíða þess lengur, en taka málið fljótlega fyrir, ég býst við á þriðjudag.

## II. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 15. fundi í Nd., 3. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

**Jóhann Jósefsson:** Ég hafði mælzt til þess við hæstv. forseta, að mér leyfðist að gera fyrirspurn til stj. utan dagskrár, fyrirspurn, sem snertir utanríkismálin og er áhrærandi þá samninga, er á síðastl. hausti fóru fram milli Norðmanna og Íslendinga út af verzlunarviðskiptum. Það er langt síðan sá hluti samnings þessa, er snertir útflutning á íslenzku saltkjöti til Noregs, var birtur landslýðnum, en um hitt vaða allir í villu og svíma og gera sér ýmsar hugmyndir um, hverju muni hafa verið lofað af Íslands hálfu. Það er að vonum, að þetta mál, sem snertir svo mjög hagsmuni landbúnaðar- og sjávarútvegs og einkum síldveiðarnar, sé þannig, að menn vilji gjarnan fá vitneskju um, hvað til stendur að gera af Íslands hálfu gagnvart fiskveiðalöggjöfinni. Ég hefi orðið þess var, vegna þess að ég á sæti í sjútvn., að utanþingsmenn ætlast til þess, að við, sem sæti eigum í n., vitum um þetta mál, og hafa mér því borizt fjöldamargar fyrirspurnir um samninginn. Sjútvn. hefir ekkert borizt frá ríkisstj. þessu máli viðvíkjandi, og þó er liðið nokkuð af þingtíma. Teldi ég mjög heppilegt að svipta þessari leynd af málinu, svo að þingið fengi vitneskju um, hvað í ráði er, og að menn þyrftu ekki lengur að fara eftir sögusögnum einum um það, hverju Norðmönnum hefir verið lofað. Ég vil því leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til ráðh. utanríkismálanna, hvenær þingið og sjútvn. mega vonast eftir að fá í hendur gögn þessa máls.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Þegar samningaumleitunum milli Íslendinga og Norðmanna var lokið á síðastl. sumri, var það umtal milli fulltrúa beggja þjóðanna, að samningarnir yrðu birtir samtímis í báðum löndunum, þegar ákvörðun hefði verið tekin í þingum beggja landanna um staðfestingu samninganna. Við höfum einnig átt í samningum við Englendinga, sem ekki er lokið enn. Höfum við þó vonað, að þeir gætu orðið fullgerðir í lok febr.mán. Ég hefi óskað þess af sendiherra, að hann fengi upplýsingar um, hvenær vænta mætti, að til okkar yrði kallað til næsta samtals, sem vonandi verður einnig úrslitasamtal. Fullnaðarsvar hefi ég enn ekki fengið, en hið síðasta er símskeyti, er mér barst í gær. Segir þar, að sennilega verði ekki fyrr en í aprílmán. hægt að útkljá um samningana, sem nú standa yfir milli Englands og Norðurlandanna, en hinsvegar gert ráð fyrir því, að ekki sé um nema svo fá atriði að ræða við Ísland, að ekki þurfi að kalla til þeirra fyrr en langt er komið samningunum við hin Norðurlöndin. — Eftir að hafa fengið þetta skeyti er ég ráðinn í því að leggja norsku samningana fyrir þingið nú næstu daga. Samningurinn er tilbúinn og ekki annað, sem gera þarf, en láta prenta hann. Verður honum síðan útbýtt hér eftir helgina. Það samband, sem ég hefi sett milli þessara samninga, mun skýrast síðar. En úr því sem nú er komið verður að bera samninginn upp hér í þinginu áður en úrslitasamtal fer fram við Englendinga.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég veit, að öllum hv. þdm. er að nokkru kunnugt aðalinnihald norsku samninganna, vegna þess að það var birt í Alþýðublaðinu í gær. En þrátt fyrir það hvílir sú skylda á stj. að birta alla orðahljóðan samning-

anna. Það er einkennilegt, hve mjög þetta hefir dregizt, og sé ég ekki, að þær ástæður, sem fyrir því eru færðar, séu á nokkurn hátt gildar. Því var lofað, að samningarnir skyldu birtir í þingbyrjun, og nú er þó nokkuð liðið af þingtímanum, og nú fyrst, þegar öllum er innihald þeirra kunnugt, ætlar stj. að birta þá.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Norsku samningarnir voru gerðir að því tilskildu af hendi beggja aðila, að þeim yrði haldið leyndum þar til öðruvísi yrði ákveðið með samkomulagi milli stj. beggja ríkjanna. Eftir að samningamennirnir komu heim frá Noregi skýrðu þeir ríkisstj. íslenzku frá þessu. Tók stj. síðan þá ákvörðun að leggja samninginn fyrir utanríkismálanefnd, og þá að því tilskildu, að n. stæði við loforðin af hálfu Íslendinga um þagnarskyldu. Ég skal ekki að sinni víkja að því, hvað sérstaklega var þess valdandi, að báðar þjóðirnar óskuðu, að samningnum yrði haldið leyndum, en ég get sagt, að við Íslendingar höfum sérstaka ástæðu til þess að fara fram á það. Nú sé ég, að í opinberu blaði er í gær farið með ýmislegt rangt, en sumt rétt úr þessum samningum, og mun haft eftir einum þm. og utanríkismálan.manni. Hann hefir svikið sitt heit og gerzt hvatamaður þess, að Íslendingar sviki gefin loforð gagnvart annari þjóð. Ég mun leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvaða ráðstafanir hann ætli að gera til þess að afsaka þetta sviksamlega athæfi gagnvart Norðmönnum, og hvort heppilegt muni teljast, að þessi maður eigi áfram sæti í utanríkismálanefnd, maður, sem einungis til þess að koma fram pólitískum blekkingum vílar ekki fyrir sér að bregðast heitum, sem þjóð hans hefir gefið erlendu ríki í samningum, sem gerðir hafa verið, þótt þeir séu að vísu óstaðfestir. Sjálfsagt verður seinna tækifæri til að ræða innihald samninganna. Veit ég ekki til þess, að Alþfl. hafi nokkra ástæðu til þess að amast við samningunum eða þeir þm. hans, er hér sitja. En vegna þess, að ég tók þátt í þessari samningagerð, er mér áhugamál, að við verðum okkur ekki til skammar, Íslendingar, meira en nauðsyn er, en það er til skammar að gefa loforð, sem svo er svikið í þeirra heimalandi af trúnaðarmanni þjóðarinnar, eins og hv. 2. þm. Reykv. hefir gert.

**Jóhann Jósefsson:** Ég vil þakka hæstv. forsrh. upplýsingarnar, sem á þessu stigi málsins eru mér fullnægjandi. — Hvað birtingu samninganna snertir, þá er ekki ástæða til að ræða um réttmæti eða óréttmæti þess nú. A. m. k. tel ég slíkar umr. þýðingarlausar. En ég vil láta þá skoðun í ljós, að eftir því sem sagt er um innihald samninganna, þá er það svo mikilvægt fyrir vissa grein íslenzks atvinnurekstrar, þ. e. síldarútgerðina, að ekki sé heppilegt, að dragist lengi, að full vissa fáist um, hvort sú braut verður gengin, sem með samningnum er farið inn á. Álít ég, að dráttur á birting samninganna geti haft margvísleg óþægindi í för með sér.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. 2. þm. Reykv. er kunnugt um það út af því, sem átt hefir sér stað í utanríkismálan., að heppilegt væri vegna einstöku ákvæða, að viðtölum við Englendinga gæti verið lokið áður en norsku samningarnir kæmu til umr. hér í þinginu. Það var kunnugt um þessi viðtöl í n., þótt n. sjálf hafi enga ákvörðun tekið, og stj. hugsaði sér, að viðtölum og samningum við Englendinga yrði lokið áður en samningarnir við Norðmenn kæmu fyrir þingið. Nú er, eins og ég hefi frá skýrt, komið skeyti um það, hvers megi vænta um samningaumleitanirnar við Englendinga, og þar sem þær geta ekki orðið fyrr en að nokkrum tíma liðnum, er ekki lengur eftir neinu að bíða. — Það er rétt, sem hv. þm. G.-K. sagði, að þagnarskylda var um þennan samning, eftir samkomulagi milli samningamannanna og stj. beggja ríkjanna, unz þeim fyndist rétt, að þeir yrðu birtir. Hinsvegar get ég ekki svarað honum neinu um það, hvað ríkisstj. muni gera til afsökunar því, að samningarnir hafa nú verið birtir. Mun ég fresta slíku þangað til umkvartanir koma fram frá Norðmönnum.

**Héðinn Valdimarsson:** Það er ekki hætta á, að fram komi miklar „umkvartanir“ yfir birtingu samningsins, nema

þær verði pantaðar héðan, því að það, sem ekki hefir fyrr verið birt, er allt hagsmunir Norðmanna. Og eigi þeir erfitt með að fá samningana staðfesta, þá er það frekar vegna kjöttollsins en þeirra friðinda af Íslands hálfu, er haldið hefir verið leyndum þangað til í gær. Það er rangt, að samningarnir hafi verið gerðir að því tilskildu, að þeim væri haldið leyndum. Í samningunum er ekkert um það. Hitt er það, að eftir frásögn nefndarmanna hafa þeir lofað því að halda samningunum leyndum. En þetta er ekki gert vegna Íslands, heldur Norðmanna; a. m. k. er það þá einungis gert fyrir Ísland til þess að dylja, hve nefndarmennirnir hafa misnotað umboð sitt. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hvílir engin lagaleg þagnarskylda á utanríkismálan., og væri næsta undarlegt, ef slíkt væri nú tekið upp um þessa samninga. Auk þess segir það sig sjálft, að tveir fulltrúar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins geta á engan hátt bundið afstöðu Alþýðuflokksins, enda hefir enginn búizt við því, að hann myndi taka tillit til þess, sem Ólafur Thors og Jón Árnason lofa fyrir hönd sinna flokka. — Á fundi utanríkismálan., þar sem talað var um þessi mál, gerði ég greinilega grein fyrir minni afstöðu og áleit, að samningarnir ættu að birtast og taldi mig á engan hátt bundinn við heit Ólafs Thors og Jóns Árnasonar, enda höfðu þeir ekkert umboð frá mér, heldur ríkisstj. — Hvort Norðmenn eru vinveittir Íslendingum fram yfir aðrar þjóðir, veit ég ekki, en það sýnist svo, sem hv. þm. G.-K. hafi mætt þar mikilli vináttu, og er ekki annað sýnna en hann hafi verið keyptur til að gera þennan samning, hvaða friðindi sem hann hefir nú fengið að launum. — Þegar þessi mál koma hér til umr., mun það sýna sig, hverjir hafa orðið sér meir til skammar, þeir, sem gert hafa þetta samningsuppkast og haldið því leyndu, eða hinir, sem heimta það birt almenningi og fellt.

Hvað snertir ensku samningana, þá er auðvitað von, að Englendingar haldi, ef þessi samningur verður staðfestur, að þá geti þeir heimtað sömu yfirráð yfir þorskveiðunum og Norðmenn hafa fengið yfir síldveiðinni, samkv. beztu kjara samningum sínum við Ísland. Ég er ánægður yfir því, að hæstv. forsrh. telur sig til neyddan að birta samningana í heilu lagi, og þá mun sýna sig, hvort það, sem eftir mér er haft í Alþýðublaðinu, er ekki í öllum aðalatriðum rétt.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Ég hefi ekki miklu að bæta við það, sem ég sagði áðan um þetta framferði hv. 2. þm. Reykv., og finn líka á honum, að hann ber nokkurn kinnroða fyrir framkomu sína, og þó er hann ekki vanur að blygðast sín fyrir hið smávægilega. — Það er undarlegur hugsunarháttur hjá hv. þm., ef hann heldur, að aðstaða Norðmanna til samninganna velti einungis á því, hvað Norðmenn hafa látið okkur í té. Vitaskuld verða samningarnir að dæmast að miklu leyti í Noregi eftir því, hvað Norðmenn hafa fengið hjá okkur. Og ef svo kynni að fara, að það, sem þeir hafa fengið frá Íslandi, væri að dómi þeirra Norðmanna, sem hér vilja öðlast friðindi, eitthvað annað og minna en þeir gerðu kröfur til, þá hefir það vitaskuld nokkra þýðingu fyrir þá Norðmenn, sem okkur eru velviljaðir og einhverju vilja fórna, að fá frið til að undirbúa akurinn áður en slíkt verður almenningi kunnugt, því að vitanlega eru til í Noregi óþroskaðir stjórnmálamenn engu síður en hér innan Alþýðuflokksins. Það er óþroskaður hugsunarháttur hjá hv. 2. þm. Reykv., ef hann heldur, að sú staðreynd, að þess var óskað, að samningunum væri haldið leyndum, færi að því rök og bendi til þess, að vér Íslendingar höfum samið okkur í óhag í þessu efni. Hv. þm. veit vel, að hin raunverulega ástæða í þessu efni er önnur, nefnilega sú, að í þessum samningum eru viss friðindi látin í té Norðmönnum, sem við kærum okkur ekki um, að önnur lönd fái vitneskju um meðan á samningunum stendur. E.t.v. er það gleðiefni fyrir hv. þm. að ljósta þessu upp, en hvort það ber vott um ábyrgðartilfinningu, ætla ég öðrum að dæma um. — Hv. þm. færir sér til afsökunar, að hann hafi á fundi utanríkismálan. tekið afstöðu gegn þessum samningum og að hann finni sig ekki skuldbundinn af neinum heitum Jóns Árnasonar eða mínum. Við þessu er það að segja, að þessi heit

voru gefin í nafni og í fullu umboði okkar ríkisstj.; þau heit voru bindandi fyrir ríkisstj. og þjóðina, og þeim gat ekki talizt stefnt í neinn voða, þótt einum þm. landsins, sem auk þess er sérstaklega trúnaðarmaður í utanríkismálum, fengi að vita um málið. Það var ekki búizt við, að menn myndu gera leik að því að rjúfa slíkt heit, sinni þjóð til minnkunar. En hvað það snertir, að hv. 2. þm. Reykv. hafi tekið afstöðu til samninganna, þegar þeir voru kynntir utanríkismálan., þá er því til að svara, að á þeim fundi sagði þessi hv. þm. ekki eitt einasta orð um þá, og aðspurður, hvort hann væri með eða móti samningunum, sagðist hann ekkert um það vita; og aðspurður, hvort hann ætlaði að bera kápuna á báðum öxlum, þá sagði hann, að það gæti vel verið. — Þótt í þessari n. hafi ýmsir átt sæti og ærið sundurleitir, þá hefir þó aldrei komið fyrir áður, að einn maður hafi tekið sig út úr og gert leik til þess að svíkja hlutverk n., sem er að standa sameinuð á verði gegn þeim útlendingum, sem hagsmuni vilja öðlast hér á landi. Þetta hefir enginn gert fyrr en hv. 2. þm. Reykv. nú að þessu sinni. Það hefir einu sinni áður komið fyrir, að annar maður mætti á fundi utanríkismálan. í forföllum hv. þm., sessunautur hans, þm. Ísaf. Hann er að vísu lítið þroskaður, og taldi sig ekki dómbæran um það, sem þar fór fram, og greiddi ekki atkv. á fundinum. En hann virðist ekki hafa svikið þagnarheit sitt um það, sem fram fór.

Það var svo ekki fyrr en 1—2 mánuðum síðar, að hv. 2. þm. Reykv. stóð upp á fundi í utanríkismálan. og lýsti því yfir, að hann mundi ekki fylgja samningunum, og óskaði hann þá eftir því, að það væri bókað, að hann hefði frá öndverðu verið þeim andvígur, og taldi sig þess vegna ekki bundinn þagnarskyldu um þá. Þetta var náttúrlega skynsamleg yfirlýsing, en helzt til seint fram borin. Mér dettur ekki í hug að fara nú að ræða um samningana, þar sem þeir eru ekki á dagskrá og hafa eigi verið birtir. En ég skal ekki neita því, að þeir veiti Norðmönnum nokkur hlunnindi, sem þeir hafa lengi notið hér við land. Ég get upplýst, að þessi hlunnindi eru ekkert annað en formleg staðfesting á litlum hluta af þeim fríðindum, sem þeir hafa notið áður, undir handarjaðri íslenzkra yfirvalda. Og auk þess er hér aðeins um atriði að ræða, sem ekki fer í bág við princip íslenzkra laga. Ég ber engan kinnroða vegna samninganna, og ber engan kvíða fyrir umr. um þá á sínum tíma. — Sannleikurinn er sá, að hv. þm. sárnar, hvað samningarnir hafa tekizt vel. Og þessi andmæli hans eru vitanlega borin fram gegn betri vitund, því að flokkur hv. þm. hefir æfinlega verið boðinn og búinn til þess að höggva skarð í þann skjólgarð, sem fiskiveiðalöggjöfin hefir sett til verndar íslenzkri landhelgi. Alþfl. hefir jafnan viljað opna landhelgina, síðan 1918, að hann gaf út stefnuskráryfirlýsingu sína um það efni. Þegar svo fulltrúar flokksins koma nú fram með heilagri vandlætingu út af því, er þeir ímynda sér, að slakað hafi verið á fiskiveiðalöggjöfinni, þá er ég fyrir mitt leyti sannfærður um, að þeir gera það gegn betri vitund. Það þarf engan að undra, þó að við yrðum fyrir hönd Íslendinga í samningunum við Norðmenn að viðurkenna formlega og staðfesta með samningunum nokkuð af þeim réttindum, sem þeir höfðu áður haft hér á landi, þegar þess er gætt, að íslenzka bændastéttin hafði þá nýskeð orðið fyrir því höggi frá norsku bændastjórninni, að hún hafði sagt upp kjöttollssamningunum, af því að hún taldi, að kjöttollurinn væri 15 au. of lítill og vildi hækka hann upp í 30 au. á kg. En við fengum samið þannig um, að tollurinn lækkaði, ekki einungis niður í 15 au., heldur niður í 10 au.; en út í það fer ég ekki nánar nú. — Náttúrlega er það mjög vel viðeigandi, að þessi hv. þm. kóróni ummæli sín og alla framkomu í þessu máli með getsökum um, að ég hafi verið keyptur til þess að óska eftir því, að samningunum yrði haldið leyndum. Hv. þm. er sjálfur maður, sem er vanur verzlun á ýmsum sviðum, og þá að líkindum vanur kaupum og sölu á sannfæringu sinni og annara. En hvað sem hann nú heldur um mína sannfæringu í þessu máli, hvort hún hafi verið til sölu, þá ætti hann að láta sér nægja með að vera búinn að svíkja þagnarheit sitt í utanríkismálan., þó hann bæti því ekki við að bregða stjórn erlends ríkis

um, að hún hafi gert sviksamlega samninga við fulltrúa annarar þjóðar.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég ætla ekki að fara langt út í efni þessa máls nú, en vil aðeins benda hv. þm. G.-K. á það, að mér hefir nýskeð verið boðið upp á verzlun af bróður hans, þar sem boðið var í sannfæringu mína í sérstöku máli, og bendir það til þess, að þeir Thorsbræður séu vanir slíkum viðskiptum við einn og annan. Ég hefi aldrei sagt, að norska stjórnin hafi gert þau kaup við hv. þm. G.-K., er hann minntist á síðast í ræðu sinni; það gátu aðrir aðilar gert, sem hafa hagsmuni af þessum samningum í Noregi.

Þegar samningamennirnir, Jón Árnason og Ólafur Thors, gerðu grein fyrir samningunum á fundi utanríkismálan., þá var ekki gengið til atkv. um þá. En ég var eini maðurinn á fundinum, sem hreyfði andmælum gegn samningunum og áskildi mér fullan rétt til mótmæla síðar. Ritaði ég þegar aths. mínar á eitt eintak af samningunum, sem nú er geymt hjá sambandsstjórn Alþfl. Síðar mun hafa verið haldinn einn fundur í utanríkismálan., sem ég var ekki á, og hefi ég ekki veitt því athygli í fundabókinni, hvort þá hafi farið fram atkvgr. um norsku samningana. En við fyrsta tækifæri, sem mér gefst kostur á, lýsti ég yfir mótmælum gegn samningunum. Það er náttúrlega ómögulegt að binda hendur Alþfl. um að skýra ekki frá málavöxtum í svo viðsjárverðu máli, þó að aðrir menn, honum óviðkomandi, hafi lofað að þegja um þá. Hvað sem hv. þm. G.-K. segir um það, þá gat stj. ekki bundið nokkurn þagnarheiti um þetta mál, og því síður samningamennirnir. Það er nú öllum ljóst, þó að J. Á. og ÓTh. segi, að Norðmenn hafi óskað eftir, að samningunum væri haldið leyndum, þá kom beiðnin um það ekki frá Norðmönnum, heldur frá ÓTh. Það var hann, sem vildi leyna þeim sem lengst og fela fyrir löndum sínum, hversu illa hann stóð sig í samningum fyrir sjávarútveginn. Enda hygg ég, að það komi í ljós, að þjóðin stendur ekki á bak við hann í þessu máli.

**Tryggvi Þórhallsson:** Ég vil taka undir það, sem hæstv. forseti sagði, að þegar á að hefja slíkar umr., sem hér hafa nú fram farið, um slíkt stórmál, sem þetta er, þá eiga umræðurnar að fara fram innan ramma þingskapanna. En úr því að þessum umr. var komið á stað, þá verð ég að láta það í ljós, að það er mjög leitt, sem hér hefir komið fyrir, að rofið hefir verið þagnarheit um samningana. Það hefir nú þegar komið fram í umr., hvernig stofnað var til samninganna og hver úrslitin urðu. Það var gert til þess að greiða úr vandræðum landbúnaðarins, er stöfuðu af því, að norska stj. hafði sagt upp kjöttollssamningunum, til stórfelldrar hækkunar á tollinum. Var tveimur mönnum falið, fyrir hönd tveggja aðalatvinnuvega þjóðarinnar, að gera samningana. Og ég veit, að það muni vera samhuga álit mikils meiri hl. þjóðarinnar, að þeim Jóni Árnasyni og Ólafi Thors hafi tekizt við samningagerðina eftir því sem unnt var. Niðurstaðan af samningunum verður vafalaust sú, að bændur mega horfa með meiri bjartsýni fram á veginn.

Þegar það er einnig fullvíst, að við höfum notið styrks frá mönnum í Noregi, sem eru Íslendingum velviljaðir, þá þykir mér illa farið, að það skuli hafa verið rofið þagnarheit, sem samningsaðilar höfðu komið sér saman um viðvíkjandi samningunum. Ég vildi óska, að þetta kæmi ekki fyrir aftur, því að það getur skaðað okkur stórkostlega út á við.

**Ólafur Thors** [óyfirl.]: Mér skildist hv. 2. þm. Reykv. álíta, að þó að ríkisstj. hefði gefið þagnarheit um samningana, þá væri hann ekkert við það bundinn. Hv. þm. veit, að þetta eru griðrof og svik gagnvart hinum samningsaðilanum. Þá fullyrti hv. þm., að ég og Jón Árnason hefðum óskað eftir þagnarskyldu um samningana. Hvaðan hefir hv. þm. vitneskju um slíkt? (**HV:** Ég veit það). Ég skora á hann að segja, hvaðan hann veit það og hvernig. (**HV:** Ég veit, að þm. G.-K. óskaði eftir því). Þetta er auðvitað tilhæfulaust. Eins og sést á samningsskjölunum, þá komu fram frá báðum samningsaðilum fullgildar ástæður fyrir því að halda samningunum leyndum fyrst um sinn, og hv. þm. veit, hverjar þær voru. Ég mun síðar gera öllum þm. grein fyrir þeim. Þær voru á engan hátt

sprottnar af eiginhagsmunahvötum samningsaðila, heldur átti að sporna við því, að vitneskja um samningsatriðin gætu skaðað okkar þjóð út á við, í samningum við aðrar þjóðir.

Ég skal ekkert blanda mér í það, sem farið hefir á milli hv. þm. og eins af framkv.stj. Kveldúlfs í blaðadeilum nýlega, enda þótt hv. þm. hafi hlotið af því mikla mæðu. Tveir af bræðrum mínum höfðu verið dæmdir í undirrétti til að greiða lítilfjörlega sekt fyrir brot á lögum um vog og mæliker, og ég get vel skilið, að hv. 2. þm. Reykv. og flokksbræður hans séu mæddir yfir því, hvað lítið hefir orðið úr því máli.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég vil aðeins minna á, að það er ekkert nýstárlegt, þó að samningum, sem gerðir eru á milli þjóða, sé haldið leyndum um stundarsakir. Og get ég í því sambandi nefnt Ottawasamningana, sem gerðir voru í fyrra, þó að þeir séu ekkert einsdæmi að því er það snertir. Náttúrlega er enginn bundinn þagnarskyldu samkv. lagaboði, en það er ætlazt til þess, að menn í utanríkismálanefnd gæti drengskaparskyldu.

Ég ætla ekki að gera efni samninganna að umtalsefni að þessu sinni, en það er vitanlegt, þegar um er að ræða samninga á milli tveggja aðila, þá getur hvorugur fengið allt það, sem hann vill eða óskar eftir, og þess vegna verður hvorugur aðilinn harðánægður. En ég get lýst yfir því áliti mínu, að þeir menn, sem að samningunum unnu fyrir okkar hönd, hafi haldið þar vel á hinum íslenzka málstað. Þess vegna er mér skylt að flytja þeim fyrir hönd stjórnarinnar hinar beztu þakkir fyrir ágætt starf.

---

Á 77. fundi í Nd., 18. maí, utan dagskrár, mælti

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vildi utan dagskrár beina fyrirspurn til hæstv. forseta, sem ég óska, að hann felli úrskurð um. — Svo er mál með vexti, að í byrjun apríl fór ég fram á að fá kostnaðinn við ríkislögregluna upplýstan af fjmrh. fyrir marzmánuð, og fékk ég það. En jafnframt bað ég um nánari sundurliðun á þessum kostnaði, hvaða mönnum hefði verið greidd laun og hve mikil og hver annar kostnaður hefði verið. Þessu vísaði fjmrh. til dómsmrh., og þegar ég færði þetta í tal við hann, þá óskaði hann að fá skriflega ósk um þetta. 5. apríl sendi ég dómsmrh. bréf um þetta, og síðan hefi ég ekki fengið svar, þó að ég hafi svo að segja daglega ámálgað þetta við ráðh. Hann hefir ýmist borið því við, að mig varðaði ekkert um þetta eða að það væri svo mikið að gera í stjórnarráðinu. Nú lít ég svo á, að það sé réttur hvers þm. að geta fengið þær upplýsingar viðvíkjandi fjárhag ríkisins, sem yfirleitt er hægt að láta í té. Og þetta eru ekki aðrar upplýsingar en sem sjást á fylgiskjölum landsreikningsins á sínum tíma.

Mér finnst það varhugavert fordæmi, ef ráðh. á að haldast uppi að neita þingmönnum að gefa upplýsingar um mál, sem geta haft mikla þýðingu í sambandi við umr. á þingi.

Ég vil biðja um úrskurð hæstv. forseta, hvort þm. eigi ekki heimtingu á slíkum upplýsingum hjá ráðh.

**Forseti (JörB):** Það stendur ekki í valdi forseta að heimta skýrslur eða gögn til handa þm., enda þótt þeir kunni að eiga fullkominn rétt á að fá slík skjöl. Ég vil benda hv. þm. á það, að ef hann hefir ekki von um að fá þær skýrslur, sem hann óskar eftir, og telur það miklu máli skipta að fá þær fram, þá er til önnur leið, sem sé sú, að bera fram fyrir d. till., er fer fram á nefndarskipun, og samkv. þingsköpum á n., sem sett er til að rannsaka mál, heimtingu á að fá skýrslur frá hinu opinbera og opinberum stofnunum. Þetta er sú fullkomnasta leið, sem ég þekki, og þingsköp áskilja þann rétt hverjum þm.

Önnur leið er einnig til fyrir þm., og hún er sú, að bera fram í heyranda hljóði fyrirspurn til ráðuneytisins. En í mínu valdi stendur það ekki að heimta nein skjöl eða skilríki til handa einstökum þm.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég þakka hæstv. forseta fyrir góð ráð hans, sem mér reyndar voru kunn áður. En ég vil beina

þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort það muni ekki einsdæmi í þingsögunni, að ráðh. neiti að gefa slíkar upplýsingar, því eftir því sem mér er kunnugt um, þá hafa þm. getað gengið um í stjórnarráðsskrifstofunni og fengið þær upplýsingar, sem þá hefir vanhagað um, og skoðað fylgiskjöl. Það er því mjög nýstárlegt, ef þetta ráðuneyti, sem nú situr, ætlar að taka upp þann sið að dylja landsreikningana fyrir þinginu, nema meirihl.-ákvörðun þingsins fáist um það, að þm. skuli fá að sjá þá.

Ég vænti, að hv. þm. skiljist það, að ef haldið verður áfram á þeirri leið, muni verða seinlegt að fá upplýsingar í þingmálum.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það er kannske réttast að upplýsa það, að það er oft, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir beðið um þessar skýrslur. Hann vill fá að vita nöfn þessara manna, sem í ríkislögreglunni hafa verið, og hve mikið þeim hefir verið greitt. Ég hefi lofað því að gefa honum þessar upplýsingar, ef hann lofaði að ofsækja ekki þessa menn, eins og hann hefir gert. En hv. þm. hefir ekki viljað lofa þessu. Hann hefir fengið þær upplýsingar, sem hann varðar mestu, því hann hefir fengið að vita heildarupphæðina, og það verður að vera honum nóg, meðan hann vill ekki gefa nefnda yfirlýsingu.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vænti, að hv. þm. hafi tekið eftir svari hæstv. ráðh., þar sem hann vill setja skilyrði fyrir því, hvort þingmenn fái upplýsingar eða ekki og yfirlýsingu um það, að ég ofsæki ekki ákveðna menn, sem hafa fengið greiddar fjárhæðir úr ríkissjóði. Þetta lýsir frekar öllu öðru hræðslu hans við að sýna þessa kostnaðarliði. Og það er hin mesta ósvífni að heimta, að þm. gefi honum ákveðnar yfirlýsingar, en fái annars ekki upplýsingar um, hvernig hann verji opinberu fé, og fái að sjá fylgiskjöl með landsreikningnum.

Ég mun gefa deildinni kost á því síðar að gera úrskurð um það, hvort eigi að gera mun á þm., þannig að sumir fái að sjá fylgiskjöl landsreikningsins, en aðrir ekki.

Það getur ekki annað verið, sem varnar hæstv. ráðh. þess, að leyfa þetta, en að eitthvert „svindl“ sé þar á bak við.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það er náttúrlega hægt fyrir annan eins hrotta og hv. 2. þm. Reykv. að bera mönnum á brýn „svindl“. Hann veit, að þessir reikningar verða lagðir fyrir yfirskoðunarmenn landsreikningsins á sínum tíma, og strax og hann vill gefa þessa yfirlýsingu skal hann fá að sjá þessi skjöl. Fyrr fær hann þau ekki hjá mér.

En það er ekki rétt, að þetta séu fylgiskjöl með landsreikningnum ennþá. Þegar þar að kemur, getur hv. þm. fengið að sjá þau, þegar hann vill. En þá er það máske orðið of seint fyrir hann til þess að koma fram sínum ásetningi.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég mun ekki láta hæstv. dómsmrh. setja mér neina kosti, hvorki um þetta eða aðra hluti, og sízt mundi ég verða til þess að gerast samsekur honum með því að þegja yfir því, hvernig þessu fé hefir verið varið, ef ég á annað borð kemst að því.

**Lárus Helgason:** Ég skal ekki verða langorður. Ég tel, að hæstv. ráðh. eigi þakkir skilið fyrir að gefa hv. 2. þm. Reykv. ekki upp nöfn þeirra manna, sem í varalögreglunni hafa verið, því það er vitanlegt, að það hefir verið reynt að bægja þeim frá atvinnu, og maður veit ekki, nema reynt verði að gera eitthvað meira á hluta þeirra. Ég álít því, að hæstv. ráðh. hafi gert rétt í þessu, og hann á þakklæti skilið fyrir.

---

Á 86. fundi í Nd., 29. maí, utan dagskrár, mælti

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil nota þetta tækifæri til þess að gera fyrirspurn til ríkisstj. út af sögusögnum, sem ganga hér um bæinn um sölu þeirra frímerkja, sem gefin voru út í tilefni af alþingishátíðinni. Það er sagt, að árið 1930 hafi nokkrir menn í Austurríki boðið stj. að prenta fyrir hana frímerki í tilefni af hátíðinni. Það er sagt, að þetta tilboð hafi verið þegið, en hver kjör á að hafa verið

samið um, er mér ekki kunnugt, en sagt er í bænum, að kjörin hafi verið þau, að þessir menn hafi fengið hluta af upplagi frímerkjanna fyrir sína fyrirhöfn, en það fylgir með, að frá hálfu stj. hafi litið eftirlit verið með þessari útgáfu, og nú kvað vera komin fram kæra um það, að við útgáfuna hafi bókstaflega verið beitt svikum, á þann hátt að hafa upplagið miklu stærra en leyfilegt var, og þar af leiðandi reynist þessi frímerki nú verðminni en búizt var við, að þau yrðu. Það fylgir líka sögunni, að frímerkjakaupmaður einn, er keypt hafði allmikið af þessum hátíðarfrímerkjum til þess að græða á þeim, telji sig hafa orðið fyrir miklum halla af þeirri verzlun vegna þessa eftirlitsleysis stj. Telur hann, að frímerki þessi hafi fallið meir á útlendum markaði heldur en búast mátti við, og kennir því um, að framboðið af þeim muni vera meira en eðlilegt er eða átt hefði að vera, miðað við upplag það, sem ákveðið var.

Ennfremur vil ég spyrja að því, hvort það er satt, að stjórnin hafi ekki gengið eftir andvirði þeirra hátíðarfrímerkja, sem seld hafa verið á pósthúsinu hér til einstakra manna, en ekki borguð. Sérstaklega er talað um Gísla nokkurn Sigurbjörnsson, nazistaforsprakka, sem á að hafa fengið lánuð hátíðarfrímerki fyrir 10 þús. kr., sem hann nú neitar að borga vegna eftirlitsleysis stj. með útgáfunni. Mér er ekki kunnugt um, hvað hæft er í þessum sögusögnum, en ég vil nota þetta tækifæri til þess að gefa stj. kost á að bera til baka það, sem rangt kann að vera í þessu máli, en kannast við það, sem rétt er. Ég vil þó geta þess, að mér þykir undarlegt, ef póststjórnin hefir veitt svo langan gjaldfrest sem hér er um að ræða. Ég hafði álitið, að það væri venjulegt, að pósthúsið seldi frímerki gegn staðgreiðslu, og hver, sem vildi, gæti ekki gengið þangað inn og tekið þar svo eða svo há lán í frímerkjum.

Ég hefi sagt forsrh. frá því, að ég mundi gera fyrirspurn til stj. um þetta mál, og geri því ráð fyrir, að ég fái skýr svör frá stj., en það, sem ég spyr um, er þetta: Hvernig var hagað samningum milli ríkisstj. og þeirra manna, sem tóku að sér prentun hátíðarfrímerkjanna? Hvaða eftirlit var haft með því, að þeim samningum væri fylgt? Hefir komizt upp sviksemi í sambandi við þessa frímerkjaútgáfu, og hverjar ráðstafanir verða gerðar í sambandi við þau svik? Og að lokum, hefir þessum frímerkjakaupmanni, sem ég nefndi, verið gefin eftir skuld hans við póstsjóð fyrir hin lánuðu frímerki, eða er hér um vanrækslu á innheimtu að ræða, og ef svo er, hverjum er þá um að kenna?

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Það eina, sem komið hefir fyrir mitt ráðuneyti í þessu máli, er kæra frá Vínarborg, sem send hefir verið gegnum utanríkisráðuneytið, um, að í Vín séu seld þjóðhátíðarfrímerki með grunsamlega lágu verði. Strax og þessi kæra barst hingað, fyrir tveim mánuðum, var bréf sent til Vínarborgar gegnum utanríkisráðuneytið, þar sem óskað var upplýsinga um tilefni þessarar kæru, og jafnframt, að rannsókn væri látin fram fara, ef um sakir væri að ræða. Nú alveg nýlega hafa þær fréttir borizt þaðan, að íslenzk-danski sendiherrann hafi lagt fram kæru í þessu máli og að kriminel rannsókn sé þegar hafin í málinu. Þetta er þá allt það, sem ég get upplýst í máli þessu á því stigi, sem það nú er.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég verð að segja, að mér kom það allókunnuglega fyrir, að hv. 2. þm. Reykv. gerir fyrirspurn til mín um gerðir Þingvallahátíðarnefndar endur fyrir löngu. Ég var ekki í þeirri n. og er því ókunnugur hennar gerðum. Mér finnst því, að réttara hefði verið af hv. þm. að beina fyrirspurn sinni til þessarar n. heldur en til stj. Auk þess áttu hv. jafnaðarmenn fulltrúa í Þingvallanefndinni, og getur hv. þm. spurt hann, ef hann vill, en ekki mig, þar sem ég var ekki í n. Mér er kunnugt um það, sem hæstv. forsrh. upplýsti í málinu, og hefi ég engu við það að bæta, en um hitt, sem hv. þm. spurði mig að á laugardaginn var, hvort ég hefði gefið Gísla Sigurbjörnssyni 10 þús. kr. — (HV: Spurði ég um það?). Já, var það ekki það, sem hv. þm. spurði um á laugardaginn? (HV: Ég spurði, hvort vanrækt hefði verið að innheimta hjá Gísla

Sigurbjörnssyni, og ég vænti, að ráðh. fari rétt með). Voru það ekki þessar 10 þús. kr., sem hv. þm. var að tala um? Eftir að ég varð ráðh. gerði ég fyrirskipun um að innheimta hjá þessum manni 7 þús. kr., er hann skuldaði pósthúsinu fyrir frímerki, er hann hafði fengið áður en ég varð ráðh. Síðan hefir hann ekkert lán fengið, en hann mun hafa fengið að skila aftur einhverju af þeim frímerkjum, er hann hefir keypt. Hinsvegar skal ég ekki að svo stöddu neinu um það spá, hvort þessi maður geti neitað að borga frímerkin, en vafalaust verður það honum til stuðnings, ef hægt verður að sýna fram á, að frímerkin hafi fallið í verði vegna fölsunar á útgáfu þeirra.

Fleira get ég ekki sagt um þetta mál. Ég ætla nú, að hv. þm. sjái, að ég get ekkert að því gert, sem aflaga kann að hafa farið í þessum efnum, og hann sjái þess vegna, að hann réðst að mér með óþarfa þjósti á laugardaginn út af þessu máli, enda er eins og hann sé nú farinn að átta sig, því nú kveður heldur við annan tón.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég er að sumu leyti ekki ánægður með þessi svör ráðherranna. Ég vildi gjarnan fá svar við því hjá stj., hvort heimilt sé að lána einstökum mönnum frímerki á pósthúsinu og hvernig stendur á þessu 7 þús. kr. láni til Gísla Sigurbjörnssonar. Ég hélt, að almenningur ætti ekki greiðan aðgang að slíkum lánum, og ég vildi gjarnan heyra, hvar stafur væri í lögum, er heimilaði slíkt. Hitt er aftur á móti gott að heyra, að dómsmrh. hefir ekki gefið eftir þetta lán, heldur fyrirskipað að innheimta það, þó hann hafi ekki kynnt sér, hvort það hefir verið gert. Það er kannske eðlilegt, ef fölsun hefir átt sér stað á frímerkjaútgáfunni, að Gísli Sigurbjörnsson fengi að skila aftur frímerkjum, sem hann hefir keypt, en það er einkennilegt, að það skuli hafa verið leyft áður en vitað er um, hvort nokkur fölsun hefir átt sér stað, eins og forsrh. hefir upplýst, að enn er ósannað mál. Eða er það viðskiptaregla póststjórnarinnar að lána einstökum mönnum vörur, sem þeir svo mega skila aftur, ef misheppnast með spekulationir þeirra?

Þá vil ég minnast á annað atriði, en það er eftirlitið með frímerkjaútgáfunni. Það þýðir ekki fyrir dómsmrh. að vísa til Þingvallahátíðarnefndar, þegar af þeirri ástæðu, að sú n. er ekki lengur til, og ég get ekki skilið, að þannig hafi verið um hnútana búið, að Þingvallahátíðarnefnd hafi átt að hafa eftirlit með útgáfunni eftir að n. var lögð niður. Og þar sem forsrh. var í n., ætti hann að geta skýrt frá því, hvað rétt er í þessu efni. Það var látið mikið yfir því í blöðunum, þegar verið var að semja um útgáfu frímerkjanna við hina austurrísku menn, að hér væri um að ræða mikinn velgerning frá þeirra hálfu, en nú fer maður að láta sér detta í hug, að hér hafi verið um gróðabragð að ræða, og væri æskilegt að vita, hvaða skorður Þingvallahátíðarn. hefir reist við því, að þeir misnotuðu þann rétt, er þeim var fenginn.

**Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hv. 2. þm. Reykv. spyr, hvernig standi á því, að Gísla Sigurbjörnssyni sé leyft að skila aftur frímerkjum meðan stjórninni sé ekki kunnugt um neina misbresti á frímerkjaútgáfunni. Ég hefi því einu til að svara, að slíkt er ekki með minni vitund gert, og hafi pósthúsið leyft að skila frímerkjunum, þá svara ég ekki til þess, því pósthúsið heyrir ekki undir mitt ráðuneyti. Það er rétt, að ég átti sæti í Þingvallahátíðarnefnd, en sú n. framkvæmdi ekki samninga um útgáfuna, heldur var það landsstjórnin. N. gerði ekki annað en að þakka tilboð frá Íslandsvinafélaginu í Vín og mæla með því við stjórnina. Hvað annars kann að hafa verið saman við það tilboð, veit maður ekki nú. En það eina, sem Þingvallanefnd veit, er það, að tilboðið var þegið. Ég efast ekki um, að samskonar samningar hafi verið gerðir um frímerkjaútgáfuna og tíðkast um útgáfu frímerkja yfirleitt. Það, sem hér er því um að ræða, er ekki það, að stjórnin, sem þá sat, hafi misbeitt sínu valdi, heldur hitt, hvort einhverjir menn, sem um útgáfuna fjölluðu, hafi komizt upp með svik.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég hefi eiginlega engu við það að bæta, sem ég hefi áður sagt. Ég get endurtekið það, að ég hefi ekki gefið neina heimild

til þess, að skila megi frímerkjum aftur á pósthúsið. Það eina, sem ég hefi komið nærri þessu máli, er, að ég fyrirskipaði með bréfi 22. des. síðastl. að innheimta þá upphæð, 7. þús. kr., sem hér er rætt um. Hvað gerzt hefir í þessu máli áður en ég kom í stj., hefi ég ekki haft tóm til að rannsaka síðan á laugardag, að hv. 2. þm. Reykv. kom til mín með sína fyrirspurn, en það er vitanlega hægt að fá upplýst í stjórnarráðinu.

**Héðinn Valdimarsson:** Eins og málið liggur nú fyrir, þá vildi ég beina þeirri beiðni til dómsmrh., að hann athugaði, ef hann veit það ekki, hvernig háttað er um lán á frímerkjum í pósthúsinu, og eftir hvaða heimild slík lán eru veitt. En til forsrh., sem segir, að málið sé nú í rannsókn og muni skýrast seinna, vil ég beina þeirri fyrirspurn, hvort allt upplagið af frímerkjunum hafi komið hingað til lands, eða hvort einhver hluti þess hafi orðið eftir fyrir útgáfukostnaði, m. ö. o., hvort hér hafi verið um hreina gjöf að ræða frá þessu félagi, eða hvort félagið hefir fengið hluta af útgáfunni. Og ef eitthvað af upplaginu hefir orðið eftir, hvað mikið og hvaða eftirlit var haft með prentun frímerkjanna og hvernig hefir verið fylgzt með þessu máli síðar frá hálfu stj. Það er kunnugt, að meðal frímerkjakaupmanna hefir sá orðrómur gengið í langan tíma, að ólag hafi verið á þessari útgáfu.

Á 92. fundi í Nd., 2. júní, utan dagskrár, mælti

**Héðinn Valdimarsson:** Ég ætla að gera stuttorða spurningu til dómsmrh. út af frímerkjaverzluninni. Dómsmrh. sagði hér, þegar spurt var um þetta, að engin heimild væri til að lána frímerki og kvaðst sjálfur hafa áminnt þann, er lánað hefði Gísla Sigurbjörnssyni umrædd frímerki. Loks sagði hann, að gangskör hefði verið gerð að því að innheimta andvirði frímerkja hjá Gísla Sigurbjörnssyni. Ég get nú ekki annað séð en að annaðhvort hafi dómsmrh. gefið rangar upplýsingar um þetta, eða þá Morgunblaðið, sem flutti grein um þetta mál í gær og mun hafa haft sínar upplýsingar frá póstmálastjóra. Greinin hljóðar svo:

„Gísli Sigurbjörnsson keypti fyrir 10 þús. kr. hátíðarfrímerki, en greiddi þau ekki út í hönd, heldur setti tryggingu fyrir greiðslu (ábyrgðarmenn). Þegar G. Sig. var svo krafinn um greiðslu á frímerkjaandvirðinu, mun hann hafa neitað að greiða og borið því við, að frímerkin væru verðlaus, sakir þess hve mikið væri á markaðnum ytra. Þegar svo krefja skyldi ábyrgðarmennina, fyrirskipaði Tryggvi Þórhallsson, sem þá var ráðherra, að G. Sigurbj. mætti skila frímerkjunum aftur. Það mun hann svo hafa gert".

Annaðhvort er rangt, það sem ráðh. segir, eða blaðið. Síðar í greininni er sagt, að heimilt sé að gefa frímerkjakaupmönnum gjaldfrest. Nú vildi ég vita, hvor rétt hefir fyrir sér. — Það er og sagt í Morgunblaðinu, að þessi frímerkjakaupmaður hafi gert stór innkaup á frímerkjum, vitanlega í gróðabrallsskyni. En að honum hafi verið leyft að skila þeim aftur, þegar of mikið reyndist af þeim á markaðnum. Mér finnst of langt með þessu gengið í að styðja spekulationir frímerkjakaupmanna. Það var að heyra á dómsmrh., að hann teldi ekki rétt að gera þetta. En þó hefir það verið gert.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég veit ekki, hvort hv. þm. trúir, þó ég segi honum það, að ekki er venja að lána frímerki frá pósthúsinu, heldur eru þau seld. Ég geng út frá, að þarna hafi verið um undantekningu að ræða, af því frímerkin voru ekki látin af hendi, fyrr en eftir að þau hættu að vera gild sem „porto"frímerki. Það, sem ég styðst við í þessu efni, er bréf til Guðmundar Ólafssonar hrm., sem hafði farið fram á fyrir hönd Gísla Sigurbjörnssonar, að hann mætti skila aftur 7000—8000 kr. í þessum frímerkjum, í býttum fyrir gild frímerki. En þessu var neitað. Þetta bréf er frá 29. des. 1932. Ég veit ekki, hvað gerðist löngu áður en ég tók við. Og þó ég vænti ekki mikillar sanngirni af hv. þm., þá ætti hann þó að viðurkenna það. En ég vil í þessu efni ekkert fara að ávíta mína fyrirrennara.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég var ekkert að ávíta dómsmrh. Ég vildi aðeins vita

hið rétta í þessu máli. Og ég spurði nú vegna þess, að allt annað stóð í Morgunblaðinu en það, sem ráðh. var búinn að segja um þetta. Önnurhvor frásögnin er röng.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Það stóð líka í Alþýðublaðinu, að ég hefði gefið 10000 kr. eftir. Hvers vegna skýrir það rangt frá þessu? — Er ekki nær fyrir hv. þm., sem er í útgáfustjórn þess, að athuga, hvað í því blaði stendur, heldur en að skipta sér af frásögn blaða, sem honum koma ekkert við.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil geta þess, að Morgunblaðið stendur ólíkt að vígi. Að því standa báðir aðilar þessa máls, póstmálastjórinn og ráðherrann.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Ég skil, að hv. þm. vill afsaka blað sitt með þekkingarleysi. Ég tek þá afsökun gilda.

## III. Sjóslysin 21. febr. og 10. apríl.

Á 2. fundi í Sþ., 21. febr., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

**forseti (TrÞ):** Fyrir 12 stundum síðan bar við slys hér rétt fyrir utan landsteinana með svo skjótum hætti, að 9 ungir og vaskir sjómenn týndu lífi. Vil ég biðja alla hv. þingbræður að sýna hluttekningu út af þessu slysi með því að standa upp.

[Allir þm. risu úr sætum sínum].

Á 49. fundi í Nd., 10. apríl, áður gengið væri til dagskrár, mælti

**forseti (JörB):** Sá sorglegi atburður hefir gerzt hér við ströndina í nótt, að togarinn Skúli fógeti hefir farizt og 13 sjómenn látið lífið. Er hér enn á ný höggið stórt skarð í hóp vaskra drengja og mikið afhroð goldið í missi þeirra. Vil ég biðja háttv. þingdeildarmenn að votta minningu þessara manna virðing sína og aðstandendum samúð með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þdm. stóðu upp].

## IV. Brezki samningurinn.

Á 82. fundi í Nd., 24. maí, utan dagskrár, mælti

**fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég lýsi yfir því í heyranda hljóði, að íslenzk-brezki verzlunarsamningurinn verður birtur í dag í Parlamentinu. Birting samningsins er jafnframt heimil hér á landi. Hinsvegar verður samningurinn ekki prentaður sem þskj. fyrr en íslenzki textinn kemur út til landsins með næsta skipi. Þýðing af enska textanum er í höndum þm. og hefir verið afhent blaðamönnum, og birting er þess vegna heimil á efni samningsins, þó að hið gildandi orðalag komi ekki fyrr en síðar.

## V. Undirbúningur kosningalaga.

Á 94. og síðasta fundi í Nd., 3. júní, utan dagskrár, mælti

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vildi gera stutta fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. Stjskr. hefir verið samþ. í Ed., þing verður rofið og nýjar kosningar fara fram. Menn gera yfirleitt ráð fyrir því, að stjskr. muni verða samþ. á næsta þingi nú í sumar, eftir þann mikla atkvæðamun, sem verið hefir nú við atkvgr. um hana, og þing verði síðan rofið aftur og aðrar kosningar fari fram. Það er því nauðsynlegt að hafa hraðann á að útbúa kosningalög, og jafnaðarmenn hafa verið að tala við ýmsa menn úr stjskrn. um það, að n. fulltrúa flokkanna athugaði kosningalagafrv. það, sem lagt verður fyrir næsta þing eða semdi það. Nú hefi ég lauslega fært þetta í tal við hæstv. dómsmrh., og hann hefir svarað því til, að hann kysi heldur, að ríkisstj. sæi um það, en mér er kunnugt um, að margir þm. óska, að flokkarnir geti athugað þetta fyrir þing, til þess að flýta fyrir flutningi málsins á þinginu. Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann vildi ekki haga undirbúningi kosningal. þannig, að fulltrúar frá Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl.

fengju að fjalla um þetta sameiginlega áður en frv. yrði endanlega lagt fyrir þingið. Mætti á þennan hátt e. t. v. útkljá ýms deiluatriði, sem kynnu að koma fram.

**Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson):** Út af orðum hv. 2. þm. Reykv. skal ég taka það fram, að ef það kemur í minn hlut að undirbúa þetta mál, þá skal ég reyna að vera svo fljótt búinn með það, að flokkunum gefist tækifæri til þess að athuga það fyrir þing og geti borið sig saman við stj. um þær breyt., sem þeir kynnu að óska. Ég vona, að þessi yfirlýsing nægi hv. þm.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég er ánægður með þá yfirlýsingu, sem hæstv. dómsmrh. gaf í þessu efni.

## VI. Kosningar.

**1. Þingfararkaupsnefnd.**

Á 7. fundi í Sþ., 29. maí, var tekin til meðferðar

**kosning þingfararkaupsnefndar.**

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram tveir listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. — Á A-lista voru GÓ, ÞorlJ, BSt, en á B-lista HSteins, PO. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Guðmundur Ólafsson,
Halldór Steinsson,
Þorleifur Jónsson,
Bernharð Stefánsson,
Pétur Ottesen.

**2. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.**

Á 9. fundi í Sþ., 2. júní, var tekin til meðferðar

**kosning þriggja manna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.**

Kosnir voru á einum lista:
Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður,
Barði Guðmundsson sagnfræðingur,
Matthías Þórðarson fornmenjavörður.

**3. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.**

Á sama fundi var tekin til meðferðar

**kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1932, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.**

Tveir listar komu fram. Voru á A-lista Hannes Jónsson alþm. og Hannes Jónsson dýralæknir, en á B-lista Magnús Jónsson alþm. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Hannes Jónsson alþm.,
Magnús Jónsson alþm.,
Hannes Jónsson dýralæknir.

**4. Milliþingaforseti Ed.**

Á 89. fundi í Ed., 3. júní, var tekin til meðferðar

**kosning milliþingaforseta.**

Kosningu hlaut
Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.,
með 7 atkv. — Jón Þorláksson fékk 3 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

**5. Stjórn Minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.**

Á lokafundi Nd., s. d., var tekin til meðferðar

**kosning tveggja manna í stjórn Minningarsjóðs Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum fyrir tímabilið frá 1. jan. 1934 til 31. des. 1935.**

Fram kom einn listi með nöfnum tveggja manna. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna, en þeir voru þessir:

Þórarinn Kristjánsson hafnarstjóri,
Ingólfur Bjarnarson alþm.

## VII. Símanot þingmanna.

Á deildafundum 17. febr. skýrðu forsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu ákveðið, að símanot þingmanna á kostnað Alþingis skyldu vera þeim takmörkunum háð, að hámarkseyðsla hvers þingmanns færi ekki fram úr 150 kr. alls um þingtímann.[1])

1) Í þinglokin ákváðu forsetar, með tilliti til þinglengdar, að hækka hámarkið úr 150 kr. í 200 kr.

Á 7. fundi í Sþ., 29. maí, utan dagskrár, mælti

**Haraldur Guðmundsson** [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að skjóta því til hæstv. forseta Sþ. að láta athuga um símakostnað þingmanna, sem er ákveðinn 150 kr. fyrir hvern þingmann, sem hann hefir frítt. Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort ekki sé réttara að taka upp þá reglu, að miða við viðtalsbilafjöldann, þannig að þeir, sem lengra eru í burtu, stæðu nokkuð jafnt að vígi við hina, sem styttra eru að, í þessu efni. — Ég hygg, að það mundi nægja, ef hæstv. forseti vildi taka þetta til athugunar.

**Forseti (TrÞ)**: Þetta skal verða tekið til athugunar.

## VIII. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 17. febr. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

**Skrifstofan og prófarkalestur:**
Svanhildur Ólafsdóttir, Svanhildur Þorsteinsdóttir, Theodóra Thoroddsen.

**Skjalavarzla og afgreiðsla:**
Kristján Kristjánsson.

**Lestrarsalsgæzla:**
Ólafía Einarsdóttir, Pétrína Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

**Innanþingsskriftir:**
Teknir strax: Lárus H. Blöndal, Andrés Eyjólfsson, Helgi Tryggvason, Magnús Ásgeirsson, Haraldur Matthíasson, Kristinn Sigmundsson, Birgir Thorlacius, Jóhann Hjörleifsson, Þórólfur Sigurðsson, Björn Haraldsson.
Teknir síðar eftir þörfum: Guðrún Sigurðardóttir, Ólafur A. Pálsson, Björn Franzson, Sigurður Guðmundsson, Ólafur H. Kristjánsson, Ólafur Tryggvason, Bjarni Bjarnason, Haukur Þorleifsson.

**Símavarzla:**
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

**Dyra- og pallavarzla:**
Árni S. Bjarnason, Ásgeir Eyþórsson, Friðrik Lúðvígs, Ingimundur Magnússon, Páll Ó. Lárusson, Þorgrímur Jónsson.

**Ritari fjárveitinganefnda:**
Pétur Jónsson.

**Þingsveinar:**
Gylfi Gunnarsson, Jón Bjarnason, Skúli Hansen, Eggert George Hannah, Oddur Guðmundsson, Benedikt Jóhannsson.

## IX. Starfslok deilda.

**a. Í efri deild:**
Á 91. fundi í Ed., 3. júní, að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (GÓ)**: Áður en lokið er síðasta fundi hv. þd. á þessu þingi, sem mun vera næstlengsta Alþingi, sem háð hefir verið, og einnig afkastamikið um afgreiðslu mála framar venju, vil ég þakka hv. þdm. góða samvinnu á þessu þingi og árna þeim allra heilla og utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar.

**Einar Árnason**: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta ágæta fundarstjórn og lipurlega framkomu við oss deildarmenn nú sem fyrri, og árna honum allra heilla í framtíð.

**Forseti (GÓ)**: Ég þakka þessi hlýlegu ummæli í minn garð og óska bæði innan- og utanbæjarþingmönnum góðrar líðanar og gleðilegrar hátíðar, er í hönd fer. Segi ég svo þessum síðasta fundi þd. slitið.

**b. Í neðri deild:**
Á 94. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

**forseti (JörB)**: Verkefni þessa fundar munu ekki önnur vera eftir en deildar-

slit. Forseti Sþ. mun eins og venja er til gefa þinginu skýrslu yfir störf þess, og sleppi ég því. Ég vil þakka öllum hv. þdm. fyrir einkargóða samvinnu og hvað þeir hafa verið mér ljúfir í öllu samstarfi á þessu þingi; ég vil ennfremur óska þeim góðrar framtíðar og utanbæjarþingmönnum góðrar ferðar og góðrar heimkomu.

**Ólafur Thors:** Ég vil leyfa mér sem einn dm., og veit, að ég mæli þar fyrir munn allra dm., að þakka hæstv. forseta fyrir ágæta stjórn hans hér í d. þetta ár sem undanfarin ár, og árna honum allra heilla og blessunar í framtíðinni.

**Forseti (JörB):** Ég vil þakka hin hlýlegu orð hv. þm. G.-K. og endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þdm.

## X. Þinglausnir.

Á 10. fundi í Sþ., 3. júní, mælti

**forseti (ÞorlJ):** Fyrir þessum fundi liggur ekki annað en þingslit, og vil ég leyfa mér að gefa þingheimi yfirlit um þingstörf þessa árs:

Þingið hefir staðið frá 15. febr. til 3. júní, samtals 109 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:
í neðri deild ..... 94
í efri deild ..... 91
í sameinuðu þingi . 10
Alls 195 þingfundir.

Þingmál og úrslit þeirra:

**I. Lagafrumvörp:**

1. Stjórnarfrumvörp
a. lögð fyrir neðri deild .. 18
b. — — efri deild ... 19
— 37
2. Þingmannafrumvörp
a. borin fram í neðri deild 86
b. — — - efri deild 47
— 133
— 170

Þar af
a. Afgreidd sem lög
stjórnarfrv. .. 29
þingmannafrv. 60
— alls 89 lög
b. Ennfremur samþykkt stjórnarskrárfrumvarp 1
c. Felld
stjórnarfrv. .. 1
þingmannafrv. 5
— 6
d. Vísað frá með rökst. dagskrá
þingmannafrumvörpum 6
e. Vísað til stjórnarinnar
þingmannafrv. ..... 4
f. Tekin aftur
þingmannafrv. ..... 2
g. Ekki útrædd
stjórnarfrv. ..... 6
þingmannafrv. .. 56
— 62
170

**II. Þingsályktunartillögur:**

a. Bornar fram í neðri deild .... 27
b. — — - efri deild ..... 5
c. — — - sameinuðu þingi 10
— 42

Þar af
a. Þingsályktanir:
1. ályktanir Alþ. 11
2. ályktanir Nd. . 13
3. ályktanir Ed. . 1
— alls 25 þál.
b. Um skipun n. samþ. ..... 1
c. Felld ..... 1
d. Afgr. með rökst. dagskrá ..... 4
e. Vísað til stj. .... 3
f. Tekin aftur .... 1
g. Ekki útræddar .. 7
— 16
42

**III. Fyrirspurnir:**

Bornar fram í neðri deild ..... 3
þar af 2 svarað
Mál til meðferðar í þinginu samt. .. 215

Þá er nú störfum þessa 46. löggjafarþings lokið. Þingið hefir staðið í 109 daga og er því næstlengsta þing, sem háð hefir verið. Eins og séð verður af nýupplesinni skýrslu um þingmálin, þá hefir þingið afkastað miklu og afgreitt mörg merkileg mál.

Skal ég til nefna breyting á stjórnarskránni. Í því máli hefir fengizt nú loks nokkurskonar málamiðlun og þarf því ekki að valda deilum á næstunni.

Þá vil ég nefna lögin um kreppulánasjóð og lögin um ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar. Hefir þingið stigið þar stórt og myndarlegt spor til hjálpar öðrum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Er að vona, að þetta verði landbúnaðinum til bjargar. Þá má nefna ný ábúðarlög, sem nú voru loks afgreidd, eftir að hafa legið fyrir mörgum þingum, lög um virkjun Sogsins, lög um vita, nýja viðbót við vegalögin, að ótöldum lögum um ýmiskonar tekjuauka. Má vænta, að öll þessi framantöldu lög megi verða til þess að efla hagsæld og menningu þjóðarinnar.

Vér þingmenn hverfum nú heim af þingi og afhendum þjóðinni af nýju umboð vort í hendur. — Árna ég svo þingmönnum heilla og óska þeim góðrar ferðar, sem heima eiga utanbæjar.

**Forsrh. (Ásgeir Ásgeirsson):** Í dag hefir verið samþ. frv. til stjórnarskrárl., og verður samkvæmt því þing rofið næstu daga, en um þingslit hefir mér borizt svofellt umboð: [Sjá Stjtíð. 1933, A. bls. 20].

Nú eru liðin 1003 ár frá stofnun Alþingis, en þetta er 46. löggjafarþing frá því, er Alþingi var endurreist. Samkvæmt umboði konungs og í nafni hans segi ég þessu þingi slitið.

Lengi lifi ættjörð vor, Ísland, og konungurinn!

[Tók þingheimur undir með ferföldu húrrahrópi].

**Var síðan af þingi gengið.**